

Stjórnartíðindi

2001 - B-deild - 3. hluti

Útgáfa 2.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI B 71 – 2001

5. júlí 2001

1367

Nr. 546

AUGLÝSING

um skráningu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Með vísan til 38. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands staðfestist að gengisvog íslensku krónunnar verði frá gengisskráningu þann 6. júlí 2001 í eftirtöldum hlutföllum þar til annað verður ákveðið:

Bandaríkin	USD	26,99
Bretland	GBP	14,77
Kanada	CAD	1,36
Danmörk	DKK	8,68
Noregur	NOK	6,08
Svíþjóð	SEK	4,44
Sviss	CHF	1,65
Evrusvæðið	EUR	31,66
Japan	JPY	4,37
Alls		100,00

Auglýsing þessi öðlast gildi 6. júlí 2001 og um leið fellur úr gildi auglýsing nr. 524/2000 um skráningu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Reykjavík, 5. júlí 2001.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarson
formaður bankastjórnar.

Már Guðmundsson
aðalhogfræðingur.

AUGLÝSING

um innflutning tiltekinna matvæla frá Bretlandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á vörum frá Bretlandi sem innihalda kjöt af nautgripum, sauðfé, geitum, svínum og falla undir eftirfarandi tollflokka:

1901.2023	1902.2029	1902.3021	1902.4021	2004.9006
1901.2043	1902.2041	1902.3029	1902.4029	2005.9001
1902.2021	1902.2042	1902.3041	1904.9001	2106.9064
1902.2022	1902.2049	1902.3049	1905.9051	

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að afurðir sem um getur í 1. gr. og fluttar eru til landsins beri ekki með sér smitsjúkdóma.

3. gr.

Innflytjendur matvæla sem falla undir ákvæði 1. gr. skulu framvísa vottorði opinberra eftirlitsaðila um að vörurnar hafi verið hitameðhöndlaðar í að minnsta kosti 72°C í 15 sekúndur. Ef ekki er unnt að leggja fram slíkt vottorð fer um innflutning vörunnar samkvæmt ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og ákvæða 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið vegna eftirlitsskyldu Hollustuverndar ríkisins. Reglugerðin er tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/ESB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsingin öðlast gildi 17. júlí og gildir til 20. ágúst 2001. Fyrir þá dagsetningu verður auglýsingin endurskoðuð og gildistími hennar hugsanlega framlengdur.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. júlí 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmstöttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 72 – 2001

9. júlí 2001

1369

Nr. 548

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 308, 5. apríl 2001,
um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2001.**

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: Til 1. október 2001 tekur leyfið einnig til veiða á síld við Svalbarða innan svæðis, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 74°4,73'N - 19°5,76'A
2. 76°00'N - 17°41,77'A
3. 76°00'N - 00°55,34'A

Frá punkti 3 er línan dregin eftir ytri mörkum Svalbarðasvæðisins í punkt: 72°10,46'N - 10°18,42'A og þaðan áfram eftir ytri mörkum Svalbarðasvæðisins í punkt 1.

2. gr.

Reglugerð þess er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. júlí 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 2001

Nr. 549

1370

9. júlí 2001

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum við Suðausturland.

1. gr.

Allar línuveiðar eru bannaðar á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63° 24'00 N - 18° 42'00 V
2. 63° 15'00 N - 18° 42'00 V
3. 63° 12'00 N - 18° 05'00 V
4. 63° 28'00 N - 15° 47'00 V
5. 63° 38'00 N - 14° 43'00 V
6. 63° 50'00 N - 14° 00'00 V
7. 64° 10'00 N - 14° 24'00 V
8. 63° 46'00 N - 16° 12'00 V
9. 64° 01'73 N - 16° 12'00 V

Að norðan, milli 1. og 9. punkts, afmarkast svæðið af fjöruborði.

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 16. júlí 2001 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. júlí 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 270, 27. mars 2001 um veiðar úr úthafskarfastofninum 2001.

1. gr.

Á eftir 2. ml. 1.gr. kemur svohljóðandi málsliður: „Þá tekur reglugerðin til veiða á úthafskarfa sem veiddur er á svæði 1 F og reiknast aflinn til aflamarks viðkomandi skips sbr. 2. mgr. 3 gr. reglugerðarinnar. Um þær veiðar gilda ákvæði reglugerðar nr. 12, 9. janúar 2001, um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2001“.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. júlí 2001.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórir Skarphéðinsson.

5. júlí 2001

Nr. 551

AUGLÝSING

um breytingu á skipulagi í Hraunsholti, Ásum, við Arnarás 14-16, Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Hraunsholti, Ásum, við Arnarás 14-16, Garðabæ. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Breytingin felst í því að íbúðum í hverjum stigagangi er fjölgað, byggingarreitur stækkar og hámarks nýtingarhlutfall lóðar verður 0,54 í stað 0,40.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 5. júlí 2001.

F. h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir, skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

3. júlí 2001

Nr. 552

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlanir og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Gufunes, akstursæfingasvæði deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 8. maí 2001 deiliskipulag fyrir Gufunes, akstursæfingasvæði.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sólvallagötureitur, deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 27. mars 2001 deiliskipulag fyrir Sólvallagötureit.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Staðahverfi, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, sbr. 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 30. maí 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Staðahverfi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bryggjuhverfi, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 20. febrúar 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bryggjuhverfi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 3. júlí 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 74 – 2001

18. júlí 2001

1373

Nr. 553

REGLUR

um veitingu leyfa til leitar að kolvetni.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar taka til veitingar leyfa til leitar að kolvetni í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands samkvæmt lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Um leit samkvæmt reglum þessum gilda einnig önnur lög og reglur sem varða leit að kolvetni.

2. gr.

Skilgreiningar.

Leit merkir í reglum þessum könnun á almennum skilyrðum til myndunar og varðveislu kolvetnis, afmörkun svæða þar sem slík skilyrði eru hagstæð og leit að kolvetnisauðlindum með mælingum úr lofti, á láði, legi eða hafsbotni eða með sýnatöku úr efstu jarðlögum hafsbotsins, t.d. með grunnum borunum eða töku kjarna.

II. KAFLI

Umsókn um leyfi til leitar að kolvetni.

3. gr.

Leyfi til leitar.

Iðnaðarráðherra veitir leyfi til leitar að kolvetni með rannsóknir og vinnslu að markmiði.

Áður en iðnaðarráðherra veitir leyfi til leitar skal hann leita umsagnar sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis.

4. gr.

Umsókn.

Umsókn um leitarleyfi skal senda til iðnaðarráðuneytis og skal eftirfarandi koma þar skýrt fram:

1. Nafn umsækjanda eða umsækjenda, ef þeir eru fleiri saman, heimilisfang og þjóðerni.
2. Staðarmörk svæðis sem sótt er um.
3. Tilgangur með öflun leyfis.
4. Ítarleg útskýring á fyrirhugaðri starfsemi umsækjenda.

Iðnaðarráðuneytið getur óskað frekari upplýsinga en um getur í 1. mgr.

5. gr.

Svæðið sem leyfi tekur til.

Í leyfi skal tilgreina svæðið sem leyfi tekur til.

Leyfi gildir ekki á svæðum þar sem einkaréttur til rannsóknar eða vinnslu hefur verið veittur eða síðar kann að verða veittur samkvæmt lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis nema með samþykki einkaréttarhafa og iðnaðarráðuneytis.

6. gr.

Hvað leyfi felur í sér.

Leyfi heimilar leyfishafa leit að kolvetni með eftirtöldum aðferðum:

1. Segulmælingum.
2. Þyngdarmælingum.
3. Jarðsveiflumælingum.
4. Mælingum á varmaflæði.
5. Mælingum á náttúrulegri geislavirkni.
6. Jarðefnafræðilegum aðferðum.
7. Sýnatöku af jarðlögum hafsbotsins án borunar.
8. Borun eftir sýnum af jarðlögum hafsbotsins allt að 25 metrum niður fyrir hafsbotn. Iðnaðarráðuneytið getur heimilað aðrar leitaráðferðir samkvæmt beiðni umsækjanda.

Leyfi felur í sér heimild til borunar í þeim tilgangi að afla upplýsinga um almenn skilyrði til myndunar og varðveislu kolvetnis. Feli leit í sér dýpri borun en 25 metra niður fyrir hafsbotn skal senda iðnaðarráðuneyti sérstaka umsókn með þeim upplýsingum sem ráðuneytið telur nauðsynlegar.

Leyfi til leitar að kolvetni veitir leyfishafa ekki rétt til borunar eftir kolvetni, vinnslu kolvetnis eða forgangsrétt til að fá slíkt leyfi síðar.

7. gr.

Gildistími leyfis.

Leyfi til leitar að kolvetni skal veitt til þriggja ára í senn nema styttri leyfistími sé nefndur í leyfinu.

Leyfishafi getur hvenær sem er afsalað sér leyfi með skriflegri tilkynningu til iðnaðarráðuneytisins.

8. gr.

Gjöld.

Áður en umsókn um leitarleyfi er tekin til umfjöllunar skal umsækjandi greiða 100.000 kr. umsóknargjald í ríkissjóð.

Leyfishafi skal greiða 750.000 kr. leyfisgjald í ríkissjóð fyrir hvert ár sem leyfi er í gildi. Gjaldddagi árgjalds, sem gjaldfellur í fyrsta sinn eftir að leitarleyfi er veitt, er 15 dögum eftir að leyfi er veitt. Gjaldddagi síðari árgjalda er síðasti dagur fyrsta almanaksánaðar í gjaldári.

Leyfi fellur úr gildi ef leyfisgjald er ekki greitt á tilsettum tíma.

III. KAFLI

Eftirlit.

9. gr.

Fulltrúum Orkustofnunar eða annarra stjórnvalda samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis er heimilt að vera til staðar og halda uppi eftirliti við leit og aðra starfsemi sem fellur undir leyfi á hvaða stigi starfseminnar sem er.

Fulltrúarnir hafa rétt til þess að fylgjast með allri starfsemi leyfishafa og krefja hann upplýsinga um alla þætti starfsemi hans samkvæmt leyfi.

Fulltrúunum skal heimill aðgangur að fjarskiptabúnaði leyfishafa eftir þörfum.

Leyfishafi skal bera allan kostnað af ferðum og upphaldi fulltrúanna vegna eftirlitsins.

IV. KAFLI
Tilkynningaskylda.

10. gr.

Tilkynning um fyrirhugaða leit.

Sérhvern leiðangur til leitar að kolvetni á eða yfir íslensku hafsvæði skal tilkynna til Orkustofnunar eigi síðar en fimm vikum áður en hann hefst.

Skipaleiðangur skal einnig tilkynna til Landhelgisgæslunnar innan frests skv. 1. mgr. Í tilkynningu skal eftirfarandi koma fram:

1. Að leiðangurinn leiti kolvetnis samkvæmt leyfi.
2. Upplýsingar um leyfishafann, verktaka við leitina, mælingaskipið og hvernig unnt sé að hafa samband við þessa aðila.
3. Hvort fyrirhugað sé að beita þjónustu- eða stuðningsfarartækjum við leiðangurinn.
4. Stutt lýsing á tilgangi leiðangursins.
5. Hornhnit leitarsvæðisins.
6. Upplýsingar um lágmarksathafnasvæði skipsins við mælingar.

Leiðangur með loftfari skal einnig tilkynna til Flugmálastjórnar Íslands og Landhelgisgæslunnar innan frests skv. 1. mgr. Í tilkynningu skal koma fram:

1. Að leiðangurinn leiti kolvetnis samkvæmt leyfi.
2. Upplýsingar um leyfishafann, verktaka við leitina, loftfarið og hvernig unnt sé að hafa samband við þessa aðila.
3. Hvort fyrirhugað sé að beita þjónustu- eða stuðningsfarartækjum við leiðangurinn.
4. Stutt lýsing á tilgangi leiðangursins.
5. Hornhnit leitarsvæðisins.
6. Upplýsingar um flughæð við mælingar.

Ef loftfar er með sérstakt lofthæfisskírteini skal ábyrgðaraðili þess (eigandi/flugrekandi) senda Flugmálastjórn Íslands afrit af því og tryggingaskírteini loftfarsins innan frests skv. 1. mgr.

Orkustofnun er heimilt að veita undanþágu frá fresti skv. 1. mgr.

11. gr.

Tilkynning um að leit með skipi sé að hefjast.

Skipaleiðangur skal tilkynna til Orkustofnunar og Landhelgisgæslunnar.

Í tilkynningu skal eftirfarandi koma fram:

1. Að leiðangurinn leiti kolvetnis samkvæmt leyfi.
2. Nafn leyfishafa.
3. Nafn verktaka.
4. Nafn skips.
5. Einkennisstafir.
6. Radíókallmerki.
7. Inmarsat fjarskiptanúmer fyrir síma, símbréf og tölvupóst.
8. Þjóðerni.
9. Tegund.
10. Dagsetning.
11. Tími.
12. Staðsetning.
13. Síðasta viðkomuhöfn áður en komið er inn á íslenskt hafsvæði (höfn og land).
14. Fyrsta viðkomuhöfn eftir að farið verður af íslensku hafsvæði (höfn og land).
15. Áætluð tímasetning og staðsetning við komu á leitarsvæðið.
16. Upplýsingar um fyrirhugaðar komur á íslenskar hafnir (hafnir og áætlaða komutíma).

17. Nafn og heimilisfang umboðsmanns á Íslandi.

Ef leiðangur hefst utan Íslands eða er farinn með erlendu skipi skal tilkynna hann þegar komið er inn á íslenskt hafsvæði, þ.e. við ytri mörk efnahagslögsögunnar eða við ytri mörk landgrunnins, þar sem það nær út fyrir efnahagslögsöguna. Að öðrum kosti skal tilkynna leiðangur þegar lagt er af stað úr íslenskri höfn.

Í tilkynningu má óska eftir því við Landhelgisgæsluna að hún sendi út viðvörðun um fyrirhugaðar mælingar til annarra sjófarenda á leitarsvæðinu.

Komur til íslenskra hafna skal tilkynna Landhelgisgæslunni og öðrum íslenskum yfirvöldum með a.m.k. 24 klst. fyrirvara, helst með atbeina umboðsmanns leyfishafa.

12. gr.

Tilkynning um að leit með loftfari sé að hefjast.

Leiðangur með loftfari skal tilkynna til Orkustofnunar, Flugmálastjórnar Íslands og Landhelgisgæslunnar.

Í tilkynningu skal eftirfarandi koma fram:

1. Að leiðangurinn leiti kolvetnis samkvæmt leyfi.
2. Nafn leyfishafa.
3. Nafn verktaka.
4. Einkennisstafir loftfars.
5. Kallmerki.
6. Dagsetning.
7. Tími.
8. Staðsetning.
9. Áætluð tímasetning og staðsetning við komu á leitarsvæðið.

Ef leiðangur hefst utan Íslands eða er farinn með erlendu loftfari skal tilkynna hann þegar komið er inn yfir íslenskt hafsvæði, þ.e. við ytri mörk efnahagslögsögunnar eða við ytri mörk landgrunnins, þar sem það nær út fyrir efnahagslögsöguna. Að öðrum kosti skal tilkynna leiðangur þegar lagt er af stað frá íslenskum flugvelli.

Fari leiðangur inn á íslenska flugupplýsingasvæðið (OCA/BIRD) skal leggja flugáætlun fyrir Flugmálastjórn Íslands eigi síðar en einni klst. áður en komið er inn á svæðið.

13. gr.

Tilkynning um komu og brottför af leitarsvæði.

Komu og brottför leitarfars og þjónustu- eða stuðningsfarartækja þess af leitarsvæði skal tilkynna til Orkustofnunar. Leiðangur með loftfari skal einnig tilkynna til Flugmálastjórnar Íslands og Landhelgisgæslunnar, en skipaleiðangur til Landhelgisgæslunnar.

Í tilkynningu skal koma fram einkennismerki farartækis, kallmerki og staðsetning. Við komu á leitarsvæði skal tilkynning einnig innihalda upplýsingar um áætlaðar ferðir leitarfars næstu 24 klst. Ef um skipaleiðangur er að ræða má í tilkynningu óska eftir því við Landhelgisgæsluna að hún sendi út viðvörðun um fyrirhugaðar mælingar til annarra sjófarenda á leitarsvæðinu.

14. gr.

Dagleg tilkynning.

Á hverjum degi kl. 11.00 – 15.00 að miðtíma Greenwich skal tilkynna um staðsetningu og áætlaðar ferðir leitarfars næstu 24 klst. Skal tilkynning send til Flugmálastjórnar Íslands og Landhelgisgæslunnar ef um leiðangur með loftfari er að ræða, en til Landhelgisgæslunnar ef um skipaleiðangur er að ræða.

V. KAFLI

Skil á skýrslum og gögnum.

15. gr.

Meðan á leitarleiðangri stendur á leitarsvæði skal leyfishafi senda Orkustofnun vikulega skýrslu með nákvæmu yfirliti um framkvæmd leitarinnar með símbréfi eða tölvupósti.

Eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að leitarleiðangri lýkur skal leyfishafi gefa Orkustofnun skýrslu um hann. Í skýrslunni skal koma fram nákvæmt yfirlit um leiðangurinn, þar með talið lýsing á framkvæmd leitarinnar, leitarbúnaði, mælingum og töku sýna.

Leyfishafi skal fyrir hvert almanaksár gefa Orkustofnun skýrslur um allar jarðfræðilegar, jarðeðlisfræðilegar og jarðefnafræðilegar athuganir sem gerðar hafa verið á svæðinu sem leyfið tekur til. Skýrslurnar skal senda Orkustofnun svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 1. apríl árið eftir að athuganirnar fóru fram. Skýrslunum skulu fylgja afrit af gögnum, greiningum og niðurstöðum gagnavinnslu samkvæmt nánari fyrirmælum Orkustofnunar. Leyfishafi skal afhenda Orkustofnun jarðfræðileg eða jarðefnafræðileg sýni óski hún þess.

Iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá skilafresti skv. 3. mgr.

Fari fram endurúrvinnsla á gögnum sem aflað hefur verið samkvæmt leyfi skal leyfishafi innan tveggja mánaða frá því að endurúrvinnslunni lauk skila skýrslu um hana ásamt afriti af hinum endurunnu gögnum til Orkustofnunar samkvæmt nánari fyrirmælum hennar. Þessi skylda helst eftir að leyfi fellur úr gildi.

Leyfishafi skal varðveita öll frumgögn sem aflað hefur verið samkvæmt leyfi í a.m.k. eitt ár eftir að leyfi fellur úr gildi. Ákveði leyfishafi að losa sig við frumgögnin að þessum tíma loknum skal hann bjóða Orkustofnun að taka þau í sínar vörslur áður en þeim er eytt.

Leyfishafi skal veita Orkustofnun upplýsingar um hverjum hafi verið seldar eða afhentar skýrslur eða gögn samkvæmt grein þessari óski hún þess.

Leyfishafi skal uppfylla allar kvaðir samkvæmt grein þessari Orkustofnun að kostnaðarlausu.

VI. KAFLI

Þagnarskylda.

16. gr.

Upplýsingum sem leyfishafi afhendir skv. 15. gr. skal halda leyndum í 10 ár frá lokum þess árs þegar gagnanna var aflað.

Ákvæði 1. mgr. kemur þó ekki í veg fyrir að Orkustofnun eða önnur stjórnvöld samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis:

1. Veiti almennar upplýsingar í tengslum við opinberar tilkynningar, ársskýrslur og annað þess háttar er varðar kolvetnisstarfsemi.
2. Afhendi upplýsingar vegna samstarfs um kolvetnisstarfsemi við annað ríki, svo fremi svipaðar reglur um upplýsingaleynd gildi í því ríki.
3. Nýti sér upplýsingar til aukins skilnings á jarðlögum og auðlindum hafsbotnsins.

VII. KAFLI

Umhverfissjónarmið.

17. gr.

Við leit skal leyfishafi gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki mönnum né munum hættu eða tjóni. Jafnframt skal leyfishafi gæta þess að valda ekki mengun eða spjöllum á umhverfi.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Afturköllun leyfis.

Iðnaðarráðherra getur afturkallað leyfi samkvæmt reglum þessum ef skilyrði þess eru

ekki uppfyllt. Ef leyfishafi hlítir ekki skilyrðum þeim, sem sett eru í leyfi, skal iðnaðarráðherra veita honum skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla leyfið.

Heimilt er að afturkalla leyfi ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga.

19. gr.

Framsal leyfis.

Leyfi til leitar samkvæmt reglum þessum verður hvorki framselt né sett til tryggingar fjárskuldbindingum nema að fengnu samþykki iðnaðarráðherra.

20. gr.

Refsingar.

Brot gegn reglum þessum varða sektum skv. 32. gr. laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á reglum þessum. Gera má lögaðila sekt fyrir brot á reglum þessum án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirvarsmann eða starfsmann lögaðilans.

21. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 6. gr. laga nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. júlí 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Atli Freyr Guðmundsson.

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Mosfellsbæ.

1. gr.

Markmið bæjarstjórnar Mosfellsbæjar með samþykkt þessari er að tryggja sem best skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi í Mosfellsbæ, með ákvæðum um vörsluskyldu og ábyrgð allra búfjáreigenda.

Með búfjárhaldi samkvæmt samþykkt þessari er átt við alifugla-, geita-, hrossa-, kanínu-, loðdýra-, nautgripa-, sauðfjár- og svínahald, sbr. nánar 2. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald, forðagæslu o.fl., með síðari breytingum. Samþykktin gildir um allt búfjárhald í Mosfellsbæ, bæði á lögbýlum og utan lögbýla.

Umhverfisnefnd og búfjárefntirlitsmaður fara með eftirlit með framkvæmd samþykktarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar.

2. gr.

Til búfjárhalds í Mosfellsbæ þarf leyfi bæjarstjórnar, nema eigandi búfjárins sé ábúandi lögbýlis í bænum og með fasta búsetu á lögbýlinu.

Umsókn um leyfi skal fylgja yfirlýsing umsækjanda um að búfjárhaldið sé að öllu leyti á ábyrgð hans og hann skuldbindi sig til að hlíta ákvæðum samþykktar þessarar. Í umsókn skal m.a. gera grein fyrir tegund og fjölda búfjár, sem óskað er leyfis fyrir og hvernig vörslu og

aðbúnaði þess verður háttað. Ekki er heimilt að halda fleiri en 10 vetrarfóðraðar kindur, nema á lögbýlum þar sem ábúandi er með fasta búsetu. Umsókn, ásamt umsögn búfjárefntirlitsmanns, skal lögð fyrir umhverfisnefnd til umsagnar áður en leyfi er veitt.

Leyfi er veitt með því skilyrði að húsakostur og aðstaða sé fullnægjandi fyrir góða meðferð og aðbúnað búfjárins og fullnægi skilyrðum viðkomandi laga og reglugerða. Það er skilyrði leyfis að farið sé vel með búféð og aðbúnaður þess sé ávallt í samræmi við þarfir þess.

Leyfi er veitt til allt að fimm ára í senn og er afturkallanlegt með ákveðnum fyrirvara. Óheimilt er að framselja slíkt leyfi.

3. gr.

Lausaganga búfjár er bönnuð í Mosfellsbæ neðan hinnar samfelldu vörslugirðingar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og er búfjáreigendum skylt að halda búfénaði sínum á afgirtum svæðum þegar hann er neðan hennar.

Heimilt er að sleppa sauðfé til sumarbeitar inn á sameiginlegt sumarbeitiland ofan vörslugirðingar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Vörslugirðingin nær frá Laxá í Kjós um Stóra-Sauðafell, niður með Rjúpnagili, með Þingvallavegi að Leirvogsa, vestan Leirvogsvatns að Vatnsrétt, að Bringalandi, milli Grímmansfells og Háamels, að Hulduhóli, yfir Miðdalsheiði og Elliðakotsheiði að Suðurlandsvegi ofan Fossvalla. Þaðan um Fóelluvötn og Öldur, um Hellisheiði norðan Svínahrauns, að Kolviðarhóli, upp Hellisskarð, um Orrustuhólshraun, að Hengladalaá og í Hveragerðisgirðingu í Kömbum. Um beitarnýtingu á þessu sameiginlega sumarbeitilandi fer eftir fjallskilasamþykkt nr. 401/1996 fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar.

Upprekstur hrossa á afréttinn er bannaður. Lausaganga sauðfjár, sbr. 2. mgr., er heimil á afrétti fyrir ofan vörslugirðingu svo skjótt sem gróður og aðstæður leyfa, þó aldrei fyrr en 1. júní ár hvert og til fyrstu rétta. Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 59/2000 um vörslu búfjár.

4. gr.

Beit búfjár er bönnuð í Mosfellsbæ frá 1. janúar til 1. júní, þó með þeim frávikum sem kveðið er á um í 5. gr. Beit er heimil á afgirtum svæðum á öðrum tímum, enda sé þess gætt að land sé ekki ofbeitt að mati búfjárefntirlitsmanns.

Hver sá jarðar- eða landeigandi, sem tekur búfé í hagagöngu eða á fóður, skal standa búfjárefntirlitsmanni skil á fullnægjandi upplýsingum um fjölda og eigendur gripa. Ef gripir, eru eingöngu í hagagöngu í bænum og því ekki fyrir hendi leyfi til búfjárhalds skv. 2. gr., skal eigandi tilkynna búfjárefntirlitsmanni um ábyrgðaraðila sem búfjárefntirlitsmaður samþykkir, og skal hann vera ábyrgur fyrir vörslu og aðbúnaði gripanna, sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 86/2000 um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

5. gr.

Beit hrossa er bönnuð í Mosfellsbæ frá 1. janúar til 1. júní ár hvert, nema á lögbýlum þar sem eigandi hrossanna hefur fasta búsetu eða þar sem eigandi hrossanna hefur leyfi bæjarstjórnar til hrossahalds, sbr. 2. gr.

6. gr.

Bæjarstjórn úthlutar beitarlandi bæjarins til einstaklinga og félagasamtaka að fenginni umsögn umhverfisnefndar og búfjárefntirlitsmanns.

Umhverfisnefnd skal setja sérstakar reglur um beitarlönd í eigu bæjarfélagsins. Við úthlutun beitarlands skal beitarþol þess kannað í byrjun og síðan árlega eftir það. Kostnað við beitarþolsrannsóknir skal leigutaki greiða. Eftirlit með beitarþoli og fjölda gripa í hverju beitarhólfi skal vera í höndum búfjárefntirlitsmanns.

7. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að búfjáreigendur, sem þurfa leyfi til búfjárhalds, skuli árlega greiða leyfisgjald fyrir búfé sitt. Við ákvörðun gjaldsins skal leita staðfestingar landbúnaðarráðuneytisins, sbr. 12. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald, forðagæslu o.fl., með síðari breytingum.

8. gr.

Fylgi búfjáreigandi ekki settum reglum um aðbúnað og meðferð búfjár má svipta hann leyfi til búfjárhalds að undangenginni aðvörun, sbr. nánar 15.-16. gr. reglugerðar nr. 86/2000 um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

Hvern þann búfénað sem sleppur úr vörslu skal taka hvar sem til hans næst og færa í örugga vörslu, sem búfjárefirtirlitsmaður sér um. Eiganda eða ábyrgðaraðila skal tilkynnt um gripi sína, eftir því sem unnt er og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, s.s. vegna tjóns sem gripirnir hafa valdið og kostnað við handsömun þeirra. Ef eigandi eða ábyrgðaraðili hefur ekki hirt um að sækja gripi og greiða áfallinn kostnað innan 10 daga frá því að honum hefur verið tilkynnt um það, er heimilt að svipta viðkomandi rétti til búfjárhalds í Mosfellsbæ. Um meðferð þess búfjár fer þá eftir 15. gr. fjallskilasamþykktar nr. 401/1996 fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar.

9. gr.

Til að framfylgja þessari samþykkt, lögum nr. 46/1991 um búfjárhald, forðagæslu o.fl., með síðari breytingum og reglugerð nr. 86/2000 um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár, skal ráða búfjárefirtirlitsmann sem annast eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun, hirðu og vörslu bæjarlandsins. Hann skal handsama og skrá lausagöngufénað. Auk forðagæslu og vörslu lands skal búfjárefirtirlitsmaður halda skrá um búfjáreigendur og fjölda búfjár af einstökum tegundum.

Allt búfé skal einstaklingsmerkt eigendum sínum samkvæmt lögum og reglum.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru. Með mál vegna brota á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, sbr. 13. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald, forðagæslu o.fl., með síðari breytingum.

11. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt eftir tvær umræður á 329. fundi sínum, 20. júní 2001, með heimild í lögum nr. 46 frá 25. mars 1991 um búfjárhald, forðagæslu o.fl., með síðari breytingum, staðfestist hér með. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um búfjárhald í Mosfellsbæ, nr. 276, frá 16. maí 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir sem við gildistöku samþykktar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé, sem leyfi þarf fyrir samkvæmt samþykkt þessari, skulu innan fjögurra mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt og sótt um leyfi fyrir því. Að öðrum kosti fellur niður heimild þeirra til búfjárhalds.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. júlí 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 75 – 2001

29. júní 2001

1381

Nr. 555

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um vörugjald af ökutækjum, nr. 331/2000, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „1.164.000 kr.“ í 3. tl 2. mgr 15. gr. kemur „1.680.000 kr.“

2. gr.

Á eftir 15. gr. koma 3 nýjar greinar sem verða 15. gr. a., 15. gr. b. og 15. gr. c. svohljóðandi:

Bifreiðar til ökukennslu.

15. gr. a.

Vörugjald af bifreiðum til ökukennsku skal lækka í 10% ef bifreið flokkast í gjaldflokk I, en í 13% ef bifreið flokkast í gjaldflokk II.

Lækkun vörugjalds skv. 1. mgr. er háð því skilyrði að næstu þrjú ár eftir nýskráningu bifreiðar verði eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Rétthafi skal hafa hlotið löggildingu sem ökukennari, samkvæmt reglugerð um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla. Skal hann leggja fram vottorð því til staðfesting- ar í tengslum við umsókn um lækkun vörugjalds.

2. Rétthafi má ekki njóta eftirgjafar vegna annarrar bifreiðar til ökukennslu á sama tíma.

3. Rétthafi skal hafa að lágmarki 1.680.000 kr. í reiknað endurgjald af ökukennslu, sbr. 2. mgr. 1. tölul. a-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, annað af næstu tveimur heilu almanaksárum eftir að eftirgjöf er veitt. Að loknum þremur árum frá eftirgjöf ber rétthafa að senda viðkomandi tollstjóra staðfest endurrit af skattskýrslum næstu tveggja heilu almanaksára eftir að eftirgjöf var veitt, til sönnunar á tekjum. Berist tollstjóra ekki framangreind skattframtöl skal hann innheimta eftirgefið vörugjald að fullu.

4. Að bifreið verði skráð sem bifreið til ökukennslu í ökutækjaskrá og nýtt sem slík.

Ef brotið er gegn framangreindum skilyrðum gilda ákvæði 20. gr. um greiðslu fulls vörugjalds og lögveð. Um framkvæmd lækkunar, þ.m.t. yfirlýsingu rétthafa vegna uppgjors vörugjalds, gilda ákvæði 21. gr. Um greiðslu mismunar á lækkuðu vörugjaldi og fullu vörugjaldi vegna sölu eða breyttrar nýtingar gilda ákvæði 22. gr.

15. gr. b.

Vörugjald af bifreiðum til ökukennslu í eigu ökuskóla skal lækka í 10% ef bifreið flokkast í gjaldflokk I, en í 13% ef bifreið flokkast í gjaldflokk II.

Lækkun vörugjalds skv. 1. mgr. er háð því skilyrði að næstu þrjú ár eftir nýskráningu bifreiðar verði nýting bifreiðar og starfsemi ökuskóla hagað sem hér segir:

1. Bifreið skal skráð á ökuskóla sem hefur starfsleyfi frá umferðarráði. Ökuskólar skulu haga starfsemi sinni að öllu leyti í samræmi við reglugerð um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla.

2. Bifreið skal skráð sem bifreið til ökukennslu og tryggð sem slík.

3. Bifreiðin skal eingöngu nýtt til ökukennslu hjá viðkomandi skóla. Við mat á því skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 80% af akstri hennar með framlagningu akstursdagbókar eða með öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi.

4. Ökuskóli skal haga bókhaldi sínu með þeim hætti að hann geti á hverjum tíma gert grein fyrir akstri bifreiðar. Tollstjóri getur án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um.

Ef brotið er gegn framangreindum skilyrðum gilda ákvæði 20. gr. um greiðslu fulls vörugjalds, lögveð og beitingu álags. Um framkvæmd lækkunar, þ.m.t. yfirlýsingu ökuskóla vegna uppgjors vörugjalds gilda ákvæði 21. gr. Um greiðslu mismunar á lækkuðu vörugjaldi og fullu vörugjaldi vegna sölu eða breyttrar nýtingar gilda ákvæði 22. gr.

Bifreiðar til ökukennslu og leigubifreiðaakesturs.

15. gr. c.

Vörugjald af bifreiðum sem notaðar eru til ökukennslu og leigubifreiðaakesturs skal lækka í 10% ef bifreið flokkast í gjaldflokk I, en í 13% ef bifreið flokkast í gjaldflokk II.

Lækkun vörugjalds skv. 1. mgr. er háð því skilyrði að næstu þrjú ár eftir nýskráningu bifreiðar verði eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. Réttthafi skal hafa hlotið löggildingu sem ökukennari, samkvæmt reglugerð um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla. Réttthafi skal jafnframt hafa atvinnuleysi til leigubifreiðaakesturs samkvæmt lögum um leigubifreiðar. Skal hann leggja fram vottorð þessu til staðfestingar í tengslum við umsókn um lækkun vörugjalds.

2. Réttthafi má ekki njóta eftirgjafar vegna annarrar bifreiðar hvort sem er til ökukennslu eða vegna annarrar leigubifreiðar á sama tíma.

3. Réttthafi skal hafa að lágmarki 1.680.000 kr. í reiknað endurgjald af ökukennslu og leiguakstri samanlagt, sbr. 2. mgr. 1. tölul. a-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, annað af næstu tveimur heilu almanaksárum eftir að eftirgjöf er veitt. Að loknum þremur árum frá eftirgjöf ber réttthafa að senda viðkomandi tollstjóra staðfest endurrit af skattskýrslum næstu tveggja heilu almanaksára eftir að eftirgjöf var veitt, til sönnunar á tekjum. Berist tollstjóra ekki framangreind skattframtöl skal hann innheimta eftirgefið vörugjald að fullu.

4. Að bifreið verði skráð sem bifreið til ökukennslu og leigubifreið í ökutækjaskrá og nýtt sem slík.

Ef brotið er gegn framangreindum skilyrðum gilda ákvæði 20. gr. um greiðslu fulls vörugjalds og lögveð. Um framkvæmd lækkunar, þ.m.t. yfirlýsingu réttthafa vegna uppgjors vörugjalds, gilda ákvæði 21. gr. Um greiðslu mismunar á lækkuðu vörugjaldi og fullu vörugjaldi vegna sölu eða breyttrar nýtingar gilda ákvæði 22. gr.

3. gr.

2. mgr. 20. gr. orðist svo:

Ef um er að ræða lækkun til bílaleigu, sbr. 14. gr., eða lækkun til ökuskóla, sbr. 15. gr. b, skal tollstjóri, hafi réttthafi brotið gróflaga eða ítrekað gegn skilyrðum þeim sem sett eru fyrir lækkun, innheimta ógreitt vörugjald ásamt 50% álagi og jafnframt svipta hina brotlegu bílaleigu skv. 14. gr., eða hinn brotlega ökuskóla skv. 15. gr. b, rétti til lækkunar vörugjalds í þrjú ár. Lögveð tekur ekki til álags samkvæmt þessari málsgrein.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. nr. 29/1993 13. apríl 1993, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðneytinu, 29. júní 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Telma Halldórsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarskóp Hörgárbyggðar.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar er skipuð sjö sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Hörgárbyggðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórnin skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Hörgárbyggðar er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækni sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.

4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, þriðja miðvikudag hvers mánaðar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.30. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður sveitarstjórn saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfunda í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfunda skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaganna.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og oddviti og/eða sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfunda skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórn ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta sveitarstjórnarmanna skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta sveitarstjórnarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórn umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundum.

23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihluta-kosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórnina.

51. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Félagsmálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndin fer jafnframt með jafnréttismál skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Einnig fer nefndin með málefni húsnæðisnefndar, sbr. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
2. *Búfjárefntirlitsmenn*. Þrír og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.

3. *Fjallskilanefnd.* Níu aðalmenn og jafnmargir varamenn (fjallskilanefnd skiptist í þrjár deildir Skriðudeild, Öxnadalsdeild og Glæsibæjardeild og sitja þrír aðalmenn í hverri deild og þrír til vara).
4. *Fjallskilastjórn.* Einn og annar til vara.
5. *Hafnarstjórn Hafnasamlags Norðurlands.* Tilnefning á einum aðalmanni og einum til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
6. *Leikskólanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
7. *Skipulagsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
8. *Barnaverndarnefnd.* Tilnefning á einum fulltrúa og einum til vara í sameiginlega barnaverndarnefnd í Eyjafirði skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992.
9. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar).
10. *Skólanefnd grunnskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
11. *Skólanefnd Tónlistarskóla Eyjafjarðar.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
12. *Stjórn Sparisjóðs Norðlendinga.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 36. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996.
13. *Stjórn bókasafns.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997.
14. *Fulltrúi á aðalfund Minjasafnsins á Akureyri.* Einn fulltrúi og annar til vara.
15. *Byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis vestra.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
16. *Þjónustuhópur aldraðra.* Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæminu skipa fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Kosið er í eftirtaldar nefndir, stjórnir og ráð á fyrsta fundi héraðsnefndar að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

1. Skólanefnd Menntaskólans á Akureyri.
2. Skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri.
3. Stjórn Minjasafnsins á Akureyri.
4. Gróðurverndarnefnd.
5. Náttúruverndarnefnd.
6. Stjórn Sorpeyðingar Eyjafjarðar bs.
7. Byggingarnefnd Menntaskólans á Akureyri.
8. Byggingarnefnd Verkmenntaskólans á Akureyri.
9. Veganefnd.
10. Byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis vestra og eystra.
11. Almanna- og barnverndarnefnd.
12. Héraðsnefnd og héraðsráð geta kosið í nefndir til að vinna sérverkefni og fellur umboð þeirra niður í lok kjörtímabils eða fyrr ef verkefni þeirra er lokið.

52. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

53. gr.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórn þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

54. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn sveitarstjórnarmaður. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnarinnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til. Sveitarstjóranum er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

55. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

56. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

57. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

58. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

59. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 58. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

60. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

61. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins, þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

62. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 58. gr. og þriggja ára áætlun skv. 61. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 60. gr.

63. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjóri og sveitarstjórnarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Hörgárbyggðar skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. júní 2001.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 237/1998 um ríkisábyrgðir, Ríkisábyrgðasjóð og endurlán ríkisins.

1. gr.

17. gr. orðast svo:

Ábyrgðargjald skv. 6. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir nemur 0,0625% á ársfjórðungi af höfuðstól gjaldskyldra skuldbindinga eins og hann er að meðaltali á hverju gjaldtímabili, sbr. 8. gr. laganna. Gjaldið rennur í ríkissjóð.

2. gr.

18. gr. orðast svo:

Undanþegnar gjaldskyldu ábyrgðargjalds skv. 6. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir eru eftirtaldar skuldbindingar og stofnanir:

1. Skuldbindingar sem áhættugjald hefur verið greitt af við afgreiðslu láns eða ábyrgðar.
2. Skuldbindingar vegna innstæðna á innlánsreikningum í innlánsstofnunum.
3. Skuldbindingar vegna útflutningsábyrgða með ríkisábyrgð.
4. Eftirlauna- og lífeyrisskuldbindingar.
5. Almennar viðskiptaskuldir, þ.e. skuldbindingar þar sem ekki liggur fyrir skuldarviðurkenning í forni lánsammans, útgefins skuldabréfs eða víxils.
6. Seðlabanki Íslands er undanþeginn greiðslu ábyrgðargjalds.
7. Íbúðalánasjóður er undanþeginn greiðslu ábyrgðargjalds.
8. Lánasjóður íslenskra námsmanna er undanþeginn greiðslu ábyrgðargjalds.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 2. júlí 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Marianna Jónasdóttir.

28. júní 2001

Nr. 558

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Skaftárhreppi.

I. KAFLI

Um holræsi.

1. gr.

Þegar Skaftárhreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem sveitarfélagið hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim lóðareigendum og húsráðendum sem þar eiga hús að, eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsínu er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsi. Þar sem lagðar hafa verið aðskildar lagnir fyrir skólþ og yfirborðsvatn skal lóðarhafi einnig leggja aðskildar lagnir að aðalræsum og tengja. Þar sem engin lagn er fyrir hendi eða lögð hefur verið sameiginleg lagn fyrir skólþ

og yfirborðsvatn skal lóðarhafi gera svelg og tengja yfirborðsvatn af húsi sínu og lóð þangað.

Nú lætur sveitarfélagið leggja sérstaka lögn fyrir yfirborðsvatn og er þá lóðarhafa skylt að tengja yfirborðsvatn sitt þangað. Vanræki einhver að láta gera holræsi frá húsi að göturæsi innan hæfilegs frests getur sveitarstjórn látið vinna verkið á hans kostnað. Sama gildir ef hús-eigandi vanrækir viðhald heimæðar.

2. gr.

Allar framkvæmdir sem varða holræsakerfi á vegum Skaftárhrepps, svo sem viðhald, endurbætur, viðbætur og umsjón, annast sveitarfélagið eða þeir aðilar sem sveitarstjórn felur það, undir hennar stjórn. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi nema með leyfi sveitarstjórnar og er mönnum skylt að lúta í einu og öllu fyrirmælum um gerð og legu ræsis. Allar lagnir svo og frágangur skulu vera í samræmi við gildandi staðla á hverjum tíma.

3. gr.

Ekki er heimilt að veita frárennsli er valdið getur skemmdum á holræsakerfinu eða truflað rekstur þess út í göturæsi. Þar er m.a. átt við eiturmengað, olíumengað, próteinríkt, fituríkt eða blóðblandað fráveituvatn. Þar sem hætta er á að skólþ innihaldi ofangreind efni ber hús-eiganda skylda til fjarlægja þau eða gera óskaðleg áður en því er veitt út í holræsakerfið, sbr. ákvæði mengunarvarnareglugerðar.

4. gr.

Við nýbyggingar og breytingar á ræsum í lóð er lóðarhafa skylt að leggja fram til samþykktar uppdrátt í tvíriti er sýni legu, halla, stærð og gerð ræsa. Sá sem uppdrátt gerir skal undirrita hann með eigin hendi og ber hann ábyrgð á að uppdrátturinn sé í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla. Þegar byggingarfulltrúi hefur samþykkt uppdrátt stimplar hann og áritar bæði eintökin. Annað eintakið skal varðveitt í skjalasafni byggingarfulltrúa, hitt eintakið skal liggja fyrir á byggingarstað. Ekki má hefja framkvæmdir við lagnir fyrr en samþykktur uppdráttur liggur fyrir.

Samþykki byggingarfulltrúa rýrir á engan hátt ábyrgð þess sem uppdráttinn gerir.

5. gr.

Heimilt er sveitarstjórn Skaftárhrepps að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra aðila samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati ef ágreiningur verður.

II. KAFLI

Um holræsagjöld.

6. gr.

Kostnaður við holræsakerfi á vegum Skaftárhrepps greiðist úr sveitarsjóði. Til að standa straum af þeim kostnaði ber hverjum húseiganda sem tengir heimæð við aðalæð að greiða allan kostnað af lagningu heimæðarinnar.

Stofngjald holræsis vegna nýbygginga er 80 kr. fyrir hvern samþykktan rúmmetra hús-næðis og greiðist til sveitarsjóðs. Gjaldið framreiknast miðað við byggingarvísitölu sem er 245,8 stig í desember 2000.

7. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Skaftárhreppi eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í á vegum sveitarfélagsins ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,15% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

8. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinna skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

9. gr.

Sveitarstjórn getur samþykkt að fella niður eða lækka holræsagjald hjá tekjulitlum elli og örorkulífeyrisþegum samkvæmt heimild í 5. mgr. 87. gr. vatnalaga, sbr. lög nr. 137/1995.

10. gr.

Gjalddagar holræsagjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist holræsagjaldið með fasteignasköttum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Skaftárhrepps, staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, til að öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld á Kirkjubæjarklaustri í Vestur-Skaftafellssýslu nr. 136/1979.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. júní 2001

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

5. júlí 2001

Nr. 559

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins (RARIK).

I. SMÁSALA

Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) selja orku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir og eru öll gjöld gefin upp án virðisaukaskatts:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem: heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	7,51 kr/kWh
Fastagjald	5.480,00 kr/ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld, birtustýrð utanhússlýsing í umsjá RARIK.

Orkugjald.....	7,51 kr/kWh
Viðhaldsgjald	3,41 kr/kWh
Fastagjald	5.480,00 kr/ári

A.4 Blönduð notkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

Orkugjald	5,48	kr/kWh
Fastagjald	18.300,00	kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til búreksturs samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafli 6 kW.

Orkugjald af allri notkun.....	4,42	kr/kWh
Orkugjald eftir aukaafslátt RARIK vegna rafhitunar	3,28	kr/kWh
Aflgjald (lágmark 6 kW)	7.800,00	kr/kWh/ári
Fastagjald	13.520,00	kr/ári
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu.....	7,51	kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis, sjá kafla um niðurgreiðslur og afslátt.

A.6 Skiparafmagn.

Raforkusala með rofheimild, vegna landtenginga skipa.

Orkugjald.....	5,40	kr/kWh
Fastagjald	40.900,00	kr/ári

B.1 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun. Lágmarksafli 15 kW.

Orkugjald sumar (1. maí til 30. september)	2,42	kr/kWh
Orkugjald vetur (1. okt. til 30. apríl).	3,80	kr/kWh
Aflgjald sumar (1. apríl til 31. október)	732,00	kr/kWh/mán
Aflgjald vetur (1. nóvember til 31. mars)	1.464,00	kr/kWh/mán
Fastagjald	40.900,00	kr/mæli/ári
Viðbótarorkugjald fyrir hundraðshlutastig fasvixs	0,077	kr/kWh

Viðbótarorkugjalds getur RARIK krafist falli meðalfasvixsstuðull í tilteknum mánuði niður fyrir 0,9, sjá nánar í kafla um skilgreiningar og ýmis ákvæði.

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Orkugjald	2,19	kr/kWh
Aflgjald.	3.670,00	kr/kWh/ári
Fastagjald	5.480,00	kr/ári

C.1 Rofin daghitun.

Rafhitun heimila með roftíma allt að 2 x 1,5 klukkustund á dag.

Orkugjald.....	4,41	kr/kWh
Fastagjald	17.100,00	kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis, sjá kafla um niðurgreiðslur og afslátt.

C.2 Næturhitun.

Rafhitun heimila með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 7.00 til 23.00.

Orkugjald.....	2,99	kr/kWh
Fastagjald	5.480,00	kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis, sjá kafla um niðurgreiðslur og afslátt.

D.1 Rofin daghitun.

Rafhitun húsnæðis með roftíma allt að 2 x 1,5 klukkustund á dag.

Orkugjald.....	4,41	kr/kWh
Fastagjald	17.100,00	kr/ári

D.2 Næturhitun.

Rafhitun húsnæðis með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 7.00 til 23.00.

Orkugjald.....	2,99	kr/kWh
Fastagjald	17.100,00	kr/ári

D.3 Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadælur o.fl. Hámark uppsetts afls er 200 kW.

Orkugjald 1. maí til og með 30. september	4,41	kr/kWh
Orkugjald 1. okt. til og með 30. apríl	6,14	kr/kWh
Fastagjald	17.100,00	kr/ári

G.1 Ótryggð orka.

Uppfylla þarf skilmála Landsvirkjunar og RARIK um sölu ótryggðrar orku og gera þarf skriflegan samning milli RARIK og kaupanda.

Orkugjald, 1. verðþrep	1,335,00	kr/kWh
Orkugjald, 2. verðþrep	1,731,00	kr/kWh
Orkugjald, 3. verðþrep	2,489,00	kr/kWh
Fastagjald	155.000,00	kr/ári

G.2 Víkjandi orka.

Uppfylla þarf skilmála RARIK um sölu víkjandi orku.

Orkugjald sumar (1. maí til 30. september)	2,271,00	kr/kWh
Orkugjald vetur (1. okt. til 30. apríl).	3,510,00	kr/kWh
Fastagjald	155.000,00	kr/ári

Um gjald fyrir orku sem afhent er á stýritíma RARIK vísast í framangreinda skilmála.

S.1 Sumartaxti.

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lágmarksafl 75 kW á mánuði.

Orkugjald	2,42	kr/kWh
Aflgjald	591,00	kr/kW/mán

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

80.10 Ómæld smánotkun.

Um er að ræða smánotkun (mælitæki, magnarar o.þ.h.), þar sem mælingu verður ekki við komið. Miðað er við að uppsett afl á notkunarstað sé undir 0,5 kW. Gjaldtaka fyrir afl miðast við uppsett afl, en þó að lágmarki 0,05 kW fyrir hvern tengistað. Fastagjald skal greiða fyrir hvern tengistað.

Aflgjald	65.788,00 kr/kW/ári
Fastagjald	4.510,00 kr/tengistað

H.1 Hitaveita R/O.

Hitun heimila.

Orkugjald	2,98 kr/kWh
Vatnsgjald	41,00 kr/m ³
Fastagjald	14.840,00 kr/ári

Orkugjald vegna hitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis, sjá kafla um niðurgreiðslur og afslátt.

H.2 Hitaveita R/O.

Orkugjald	3,13 kr/kWh
Vatnsgjald	41,00 kr/m ³
Fastagjald	14.840,00 kr/ári

H.3 Hitaveita Siglufirði.

Heitt vatn um rennismæli (kranavatn).

Vatnsgjald	149,5 kr/m ³
Fastagjald	2.400,00 kr/ári

H.4 Hitaveita Siglufirði.

Hitun húsnæðis um rennismæli.

Vatnsgjald	84,80 kr/m ³
Fastagjald	14.840,00 kr/ári

Veittur er afsláttur af vatnsgjaldi ef reiknað meðalhitastig vatns er undir 70°C.

Mælaleiga.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjör og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

Einfasa mælir	920,00 kr/ári
Fjölfasa mælir	343,00 kr/ári

Gjald fyrir önnur mælitæki, en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun RARIK hverju sinni. Mælauppsetning er ekki innifalin í mælaleigunni.

Innheimta og lokun

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu 1.120,00 kr.

Opnunargjald:

Gjald fyrir aðgerðir vegna lokunar

og/eða opunar veitu vegna vanskila 4.500,00 kr.

Þjónustugjöld.

Aukaálestursgjald	1.430,00	kr.
Leiga á fjarmæliliða	5.730,00	kr/ári
Sammælingargjald	126.000,00	kr/ári

Niðurgreiðslur og afsláttur.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

RARIK selur raforku til húshitunar á lægra verði en til almennrar notkunar og veitir ennfremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til þeirra sem nota raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Um niðurgreiðslur gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 50.000 kWh/ári samkvæmt lið C.1 og H.1 og að hámarki 70.000 kWh/ári samkvæmt lið A.5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið.

Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C.1 Rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 137 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu (notkunartímabil = tímabilið milli álestra). Niðurgreiðsla nemur 2,01 kr/kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,34 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,076 kr/kWh. Alls 2,426 kr/kWh.

Liður A.5 Markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 192 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,43 kr/kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,24 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,047 kr/kWh. Alls 1,717 kr/kWh.

Liður H.1 Hitaveita:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 137 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,84 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,064 kr/kWh. Alls 1,904 kr/kWh.

Liður C.2 Næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C.2 Næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 1,15 kr/kWh, afsláttur Landsvirkjunar nemur 0,39 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki 0,053 kr/kWh. Alls 1,593 kr/kWh.

Þessar tölur eru án virðisaukaskatts og gilda frá 1. júlí 2000.

*Skilgreiningar og ýmis ákvæði.***1. Utanhússlýsing.**

RARIK sér um uppsetningu lýsingarkerfa utanhúss samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað. Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast RARIK á sinn kostnað, enda greiði notandi viðhaldsgjald samkvæmt smásölugjaldskrá.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla með rafhitun samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir sérmældir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega. Sé um fleiri en einn mæli að ræða skal greiða fastagjald fyrir hvern viðbótarmæli og sammælingargjald að auki ef sammæling er grundvöllur aflsölu. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskýlt afl hvers almanaksmánaðar er hæsta gildi afls viðkomandi reikningstímabils milli reglulegra álestra. Álestur er mánaðarlega, að jafnaði sem næst mánaðamótum. Vetrargjald afls er á tímabilinu 1. nóvember til 31. mars. Á öðrum tíma gildir sumarverð afls. Vetrarverð orku gildir á tímabilinu 1. október til 30. apríl. Á öðrum tíma gildir sumarverð orku. Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október, og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárliðum utan þess tímabils. Aflgjald er samkvæmt mælingu við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fer fram að jafnaði sem næst mánaðamótum. (Taxti þessi er ekki veittur nýjum notendum frá árinu 1995).

5. Véla- og tækjanotkun.

Falli meðalfasvixtsstuðull í tilteknum mánuði á tímabilinu 1. október til 1. maí niður fyrir 0,9 er RARIK heimilt fyrir þann mánuð að krefjast viðbótarorkugjalds, 0,077 kr/kWh, fyrir hvert hundraðshlutastig, eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasvixtsstuðullinn fer niður fyrir slíkt lágmark.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, getur RARIK takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilur RARIK sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

Heimilt er að takmarka veitingu gjaldskrárliða við aflmælingu, ef orkunotkun fer yfir 200.000 kWh/ári á töxtum A.1 til A.4.

Heimilt er að gera tímabundna sérsamninga um orkuviðskipti í sérstökum tilfellum sem víkja frá almennri smásölugjaldskrá. Til sérsamninga teljast m.a. víkjandi orka, ótryggð orka, samningar vegna gagnkvæmra viðskipta með raforku (varaafli) og aðrir sérsamningar við stærstu notendur þar sem um mikla orkunotkun er að ræða (1 milljón kWh/ári eða meira).

7. Rafmagn til skipa.

Raforkusala til hafna vegna endursölu til skipa. Taxti þessi er eingöngu ætlaður til land-

tenginga skipa og annarra nota sem tengjast skipunum beint, ekki til annarra nota hafnanna, svo sem lýsingar og gámatenginga. Hér er um að ræða orku sem ekki nýtur fulls forgangs, en telst þó ekki ótryggð eða víkjandi orka eins og hún hefur verið skilgreind. Rafmagn til þessarar nota verður rofið þegar skortur er, þ.e. þegar og ef grípa þarf til skömmtunar. Þetta þýðir að raforka sem kynni að þurfa að framleiða með dísilvél í landi, fæst ekki til skipanna, enda eru þau búin varaafli.

8. Ótryggð orka.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og Almennir skilmálar RARIK um sölu ótryggðrar orku frá 1. janúar 1991. Skilyrði fyrir viðskiptum er að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli RARIK og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða.

9. Víkjandi orka.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar RARIK um sölu víkjandi orku frá 1. janúar 1993.

II. HEILDSALA TIL ALMENNINGSVEITNA.

1. Almenn.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til eftirtalinna aðila:

Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, Selfossveitna bs. og Bæjarveitna Vestmannaeyja. Aðilar skulu gera með sér viðskiptasamning á grundvelli gjaldskrárinnar með nánari útfærslu eftir því sem þeir telja þörf á.

2. Gjöld.

Áskriftaraflgjald	9.952,00	kr/kW/ári
Yfirafl	0,00	kr/kW/ári
Vetrargjald orku	2,48	kr/kWh
Sumargjald orku	1,24	kr/kWh
Tengigjald	378.000,00	kr/ári
Fastagjald	40.900,00	kr/ári
Flutningsorkugjald	0,124	kr/kWh
Flutningsaflgjald	1.574,00	kr/kW
Umframorkugjald	22,45	kr/kWh

Afl- og orkutöp: gjaldtaka sbr. grein 3.4.

Nettengigjald: gjaldtaka sbr. grein 3.5.

Gjöld fyrir launorku: gjaldtaka sbr. grein 3.6.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts.

3. Skilgreiningar.

3.1 Gjaldtímabil.

Vetrargjald gildir 1. janúar til 30. apríl og 1. október til 31. desember. Sumargjald gildir 1. maí til 30. september. Séu fleiri en eitt einingarverð í gildi innan árs eða mánaðar skal ávallt reikna í réttu hlutfalli við dagafjölda.

3.2 Afl.

Með afli er í gjaldskrá þessari ávallt miðað við 60 mínútna meðalalag. Áskriftarafl er

umsamið afl samkvæmt nánari skilgreiningu í viðskiptasamningi. Yfirafl er viðbótarafll sem nánar skal skilgreint í viðskiptasamningi. Flutningsaflgjald skal greiða fyrir hæsta afltopp ársins. Í viðskiptasamningi er þó heimilt að víkja frá ákvæðinu um hæsta topp ef sérstakar aðstæður valda.

3.3 Umframorka.

Umframorka er orka umfram markafll, en markafll er summa áskriftarafls og yfirafls á hverjum tíma. Aðilum er heimilt að semja um að hafa annan hátt á gjaldtöku umframorku, en samkvæmt gjaldskrá þessari.

3.4 Afl- og orkutöp.

Í viðskiptasamningi skal skilgreina aftarahlutfall og útreikning á aftaröpum. Fyrr aftaröp skal greiða áskriftaraflgjald. Í viðskiptasamningi skal skilgreina nýtingartíma aftaröpa og útreikning á orkutöpum. Fyrr orkutöp skal greiða vetrar- eða sumargjald orku eftir því sem við á.

3.5 Nettengigjald.

Fyrr orku skal greiða nettengigjald. Einingarverð gjaldsins skal reikna í árslok og nema heildarkostnaði RARIK á árinu vegna tengigjalda Landsvirkjunar jafnað á heildarkaup RARIK á forgangsortu frá Landsvirkjun.

3.6 Launorka.

Falli meðalfasviksstuðull í tilteknum mánuði á tímabili vetrargjalds, sbr. grein 3.1, niður fyrr 0,9 er RARIK heimilt fyrr þann mánuð að krefjast 2% viðbótarorkugjalds, sbr. grein 2, fyrr hvert hundraðshlutastig, eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðullinn fer niður fyrr slíkt lágmark.

4. Greiðslukjör.

4.1 Orkugjöld.

Fyrr orku, sbr. grein 2, skal greiða mánaðarlega samkvæmt mælingu.

4.2 Önnur gjöld.

Fyrr áskriftaraflgjald, tengigjald, fastagjald, flutningsaflgjald, aftaröp, orkutöp og nettengigjald, sbr. grein 2, skal árgreiðsla áætluð í upphafi árs. Fyrr mánuðina janúar til nóvember skal mánaðarlega greiða 1/12 hluta áætlaðrar árgreiðslu og teljast þær greiðslur vera innborganir. Fyrr desember skal greiða útreiknaða árgreiðslu að frádregnum innborgunum. Við gjaldskrárbreytingar skulu þær mánaðargreiðslur sem ekki eru fallnar í gjalddaga taka sömu hlutfallslegu breytingum og gjaldskráin.

4.2 Gjaldldagi og vanskil.

Mánaðargreiðslur fyrr janúar falla í gjalddaga síðasta dag febrúar og þannig koll af kolli fyrr aðra mánuði. Ef ekki er greitt á gjalddaga reiknast fullir vanskilavextir frá honum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni.

III. TENGIGJÖLD.

Tengigjaldakaflinn skiptist í fjóra hluta. Í fyrsta kafla er fjallað um þéttbýli, í öðrum kafla um dreifbýli, þriðji kaflinn fjallar um hitaveitur og fjórði kaflinn er almennur kaflur.

1. Þéttbýli.

Til þéttbýlis teljast skipulögð hverfi með samfelldri byggð og frágengnu gatnakerfi þar sem fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra og íbúatalan er yfir 50 miðað við skrá Hagstofu Íslands um síðastliðin áramót.

Í þéttbýli sem tengist veitusvæðum RARIK gilda eftirfarandi skilgreiningar og ákvæði um tengigjöld:

1.1 Heimtaugar.

Heimtaugar í þéttbýli greinast í aðalheimtaugar, ómældar smáheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

1.2. Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru háð stærð heimtaugar. Lágmarksstærð eins og þriggja fasa heimtaugar er 50 A. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Fyrir uppsetningu viðbótarmælis fyrir annan notanda á sömu heimtaug greiðast 16.320 kr. fyrir hvern notanda.

Tengigjöld:

Málstraumur/gerð	kr.
50 A einfasa	93.700
50 A þriggja fasa.....	105.000
100 A þriggja fasa.....	166.000
200 A þriggja fasa.....	333.000
315 A þriggja fasa.....	524.000
400 A þriggja fasa.....	665.000
500 A þriggja fasa.....	831.000
630 A þriggja fasa.....	1.048.000
800 A þriggja fasa.....	1.330.000
1200 A þriggja fasa.....	1.895.000

1.3. Ómældar smáheimtaugar.

Gjald fyrir ómældar smáheimtaugar frá götugreiniskáp [uppsett afl allt að 0,5 kW] er 32.100 kr. og innifalin er tengivinna í götugreiniskáp ásamt tengibúnaði og allt að 10 m af jarðstreng fyrir hvern tengistað. Fyrir streng umfram 10 m greiðast 269 kr/m. Öll jarðvinna svo sem: gröftur, söndun og frágangur er *undanskilin* í ofangreindu gjaldi. Ef jarðvinna er að hluta eða öllu leyti unnin af RARIK skal hún greidd eftir tilboði.

1.4. Bráðabirgðaheimtaugar.

Grunngjald fyrir bráðabirgðaheimtaugar er eftirfarandi:

Málstraumur/gerð	
50 A einfasa	16.300
50 A þriggja fasa.....	23.000
100 A þriggja fasa.....	25.100

Auk grunngjalds skal greiða kostnað við framkvæmd verks samkvæmt tilboði, sem miðast við aðstæður hverju sinni. *Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu þeirra.*

1.5. Breyting á heimtaug.

Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug sér notandi um jarðvinnu á eigin lóð.

1.6. Staðsetning.

Leita skal samþykkis RARIK fyrir staðsetningu inntaks heimtaugar.

1.7. Framkvæmd.

Umsækjanda ber að leggja á sinn kostnað plaströr fyrir heimtaugastreng út fyrir lóðamörk í samráði við RARIK og í samræmi við tæknilega tengiskilmála TT 3.2.6. Ef farið er fram á að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal umsækjandi sjá um alla jarðvinnu.

1.8. Frávik.

Fyrir heimtaugar á svæði þar sem skipulagsvinnu er ólokið eða heimtaugar stærri en 1200 A gerir RARIK tilboð um tengigjald. Gjald fyrir aðrar breytingar á heimtaugum en um getur í verðskrá þessari er samkvæmt tilboði. Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða mismun tengigjalds nýju og gömlu heimtaugarinnar samkvæmt lið 1.2 þ.e. fullt tengigjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu fyrra tengigjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá.

1.9. Spennistöð.

Þurfi að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að mati RARIK. Þegar lóð er lögð til er það gert RARIK að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum RARIK um stærð og staðsetningu lóðarinnar. Ef RARIK samþykkir að nýta húsnæði sem notandinn leggur til fyrir spennistöðina skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota svo sem um brunahólf og að öðru leyti fullnægja byggingareglugerð. Ganga skal frá skriflegum samningi um húsnæðið.

1.10. Aukakostnaður.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um í lið 1.2 skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

1.11. Götulýsing.

Gjald fyrir uppsetningu götuljósá í þéttbýli er eftirfarandi:

Götuljósastaurar með mismunandi ljósbúnaði (hæð frá jörðu í ljóspunkt).

	kr.
Götuljósastaur 6,3 m, 100 W NA, 28 m strengur.....	79.100
Götuljósastaur 6,3 m, 125 W HQ, 28 m strengur.....	75.900
Götuljósastaur 8 m, 100 W NA, 33 m strengur	92.500
Götuljósastaur 8 m, 125 W HQ, 33 m strengur	89.400
Götuljósastaur 10 m, 150 W NA, 40 m strengur	114.000
Stígalýsing 4-5 m, 80 W HQ, 30 m strengur.....	65.100

Aðrar stauragerðir skulu afgreiddar eftir tilboði.

Fyrir hvern staur umfram 10 stk. er veittur 15 % afsláttur þar sem um er að ræða staura á sama stað í samfallandi verki sem samið er um í einu lagi.

2. Dreifbýli.

2.1. Tengigjöld á skipulögðu svæði í dreifbýli.

Með skipulögðu svæði er átt við afmarkað hverfi, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:500 til 1:2000, staðfestur af Skipulagsstofnun. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

Tengigjöld:

Málafli		kr.
5 kVA	Heimtaug	212.000
10 kVA	Heimtaug	233.000
25 kVA	Heimtaug	271.000
50 kVA	Heimtaug	333.000
100 kVA	Heimtaug	430.000

Um er að ræða einfasa eða þrífasa heimtaugar (þó er 5 kVA heimtaug aðeins afgreidd einfasa) háð gerð fyrirbyggjandi háspennudreifikerfis, sem uppfylla ákvæði greinar 2.3, þ.e. 5 hús eða fleiri í upphafi eða að spennistöð er til staðar.

Meðallengd heimtaugar og lágspennudreifikerfis, án þess að til greiðslu umframgjalds komi, má ekki fara yfir 200 m.

Umframgjald fyrir hvern metra umfram 200 m 737 kr.

2.2. Eftirlit.

Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeygenda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við RARIK heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis eða uppsetningar nauðsynlegs búnaðar, sem og allan eðlilegan umgengisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.

2.3. Fjöldi og lengd.

Í upphafi þurfa a.m.k. 5 hús á skipulögðu svæði að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp. Tengigjöld fyrir einstakar viðbótarheimtaugar frá spennistöð sem er fyrir hendi falla einnig undir lið 2.1. Meðallengd heimtauga og lágspennudreifikerfis fari ekki yfir 200 m. Umframlengd greiðist samkvæmt lið 2.1. Lengd háspennudreifikerfis sem leggja þarf að skipulögðu svæði má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð, nema að til komi greiðsla fyrir umframlengd samkvæmt tilboði.

2.4. Uppbygging.

Sé fyrirsjáanlegt, að mati RARIK, að svæði sem skipulagt hefur verið komi til með að byggjast seint upp, getur RARIK krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda verði greitt tengigjald, áður en ráðist er í framkvæmdir. Staðsetning húsa innan skipulags svæðis (þéttleiki byggðar) hefur enn fremur áhrif á ákvörðun um hvort rafvæðing verður heimiluð innan ramma gjaldskrár.

2.5. Lega.

Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi skal ákveðin í samráði við RARIK, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðarmarka og annast frágang í samræmi við tæknilega tengiskilmála TT 3.6 / 3.11. Þar sem ekki er um búsetu eða reglulega starfsemi að ræða er mælir settur í mælakassa utandyra. RARIK leggur til mælakassann, en rafverktafi annast uppsetningu og tengingu á kostnað húseyganda.

- 2.6. Frávik.
Fyrir aðrar heimtaugar skal tengigjald ávallt vera samkvæmt tilboði, þó að lágmarki samkvæmt lið 2.1
Um bráðabirgðaheimtaugar í dreifbýli, viðbótarmæla og smáheimtaugar gilda sömu reglur og í þéttbýli (liðir 1.2, 1.3, 1.4 og 1.7).
- 2.7. Þrífösun spennistöðvar.
Gjald fyrir þrífösun á spennistöð að ósk notanda skal vera 52.700 kr. á hvern notanda sé þriggja fasa háspennulögn til staðar og aðeins þurfi að breyta spennistöð. Notanda ber að tryggja sem jafnast álag á fasa. Séu fleiri en einn notandi á hverri spennistöð skal breyta þeim öllum samtímis að öðrum kosti gildir fyrsta málsgrein liðar 2.11.
- 2.8. Þrífösun háspennulagnar.
Sé þriggja fasa háspennulögn ekki fyrir hendi, en viðkomandi svæði á langtímaáætlun RARIK um þrífösun, greiðir umsækjandi kostnað samkvæmt tilboði RARIK allt að 527.000 kr. Fyrir kostnað umfram 527.000 kr. vegna breytinga í háspennukerfi greiðir notandi 30% hlutdeild í kostnaði.
- 2.9. Endurkröfuréttur.
Hafi notandi greitt hærri upphæð en 527.000 kr. í þrífösun háspennukerfis skal eftirfarandi gilda:
Tengist aðrir notendur viðkomandi kerfi skulu þeir taka samsvarandi þátt í kostnaði, óski þeir þrífösunar innan 5 ára frá verklokum, og skal þá sá sem upphaflega greiddi þrífösunargjald eiga endurkröfurétt þannig að kostnaði sé jafnað á milli notanda. Kostnaðarhlutdeild og endurkröfuréttur skal þó árlega lækka um 20% og falla niður að 5 árum liðnum.
- 2.10. Ný háspennulögn.
Sé ný háspennulögn lögð fyrir einn eða fleiri notendur greiðist kostnaður að fullu. Nemi gjaldið fyrir lögnina hærri upphæð en 527.000 kr. á hvern notanda skulu gilda sömu reglur og í lið 2.9 um kostnaðarþátttöku notanda sem síðar tengjast línunni og endurkröfurétt þeirra sem upphaflega greiddu. Fari línulengd til einstaks notanda yfir 2 km er RARIK heimilt að krefjast árlegs viðbótarfastagjalds fyrir vegalengd umfram 2 km.
- 2.11. Breytingar.
Greiðsla vegna breytinga á heimtaug, spennistöð eða öðrum kerfishlutum fer eftir tilboði hverju sinni. Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug er það gert notanda að kostnaðarlausu ef frá er talin jarðvinna.
Séu fleiri en ein loftlínuheimtaug frá sömu spennistöð skal breyta þeim öllum samtímis. Óski notandi eftir stækkun heimtaugar skal hann greiða mismun tengigjalds nýju og gömlu heimtaugarinnar samkvæmt lið 2.1, annars samkvæmt tilboði.
- 2.12. Götuljós.
Greiðsla fyrir uppsetningu götuljósa í dreifbýli skal vera eftir tilboði RARIK hverju sinni.

3. Hitaveitur.

- | | | |
|------|---------------------------------------------------|---------|
| 3.1. | Tengigjöld. | kr. |
| | Tengigjald fyrir hverja 20 mm heimæð er..... | 105.000 |
| | Fyrir hverja mælagrind umfram eina greiðast | 40.000 |
- 3.2. Takmörkun.
RARIK er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.
- 3.3. Aukakostnaður.
Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, samkvæmt lið 3.1, skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.
- 3.4. Frávik og breytingar.
Gjöld fyrir aðrar stærðir en um getur að ofan svo og breytingar greiðist samkvæmt tilboði hverju sinni.

4. Annað.

- 4.1. Gjöld.
Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts. Heimtaugar og götuljós eru í eigu RARIK, en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst.
- 4.2. Frágangur.
Frágangur rafmagnsheimtauga skal vera samkvæmt tæknilegum tengiskilmálum rafveitna.
- 4.3. Endurtenging.
Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimtaugar. Falli notkun um heimtaug niður í a.m.k. 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald samkvæmt taxta A.1 fyrir hvert ár sem liðið er frá aftengingu, auk kostnaðar við endurtengingu.
- 4.4. Breytingar.
Breytingar aðrar en stækkun á heimtaug eru háðar framkvæmdaáætlun RARIK hverju sinni.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felldri gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis nr. 482, 3. júlí 2000, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 5. júlí 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

um beitingu dagsekta og févítis í opinberu eftirlíti með fjármálastarfsemi.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um beitingu Fjármálaeftirlitsins á dagsektum og févíti gagnvart eftirlitsskyldum aðilum.

2. gr.

Ákvörðun um dagsektir eða févíti.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins leggur á dagsektir eða févíti með sérstakri ákvörðun.

Aðila sem ákvörðun um dagsektir eða févíti beinist að skal veittur sjö daga frestur til að koma að skriflegum andmælum áður en stjórn Fjármálaeftirlitsins tekur ákvörðun samkvæmt 1. mgr.

Ákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins um dagsektir eða févíti skal kynnt aðila skriflega með sannanlegum hætti án ástæðulausra tafa.

3. gr.

Kæruheimild.

Eftirlitsskyldum aðila er heimilt að kæra ákvörðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins um dagsektir eða févíti til kærunefndar samkvæmt lögum nr. 87/1998 innan sjö daga frá því honum var tilkynnt um hana.

4. gr.

Fjárhæð dagsekta og févítis.

Dagsektir geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag og er heimilt að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri hins eftirlitsskylda aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika hins eftirlitsskylda aðila.

Févíti getur numið frá 10.000 kr. til 2 millj. kr. Við ákvörðun um fjárhæð févítis skal tekið tillit til alvarleika brots og fjárhagslegs styrks hins eftirlitsskylda aðila.

5. gr.

Innheimta dagsekta og févítis.

Heimilt er að innheimta dagsektir og févíti þegar kærufrestur skv. 3. gr. er liðinn. Sé ákvörðun skotið til kærunefndar er ekki heimilt að innheimta févíti eða dagsektir fyrr en úrskurður hefur verið felldur. Dagsektir og févíti eru aðfararhæf.

Innheimt févíti og innheimtar dagsektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna.

Óinnheimtar dagsektir falla ekki niður þó að eftirlitsskyldur aðili verði síðar við kröfum Fjármálaeftirlitsins nema stjórn Fjármálaeftirlitsins ákveði það sérstaklega.

II. KAFLI

Reglubundin skil gagna.

6. gr.

Dagsektir vegna tafa á reglubundnum skilum.

Heimilt er að leggja á dagsektir þegar eftirlitsskyldur aðili skilar ekki umbeðnum gögnum til Fjármálaeftirlitsins.

Umbeðin eru þau gögn sem eftirlitsskyldum aðila ber að skila til Fjármálaeftirlitsins innan tilskilins frests samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða samkvæmt ósk Fjármálaeftirlitsins um reglubundin skil gagna eftirlitsskyldra aðila.

7. gr.

Gögnum skilað.

Gögnum skv. 6. gr. telst skilað til Fjármálaeftirlitsins innan tilskilins frests ef fullnægjandi gögn hafa borist Fjármálaeftirlitinu á skiladegi.

Ef í ljós kemur við úrvinnslu gagna að innihald þeirra er ófullnægjandi leggur Fjármálaeftirlitið fyrir hinn eftirlitsskylda aðila að bæta þar úr án ástæðulausra tafa. Heimilt er að beita dagsektum sbr. 6. gr. ef stjórn Fjármálaeftirlitsins telur þörf á.

8. gr.

Frestun skila.

Þegar skila á gögnum á fyrirfram ákveðnum dögum, sbr. 6. gr., verður frestur til að skila þeim að jafnaði ekki framlengdur.

III. KAFLI

Skylda til að skila inn gögnum eftir sérstakri ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

9. gr.

Fjármálaeftirlitið kallar eftir gögnum í sérstöku tilviki.

Fjármálaeftirlitið getur lagt fyrir eftirlitsskyldan aðila að skila inn gögnum og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum á þann hátt sem það telur þörf á til að fylgjast með að starfsemi eftirlitsskylds aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Aðila skal veittur hæfilegur frestur til að skila inn gögnum skv. 1. mgr.

10. gr.

Dagsektir vegna tafa á skilum umbeðinna gagna.

Heimilt er að leggja á dagsektir þegar eftirlitsskyldur aðili fylgir ekki fyrirmælum Fjármálaeftirlitsins skv. 9. gr.

IV. KAFLI

Kröfur Fjármálaeftirlitsins um úrbætur.

11. gr.

Krafa gerð um úrbætur.

Ef í ljós kemur að eftirlitsskyldur aðili fylgir ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi hans skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

Fjármálaeftirlitið skal gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur eftirlitsskylds aðila að öðru leyti óheilbrigðan og brjóta í bága við eðlilega viðskiptahætti, enda þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við og er jafnframt heimilt að krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

12. gr.

Dagsektir og févíti vegna brota gegn ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins er heimilt að leggja févíti eða dagsektir á eftirlitsskyldan aðila sem sinnir ekki eða brýtur gegn ákvörðunum sem teknar hafa verið af Fjármálaeftirlitinu. Til ákvarðana samkvæmt þessari grein teljast kröfur um úrbætur samkvæmt 11. gr.

13. gr.

Úrbótum lokið.

Úrbótum telst lokið þegar aðili skilar til Fjármálaeftirlitsins skriflegri greinargerð um ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að fylgja eftir ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Um skiladag greinargerðar gilda reglur 7. gr.

Nú eru úrbætur ekki fullnægjandi og telst þeim þá ekki lokið innan frests sem gefin hefur verið samkvæmt 11. gr.

V. KAFLI

Gildistaka.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. mgr. 11. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og öðlast hún þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 3. júlí 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING**um deiliskipulag Flatahverfis, klasi 9, Akranesi.**

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 24. apríl 2001 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi Flatahverfis klasa 9 á Akranesi.

Tillagan nær til deiliskipulagsreits klasa 9 í Flatahverfi sem afmarkast af byggðasafni/kirkjugarði, skipulögðum klasa 4 og óskipulögðum klösum 7-8 og 13-14 í Flatahverfi. Flatarmál klasa 9 er 1,7 ha að stærð.

Auglýst hefur verið eftir athugasemdum skv. 1. og 2. mgr. 25. gr. Skipulagslags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá og með föstudeginum 23. febrúar til og með föstudeginum 23. mars 2001. Athugasemdafrestur var til föstudagsins 6. apríl 2001. Engar athugasemdir bárust.

Framangreint deiliskipulag klasa 9 í Flatahverfi, Akranesi, tekur þegar gildi.

Akranesi, 9. júlí 2001.

Magnús Þórðarson, byggingar- og skipulagsfulltrúi.

REGLUGERÐ

um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila.

1. gr.

Skipan.

Sérstök samráðsnefnd sem skipuð er fulltrúum eftirlitsskyldra aðila skal starfa í tengslum við Fjármálaeftirlitið.

Viðskiptaráðherra skipar í samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila til þriggja ára í senn eftir tilnefningum eftirlitsskyldra aðila. Í nefndinni eiga sæti þrír menn tilnefndir af Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sparisjóða, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra tryggingafélaga, einn tilnefndur af Landssamtökum lífeyrissjóða og einn maður tilnefndur sameiginlega af félögum og einstaklingum sem stunda miðlun váttrygginga, Kvótapiingi Íslands, Verðbréfapiingi Íslands og Verðbréfaskráningu Íslands.

Berist ósk um slíkt frá aðilum sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins og ekki eru taldir upp í 2. mgr. er heimilt að fjölga um allt að tvo menn í nefndinni enda sé meirihluti nefndarmanna því samþykkur.

Nefndin velur sér formann. Nefndin skal tilkynna viðskiptaráðherra og Fjármálaeftirlitinu um formann nefndarinnar og aðsetur.

2. gr.

Hlutverk.

Samráðsnefndin er vettvangur eftirlitsskyldra aðila til þess að geta komið á framfæri viðhorfum sínum til starfshátta og reksturs Fjármálaeftirlitsins.

Nefndin hefur ekki ákvörðunarvald í málefnum Fjármálaeftirlitsins.

3. gr.

Fundir með Fjármálaeftirlitinu.

Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins skulu eiga reglulega fundi með samráðsnefndinni. Skal Fjármálaeftirlitið boða til fundar með nefndinni að minnsta kosti tvisvar á ári. Á fundunum skal annars vegar fjalla um stefnu og helstu áherslupætti í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og hins vegar um skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs skv. 4. gr.

4. gr.

Álit á áætluðu rekstrarumfangi.

Eftirlitsskyldir aðilar skulu standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins í samræmi við ákvæði laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fyrir 15. september ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undanengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því álit. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 15. ágúst ár hvert senda henni upplýsingar um áætlað rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundraðshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi. Skýrsla Fjármálaeftirlitsins ásamt álit samráðsnefndar skulu fylgja frumvarpinu sem viðaukar.

5. gr.

Kostnaður.

Hvorki ráðuneytið né Fjármálaeftirlitið skulu bera kostnað af starfi samráðsnefndar.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með vísan til 7. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og 9. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og öðlast hún þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 3. júlí 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Kópavogi.

Vatnsendi. Kríunes. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr.73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 6. júní 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi af landi Kríuness í Vatnsendalandi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 4. júlí 2001.

Birgir H. Sigurðsson, skipulagsstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafmagnsveitur ríkisins í Hveragerði.

Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) selur raforku í smásölu í Hveragerði á þann hátt og við því verði sem hér segir og eru öll gjöld gefin upp án virðisaukaskatts:

A.1A Almenn notkun og heimilisnotkun.

Orkugjald	7,54 kr/kWh
Fastagjald, 1-fasa	3.123,00 kr/ári
Fastagjald, 3-fasa	6.185,00 kr/ári

A.2A Skammtímanotkun (mannvirkjagerð).

Orkugjald.....	9,64 kr/kWh
Fastagjald .	6.185,00 kr/ári

B.1A Afl- og orkumæling.

Orkugjald	2,84 kr/kWh
Aflgjald	10.129,00 kr/kWh/ár
Fastagjald	54.261,00 kr/ári

B.2A Götulýsing.

Aflgjald	13.875,00 kr/kWh/ár
Viðhaldsgjald	18.585,00 kr/kWh/ár
Samtals	32.460,00 kr/kWh/ár

C.2A Rofin hitun.

Orkugjald.....	3,65 kr/kWh
Fastagjald	3.907,00 kr/ári

C.3A Næturorkunotkun.

Orkugjald.....	2,93 kr/kWh
Fastagjald	3.502,00 kr/ári

G.2A Garðyrkjulýsing.

Orkugjald sumar (1. maí til 30. sept.)	1.776,00 kr/kWh
Orkugjald vetur (1. okt. til 30. apríl).	3.562,00 kr/kWh
Fastagjald	110.710,00 kr/ári

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 2001 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 481, 3. júlí 2000, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. júlí 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ**um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.****I. KAFLI****Almenn ákvæði.****1. gr.***Heiti og aðsetur.*

Nefndin heitir kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa og hefur hún aðsetur á skrifstofu viðskiptaráðuneytis.

2. gr.*Valdsvið.*

Aðilar að lausafjár- og þjónustukaupum geta leitað álits nefndarinnar vegna ágreinings um réttindi og skyldur samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup og lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Niðurstöðum kærunefndar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda en aðilar geta lagt ágreining sinn fyrir dómstóla með venjulegum hætti.

II. KAFLI

Skipulag og starfshættir.

3. gr.

Skipan nefndar.

Nefndarmenn skulu vera þrír. Ráðherra skipar einn nefndarmanna eftir tilnefningu Neytendasamtakanna og annan eftir tilnefningu Verslunarráðs Íslands og þann þriðja skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Hann skal fullnægja skilyrðum til að vera dómari. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

4. gr.

Starfsmenn nefndar og kostnaður.

Nefndinni skal heimilt að ráða sér starfsmann að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið. Telji formaður þörf sérkunnáttu við úrlausn mála getur hann kvatt til ráðuneytis manna eða menn sem hafa slíka sérkunnáttu.

Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Þagnarskylda.

Nefndarmönnum ber að gæta þagmælsku um þau atvik, sem þeim verða kunn í starfinu og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- og einkahagsmuna. Sama gildir um þá sem starfa fyrir nefndina. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

III. KAFLI

Meðferð mála.

6. gr.

Form og efni álitsbeiðni.

Álitsbeiðni skal vera skrifleg og skal þar greint nafn, heimilisfang og kennitala þess er kærir. Ef álitsbeiðni er borin fram af öðrum en þeim er hefur hagsmuni af úrlausn máls skal skriflegt umboð fylgja.

Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og kröfum. Álitsbeiðni skal fylgja rökstuðningur og þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.

Nefndin getur ákveðið að álitsbeiðni skuli skilað á sérstöku eyðublaði sem hún lætur útbúa.

7. gr.

Frávísun.

Nefndin skal vísa máli frá ef álitsbeiðni heyrir ekki undir starfssvið nefndarinnar.

Uppfylli álitsbeiðni ekki kröfur þessarar reglugerðar skal álitsbeiðanda veittur 10 daga frestur til að bæta úr ágöllum en að þeim tíma liðnum skal máli vísað frá.

8. gr.

Málshraði.

Nefndin skal taka mál til meðferðar án tafar og skal álit nefndarinnar að jafnaði liggja fyrir innan átta vikna frá því nefndin tók mál til efnislegrar umfjöllunar.

9. gr.

Málflutningur.

Málflutningur er skriflegur og kallar nefndin ekki fyrir vitni eða matsmenn.

Verði mál tekið til efnislegrar meðferðar skal gagnaðili fá álitsemiðni til umsagnar. Gagnaðila skal veittur 10 daga frestur til að skila umsögn sinni. Telji nefndin að greinargerð gagnaðila sé á einhvern hátt áfátt getur hún veitt honum 5 daga frest til úrbóta. Álitsemiðandi skal fá umsögn gagnaðila senda til upplýsingar. Telji nefndin þess þörf getur hún óskað eftir framhaldsgreinargerð álitsemiðanda. Skal honum þá veittur 10 daga frestur til að skila greinargerð sinni.

10. gr.

Stjórnsýslulög.

Um meðferð mála fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum.

11. gr.

Útgáfa og kynning álit.

Nefndin skal gefa út álit sín árlega. Nefndinni er heimilt að stytta álitin við útgáfu þeirra enda sé ekki um að ræða álit sem fordæmisgildi hafa. Nefndin ákveður sjálf hvernig hún hagar kynningu á einstökum álitum milli árlegrar útgáfu.

Samhliða útgáfu álitu skal nefndin gefa út yfirlitsskýrslu um störf sín.

IV. KAFLI

Gildistaka.

12. gr.

Reglugerð þessi sem sett með heimild í bráðabirgðaákvæði með lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup og lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 6. júlí 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

11. júlí 2001

Nr. 566

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Akranesveitu.**

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Akranesveitu, sem öðlast gildi 1. ágúst 2001.

Gjaldskrá Akranesveitu, nr. 260, 20. mars 2001, breytist þannig:

Gjöld vegna sölu á rafmagni, B-hluti, hækka um 4,9%.

Gjöld vegna sölu á heitu vatni, D-hluti, hækka um 5,1954%.

Iðnaðarráðuneytinu, 11. júlí 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð, nr. 858/2000, um SMT tollafgreiðslu.

1. gr.

B. liður 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- b. Þeir hafi tilkynnt Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og séu á fyrirtækjaskrá, sbr. lög nr. 62/1969, um fyrirtækjaskrá eða ef um einstaklinga er að ræða sem stunda atvinnurekstur, skulu þeir að minnsta kosti hafa framkvæmt 12 tollafgreiðslur í atvinnuskyni á síðustu 12 mánuðum áður en leyfi til SMT- eða VEF-tollafgreiðslu er veitt.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 8. mgr. 14. gr. tollalaga, nr. 55/1987, og öðlast hún þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 6. júlí 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jóna Björk Guðnadóttir.

REGLUGERÐ

um þjóðgarðinn Snæfellsjökul.

I. KAFLI

Inngangur.

1. gr.

Reglugerð þessi er um þjóðgarðinn Snæfellsjökul, Snæfellsbæ, sem stofnaður var 28. júní 2001.

Um þjóðgarðinn gilda ákvæði 51. og 52. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og ákvæði reglugerðar þessarar eftir því sem þau geta átt við.

II. KAFLI

Stjórn þjóðgarðsins.

2. gr.

Náttúruvernd ríkisins fer með stjórn þjóðgarðsins. Henni til ráðgjafar starfar ráðgjafanefnd sem umhverfisráðherra skipar með þátttöku hlutaðeigandi sveitarstjórnar, Fornleifaverndar ríkisins, Ferðamálasamtaka Snæfellsness og Náttúruverndar ríkisins til að fara með málefni sem varða rekstur og skipulag. Fulltrúi Náttúruverndar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

3. gr.

Náttúruvernd ríkisins ræður þjóðgarðsvörð til að fara með daglegan rekstur þjóðgarðsins. Þjóðgarðsvörður skal gera tillögu til Náttúruverndar ríkisins um rekstur hans í samræmi við verndaráætlun og staðfest skipulag.

Náttúruvernd ríkisins setur þjóðgarðsverði erindisbréf. Þjóðgarðsvörður skal vera búsettur í húsnæði þjóðgarðsins í Snæfellsbæ.

III. KAFLI Mörk þjóðgarðsins.

4. gr.

Mörk þjóðgarðsins eru þessi:

Á sunnanverðu Snæfellsnesi liggja mörk þjóðgarðsins í norður frá Gjafavík í austurjaðar Háahrauns í landi Dagverðarár og fylgir jaðri hraunsins í punkt $x=274554$ og $y=481631$ og þaðan í punkt $x=274067$ og $y=482377$ og áfram í punkt $x=274234$ og $y=484118$ við jökuljaðarinn. Þaðan fylgja mörkin jaðri jökulsins meðfram Kvíahnúki norður fyrir Geldingafell í gegnum eftirfarandi punkta ($x=275177$ og $y=484730$, $x=275809$ og $y=485869$, $x=275881$ og $y=486776$, $x=275972$ og $y=487881$, $x=275870$ og $y=488522$, $x=275458$ og $y=489452$, $x=275454$ og $y=489704$, $x=275511$ og $y=490306$, $x=275333$ og $y=490563$). Frá þessum punkti liggja mörkin til vesturs í gegnum punkt $x=273551$ og $y=490386$ að punkti $x=272078$ og $y=489890$. Úr þeim punkti fylgja mörkin austurmörkum Gufuskálalands til sjávar. (Hnit eru gefin í Lambert keiluvörpun, ISN93.) Mörk þessi eru í samræmi við samþykkt aðalskipulag Snæfellsbæjar.

Þjóðgarðinum tilheyrja ekki tvö svæði innan ofangreindra marka. Annars vegar er um 25 ha svæði sunnan Gufuskála, sbr. afmörkun á meðfylgjandi uppdrætti, og hins vegar þríhyrnt svæði á jörðinni Einarlóni sem afmarkast af hnitapunktunum A; N $64^{\circ} 46,053'$ og V $23^{\circ} 52,233'$, sem er við gatnamót þjóðveggar nr. 574 og vegslóða í átt að Djúpálónssandi og fylgir línu þaðan til vesturs, sem dregin væri með vegöxl vegslóða að hnitpunkti B; N $64^{\circ} 45,200'$ og V $23^{\circ} 53,718'$ við bílastæði, bein lína þaðan í hnitpunkt C; N $64^{\circ} 44,991'$ og V $23^{\circ} 53,995'$, við Kerlingu og með strandlínu til suðurs að hnitpunkti D; N $64^{\circ} 44,373'$ og V $23^{\circ} 50,652'$ og þaðan bein lína í framangreindan hnitpunkt A við gatnamótin, sbr. afmörkun á meðfylgjandi uppdrætti.

Mörkin eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti.

IV. KAFLI Réttindi og skyldur gesta.

5. gr.

Þjóðgarðurinn er opinn gestum allt árið.

Heimilt er þjóðgarðsverði að loka þjóðgarðinum fyrirvaralaust og gera mönnum að hverfa burt ef að steðjar vá. Sama gildir, ef þjóðgarðsvörður telur að dvöl manna geti spillt lífríki eða jarðmyndunum.

6. gr.

Gangandi fólk er heimil för um þjóðgarðinn. Fylgt skal merktum gönguleiðum, en annars hefðbundnum gönguleiðum sem við verður komið eða þá fyrirmælum starfsmanna þjóðgarðsins.

7. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og snyrtilega um þjóðgarðinn. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralíf né hrófla við jarðmyndunum.

Úrgangi skal komið fyrir í sérstökum sorpílátum, enda er óheimilt að fleygja úrgangi eða grafa hann.

8. gr.

Óheimilt er að flytja plöntur, fræ og dýr í þjóðgarðinn. Verndun lífríkis svæðisins skal taka mið af alþjóðlegum samningum eins og samningi um líffræðilega fjölbreytni og samningi um verndun villtra plantna og dýra og búsvæða þeirra í Evrópu.

9. gr.

Í þjóðgarðinum er bannað að hrófla við menningarminjum.

10. gr.

Notkun skotvopna er bönnuð í þjóðgarðinum og óheimilt er að kveikja eld á víðavangi.

11. gr.

Óheimilt er að vera með gæludýr, svo sem hunda og ketti, laus í þjóðgarðinum.

12. gr.

Göngumönnum og hjólreiðamönnum er heimilt að tjalda í þjóðgarðinum að fengnu leyfi þjóðgarðsvarðar. Öðrum er bent á tjaldsvæði í nágrenni þjóðgarðsins og gildir það jafnt um tjöld, tjaldvagna og hjólhýsi.

13. gr.

Öll umferð með hesta um þjóðgarðinn er óheimil nema á merktum reiðleiðum og afmörkuðum áningarstöðum enda liggi leyfi þjóðgarðsvarðar fyrir.

14. gr.

Öll umferð reiðhjóla er óheimil utan akvega, bílastæða og reiðhjólaleiða.

15. gr.

Umferð á vélknúnum ökutækjum í þjóðgarðinum er ferðamönnum aðeins heimil á vegum og bílastæðum. Akstur vélknúinna ökutækja á jökli er háð leyfi þjóðgarðsvarðar.

16. gr.

Skylt er gestum í þjóðgarðinum að hlíta fyrirmælum þjóðgarðsvarðar og landvarða starfsmanna hvað snertir umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum.

Nú brýtur maður ákvæði reglugerðar þessarar, og er þjóðgarðsverði og landvörðum þá heimilt að vísa honum úr þjóðgarðinum.

V. KAFLI

Starfsemi í þjóðgarðinum.

17. gr.

Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimilt í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Náttúruverndar ríkisins. Ferðapjónusta innan þjóðgarðsins skal skipulögð á grundvelli sjálfbærrar ferðamennsku.

18. gr.

Mannvirkjagerð, efnistaka og hvers konar annað jarðrask er óheimilt nema til komi sérstakt leyfi Náttúruverndar ríkisins.

19. gr.

Lausaganga hrossa er óheimil í þjóðgarðinum. Í verndaráætlun skal kveðið á um lausagöngu sauðfjár.

20. gr.

Rannsóknir á náttúrufari og menningarminjum í þjóðgarðinum eru háðar leyfi Náttúruverndar ríkisins.

VI. KAFLI
Lokaákvæði.

21. gr.

Náttúruvernd ríkisins ræður landverði að fengnum tillögum þjóðgarðsvarðar og setur þeim starfsreglur. Þeim skulu fengin sérstök auðkenni og skilríki, er sanni heimildir þeirra til framkvæmdar á reglugerð þessari og fyrirmælum þjóðgarðsvarðar.

Náttúruvernd ríkisins ræður aðra starfsmenn að fengnum tillögum þjóðgarðsvarðar.

22. gr.

Náttúruvernd ríkisins skal gera tillögu að verndaráætlun og landnotkun fyrir þjóðgarðinn sem ráðherra staðfestir.

23. gr.

Umhverfissráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum reglugerðar þessarar að fenginni umsögn Náttúruverndar.

24. gr.

Hver sá sem brýtur gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál samkvæmt þessari grein skal farið að hætti opinberra mála, sbr. lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

25. gr.


Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 28. júní 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigurður Á. Þráinsson.

Fylgiskjal:



REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 578/2000 um álagningu spilliefnagjalds.

1. gr.

Viðauki III orðist svo:

VIÐAUKI III Halógeneruð efnasambönd.

Á halógeneruð efnasambönd, sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, skal leggja spilliefnagjald.

Úr 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2903	Halógenafleiður kolvatnsefna.	
	– Mettaðar klórafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.1100	-- Klórmetan (metyklóríð) og klóretan (etylklóríð)	90,00 kr/kg
2903.1200	-- Díklórmetan (metylenklóríð)	90,00 kr/kg
2903.1300	-- Klóróform (tríklórmetan)	90,00 kr/kg
2903.1400	-- Kolefnistetraklóríð	90,00 kr/kg
2903.1500	-- 1,2-Díklóretan (etylendíklóríð)	90,00 kr/kg
2903.1600	-- 1,2-Díklórprópan (própylendíklóríð) og díklórbútan.....	90,00 kr/kg
	–Aðrar:	
2903.1901	--- 1,1,1-Príklóretan (metýl klóróform)	90,00 kr/kg
2903.1909	--- Annars	90,00 kr/kg
	– Ómettaðar klórafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.2100	-- Vinylklóríð (klóretýlen)	90,00 kr/kg
2903.2200	-- Tríklóretýlen	90,00 kr/kg
2903.2300	-- Tetraklóretýlen (perklóretýlen)	90,00 kr/kg
2903.2900	-- Önnur	90,00 kr/kg
	– Flúor-, bróm eða jóðaafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.3090	-- Aðrar	90,00 kr/kg
	– Halógenafleiður raðtengdra kolvatnsefna með tveimur eða fleiri mismunandi halógenum:	
2903.4300	-- Príklórþríflúoretan	90,00 kr/kg
	– Aðrar:	
2903.4910	--- Brómklórmetan	90,00 kr/kg
	– Halógenafleiður cyclan-, cyclen eða cyclóterpenkolvatnsefna:	
2903.5100	-- 1,2,3,4,5,6-Hexaklórcyclóhexan	90,00 kr/kg
2903.5900	-- Önnur	90,00 kr/kg
	– Halógenafleiður arómatískra kolvatnsefna:	
2903.6100	-- Klórbensen, o-díklórbensen og p-díklórbensen	90,00 kr/kg
2903.6200	-- Hexaklórbensen og DDT (1,1,1-tríklór- 2,2-bis (p-klórfenyl) etan)	90,00 kr/kg
2903.6900	-- Aðrar	90,00 kr/kg
Úr 3814	Lífrænt samsett upplausnarefni og þynnur, ót.a.; unnir málningar- eða lakkeyðar:	
3814.0002	– Málningar- eða lakkeyðar	90,00 kr/kg

2. gr.

Viðauki V orðist svo:

VIÐAUKI V
Málning sem getur orðið að spilliefnum.

Á málningarvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja spilliefnagjald.

Úr 32. kafla tollskrárinnar:

3205	3205.0000	Litlögur (colour lakes); framleiðsla, sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla, að meginstofni úr litlegi	13,50 kr/kg
3208		Málning og lökk (þar með talin smeltlökk og lakkmálning) að meginstofni úr syntetískum fjölliðum (polymers) eða kemískt umbreyttum náttúrulegum fjölliðum, dreifðum eða uppleystum í vatnssnauðum miðli; lausnir skýrgreindar í 4. athugasemd við þennan kafla:	
		– Að meginstofni úr pólýesterum:	
	3208.1001	-- Með litunarefnum	13,50 kr/kg
	3208.1002	-- Án litunarefna	13,50 kr/kg
	3208.1003	-- Viðarvörn	13,50 kr/kg
	3208.1004	-- Alkyð- og olíumálning, með eða án litunarefna	13,50 kr/kg
	3208.1009	-- Annað	13,50 kr/kg
		– Að meginstofni úr akrýl- eða vinylfjölliðum:	
	3208.2001	-- Með litunarefnum	13,50 kr/kg
	3208.2002	-- Án litunarefna	13,50 kr/kg
	3208.2009	-- Annað	13,50 kr/kg
		– Annað:	
	3208.9001	-- Með litunarefnum (t.d. epoxíð, pólýúretan, klór-gúm, sellulósi o.fl.)	13,50 kr/kg
	3208.9002	-- Án litunarefna	13,50 kr/kg
	3208.9003	-- Upplausnir sem skýrgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla	13,50 kr/kg
	3208.9009	-- Annars	13,50 kr/kg
3210		Önnur málning og lökk (þar með talin smeltlökk, lakkmálning og límmálning, (distemper));unnir vatnsdreifulitir notaðir við lokavinnslu á leðri:	
		– Málning og lökk:	
	3210.0011	-- Blakkfernis, asfalt- og tjörumálning	13,50 kr/kg
	3210.0012	-- Önnur málning og lökk, (t.d. epoxy- eða pólýúretan-lökko.fl.), með eða án leysiefna, einnig í samstæðum með herði	13,50 kr/kg
	3210.0019	-- Annað	13,50 kr/kg
		– Annað:	
	3210.0021	-- Bæs	13,50 kr/kg
	3210.0029	-- Annars	13,50 kr/kg

3211	3211.0000	Unnin þurrkefni	13,50 kr/kg
3212		Dreifulitir (þar með talið málmduft og málmflögur) dreifð í vatnssnauðum miðli, fljótandi eða sem deig, notað til framleiðslu á málningu (þar með talið smeltlakk); prentþynnur; leysilítir og önnur litunarefni í þeirri mynd eða umbúðum sem ætlað er til smásölu:	
	3212.1000	– Prentþynnur	6,00 kr/kg
		– Annað:	
	3212.9001	– – Áldeig	13,50 kr/kg
	3212.9009	– – Annars	13,50 kr/kg
3213		Litir til listmálunar, kennslu, skiltagerðar, blæbrigða, dæggradvalar og þess háttar, í töflum, skálpum, krukum, flöskum, skálum eða í áþekkri mynd eða umbúðum:	
	3213.1000	– Litir í samstæðum	13,50 kr/kg
	3213.9000	– Aðrir	13,50 kr/kg
Úr 3214		Gluggakíttri, ágræðslukvoða, resínsement, þéttiefni og annað kíttri; spartl; óeldföst efni til yfirborðslagningar á byggingar eða innanhúss á vegg, gólf, loft eða þess háttar:	
		– Gluggakíttri, ágræðslukvoða, resínsement, þéttiefni og annað kíttri; spartl:	
	3214.1001	– – Innsiglislakk	13,50 kr/kg
	3214.1002	– – Kíttri	13,50 kr/kg
	3214.1003	– – Önnur þéttiefni	13,50 kr/kg
3215		Prentlitir, rit- eða teikniblek og annað blek, einnig kjarnað eða í föstu formi:	
		– Prentlitir:	
	3215.1100	– – Svartir	6,00 kr/kg
	3215.1900	– – Aðrir	6,00 kr/kg
	3215.9000	– Annað	6,00 kr/kg

3. gr.

Viðauki VI orðist svo:

VIÐAUKI VI

Rafhlöður sem geta orðið að spilliefnum.

Rafhlöður sem innihalda meira en 0,0005% kvikasilfurs (Hg), 0,025% kadmíums (Cd) eða 0,4% blýs (Pb) flokkast sem spilliefni að notkun lokinni.

Á rafhlöður sem fluttar eru til landsins og flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja spilliefnagjald.

Úr 85. kafla tollskrárinnar:

Úr 8506 Frumrafhlöð og frumrafhlöður:

8506.3000	– Kvikasilfuroxíð	13,00 kr/stk
8506.4000	– Silfuroxíð	13,00 kr/stk

8506.6000	– Loft-sink	13,00 kr/stk
	– Annað:	
8506.8001	– – Alkalískar hnapparafhlöður	13,00 kr/stk
Úr 8507	Rafgeymar, þar með taldar skiljur til þeirra, einnig rétt-hyrndir (þar með taldar ferningslaga):	
	– Nikkilkadmíum:	
8507.3001	– – Rafgeymar, sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum	13,00 kr/stk
8507.3009	– – Aðrir	13,00 kr/stk
Úr 8543	Rafmagnsvélar og -tækjabúnaður, til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:	
8543.4000	– Orkugjafar fyrir rafmagnsgirðingar	13,00 kr/stk
Úr 8548	Frumrafhlöð, frumrafhlöður og rafgeymar, sem úrgangur og rusl; notuð frumrafhlöð, notaðar frumrafhlöður og notaðir rafgeymar; rafmagnshlutar til vélbúnaðar eða tækjabúnaðar, ót.a. í þessum kafla:	
8548.1000	– Frumrafhlöð, frumrafhlöður og rafgeymar, sem úrgangur og rusl; notuð frumrafhlöð, notaðar frumrafhlöður og notaðir rafgeymar	13,00 kr/stk

4. gr.

Viðauki VIII orðist svo:

VIÐAUKI VIII

Rafgeymar.

Á rafgeyma (blýsýrurafgeyma) sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, eða eru hluti af vörum sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, skal leggja spilliefnagjald. Spilliefnagjald á rafgeyma skal reiknað með tvennum hætti. Annars vegar sem tiltekin fjárhæð á hvert stykki þeirra vara sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer, en hins vegar fyrir hvert kílógramm rafgeymis sem er sérinnfluttur eða er hluti vöru sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer:

Úr 84., 85. og 87. kafla tollskrárinnar:

Úr 8426	Skipabómur, kranar, þar með taldir kapalkranar; hreyfanlegar lyftigrindur, kloffberar og kranabúnaðir vinnuvagnar:	
	– Brautarkranar í loft, flutningakranar, gálgakranar, brúarkranar, hreyfanlegir lyftikranar og kloffberar:	
8426.1100	– – Brautarkranar í loft á fastri undirstöðu	19,00 kr/kg rafgeyma
	– – Hreyfanlegar lyftigrindur á hjólum með hjólbörðum og kloffberar:	
8426.1201	– – – Klofberar	1.672,00 kr/stk
8426.1209	– – – Annað	836,00 kr/stk
8426.1900	– – Annað	1.672,00 kr/stk

8426.2000	-- Turnkranar	19,00 kr/kg rafgeyma
8426.3000	- Bómukranar á súlufótum	19,00 kr/kg rafgeyma
	- Annar vélbúnaður, sjálfknúinn:	
	- - Á hjólum með hjólbörðum:	
8426.4101	- - - Vinnuvagnar búnir krana	627,00 kr/stk
8426.4102	- - - Vinnuvélar búnar framlengjanlegri fastri lyftibómu fyrir útskiptanlegan vökvaknúinn búnað eins og gaffla, skóflur griptæki o.þ.h.	627,00 kr/stk
8426.4109	- - - Annar	836,00 kr/stk
8426.4900	- - Annars	836,00 kr/stk

Úr 8427 Gaffallyftarar; aðrir vinnuvagnar með búnaði til lyftingar eða meðhöndlunar:

8427.1000	- Sjálfknúinir vagnar knúinir rafhreyfli	19,00 kr/kg rafgeyma
8427.2000	- Aðrir sjálfknúinir vagnar	627,00 kr/stk

8429 Jarðýtur, vegheflar, jöfnunarvélar, skafarar, vélskóflur, gröfur, ámokstursvélar, vélþjöppur og valtarar, sjálfknúíð:

	- Jarðýtur:	
8429.1100	-- Á beltum	1.672,00 kr/stk
8429.1900	-- Aðrar	1.672,00 kr/stk
	- Vegheflar og jöfnunarvélar:	
8429.2001	-- Vegheflar	1.672,00 kr/stk
8429.2009	-- Annað	1.672,00 kr/stk
8429.3000	- Skafarar	1.672,00 kr/stk
8429.4000	- Vélþjöppur og valtarar	836,00 kr/stk
	- Vélskóflur, gröfur og ámokstursvélar:	
8429.5100	-- Framenda ámokstursvélar	1.672,00 kr/stk
8429.5200	-- Vélbúnaður með yfirbyggingu sem snúist getur 360°	1.672,00 kr/stk
8429.5900	-- Aðrar	1.672,00 kr/stk

Úr 8430 Annar vélbúnaður til að færa, hefla, jafna, skafa, grafa, þjappa, binda, vinna eða bora í mold, steinefni eða málmgrýti; fallhamrar og stauratogarar; snjóplógar og snjóblásarar:

8430.1000	- Fallhamrar og stauratogarar	1.672,00 kr/stk
	- Kola- eða bergskerar og gangnagerðarvélar:	
8430.3100	-- Sjálfknúíð	1.672,00 kr/stk
8430.3900	-- Annað	1.672,00 kr/stk
	- Aðrar bor- eða brunnavélar:	
8430.4100	-- Sjálfknúnar	836,00 kr/stk
8430.4900	-- Annars	836,00 kr/stk
8430.5000	- Annar vélbúnaður, sjálfknúinn	1.672,00 kr/stk
	- Annar vélbúnaður, ekki sjálfknúinn:	
	- - Annars:	
8430.6909	- - - Annar	19,00 kr/kg rafgeyma

Úr 8479	Vélar og vélræn tæki til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:	
8479.1000	– Vélbúnaður til opinberra verklegra framkvæmda, mannvirkjagerðar o.þ.h.	19,00 kr/kg rafgeyma
Úr 8504	Rafmagnsspennar, stöðustraumbreytar (t.d. afriðlar) og spankefli:	
	– Aðrir spennar:	
8504.3100	– – 1 kVA eða minni	19,00 kr/kg rafgeyma
8504.3200	– – Stærri en 1 kVA til og með 16 kVA	19,00 kr/kg rafgeyma
8504.3300	– – Stærri en 16 kVA til og með 500 kVA	19,00 kr/kg rafgeyma
Úr 8507	Rafgeymar, þar með taldar skiljur til þeirra, einnig réttþyrndir (þar með taldar ferningslaga):	
	– Blý-sýrugeymar, til að gangsetja stimpilvélar:	
8507.1001	– – Með sýru	19,00 kr/kg
8507.1009	– – Án sýru	26,60 kr/kg
	– Aðrir blý-sýrugeymar:	
8507.2001	– – Með sýru	19,00 kr/kg
8507.2009	– – Án sýru	26,60 kr/kg
8507.9000	– Hlutar	26,60 kr/kg
8701	Dráttarvélar (þó ekki dráttarvélar í nr. 8709):	
8701.1000	– Dráttarvélar stjórnað af gangandi	104,50 kr/stk
	– Dráttarbifreiðar fyrir festivagna:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
8701.2011	– – – Nýjar	836,00 kr/stk
8701.2019	– – – Notaðar	836,00 kr/stk
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8701.2021	– – – Nýjar	1.672,00 kr/stk
8701.2029	– – – Notaðar	1.672,00 kr/stk
8701.3000	– Beltadráttarvélar	627,00 kr/stk
	– Aðrar:	
8701.9001	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, yfir 5 tonn að heildarþyngd	1.672,00 kr/stk
8701.9002	– – Dráttarbifreiðar aðallega gerðar til að draga annað ökutæki, að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr/stk
8701.9009	– – Annars	1.672,00 kr/stk
8702	Vélknúin ökutæki til flutnings á tíu manns eða fleiri að meðtöldum öikumanni:	
	– Með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	– – Fyrir 10-17 manns, að meðtöldum öikumanni:	
8702.1011	– – – Ný	836,00 kr/stk
8702.1019	– – – Notuð	836,00 kr/stk
	– – Önnur:	
8702.1021	– – – Ný	1.672,00 kr/stk
8702.1029	– – – Notuð	1.672,00 kr/stk

	– Önnur:	
8702.9010	-- Rafknúin	19,00 kr/kg rafgeyma
	-- Fyrir 10-17 manns, að meðtöldum ökumanni:	
8702.9021	--- Ný	418,00 kr/stk
8702.9029	--- Notuð	418,00 kr/stk
	-- Önnur:	
8702.9091	--- Ný	418,00 kr/stk
8702.9099	--- Notuð	418,00 kr/stk

8703

Bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki aðallega gerð til mannflutninga (þó ekki ökutæki í nr. 8702), þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar:

– Ökutæki sérstaklega gerð til aksturs í snjó; golf-bifreiðar og áþekk ökutæki:

	-- Á beltum:	
8703.1010	--- Rafknúin	19,00 kr/kg rafgeyma
	--- Vélsleðar (beltabifhjól):	
8703.1021	---- Nýir	104,50 kr/stk
8703.1029	---- Notaðir	104,50 kr/stk
	--- Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
8703.1031	---- Með 2000 cm ³ sprengirými, eða minna	313,50 kr/stk
8703.1039	---- Með meira en 2000 cm ³ sprengirými	313,50 kr/stk
	--- Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
8703.1041	---- Með 2000 cm ³ sprengirými, eða minna	418,00 kr/stk
8703.1049	---- Með meira en 2000 cm ³ sprengirými	418,00 kr/stk
	-- Önnur:	
8703.1091	--- Rafknúin	19,00 kr/kg rafgeyma
8703.1092	--- Fjór hjól	104,50 kr/stk
8703.1099	--- Annars	104,50 kr/stk
	– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	-- Með 1000 cm ³ sprengirými eða minna:	
8703.2110	--- Fjór hjól	104,50 kr/stk
	--- Önnur:	
8703.2121	---- Ný	313,50 kr/stk
8703.2129	---- Notuð	313,50 kr/stk
	-- Með meira en 1000 cm ³ til og með 1500 cm ³ sprengirými:	
8703.2210	--- Fjór hjól	104,50 kr/stk
	--- Önnur:	
8703.2221	---- Ný	313,50 kr/stk
8703.2229	---- Notuð	313,50 kr/stk
	-- Með meira en 1500 cm ³ til og með 3000 cm ³ sprengirými:	
	--- Með meira en 1500 cm ³ til og með 2000 cm ³ sprengirými:	
8703.2310	---- Fjór hjól	104,50 kr/stk

	----- Önnur:	
8703.2321	----- Ný	313,50 kr/stk
8703.2329	----- Notuð	313,50 kr/stk
	--- Með meira en 2000 cm ³ til og með 3000 cm ³ sprengirými:	
8703.2330	----- Fjórhjól	104,50 kr/stk
	----- Önnur:	
8703.2341	----- Ný	313,50 kr/stk
8703.2349	----- Notuð	313,50 kr/stk
	-- Með meira en 3000 cm ³ sprengirými:	
8703.2410	--- Fjórhjól	104,50 kr/stk
	--- Önnur:	
8703.2491	--- Ný	313,50 kr/stk
8703.2499	--- Notuð	313,50 kr/stk
	- Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	-- Með 1500 cm ³ sprengirými eða minna:	
8703.3110	--- Fjórhjól	104,50 kr/stk
	--- Önnur:	
8703.3121	--- Ný	418,00 kr/stk
8703.3129	--- Notuð	418,00 kr/stk
	-- Með meira en 1500 cm ³ til og með 2500 cm ³ sprengirými:	
	--- Með meira en 1500 cm ³ til og með 2000 cm ³ sprengirými:	
8703.3210	--- Fjórhjól	104,50 kr/stk
	--- Önnur:	
8703.3221	--- Ný	418,00 kr/stk
8703.3229	--- Notuð	418,00 kr/stk
	--- Með meira en 2000 cm ³ til og með 2500 cm ³ sprengirými:	
8703.3250	--- Fjórhjól	104,50 kr/stk
	--- Önnur:	
8703.3291	--- Ný	418,00 kr/stk
8703.3299	--- Notuð	418,00 kr/stk
	-- Með meira en 2500 cm ³ sprengirými:	
8703.3310	--- Fjórhjól	104,50 kr/stk
	--- Önnur:	
8703.3321	--- Ný	418,00 kr/stk
8703.3329	--- Notuð	418,00 kr/stk
	- Önnur:	
	-- Rafknúin:	
8703.9011	--- Ný	9,00 kr/kg rafgeyma
8703.9019	--- Notuð	19,00 kr/kg rafgeyma
	-- Önnur en rafknúin:	
8703.9091	--- Ný	19,00 kr/kg rafgeyma
8703.9099	--- Notuð	19,00 kr/kg rafgeyma

8704**Ökutæki til vöruflutninga:**

	– Dembarar (dumpers) gerðir til nota utan þjóðvega:	
8704.1001	-- Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr/stk
8704.1009	-- Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr/stk
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálf-dísil):	
	-- Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	--- Grindur með hreyfli og ökumannshúsi án vörurými:	
8704.2111	---- Nýjar	836,00 kr/stk
8704.2119	---- Notaðar	836,00 kr/stk
	--- Með vörupalli:	
8704.2121	---- Ný	836,00 kr/stk
8704.2129	---- Notuð	836,00 kr/stk
	--- Með vörurými:	
8704.2191	---- Ný	836,00 kr/stk
8704.2199	---- Notuð	836,00 kr/stk
	-- Að heildarþyngd yfir 5 tonn til og með 20 tonn:	
8704.2210	--- Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	836,00 kr/stk
	--- Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2211	---- Nýjar	1.672,00 kr/stk
8704.2219	---- Notaðar	1.672,00 kr/stk
	--- Með vörupalli:	
8704.2221	---- Ný	1.672,00 kr/stk
8704.2229	---- Notuð	1.672,00 kr/stk
	--- Með vörurými:	
8704.2291	---- Ný	1.672,00 kr/stk
8704.2299	---- Notuð	1.672,00 kr/stk
	-- Yfir 20 tonn að heildarþyngd:	
8704.2310	--- Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	1.672,00 kr/stk
	--- Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.2311	---- Nýjar	1.672,00 kr/stk
8704.2319	---- Notaðar	1.672,00 kr/stk
	--- Með vörupalli:	
8704.2321	---- Ný	1.672,00 kr/stk
8704.2329	---- Notuð	1.672,00 kr/stk
	--- Með vörurými:	
8704.2391	---- Ný	1.672,00 kr/stk
8704.2399	---- Notuð	1.672,00 kr/stk
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:	
	-- Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	--- Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:	
8704.3111	---- Nýjar	418,00 kr/stk
8704.3119	---- Notaðar	418,00 kr/stk
	--- Með vörupalli:	
8704.3121	---- Ný	418,00 kr/stk
8704.3129	---- Notuð	418,00 kr/stk
	--- Með vörurými:	
8704.3191	---- Ný	418,00 kr/stk

8704.3199	---- Notuð	418,00 kr/stk
	-- Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8704.3210	--- Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	418,00 kr/stk
	--- Grindur með hreyfli og öikumannshúsi:	
8704.3211	---- Nýjar	418,00 kr/stk
8704.3219	---- Notaðar	418,00 kr/stk
	--- Með vörupalli:	
8704.3221	---- Ný	418,00 kr/stk
8704.3229	---- Notuð	418,00 kr/stk
	--- Með vörurými:	
8704.3291	---- Ný	418,00 kr/stk
8704.3299	---- Notuð	418,00 kr/stk
	- Önnur:	
	-- Rafknúin:	
8704.9011	--- Ný	19,00 kr/kg rafgeyma
8704.9019	--- Notuð	19,00 kr/kg rafgeyma
	-- Önnur en rafknúin:	
8704.9020	--- Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	836,00 kr/stk
	--- Önnur að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
	---- Grindur með hreyfli og öikumannshúsi:	
8704.9041	----- Ný	836,00 kr/stk
8704.9049	----- Notuð	836,00 kr/stk
	----- Með vörupalli:	
8704.9051	----- Ný	836,00 kr/stk
8704.9059	----- Notuð	836,00 kr/stk
	----- Með vörurými:	
8704.9061	----- Ný	836,00 kr/stk
8704.9069	----- Notuð	836,00 kr/stk
	--- Önnur að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
	---- Grindur með hreyfli og öikumannshúsi:	
8704.9071	----- Ný	1.672,00 kr/stk
8704.9079	----- Notuð	1.672,00 kr/stk
	----- Með vörupalli:	
8704.9081	----- Ný	1.672,00 kr/stk
8704.9089	----- Notuð	1.672,00 kr/stk
	----- Með vörurými:	
8704.9091	----- Ný	1.672,00 kr/stk
8704.9099	----- Notuð	1.672,00 kr/stk

8705

Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, þó ekki ökutæki aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum (t.d. gálgabifreiðar, kranabifreiðar, slökkvibifreiðar, steypuhrærifreiðar, götuhreinsibifreiðar, úðunarbifreiðar, verkstæðisvagnar, röntgentækjavagnar):

-- Kranabifreiðar:

8705.1001	-- Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr/stk
8705.1009	-- Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr/stk
	Borkranabifreiðar:	
8705.2001	-- Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr/stk

8705.2009	-- Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr/stk
	– Slökkvibifreiðar:	
8705.3001	-- Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr/stk
8705.3009	-- Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr/stk
	– Steypuhræribifreiðar:	
8705.4001	-- Að heildarþyngd 5 tonn eða minna	836,00 kr/stk
8705.4009	-- Að heildarþyngd yfir 5 tonn	1.672,00 kr/stk
	– Önnur:	
	– – Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:	
8705.9011	--- Snjóplógar	836,00 kr/stk
8705.9012	--- Gálgabifreiðar	836,00 kr/stk
8705.9019	--- Annars	836,00 kr/stk
	– – Að heildarþyngd yfir 5 tonn:	
8705.9021	--- Snjóplógar	1.672,00 kr/stk
8705.9022	--- Gálgabifreiðar	1.672,00 kr/stk
8705.9029	--- Annars	1.672,00 kr/stk

8706 Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki í nr. 8701-8705:

8706.0001	– Fyrir almenningsbifreiðar og vörubifreiðar	1.672,00 kr/stk
8706.0009	– Aðrar	418,00 kr/stk

Úr 8709

Vinnuvagnar, sjálfknúnir, án tækja til lyftingar eða meðhöndlunar, til nota í verksmiðjum, vörugeymslum, á hafnarsvæðum eða flugvöllum til flutnings á vörum stuttar vegalengdir; dráttarvélar til nota á stöðvarpöllum járnbrauta; hlutar til framangreindra ökutækja:

	– Ökutæki:	
8709.1100	-- Rafknúin	19,00 kr/kg rafgeyma
8709.1900	-- Önnur	627,00 kr/stk

8710 8710.0000 Skriðdrekar og aðrir brynvarðir stríðsvagnar, vélknúnir, einnig búnir vopnum, og hlutar til slíkra ökutækja

1.672,00 kr/stk

Úr 8711

Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél, með eða án hliðarvagns; hliðarvagnar:

8711.1000	– Með stimpilbrunahreyfli með sprengirými 50 cm ³ eða minna	104,50 kr/stk
8711.2000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 50 cm ³ sprengirými til og með 250 cm ³	104,50 kr/stk
8711.3000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 250 cm ³ sprengirými til og með 500 cm ³	104,50 kr/stk
8711.4000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 500 cm ³ sprengirými til og með 800 cm ³	104,50 kr/stk
8711.5000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 800 cm ³ sprengirými	104,50 kr/stk

	– Annað:	
	– – Annars:	
8711.9091	– – – Rafknúin vélhjól	19,00 kr/kg rafgeyma
8711.9092	– – – Bifhjól, ót.a.	104,50 kr/stk
Úr 8713	Ökutæki fyrir fatlaða, einnig vélknúin eða knúin á annan vélrænan hátt:	
8713.9000	– Önnur	104,50 kr/stk
8901	Skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða, ferjur, flutningaskip, vöruflutningaprammar og svipuð för til flutnings á mönnum eða vörum:	
	– Skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða og svipuð för aðallega hönnuð til flutninga á mönnum; ferjur hvers konar:	
8901.1001	– – Ferjur, hvers konar	19,00 kr/kg rafgeyma
8901.1009	– – Önnur	19,00 kr/kg rafgeyma
8901.2000	– Tankskip	19,00 kr/kg rafgeyma
8901.3000	– Kæliskip, þó ekki skip í nr. 8901.2000	19,00 kr/kg rafgeyma
	– Önnur för til flutninga á vörum og önnur för til flutninga bæði á mönnum og vörum:	
8901.9001	– – Notuð	19,00 kr/kg rafgeyma
8901.9009	– – Annars	19,00 kr/kg rafgeyma
8902	Fiskiskip; verksmiðjuskip og önnur för til vinnslu eða geymslu á sjávarafurðum:	
	– Vélskip:	
	– – Meira en 250 rúmlestir:	
8902.0011	– – – Notuð	19,00 kr/kg rafgeyma
8902.0019	– – – Önnur	19,00 kr/kg rafgeyma
	– – Meira en 100 til og með 250 rúmlestir:	
8902.0021	– – – Notuð	19,00 kr/kg rafgeyma
8902.0029	– – – Önnur	19,00 kr/kg rafgeyma
	– – 10 til og með 100 rúmlestir:	
8902.0031	– – – Notuð	19,00 kr/kg rafgeyma
8902.0039	– – – Önnur	19,00 kr/kg rafgeyma
	– – Önnur:	
8902.0041	– – – Notuð	19,00 kr/kg rafgeyma
8902.0049	– – – Annars	19,00 kr/kg rafgeyma
	– Önnur:	
8902.0091	– – Notuð	19,00 kr/kg rafgeyma
8902.0099	– – Annars	19,00 kr/kg rafgeyma
Úr 8903	Snekkjur og önnur skemmtiför eða sportför; ára-bátar og kanóar:	
8903.1009	– – Annað	19,00 kr/kg rafgeyma
	– Annað:	
8903.9100	– – Seglbátar, einnig með hjálparvél	19,00 kr/kg rafgeyma
8903.9200	– – Vélbátar, þó ekki fyrir utanborðsvél	19,00 kr/kg rafgeyma
8903.9909	– – Aðrir	19,00 kr/kg rafgeyma

- 8904** 8904.0000 **Dráttarbátar og för til að ýta öðrum förum** 19,00 kr/kg rafgeyma
- Úr 8905** **Vitaskip, slökkvaskip, dýpkunarskip, flotkrantar, og önnur fljótandi för sem ætluð eru aðallega til annars konar notkunar en siglinga; fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar:**
- 8905.1000 – Dýpkunarskip 19,00 kr/kg rafgeyma
- 8905.2000 – Fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar 19,00 kr/kg rafgeyma
- Annað:
- 8905.9009 – – Annars 19,00 kr/kg rafgeyma
- 8906** 8906.0000 **Önnur för, þar með talin herskip og björgunarbátar, þó ekki árabátar** 19,00 kr/kg rafgeyma
- 8908** 8908.0000 **För og önnur fljótandi mannvirki til niðurrifs ...** 19,00 kr/kg rafgeyma

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 1. ágúst 2001 og tekur til allra vara sem þá eru ótollafgreiddar.

Umhverfissráðuneytinu, 10. júlí 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð á Hjalteyri, Arnarneshreppi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Arnarneshrepps eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Hjalteyri:

Hámarkshraði ökutækja í íbúðargötum á Hjalteyri, Arnarneshreppi, verður 30 km/klst., en göturnar eru tvær, efri og neðri gata og tengjast saman að norðan með þvergötu.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessar eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Arnarneshreppi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Akureyri, 29. júní 2001.

Sýslumaðurinn á Akureyri,

Björn Jósef Arnviðarson.

AUGLÝSING

um skipulag í Hrunamannahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps deiliskipulag af frístundabyggð í landi Syðra-Langholts 4.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 74/1997.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Flúðum, 6. júlí 2001.

Loftur Þorsteinsson oddviti.

Nr. 572

-

10. júlí 2001

GJALDSKRÁ

fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra farandvinnuvéla, vinnuvéla, búvéla, lyftna, eimkatla og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum samkvæmt gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða fyrir ýmiss konar aukabjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Fyrir skráningu og reglubundnar skoðanir farandvinnuvéla, vinnuvéla, lyftna, eimkatla og annarra tækja og þjónustu sem og útgáfu skírteina sem tilgreind er í viðauka 1 með gjaldskrá þessari skal greiða gjald sem reiknað er þannig að margfaldaður er saman fjöldi gjaldeininga sem tilgreindur er í viðauka 1 og gjald fyrir hverja einingu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 946.

Fyrir aukaskoðun sem þarf að framkvæma vegna vanbúnaðar sem kemur í ljós við reglubundna skoðun eða vanrækslu á að tilkynna um úrbætur skal greiða 75% af gjaldi reglubundinnar skoðunar.

Fari fram reglubundin skoðun á farandvinnuvélum, vinnuvélum, lyftum, eimkötllum eða öðrum tækjum utan reglulegs vinnutíma samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis greiðist 50% álag á skoðunargjald skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sé gasmæling, þrýstiraun eða önnur hliðstæð þjónusta framkvæmd utan reglulegs vinnutíma samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis eða skips skal hann greiða þann kostnað sem af slíku hlýst.

3. gr.

Fyrir umfangsmeiri mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis eða aðrar hliðstæðar athuganir skal eigandi eða umráðandi fyrirtækis greiða þann kostnað sem af mælingum hlýst.

4. gr.

Fyrir þátttöku í námskeiðum Vinnueftirlitsins skulu þátttakendur greiða gjöld vegna kostnaðar við framkvæmd hvers námskeiðsflokks fyrir sig.

5. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar. Önnur gjöld innheimtir Vinnueftirlitið og getur það krafist greiðslu áður en þjónusta er látin af hendi.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 503/1998 ásamt auglýsingu nr. 163/2000, dags. 8. mars 2000, auglýsingu nr. 807/2000, dags. 31. október 2000 og auglýsingu nr. 23/2001, dags. 5. janúar 2001 um breytingar á þeirri gjaldskrá.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. júlí 2001.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

VIÐAUKI 1.

Yfirlit yfir gjaldskylda tækjaflokka og þjónustu, ásamt gjaldeiningum hvers flokks.

Flokkur	Tækjaheiti/Þjónusta	Gjaldeiningar
1.	AB Byggingakranar (turnkranar) > 18 tm	15,2
2.	AH Hafnarkranar, iðnaðarkranar, > 18 tm	15,2
3.	BB Grindarbómukranar á beltum > 18 tm	15,2
4.	BG Grindarbómukranar á hjólum > 18 tm	15,2
5.	BH Hleðslukranar > 18 tm	7,6
6.	BS Vökvakranar með skotbómu > 18 tm	13,2
7.	CA Hafnarkranar < 18 tm	6,0
8.	CB Brúkranar	10,0
9.	CD Hlaupakettir, talfur og vöruvindur	6,0
10.	CI Iðnaðarkranar, < 18 tm	5,0
11.	DA Farandkranar, < 18 tm	10,2
12.	DK Kórfukranar	7,6
13.	DS Steypudælukranar	7,6
14.	EA Gröfur á hjólum m/360° snúningi	7,0
15.	EB Gröfur á beltum	7,0
16.	EH Gröfur á hjólum	7,0
17.	EK Gröfur á hjólum, ekki fyrir umferð	7,0
18.	FB Beltaskóflur	7,0
19.	FH Hjólaskóflur	7,0
20.	GB Jarðýtur	5,0
21.	GS Borvagnar, stærri gerð	7,0
22.	HV Vegheflar	7,0
23.	IA Dráttartæki á flugvöllum	4,0
24.	IB Sópar, snjóplógar, snjóblásarar	4,0
25.	ID Dráttarvélar með tækjabúnaði	6,0
26.	II Sérbúnaðar vinnuvélar í iðjuverum	5,0
27.	IM Gröfur, ámokstursskóflur, minni gerð	6,0
28.	IS Snjótroðarar	6,0
29.	IT Dráttartöggar	5,0

Flokkur	Tækjaheiti/Þjónusta	Gjaldeiningar
30.	JF Lyftitæki fjölnotatæki < 6tm lyftigeta	5,0
31.	JL Lyftarar < 10 t lyftigeta	4,0
32.	JV Lyftiverkpallar á flugvöllum	6,0
33.	KG Lyftarar > 10 t lyftigeta	7,0
34.	KL Lyftitæki, fjölnotatæki > 6 tm lyftigeta	7,0
35.	LS Valtarar, sjálfkeyrandi	5,0
36.	MM Malbikunarvélar, fræsarar, sjálfkeyrandi	4,0
37.	NB Bílalyftur	7,6
38.	NF Fólkslyftur	7,6
39.	NF Fólkslyftur - Úttekt á uppsetningu	11,6
40.	NG Fólks- og vörulyftur	7,6
41.	NG Fólks- og vörulyftur - Úttekt á uppsetningu	11,6
42.	NH Hjólástólalyftur	4,6
43.	NM Þjónustulyftur, burðargeta < 100 kg	4,6
44.	NR Rúllustigar	6,6
45.	NV Vörulyftur	6,6
46.	NV Vörulyftur, úttekt eftir uppsetningu	10,6
47.	NL Lyftur sérstakrar gerðar	7,6
48.	OB Togbrautir fyrir skiðafólk	9,7
49.	OS Stólalyftur	33,4
50.	OT Toglyftur	14,7
51.	PH Hleðslukranar < 18 tm	6,0
52.	RB Borvagnar, minni gerð	5,0
53.	RM Jarðborar, minni gerð	5,0
54.	RS Jarðborar, stærri gerð	15,2
55.	SA Valtarar, sópar, plógar, blásarar o.fl. dregin tæki	2,5
56.	SB Lyfti- og vökvabúnaður ökutækja	6,0
57.	SD Garðúðunartæki og álíka búnaður	4,5
58.	SE Vélar tengdar ökutæki, minni gerð	2,0
59.	SF Brjótar	3,0
60.	SH Hörpur	3,0
61.	SI Stórar hringekjur, stærri tæki	13,5
62.	SJ Litlar hringekjur, minni tæki	7,5
63.	SK Leiktæki, minni gerð	3,0
64.	SL Leiktæki, minnsta gerð	1,5
65.	VA Gámarammar	4,0
66.	VB Lyftiverkpallar < 150 kg lyftigeta	2,0
67.	VD Brettaskápar, herðatré	3,0
68.	VH Kórfur til að hífa fólk og lyfta fólki	2,5
69.	VL Lyftiverkpallar > 150 kg lyftigeta og byggingalyftur	8,6
70.	VP Hengiverkpallar	8,6
71.	XA Þrýstihylki/farmgeymar, aðalskoðun	12,0
72.	XA Þrýstihylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	7,0
73.	XB Þrýstihylki/farmgeymar, aðalskoðun	2,0
74.	XB Þrýstihylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	7,0
75.	XD Þrýstihylki/farmgeymar, aðalskoðun	12,0
76.	XD Þrýstihylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	7,0
77.	YA Þrýstihylki/farmgeymar, aðalskoðun	12,0
78.	YA Þrýstihylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	7,0
79.	YB Þrýstihylki/farmgeymar, aðalskoðun	12,0
80.	YB Þrýstihylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	7,0
81.	YD Þrýstihylki/farmgeymar, aðalskoðun	12,0
82.	YD Þrýstihylki/farmgeymar, reglubundin skoðun	7,0
83.	ZA Eimkatlar 1, stórskoðun	8,5
84.	ZA Eimkatlar 1, árskoðun	4,5
85.	ZB Eimkatlar 2, stórskoðun	12,0

Flokkur	Tækjaheiti/Pjónusta	Gjaldeiningar
86.	ZB Eimkatlar 2, ársskoðun	5,5
87.	ZD Eimkatlar 3, stórskoðun	20,0
88.	ZD Eimkatlar 3, ársskoðun	13,0
89.	ZE Eimkatlar 4, stórskoðun	32,5
90.	ZE Eimkatlar 4, ársskoðun	21,5
91.	ZF Vatnshitunarkerfi	3,2
92.	ZG Neysluvatnshylki	1,1
93.	Gasmæling, 1. geymir	4,0
94.	Gasmæling, hver geymir umfram fyrsta	1,5
95.	Vottun á þrýstiraun	4,0
96.	Átaksprófanir 0-2999 kg	2,7
97.	Átaksprófanir 3000-10.000 kg	3,6
98.	Átaksprófanir yfir 10.000 kg	5,3
99.	Verklegt próf á vinnuvél	2,5
100.	Verklegt próf í notkun sprengiefna	8,0
101.	Útgáfa skírteina til stjórnunar farandvinnuvéla	3,4
102.	Endurútgáfa skírteina til stjórnunar farandvinnuvéla og færslu nýrra réttinda	1,7
103.	Skráning vinnuvélar	4,0
104.	Eigendaskipti vinnuvéla.	1,6
105.	Yfirferð teikninga og útgáfa gerðarviðurkenningar skv. ADR.....	6,0
106.	Nýtt ADR skírteini, vottorð vegna starfsþjálfunar	3,5
107.	Endurútgáfa ADR skírteina, vottorð vegna starfsþjálfunar	1,7

20. júní 2001

Nr. 573

AUGLÝSING

um umferð í Vesturbyggð.

Lögreglustjórinn á Patreksfirði hefur ákveðið, að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vesturbyggðar samkvæmt 2. og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að:

I. Patreksfjörður

- Barðastrandarvegur (62) innan þéttbýlis á Patreksfirði skal teljast aðalbraut frá vegamótum Bíldudalsvegur (63) á Björgum um Strandgötu og Þórgötu að endapunkti hans á hafnarsvæði.
Við vegamót Barðastrandarvegur og Bíldudalsvegur skal umferð um Bíldudalsveg og Barðastrandarveg niður Mikladal hafa forgang.
- Hámarkshraði innan þéttbýlis á Patreksfirði skal vera 35 km/klst. Þó skal hámarkshraði á Barðastrandarvegi (62) frá vegamótum Bíldudalsvegur (63) á Björgum um Strandgötu að Arakletti vera 50 km/klst.
- Einstefna skal vera á Aðalstræti í suður frá vegamótum við Urðargötu að lóð nr. 62 við Aðalstræti.
- Tvær hraðahindranir skulu settar á Aðalstræti til móts við grunnskóla og kirkju.
- Bann er við að leggja ökutæki ofan Aðalstrætis frá Aðalstræti 21 að Aðalstræti 31.
- Bann er við að stöðva eða leggja ökutæki neðan Aðalstrætis frá Aðalstræti 8 að Aðalstræti 62.
- Biðskylda verði á Eyrargötu gagnvart umferð um Aðalstræti.
- Biðskylda verði á Hjöllum gagnvart umferð um Sigtún.
- Biðskylda verði á Brunnum gagnvart umferð um Sigtún.
- Biðskylda verði á Bjarkargötu gagnvart umferð um Urðargötu.

11. Biðskylda verði á Urðargötu gagnvart umferð um Aðalstræti.
12. Gangbraut verði þvert yfir Barðastrandarveg (62) vestanvert við göngubrú yfir Mikladalsá að neðri brún Aðalstrætis á Björgum.
13. Bann við bifreiðastöðum beggja vegna Eyrargötu frá sundlaug að höfn er numið úr gildi.
14. Ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Patreksfirði sem fara í bága við þessa auglýsingu eru felld úr gildi.

II. Bíldudalur

1. Ketildalavegur (619) innan þéttbýlis á Bíldudal skal teljast aðalbraut frá vegamótum Bíldudalsveggar (63) um Dalbraut og Tjarnarbraut að endapunkti við Lönguhlíð. Við vegamót Bíldudalsveggar og Ketildalavegar skal umferð um Bíldudalsveg og Ketildalaveg niður Bíldudal hafa forgang.
2. Hámarkshraði innan þéttbýlis á Bíldudal skal vera 35 km/klst.
3. Stöðvunarskylda verði á Hafnarteigi gagnvart umferð um Ketildalaveg (619)/Tjarnarbraut.
4. Gangbraut verði yfir Ketildalaveg (619) / Dalbraut gegnt skólatröppum.
5. Brekkustígur verði botngata, lokuð við Lönguhlíð.
6. Biðskylda verði á Hafnarbraut gagnvart umferð um Hafnarteig.
7. Hraðahindrun verði sett á Ketildalaveg (619) / Dalbraut innan við Kríubakka.
8. Strandgata frá Hafnarteigi að Strandgötu 10-12 verði skilgreind sem vinnusvæði.

Setja ber upp viðeigandi umferðarmerki vegna ákvörðunar þessarar, sbr. 85. gr. umferðarlaga.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn á Patreksfirði, 20. júní 2001.

Pórólfur Halldórsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar fyrir skólphreinsistöð í landi Vorsabæjar, Hveragerðisbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkt þann 8. mars 2001 nýtt deiliskipulag lóðar fyrir skólphreinsistöð í Hveragerði. Svæðið afmarkast af Suðurlandsvegi í norðri, af Varmá í austri, af Öxnalækjarlandi í suðri og línu sem er u.þ.b. 300 metra vestan við Varmá í vestri.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 27. apríl 2001.

F. h. bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar,

Guðmundur F. Baldursson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim.

1. gr.

Sektir allt að 100.000 krónum og sviptingu ökuréttar vegna einstakra brota á ákvæðum umferðarlaga og reglna, settra samkvæmt þeim, skal ákvarða í samræmi við fyriræli og leiðbeiningar sem birtast í viðaukum I – III við reglugerð þessa.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum í viðaukum ef veigamikil rök mæla með því.

2. gr.

Þegar ákvörðun er tekin um sekt vegna brota á tveimur eða fleiri ákvæðum umferðarlaga, eða reglna settra samkvæmt þeim, skal sektin vera samtala sekta vegna hvers brots um sig. Samtala sekta sem lögreglustjóri lýkur með lögreglustjórásátt má þó aldrei fara fram úr þeirri hámarksfjárhæð sem ákveðin er í reglugerð um lögreglustjórásáttir.

Lögreglustjóra ber að veita sakborningi 25% afslátt af sektarfjárhæð sem ákveðin er í lögreglustjórásátt, ef sakborningur greiðir sektina ásamt sakarkostnaði að fullu innan 30 daga frá dagsetningu sektarboðs eða undirritun sektargerðar sem sakborningur hefur gengist skriflega undir.

Um innheimtu sekta gilda ákvæði 52. gr. almennra hegningarlaga.

3. gr.

Sekt, sem sakborningur hefur skriflega gengist undir hjá lögreglustjóra, afplánast með fangelsi samkvæmt 4. – 5. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 57 22. maí 1997, öðlast gildi 1. ágúst 2001.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum, nr. 280 14. maí 1998, sbr. reglugerðir nr. 664 16. nóvember 1998 og nr. 732 9. október 2000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. júlí 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

VIÐAUKI I

**Skrá yfir sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum
og reglum settum samkvæmt þeim.**

Brot á eftirfarandi ákvæðum umferðarlaga, eða reglum sem settar hafa verið samkvæmt þeim, varða sektum og sviptingu ökuréttar samkvæmt þessari skrá:

II. KAFLI (4.–10. gr.). Reglur fyrir alla umferð.

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
4. gr.	Meginreglur	
<i>1. mgr.:</i>	Verður beitt ef engin sérregla á við	5.000
<i>2. mgr.:</i>	Verður beitt með sérreglu til þyngingar	5.000
5. gr.	Leiðbeiningar fyrir umferð	
<i>1. - 2. mgr.:</i>	Ekið gegn rauðu umferðarljósi	15.000
	Ekið gegn einstefnu	5.000
	Bann við framúrakstri eigi virt	5.000
	Önnur umferðarmerki eigi virt (nema leggja beri gjald á skv. c-lið 108. gr.)	5.000
<i>3. mgr.:</i>	Öhlýðni ökumanns við leiðbeiningum lögreglu	10.000
5. gr. a.	Akstur utan vega í þéttbýli	
<i>1. mgr.:</i>	Ekið eða lagt á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð ökutækja	5.000
6. gr.	Leikir o.fl.	
<i>1. mgr.:</i>	Stokkið af eða upp í ökutæki á ferð eða verið utan á ökutæki á ferð	5.000
<i>2. mgr.:</i>	Hangið í ökutæki á ferð	5.000
	Maður á skíðum, hjólaskíðum, skautum dreginn á vegi	5.000
<i>3. mgr.:</i>	Leikur á vegi veldur óþægindum fyrir umferð	5.000
7. gr.	Vistgötur	
<i>2. mgr.:</i>	Ógætilegur akstur á vistgötu	5.000
<i>4. mgr.:</i>	Ökutæki lagt utan merktra stæða á vistgötu. Gjald skv. 108. gr.	
8. gr.	Að hindra eða trufla neyðarakstur o.fl.	
<i>2. mgr.:</i>	Eigi vikið í tæka tíð fyrir ökutæki sem gefur hljóð- eða ljósmerki	10.000
<i>3. mgr.:</i>	Hvít veifa notuð án heimildar	5.000
<i>4. mgr.:</i>	Óviðkomandi hamlar björgunarstarfi með því að vera of nærri slys- eða brunastað	5.000
<i>5. mgr.:</i>	Vegfarandi hindrar eða rýfur för líkfylgdar, hóps barna undir leiðsögn stjórnanda eða annarrar hópöngu	5.000
9. gr.	Skemmdir á umferðarmerkjum	
<i>1. mgr.:</i>	Umferðarmerki numið á brott eða breytt	5.000

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
2. mgr.:	Eigi gerðar viðeigandi ráðstafanir vegna skemmda á umferðarmerki	5.000
10. gr.	Skyldur við umferðaróhapp	
1. mgr.:	Eigi numið staðar og veitt hjálp	10.000
	Neitað að skýra frá nafni og heimilisfangi	10.000
2. mgr.:	Vanrækt að tilkynna lögreglu um slys	10.000

IV. KAFLI (13.-35. gr.). Umferðarreglur fyrir öikumenn.

13. gr.	Notkun akbrauta	
1. mgr.:	Ekið eftir gangstétt eða gangstíg	5.000
2. mgr.:	Eigi notuð sú rein sem ökutæki er ætluð	5.000
14. gr.	Hvar skal aka á vegi	
1. mgr.:	Ökutæki eigi haldið nægjanlega til hægri	5.000
3. mgr.:	Of stutt bil milli ökutækja	5.000
5. mgr.:	Ökutæki í vegavinnu ekið óvarlega	5.000
15. gr.	Akstur á vegamótum og í beygjum	
1. og 3. mgr.:	Röng staðsetning fyrir og við beygju á vegamótum	5.000
2. mgr.:	Ekið ógætlega á vegamótum	5.000
17. gr.	Að snúa ökutæki, aka aftur á bak og skipta um akrein	
1. mgr.:	Ökutæki bakkað eða snúið við þannig að hætta eða óþægindi skapast fyrir aðra	10.000
2. mgr.:	Eigi höfð nægileg aðgát við akstur frá vegarbrún, þegar skipt er um akrein eða ekið á annan hátt til hliðar, ökutæki er stöðvað eða dregið skyndilega úr hraða þess	10.000
3. mgr.:	Vanræksla á skyldum við akstur frá aðrein yfir á akrein	10.000
	Vanrækt að auðvelða umferð af aðrein inn á akrein	10.000
4. mgr.:	Röng notkun fráreinar	5.000
18. gr.	Akstur við biðstöð hópþifreiða o.fl.	
1. mgr.:	Eigi virtur forgangur hópþifreiðar til aksturs frá biðstöð	10.000
	Stjórnandi hópþifreiðar vanrækir aðgát við akstur frá biðstöð	10.000
2. mgr.:	Eigi sýnd sérstök aðgát í námunda við merkta skólalífreið sem hefur stansað	10.000
19. gr.	Þegar ökutæki mætast	
1. mgr.:	Eigi vikið nægilega eða dregið úr hraða	5.000
20. gr.	Framúrakstur	
1. mgr.:	Ekið hægra megin fram úr	10.000
	Ekið vinstra megin fram úr ökutæki sem er að sveigja til vinstri	10.000

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
2. mgr.:	Eigi sýnd nægileg varúð við framúrakstur (a-d liðir)	10.000
3. mgr.:	Hliðarbil ófullnægjandi	10.000
	Sveigt of snemma til hægri	5.000
4. mgr.:	Eigi sýnd nægileg aðgæsla þegar ekið er fram úr ökutæki í vegavinnu	5.000
21. gr.		
1. mgr.:	Eigi vikið nægilega eða framúrakstur torveldaður	5.000
2. mgr.:	Eigi vikið til hliðar, dregið úr hraða eða numið staðar, ef þörf krefur	5.000
22. gr.	Bann við framúrakstri	
1. mgr.:	Ekið fram úr við eða á vegamótum	10.000
2. mgr.:	Ekið fram úr þegar vegsýn er skert	10.000
23. gr.	Framúrakstur og akreinaskipti í þéttri umferð	
1. mgr.:	Svigakstur á tveimur eða fleiri akreinum	10.000
24. gr.	Framúrakstur við gangbraut	
	Ekið fram úr rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni	10.000
25. gr.	Skylda til að veita öðrum forgang	
1. mgr.:	Eigi sýnd sérstök aðgát við vegamót	10.000
2. mgr.:	Eigi virt:	
	– biðskylda	15.000
	– stöðvunarskylda	15.000
3. mgr.:	Vanrækt að veita forgang við akstur út á veg frá bifreiðastæðum, lóðum, landareignum o.fl.	10.000
4. mgr.:	Eigi virtur almennur forgangur á vegamótum o.fl. (hægri reglan)	10.000
6. mgr.:	Forgangur eigi virtur	10.000
7. mgr.:	Stöðvun ökutækis á eða við vegamót veldur óþarfa óþægindum	5.000
26. gr.	Sérstakar skyldur gagnvart gangandi vegfarendum	
1. mgr.:	Vanrækt að veita nægilegt rými á vegi o.fl.	5.000
2. mgr.:	Forgangur gangandi vegfaranda eigi virtur	5.000
3. mgr.:	Ekið óvarlega á göngugötu	5.000
4. mgr.:	Ekið óvarlega á vegamótum o.fl.	10.000
5. - 6. mgr.:	Gangbrautarréttur eigi virtur	10.000
27. gr.	Stöðvun ökutækis og lagning þess	
1. mgr.:	Ökutæki veldur óþægindum eða hættu fyrir umferð	5.000
2. mgr.:	Lagt á röngum vegarhelmingi o.fl.	5.000
3. mgr.:	Óheimil stöðvun eða lagning ökutækis á gangstétt, gangstíg, umferðareyjum og svipuðum stöðum. Gjald skv. 108. gr.	
4. mgr.:	Eigi gengið frá ökutæki með tryggilegum hætti	5.000
5. mgr.:	Dyr ökutækis opnaðar til hættu eða óþæginda o.fl.	10.000

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
28. gr.	Ökutæki stöðvað eða því lagt:	
<i>1. mgr.:</i>	c) Þannig að skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós	5.000
	d) Í göngum eða undir brú	5.000
	e) Í eða við blindhæð o.fl. þar sem vegsýn er skert	5.000
	f) Á eða við hindrunarlínu þannig að torveldi akstur á rétta rein	5.000
	g) Á hringtorgi	5.000
	Ökutæki stöðvað eða því lagt:	
	a) Á eða við gangbraut	
	b) Á eða við vegamót	
	h) Á merktu stæði leigubifreiða eða fatlaðra	
	i) Minna en 15 m frá merki fyrir biðstöð hópbifreiða	
	Ber að leggja á gjald skv. 108. gr.	
<i>2. mgr.:</i>	Ökutæki lagt:	
	a) Á brú	10.000
	b) Við heimreið húss eða lóðar	5.000
	c) Við hlið annars ökutækis sem stendur við brún akbrautar	5.000
	d) Þannig að hindri aðgang að öðru ökutæki eða færslu þess af staðnum	5.000
	e) Við vatnshana slökkviliðs	5.000
30. gr.	Skyldur ökumanns, þegar ökutæki hefur stöðvast í sérstökum tilvikum	
	Brot gegn ákvæðum greinarinnar	5.000
31. gr.	Merki og merkjagjöf	
<i>1. – 2. mgr.:</i>	Merkjagjöf vanrækt	5.000
	Ónauðsynleg merkjagjöf	5.000
32. gr.	Ljósanotkun	
<i>1. mgr.:</i>	Ökuljós eigi tendruð í dagsbirtu	5.000
<i>2. mgr.:</i>	Ökuljós eigi tendruð þegar birta er ófullnægjandi	5.000
<i>3. – 8. mgr.:</i>	Óheimil eða röng notkun ljósa	5.000
33. gr.	Ljósanotkun	
<i>1. og 3. mgr.:</i>	Stöðuljós eigi tendruð	5.000
34. gr.	Akstursíþróttir og aksturskeppni	
<i>2. mgr.:</i>	Efnt til aksturskeppni án leyfis lögreglustjóra	15.000
35. gr.	Óþarfa hávaði o.fl.	
<i>1. mgr.:</i>	Óþarfa hávaði frá vélknúnu ökutæki	5.000
	Óþarfa loftmengun frá vélknúnu ökutæki	5.000
<i>2. mgr.:</i>	Óþarfa ónæði frá ökutæki við íbúðarhús	5.000

V. KAFLI (36.-38. gr.). Ökuhraði.**36. gr. Almennar reglur um ökuhraða**

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
1. – 3. mgr.:	Ökuhraði eigi miðaður við aðstæður	10.000
4. mgr.:	Aur slettist á vegfarendur vegna ógætilegs aksturs	5.000

37. gr. Almennar hraðatakmarkanir

Þegar ekið er yfir lögleyfðum hámarkshraða skal beita eftirfarandi töflu. Í fyrstu línu lárétt er lögleyfður hámarkshraði tilgreindur. Raunverulegur hraði ökutækis er tilgreindur í fyrstu línu lóðrétt. Sektarfjárhæð er tilgreind í þúsundum króna og sviptingartími í mánuðum.

Hraði	30	35	50	60	70	80	90
41-45	5						
46-50	10	5					
51-55	15	10					
56-60	20	15					
61-65	25 + 1	20	5				
66-70	30 + 2	25	10				
71-75	40 + 3	30 + 1	15	5			
76-80		35 + 2	20	10			
81-85		45 + 3	25	15	5		
86-90			30	20	10		
91-95			35	25	15	5	
96-100			40	30	20	10	
101-110			50 + 1	40	30	20	10
111-120			60 + 2	50 + 1	40	30	20
121-130			70 + 3	60 + 2	50 + 1	40	30
131-140				70 + 3	60 + 2	50 + 1	40
141-150					70 + 3	60 + 2	50 + 1
151-160						70 + 3	60 + 2
161-170							70 + 3

38. gr. Ökuhraði sérstakra gerða ökutækja

Við ákvörðun sekta og sviptingar ökuréttar fyrir brot á ákvæðum þessarar greinar skal beita töflu 37. gr. að teknu tilliti til lögleyfðs hámarkshraða ökutækis.

VI. KAFLI (39.-43. gr.). Sérreglur fyrir reiðhjól, bifhjól og torfærutæki.

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
39. - 40. gr.	Reiðhjól Brot á sérreglum fyrir reiðhjól	5.000
41. gr.	Bifhjól Brot á sérreglum fyrir bifhjól	5.000

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
42. gr.	Létt bifhjól Brot á sérreglum fyrir létt bifhjól	5.000
43. gr.	Torfærutæki Brot á sérreglum fyrir torfærutæki	5.000

VII. KAFLI (44. – 58. gr.). Um ökumenn.

44. gr.	Veikindi, áfengisáhrif o.fl.	
<i>4. mgr.:</i>	Neysla áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við akstur	30.000
<i>5. mgr.:</i>	Tóbaksreykingar við stjórn bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni	5.000
<i>6. mgr.:</i>	Um brot á reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahags-svæðisins vísast til viðauka II.	
45. gr.	Ölvunarakstur Taflan miðast við að um fyrsta brot sé að ræða.	

Vínandamagn í blóði ‰	Sektir	Svipting
0.50 – 0.60	50.000	2 mán
0.61 – 0.75	50.000	4 mán
0.76 – 0.90	60.000	6 mán
0.91 – 1.10	70.000	8 mán
1.11 – 1.19	80.000	10 mán
1.20 – 1,50	100.000	12 mán

Vínandamagn í lofti mg/l	Sektir	Svipting
0.250 – 0.300	50.000	2 mán
0.301 – 0.375	50.000	4 mán
0.376 – 0.450	60.000	6 mán
0.451 – 0.550	70.000	8 mán
0.551 – 0.599	80.000	10 mán
0.600 – 0,750	100.000	12 mán

(Ath.: Svipting lágmark 12 mánuðir neiti ökumaður að gefa öndunarsýni)

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
<i>6. mgr.:</i>	Stjórnað eða reynt að stjórna hjóli eða hesti undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna	5.000
<i>7. mgr.:</i>	Ökumanni í því ástandi sem fram kemur í ákvæðinu falin stjórn ökutækis	30.000

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
46. gr. <i>1. og 3. mgr.:</i>	Afengisáhrif o.fl. Veitingamenn, þjónar eða bensínafgreiðslumenn reyna ekki að koma í veg fyrir ölvunarakstur	10.000
48. gr. <i>1. mgr.:</i>	Ökuþróf og ökuskírteini Akstur bifreiðar eða bifhjóls <u>sviptur ökurétti:</u> – fyrsta brot – annað brot Akstur bifreiðar eða bifhjóls án þess að hafa <u>öðlast ökurétt:</u> – í fyrsta sinn – í annað sinn Ekið án þess að hafa endurnýjað ökuskírteini Ökuskírteini ekki meðferðis	60.000 100.000 10.000 20.000 5.000 5.000
50. gr.	Akstur bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni án þess að hafa réttindi til þess Akstur bifreiðar sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd eða akstur annarra ökutækja án þess að hafa fengið tilskilin réttindi	10.000 10.000
55. gr.	Stjórnendur dráttarvéla, vinnuvéla, léttra bifhjóla og torfærutækja: Akstur dráttarvélar, vinnuvélar, léttis bifhjóls og torfærutækis <u>sviptur ökurétti:</u> – fyrsta brot – annað brot Akstur ofangreindra ökutækja án þess að hafa <u>öðlast tilskilinn ökurétt:</u> – fyrsta brot – annað brot Ekið án þess að hafa endurnýjað ökuskírteini Ökuskírteini ekki meðferðis	50.000 100.000 5.000 10.000 5.000 5.000
57. gr. <i>1. mgr.:</i> <i>2. mgr.:</i> <i>3. mgr.:</i> <i>4. mgr.:</i> <i>6. mgr.:</i>	Æfingaakstur: Ökukennari hefur ekki hlotið löggildingu (bifreið) Ökukennari hefur ekki hlotið löggildingu (bifhjól) Ökukennari fer ekki að reglum við framkvæmd æfingaaksturs Æfingaakstur fer fram fyrr en heimilt er – kennari – nemandi (sbr. reglugerð um ökuskírteini) Leiðbeinandi hefur ekki tilskilið leyfi Æfingaakstur á léttu bifhjóli eða dráttarvél fer fram fyrr en heimilt er Nemandi hefur ekki tilskilið leyfi til æfingaaksturs léttis bifhjóls eða dráttarvélar	10.000 10.000 10.000 10.000 5.000 10.000 5.000 5.000

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
58. gr.	Upplýsingaskylda o.fl.:	
<i>1. mgr.:</i>	Eigandi/umráðamaður neitar að gera grein fyrir því hver hafi stjórnað ökutæki	20.000
<i>2. mgr.:</i>	Manni, sem ekki hefur til þess réttindi, falin stjórn ökutækis:	
	– bifreið eða bifhjól	10.000
	– dráttarvél, vinnuvél, létt bifhjól eða torfærutæki	5.000

VIII. KAFLI (59. – 70. gr.). Um ökutæki.

59. gr.	Gerð og búnaður (sbr. 1. mgr. 60. gr.):	
<i>1. mgr.:</i>	Hætta eða óþægindi leiða af ökutæki	5.000
	– hélaðar rúður	5.000
<i>2. mgr.:</i>	Gerð og búnaði ökutækis áfátt.	
	Eigandi/umráðamaður:	
	a) Áletranir eða merki	5.000
	b) Stýrisbúnaður	10.000
	c) Hemlar	10.000
	d) Ljósker eða glitaugu	10.000
	e) Aðbúnaður ökumanns eða farþega	5.000
	f) Útsýn	5.000
	g) Öryggisbúnaður	5.000
	h) Hraðamælir	5.000
	i) Hjólabúnaður	
	– fyrir hvern óhæfan hjólbarða	5.000
	– nagladekk án heimildar	5.000
	j) Tengibúnaður	10.000
	k) Búnaði fyrir farm áfátt	10.000
	l) Hljóðmerkisbúnaður	5.000
	m) Útblásturskerfi í ólagi	5.000
	Ökumaður: Helmingur af tilgreindri upphæð.	
	Reiðhjól:	
	a) hemlabúnaði áfátt	5.000
	b) ljósum og glitmerkjum áfátt	5.000
	c) annað	5.000
62. gr.	Tenging og dráttur ökutækja	
<i>1. mgr.:</i>	Fleiri en einn tengivagn eða tengitæki tengt við:	
	– bifreið	5.000
	– torfærutæki	5.000
	– reiðhjól	5.000
<i>2. mgr.:</i>	Fleiri en tveir eftirvagnar eða fleiri en einn eftirvagn og eitt tengitæki tengt við:	
	– dráttarvél	5.000
	– vinnuvél	5.000
<i>3. mgr.:</i>	Eftirvagn eða tengitæki tengt við:	
	– bifhjól	5.000
	– létt bifhjól	5.000

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
4. mgr.:	Hliðarvagn tengdur vinstra megin við bifhjól eða reiðhjól	5.000
	Hliðarvagn tengdur við létt bifhjól	5.000
5. - 6. mgr.:	Brot á reglum um tengingu og drátt ökutækja: – Eftir efni og eðli brots	5.000 – 10.000
63. gr.	Skráning	
1. mgr.:	Notkun skráningarskylds ökutækis án þess að það hafi verið skráð og skráningarmerki sett á það	10.000
64. gr.	Vanrækt að tilkynna eigendaskipti	5.000
	Vanrækt að færa ökutæki, sem breytt hefur verið á þann veg að það kallar á breytta skráningu, til skoðunar	5.000
	Skráningarmerki vantar eða eru ógreinileg	10.000
	Skráningarmerki vísvitandi gerð ógreinileg	10.000
	Skráningarskírteini fylgir ekki ökutæki	5.000
	Brotið gegn reglum um tímabundinn akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar	5.000
66. gr.	Erlend ökutæki	
	Brot gegn reglum um notkun erlendra ökutækja	5.000 – 10.000
67. gr.	Skoðun ökutækja og eftirlit:	
	Vanrækt að færa ökutæki til:	
	– aðalskoðunar	10.000
	– endurskoðunar	5.000
	Vanrækt að færa ökutæki, sem breytt hefur verið í atriðum sem kalla á breytta skráningu, til breytingaskoðunar.	5.000

IX. KAFLI (71.-72. gr. A.). Um notkun öryggis- og verndarbúnaðar.

71. gr.	Öryggisbelti	
1. mgr.:	Öryggisbelti ekki notað	5.000
2. mgr.:	Sérstakur öryggibúnaður fyrir barn ekki notaður	10.000
5. mgr.:	Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað	10.000
72. gr.	Hlífðarhjálmar	
1. mgr.:	Hlífðarhjálmur ekki notaður	5.000
2. mgr.:	Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálmar	10.000

X. KAFLI (73.-76. gr.). Flutningur, hleðsla, þyngd og stærð ökutækja.

73. gr.	Hleðsla ökutækja	
1. mgr.:	Farþegar eða farmur: – byrgja útsýn ökumanns	5.000

<i>Lagagrein</i>	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
	– tálma notkun stjórnþækja öikumanns	5.000
	– byrgja lögboðinn ljósa- eða merkjabúnað ökutækis	5.000
	– byrgja skráningarmerki ökutækis	5.000
2. mgr.:	Of margir farþegar:	
	– fyrir hvern umframfarþega	5.000
3. - 4. mgr.:	Brot á reglugerð um hleðslu, frágang og merkingu á farmi:	
	– Eftir eðli og efni brots	5.000 – 20.000
75. gr.	Breidd, lengd og hæð ökutækja	
1. mgr.:	Brot á slíkum ákvæðum í reglugerð um stærð og þyngd ökutækja	5.000 – 20.000
2. mgr.:	Ökumaður veldur hættu eða óþægindum við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns- eða símalínnum o.þ.h.	10.000
76. gr.	Áspungi og þyngd	
	Áspungi allt að 10% umfram leyfilegt hámark	20.000
	Áspungi allt að 20% umfram leyfilegt hámark	40.000
	Áspungi allt að 30% umfram leyfilegt hámark	50.000
	Áspungi meiri en 30% umfram leyfilegt hámark	70.000

XI. KAFLI (77.-78. gr.). Óhreinkun vegar o.fl.

77. gr.	Óhreinkun vegar o.fl.	
1. - 2. mgr.:	Munum fleygt eða þeir skildir eftir á vegi þannig að þeir hafa í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferð	10.000
78. gr.	Rekstur búfjár	
1. mgr.:	Búfé rekið á vegi í þéttbýli án leyfis lögreglustjóra	5.000
2. mgr.:	Of fáir gæslumenn við rekstur búfjár í dreifbýli	10.000
3. mgr.:	Búfé ekki vikið fljótt og greiðlega úr vegi annarrar umferðar	5.000

XII. KAFLI (79.-87. gr.). Umferðarstjórn, umferðarmerki o.fl.

86. gr.	Merkingar þegar röskun á vegi vegna vegavinnu eða af öðrum ástæðum veldur hættu	
	Ófullnægjandi merking	5.000 - 20.000
87. gr.	Spjöld, auglýsingar, ljósabúnaður og þess háttar sett á eða í tengslum við umferðarmerki eða umferðarljós	5.000

XIII. KAFLI (88. — 99. gr.). Um fébætur og váttryggingu.

93. gr.	Váttryggingarskylda vanrækt	10.000
----------------	-----------------------------	--------

VIÐAUKI II

**Skrá yfir sektir og önnur viðurlög vegna brota á reglugerð
um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum
og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 136 3. mars 1995,
sbr. reglugerðir nr. 658/1998, nr. 768/2000 og nr. 851/2000**

Brot á eftirfarandi ákvæðum reglugerðarinnar varða að lágmarki sektum og sviptingu ökuréttar samkvæmt þessari skrá:

A.

6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/1985, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 136/1995 með síðari breytingum:

Aksturstími.*Sektarfjárhæð kr.*

Akstursdagur of langur:

• allt að 4 klst. of langur	30.000
• 4 til 8 klst. of langur	50.000
• meira en 8 klst. of langur	70.000
Heildaraksturstími á hálfum mánuði yfir 100 klst.	30.000

B.

7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/1985, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 136/1995 með síðari breytingum:

Hlé frá akstri.*Sektarfjárhæð kr.*

Hlé ekki tekið:

• eftir meira en 6 klst. samfelldan akstur	30.000
• eftir meira en 9 klst. samfelldan akstur.	50.000
• eftir meira en 12 klst. samfelldan akstur.	70.000

C.

8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3820/1985, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 136/1995 með síðari breytingum:

Hvíldartími.*Sektarfjárhæð kr.*

Samfelld sólarhringshvíld of stutt:

• styttri en 6 klst.	30.000
• styttri en 4 klst.	50.000
Samfelld vikuhvíld of stutt	50.000

D.

5. og 6. gr. reglugerðar nr. 136/1995, sbr. 3. gr. og IV. kafla reglugerðar (EBE) nr. 3821/1985:

Sektarfjárhæð kr.

Ökutæki ekki búið ökurita	30.000
Ökuriti starfar ekki sem skyldi	20.000
Skráningarblað notað lengur en í einn sólarhring	20.000
Skráningarblað ekki rétt útfyllt	20.000

E.

6. gr. reglugerðar nr. 136/1995, sbr. VI. kafla í I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3821/1985:

Sektarfjárhæð kr.

Ökutæki ekki fært til reglubundinnar skoðunar á 6 ára fresti	40.000
--------------------------------------------------------------	--------

VIÐAUKI III.
Skrá yfir sektir vegna brota á
reglugerð um flutning á hættulegum farmi, nr. 984 27. desember 2000

<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
2. gr. Almenn ákvæði	
<i>1. mgr.:</i> Eigi farið eftir ADR-reglum, með viðaukum A og B, eins og þær eru í gildi hverju sinni	20.000
<i>2. mgr.:</i> Eigi farið eftir EB-tilskipun nr. 95/50 og viðaukum við þá tilskipun, við eftirlit með flutningum	20.000
5. gr. Flokkun efna og vara	
<i>1. mgr.:</i> Efni eða vörur eigi rétt flokkaðar áður en þær eru afhentar til flutnings	20.000
6. gr. Umbúðir og merkingar þeirra	
<i>1. mgr.:</i> Umbúðir uppfylla ekki kröfur ADR-reglna	20.000
<i>2. mgr.:</i> Umbúðir eigi merktar með SP-númeri	20.000
7. gr. Flutningsskjöl	
<i>2. mgr.:</i> Farmur afhentur til flutnings án tilskilinna gagna	20.000
Flutningsaðili tekur við efni eða vöru án fullnægjandi gagna	20.000
8. gr. Merking ökutækja	
Vanrækt að:	
Merkja ökutæki með fullnægjandi hættuskiltum	20.000
Merkja ökutæki með varúðarmerkjum	20.000
Tilgreina SP-númer og viðeigandi hættunúmer á hættuskilti	20.000
9. gr. Skortur á fylgibúnaði	
<i>1. mgr.:</i> Skortur á slökkvibúnaði	60.000
<i>2. mgr.:</i> Skortur á öðrum tilgreindum búnaði	20.000
10. gr. Samlestun	
Sprengifim efni og annar hættulegur farmur fluttur með sama ökutæki	50.000
Reglur um aðskilnaðarflokka eigi virtar, sbr. töflu í viðauka I.	20.000
Fóðurvörur eða matvæli flutt með hættulegum farmi, sem merktur er með varúðarmerkjum 6.1 eða 6.2 í viðauka I.	60.000
11. gr. Viðurkenning flutningseininga	
Flutningseining notuð án þess að hafa tilskilda viðurkenningu	20.000
12. gr. Flutningur á sprengifimum efnum	
Ökutæki, sem eigi hefur verið flokkað og viðurkennt, notað til flutnings á sprengifimum efnum	20.000
Meira flutt af sprengifimum efnum í einni flutningseiningu en heimilt er skv. töflu í viðauka V.	30.000

	<i>Tegund brots</i>	<i>Sektarfjárhæð kr.</i>
14. gr.	Sérstök ákvæði	
<i>1. mgr.:</i>	Sérreglur um flutning á hættulegum farmi um jarðgöng eða brýr eigi virtar	20.000
<i>2. mgr.:</i>	Meira en 50 kg sprengiefnis flutt með sama ökutæki án tilskilins leyfis lögreglustjóra, skv. reglugerð um sprengiefni Tilkynningarskyldu til lögreglustjóra vegna flutnings hættulegra efna eigi sinn	20.000
<i>3. mgr.:</i>	Ferming eða afferming (umferming) ökutækis með hættulegan farm ef um er að ræða efni skv. viðauka B í ADR-reglum og töflu í viðauka VI: Á almennu svæði í þéttbýli án leyfis lögreglu Utan þéttbýlis án þess að tilkynna lögreglu	60.000 20.000
<i>4. mgr.:</i>	Ökutæki, sem flytur hættulegan farm í samræmi við viðauka B í ADR-reglum og viðauka VII, eigi vaktað	20.000
<i>5. mgr.:</i>	Ökutæki, með hættulegan farm eða hættuleg efni, samkvæmt viðauka B í ADR-reglum og viðauka VIII, stöðvað lengur en lögregla hefur heimilað nálægt íbúðarhúsnæði eða svæði þar sem almenningur á erindi.	20.000
<i>6. mgr.:</i>	Farþegi í ökutæki án undanþágu, sbr. viðauka B í ADR-reglum og viðauka IX.	20.000
16. gr.	Réttindi ökumanna	
<i>1. mgr.:</i>	Flutningur á hættulegum farmi án réttinda í samræmi við ADR-reglur sem staðfest eru með starfsþjálfunarvottorði	30.000
<i>2. mgr.:</i>	Ekið án aðstoðarmanns við flutning á sprengifimum vörum Aðstoðarmaður eigi með réttindi í samræmi við ADR-reglur sem staðfest eru með starfsþjálfunarvottorði	20.000 20.000

AUGLÝSING

um deiliskipulag, Hörðuvellir – Reykdalsreitir, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti með minni háttar breytingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Hörðuvelli – Reykdalsreits á fundi sínum þann 22. maí 2001.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir grunnskóla, leikskóla og viðbyggingu við Sólvang.

Breytingin var auglýst 14. mars – 17. apríl 2001, og athugasemdafrestur til 2. maí sl. Athugasemdafrestur var síðan framlengdur til 7. maí sl., samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. og breytingin yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 13. júlí 2001.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar.

Guðlaug Erna Jónsdóttir, skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 76 – 2001

20. júlí 2001

1455

Nr. 577

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 363, 10. maí 2001,
um rækjuveiðar á Breiðafirði.

1. gr.

Í stað: „20. júlí“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 4. ágúst.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. júlí 2001.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Þröstur Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 77 – 2001

Nr. 578

1456

10. júlí 2001

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um setningu flugreglna nr. 55/1992 ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Ný orðskýring bætist við í I. kafla aftan við orðskýringuna Ferill:

Fis (microlight) er loftfar sem hefur ekki fleiri en tvö sæti og hefur ofrishaða í landingarham (VSO) að hámarki 35 hnúta (65 km/klst) sýndan hraða leiðréttan (CAS) og hámarksflugtaksmassa sem er ekki hærri en

300 kg fyrir landfis (landplane) með einu sæti, eða

450 kg fyrir landfis með tveimur sætum, eða

330 kg fyrir láðs og lagar fis (amphibian) eða fis á flotum (floatplane) með einu sæti, eða

495 kg fyrir láðs og lagarfis eða fis á flotum með tveimur sætum að því tilskyldu að hægt sé að nota fysið bæði sem fis á flotum og sem landfis þannig að það sé innan marka beggja flokka hvað varðar hámarksflugtaksmassa, eins og við á.

Hreyfillaust loftfar sem er léttara en 70 kg telst til fisa án hreyfils. Hreyfilknúíð loftfar sem er léttara en 70 kg og flugtak er af fæti telst til fisa án hreyfils. Fallhlífar (parachutes) teljast ekki til fisa.

2. gr.

Nýr viðauki bætist aftan við viðauka 4:

Viðauki 5.

FIS

1. Flokkun fisa.

1.1. Fis

1.2. Fis flokkast í hreyfilknúin fis og fis án hreyfils.

2. Almennar flugreglur.

2.1. Eigi má fljúga fisum í flugstjórnarrými nema að fengnu leyfi hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildar. Sækja skal um slíkt leyfi með a.m.k. 24 klst. fyrirvara. Heimilt er að skilyrða slík leyfi við að fis sé útbúið tilteknum útbúnaði í flugstjórnarrými. Eigi er heimilt að fljúga fisum innan 5 mílna radíuss flugvalla með lágmarksflugvallarþjónustu nema að höfðu samráði við flugvallarvörð eða radíómann. Um skiptingu loftrýmisins sjá töflu 3-1 í III. kafla.

2.2. Eigi má heldur fljúga fisi á bannsvæðum eða yfir og á stöðum sem lúta sérstökum takmörkunum, tímabundnum eða varanlegum án leyfis hlutaðeigandi yfirvalda.

2.3. Eigi er heimilt að fljúga fisum yfir þéttbýl svæði borga, bæja eða sumarhúsabyggð eða yfir svæði þar sem mikill mannfjöldi er saman kominn.

2.4. Fisi má einungis fljúga þannig að sjáist til jarðar.

2.5. Ekki skal fljúga fisi þannig að mönnum eða verðmætum geti stafað hættu af.

2.6. Ekki má varpa eða dreifa hlutum úr fisi ef það getur valdið hættu fyrir menn eða verðmæti utan þess.

Físi má einungis fljúga á tímabilinu frá sólaruppkomu til sólarlags (sólarmiðja 6 gráður fyrir neðan sjóndeildarhring).

3. Umferðarréttur.

3.1. Stjórnandi físs skal gefa stöðugan gaum að annarri flugumferð og skal veita öllum öðrum loftförum forgang.

3.2. Físi skal ekki flogið þannig að af því geti stafað árekstrarhætta við önnur loftför. Hreyfilknúin físs skulu veita forgang físum án hreyfíls.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 145. gr., sbr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 ásamt síðari breytingum og tekur gildi við birtingu.

Samgönguráðuneytinu, 10. júlí 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands nr. 419/1999.

1. gr.

Eftirfarandi bætist við orðskýringar í 1.1.:

Fís (microlight) er loftfar sem hefur ekki fleiri en tvö sæti og hefur ofrishaða í lendingarham (VSO) að hámarki 35 hnúta (65 km/klst) sýndan hraða leiðréttan (CAS) og hámarksflugtaksmassa sem er ekki hærri en

300 kg fyrir landfís (landplane) með einu sæti, eða

450 kg fyrir landfís með tveimur sætum, eða

330 kg fyrir láðs og lagar físs (amphibian) eða físs á flotum (floatplane) með einu sæti, eða

495 kg fyrir láðs og lagarfíss eða físs á flotum með tveimur sætum að því tilskyldu að hægt sé að nota físið bæði sem físs á flotum og sem landfís þannig að það sé innan marka beggja flokka hvað varðar hámarksflugtaksmassa, eins og við á.

Hreyfillaust loftfar sem er léttara en 70 kg telst til físsa án hreyfíls. Hreyfilknúðið loftfar sem er léttara en 70 kg og flugtak er af fæti telst til físsa án hreyfíls. Fallhlífur (parachutes) teljast ekki ekki físsa.

2. gr.

Í gr. 1.2.5.2. bætist við nýr liður aftan við upptalningu í 2. málslíð:

60 – – – físsflugmanns.

Í gr. 1.2.5.2.2. bætist við aftan við sviffflugmanns: , físsflugmanns.

Í gr. 2.1.1.1 bætist við aftan við upptalningu í 2. málslíð: – físs.

3. gr.

Skírteini fisflugmanns.

Ný grein bætist við I. hluta reglugerðarinnar:

2.14. Skírteini fisflugmanna.

Reglur þessar um skírteini fisflugmanna eiga við um stjórnanda hreyfilknúinna fisa.

2.14.1. Skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.**2.14.1.1. Aldur.**

Umsækjandi skal ekki vera yngri en 16 ára.

2.14.1.2. Þekking.

Umsækjandi skal hafa sannað þekkingu sína, með bóklegu prófi hjá Flugmálastjórn eða á annan hátt sem hún viðurkennir, á tilteknum sviðum að því marki sem réttindi handhafa skírteinis fisflugmanns segja til um. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi:

Lög um loftferðir.

Reglur og reglugerðir sem varða handhafa skírteinis fisflugmanns. Flugreglur. Þær venjur og þeir starfshættir í flugumferðarþjónustu sem við eiga.

Almenn þekking á loftförum.

Undirstöðuatriði um starfrækslu fisa og mælitæki þeirra. Getumörk hreyfla. Takmörk þau sem sett eru starfrækslu fisa. Upplýsingar sem skipta máli um starfrækslu úr flughandbók eða öðrum gögnum sem við eiga.

Afkastageta og áætlanagerð.

Áhrif hleðslu og dreifingar massa á flugeiginleika, vandamál sem varða massa og jafnvægi. Notkun og hagnýt beiting upplýsinga um afköst við flugtak, landingu og við aðrar aðstæður. Gerð leiðarflugáætlana fyrir flug og meðan á flugi stendur samkvæmt reglum um sjónflug. Starfshættir og venjur í flugumferðarþjónustu, eftir því sem við á. Stilling flughæðarmæla. Flug á svæðum með mikilli flugumferð. Eldsneytiseyðsla og eldsneytisútreikningar.

Mannleg geta og takmörk.

Mannleg geta og takmörk sem varða handhafa skírteinis fisflugmanns.

Veðurfræði.

Beiting undirstöðuatriða flugveðurfræði. Notkun upplýsinga um veður og hvernig skal afla þeirra.

Leiðsaga.

Hagnýt atriði flugleiðsögu og staðarákvörðun eftir leiðarreikningi og áttavita. Notkun flugkorta.

Venjur og starfshættir.

Notkun gagna er flug varða, svo sem AIP, NOTAM, táknmerki og skammstafanir. Mismunandi flugtaksaðferðir og starfshættir þar að lútandi. Viðeigandi varúðar- og neyðarráðstafanir, þ.m.t. hvernig forðast skal hættuleg veðurskilyrði, ókyrrð í slóð annars loftfars og aðrar hættur við stjórn loftfars.

Flugfræði.

Grundvallaratriði flugfræði er varða fis.

Fjarskipti.

Starfshættir og orðaval við notkun talstöðva í fjarskiptum að því er varðar flug samkvæmt sjónflugsreglum. Viðbrögð ef talstöðvarsamband rofnar.

2.14.3. Reynsla.

2.14.3.1. Umsækjandi skal hafa lokið a.m.k. 12 klst. fartíma sem flugmaður í hreyfilknúnu fisi, þ.m.t. 3 klst. einflugstími þar sem eigi færri en 15 flugtök og landingar skulu

hafa verið framkvæmdar í einflugi. Heildarfjöldi flugferða skal vera minnst 40 síðastliðna 18 mánuði. Til að fljúga með farþega skal flugmaður hafa flogið a.m.k. 25 fartíma með skírteini fisflugmanns auk þess að hafa minnst 3 flugtök og landingar síðustu 3 mánuði.

Þegar umsækjandi hefur áunnið sér fartíma sem handhafi skírteinis flugmanns á flugvél ákveður Flugmálastjórn hvort slík reynsla skuli talin fullnægjandi og, ef svo er, að hvaða marki megi slá af kröfum um fartíma sem mælt er fyrir um. Meta má slíka reynslu til allt að 5 tíma af heildarfartímakröfum fyrir skírteini fisflugmanns og allt að 12 tíma af heildarfartímakröfum fyrir heimild til að fljúga með farþega.

- 2.14.3.2. Umsækjandi skal á tilteknum sviðum og undir viðeigandi umsjón hafa aflað sér reynslu við stjórn fisa með þriggja ása stjórn og þyngdartilfærslu eftir því sem við á. Sviðin skulu a.m.k. vera þessi:

Aðgerðir þar sem framkvæma þarf fyrir flug, þ.m.t. samsetning og skoðun fisa, tækni og aðferðir við framkvæmd þeirrar flugtaksaðferðar sem beitt er hverju sinni, þ.m.t. viðeigandi flughraðatakmörkanir, neyðarráðstafanir og táknerki sem notuð eru, aðgerðir í umferðarhring flugvalla, varúðarráðstafanir til að forðast árekstra, stjórn fissa eftir sýnilegum kennileitum, flug á öllu flugsviðinu, að bera kennsl á einkenni og ná fisi út úr frumofrisi og fullu ofrisi, svo og gormdýfu, flugtak, aðflug og landing við eðlilegar aðstæður og í hliðarvindi, landflug þar sem aðeins er stuðst við sýnileg kennileiti og ákvörðun hnattstöðu eftir leiðarreiðingum og áttavita, neyðarráðstafanir.

- 2.14.4. **Færni.**

Umsækjandi skal sanna hæfni sína, með prófi hjá prófdómurum Flugmálastjórnar eða á annan hátt sem Flugmálastjórn viðurkennir, til að fullnægja kröfum fyrir skírteini fisflugmanns og beita þeim aðgerðum og starfsháttum sem lýst er í gr. 2.14.1.2. að því marki sem krafist er af handhafa skírteinis fisflugmanns, og að: stjórnna fisi innan þeirra takmarka sem því eru sett,

ljúka öllum aðgerðum af lipurð og nákvæmni,

sýna góða dómgreind og flugmennsku,

beita þekkingu í flugi, og

hafa ætíð stjórn á fisinu á þann hátt að aldrei leiki vafi á að hlutaðeigandi aðgerð hafi heppnast vel.

- 2.14.5. **Heilbrigði.**

2.14.5.1 Umsækjandi skal vera handhafi 2. flokks heilbrigðisvottorðs sem í gildi er.

2.14.5.2 Heilbrigðisskor er heimilt að veita sérstaklega reynslumiklum fisflugmönnum með lágmarks heildarflugtíma yfir 50 tíma á síðastliðnum 3 árum, undanþágu frá heilbrigðiskröfum JAR-FCL 3 vegna heilbrigðisvottorðs fyrir fisflugmenn, þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa og flugöryggi er ekki stefnt í hættu, enda hafi umsókn samkvæmt ákvæði þessu borist heilbrigðisskor fyrir 31. desember 2001. Heimild þessi gildir ekki fyrir umsækjendur 2. flokks heilbrigðisvottorðs fyrir aðra flokka flugmannsskírteina. Þann 1. janúar 2002 fellur gr. 2.14.5.2. úr gildi.

- 2.14.6. **Reglusemi.**

Synja skal skírteinis þeim manni sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun er veitir ástæðu til að ætla að hann misfari með skírteinið. Hann skal ekki eiga óafplánaðan dóm um missi skírteinis til stjórnar loftfara, bifreiða eða annarra vélknúinna farartækja.

- 2.14.7 **Ríkisfang.**

Umsækjandi skal vera:

Íslenskur ríkisborgari, eða
eiga lögheimili á Íslandi, eða
hafa stundað flugnám á Íslandi til þeirra réttinda sem sótt er um.

2.14.8 **Réttindi handhafa skírteinisins og skilyrði sem fullnægja þarf til að neyta þeirra.**

Að því tilskildu að fullnægt sé skilyrðum þeim, sem um getur í gr. 1.2.5, 1.2.6 og 2.1, hefur handhafi skírteinis fisflugmanns rétt til þess að annast flugstjórn samkvæmt áritun skírteinis. Áritanir í skírteini fisflugmanns eru tvennskonar: a. Áritun til flugs í þriggjaása físi og b. Áritun til flugs í físi með þyngdartilfærslu. Sé sótt um fleiri en eina áritun í skírteini fisflugmanns þarf kröfum í gr. 2.14.3.1 um reynslu að vera fullnægt. Til að fljúga með farþega skal flugmaður hafa flogið a.m.k. 25 fartíma með skírteini fisflugmanns auk þess að hafa minnst 3 flugtök og landingar síðustu 3 mánuði. Getið skal takmörkunar í skírteini uppfylli fisflugmaður ekki kröfur til að fljúga með farþega.

Til þess að halda réttindum sínum þarf fisflugmaður að hafa flogið a.m.k. 8 flugferðir, sem samtals eru a.m.k. 2 klst., á síðasta 24 mánaða tímabili eða standast hæfnipróf (PFT) eftir nánari ákvörðun Flugmálastjórnar.

Öll hæfnipróf skulu staðfest í flugdagbók.

4. gr.

Aðlögunartími.

Fram til 31. desember 2001 skal Flugmálastjórn Íslands heimilt að meta sérstaklega reynslumikla umsækjendur um skírteini fisflugmanna, að undangengnum bóklefum og verklegum stöðuprófum, til fullnægjandi árangurs samkvæmt gr. 2.14.1.2., 2.14.3., 2.14.4. og 2.14.8., enda sé heildarflugtími umsækjenda a.m.k. 50 tímar síðastliðin 3. ár, þar af 8 flugtök og landingar og tvær flugstundir síðastliðna 12 mánuði.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 145. gr., sbr. 31., 73. og 74. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 ásamt síðari breytingum og tekur gildi við birtingu.

Samgönguráðuneytinu, 10. júlí 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um fis

1. gr.

Orðskýringar.

Fis (microlight) er loftfar sem hefur ekki fleiri en tvö sæti og hefur ofrishaða í landingarham (VSO) að hámarki 35 hnúta (65 km/klst.) sýndan hraða leiðréttan (CAS) og hámarksflugtaksmassa sem er ekki hærri en

300 kg fyrir landfis (landplane) með einu sæti, eða

450 kg fyrir landfis með tveimur sætum, eða
330 kg fyrir láðs og lagar fis (amphibian) eða fis á flotum (floatplane) með einu sæti,
eða

495 kg fyrir láðs og lagarfis eða fis á flotum með tveimur sætum að því tilskyldu að hægt sé að nota fisið bæði sem fis á flotum og sem landfis þannig að það sé innan marka beggia flokka hvað varðar hámarksflugtaksmassa, eins og við á.

Hreyfillaust loftfar sem er léttara en 70 kg telst til fisa án hreyfils. Hreyfilknúíð loftfar sem er léttara en 70 kg og flugtak er af fæti telst til fisa án hreyfils. Fallhlífar (parachutes) teljast ekki til fisa.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi skal gilda um allt fisflug á Íslandi innan íslenskrar lofthelgi.

3. gr.

Starfræksla.

Til þess að starfrækja íslenskt fis innan íslenskrar lofthelgi skal stjórnandi hreyfilknúins fissa vera félagsmaður í fisfélagi sem hlotið hefur viðurkenningu Flugmálastjórnar Íslands og hreyfilknúíð fis skráð í fissa slíks félags.

Þó skal Flugmálastjórn Íslands vera heimilt að gefa út tímabundið leyfi, að hámarki til 90 daga, til erlends aðila, enda hafi hann hlotið sambærilega þjálfun, að mati Flugmálastjórnar, og íslenskur fisflugmaður.

Flug erlendra hreyfilknúinna fisa innan íslenskrar lofthelgi skal einungis heimilt samkvæmt fyrirfram leyfi Flugmálastjórnar Íslands. Slíkt leyfi er einungis veitt ef fis uppfyllir skilyrði 7., 8., 9. og 11. gr. reglugerðar þessarar og lögbundnar váttryggingar eru fyrir hendi.

4. gr.

Viðurkennd fisfélög.

Fisfélög skulu ekki rekin í hagnaðarskyni. Aðild að fisfélagi skal opin einstaklingum sem vilja eiga eða starfrækja fis og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í samþykktum félagsins eða samtakanna.

Sækja skal um viðurkenningu fisfélags til Flugmálastjórnar Íslands. Í umsókn skal greina nákvæmar upplýsingar um eftirgreind atriði:

- a. Nafn umsækjanda, heimilisfang, kennitala og símanúmer.
- b. Þjóðerni umsækjanda, félagaform og nöfn stjórnenda. Sé um hlutafélag að ræða skal greina hluti og nöfn stjórnarmanna. Sé eignaraðild að hluta erlend skal sérstök grein gerð fyrir henni. Einnig skal gerð grein fyrir hverskonar atvinnurekstri sem umsækjandi kann að hafa með hendi.
- c. Skipulag fyrirhugaðrar fisflugskennslu, skráningu fisa og innra eftirlit og gerð skal grein fyrir hæfni tilnefnds þjálfunar- og tæknistjóra, flugkennara, og skoðunarmanna til að taka þessi störf að sér.
- d. Stofnreglur félagsins og/eða félagssamþykktir.
- e. Gera skal grein fyrir þeim físum sem nota skal við kennslu og eigna- eða umráðarétti þeirra.

Með umsókn skulu ennfremur eftirfarandi gögn fylgja:

- a. Handbók flugkennslu- og þjálfunar sem ennfremur skal háð samþykki Flugmálastjórnar. Flugkennslu- og þjálfunarhandbók skal lýsa eftirfarandi:

1. skipulagi við skráningu hreyfilknúins fiss og útgáfu flughæfnisskírteinis og skoðanir og eftirlit;
 2. skipulagi kennslu og þjálfunar;
 3. starfsreglum við samþykkt kennara og prófdómenda;
 4. starfsreglum við samþykkt skoðunarmanna;
 5. öðrum starfsreglum sem fylgja skulu.
- b. Staðfesting á lögbundnum váttryggingum.
 - c. Tilnefning þjálfunar- og tæknistjóra sem ábyrgð ber á kennslu, prófum, skráningu, eftirliti og skoðunum fisa. Tilnefning er háð samþykki Flugmálstjórnar Íslands og telst þjálfunar- og tæknistjóri sérstakur trúnaðarmaður stofnunarinnar til starfrækslu viðurkennds físfélags.

5. gr.

Viðurkenning.

Þegar umsókn ásamt öllum þeim gögnum sem krafist er að fylgi berast Flugmálstjórn fer stofnunin yfir hana og gerir úttekt á væntanlegri starfsemi. Viðurkenningu Flugmálstjórnar má binda þeim takmörkunum sem Flugmálstjórn telur nauðsynleg hverju sinni. Telji Flugmálstjórn að forsendur bresti til viðurkenningar á trúnaðarmanni og/eða starfsemi félagsins að einhverju leyti er Flugmálstjórn heimilt að afturkalla viðurkenningu sína til bráðabirgða eða að öllu leyti telji það grundvöll starfrækslu félags eða samtaka brostinn að verulegu leyti.

6. gr.

Skráning fisa.

Öll hreyfilknúin fis sem starfrækt eru innan íslenskrar lofthelgi skulu skráð í físskrá viðurkennds físfélags. Skrásetja skal hreyfilknúin fis samkvæmt skriflegri umsókn eiganda þess. Umsókn skal geyma skýrslur sem nauðsynlegar eru til skrásetningar og henni skulu fylgja skilríki fyrir því að umsækjandi sé eigandi físsins, hvernær og af hverjum það er smíðað, ásamt gögnum um flughæfni fiss og yfirlýsingu um lögbundnar váttryggingar. III. kafli laga um loftferðir nr. 60 10. júní 1998 um skráningu loftfara skal eiga við um skráningu fisa eins og við á.

Hreyfilknúin fis skal bera skrásetningarmarki físfélagsins sem skráði það. Skrásetningarmarki físfélaga eru úthlutað af Flugmálstjórn Íslands. Fylgja skal reglum um þjóðernis- og skrásetningarmarki íslenskra loftfara, sbr. auglýsing nr. 176/1983, við skrásetningu og merkingu fisa eins og við á.

7. gr.

Flughæfni fisa.

Aðeins má starfrækja hreyfilknúin fis sem hlotið hefur gilt flughæfnisskírteini frá físfélagi sem hlotið hafa viðurkenningu Flugmálstjórnar. Gildistími flughæfnisskírteinis skal að hámarki vera 1 ár.

Við umsókn flughæfnisskírteinis skulu eftirfarandi upplýsingar fylgja:

- a. Skýrsla skoðunarmanns físfélags á fisinu. Greinargóð lýsing á fisinu.

Flughæfnisskírteini fellur úr gildi þegar:

- a. Eigendaskipti verða á fisinu.
- b. Fisið skemmist eða bilar verulega.
- c. Fisinu er breytt eða eiginleikum þess breytt.
- d. Ef Flugmálstjórn Íslands eða viðurkennt físfélag kveður á um að fisið sé ekki lengur öruggt til starfrækslu.

- e. Ef lögbundnar váttryggingar falla úr gildi.
- f. Ef físið hefur ekki verið skoðað af skoðunarmönnum viðurkenndra físfélaga í samræmi við flugkennslu- og þjálfunarhandbók þess.

Flughæfnisskírteini sem fellur úr gildi skal lagt inn til físfélags innan mánaðar frá því að það féll úr gildi. Ógilding helst uns bætt hefur verið úr ágöllum þeim sem um er að ræða.

Físfélagi skal heimilt að setja sérstök skilyrði um starfrækslu físs í flughæfnisskírteini físsins.

8. gr.

Lágmarksbúnaður físa.

Hreyfilknúin físs skulu hafa lágmarksbúnað framleiðanda samkvæmt handbók físs, tilmælum framleiðanda eða öðrum gögnum. Hreyfilknúin físs skulu sérstaklega merkt á áberandi stað með eftirfarandi texta: ÞETTA LOFTFAR UPPFYLLIR EKKI SKILYRÐI LOFTHÆFIS. Skilti þetta skal staðsett á áberandi stað fyrir stjórnanda físs og farþega.

9. gr.

Viðhald físa.

Eigandi eða umráðamaður físs er ábyrgur fyrir viðhaldi físs og flughæfni þess samkvæmt reglugerð þessari og nánari fyrirráðum viðurkennds físfélags sem hann er aðili að.

Viðurkennt físfélag hefur eftirlit með því að skráð hreyfilknúin físs séu flughæf og annast eftirlit og framkvæmir skoðunar eftir því sem þörf krefur. Flugmálastjórn Íslands skal ætíð heimill aðgangur að físi, viðhaldsáðstöðu eða stöð þess og viðurkenndu físfélagi eða samtökum til að rannsaka físs og skjöl er það varða.

Hver sá sem á eða notar físs skal sanna að físið uppfylli kröfur þessarar reglugerðar, sé þess krafist.

10. gr.

Upplýsingagjöf og kæruréttur.

Upplýsingar um allar ákvarðanir viðurkennds físfélags varðandi skráningu físa, flughæfni físa, niðurstöður í lok þjálfunar og prófa til físsflugmannsskírteinis, kennararéttinda, prófdómenda og skoðunarmanna, viðhald og niðurstöður skoðana, skulu afhentar Flugmálastjórn Íslands svo fljótt sem auðið er.

Allar ákvarðanir viðurkennds físfélags samkvæmt 1. mgr. er heimilt að leggja til úrskurðar Flugmálastjórnar Íslands skv. ákvæðum stjórnáslulaga.

11. gr.

Takmarkanir á físsflugi.

Físs skal einungis ætlað eða notað til skemmtunar eða íþróttar. Óheimilt er að fljúga físsi í atvinnuskyni, til flutninga- og verkflugs, né til annarra starfa nema kennslu og þjálfunar og próftöku. Óheimilt er að fljúga físsi með hættulegan varning.

12. gr.

Refsing.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt 140. gr. laga nr. 60 10. júní 1998 um loftferðir ásamt síðari breytingum.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með vísan til 145. gr., laga nr. 60 10. júní 1998 um loftferðir með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þann 1. ágúst 2001 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. Frá sama tíma er úr gildi numin reglugerð nr. 555, 4. desember 1987 ásamt síðari breytingum, um fis.

*Samgönguráðuneytinu, 10. júlí 2001.***Sturla Böðvarsson.**

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 581

17. júlí 2001

AUGLÝSING**um deiliskipulag efnistökusvæðis við Hlíðarhorn á Tjörnesi.**

Í skipulaginu er skilgreint efnistökusvæði við Hlíðarhorn á Tjörnesi, ásamt vinnu-
svæðum. Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997,
með síðari breytingum boða. Athugasemdir bárust frá einum aðila og var greinargerð lítill-
lega breytt til að koma til móts við þær. Upplýsingar um athugasemdir og viðbrögð sveitar-
sjórnar við þeim fást hjá undirrituðum.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Húsavík, 17. júlí 2001.***Gaukur Hjartarson,**

byggingarfulltrúi Þingeyinga.

Nr. 582

REIKNINGUR**Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2000.****Rekstrarreikningur.**

	<i>Skýringar</i>	<i>Kr.</i>
Tekjur:		
Vegna sölur forsetamyndar		0
Vegna sölu kristnitökumyntar		0
Samtals tekjur		<hr/> 0
Gjöld:		
Styrkir	2	3.000.000
Niðurfelling styrkja		(330.000)
Rekstrargjöld		150.579
Samtals gjöld		<hr/> 2.820.579

Fjármunatekjur og fjármunagjöld:

Vaxtatekjur	3	(1.094.154)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	1	(2.423.769)
Fjármunatekjur		<u>(3.517.923)</u>
<i>Tekjur umfram gjöld (Tap)</i>		<u>(6.338.502)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2000.

Eignir:	<i>Skýringar</i>	<i>Kr.</i>
Langtímakröfur:		
Spæriskírteini ríkissjóðs	4	<u>67.436.250</u>
Veltufjármunir:		
Handbært fé		<u>2.084.103</u>
<i>Eignir alls:</i>		<u>69.520.353</u>
Skuldir og eigið fé:		
Eigið fé:		
Höfuðstóll í ársbyrjun		71.650.086
Endurmat	1	2.423.769
Hagnaður (tap) ársins		<u>(6.338.502)</u>
<i>Samtals</i>		<u>67.735.353</u>
Skammtímaskuldir:		
Óhafnar styrkveitingar		<u>1.785.000</u>
<i>Skuldir og eigið fé alls</i>		<u>69.520.353</u>

Skýringar með ársreikningi 2000.**Reikningskilaaðferðir.**

- Áhrif verðlagsbreytinga á peningarlegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningsársins og breytingu þeirra á árinu, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á breytingu á vísitölu neysluverðs innan ársins, sem er 3,53 %. Staða peningalegra eigna og skulda í ársbyrjun og árslok er reiknuð til meðalverðlags ársins.
Hinar reiknuðu hækkningar eiga að endurspegla þá raunvirðisryrnun sem verður á peningalegum eignum og skuldm við verðbólguaðstæður og mætt er með verðbótum og vöxtum. Færslan á sér því mótnægi í vaxtatekjum og verðbótum.

2. *Styrkir:*

Á árinu 2000 voru eftirtöldum aðilum veittir styrkir:

	<i>Kr.</i>
Náttúruverndarráði v/Friðlýsingarsjóðs	750.000
Þjóðminjasafni Íslands	750.000
Sjóminjasafnið Eyrarbakka	100.000

Mariusetur	200.000
Templarahópurinn	50.000
Samgönguminjasafnið Ystafelli	50.000
Áhugamannafélag um menningarsafn Blönduósi	50.000
Byggðasafn Akraness og nærsveita	50.000
Byggðasafn Árnesinga	50.000
Minjasafn Egils Ólafssonar	150.000
Stofnun Sigurðar Nordals	50.000
Hið ísl. bókmenntafélag	150.000
Íslensk tónverkamiðstöð	150.000
Kvenfélagið Iðja	50.000
Fuglaverndarfélag Íslands	100.000
Háskóli Íslands	100.000
Heimilisiðnaðarfélag Íslands	200.000
Samtals kr.	<u>3.000.000</u>

3. *Vaxtatekjur.*

v/bankainneigna	122.996
Gengistap/hagnaður v. spariskírteina	<u>(1.217.150)</u>
Samtals kr.	<u>(1.094.154)</u>

4. *Spariskírteini.*

Í upphafi árs var spariskírteinaeign sjóðsins í 1. fl. D 1995 til 10 ára að nafnverði 51 m.kr., sem uppreiknað til verðgildis í ársbyrjun nam kr. 71.440.800. Á árinu voru seld spariskírteini að nafnverði 2 m.k., söluverð kr. 2.787.400. Í árs lok nam spariskírteinaeign sjóðsins í framangreindum flokki 49 m.kr. að nafnverði, sem að uppfærðu verðgildi nam kr. 67.436.250.

Áritun endurskoðenda.

Til stjórnar Þjóðháttíðarsjóðs.

Við höfum endurskoðað ársreikning Þjóðháttíðarsjóðs fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-4. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög, reglur og starfsskyldur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að sklipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri stofnunarinnar á árinu 2000, efnahag 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu 2000 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 11. maí 2001.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.

Staðfesting stjórnar.

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2000 með áritun sinni.

Reykjavík, 22. maí 2001.

Hulda Valtýsdóttir.

Jónína Michaelsdóttir.
Björn Teitsson.

Hulda Kristinsdóttir.
Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Sveinbjörn Hafliðason ritari.

19. júlí 2001

Nr. 583

AUGLÝSING**um deiliskipulag í Hvítársíðu, Mýrasýslu.**

Hreppsnefnd Hvítársíðuhrepps Mýrasýslu hefur samþykkt deiliskipulag fyrir áningarstað í grennd við Surtshelli.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 318/1985.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 19. júlí 2001.

Fyrir hönd hreppsnefndar,

Ólafur K. Guðmundsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

19. júlí 2001

Nr. 584

REGLUGERÐ**um úrræði til að bregðast við greiðsluvanda vegna lána Íbúðalánasjóðs.****I. KAFLI****Almenn ákvæði.****1. gr.***Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til úrræða Íbúðalánasjóðs til þess að bregðast við tímabundnum greiðsluvanda lántakenda vegna lána sem sjóðurinn hefur veitt og vegna lána sem veitt hafa verið í tíð eldri laga um Húsnæðisstofnun ríkisins og Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið, sbr. 53. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

2. gr.*Orðskýringar.*

Fjármálastofnun í reglugerð þessari merkir viðskiptabanki eða sparisjóður, sem Íbúðalánasjóður hefur gert samning við, sbr. 2. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 18. gr. laga um hús-

næðismál. Um merkingu annarra orða samkvæmt reglugerð þessari fer eftir því sem segir í 2. gr. laga um húsnæðismál.

3. gr.
Úrræði.

Úrræði Íbúðalánasjóðs til þess að bregðast við greiðsluvanda geta verið fólgin í að veita skuldbreytingalán og/eða fresta greiðslum á lánum sjóðsins. Einnig er heimilt að lengja lánstíma á lánum Íbúðalánasjóðs.

Lántakendur almennra lána skv. VI. kafla laga um húsnæðismál, viðbótarlána skv. VII. kafla sömu laga og lána sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið, sbr. 1. gr., geta fengið skuldbreytingalán eða frestun á greiðslum og/eða lengingu lánstíma. Heimilt er að beita þessum úrræðum saman.

Félög og félagasamtök sem fengið hafa lán til bygginga eða kaupa á íbúðum til leigu eiga eingöngu kost á frestun á greiðslum.

II. KAFLI

Almenn lán, viðbótarlán og lán samkvæmt eldri lögum.

4. gr.
Skilyrði.

Skilyrði greiðsluferfiðleikaaðstoðar eru eftirfarandi:

1. Að greiðsluferfiðleikar stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysi eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.
2. Að aðrir lánardrottmar umsækjanda samþykki einnig að veita aðstoð vegna greiðsluferfiðleika ef þörf er talin á því.
3. Að greiðslubyrði umsækjanda samkvæmt greiðslumati sé umfram greiðslugetu.
4. Að greiðslubyrði umsækjanda eftir skuldbreytingu og/eða frestun á greiðslum og/eða lengingu lánstíma rúmist innan greiðslugetu.

Ef ástæða greiðsluferfiðleika er tímabundin tekjulækkun skal í mati á greiðslugetu miða við tekjur umsækjanda áður en til tekjulækkunar kom.

5. gr.
Meðferð umsókna.

Félagsmálaráðuneytið og Íbúðalánasjóður gera sérstakt samkomulag við fjármálastofnanir og Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um form umsókna, um aðstoð vegna greiðsluvanda, meðferð þeirra og úrvinnslu.

Umsókn um aðstoð vegna greiðsluvanda skal senda fjármálastofnun, er fer yfir umsóknina og gerir tillögu til Íbúðalánasjóðs um úrlausn vandans.

Eigi umsækjandi í verulegum greiðsluvanda og sé kominn í þrot með fjármál sín eða mál telst að öðru leyti umfangsmikið að mati fjármálastofnunar vísar hún umsókn til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Að lokinni könnun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna á málinu gerir hún tillögu til Íbúðalánasjóðs og hlutaðeigandi fjármálastofnunar um úrlausn vandans.

6. gr.
Fylgigögn með umsókn.

Í umsókn um aðstoð vegna greiðsluvanda skal koma fram greinargott yfirlit yfir tekjur, eignir og fjárskuldbindingar umsækjanda ásamt skýringum á ástæðum vandans. Á umsóknareyðublaði, sbr. 1. mgr. 5. gr. skulu tilgreind þau gögn, er fylgja skulu umsókn. Auk

þeirra skal umsækjandi leggja fram þau gögn, sem nauðsynleg eru til þess að afgreiða umsókn hans og sérstaklega kann að verða óskað eftir.

Umsækjandi gefur með undirritun yfirlýsingar, fjármálastofnun eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, heimild til að afla nauðsynlegra gagna og upplýsinga, skv. 1. mgr.

7. gr.

Upplýsingar um greiðslubyrði.

Þeir aðilar sem fjalla um umsóknir um aðstoð vegna greiðsluvanda, sbr. 2. og 3. mgr. 5. gr., skulu ávallt gera umsækjanda rækilega grein fyrir greiðslubyrði hans af skuldbreytingalánum og vegna frestunar á greiðslum til viðbótar við aðrar fjárskuldbindingar að teknu tilliti til framfærslukostnaðar heimilisins í heild sinni.

Að fengnum upplýsingum um fjárhagsstöðu sína, skv. 1. mgr. metur umsækjandi hvort hann telji skuldbreytingu og/eða frestun á greiðslum æskilegasta kostinn.

8. gr.

Ákvörðun Íbúðalánasjóðs.

Að fengnum tillögum fjármálastofnunar eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, sbr. 3. mgr. 5. gr., tekur Íbúðalánasjóður ákvörðun um aðstoð vegna greiðsluvanda.

Íbúðalánasjóður getur bundið ákvörðun sína, skv. 1. mgr. skilyrðum um að umsækjandi nýti sér greiðsluþjónustu fjármálastofnunar á meðan aðstoð varir.

Íbúðalánasjóður leitar samþykkis Varasjóðs viðbótarlána áður en samþykkt er aðstoð skv. 3. gr. til lánþega vegna lána sjóðsins sem eru með veði í íbúð sem viðbótarlán hvílir á.

9. gr.

Skilmálar skuldbreytinga.

Skuldbreytingalán vanskila skal tryggt með sama veðrétti og það lán sem er í vanskilum eða á síðasta veðrétti í óslitinni veðröð lána Íbúðalánasjóðs.

Skilmálar skuldbreytingalána skulu vera þeir sömu og viðkomandi lána sem eru í vanskilum nema að því er varðar lánstímann, sem er allt að 15 ár eftir þörf hverju sinni, og ákvörðun vaxta. Skuldbreytingalán bera meðalvexti lána Íbúðalánasjóðs í vanskilum.

Greiðsla afborgana af skuldbreytingalánnum, ásamt vöxtum og verðbótum, skal vera mánaðarleg og hefjast að jafnaði í byrjun þarnaesta mánaðar eftir útgáfudag skuldabréfs.

Skuldbreyting tekur gildi þegar þinglýst skuldabréf hefur borist Íbúðalánasjóði.

10. gr.

Skilmálar greiðslufrestunar.

Heimilt er að fresta greiðslum af lánnum í allt að 3 ár. Þegar greiðslum af láni er frestað bætast áfallnir vextir við höfuðstól lánsins. Upprunalegur lánstími helst óbreyttur. Að frestun lokinni reiknast ný jafngreiðsla (annuitet).

Skilmálabreyting vegna frestunar greiðslna er gerð með viðauka við það skuldabréf sem greiðslum er frestað á.

Skilyrði fyrir frestun á greiðslum af láni er að það sé í skilum.

11. gr.

Skilmálar lengingar lánstíma.

Heimilt er að lengja upphaflegan lánstíma lána Íbúðalánasjóðs hjá hverjum lánþega um allt að 15 ár. Hámarkslánstími hvers láns má þó aldrei vera lengri en 55 ár.

Skilmálabreyting vegna lengingar lánstíma er gerð með viðauka við það/þau skuldabréf

sem lánstími er lengdur á. Skilmálabreytingin tekur gildi þegar þinglýstur viðauki hefur borist Íbúðalánasjóði.

Skilyrði fyrir lengingu lánstíma er að lánið sé í skilum.

III. KAFLI

Lán til leiguíbúða og eldri lán.

12. gr.

Félög og félagasamtök.

Félög og félagasamtök, sem fengið hafa lán til byggingar leiguhúsnaðis, almenn lán skv. VI. kafla laga um húsnæðismál, lán til leiguíbúða skv. VIII. kafla sömu laga eða lán til leiguíbúða sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið skv. 53. gr. sömu laga, geta fengið frestun á greiðslum vegna tímabundins greiðsluvanda.

13. gr.

Umsóknir.

Með umsókn um frestun lána til Íbúðalánasjóðs skal fylgja greinargerð um eðli greiðsluvandans og orsök hans og á hvern hátt frestun á greiðslum lána sé þáttur í heildarlausn vandans. Jafnframt fylgi þau gögn sem Íbúðalánasjóður telur nauðsynleg.

14. gr.

Skilyrði.

Skilyrði frestunar er að greiðsluvandi sé tilkominn vegna ófyrirséðra atvika eða vegna endurskipulagningar á fjárhag félaga eða félagasamtaka enda þyki slík aðstoð líkleg til að leysa greiðsluvanda.

15. gr.

Skilmálabreyting.

Samþykki Íbúðalánasjóður frestun á greiðslum skal skilmálabreyting vegna frestunarinnar gerð með viðauka við það skuldabréf sem greiðslum er frestað á.

Viðaukanum skal þinglýst og tekur frestunin gildi þegar þinglýst skjal hefur borist Íbúðalánasjóði.

16. gr.

Tímabundin frestun.

Heimilt er að fresta greiðslum af lánum í allt að 3 ár. Þegar greiðslum af láni er frestað bætast áfallnir vextir og verðbætur við höfuðstól lánsins. Lánstími lengist sem nemur frestunartíma. Að frestun lokinni reiknast ný jafngreiðsla (annuitet).

Skilyrði fyrir frestun á greiðslum af láni er að það sé í skilum.

IV. KAFLI

Meðferð ágreiningsmála.

17. gr.

Telji einhver á rétt sinn hallað með ákvörðun Íbúðalánasjóðs, skv. 8. gr. eða 14. gr., getur hann skotið slíkri ákvörðun til kærunefndar húsnæðismála.

V. KAFLI

Gildistaka.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 16. gr., sbr. 48. og 50. gr. laga nr. 44/1998,

um húsnæðismál, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 225/1999, um úrræði til að bregðast við greiðsluvanda vegna lána Íbúðalánasjóðs.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. júlí 2001.

Páll Pétursson.

Óskar Páll Óskarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag skólareits á Hvammstanga, Húnaþingi vestra.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti 25. júní 2001 deiliskipulag fyrir svokallaðan skólareit, svæði grunnskóla og íþróttamannavirkja á Hvammstanga. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. ákvæðum 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Ofangreint deiliskipulag öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 19. júlí 2001.

Haraldur V. Haraldsson, skipulags- og byggingafulltrúi.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Vatnsleysustrandarhrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Vatnsleysustrandarhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá hreppnum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.

II. KAFLI

Um fundarskóp hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00 nema hreppsnefnd ákveði annað. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í hreppsnefndinni sem á að baki lengstu setu í hreppsnefnd kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn átt jafnlengi setu í hreppsnefnd fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 14. gr., boðar hreppsnefndarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefndin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum hreppsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar hreppsins hafi greiðan aðgang að auglýsingu.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefndin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum hreppsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.
2. Fundargerðir, nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn.

12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum hreppsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu hreppsins, skrifstofu hreppsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddviti á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

17. gr.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefndin ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefnd enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.

4. Áætlanir fyrir hreppinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórn málaflökkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í hreppsnefnd.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundi.

23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hún fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga hreppsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala.

25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð hreppsnefndar, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigsalum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmann sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddviti að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af údrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les

upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarinnar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Afrit af fundargerðinni er síðan afhent fundarmönnum í lok fundar. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum hreppsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem

hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. hreppsnefndarlaga.

Missi fulltrúi í hreppsnefnd kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins sam-

kvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalar-kostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefndin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefnd.

51. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnarnefnd*. Einn aðalmann og annar til vara í almannavarnarnefnd Suðurnesja skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Barnaverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992.
3. *Búfjárefirlitsmaður*. Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.
4. *Félagsmálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndin fer jafnframt með húsnæðismál skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
5. *Fræðslunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994, skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
6. *Hafnarstjórn*. Einn aðalmaður og annar til vara í stjórn Hafnarsamlags Suðurnesja skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
7. *Heilbrigðisnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara í stjórn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
8. *Jafnréttisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Verður felld undir félagsmálanefnd
9. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
10. *Náttúruverndarnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara í stjórn náttúruverndarnefndar Suðurnesja skv. 10. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.
11. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin fer jafnframt með umferðarmál, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
12. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörmir á fyrsta fundi nýkjörinnar hreppsnefndar).
13. *Þjónustuhópur aldraðra*. Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum tilnefnir í þjónustuhóp aldraðra, sbr. lög um málefni aldraðra nr. 125/1999, samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna þar um.

52. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

53. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórn þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

54. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum hreppsnefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefndina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og málefna hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefndin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki hreppsnefndarinnar þarf til. Sveitarstjóra er heimilt með samþykki hreppsnefndarinnar að veita öðrum starfsmanni hreppsins prókúru.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Sveitarstjóri ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

55. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum, svo sem yfirmenn stofnana og veitir þeim laun frá störfum.

56. gr.

Forstöðumenn stofnana ráða aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 62. gr. nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem hreppsnefnd hefur sett.

57. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

58. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

59. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld hreppsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

60. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 66. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

61. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundi, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í hreppsnefnd með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

62. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

63. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 66. gr. og þriggja ára áætlun skv. 69. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 68. gr.

64. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana hreppsins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps hefur sett samkvæmt

ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Vatnsleysustrandarhrepps nr. 139/1988, sbr. samþykktir nr. 333/1988 og 412/1991.

Félagsmálaráðuneytinu, 4. júlí 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um sérstakt svæðisskipulag fyrir ljósleiðara frá Vatnsfelli til Akureyrar.

Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 19. júlí 2001 staðfest sérstakt svæðisskipulag fyrir ljósleiðara frá Vatnsfelli til Akureyrar.

Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir ljósleiðara frá Vatnsfellsvirkjun til Akureyrar til gagnaflutninga milli Reykjavíkur og Akureyrar en strengur hefur þegar verið lagður frá Reykjavík til Vatnsfells. Ljósleiðarinn fer um fimm sveitarfélög; Ásahrepp, Bárðdælahrepp, Hálshrepp, Eyjafjarðarsveit og Akureyrarbæ.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Umhverfissráðuneytinu, 19. júlí 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hersir Gíslason.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt Eyrarsveitar nr. 120 2. mars 1994.

1. gr.

59. gr. orðist svo:

Allir almennir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 01.00 til kl. 06.00 að morgni; þó er heimilt að hafa opið til kl. 04.00 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Heimilt er að selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Endurprentað blað.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarsveitar, hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1998, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. júlí 2001.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Þór Ólason.

REGLUGERÐ

um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Reykjaness í Sandgerði.

1. gr.

Starfrækt skal Náttúrustofa Reykjaness í Sandgerði. Sandgerðisbær, Grindavíkurbær og önnur sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi sem kunna að gerast aðilar að stofunni, eiga og reka stofuna með stuðningi ríkissjóðs.

Ríkissjóður greiðir laun forstöðumanns í fullu starfi. Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar vegna húsnæðis- eða leigukostnaðar, eigi það við, innréttinga og bóka- og tækjakaupa getur numið allt að helmingi kostnaðar og fer eftir því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni, enda liggja fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Ríkissjóður er eigandi þess framlags sem hann leggur til stofnkostnaðar.

2. gr.

Auk framlags skv. 1. gr. hefur stofan tekjur af útseldri vinnu og annarri gjaldhæfri þjónustu. Renna þær óskiptar til stofunnar og hafa ekki áhrif á framlög ríkissjóðs og heimaaðila skv. 1. gr.

3. gr.

Þær eignir sem til stofnkostnaðar teljast skulu aðeins nýttar í þágu stofunnar nema fyrir liggja samþykki ráðuneytisins um annað.

4. gr.

Hlutverk Náttúrustofu Reykjaness í Sandgerði er:

- a) að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Reykjaneskjördæmis,
- b) að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúruvísindum og skal einkum lögð áhersla á Reykjanesskagann og sérstöðu náttúrufars á þeim slóðum,
- c) að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir almenning og í skólum í Reykjaneskjördæmi,
- d) að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- e) að veita sveitarfélögum í Reykjaneskjördæmi umbeðna aðstoð og ráðgjöf á

verksviði stofunnar m.a. vegna nýtingar náttúrulegra auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, enda komi greiðsla fyrir.

5. gr.

Heimilt er Náttúrustofu Reykjaness með sérstökum samningi að gerast aðili að sýningarsafni en fjárhagur hennar og safnsins skal vera aðskilinn.

6. gr.

Yfir Náttúrustofu Reykjaness skal starfa sérstök stjórn, skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Eigendur í héraði tilnefna tvo en ráðherra einn og skal hann vera formaður. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími stjórna er milli reglulegra sveitarstjórnarkosninga. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með rekstri stofunnar, fjalla um og samþykka fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag hennar og starfsemi.

Allur kostnaður vegna starfa stjórnarinnar greiðist af stofunni.

7. gr.

Stjórn stofunnar ræður forstöðumann í fullt starf. Hann skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða sambærilega þekkingu. Hann stjórnar daglegum rekstri stofunnar, gerir fjárhags- og starfsáætlanir, fer með fjármálagleg samskipti fyrir hönd stjórnar, ræður að henni starfslíð með samþykki stjórnar og er í fyrirsvari fyrir stofuna.

Forstöðumaður skal sækja lögbundna fundi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa til að samræma starfsemina og greina frá niðurstöðum rannsókna sem unnar hafa verið á stofunni.

8. gr.

Til að sinna hlutverki stofunnar skal sérfræðingum og aðstoðarmönnum þeirra á stofunni sem stunda almennar náttúruvannsóknir eða söfnun náttúrugripa og annarra heimilda um náttúruna, frjáls för um lönd manna en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða náttúrugripa sem fématir eru fyrir landeiganda eða aðra réttihafa lands.

Komi í ljós við rannsókn verðmæti sem áður voru ókunn ber rannsakanda að tilkynna réttihafa þess lands þar sem verðmætin eru.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 12. og 16. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 24. júlí 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hersir Gíslason.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um setningu reglna um þjóðernis- og skrásetningarmarki íslenskra loftfara, nr. 176/1983.

1. gr.

Grein 2.1. skal hljóða svo: Þjóðernis- og skrásetningarmarki skulu sett saman úr röð bókstafa eða tölustafa.

Grein 2.4. skal hljóða svo: Skrásetningarmarkið skal vera röð þriggja bókstafa eða tölustafa, sem skrásetjari loftfara hefur úthlutað loftfarinu. Óheimilt er að blanda saman tölustöfum og bókstöfum í skrásetningarmarki annarra loftfara en loftfara án útgefins tegundarskírteinis.

Í grein 4 eftir fyrirsögn skal málsliðurinn vera: Bókstafir eða tölustafir í hverri einstakri merkjaröð skulu vera jafnir að stærð.

Eftirfarandi málsliður bætist við grein 5.1.: Tölustafir skulu vera arabískir tölustafir án útflúrs.

Grein 5.2. skal hljóða svo: Breidd sérhvers stafs, nema bókstafsins I og tölustafsins 1, svo og lengd bandstriksins, skal vera tveir þriðju hlutar hæðar stafsins.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 145. gr., sbr. 9. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, ásamt síðari breytingum og tekur gildi við birtingu.

Samgönguráðuneytinu, 10. júlí 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Fossland.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann 22. maí 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð í landi Eyrarlands. Skipulagssvæðið fær nafnið *Fossland* og þar er gert ráð fyrir 5 íbúðarhúsum.

Brúnahlíð.

Þá hefur sveitarstjórn með vísan til sömu laga samþykkt þann 26. júní 2001 deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð í landi Brúarlands. Skipulagssvæðið fær nafnið *Brúnahlíð* og þar er gert ráð fyrir 8 íbúðarhúsum.

Uppdrættir og skipulagsskilmálar hafa fengið þá meðferð sem fyrrgreind lög segja fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 20. júlí 2001.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

1. gr.

6. mgr. 3. gr. orðist svo: 3.6 Búfjárskarn er úrgangur, s.s. skítur, hland og mykja, frá búfjárhaldi.

2. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo: 5.2 Losun úrgangs frá búfjárframleiðslu í yfirborðsvatn er óheimil.

3. gr.

Við 5. gr bætist við ný málsgrein sem orðist svo: 5.3 Um losun efna og skólps frá landbúnaði í fráveitur og viðtaka fer samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns.

4. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

7.1 Í starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda búfjárframleiðslu skulu vera ákvæði um söfnun og geymslu búfjárskarns og dreifingu búfjáraburðar sem taki mið af starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr. Við það skal miðað að dreifing búfjáraburðar fari að jafnaði fram á tímabilinu 15. mars til 1. nóvember ár hvert og að jafnaði sé ekki dreift á frosna jörð.

5. gr.

2. mgr. 7. gr. orðist svo:

7.2 Í umsókn um starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda búfjárframleiðslu geri fyrirtækið grein fyrir söfnun og geymslu búfjárskarns og dreifingu búfjáraburðar. Einnig ráðstafanir fyrirtækisins til vatnsverndar og til að draga úr óþægindum m.a. vegna lyktarvandamála vegna geymslu búfjárskarns og dreifingar búfjáraburðar. Áætlanir fyrirtækisins taki mið af starfsreglum um góða búskaparhætti, sbr. 14. gr.

6. gr.

Tölul. 2. í 1. tölul. í Viðauka III orðist svo: 2. stærð geymslurýmis undir búfjárskarn. Rýmið þarf að taka meira rúmmál en safnast fyrir á lengsta tímabilinu sem áburðargjöf er bönnuð. Þetta gildir á svæðum sem hafa lítið viðnám gegn mengun, nema hægt sé að sýna eftirlitsaðilum fram á að magni umfram geymslugetu verði fargað á þann hátt að umhverfið spillist ekki,

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt 9. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 13. júlí 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um rotþrær fyrir Reykjavík.

Gildissvið og almenn ákvæði.

1. gr.

Skólp frá sérhverri húseign í Reykjavík, sem ekki er unnt að tengja við holræsi borgarinnar, skal leiða um rotþró. Umsókn um byggingu eða endurgerð rotþróar skal senda til Gatnamálastjórans í Reykjavík ásamt sérteikningum sem sýni gerð og staðsetningu og skal hann leita samþykkis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um hönnun, gerð, stærð og staðsetningu rotþróarinnar.

2. gr.

Í rotþró skal leiða skólp, baðvatn og þvottavatn og úr öllum niðurföllum innanhúss og niðurfalli við bílgeymslu utanhúss. Ekki skal leiða afrennsli frá ofnum eða afbræðslukerfum í rotþró nema með samþykki Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Ekki skal leiða þakvatn og annað yfirborðsvatn í rotþró.

Frágangur rotþróar.

3. gr.

Staðsetja skal rotþró að lágmarki í 5 m fjarlægð frá húseign sem hún á að tengjast og skal þróin sett niður innan lóðar hússins ásamt viðkomandi situr- og/eða sandsíulögn, sbr. „Leiðbeinandi reglur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um rotþrær“. Fjarlægð í mörk aðliggjandi lóðar skal aldrei vera minni en 5 m. Verði rotþró eða viðkomandi situr- eða sandsíulögn ekki komið niður innan lóðar viðkomandi húseignar skal leita samþykkis aðliggjandi lóðarhafa.

Allar lagnir til og frá rotþró skulu lagðar nægilega djúpt í jörðu svo að þær séu ætíð frostfríar. Vatnsyfirborð rotþróar skal sömuleiðis ná niður fyrir frost eða að lágmarki 1 m undir yfirborð.

Frárennsli rotþróar.

4. gr.

Fráveituvatni úr rotþró skal veitt í útloftaða situr- og/eða sandsíulögn. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur veitt undanþágu til að afrennsli rotþróar fari í grjótpúkk, verði öðru ekki við komið, en þó aldrei á vatnsverndarsvæðum. Frárennislögn að rotþró skal vera útloftuð. Frekari leiðbeinandi reglur um frágang frárennislagna rotþróar eru í „Leiðbeinandi reglum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um rotþrær“.

Rekstur rotþróar.

5. gr.

Rotþró skal hreinsa í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar. Eingöngu aðilar með starfsleyfi til holræsaheinsunar, skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, skulu annast framkvæmdina. Rotþróarseyru skal farga á viðurkenndan hátt og í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

Rotþró skal hreinsa eftir þörfum en þó aldrei sjaldnar en á þriggja ára fresti. Hægt er þó að mæla fyrir um örari hreinsun, sbr. „Leiðbeinandi reglur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um rotþrær“.

Rotþró og siturlögn skal yfirfara á þriggja ára fresti af fagmanni á vegum eiganda eða Gatnamálastjórans í Reykjavík, eftir því hvort við á, og skal rekstraraðili skila skriflegum niðurstöðum til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Húseigandi skal sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni.

6. gr.

Reykjavíkurborg eða aðila á hennar vegum er heimilt að annast hreinsun rotþróar í samræmi við ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur gegn greiðslu holræsagjalds samkvæmt gjaldskrá sem sett er í samræmi við 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Heimilt er að innheimta aukaholræsagjald af þeim húseiganda, þar sem hreinsun rotþróar er óvenju kostnaðarsöm, einnig ef um sérstaka rotþró við útihús er að ræða eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar tíðni hreinsunar. Gjald þetta skal þó aldrei vera hærra en sem nemur sannanlegum kostnaði við verkið.

7. gr.

Eigandi húseignar sem tengd er rotþró, en greiðir ekki holræsagjald af húseigninni, skal sjálfur kosta hreinsun á eigin rotþró. Hreinsunin skal þá framkvæmd af aðila sem starfsleyfi hefur til holræsahreinsunar, sbr. 5. gr. Eigandi skal geyma viðurkenningu frá hreinsunaraðila um að hreinsun hafi farið fram og skal sýna hana eftirlitsaðila þegar eftir er leitað. Þegar rekstur rotþróar er lagður niður skal eigandi húseignar sem tengd er rotþró tilkynna það til Gatnamálastjórans í Reykjavík sem tilkynnir það Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Verndarsvæði vatnsbóla.

8. gr.

Um rotþrær staðsettar á verndarsvæðum vatnsbóla gilda ákvæði samþykktar nr. 636/1997 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma, Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðarhrepps og Hafnarfjarðar.

Málsskot/Viðurlög.

9. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd samþykktar þessarar er heimilt að skjóta málinu til heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um málsskot samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Lagastoð og gildistaka.

10. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Frá sama tíma fellur úr gildi 32. gr. reglugerðar um holræsi í Reykjavík frá 16. september 1960.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Eigendur þeirra húseigna sem ekki tengjast holræsakerfi Reykjavíkurborgar við útgáfu samþykktar þessarar hafa frest til 1. janúar 2003 til að uppfylla ákvæði hennar.

Umhverfisráðuneytinu, 12. júlí 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfsháttu
örorkunefndar nr. 335 16. ágúst 1993 með síðari breytingum.

1. gr.

6. gr., sbr. reglugerð nr. 19 4. janúar 1996, orðist svo:

Gjald fyrir álit samkvæmt 1. gr. greiðist í ríkissjóð og skal vera sem hér segir:

1. Gjald fyrir mat á afleiðingum slyss fyrir 1. maí 1999, kr. 70.000.
2. Gjald fyrir mat á afleiðingum slyss eftir 1. maí 1999 í tilvikum þar sem aðilar eru sammála um að leggja matsbeiðni fyrir örorkunefnd án undanfarandi mats annarra, kr. 70.000.
3. Gjald fyrir mat á afleiðingum slyss eftir 1. maí 1999, þar sem óskað er endurskoðunar á mati sem aðrir hafa framkvæmt, kr. 110.000.
4. Gjald fyrir meðferð á beiðni um endurupptöku máls, kr. 40.000.

Greiðsla skal fylgja beiðni og er hún óendurkræf þótt nefndin kunní að vísa beiðni frá sér.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 10 gr. skaðabótalaga nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 37/1999, öðlast gildi 1. ágúst 2001.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. júlí 2001.

F. h. r.

Sólveig Pétursdóttir

Ólafur W. Stefánsson

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp
Gerðahrepps nr. 440/2000.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 51. gr. samþykktarinnar:

- a. Í stað núverandi 11. tölul. (*Leikskólanefnd*) kemur: *Skólanefnd Gerðahrepps*: Fimm aðalmenn og jafn margir til vara. Nefndin fer með málefni grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla, sbr. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994, 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
- b. 13. og 14. tölul. falla brott.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Gerðahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. júlí 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella, nr. 856, 28. nóvember 2000.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella er taki gildi 1. ágúst 2001.

Allt vatn skv. 4. gr. sem selt er samkvæmt mæli hækki um	4,0%
Öll önnur gjöld hækki um	4,9%

Iðnaðarráðuneytinu, 18. júlí 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Atli Freyr Guðmundsson.

GJALDSKRÁ

Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Bæjarveitur Vestmannaeyja láta hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi þeirra, í té vatnsmagn sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Bæjarveitur Vestmannaeyja, og hitaþletir séu nægilega stórir að dómi bæjarveitna.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli:

	Kr.
Heimili	70,45
Önnur notkun	110,83

fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

4. gr.

Bæjarveitum er heimilt að selja afnot vatnsins á grundvelli orku- og rennslismælingar. Greiðist þá:

	Kr.
Heimili	1,17
Önnur notkun	1,84

fyrir hverja kílowattstund samkvæmt orkumæli og

	Kr.
Heimili	17,62
Önnur notkun	27,72
fyrir hvern rúmmetra vatns samkvæmt rennismæli.	

5. gr.

Þegar afnot af hitaveitunni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Bæjarveitur leigja vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á ári:

Kr.

a) Fyrir mæla allt að 3/4"	9.035
b) Fyrir mæla allt að 2"	18.000
c) Fyrir mæla allt að 3"	36.086
d) Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.	

7. gr.

Gjöld skv. 3. – 6. gr. innheimta Bæjarveitur Vestmannaeyja og er heimilt að krefja þau mánaðarlega.

Gjalddagi á greiðslum fyrir vatnsnotkun og mælaleigu er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Greiðslustöðu skal getið á reikningnum eða tilkynningu.

Það eru vanskil ef gjöld eru ekki að fullu greidd á eindaga.

III. KAFLI

8. gr.

Fyrir öll hús sem tengd eru hitaveitunni skal greiða heimæðargjald. Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

RÚMMÁL HÚSS (m³)
(UTANMÁL)

	Kr.
Allt að 400	132.145
400 að 2000	132.145
2000 að 6000	301.016
6000 að 10000	657.030
Meira en 10000	974.982

Fyrir 400 m³ + 105,51 kr/m³ þar yfir

Fyrir 2000 m³ + 89,06 kr/m³ þar yfir

Fyrir 6000 m³ + 79,42 kr/m³ þar yfir

Fyrir 10000 m³ + 68,94 kr/m³ þar yfir

Heimæðargjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr.

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta:

	Kr.
a) Fyrir mæli allt að 3/4"	19.392
b) Fyrir mæli allt að 2"	38.784
c) Fyrir mæli allt að 3"	77.732

10. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Bæjarveitunum er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskránni til samræmis við nefnda vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd.

11. gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins. Greiðslustaður heimæðagjalda er á skrifstofu Bæjarveitna Vestmannaeyja.

IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Bæjarveitur hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi sem vangreidd eru af gjöld.

Lokun skal tilkynna með a.m.k. 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið 1.503,00 kr. fyrir hvert skipti.

14. gr.

Einungis starfsmönnum hitaveitunnar er heimilt að breyta innsigliðum tengihlutum veitunnar.

15. gr.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

16. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 2001 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 670, 22. sept. 2000.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. júlí 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Atli Freyr Guðmundsson.

GJALDSKRÁ

Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku.

I. RAFORKA.

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Almenn notkun.

A1. Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	7,03 kr./kWh
Fastagjald	2.518 kr./a

C. Afl- og orkumæling.

C2 Um kW/kWh-mæli, enda sé málaun tækja yfir 40 kW.

Aflgjald	11.719 kr./kW/a
Orkugjald	2,80 kr./kWh
Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá.	

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mín. meðalálag ársins. Á tímabilinu 16. maí – 15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.

Ofangreindur taxti fylgir kaupverði Bæjarveitna Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning bæjarveitna sé samkvæmt ákvörðun hverju sinni.

Orkugjald miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

D. Hitun.

D1. Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald	4,31 kr./kWh
Fastagjald	3.798 kr./a

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um.

D4. Til hitunar.

Orkugjald	3,91 kr./kWh
Fastagjald	3.798 kr./a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru: Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi veitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum veitustjóra, en kostaður af notanda. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafli og ársorkuþörf þess húsrýmis sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

F2. Vinnuljós.

Orkugjald	7,03 kr./kWh
Fastagjald	2.518 kr./a

Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

F5. Gatnalýsing.

Aflgjald..... 21.815 kr./kW/a

Af uppsettu afli til götu- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxa C2 og 3600 h. nýtingartíma á ári. Leggi bæjarveitur til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiði notandi aðrar kr. 21.815,00 kW/a fyrir þá þjónustu.

II. MÆLALEIGA.

Bæjarveitur leigja mælitæki við því verði sem hér segir:

	kr./a
1. Einfasa kWh-mælir	487
2. Þrífasa kWh-mælir	1.846
3. Þrífasa kWh-mælir með straumspennumæli.....	3.118
4. Þrífasa kW/kWh-mælir	3.118
5. Þrífasa kW/kWh-mælir með straumspennumæli.....	4.964

Af öðrum mælitækjum, en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

MÁLSTRAUMUR:	STOFNGJALD:	LENGDARGJALD (1):
MÁLRAUN	KR.	KR./M
63 A einfasa	56.466	1.736
63 A þrífasa	61.946	1.736
100 A þrífasa	98.280	2.125
200 A þrífasa	203.231	2.553
315 A þrífasa	306.752	Skv. kostnaði
400 A þrífasa	387.401	–
710 A þrífasa	703.443	–
1200 A þrífasa	1.193.055	–

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

MÁLSTRAUMUR:	STOFNGJALD:	JARÐSTRENGUR (KR./M)	LENGDARGJALD (1) (2)
63 A einfasa	11.059		1.736
63 A þrífasa	15.391		1.736
100 A þrífasa	16.339		2.125

A merkir málstraum stofnvara í amper, kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sérstaka spennistöð er að ræða.

Lengdargjald.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug.

Stærð:	Verð
63 A.....	kr./m: 1.500
100 A.....	2.000

Stærri heimtaugar skulu greiðast samkvæmt kostnaði.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínu í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðar-ákvæðum um lokun, skal greiða fyrir endurofnun kr. 1.347.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 1.347 á skrifstofu bæjarveitna.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og aðra þjónustu, sem bæjarveitur veita, að ósk notanda, skal greiða gjald kr. 1.347.
4. Fyrir þá þjónustu bæjarveitna sem veitt er utan venjubundins vinnutíma skal notandi aldrei greiða lægra gjald en sem samsvarar þreföldu gjaldi skv. 3. lið þessa kafla. Vari þjónustan lengur en 3 klst. skal greiða aukalega fyrir hverja klst. er samsvarar yfirvinnukaupi viðkomandi starfsmanna með launatengdum gjöldum.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðar-ráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.

5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágan ársnýtingartíma, geta Bæjarveitur Vestmannaeyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárlíði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 2001 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 32, 12. janúar 1998, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. júlí 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Atli Freyr Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um vaktstöður um borð í íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um vaktir um borð í íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum.

Farþegaskip er hvert það skip, skrásett sem farþegaskip, sem getur flutt fleiri en 12 farþega til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.

Flutningaskip er hvert það skip, skrásett sem flutningaskip, er siglir með varning til og frá landinu, milli hafna innan lands og utan.

2. gr.

Vaktstaða.

Þeir sem standa vaktir skulu fylgja ákvæðum þessarar reglugerðar um vaktstöður.

Skipstjóri skal tryggja að fyrirkomulag vakta sé á þann veg að ávallt sé staðin örugg vakt um borð, hvort sem skipið er á siglingu, í höfn, á legu eða við akkeri. Undir yfirumsjón skipstjóra eru stýrimenn ábyrgir fyrir öruggri siglingu skipsins á sinni vakt og ber þeim sérstaklega að varast árekstur og strand.

Yfirvélstjóri er ábyrgur fyrir öruggri vakt í vélarrúmi og skal tryggja að vélstjóri sé tiltækur til að gegna vakt í ómönnuðu vélarrúmi og standa þar vaktir ef þörf krefur.

Þeir sem gegna starfi fjarskiptamanns eru á sinni vakt ábyrgir fyrir samfelldri hlustun á viðeigandi tíðnum.

Vaktir skulu þannig skipulagðar að þeir sem standa vakt séu ávallt vel hvíldir svo að ekki dragi úr árvekni þeirra. Sérstaklega skal þessa gætt við fyrstu vakt og í upphafi sjóferðar.

3. gr.

Um borð í íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum, þar sem stærð skips, farsvið og fjöldi í áhöfn leiðir til þess að ekki er unnt að uppfylla að öllu leyti kröfur reglugerðar þessarar um vaktstöður, skal reglunum fylgt eftir því sem aðstæður leyfa. Utan hafnar eða öruggs akkerislægis skal gæta þess að ávallt sé staðin örugg vakt. Sérstaklega er vakin

athygli á 2. hluta vaktreglnanna um siglingaáætlun, 3. hluta um vaktir á sjó, útvörð, skipun vakta, vaktaskipti og siglingavakt, einnig hluta 3-2 um grundvallaratriði vélstjórnarvaktar og hluta 3-3 um grundvallaratriði fjarskiptavaktar.

4. gr.

Refsiákvæði.

Um brot á reglugerð þessari fer eftir ákvæðum 15. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 17. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Reglugerðin er sett með hliðsjón af ákvæðum alþjóðasamþykktar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978 með síðari breytingum. Annars vegar er byggt á VIII. kafla í A-hluta alþjóðasamþykktarinnar sem samþykkt var á ráðstefnu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar árið 1995, „Vaktreglur“, sem er I. viðauki með reglugerð þessari og hins vegar á VIII. kafla í B-hluta alþjóðasamþykktarinnar „Leiðbeiningar um vaktreglur“, sem er II. viðauki með reglugerð þessari.

Samgönguráðuneytinu, 5. júlí 2001.

Sturla Böðvarsson.

•

Ragnhildur Hjaltadóttir.

I. VIÐAUKI

Vaktreglur.

Undirkafli A-VIII/1

Hæfni til skyldustarfa.

1. Öllum, sem er ætlað að standa vaktir, yfirmönnum sem aðstoðarmönnum, skal tryggja að minnsta kosti 10 klukkustunda hvíld á hverju 24 klukkustunda tímabili.
2. Hvíldartíma má ekki skipta upp í meira en tvo hluta og skal annar hvor hluti hvíldartímans vera a.m.k. 6 klukkustundir.
3. Víkja má frá skilyrðum sem krafist er í 1. og 2. tölulið um hvíldartíma í neyðartilvikum eða á æfingum eða ef það er afar brýnt vegna starfsemi skipsins.
4. Þrátt fyrir skilyrði sem um getur í 1. og 2. tölulið má stytta 10 klukkustunda lágmarkshvíldartíma, en þó ekki í færri en 6 samfelldar klukkustundir, svo fremi að slík stytting standi ekki lengur en í tvo daga og að tryggð sé a.m.k. 70 klukkustunda hvíld á hverju sjö daga tímabili.
5. Áætlun um vaktir skal sett upp þar sem auðvelt er að komast að henni til skoðunar og eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

Undirkafli A-VIII/2**Tilhögun vakta og grundvallaratriði sem ber að fara eftir.****1. HLUTI — SKÍRTEINI**

1. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglinga- eða þilfarsvakt skal hafa tilskilin skírteini í samræmi við lög um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001, öryggismönnunarskírteini skipsins og ákvæðin í II. eða VII. kafla alþjóðasamþykktarinnar eftir því sem við á um skyldustörf sem tengjast siglinga- eða þilfarsvakt.

2. Yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt skal hafa tilskilin skírteini í samræmi við lög um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001, öryggismönnunarskírteini skipsins og ákvæðin í III. eða VII. kafla alþjóðasamþykktarinnar eftir því sem við á um skyldustörf á vakt í vélarúmi.

2. HLUTI – SIGLINGAÁÆTLUN**Almennar kröfur.**

3. Væntanlega siglingaleið skal ákvarða fyrirfram og skal þá hafa til hliðsjónar og athuga allar handbærar upplýsingar um leiðina en allar stefnur sem hafa verið settar út í kort skal sannprófa og mæla upp áður en sjóferðin hefst.

4. Yfirvélstjóri á, í samráði við skipstjóra, að ákveða fyrirfram hvers þarf með vegna fyrirhugaðrar siglingar og skal þá taka tillit til hver þörf verður á eldsneyti, vatni, smurolium, kemískum efnum, neysluföngum og varahlutum af öllu tagi, verkfærum, birgðum og öðrum nauðsynjum.

Skipulagning fyrir hverja sjóferð.

5. Skipstjóri á hverju skipi skal áður en haldið er í sjóferð tryggja að áformuð siglingaleið frá brottfararhöfn til næstu hafnar hafi verið sett út í sjókort sem ná yfir leiðina. Við útsetningu siglingaleiðarinnar skal nota leiðrétt kort í réttum mælikvarða, leiðsögubækur og aðrar siglingahandbækur sem eru nauðsynlegar við fyrirhugaða sjóferð og hafa að geyma nákvæmar og fullkomnar upplýsingar, leiðréttar til siglingadags, um hindranir og hættur til lengri tíma litíð eða sem segja má fyrir um og máli skipta með tilliti til öruggrar siglingar skipsins.

Áformuð siglingaleið sett út og sannreynd.

6. Þegar áformuð siglingaleið er sannreynd með hliðsjón af öllum handbærum upplýsingum um leiðina skal áætluð siglingaleið vera greinilega sett út í þau kort sem við eiga og ætíð vera aðgengileg fyrir yfirmann á siglingavakt. Áður en breytt er um stefnu skal hann sannreyna hverja þá stefnu sem skipið á að sigla.

Frávik frá áformaðri siglingaleið.

7. Ef tekin er ákvörðun meðan á siglingu stendur um að komuhöfn verði önnur en siglingaáætlun gerir ráð fyrir eða ef nauðsynlegt er af öðrum ástæðum að breyta verulega frá áður áætlaðri siglingaleið skipsins skal gera nýja siglingaáætlun áður en gerð er veruleg stefnubreyting frá þeirri leið sem áður var áformuð.

3. HLUTI - VAKTIR Á SJÓ**Almenn grundvallaratriði um vaktir.**

8. Athygli útgerða, skipstjóra, yfirvélstjóra og þeirra sem ganga vaktir er beint að eftirfarandi grundvallaratriðum sem ber að hafa í huga til þess að tryggja að ávallt sé staðin örugg vakt.

9. Skipstjóra á hverju skipi er skylt að sjá um að fyrirkomulag vakta sé á þann veg að ávallt sé gengin örugg siglingavakt. Undir yfirmensjón skipstjóra eru yfirmenn sem bera ábyrgð á siglingavakt ábyrgir fyrir öruggri siglingu skipsins á sinni vakt og ber þeim sérstaklega að varast árekstur og strand.

10. Yfirvélstjóra á hverju skipi ber í samráði við skipstjóra að tryggja að fyrirkomulag vakta sé á þann veg að ávallt sér gengin örugg vakt í vélarúmi.

Umhverfisvernd - verndun hafs og sjávarstranda.

11. Skipstjóri, yfirmenn og aðstoðarmenn í brú og í vél skulu sérstaklega hafa í huga hinar alvarlegu afleiðingar sem mengun hafs og sjávarstranda vegna daglegs rekstrar skips eða óhappa geta haft. Þeir skulu gera allar hugsanlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir slíka mengun og sérstaklega í samræmi við og innan ramma viðeigandi alþjóðareglna og hafnarreglugerða.

Hluti 3-1 - Grundvallaratriði um varðstöðu á siglingavakt.

12. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt er fulltrúi skipstjóra og er ætíð og fyrst og fremst ábyrgur fyrir öruggri siglingu skipsins og að fylgt sé alþjóðasiglingareglunum frá 1972.

Útvörður.

13. Ætíð skal halda dyggilegan útvörð í samræmi við 5. reglu alþjóðasiglingareglanna frá 1972, en með dyggilegum útverði er markmiðið:

1. að gæta með stöðugri árvekni, jafnt með auga og eyra sem og öllum tiltækum tækjum, sérstaklega að öllum breytingum er geta skipt máli þar sem skipið er statt;
2. að leggja fullkomið mat á það sem er að gerast og hver hætta sé á árekstri, strandi og öðrum hættum fyrir siglingu skipsins;
3. að koma auga á skip eða flugvélar sem eru í nauðum stödd, skipreika fólk, flök, rekgóss og aðrar hættur fyrir örugga siglingu skipa.

14. Sá sem er á útverði skal halda dyggilegan útvörð og skal hann hvorki takast á hendur önnur skyldustörf né skulu honum falin störf sem gætu truflað hann við útvörðinn.

15. Skyldustörf útvarðar og þess sem stýrir er sitt hvort starfið og á ekki að telja þann sem stýrir útvörð nema á litlum skipum þar sem sjá má allt um kring þaðan sem stýrt er og ekkert dregur úr nætursjón eða torveldar dyggilegan útvörð. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt getur þegar dagsbirtu nýtur verið einn á útverði í brúnni að því tilskildu að í hvert skipti:

1. hafi aðstæður verið vandlega metnar og samkvæmt því talið öruggt að vera einn á útverði;
2. hafi verið tekið fullt tillit til allra þátta sem máli skipta, þar með talið en þó ekki endanlega upptalið:
 - veðurfars,
 - skyggis,
 - fjölda skipa og umferðar,
 - nálægðar hættu fyrir siglingar,
 - nauðsynlegrar árvekni, þegar siglt er á eða nærri aðskildum siglingaleiðum; og
3. umsvifalaust sé unnt að kalla til aðstoð í brúna ef nauðsyn krefur vegna breyttra aðstæðna.

16. Þegar skipstjóri ákveður skipun vakta til þess að tryggja stöðugan og dyggilegan útvörð verður hann að taka tillit til allra þátta sem máli skipta, þar með talið það sem nefnt er í þessum undirkafla viðaukans og eftirtalinna atriða:

1. skyggnis, veðurs og sjólags;
2. fjölda skipa á siglingaleið og annarra umsvifa þar sem skipið siglir;
3. árvekni, sem er brýn, þegar siglt er á eða nærri aðgreindum siglingaleiðum eða eftir öðrum fyrirmælum um ákveðna siglingaleið;
4. viðbótarvinnuálags vegna þeirra verkefna sem skipið er í, væntanlegra umsvifa og stjórtaka innan mjög skamms tíma;
5. starfshæfni allra í áhöfn skipsins sem eru á bakvakt og tilheyra vaktinni;
6. þekkingar og trausts á faglegrri hæfni yfirmanna og annarra í áhöfn skipsins;
7. reynslu yfirmanna sem bera ábyrgð á siglingavakt, þekkingar þeirra á útbúnaði skipsins, daglegum rekstri og vinnureglum ásamt því hvernig skipið lætur að stjórn;
8. umsvifa um borð á hverjum tíma, þar með talin fjarskipti og hvernig eigi umsvifalaust að kalla til aðstoð í brúnni, ef þess gerist þörf;
9. gangfærni allra tækja og stjórnþúnaðar í brú, þar með talin viðvörunarkerfi;
10. stjórtækja stýris og skrífu og hvernig skipið lætur að stjórn;
11. stærðar skipsins og sjónsviðs frá brú;
12. hvernig brúin er byggð og innréttuð með tilliti til þess að slíkt gæti komið í veg fyrir að þeir sem standa vakt sjái eða heyri hvað er að gerast í námunda við skipið; og
13. allra annarra gildandi öryggisreglna, fyrirmæla eða leiðbeininga sem varða fyrirkomulag vakta og starfshæfni vaktmanna og hafa verið samþykktar af Alþjóða-siglingamálastofnuninni.

Skipun vakta.

17. Þegar skipuð er vakt í brúnni, þar með taldir aðstoðarmenn, skal ásamt öðru hafa eftirtalin atriði í huga:

1. að brúin má aldrei vera mannlaus;
2. veðurskilyrði, skyggni, hvort hjart sé að degi eða dimmt af nóttu;
3. nálægð yfirvofandi hættu fyrir siglingar sem kann að gera það brýnt að stýrimaður á vakt fylgist enn nánar með siglingu skipsins;
4. notkun og ganghæfni siglingatækja eins og ratsjár eða annarra nútíma staðar-ákvörðunartækja, sem og allra tækja er koma að notum við örugga siglingu skipsins;
5. hvort skipið sé búið sjálfstýringu;
6. hvort sinna beri fjarskiptaskyldum;
7. fjarstýrð stjórtæki, viðvörunarkerfi og mæla í brú fyrir ómannað vélarúm ásamt notkunareglum þessa þúnaðar og takmörkunum;
8. óvenjulegt álag á þá sem standa siglingavakt vegna sérstakra aðstæðna og umsvifa við verkefni skipsins.

Vaktaskipti.

18. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt skal ekki skila af sér vaktinni til yfirmanns sem á að leysa hann af hafi hann ástæðu til að ætla að sá sem taka á við sé ófær um að gegna vaktskyldum sínum með fullnægjandi hætti og skal þetta tilkynnt skipstjóra.

19. Yfirmaður sem leysir af vaktina skal fullvissa sig um að þeir sem koma á vakt séu fullfærir um að standa vaktina, einkum skal þess gætt að sjón þeirra hafi aðlagð sig náttmyrkri. Yfirmenn sem leysa af skulu ekki taka við vaktinni fyrr en sjón þeirra hefur fullkomlega aðlagast birtuskilyrðum.

20. Áður en yfirmenn taka við vaktinni eiga þeir að fullvissa sig um ágiskaðan eða athugaðan stað skipsins, sannreyna áformaða haldna stefnu, stýrða stefnu og hraða og stillingu stjórtækja fyrir ómannað vélarúm eftir því sem við á og gæta að hvers konar hættum sem má búast við að mæta á áframhaldandi siglingu á þeirra vakt.

21. Yfirmenn sem leysa af vakt eiga sjálfir að ganga úr skugga um og fullvissa sig um varðandi siglingu skipsins sem er þó ekki tæmandi upptalning:

1. fastákveðnar skipanir og önnur sérstök fyrirmæli skipstjóra um siglingu skipsins;
2. stað, stefnu, hraða og djúpristu skipsins;
3. núverandi og væntanleg staða sjávarfalla, strauma, veðurs, skyggnis og hver áhrif það hefur á stefnu og hraða skipsins;
4. hvernig eigi að beita aðalvélum við stjórtök þegar stjórtæki aðalvéla eru stillt á stjórnun úr brú;
5. eftirfarandi mikilvæg atriði varðandi siglingu skipsins sem er þó ekki tæmandi upptalning:

- 5.1 hvort siglinga- og öryggistæki sem eru í notkun eða líklegt er að muni verða notuð á vaktinni séu gangfær og í lagi;
- 5.2 skekkjur á gýró- og seguláttavitum;
- 5.3 nærveru eða ferðir skipa í augsýn eða sem vitað er um í grennd við skipið;
- 5.4 aðstæður og hættur sem má búast við að mæta á vaktinni;
- 5.5 hugsanleg áhrif á djúpristu skipsins af síðu- og stafnhalla, frá lóðréttu sögi þegar skipið grefur sig á grunnsævi eða vegna breytts eðlismassa sjávar.

22. Ef beitt er stjórtökum, stefnu- eða hraðabreytingum eða ef gripið hefur verið til stjórtaka til þess að forðast yfirvofandi hættu í hvert skipti sem leysa á yfirmann á vakt af skal fresta vaktaskiptum þar til stjórtökum er lokið.

Siglingavakt.

23. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt skal:

1. standa vaktina í brúnni;
2. ekki víkja af stjórnþalli undir neinum kringumstæðum fyrr en hann hefur verið leystur af á viðunandi hátt;
3. þrátt fyrir nærveru skipstjóra á stjórnþalli vera áfram ábyrgur fyrir öruggri siglingu skipsins þar til skipstjóri tilkynnir honum sérstaklega að hann taki sjálfur ábyrgð á vaktinni og sé gagnkvæmur skilningur þeirra á milli á því; og
4. tilkynna skipstjóra ef hann er í nokkrum vafa um hvað gera skuli til þess að tryggja öryggi skipsins.

24. Til þess að tryggja að skipið sigli eftir útsettri stefnu skal öðru hverju og nægilega oft á hverri vakt sannreyna stýrða stefnu skipsins, stað þess og hraða með öllum tiltækum siglingatækjum sem nauðsynlegt er að nota.

25. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt skal vita nákvæmlega um staðsetningu allra öryggis- og siglingatækja um borð og þekkja til hlítar notkun þeirra og taka tillit til takmarkana þeirra.

26. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt skal ekki taka að sér né skulu honum falin nein þau skyldustörf sem gætu truflað örugga siglingu skipsins.

27. Yfirmenn sem bera ábyrgð á siglingavakt skulu nota til hins ýtrasta öll þau siglingatæki sem þeir hafa yfir að ráða.

28. Við notkun ratsjár skal yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt hafa í huga nauðsyn þess að fylgja í hvívetna þeim reglum og fyrirvörum um notkun ratsjár sem er að finna í gildandi alþjóðasiglingareglum.

29. Ef nauðsyn krefur skal sá sem ber ábyrgð á siglingavakt ekki hika við að beita stýri, aflvél skipsins og nota tæki til hljóðmerkjagjafa. Ef þess er kostur skal þó láta vita um fyrirhugaðar breytingar á hraða með nokkrum fyrirvara eða beita stjórnækjum aðalvélar í brú rétt og í samræmi við gildandi reglur um notkun stjórnækja fyrir ómannað vélarúm frá brú.

30. Yfirmenn sem bera ábyrgð á siglingavakt eiga að vita hvernig skipið lætur að stjórn við öll stjórnök, þar á meðal hver sé stöðvunarvegarengd skipsins, og þeim skal einnig vera ljóst að önnur skip geta látið að stjórn með öðrum hætti.

31. Á vaktinni skal halda nákvæma leiðarþók eða dagbók um allt sem tengist siglingu skipsins og því sem gerist um borð.

32. Afar brýnt er að yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt gæti þess að ávallt sé haldinn dyggilegur útvörður. Á skipi með sérstökum kortaklefa má yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt, ef brún þörf krefur, fara inn í kortaklefan í stutta stund til þess að sinna nauðsynlegum skyldustörfum sem tengjast siglingu skipsins en áður á hann að ganga úr skugga um að það sé óhætt og tryggja að haldinn sé dyggilegur útvörður.

33. Þegar aðstæður leyfa á siglingu skulu siglingatæki skipsins prófuð eins oft og unnt er, einkum þó áður en búast má við hættulegum aðstæðum. Þegar það á við skal skrá þessar prófanir í sérstaka bók. Slíkar prófanir skal einnig framkvæma áður en komið er til hafnar eða látið er úr höfn.

34. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt á að gæta reglulega að eftirfarandi og tryggja að:

1. sá sem er við stýrið eða sjálfstýringin haldi réttri stefnu;
2. skekkja á aðalkompás sé fundin a.m.k. einu sinni á vakt og þegar þess er kostur eftir hverja meiri háttar stefnubreytingu; bera iðulega saman aðalkompás og gýróáttavita og gæta þess að dótturkompásar séu samstilltir aðalgýróáttavita;
3. sjálfstýring sé reynd í handstillingu a.m.k. einu sinni á vakt;
4. siglinga- og merkjaljós og annar búnaður til siglingar skipsins sé í lagi og starfi eins og ætlast er til;
5. fjarskiptabúnaður sé í lagi og starfi eins og ætlast er til og í samræmi við það sem krafist er í 86. gr. í þessum vaktreglum;
6. stjórnækki, viðvörunarljós og mælar fyrir ómannað vélarúm séu í lagi og starfi eins og ætlast er til.

35. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt á að hafa hugfast að nauðsynlegt er að fylgja ætíð gildandi kröfum alþjóðasamþykktar um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) frá 1974*
* Sjá reglur V/19, V/19-1 og V/19-2. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt á að taka tillit til þess:

1. að nauðsynlegt verði að senda mann að stýrinu og stilla þurfi á handstýringu í tæka tíð til þess að bregðast nógu fljótt og af öryggi við hvers konar yfirvofandi hættu; og
2. að þegar skipi er stýrt með sjálfstýringu er stórhættulegt að láta atburðarás þróast á þann veg að hann sé án aðstoðar og verði að rjúfa samfellda vakt útvarðar þurfi hann að grípa til neyðarúræða.

36. Yfirmenn sem bera ábyrgð á siglingavakt eiga að þekkja til hlítar notkun allra raf-einasiglingatækja um borð, getu þeirra og takmarkanir og skulu þeir nota þessi tæki hvenær sem þurfa þykir og minnst þess að dýptarmælirinn er afar mikilvægt siglingatæki.

37. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt skal ætíð nota ratsjá í takmörkuðu skyggni eða þegar vænta má að dragi úr skyggni og ávallt þar sem er mikil umferð skipa og taka ætíð fullt tillit til takmarkana ratsjár.

38. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt skal gæta þess að fjarlægðarstillingu ratsjár sé breytt nógu oft til þess að endurvörp sjáist sem fyrst. Hafa skal hugfast að lítil eða dauf endurvörp koma ekki alltaf fram á sjónskífu ratsjár.

39. Við notkun ratsjár skal yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt gæta þess að velja ætíð rétta fjarlægðarstillingu, fylgjast vandlega með sjónskifunni og tryggja að útsetning ratsjár endurvarps eða kerfisbundin greining á endurvörpum sé hafin í tæka tíð.

40. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt á tafarlaust að tilkynna skipstjóra um eftirfarandi:

1. takmarkað skyggni eða að búast megi við takmörkuðu skyggni;
2. að aðstæður í umferðinni eða ferðir annarra skipa valdi honum áhyggjum;
3. að erfitt reynist að halda settri stefnu;
4. að land eða siglingamerki sjáist ekki á tilsettum tíma eða að dýptarmæling komi ekki heim og saman við áætlað dýpi;
5. að land eða siglingamerki hafi óvænt sést eða að óvænt breyting hafi orðið á dýpi;
6. bilun á vélum, fjarstýringu aðalvélar, stýrisvél, mikilvægum siglingatækjum, viðvörunarbúnaði eða mælum;
7. að fjarSKIPTABÚNAÐUR hafi bilað;
8. illviðri og að skipið gæti laskast af völdum veðurs;
9. ís, rekald eða annað sem skapar hættu á leið skipsins;
10. hvers konar neyðartilvik eða aðstæður þar sem hann er í vafa um hvað gera skuli.

41. Þó brýnt sé að yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt kalli umsvifalaust í skipstjóra við fyrrgreindar aðstæður á hann auk þess hiklaust og án tafar að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi skipsins þegar aðstæður krefjast þess.

42. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt skal gefa vaktmönnum viðeigandi fyrirmæli og veita þeim nauðsynlegar upplýsingar sem tryggi örugga vakt og dyggilegan útvörð. Hann skal ganga úr skugga um að öll fyrirmæli og upplýsingar séu rétt skilin.

Vakt við mismunandi aðstæður og á ólíkum hafsvæðum.

Bjartviðri.

43. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt á að taka tíðar og nákvæmar kompásmiðanir

af skipi sem nálgast til þess að gera sér sem fyrst ljósa grein fyrir því hvort hætta sé á árekstri. Slík hætta getur stundum verið fyrir hendi jafnvel þótt miðun breytist greinilega, einkum þegar nálgast er mjög stórt skip eða skip með annað í drætti eða þegar nálgast er skip sem er mjög skammt undan. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt á einnig, hiklaust og í tæka tíð, að grípa til stjórnataka í samræmi við alþjóðasiglingareglurnar frá 1972 og ganga síðan úr skugga um að slík stjórnök hafi borið tilætlaðan árangur.

44. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt skal ávallt þegar þess er kostur æfa siglingu með ratsjá í bjartviðri.

Takmarkað skyggni.

45. Í takmörkuðu skyggni eða ef búast má við takmörkuðu skyggni er það skylda yfirmanns sem ber ábyrgð á siglingavakt að fylgja gildandi alþjóðasiglingareglum frá 1972 og gæta sérstaklega að því að gefa þokumerki, sigla með öruggri ferð og hafa vélar viðbúnað tafarlausrí gangskiptingu. Auk þess ber yfirmanni á siglingavakt að:

1. hafa samband við skipstjóra;
2. setja öruggan útvörð;
3. kveikja siglingaljós; og
4. hafa ratsjána í gangi og nota hana.

Myrkur.

46. Þegar skipstjóri og yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt skipa útvörð skulu þeir taka fullt tillit til hvaða tæki eru í brúnni, hvaða siglingatæki eru tiltæk, takmarkanir þeirra, notkunareglur og fyrirmæli um öryggisráðstafanir.

Siglingar með ströndum fram og í mikilli umferð.

47. Nota skal sjókort í stærsta mælikvarða sem hentar yfir svæðið sem siglt er um og skal kortið vera leiðrétt samkvæmt nýjustu upplýsingum. Hvenær sem aðstæður leyfa skal gera tíðar staðarákvarðanir með fleiri en einni aðferð.

48. Yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt á að kunna glögg skil á öllum siglinga- og sjómerkjum sem við eiga og eru í notkun.

Sigt með hafnsögumann um borð.

49. Þrátt fyrir skyldur og ábyrgð hafnsögumanna leysir vera þeirra um borð ekki skipstjóra eða yfirmann sem ber ábyrgð á siglingavakt undan skyldum þeirra og ábyrgð varðandi öryggi skipsins. Skipstjóri og hafnsögumaður skulu skiptast á upplýsingum um tilhögun siglingarinnar og aðstæður á staðnum ásamt margs konar upplýsingum um skipið (farm, djúpristu, vélarstærð, siglingatæki, stjórnatæki, viðbrögð við stjórnökum o.fl.). Skipstjóri og/eða yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt skulu eiga náð samstarf við hafnsögumann, fylgjast með siglingunni og sannreyna stað skipsins.

50. Leiki vafi á um gerðir eða fyrirætlanir hafnsögumanns ber yfirmanni sem ber ábyrgð á siglingavakt að leita skýringa hjá hafnsögumanni og efist hann eftir sem áður skal hann tafarlaust gera skipstjóra viðvart og grípa jafnframt til allra nauðsynlegra úrræða áður en skipstjóri kemur á stjórnvall.

Skip við akkeri.

51. Álíti skipstjóri það nauðsynlegt skal standa samfelldar siglingavaktir meðan skipið liggur fyrir akkeri. Meðan legið er fyrir akkeri skal yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt:

1. ákvarða stað skipsins og setja hann út í viðeigandi sjókort um leið og það er framkvæmanlegt;
2. þegar aðstæður leyfa ganga nægilega oft úr skugga um að skipið liggja á sama stað og örugglega fyrir föstu með því að taka mið af föstum siglingamerkjum eða auðþekktum kennileitum á landi;
3. tryggja að haldinn sé dyggilegur útvörður;
4. tryggja að með reglulegu millibili séu farnar eftirlitsferðir um skipið;
5. fylgjast með veðri, sjávarföllum og sjólagi;
6. gera allar nauðsynlegar ráðstafanir ef skipið dregur akkerið og tilkynna það skipstjóra;
7. tryggja að viðbúnaður aðalvéla og annarra véla sé í samræmi við fyrirmæli skipstjórans;
8. tilkynna skipstjóra ef dregur úr skyggni;
9. tryggja að skipið hafi uppi lögboðin ljós og dagmerki og að gefin séu lögboðin hljóðmerki í samræmi við allar gildandi reglur; og
10. gera ráðstafanir til þess að vernda umhverfið fyrir mengun frá skipinu og hlíta öllum gildandi reglum um mengunarvarnir.

Hluti 3-2 - Grundvallaratriði um vélstjórnarvaktir.

52. Með hugtakinu *vélstjórnarvakt* eins og það er notað í köflum nr. 3-2, 4-2 og 4-4 í þessum hluta er annað hvort átt við einstakling eða hóp manna sem skipar vaktina eða hefur tímabundna ábyrgð vélstjóra þann tíma sem nærveru vélstjórans er ekki krafist í vélarúminu en kann að verða krafist.

53. *Vélstjóri sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt* er fulltrúi yfirvélstjóra og ber ætíð og fyrst og fremst ábyrgð á að vélar skipsins gangi örugglega og með skilvirkum hætti. Auk þess sem hann ber ábyrgð á öruggu viðhaldi allra véla vegna öryggis skipsins er hann einnig ábyrgur fyrir fullnægjandi eftirliti, vélstjórn og prófunum á öllum vélbúnaði og tækjum sem krafist er og eru á ábyrgðarsviði vélstjórnarvaktar.

Fyrirkomulag vakta.

54. Vélstjórnarvakt skal ætíð þannig skipuð að vaktin geti við aðstæður hverju sinni tryggt öruggan gang og afköst allra véla sem tengjast rekstri skipsins hvort sem vélarar eru stilltar á sjálfvirkni eða handvirkni.

55. Þegar ákveðið er hverjir skuli ganga vélstjórnarvakt, en þar geta einnig verið aðstoðarmenn í vél, skal m.a. taka tillit til:

1. af hvaða gerð skipið er ásamt gerð og ástandi vélbúnaðar;
2. að fullnægjandi gæsla og eftirlit sé ávallt með öllum vélum sem tengjast öruggum rekstri skipsins;
3. allra sérstakra aðgerða sem verður að grípa til vegna veðurs, íss, mengaðs vatns, grunnsævis, neyðarástands og ráðstafana til að draga úr skemmdum eða koma í veg fyrir mengun;
4. kunnáttu og reynslu þeirra sem ganga vélstjórnarvakt;
5. öryggis mannlífa, skips, farms og hafnarsvæðis ásamt verndun umhverfis;
6. alþjóðareglna, gildandi landslaga og reglugerða á hverjum stað;
7. að viðhalda megi eðlilegri starfsemi skipsins.

Vaktaskipti.

56. Yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt skal ekki skila af sér vaktinni til yfirmanns

sem á að leysa hann af hafi hann ástæðu til að ætla að sá sem taka á við sé greinilega ófær um að gegna vaktskyldum sínum á fullnægjandi hátt og skal þetta tilkynnt yfirvélstjóra.

57. Yfirmaður sem leysir af á vélstjórnarvakt skal fullvissa sig um að þeir sem koma á vakt séu fullfærir um að standa vaktina og inna af hendi skyldustörf sín með fullnægjandi hætti.

58. Áður en yfirmenn sem bera ábyrgð á vélstjórnarvakt leysa af og taka við vaktinni eiga þeir að minnsta kosti að fullvissa sig um:

1. fastákveðnar skipanir og sérstök fyrirmæli yfirvélstjórans um stjórn búnaðar og véla skipsins;
2. hvers eðlis öll störf eru við vélar og kerfi skipsins, hverjir séu þar að störfum og hættur sem að þeim kunna að steðja;
3. hæð og, þar sem það á við, ástand vatns eða austurs í kjalsogi, stöðugleikatönkum, geymum fyrir úrgangsolíu, varageymum, ferskvatnsgeymum og skolptönkum, sem og hvernig farið skuli með innihald þeirra, nota það eða hvort eigi að losa tankana;
4. ástand og hæð eldsneytis í varageymum, setgeymum, daggeymum og öðrum eldsneytisbirgðageymum;
5. sérstök fyrirmæli um losun skolps frá böðum og salernum;
6. ástand og vinnumáta hinna ýmsu aðal- og hjálparkerfa, þar með talinna dreifikerfa raforku;
7. ástand eftirlits- og stjórnþúnaðar, þar sem það á við, og hvaða þúnaður er á handstýringu;
8. ástand og vinnumáta, þar sem það á við, sjálfstýringu á kötlum, svo sem öryggisstýrikerfi fyrir loga, vatnshæðar- og þrýstistýrikerfi, kyndikerfi, stýrikerfi eldsneytis- og loftaðfærslu og annars þúnaðar sem tengist keyrslu gufukatla;
9. öll hugsanleg vandkvæði vegna illviðris, íss, af menguðum sjó eða grunnsævi;
10. hvers konar aðgerðir sem verður að grípa til vegna bilunar í vélþúnaði eða erfiðleika sem skipið hefur komist í;
11. að skýrslur frá aðstoðarmönnum í vél um verkefni sem þeim hafa verið falin hafi verið ritaðar;
12. aðgengi að slökkvitækjum; og
13. fullvissa sig um að lokið sé færslu véladagbókar.

Gengin vélstjórnarvakt.

59. Yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt skal ganga úr skugga um að fyrirkomulag sem hefur verið ákveðið á vaktinni sé í heiðri haft og að aðstoðarmenn í vél á vakt leggi sitt af mörkum, undir stjórn yfirmanns sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt, við að tryggja að aðal- og hjálparvélar starfi með öruggum og skilvirkum hætti.

60. Þrátt fyrir nærveru yfirvélstjórans í vélarúmi skal yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt vera áfram ábyrgur fyrir stjórn og gangi vélþúnaðar þar til yfirvélstjórinn tilkynnir honum sérstaklega að hann taki sjálfur ábyrgð á vélstjórnarvaktinni og sé gagnkvæmur skilningur á milli þeirra á því.

61. Allir á vélstjórnarvakt skulu vita með vissu hvaða skyldustörf þeim er ætlað að inna af hendi. Hver og einn á auk þess að gjörþekkja eftirfarandi um borð í því skipi sem hann er skráður á:

1. notkun viðeigandi kallkerfa;

2. útgönguleiðir úr vélarýmum;
3. viðvörunarbúnað í vélarúmi og að geta greint á milli hinna ýmsu viðvörunarkerfa með sérstöku tilliti til kerfa sem ræsa sjálfvirkan slökkvibúnað; og
4. fjölda, staðsetningu og gerðir slökkvibúnaðar ásamt útbúnaði til neyðarviðgerða í vélarúmi og notkun þessa búnaðar, kunna ennfremur skil á hinum margvíslegu öryggisráðstöfunum sem þarf að gæta.

62. Sérstaklega skal gætt að vélbúnaði sem gengur ekki eins og eðlilegt er, vænta má að bili eða þurfi sérstakrar vélgæslu. Einnig skal hafa sérstaklega í huga það sem þegar hefur verið gert til viðgerðar. Gera skal áætlanir um áframhaldandi viðgerðir ef þess gerist þörf.

63. Þegar vélarúm er mannað skal yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt ætíð geta umsvifalaust svarað og framkvæmt skipanir um breytingar á snúningsstefnu eða snúningshraða aðalvélar.

64. Þegar vélarúm er tímabundið ómannað skal tafarlaust vera unnt að ná sambandi við þann yfirmann sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt og skal hann strax reiðubúinn til að gæta vélarúmsins.

65. Allar skipanir frá stjórnþalli til vélarúms skal framkvæma þegar í stað. Breytingar á snúningsstefnu eða snúningshraða aðalvélar skal skrá nema stjórnvöld hafi ákveðið að vegna stærðar eða sérstakrar gerðar og eiginleika tiltekins skips sé slík skráning í reynd óframkvæmanleg. Yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt skal tryggja að stjórnþæki í stjórnborði aðalvélar séu ætíð mönnuð þegar stjórnborð er stillt á handstýringu og stjórnþækjanna sé stöðugt gætt, hvort sem aðalvélar eru í viðbragðsstöðu eða beitt er stjórnþökum.

66. Þess skal vandlega gætt að viðhald og umsjá alls vélbúnaðar fari fram að staðaldri, þar með talið vélar, rafmagnstæki, rafeindatæki, vökvapryðstíbúnaður og loftstýrð kerfi ásamt stjórnþækjum þessa búnaðar með tilheyrandi öryggisbúnaði. Einnig er meðtalinn allur búnaður fyrir tæki sem eru notuð í íbúðum skipsins og tæki sem skrá notkun vista og varahluta um borð.

67. Yfirvélstjórinn á að fullvissa sig um að vélstjóri sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt hafi fengið tæmandi upplýsingar um fyrirbyggjandi viðhald og skipulag neyðarviðgerða eða viðgerðir sem á að vinna að á vélstjórnarvaktinni. Yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt er ábyrgur ef búnaður er aftengdur, ef tengt er framhjá búnaði og á stillingu véla sem unnið er við og falla undir ábyrgðarsvið vélstjórnarvaktar. Yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt skal skrá allt sem unnið er á vaktinni í véladagbók.

68. Þegar starfsmenn vélarúmsins eru í viðbragðsstöðu skal yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt tryggja að allur vélbúnaður sem kann að verða notaður við stjórnþök sé án tafar tilbúinn til notkunar og nægilegt varaafli sé til reiðu fyrir stýrisbúnað og til annarra þarfa.

69. Vélstjórar sem bera ábyrgð á vélstjórnarvakt eiga ekki að taka að sér, né skulu þeim falin nein þau skyldustörf, sem gætu truflað starf þeirra við eftirlit og yfirumsjón aðalvélar og hjálparbúnaðar. Þeir eiga að hafa stöðugt eftirlit með aðalvélum og hjálparvélum þar til þeir eru leystir af á tilhlýðilegan hátt og eiga með reglulegu millibili að líta eftir vélbúnaði sem er í þeirra umsjá. Yfirmenn sem bera ábyrgð á vélstjórnarvakt eiga einnig að fullvissa

sig um að farnar séu nægilega tíðar eftirlitsferðir um vélarúm og stýrisvélarúm til þess að athuga og tilkynna um gangtruflanir eða bilanir og til þess að framkvæma eða hafa eftirlit með venjubundnum stillingum, lagfæringum þar sem þeirra er þörf og öðrum nauðsynlegum störfum.

70. Yfirmenn sem bera ábyrgð á vélstjórnarvakt eiga að brýna fyrir öllum sem eru á vélstjórnarvakt að þeim verði tilkynnt um hugsanlegar hættulegar aðstæður sem gætu komið upp og valdið gangtruflunum eða stofnað lífi fólks og öryggi skipsins í hættu.

71. Yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt skal fullvissa sig um að eftirlit sé með vakt í vélarúminu og skal sjá um að starfsmenn séu settir til afleysingar á vakt ef forföll verða á vélstjórnarvaktinni. Vélstjórnarvakt má ekki yfirgefa vélarúmið og skilja við það þannig að ekki sé hægt að handstýra vélbúnaði eða stjórnlokom fyrir eldsneytisgjöf.

72. Yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt skal gera tilhlýðilegar varúðarráðstafanir til þess að draga úr áhrifum af tjóni vegna bilunar á búnaði, af völdum eldsvoða, vatnsskaða, sprungum, árekstri, strandi eða af öðrum orsökum.

73. Áður en yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt fer af vakt skal hann tryggja að allt sem hefur gerst á vaktinni í tengslum við aðalvél og hjálparvélar sé skráð á tilhlýðilegan hátt.

74. Yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt skal hafa samvinnu við aðra vélstjóra sem sjá um fyrirbyggjandi viðhald, neyðarviðgerðir eða venjulegar viðgerðir. Þetta nær til eftirfarandi en er þó ekki tæmandi upptalning:

1. aftenginga eða framhjá tenginga véla sem unnið er við;
2. stillinga annarra véla til þess að þær vinni með fullnægjandi afköstum og örugglega meðan viðhald og viðgerðir standa yfir;
3. skráningar í véladagbók eða annars staðar sem það hentar til upplýsinga fyrir þá yfirmenn sem leysa af og til síðari varðveislu, hvaða búnað hafi verið unnið við og hverjir hafi þar starfað, hvaða öryggisráðstafanir hafi verið gerðar og hver gerði þær;
4. prófana og gangsetninga á vélbúnaði eða tækjum sem voru til viðgerðar ef þess er þörf.

75. Yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt skal tryggja að allir aðstoðarmenn í vél á vakt sem vinna að viðhaldsstörfum geti aðstoðað við handstýringu vélbúnaðar ef sjálfvirkur búnaður bilar.

76. Yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt skal hafa í huga að breytingar á hraða sem verða vegna gangtruflana vélbúnaðar eða ef dregur úr virkni stýris geta stofnað öryggi skipsins og mannslífum á hafinu í alvarlega hættu. Komi upp eldur skal tafarlaust koma boðum til brúar, einnig skal tilkynna um allar yfirvofandi aðgerðir í vélarúmi sem gætu valdið því að dragi úr hraða skipsins, yfirvofandi bilun á stýrisbúnaði, aðalvél og að skrúfa stöðvist eða verði nokkur breyting á raforkuframleiðslu eða öðru því sem gæti ógnað öryggi skips og áhafnar. Ef þess er nokkur kostur skal tilkynna þetta áður en einhverju er breytt í vélarúmi til þess að veita þar með starfslíði í brú eins mikinn tíma og unnt er til að grípa til allra mögulegra ráðstafana svo að komist verði hjá hugsanlegu sjóslysi.

77. Yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt á tafarlaust að tilkynna yfirvélstjóra um:
1. ef svo miklar skemmdir verða á vélbúnaði eða bilanir þess eðlis að þær ógni öruggri starfsemi skipsins;
 2. bilun sem álitid er að gæti valdið skemmdum eða algjörrri stöðvun á aðalvél, hjálparvélum eða viðvörunar- og stýrikerfum; og
 3. öll neyðartilvik eða ef hann er í vafa um ákvarðanir eða hvað gera skuli.

78. Þó að brýnt sé að kalla umsvifalaust á yfirvélstjóra við fyrrgreindar aðstæður skal yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt, ef svo ber undir, ekki hika við að gera tafarlausar ráðstafanir til að tryggja öryggi skipsins, vélbúnaðar og áhafnar.

79. Yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt skal gefa starfsmönnum á vaktinni öll nauðsynleg fyrirmæli og upplýsingar sem tryggja að staðin sé örugg vakt í vélarúmi. Venjubundið viðhald á vélbúnaðinum sem fer fram og telst tilfallandi við örugga vélgæslu skal setja sem fastan lið í venjubundna vakt. Umfangsmeiri viðgerðir á rafbúnaði, vélbúnaði, vökváþrýstibúnaði, loftstýrdum kerfum eða rafeindatækjum sem eru notuð víðsvegar um skipið skulu ekki fara fram nema með vitund yfirmanns sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt og yfirvélstjórans. Viðgerðir þessar skulu skráðar.

Vakt í vélarúmi við ólíkar aðstæður og á mismunandi hafsvæðum.

Í takmörkuðu skyggni.

80. Yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt skal sjá um að haldið sé uppi stöðugum loft- eða gufuþrýstingi svo að unnt sé að gefa þokumerki. Hann skal einnig ávallt sjá um að skipanir frá brú um breyttan hraða skipsins eða um breyttan skurð á skrúfu eða breytta snúningsátt skrúfuöxuls verði framkvæmdar tafarlaust og auk þess séu hjálparvélar sem eru notaðar við stjórn tök reiðubúnar til notkunar þegar í stað.

Siglingar með ströndum fram og í mikilli umferð.

81. Yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt skal tryggja að umsvifalaust sé unnt að stilla allan vélbúnað sem tengist stjórn tókum skipsins á handvirkni þegar tilkynnt hefur verið að skipið sigli í mikilli umferð. Yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt skal einnig tryggja að nægilegt varaafli sé til reiðu til þess að stýra skipinu og beita öðrum stjórn tókum. Neyðarstýring og annar hjálparbúnaður skal vera tilbúinn til tafarlausrar notkunar.

Skipið liggur fyrir akkeri.

82. Þegar legið er fyrir akkeri á legu fyrir opnu hafi skal yfirvélstjóri ráðfæra sig við skipstjórnann hvort eigi að halda áfram vélstjórnarvöktum eins og á siglingunni.

83. Þegar legið er fyrir akkeri á ytri höfn sem er fyrir opnu hafi eða við aðstæður sem eru eins og á hafi úti skal vélstjóri sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt tryggja að:

1. staðin sé virk vélstjórnarvakt;
2. með ákveðnu millibili sé farið í eftirlitsferðir og gætt að vélbúnaði sem er í gangi og í viðbragðsstöðu;
3. aðalvélar og hjálparvélar séu í þeirri viðbragðsstöðu sem er fyrirskipuð frá stjórn palli;
4. gerðar séu ráðstafanir til þess að vernda umhverfið fyrir mengun frá skipinu og að fylgt sé gildandi reglum um mengunarvarnir og umhverfisvernd; og
5. allur búnaður til neyðarviðgerða og slökkvistarfa sé reiðubúinn til notkunar.

Hluti 3-3 – Grundvallaratriði varðstöðu á fjarskiptavakt.**Almenn ákvæði.**

84. Athygli útgerða, skipstjóra og fjarskiptamanna er beint að eftirfarandi ákvæðum sem ber að fylgja til að tryggja að staðin sé örugg fjarskiptavakt á skipum sem eru á hafi úti. Þegar fylgt er fyrirmælum í þessum kafla skal taka tillit til alþjóða radíóreglugerðarinnar.

Fyrirkomulag vakta.

85. Þegar ákveðið er fyrirkomulag fjarskiptavakta skal skipstjóri á hverju skipi sem siglir á opnu hafi:

1. tryggja hlustvörslu fjarskipta samkvæmt gildandi fyrirmælum í alþjóðaradíóreglugerðinni (ITU-reglur) og alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS);
2. tryggja, að forgangsröð um hlustvörslu fjarskipta verði ekki rofin vegna fjarskipta sem varða í engu örugga ferð skipsins og siglingu þess; og
3. taka tillit til fjarskiptabúnaðar um borð og hvernig hann starfar.

Fjarskiptavakt.

86. Fjarskiptamaður á vakt skal:

1. tryggja hlustvörslu á þeim tíðnum sem eru tilgreindar í alþjóðaradíóreglugerðinni og alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu, og
2. sannreyna með reglulegu millibili hvort fjarskiptaútbúnaðurinn og aflagjafi búnaðarins starfar eðlilega og tilkynna skipstjóra ef vart verður bilunar á búnaðinum.

87. Færa skal fjarskiptadagbók eins og mælt er fyrir um í alþjóðaradíóreglugerðinni og alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu.

88. Fjarskiptamaður sem hefur verið tilnefndur til að hafa meginábyrgð á fjarskiptum í neyðartilvikum ber ábyrgð á skráningu fjarskipta eins og krafist er í alþjóðaradíóreglugerðinni og alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu. Eftirfarandi skal skráð ásamt því hvenær sólarhringsins það gerðist:

1. yfirlit yfir fjarskipti um neyðarástand (MAYDAY), bráðanauðsyn (PAN) og öryggi (SÉCURITÉ);
2. mikilvægir atburðir sem varða fjarskiptaþjónustu;
3. staður skipsins a.m.k. einu sinni á dag, þegar það á við; og
4. yfirlit yfir ástand fjarskiptabúnaðar og aflagjafa búnaðarins.

89. Skrár um fjarskipti skulu varðveittar á þeim stað sem neyðarskeyti eru send út og skulu liggja frammi:

1. fyrir skipstjórann til eftirlits;
2. til eftirlits fyrir alla embættismenn sem hafa löggildingu til þess og auk þess fyrir alla löggilta embættismenn er starfa við eftirlit samkvæmt X. gr. STCW alþjóðasamþykktarinnar.

4. HLUTI - VAKTIR Í HÖFN**Grundvallaratriði um allar vaktir í höfn.****Almennt.**

90. Á öllum skipum sem við venjulegar aðstæður í höfn eru tryggilega bundin með landfestum eða liggja fyrir akkeri skal skipstjórinn með tilliti til öryggis sjá um að staðin sé fullnægjandi vakt eins og aðstæður krefjast hverju sinni. Sérstakar ráðstafanir kunna að vera nauðsynlegar fyrir sérstakar gerðir aðalvéla eða hjálparvéla skipa og vegna skipa sem

flytja efni er geta valdið stórslysum, eru hættuleg, eitruð eða mjög eldfim eða vegna annarra sérstakra farmtegunda.

Tilhögun vaktar.

91. Þegar skipið liggur í höfn skal þilfarsvakt ætíð vera þannig að hún uppfylli eftirfarandi:

1. tryggji öryggi mannlífa, skipsins, hafnar og umhverfis og að allur búnaður í sambandi við lestun og losun farmsins starfi eðlilega;
2. að farið sé að alþjóðareglum, landslögum og þeim reglum sem gilda á hverjum stað;
3. að haldið sé uppi reglu og venjubundnum störfum um borð í skipinu.

92. Skipstjóri skal ákveða hverjir skipa vaktina og hve lengi vaktin stendur en það fer eftir aðstæðum þar sem legið er, gerð skipsins og hvers eðlis skyldustörfin eru.

93. Telji skipstjóri það nauðsynlegt skal fullgildur yfirmaður bera ábyrgð á þilfarsvakt.

94. Nauðsynlegum útbúnaði skal þannig komið fyrir að góð varðstaða sé tryggð.

95. Yfirvélstjóri skal að höfðu samráði við skipstjóra sjá um að tilhögun vakta í vélarúmi sé fullnægjandi til að tryggja þar örugga vakt á meðan skipið liggur í höfn. Þegar ákveðið er hverjir skipa vaktina, en á vaktinni geta verið aðstoðarmenn í vélarúmi, skal m.a. taka tillit til þess að:

1. á öllum skipum sem eru með 3.000 kW aðalvél eða stærri skal ávallt vera yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt;
2. á skipum með minni aðalvél en 3.000 kW megi vélstjórnarvaktin, með leyfi skipstjórans og í samráði við yfirvélstjóra, vera undir stjórn annars en yfirmanns; og
3. yfirmönnum sem bera ábyrgð á vélstjórnarvakt og eru á vakt skal ekki fela verkefni eða önnur störf sem myndu trufla skyldustörf þeirra við eftirlit með vélbúnaði skipsins.

Vaktaskipti.

96. Yfirmenn sem bera ábyrgð á þilfars- eða vélstjórnarvakt eiga ekki að afhenda vaktina yfirmanni sem á að taka við vaktinni hafi þeir nokkra ástæðu til að ætla að hann sé greinilega ófær um að gegna skyldustörfum sínum af árvekni og öryggi og skal eftir því sem við á tilkynna þetta skipstjóra og yfirvélstjóra. Yfirmenn sem leysa af á þilfars- eða vélstjórnarvakt skulu fullvissa sig um, að allir á þeirra vakt séu greinilega fullfærir um að vinna sín störf á viðunandi hátt.

97. Ef mikilvæg vinna fer fram á vaktaskiptum skal yfirmaður á þilfari eða í vélarúmi sem verið er að leysa af ljúka því verki nema skipstjóri eða yfirvélstjóri hafi gefið fyrirmæli um annað.

Hluti 4-1 Vaktaskipti á þilfarsvakt.

98. Áður en skipt er vöktum á þilfarsvakt skal yfirmaður sem ber ábyrgð á vaktinni upplýsa yfirmann sem leysir hann af um:

1. dýpi þar sem skipið liggur, djúpristu skipsins, hæð og tíma flóðs og fjöru, hvernig gengið er frá landfestum, hvort akkerin séu í klussi eða sjó og þá hve margir akkerisliðir séu úti ásamt öðru er varðar legufæri og er mikilvægt fyrir öryggi skipsins; ástand aðalvéla og að hve miklu leyti þær eru tiltækar til notkunar í neyðartilvikum;
2. alla vinnu sem á að inna af hendi um borð; eðli, magn og frágang farms sem verið er að lesta eða er eftir að lesta og allt sem kynni að hafa orðið eftir um borð þegar skipið hefur verið losað;

3. hæð í kjalsogi (rennusteinum) og kjölfestugeymum;
4. ljós sem eru höfð uppi eða ljós- og hljóðmerki sem eru gefin;
5. fjölda skipverja sem eiga að vera um borð og um alla aðra sem kynnu að vera um borð í skipinu;
6. ástand slökkvitækja;
7. hvers konar sérreglur hafnarinnar;
8. fastákveðin fyrirmæli og sérstakar tilskipanir skipstjóra;
9. möguleika á samskiptum milli skips og starfsmanna í landi, þar með talið við hafnaryfirvöld, ef þörf yrði á aðstoð og í neyðartilvikum;
10. allar aðrar aðstæður sem skipta miklu fyrir öryggi skipsins, skipverja, farminn og verndun umhverfis gegn mengun; og
11. hvernig á að tilkynna réttum stjórnvöldum um hvers konar umhverfismengun vegna vinnu við skipið.

99. Áður en yfirmenn sem leysa af taka við vaktinni eiga þeir að gæta þess að:

1. landfestar og akkeriskeðjur séu tryggilega festar;
2. tilskilin ljós og merki séu höfð uppi og gefin séu rétt hljóð- og ljósmerki;
3. fylgt sé reglum um öryggisráðstafanir og eldvarnir;
4. hættulegur farmur getur við lestun eða losun valdið stórslysum og gera sér glögga grein fyrir til hvaða ráðstafana á að grípa ef þessi farmur fer til spillis eða ef eldur kemur upp;
5. engin ytri skilyrði eða aðstæður stofni skipinu í hættu og að eigið skip verði ekki öðrum hættulegt.

Hluti 4-2 – Vaktaskipti á vélstjórnarvakt.

100. Áður en skipt er vöktum á vélstjórnarvakt skal yfirmaður sem ber ábyrgð á vélstjórnarvakt upplýsa yfirmann sem leysir hann af um:

1. fastákveðin fyrirmæli þann daginn, allar sérstakar tilskipanir er varða starfsemi skipsins, viðhald, viðgerðir á vélbúnaði eða stjórnækjum;
2. eðli allra starfa sem unnin eru við vélar og kerfi skipsins, hverjir séu þar að störfum og hættur sem að þeim kunna að stæðja;
3. hæð, og þar sem það á við, ástand vatns eða austurs í kjalsogi, stöðugleikatönkum, geymum fyrir úrgangsolíu, skolptönkum, varageymum og um sérstök fyrirmæli um hvort eigi að nota innihaldið eða losa tankana;
4. sérstök fyrirmæli um frárennsli frá böðum og salernum;
5. í hvernig ástandi handslökkvitæki, fastur slökkvibúnaður, reyki- og hitaskynjarar eru og hvort umsvifalaust sé hægt að nota búnaðinn;
6. viðgerðarmenn, sem er heimilt að vera um borð og vinna við vélbúnaðinn, hvar þeir séu að vinna og að hvaða viðgerðum sé unnið svo og um annað fólk, sem er heimilað að vera um borð ásamt þeim úr áhöfn skipsins sem nauðsynlegt er að séu um borð;
7. allar reglur hafnarinnar um frárennsli frá skipum, kröfur um slökkvibúnað, tæki og mannskap og hvaða viðbúnað skipið hefur til slökkvistarfa, sérstaklega ef hætta er á illviðri;
8. möguleika á samskiptum milli skips og starfsmanna í landi, þar með talið hafnaryfirvöld, í neyðartilvikum eða ef þörf yrði á aðstoð;
9. allar aðrar aðstæður mikilvægar fyrir öryggi skipsins, skipverja, farminn og verndun umhverfis gegn mengun; og
10. hvernig eigi að tilkynna réttum stjórnvöldum um hvers konar umhverfismengun vegna vinnu við vélbúnað skipsins.

101. Yfirmenn sem leysa af á vélstjórnarvakt skulu áður en þeir axla ábyrgð á vaktinni fullvissa sig um að þeir hafi fengið allar upplýsingar sem eru taldar upp hér að framan hjá þeim yfirmanni sem leystur er af, og:

1. þekki til hlítar núverandi og væntanlega aflgjafa, hita- og ljósgjafa og dreifingarkerfi þeirra;
2. viti um tiltækt magn og í hvaða ástandi eldsneyti skipsins, smurolíur og allar vatnsbirgðir eru; og
3. séu, eftir því sem unnt er, viðbúnir til að setja skipið og vélbúnaðinn í viðbragðsstöðu eða reiðubúnir til neyðaraðgerða ef þess gerist þörf.

Hluti 4-3 Gengin þilfarsvakt.

102. Yfirmaður sem ber ábyrgð á þilfarsvakt skal:

1. fara í eftirlitsferðir um skipið með hæfilegu millibili;
2. gæta sérstaklega að:
 - 2.1 ástandi og festingum landgangs, akkeriskeðju og legufæra, einkum við sjávarfallaskipti og þegar gætir mikils hæðarmunar flóðs og fjöru þar sem skipið liggur og gera, ef nauðsyn krefur, ráðstafanir til þess að búnaðurinn sé í eðlilegu, nothæfu ástandi;
 - 2.2 djúpristu, dýpi frá kili til sjávarbotns og almennu hleðsluástandi skipsins til þess að forðast hættulega slagsíðu eða hættulegan stafnhalla við lestun eða losun eða töku kjölfestu;
 - 2.3 ástandi veðurs og sjávar;
 - 2.4 fylgja öllum reglum um öryggisráðstafanir og eldvarnir;
 - 2.5 vatnshæð í kjalsogi og tönkum;
 - 2.6 öllum sem eru um borð og hvar þeir eru, einkum þeim sem eru í afsíðis eða innilokuðum rýmum; og
 - 2.7 hafa uppi lögboðin ljós og dagmerki og gefa hljóðmerki, þegar það er skylt og á við;
3. í illviðri eða þegar borist hefur viðvörðun um storm, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að verja skipið og farminn áföllum og gæta öryggis allra um borð;
4. gera hvers konar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir umhverfismengun frá skipinu;
5. gefa hættumerki ef neyðarástand ógnar öryggi skipsins, tilkynna það skipstjóra og gera allar hugsanlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón á skipinu, farminum og þeim sem eru um borð og ef nauðsyn krefur óska aðstoðar frá landi eða frá skipum í grennd;
6. gera sér ljósan stöðugleika skipsins til þess að unnt sé að upplýsa yfirmenn slökkviliðs í landi hve miklu vatni megi dæla um borð án þess að skipinu sé hættu búin;
7. bjóða skipum eða fólki í neyð aðstoð;
8. gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir slys eða tjón þegar á að nota skráfur skipsins; og
9. skrá í viðeigandi skipsdagbækur öll mikilvæg atvik er varða skipið.

Hluti 4-4 Gengin vélstjórnarvakt.

103. Yfirmenn sem bera ábyrgð á vélstjórnarvakt skulu sérstaklega gæta að:

1. öllum fyrirmælum, sérstaklega um starfrækslu og keyrslu alls búnaðar ásamt reglum um hættulegar aðstæður og hvernig megi koma í veg fyrir hættuástand alls staðar þar sem ábyrgðin er þeirra;
2. tækjabúnaði og stjórnkerfum, mælum sem fylgjast með aflgjöfum, hvers kyns búnaði og kerfum sem eru í gangi;
3. hvaða tækni, aðferðum og verklagi er nauðsynlegt að beita og viðhafa til þess að koma í veg fyrir að reglur stjórnvalda á staðnum um mengunarvarnir séu brotnar; og
4. kjalsogi.

104. Yfirmenn sem bera ábyrgð á vélstjórnarvakt skulu:

1. gefa hættumerki þegar þeir telja að um neyðarástand sé að ræða og gera allar hugsanlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir slys á þeim sem eru um borð, tjón á skipinu og farminum;
2. gera sér grein fyrir hvað yfirmaður á þilfarsvakt þarf til, í sambandi við búnað sem er nauðsynlegt að nota við lestun og losun á farminum og hvaða kröfur eru auk þess gerðar til stjórnkerfa í sambandi við kjölfestu og stöðugleika skipsins;
3. fara í tíðar eftirlitsferðir til að ganga úr skugga um hugsanlegar gangtruflanir eða bilanir og gera tafarlaugar ráðstafanir til úrbóta til þess að tryggja öryggi skipsins, vinnu við lestun eða losun farmsins ásamt öryggi hafnar og umhverfis;
4. sjá um að tryggt sé að nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafi verið gerðar innan ábyrgðarsviðs vélstjórnarvaktar til þess að koma í veg fyrir slys eða tjón á margs konar rafknúnum, rafeindastýrðum, vökvaknúnum, loftknúnum og vélknúnum kerfum skipsins;
5. tryggja að öll mikilvæg atvik sem hafa áhrif á starfrækslu, stillingu eða viðgerðir á vélbúnaði skipsins séu skráð á fullnægjandi hátt.

Hluti 4-5 - Vaktir um borð í skipum sem liggja í höfn með stórhættulegan farm.

105. Skipstjóri á hverju skipi sem flytur stórhættulegan farm, hvort sem af farminum stafar sprengihætta eða hann er eldfimur, eitraður, hættulegur heilsu manna eða mengandi fyrir umhverfið, skal tryggja að staðnar séu öruggar vaktir. Á skipum sem flytja stórhættulegan lausafarm skal þetta tryggt með því að um borð sé yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt með fullgilt skírteini í meðferð þessara efna eða fleiri slíkir fullgildir yfirmenn og aðstoðarmenn ef svo ber undir og skal umsvifalaust vera unnt að ná til þessara manna og það þó skipið liggja örugglega fyrir akkeri eða við landfestar í höfn.

106. Á skipum sem flytja stórhættulegan farm á annan hátt en sem lausafarm skal skipstjórinn taka fullt tillit til eðlis, magns, umbúða og frágangs hins stórhættulega farms sem og til allra sérstakra aðstæðna um borð, á rúmsjó og í landi.

II. VIÐAUKI

Leiðbeiningar um vaktreglur.

Undirkafli B-VIII/1.

Hæfni til að ganga vaktir.

Komið í veg fyrir þreytu.

1. Þegar fullnægt er ákvæðum um hvíldartíma á að túlka „bryn og knýjandi skipsstörf“ sem störf um borð er af öryggisástæðum eða vegna yfirvofandi mengunarhættu þola enga bið eða sem ekki var með góðu móti unnt að sjá fyrir þegar sjóferðin hófst.

2. Jafnvel þótt ekki sé til nein tæknileg, almennt viðtekin skilgreining á þreytu eiga allir sem gegna störfum um borð að gera sér ljósa grein fyrir hvað geti valdið þreytu, hér meðtalin þau atriði sem Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO)* * Ályktun IMO, A.772 (18), gr. 2 til 4.4.1.

2. ALMENN LÝSING Á PREYTU.

- 2.1 Þreyta hefur í för með sér að það dregur úr afköstum fólks. Þreyta hægir á andlegum og líkamlegum viðbrögðum og/eða dregur úr getu manna til að taka rökréttar ákvarðanir.
- 2.2 Orsakir þreytu eru margs konar svo sem líkamleg störf til langs tíma og viðvarandi andlegt álag, ónóg hvíld, óhagstæðir umhverfisþættir, líkamlegar orsakir og/eða streita eða aðrar sálrænar orsakir.

3. FLOKKUN ÞÁTTA ER VALDA ÞREYTU Í INNBYRÐIS SKYLDA HÓPA

3.1 Meðal sjómenn eru þekktustu orsakir þreytu ónóg hvíld, of mikil vinnuálag, hávaði og erfiðleikar í mannlegum samskiptum. Fjölmörg og margvísleg atriði stuðla að þreytu. Mikilvægi einstakra þátta í þreytu er breytilegt eftir umhverfi og vinnuáðstaðum. Sum þessara atriða eru mun viðráðanlegri en önnur. Þessi atriði má flokka sem hér segir:

3.1.1 Stjórnun í landi og um borð í skipi og ábyrgð stjórnvalda:

- gerð áætlana um vinnu- og hvíldartíma;
- mönnun;
- úthlutun skyldustarfa;
- gagnkvæmur stuðningur og samskipti milli aðila í landi og um borð;
- stöðlun vinnuferla;
- siglingaáætlun;
- fyrirkomulag vakta;
- stjórnunarstefna;
- umsvif í höfnum;
- tómsundaaðstaða;
- stjórnunarskyldur.

3.1.2 Þættir sem varða skipið:

- sjálfvirkni um borð;
- áreiðanleiki búnaðar;
- hreyfing skipsin og hvernig það veltur og stampar;
- titringur, hiti og hávaði;
- aðbúnaður við vinnu og í frístundum;
- farmur, hvers eðlis hann er og reglur um meðferð hans;
- hönnun skips.

3.1.3 Þættir sem varða áhöfn:

- þjálfun og hve ítarleg hún er;
- reynsla;
- samsetning áhafnar; samheldni;
- hæfni áhafnar og gæði.

3.1.4 Ytri umhverfisþættir:

- veður;
- hafnaraðstaða;
- hafís;
- skipaumferð.

4. ALMENN UMRÆÐA

4.1.1 Stjórnun í landi, um borð í skipi og ábyrgð stjórnvalda

4.1.1 Með skynsamlegum og nútímalegum stjórnunarháttum bæði um borð og í landi við skipulagningu vinnu- og hvíldartíma um borð í skipum, ákvörðun á fjölda í áhöfn, skipulagi vakta og skiptingu skyldustarfa væri að miklu leyti unnt að koma í veg fyrir þreytu. Það er einnig viðurkennt að yfirvöld siglingamála hafa jafnmikilvægu hlutverki að gegna með löggjöf sem leiðir til að samþykkt er að koma á og hrinda í framkvæmd alþjóðasamþykktum á þessu sviði. Í leiðbeiningum og reglum ber að taka tillit til tengsla vinnu- og hvíldartíma til að tryggja öllum nægilega hvíld. Ákvarðanir um vinnu- og hvíldartíma eiga að fela í sér endurmat á lengd sjóferðar og veru í höfn, starfsaldri hvers einstaks skipverja og hvenær hann gegnir vöktum og ber ábyrgð.

4.1.2 Það skiptir öllu máli að stjórnendur gefi glöggar, nákvæmar og ritaðar leiðbeiningar um hvernig eigi að tryggja að áhöfn skips viti hvernig störfum sé háttáð um borð, hvers eðlis farmurinn er og lengd sjóferðar, hver sé ákvörðunarstaður, venjur um tjáskipti um borð og fjarskipti við umheiminn og hvernig mönnum hafi verið kynnt skipið og aðstaður um borð.

4.1.3 Stjórnendur ættu að gera sér ljóst að skipverjar sem koma til starfa um borð verða að vera nægilega hvíldir áður en þeir takast á hendur skyldustörf.

4.2 Þættir sem varða skipið

4.2.1 Við hönnun eða breytingu á skipi verður að taka tillit til þeirra þarfa sem fyrir liggja, tilmæla, viðmiðana og ritaðra gagna sem tengjast því sem varðar skipið. Við hönnun skips skal auk þess gæta að því að vinnuáðstaða sé góð ogvistvæn til að koma í veg fyrir þreytu.

4.3 Þættir sem varða áhöfn

4.3.1 Eitt mikilvægasti atriði til að koma í veg fyrir þreytu er rækileg þjálfun áhafnar. Hæfni til skyldustarfa, þar með talið líkamlegt og andlegt heilbrigði, starfsreynsla og menntun og hæfni skipverja eru einnig talin mikilvæg í þessu sambandi.

- 4.3.2 Mikilvægt er að stjórnendur geri sér ljóst að vandamál sem tengjast ráðningu skipverja frá mörgum löndum á einu og sama skipinu kunna að stafa af tungumálaörðugleikum, félagslegri, menningarlegri og trúarlegri einangrun, en allt þetta getur stofnað öryggi skipsins í hættu.
- 4.3.3 Stjórnendur verða að leggja sérstaka áherslu á að koma á persónulegu sambandi manna á milli, koma í veg fyrir einsemd, félagslega einangrun og óhóflegt vinnuálag sem kann að skapast vegna þess hve fáir eru í áhöfn.
- 4.3.4 Leiðindi geta leitt til þreytu. Það er því nauðsynlegt að sjá sæfarendum fyrir nægilegri tilbreytingu.
- 4.3.5 Ytri umhverfiþættir**
- 4.3.6 Hvað varðar ytri umhverfiþætti þá skal þess minnst að þeir geta stuðlað að þreytu.

telur að sé orsök þreytu, sem er þó ekki endanleg upptalning en tekið skal tillit til þessara atriða þegar ákveðið er hvað eigi að vinna um borð.

3. Þegar fylgt er reglu VIII/1 skal taka tillit til eftirfarandi:

1. reglna sem hafa verið settar til að koma í veg fyrir þreytu og eiga að tryggja að heildarvinnutími sé ekki óhóflega langur eða fjöldi vinnustunda ósanngjarn. Sérstaklega er skylt að túlka ekki þann tíma sem er ætlaður til lágmarkshvíldar í hluta A-VIII/1 þannig að alla aðra tíma sólarhringsins megi nota til vakta eða annarra skyldustarfa;
2. tíðni og lengd orlofa ásamt því að veita áunnið leyfi skipta mjög miklu máli við að koma í veg fyrir að þreyta safnist upp á vissu tímabili; og
3. reglurnar geta verið aðrar fyrir skip sem eru í styttri ferðum með því skilyrði að sérstakar öryggisráðstafanir séu gerðar.
4. Siglingastofnun Íslands ber að meta hvort ekki sé rétt að setja reglur um skráningu vinnu- eða hvíldarstunda sjómanna og að skráningin sé með hæfilegu millibili sannreynd af stofnuninni til þess að tryggja að reglum um vinnu- og hvíldartíma sé fylgt.
5. Siglingastofnun Íslands skal á grundvelli upplýsinga sem koma fram við rannsóknir sjóslysa hafa reglur sem hafa verið settar til að koma í veg fyrir þreytu í stöðugri endurskoðun.

Undirkafli B-VIII/2

Leiðbeiningar varðandi vaktir og grundvallaratriði, sem skal halda í heiðri.

1. Útgerðarmenn, skipstjórar og yfirmenn sem ganga vaktir eiga að taka tillit til eftirfarandi leiðbeininga.

- 1. HLUÐI - LEIÐBEININGAR VARÐANDI SKÍRTEINI.**
- 2. HLUÐI - LEIÐBEININGAR UM SIGLINGAÁÆTLUN.**
- 3. HLUÐI - LEIÐBEININGAR UM VAKTIR Á HAFI ÚTI.**

Hluti 3-1 Leiðbeiningar um vaktir í brú

Inngangur.

2. Nauðsynlegt kann að vera að semja sérstakar leiðbeiningar fyrir skip sem gegna sérstöku hlutverki á sama hátt og gert er fyrir skip sem flytja stórhættulegan farm, hættulegan, eittraðan eða mjög eldfíman. Skipstjóri skal sjá um að slíkar leiðbeiningar séu samdar eftir því sem ástæða er til.
3. Mjög áriðandi er að yfirmenn sem bera ábyrgð á siglingavakt geri sér ljóst að vegna öryggis mannlífa og verðmæta á hafi úti sem og með tilliti til verndunar hafs og sjávarstranda gegn mengun er afar mikilvægt að þeir gegni skyldustörfum sínum af árvegni.

Stjórnun vakta í brú.

4. Útgerðum er skylt að gefa út leiðbeiningar um hvernig staðin skuli virk vakt í brú og skulu eftir því sem við á hvetja til notkunar gátlista um borð í hverju skipi og skal þá tekið tillit til innlendra og alþjóðlegra leiðbeininga um vaktir* * Leiðarvísir alþjóðasamtaka skipaeigenda um starfshætti á stjórnþalli (*ICS Bridge Procedures Guide*) og kennslubókin *Siglingareglur – stjórn og sigling skipa* geta verið gagnlegar við undirbúning leiðbeininga.

5. Útgerðir eiga einnig að gefa út leiðbeiningar fyrir skipstjóra og yfirmenn sem bera ábyrgð á siglingavakt um borð í hverju skipi um að nauðsynlegt er að endurmeta stöðugt verkaskiptingu vaktmanna og notkun tækja í brúnni og er matið byggt á eftirfarandi grundvallaratriðum um stjórnun vakta í brú:

1. nægilega margir með tilskilin réttindi skulu vera á vakt til að tryggja að öll skyldustörf séu framkvæmd rétt og með skilvirkni;
2. allir sem standa siglingavakt skulu hafa tilskilin réttindi og vera hæfir til að inna af hendi skyldustörf sín á sem bestan og virkastan hátt ella taki yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt tillit til allra takmarkana varðandi fullgild réttindi eða hæfni þeirra sem heyra til vaktinni þegar hann tekur ákvarðanir um siglingu skipsins og önnur störf;
3. hverjum og einum skal skýrt og ótvírætt sagt hver skyldustörf hans eru og skal hann staðfesta að hann skilji hver ábyrgð hans er;
4. störf skulu framkvæmd í skýrri forgangsrið;
5. engum á siglingavakt skulu lagðar á herðar meiri skyldur eða erfiðari störf en hann getur með góðu móti innt af hendi;
6. hverjum og einum skal ætíð fela þau störf sem hann getur á sem bestan og skilvirkastan hátt innt af hendi en ef aðstæður krefjast skal setja menn annars staðar til starfa;
7. þeim sem eru á siglingavakt skulu ekki lögð á herðar önnur skyldustörf, verkefni eða skipaður annar staður fyrr en yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt hefur gengið úr skugga um að við breytinguna verði störfin innt af hendi á fullnægjandi og skilvirkan hátt;
8. tæki og búnaður sem telst nauðsynlegur til þess að inna af hendi skyldustörf á skilvirkan hátt skulu vera til staðar og til tafarlausrar notkunar fyrir þá sem eru á siglingavakt;
9. tjáskipti meðal þeirra sem ganga siglingavakt skulu vera skýr, tafarlaus, áreiðanleg og varða þau störf sem á að vinna;
10. forðast ber, að stöðva eða leggja niður hvers konar óþarfa starfsemi og truflanir;
11. allur búnaður í brúnni á að starfa óaðfinnanlega og ef svo er ekki á yfirmaður sem ber ábyrgð á siglingavakt að taka tillit til hvers konar bilana sem kunna að vera til staðar þegar hann ákveður hvað gera skuli;
12. öllum mikilvægum upplýsingum á að safna saman, vinna úr þeim, túlka þær og birta á aðgengilegum stað fyrir þá sem þurfa á þessum upplýsingum að halda við skyldustörf sín;
13. í brúnni eða annars staðar þar sem starfað er, á ekki að hafa ónauðsynlega hluti;
14. þeir sem ganga siglingavakt eiga ávallt að vera reiðubúnir til að bregðast umsvifalaust og á skilvirkan hátt við breyttum aðstæðum.

Hluti 3-2 Leiðbeiningar um vélstjórnarvakt.

6. Nauðsynlegt kann að vera að semja sérstakar leiðbeiningar fyrir sérstakar gerðir aðalvéla eða hjálparbúnaðar og fyrir skip sem flytja stórhættulegan farm, hættuleg, eitruð eða mjög eldfim efni og annan sérstakan farm. Yfirvélstjóri skal sjá um að slíkar leiðbeiningar séu samdar eftir því sem ástæða er til.

7. Það er mjög áriðandi að yfirmenn sem bera ábyrgð á vélstjórnarvakt geri sér ljóst að vegna öryggis mannlífa og verðmæta á hafi úti sem og með tilliti til verndunar hafs og sjávarstranda gegn mengun er afar mikilvægt að þeir gegni skyldustörfum sínum af árvegni.

8. Yfirmaður sem leysir af á vélstjórnarvakt skal áður en hann tekur við vaktinni:

1. vita um staðsetningu öryggistækja til bjargar mannlífum og kunna að nota þau við stórhættulegar aðstæður eða þar sem hefur orðið eitrun;
2. fullvissa sig um að tafarlaust sé unnt að komast að búnaði, efnum og tækjum til skyndihjálpar í neyðartilvikum, sérstaklega þeim sem eru ætluð til meðferðar brunasára af völdum elds og sjóðandi vatns; og
3. þegar skipið liggur í höfn, örugglega fyrir akkeri eða við legufæri skal hann vita um:
 - 3.1 hvað unnið er við farminn, hve langt er komið viðhaldi og viðgerðum og alla aðra starfsemi sem kann að hafa áhrif á vaktina, og
 - 3.2 hjálparvélar sem eru í gangi fyrir íbúðir farþega eða áhafnar, störf við lestun eða losun farmsins, vatnsbirgðir fyrir starfsemi skipsins og um útblásturskerfin.

Hluti 3-3 Leiðbeiningar um fjarskiptavaktir.

Almenn atriði.

9. Í alþjóðaradíóreglugerðinni er þess m.a. krafist að hvert skip hafi heimild stjórnvalda til að reka fjarskiptastöð undir yfirumsjón skipstjórans eða þess sem ber ábyrgð á skipinu og sé stöðin aðeins undir stjórn manna sem hafa nægileg og tilskilin réttindi. Í alþjóðaradíóreglugerðinni er þess einnig krafist að neyðarskeyti skuli aðeins send með heimild skipstjórans eða annars manns sem ber ábyrgð á skipinu.

10. Skipstjórinn skal hafa í huga að allir í áhöfn skipsins sem eru ábyrgir fyrir sendingu neyðarskeyta verða að hafa fengið leiðbeiningar um notkun alls fjarskiptabúnaðar um borð; þeir skulu þekkja vel til búnaðarins og geta notað hann á réttan hátt eins og krafist er í tölulíð 1.4 í reglu I/14. Þetta skal skráð í leiðarbók eða í fjarskiptadagbók.

Vaktir.

11. Til viðbótar kröfum um fjarskiptavaktir skal skipstjóri á hverju skipi sem siglir á opnu hafi tryggja að:

1. fjarskiptastöð skipsins sé nægilega mönnuð til þess að taka á móti og senda almenn skeyti, sérstaklega opinberar tilkynningar og að þeir sem hafa heimild til að nota stöðina taki tillit til þeirra takmarkana sem þagnarskyldan leggur þeim á herðar; og
2. fjarskiptabúnaði um borð ásamt varaafstöð þar sem sá búnaður er, sé ætíð vel viðhaldið og hann sé vel virkur.

12. Sá í áhöfn skipsins sem samkvæmt neyðaráætlun ber höfuðábyrgð á fjarskiptum í neyðartilvikum á með reglulegu millibili að leiðbeina og upplýsa alla viðkomandi skipverja um notkun fjarskiptabúnaðarins og hvernig eigi að senda neyðarskeyti og tilkynningar um öryggi. Þetta skal skráð í fjarskiptadagbók.

13. Skipstjóri á hverju skipi sem fellur ekki undir samþykkt um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) skal sjá um að haldið sé uppi fullnægjandi hlustvörslu í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda og sé þá tekið tillit til alþjóðaradíóreglugerðarinnar.

Rekstur fjarskiptastöðvar.

14. Áður en lagt er upp í sjóferð skal fjarskiptamaður sem ber höfuðábyrgð á fjarskiptum í neyðartilvikum fullvissa sig um að:

1. allur fjarskiptabúnaður til neyðar- og öryggisfjarskipta ásamt varaafstöð sé virkur og að þetta sé skráð í fjarskiptadagbókina;
2. öll rit sem krafist er í Alþjóðasamþykktum, tilkynningar til fjarskiptastöðva og önnur rit sem stjórnvöld krefjast séu aðgengileg og leiðrétt í samræmi við nýjustu viðauka og leiðréttingar en allt misræmi skal tilkynnt skipstjóra;
3. klukka fjarskiptastöðvar sé rétt stillt í samræmi við stöðluð tímamerki;
4. loftnet séu rétt staðsett, óskemmd og rétt tengd; og
5. reglubundnar veðurfréttir og tilkynningar um hættur fyrir siglingar á því hafsvæði sem skipið siglir um séu eftir því sem mögulegt er alltaf þær nýjustu. Hið sama á við um önnur hafsvæði sem skipstjórinn hefur óskað eftir veðurfréttum og tilkynningum frá og sé þeim komið til skipstjórans.

15. Þegar sjóferðin hefst og fjarskiptastöðin er opnuð á fjarskiptamaður á vakt:

1. að hlusta eftir hugsanlegu neyðarástandi viðeigandi neyðartíðnum; og
2. senda brottfararskeyti (nafn, stað, ákvörðunarstað o.s.frv.) til næstu strandarstöðvar og eftir því sem við á til allra annarra strandarstöðva sem vænta má að sendi og taki á móti almennum radióviðskiptum.

16. Meðan fjarskiptastöðin er opin skal fjarskiptamaður á vakt:

1. stilla a.m.k. einu sinni á dag klukku fjarskiptastöðvar til samræmis við stöðluð tímamerki;
2. senda komu- og brottfararskeyti þegar skipið siglir inn í eða út úr þjónustusvæði strandarstöðvar sem má vænta að sendi og taki á móti almennum skeytum;
3. senda skeyti til tilkynningarskyldu í samræmi við fyrirmæli skipstjórans.

17. Þegar skipið er á hafi úti skal fjarskiptamaður sem ber höfuðábyrgð á fjarskiptum í neyðartilvikum fullvissa sig um að eftirtalinn búnaður sé að fullu virkur:

1. búnaður fyrir stafrænt valkall (DSC) og neyðar- og öryggisfjarskipti og sé búnaðurinn prófaður að minnsta kosti einu sinni í viku með sérstöku kalli; og
2. neyðar- og öryggisfjarskiptabúnaður, sem sé prófaður a.m.k. einu sinni á dag en án þess að senda út kall.

Niðurstöður þessara prófana skulu skráðar í fjarskiptadagbókina.

18. Fjarskiptamaður sem á að sinna almennum fjarskiptum skal fullvissa sig um að skilvirk vakt sé á þeim tíðnum sem líklegt er að fjarskipti fari fram á og taka þá tillit til staðar skipsins miðað við þær strandar- og landsímastöðvar, sem má vænta að sendi og taki á móti almennum skeytum og tilkynningum. Þegar fjarskiptamenn taka á móti og senda skeyti skulu þeir fylgja gildandi tilmælum Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU).

19. Þegar fjarskiptastöð skips er lokað við komu til hafnar skal fjarskiptamaður tilkynna fjarskiptastöð á staðnum og öðrum strandarstöðvum sem skipið hefur verið í sambandi við að skipið sé komið til hafnar og stöðinni verði lokað.

20. Þegar fjarskiptastöð er lokað skal fjarskiptamaður, sem í neyðartilvikum ber ábyrgð á fjarskiptum:

1. ganga úr skugga um að sendiloftnet séu jarðtengd; og
2. gæta að því hvort varaafgjafar séu nægilega hlaðnir.

Neyðarfjarskipti – merki um neyðarkall og neyðarskeyti

21. Neyðarfjarskipti hafa skilyrðislausan forgang gagnvart öllum öðrum fjarskipta-sendingum. Samkvæmt alþjóðaradíóreglugerðinni skulu allar stöðvar sem taka á móti slíkum merkjum tafarlaust stöðva allar fjarskiptasendingar sem geta truflað neyðarviðskiptin.

22. Ef eigið skip er í neyð skal fjarskiptamaður sem ber höfuðábyrgð á fjarskiptum í neyðartilvikum umsvifalaust ábyrgjast að fylgt sé reglum alþjóðaradíóreglugerðarinnar og gildandi tilmælum Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU-R).

23. Við móttöku merkja um neyðarkall:

1. skal fjarskiptamaður á vakt strax kalla til skipstjóra og einnig fjarskiptamann sem ber höfuðábyrgð á fjarskiptum í neyðartilvikum ef hann er annar en skipstjórinn; og
2. skal fjarskiptamaður sem ber höfuðábyrgð á fjarskiptum í neyðartilvikum meta ástandið og umsvifalaust ábyrgjast að fylgt sé leiðbeiningum alþjóðaradíóreglugerðarinnar og gildandi tilmælum Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU-R).

Skeyti um bráðanauðsyn

24. Verði eigið skip að senda út kall um bráðanauðsyn vegna erfiðleika skal fjarskiptamaður sem ber höfuðábyrgð á fjarskiptum í neyðartilvikum umsvifalaust ábyrgjast að fylgt sé verklagsreglum alþjóðaradíóreglugerðarinnar og gildandi tilmælum Alþjóðafjarskiptasambandsins um radíófjarskipti (ITU-R).

25. Ef um er að ræða fjarskipti varðandi læknisráðgjöf skal fjarskiptamaður sem ber höfuðábyrgð á fjarskiptum í neyðartilvikum fylgja verklagsreglum alþjóðaradíóreglugerðarinnar og fara eftir þeim fyrirmælum sem gefin eru út í gildandi alþjóðaritum (sjá tölulið 14.2) eða tilgreind eru af þeim aðilum er sjá um gervihnattafjarskipti.

26. Ef um er að ræða fjarskipti varðandi sjúkraflutninga eins og skilgreint er í 1. viðauka viðbótarbókunar við Genfarsamningana frá 12. ágúst 1949 um vernd stríðshrjáðra aðila að alþjóðlegum vopnaviðskiptum (bókun 1) skal fjarskiptamaður sem ber höfuðábyrgð á fjarskiptum í neyðartilvikum fara eftir verklagsreglum alþjóðaradíóreglugerðarinnar.

27. Þegar tekið er á móti skeyti um bráðanauðsyn skal fjarskiptamaður á vakt kalla til skipstjóra og einnig fjarskiptamann sem ber höfuðábyrgð á fjarskiptum í neyðartilvikum ef hann er annar en skipstjórinn.

Skeyti er varða öryggi.

28. Þegar skeyti er varða öryggi eru send eiga skipstjóri og fjarskiptamaður á vakt að fylgja verklagsreglum alþjóðaradíóreglugerðarinnar.

29. Þegar tekið er á móti skeyti er varða öryggi skal fjarskiptamaður á vakt gaumgæfa um hvað skeytið fjallar og bregðast við samkvæmt fyrirmælum skipstjórans.

30. Fjarskipti frá stjórnþalli eigin skips til brúar annars skips eiga að fara fram á rás 13 á metrabylgju (VHF). Fjarskipti frá stjórnþalli eigin skips til brúar annars skips eru í alþjóðaradíóreglugerðinni nefnd „Fjarskipti á milli skipa um öryggi við siglingar“ (Intership Navigation Safety Communications).

Skráning fjarskipta.

31. Rita skal viðbótarfærslur í fjarskiptadagbókina í samræmi við 10. , 12. , 14. , 17. og 33. tölulið.

32. Ef þess er kostur skal reynt að komast að hverjir standa að heimildarlausum fjarskiptasendingum og truflunum sem geta haft skaðleg áhrif og skal þetta skráð í fjarskiptadagbókina. Í samræmi við alþjóðaradióreglugerðina skal vekja athygli stjórnvalda á þessu og fylgi tilkynningunni útdráttur úr fjarskiptadagbókinni eftir því sem þurfa þykir.

Viðhald rafhlaðna

33. Fjarskiptamaður sem ber höfuðábyrgð á fjarskiptum í neyðartilvikum ber ábyrgð á rafhlöðum sem eru aflagjafi fyrir alla hluta fjarskiptabúnaðarins, þar með talið þann hluta búnaðarins sem er tengdur stöðugum aflagjafa.

Rafhlöðurnar skal:

1. mæla daglega undir álagi og án álags og ef nauðsyn krefur skal fullhlaða þær;
2. mæla einu sinni í viku með flotmæli ef hægt er eða ef ekki er unnt að nota flotmæli með tæki sem hentar til prófunar; og
3. prófa einu sinni í mánuði með tilliti til öryggis hvernar rafhlöðu og skal yfir fara tengi hennar, ástand rafhlaðnanna og rafhlöðurými.

Niðurstöður skal skrá í fjarskiptadagbók.

4. HLUTI – LEIÐBEININGAR UM VAKTIR Í HÖFN**5. HLUTI – LEIÐBEININGAR UM HVERNIG KOMIÐ SKULI Í VEG FYRIR MISNOTKUN ÁFENGIS, LYFJA OG FÍKNIEFNA**

34. Misnotkun áfengis, lyfja og fíkniefna hefur bein áhrif á hæfni og hæfileika sjómanna til þess að standa vaktir. Sjómönnum, sem reynast vera undir áhrifum áfengis, lyfja eða fíkniefna, skal ekki leyft að gegna skyldustörfum á vakt fyrr en hæfni þeirra til að gegna þessum störfum er óskert.

STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 2001

31. júlí 2001

1523

Nr. 600

GJALDSKRÁ

fyrir leyfi til sölu tóbaks og eftirlit skv. tóbaksvarnarlögum í Reykjavík.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er leyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 74/1984 sbr. lög nr. 101/1996 og lög nr. 95/2001 um tóbaksvarnir og reglugerðum settum með stoð í þeim, skal borgarstjórn Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fyrir eftirlit skv. 17. gr. tóbaksvarnarlaga, sem ekki fer fram samhliða reglulegu eftirliti skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal borgarstjórn innheimta gjald fyrir hverja eftirlitsferð sem hér segir:

Tóbaksvarnareftirlit kr. 12.250.

Tímagjald þjónustuverkefna kr. 4.900.

3. gr.

Af leyfisskyldri starfsemi skv. 9. mgr. 8. gr. tóbaksvarnarlaga skal borgarstjórn innheimta gjald fyrir gerð tóbakssöluleyfis eins og hér segir:

Tóbakssöluleyfi kr. 12.250.

Við endurnýjun tóbakssöluleyfis eða við eigendaskipti greiðast kr. 7.350.

4. gr.

Fyrir undanþágu til sölu tóbaks skv. 7. mgr. 8. gr. tóbaksvarnarlaga skal borgarstjórn innheimta kr. 7.350.

5. gr.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

6. gr.

Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari og fyrir þjónustuverkefni.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Greiðsla gjalda fyrir leyfi og undanþágur skv. gjaldskrá þessari skal fylgja umsókn um leyfi og undanþágu.

8. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er með heimild í 8. gr. tóbaksvarnarlaga nr. 74/1984 með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur í umboði borgarstjórnar Reykjavíkur, sbr. 2. ml. 1. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 26. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 60/1985 með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 31. júlí 2001.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Hjörleifur B. Kvaran e.u.

STJÓRNARTÍÐINDI B 79 – 2001

7. ágúst 2001

1525

Nr. 601

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 511/2001 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á hvítkáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9001	Hvítkál	12.08-19.08.01	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. ágúst 2001.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 80 – 2001

Nr. 602

1526

19. júlí 2001

REGLUGERÐ

um holræsagjald í Þórshafnarhreppi.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Þórshafnarhreppi eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,15% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Holræsagjaldið nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

3. gr.

Gjalddagar holræsagjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist holræsagjaldið með fasteignasköttum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Þórshafnarhrepps, staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi á Þórshöfn í Þórshafnarhreppi samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. júlí 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

Nr. 603

24. júlí 2001

REGLUGERÐ

um holræsagjald í Hveragerðisbæ.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Hveragerðisbæ eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,25% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta.

Holræsagjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

3. gr.

Gjalddagar holræsagjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og greiðist holræsagjaldið með fasteignaskatti.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar, staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi í Hveragerðishreppi nr. 292/1964.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. júlí 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Reykhólahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Reykhólahrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í hreppsnefndarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Reykhólahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa hans.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Reykhólahrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki sem vinna skal að endurskoðun hjá hreppnum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.

II. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði annan fimmtudag hvers mánaðar. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 15.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá hreppsnefndarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar hreppsnefndarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefndin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum hreppsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar hreppsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefndin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum hreppsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar hafi hún ekki verið send út áður.

12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum hreppsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu hreppsins, skrifstofu hreppsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Aukafundi sem áður hefur verið tilkynnt um má einnig boða símleiðis með minnst sólarhrings fyrirvara.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddviti á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

17. gr.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnaði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefndin ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmatgur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefndin enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmatgur.

19. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.

4. Áætlanir fyrir hreppinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundi nema lögmat forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnámálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í hreppsnefnd.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundi.

23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsins eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga hreppsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Hreppsnefndarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftartil máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftartil en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmann sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum hreppsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra/oddvita skriflega a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlags.

Missi fulltrúi í hreppsnefnd kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlags.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefndin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um

ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefndina.

51. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Brunamála- og almannavarnanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962 og sbr. erindisbréf nefndarinnar.
2. *Barnaverndarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992.
3. *Búfjárefartilitsmaður.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
4. *Skipulags-, byggingar- og hafnarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994. Nefndin fer einnig með húsnæðismál skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998. Einnig fer nefndin með atvinnumál, þar með talin landbúnaðarmál. Nánari skilgreining á hlutverki nefndarinnar er samkvæmt erindisbréfi hennar.
5. *Félagsmála- og jafnréttisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndin fer einnig með jafnréttismál skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Fer nefndin einnig með æskulýðs- og íþróttamál. Nánari skilgreining á hlutverki nefndarinnar er samkvæmt erindisbréfi hennar.
6. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
7. *Umhverfis- og náttúruverndarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. Nefndin fer einnig með náttúruverndarmál skv. 10. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og önnur þau umhverfismál, þar með talin ferðamál og samgöngumál, sem nefndinni eru falin með erindisbréfi. Nefndin fer einnig með umferðarmál, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
8. *Heilbrigðisnefnd.* Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega á Fjórðungspingi Vestfirðinga fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
9. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 (undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru: Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn).
10. *Mennta- og menningarmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994, skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og skv. 2. gr. um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Einnig skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997. Nefndin hefur einnig umsjón með fullorðinsfræðslu og vinnuskóla samkvæmt nánara erindisbréfi.

11. *Stjórn hjúkrunarheimilisins Barmahlíðar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Kosnir úr hópi hreppsnefndarmanna. Fer með stefnumótandi málefni hjúkrunarheimilisins og gerir fjárhagsáætlun þess.
12. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
13. Fulltrúi á aðalfund Orkubús Vestfjarða og annar til vara.
14. *Stjórn heilsugæslustöðvar*. Einn aðalmaður af þremur sem sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi kjósa og einn til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
15. *Þjónustuhópur aldraðra*. Sveitarstjórnir í heilsugæsluumdæmi skipa fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

52. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

53. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

54. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum hreppsnefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og málefna hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefndin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki hreppsnefndarinnar þarf til. Sveitarstjóranum er heimilt með samþykki hreppsnefndarinnar að veita öðrum starfsmanni hreppsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

55. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum, svo sem yfirmenn stofnana og deilda hreppsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

56. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna sér sveitarstjóri. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélagi.

57. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI Um fjármálastjórn hreppsins.

58. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

59. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 58. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

60. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundi, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í hreppsnefnd með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

61. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera ramma um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

62. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 58. gr. og þriggja ára áætlun skv. 61. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 60. gr.

63. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana hreppsins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjóri og hreppsnefndarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Reykhólahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Við gildistöku samþykktar þessarar fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Reykhólahrepps nr. 98/1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. júlí 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um jöfnun námskostnaðar

1. gr.

Almenn skilyrði.

Nemendur á framhaldsskólastigi, sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum eiga rétt til námsstyrkja til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun vegna búsetu svo sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari:

- a. Nemandi stundar reglubundið nám á framhaldsskólastigi hér á landi, sem ekki er á háskólastigi eða gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi, enda sé um að ræða a.m.k. eins árs skipulagt nám við framhaldsskóla sem falla undir ákvæði laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, með áorðnum breytingum. Námsstyrkjanefnd er heimilt að styrkja annað hliðstætt nám á framhaldsskólastigi.
- b. Nemandi nýtir ekki rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða nýtur hliðstæðrar fyrirgreiðslu.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- a. Reglubundið nám. Nemandi telst stunda reglubundið nám hafi hann tekið próf til fullnustu a.m.k. 12 eininga námi á önn sem telst hluti af skipulögðu námi skóla eða skóli staðfestir námsárangur með ástundunarvottorði, ef námi lýkur ekki með prófi. Ef námi er ekki lokið vegna veikinda skal skóli staðfesta móttöku á fullgildu læknisvottorði.
- b. Sambærilegt nám. Við mat á því hvort sambærilegt framhaldsnám verði stundað í heimabyggð eða ekki er alfarið vísað til námsbrautarlýsingar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, ef um nám á 1. ári samkvæmt skipulagi skóla er að ræða. Í fylgiskjali I er listi yfir staði þaðan sem nám á tilgreindum brautum á 1. ári telst ekki styrkhæft

vegna dvalar fjarri lögheimili. Á síðari stigum framhaldsnáms þ.e. að loknu 1. ári er ekki vísað til námsbrautarlýsingar heldur til mats umsækjanda á eðli og gæðum skóla eða einstakra námsáfanga.

- c. Dvalarstyrkur. Dvalarstyrkur samanstendur af ferðastyrk, fæðisstyrk og húsnæðisstyrk.
- d. Fjölskylda. Með fjölskyldu nemenda, sbr. 4. gr. og 6. gr., er átt við foreldra (annað eða bæði) og/eða forsjáraðila.

3. gr.

Námsstyrkjanefnd og LÍN.

Námsstyrkjanefnd úthlutar styrkjum til styrkhæfra nemenda að jafnaði einu sinni á ári. Nefndin auglýsir eftir umsóknum um námsstyrki á haustönn og skulu umsóknir, bæði vegna náms á haust- og vorönn, berast á þar til gerðum eyðublöðum fyrir 31. október ár hvert. Fram til 31. janúar skal námsstyrkjanefnd þó heimilt að taka við umsóknum vegna náms á vorönn.

Námsstyrkjanefnd hefur starfsstöð í húsakynnum Lánasjóðs íslenskra námsmanna og annast sjóðurinn alla umsýslu og nauðsynlega framkvæmd fyrir nefndina. LÍN tekur m.a. við umsóknum um námsstyrki, sér um úrvinnslu þeirra, leitar eftir upplýsingum frá skólum um hvort nemandi teljist hafa stundað reglubundið nám, sbr. 2. gr., og annast útborgun námsstyrkja.

Til staðfestingar á því að nemandi stundi reglubundið nám á framhaldsskólastigi ber viðkomandi framhaldsskóla, að ósk námsstyrkjanefndar, að láta nefndinni í té upplýsingar þar að lútandi áður en útborgun námsstyrkja fer fram.

Útborgun námsstyrkja skal fara fram í tvennu lagi og við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 10. janúar og 10. júní ár hvert. Skilyrði útborgunar er að skóli hafi staðfest námsárangur eða námsástundun nemandans í lok haustannar og í lok vorannar.

Athugasemdir við niðurstöður námsstyrkjanefndar skulu vera skriflegar og studdar gögnum eftir eðli máls. Þær skulu berast innan 30 daga frá birtingu á niðurstöðu nefndarinnar.

4. gr.

Dvalarstyrkir

Skilyrði fyrir veitingu dvalarstyrks er að:

- a. dvalarstaður nemanda vegna náms sé a.m.k. 30 km frá lögheimili hans,
- b. nemandi geti ekki stundað sambærilegt nám frá lögheimili sínu, sbr. skilgreiningu í b. lið 2. gr.,
- c. nemandi visti sig fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins.

Nemandi sem ekki á sama lögheimili og fjölskylda hans og dvelur þess vegna fjarri fjölskyldu sinni af annarri ástæðu en vegna námsins getur þó átt rétt á dvalarstyrk enda sýni hann fram á eftirfarandi tengsl við lögheimilsstað:

1. lögheimilishúsnæði er í eigu námsmanns eða hann leigir það;
2. námsmaður hefur sótt fulla vinnu frá lögheimili sínu lengur en 7,5 mánuði sl. 2 ár;
3. námsmaður og maki hafa barn á framfæri sínu, maki dvelur í lögheimilshúsnæði og skráð sambúð á lögheimili hefur varað í a.m.k. eitt ár.

Ef nemandi er yngri 20 ára og fjölskylda hans á lögheimili erlendis eða fjarri námsstað eins og nemandinn, getur hann átt rétt á dvalarstyrk þó að hann uppfylli ekki eitthvert skilyrði 2. mgr. þessarar greinar. Í slíkum tilvikum skal upphæð dvalarstyrks taka mið af svæði A, nema lögheimili námsmanns og fjölskyldu sé að finna á svæði B eða C. Ef lögheimili þeirra er þá á sitthvoru svæðinu skal styrkurinn taka mið af svæði B.

5. gr.

Upphæð dvalarstyrks

Fullur dvalarstyrkur nær til ferðastyrks, fæðisstyrks og húsnæðisstyrks. Námsstyrkjanefnd ákveður upphæð fulls dvalarstyrks með hliðsjón af heildarfjárhæð sem veitt er til jöfnunar á námskostnaði á fjárlögum ár hvert.

Staðfesti skóli greiðslu fyrir dvöl á heimavist eða í sambærilegu húsnæði á vegum skóla eða sýni nemandi fram á húsaleigu er upphæð (mögulegs) dvalarstyrks miðuð við staðsetningu lögheimilis og er landinu þá skipt í þrjú svæði: Svæði A (höfuðborgarsvæðið og Akureyri); Svæði B (sveitarfélög og nágrennabyggðir með framhaldsskóla); Svæði C (önnur byggðalög). Í fylgiskjali II er gerð nánari grein fyrir svæðaskiptingunni. Námsstyrkjanefnd er heimilt að veita allt að 15% uppbót á fullan dvalarstyrk til nemenda sem eiga lögheimili á svæði B og allt að 30% uppbót á fullan dvalarstyrk til nemenda sem eiga lögheimili á svæði C.

Greiði nemandi ekki húsaleigu nemur mögulegur dvalarstyrkur sömu upphæð og styrkur vegna aksturs, sbr. 6. gr.

6. gr.

Styrkir vegna skólaaksturs.

Þeir nemendur sem stunda nám við framhaldsskóla utan höfuðborgarsvæðis, sbr. skilgreiningu í fylgiskjali II, og sækja nám frá lögheimili fjarri skóla geta átt rétt á styrk vegna skólaaksturs. Námsstyrkjanefnd ákveður upphæð akstursstyrks með hliðsjón af heildarfjárhæð sem veitt er til skólaaksturs á fjárlögum ár hvert.

Styrkir vegna skólaaksturs skulu renna beint til nemenda enda uppfylli þeir eftirtalin skilyrði:

- a. sækja framhaldsskóla utan höfuðborgarsvæðis;
- b. sækja skóla frá lögheimili sínu og fjölskyldu;
- c. lögheimili er ekki í nágrenni skóla, sbr. yfirlit á fylgiskjali III yfir staði, sem teljast í nágrenni skóla í þessu samhengi.

Námsstyrkjanefnd er heimilt að víkja frá skilyrði um búsetu hjá fjölskyldu, sbr. b) lið 2. mgr. þessarar greinar, ef eitthvert skilyrði 2. mgr. 4. gr. er uppfyllt.

Til viðbótar akstursstyrk til nemenda er námsstyrkjanefnd heimilt að styðja þá skóla sem skipuleggja daglegan akstur fyrir nemendur sína. Upphæð þessi skal samsvara allt að 25% af greiðslu nemenda til skólans fyrir aksturinn.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 23/1989 um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 746/2000.

Menntamálaráðuneytinu, 20. júlí 2001,

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Fylgiskjal II.**SVÆÐI A:**

Svnr.	Sveitarfélag	Pnr.
0000	Reykjavíkurborg	101-155
1000	Kópavogsbær	200-203
1100	Seltjarnarneskaupstaður	170
1300	Garðabær	210
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	220;221
1603	Bessastaðahreppur	225
1604	Mosfellsbær	270
6000	Akureyrarkaupstaður	600;603

SVÆÐI B:

Svnr.	Sveitarfélag	Pnr.
2000	Reykjanesbær	230;233;235;260
2300	Grindavíkurborg	240
2503	Sandgerðisbær	245
2504	Gerðahreppur	250
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	190
3000	Akraneskaupstaður	300
3502	Skilmannahreppur	301
3503	Innri-Akraneshreppur	301
3504	Leirár- og Melahreppur	301
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	415
4200	Ísafjarðarbær	400;401;410
4803	Súðavíkurhreppur	401;420
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	550
6100	Húsavíkurborg	640
6506	Arneshreppur	601
6513	Eyjafjarðarsveit	601
6514	Hörgárbyggð	601
6601	Svalbarðsstrandarhreppur.	601
6608	Reykðalahreppur	641;645;650
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	710
7300	Fjarðabyggð	730;735;740
7505	Fljótsdalshreppur	701
7506	Fellahreppur	701
7618	Austur-Hérað	700;701
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	780;781*)
8000	Vestmannaeyjabær	900
8200	Sveitarfélagið Árborg	800;801;820;825
8701	Gaulverjabæjarhreppur	801
8706	Hraungerðishreppur	801
8707	Villingaholtshreppur	801
8708	Skeiðahreppur	801
8712	Laugardalshreppur	801;840
8716	Hveragerðisbær	801;810
8717	Sveitarfélagið Ölfus	801;810;815
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	801

SVÆÐI C:

Svnr.	Sveitarfélag	Pnr.
1606	Kjósarhreppur	270
3501	Hvalfjarðarstrandahreppur	301
3506	Skorradalshreppur	311
3510	Borgarfjarðarsveit	311;320
3601	Hvítársíðahreppur	311;320
3609	Borgarbyggð	310;311
3701	Kolbeinsstaðahreppur	311
3709	Eyrarsveit	350
3710	Helgafellssveit	340
3711	Stykkishólmsbær	340
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	311
3714	Snæfellsbær	355;356;360
3809	Saurbæjarhreppur	371
3811	Dalabyggð	370;371
4200	Ísafjarðarbær	425;430;465;470;471
4502	Reykólahreppur	345;380
4604	Tálknafjarðarhreppur	460
4607	Vesturbyggð	450;451;460;465
4901	Árneshreppur	522;523;524
4902	Kaldrananeshreppur	520
4904	Hólmavíkurhreppur	510
4905	Kirkjubólshreppur	510
4908	Bæjarhreppur, Strand.	500
4909	Broddaneshreppur	500;510
5000	Síglufjarðarkaupstaður	580
5200	Sveitarfélagið Skaga- fjörður	551;560;565;566;570
5508	Húnaþing vestra	500;530;531
5601	Áshreppur	541
5602	Sveinsstaðahreppur	541
5603	Torfalækjarhreppur	541
5604	Blönduósbær	540
5605	Svínavatnshreppur	541
5606	Bólstaðarhlíðahreppur	541;560
5607	Engihlíðahreppur	541
5608	Vindhælishreppur	541;545
5609	Höfðahreppur	545
5610	Skagahreppur	545
5706	Akrahreppur	560
6200	Ólafsfjarðarkaupstaður	625
6400	Dalvíkurbyggð	620;621
6501	Grimseyjarhreppur	611
6504	Hríseyjarhreppur	630
6602	Grytubakkahreppur	601;610
6604	Hálshreppur	601
6605	Ljósavatnshreppur	641;645
6606	Bárðdalahreppur	645
6607	Skútustaðahreppur	660
6609	Aðaldalahreppur	641

*) Austan Hornafjarðarflióta

Svnr.	Sveitarfélag	Pnr.	Svnr.	Sveitarfélag	Pnr.
6610	Reykjahreppur	641	8508	Mýrdalshreppur	870;871
6611	Tjörneshreppur	641	8509	Skaftárhreppur	880
6701	Kelduneshreppur	671	8601	A.-Eyjafjallahreppur	861
6702	Öxarfjarðarhreppur	670;671	8602	V.-Eyjafjallahreppur	861
6705	Raufarhafnarhreppur	675	8603	A.-Landeyjahreppur	861
6706	Svalbarðshreppur	675;681	8604	V.-Landeyjahreppur	861
6707	Þórshafnarhreppur	680;681	8605	Fljótshlíðarhreppur	861
7501	Skeggiastaðahreppur	685	8606	Hvolhreppur	860;861
7502	Vopnafjarðarhreppur	690	8607	Rangárvallahreppur	850;851;861
7509	Borgarfjarðarhreppur	720	8610	Ásahreppur	851
7512	Norður-Hérað	701	8611	Djúpárhreppur	851
7605	Mjóafjarðarhreppur	715	8612	Holta- og Landsveit	851
7610	Fáskrúðsfjarðarhreppur	750	8709	Gnúpverjahreppur	801
7611	Búðahreppur	750	8710	Hrunamannahreppur	845
7612	Stöðvarhreppur	755	8711	Biskupstungnahreppur	801
7613	Breiðdalshreppur	760	8714	Pingvallahreppur	270;801
7617	Djúpavogshreppur	765			
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	781*);785			

*) Vestan Hornafjarðarflióta

Fylgiskjal III.

Staðir í nágrenni framhaldsskóla.

Svnr.	Sveitarfélag	Pnr.	Svnr.	Sveitarfélag	Pnr.
2000	Reykjanesbær	230;235;260	7506	Fellahreppur	701 ³⁾
3000	Akraneskaupstaður	300	7618	Austur-Hérað	700
3503	Innri-Akraneshreppur	301 ¹⁾	7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	780;781 ⁴⁾
3711	Stykkishólmsbær	340	8000	Vestmannaeyjabær	900
3714	Snæfellsbær	355;360	8200	Sveitarfélagið Árborg	800
4200	Ísafjarðarbær	400;410	8712	Laugardalshreppur	840
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	550			
6000	Akureyrarkaupstaður	600;603			
6100	Húsavíkurkaupstaður	640			
6608	Reykdalehreppur	650;641 ²⁾			
7300	Fjarðabyggð	740			

1) Frá Miðgarði að Akranesi.

2) Umhverfis Laugar að þjóðvegi 1.

3) Fellabær.

4) Frá Hornafjarðarfliótum austur að Almanskarði.

AUGLÝSING

um friðland í Húsafellsskógi.

Samkvæmt samkomulagi milli Náttúruverndar ríkisins og landeigenda að Húsafelli II í Borgarfjarðarsveit hefur umhverfissráðherra ákveðið að mörkum friðlands í Húsafellsskógi verði breytt, skv. 1. tölulið 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Mörk friðlandsins eru þessi:

Lína, sem hugsast dregin eftir hnitum 1-16 og aftur í upphafspunkt. Á milli hnita 9 og 10 fylgja mörkin hraundragi og á milli hnita 15 og 16 fylgja mörkin Kaldá, sbr. meðfylgjandi uppdrátt. Hnitin eru í viðmiðun HJÖRSEY55.

1	20°48,11'V	64°41,97'N	9	20°50,50'V	64°42,06'N
2	20°47,48'V	64°41,92'N	10	20°51,00'V	64°42,23'N
3	20°47,24'V	64°42,04'N	11	20°51,11'V	64°42,20'N
4	20°47,36'V	64°42,09'N	12	20°50,77'V	64°42,00'N
5	20°47,61'V	64°42,31'N	13	20°51,89'V	64°41,80'N
6	20°47,83'V	64°42,48'N	14	20°51,91'V	64°41,76'N
7	20°48,28'V	64°42,66'N	15	20°51,55'V	64°41,70'N
8	20°49,33'V	64°42,29'N	16	20°48,02'V	64°41,23'N

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð, jarðrask og breytingar á landi eru háð leyfi Náttúruverndar ríkisins og landeigenda.
2. Almennungi er heimil för um svæðið og dvöl þar í löglegum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Bannað er að skerða gróður, skaða dýralíf, spilla vatni eða skemma jarðmyndanir að óþörfu.
4. Akstur er leyfður á vegum og merktum slóðum.
5. Beit búfjár er óheimil í friðlandinu. Rekstur afréttarfjár gegnum friðlandið er bannaður.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndar ríkisins eða þess, sem fer með umboð hennar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Ráðuneytið samþykkir hér með friðlýsingu þessa og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 217/1974 um friðland í Húsafellsskógi.


Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2001.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.








Hersir Gíslason.

Fylgiskjal.

Friðland í Húsafellsskógi



Skýringar

- | | |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  Vegur |  Á |
|  Annar vegur |  Vatn |
|  Vegarslóði |  Friðlandsmörk |
|  Skurður | |

REGLUGERÐ

um öryggisráðgjafa við flutning á hættulegum farmi á vegum.

I. Skilgreiningar og gildissvið.

1. gr.

Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Fyrirtæki: Einstaklingur eða lögaðili, samtök eða hópur einstaklinga, hvort sem viðkomandi starfar með hagnaðarvon eða ekki, svo og opinber stofnun, sem flytur, fermir eða affermir hættulegan farm.

Hættulegur farmur: Farmur sem inniheldur hættuleg efni sem ekki má flytja á vegum eða sem einungis má flytja með tilteknum skilyrðum samkvæmt gildandi reglum hverju sinni.

Öryggisráðgjafi: Hver sá sem tilnefndur er af fyrirtæki til að sinna þeim verkefnum og gegna þeim skyldum sem skilgreindar eru í 4. gr. og er handhafi vottorðs um starfsmenntun og hæfi sem kveðið er á um í 6. gr.

2. gr.

Ákvæði um öryggisráðgjafa gilda um fyrirtæki er annast flutning, fermingu eða affermingu á hættulegum farmi á vegum, og utan vega, eftir því sem við á.

Ákvæðin gilda þó ekki ef flutningurinn er einungis innan afmarkaðs athafnasvæðis fyrirtækis eða stofnunar eða byggingarsvæðis þar sem almenningur hefur takmarkaðan aðgang og tengist ekki flutningi að öðru leyti. Þau gilda heldur ekki um fyrirtæki er flytja einingar sem undanþegnar eru ákvæðum reglugerðar um flutning á hættulegum farmi, nr. 984 27. desember 2000, sbr. 15. gr. og IX. og X. viðauka við reglugerðina.

II. Tilnefning og hlutverk öryggisráðgjafa.

3. gr.

Fyrirtæki skal tilnefna einn eða fleiri öryggisráðgjafa og ber ábyrgð á að öryggisráðgjafinn fullnægi skyldum sem á ráðgjafa hvíla samkvæmt reglugerð þessari.

Öryggisráðgjafi má vera yfirmaður fyrirtækisins, einstaklingur sem hefur aðrar skyldur innan fyrirtækisins eða einstaklingur sem starfar ekki hjá því fyrirtæki, að því tilskildu að hann sé fær um að sinna skyldustörfum öryggisráðgjafa. Öryggisráðgjafi skal fá tíma og tækifæri til að gegna hlutverki sínu sem öryggisráðgjafi.

Fyrirtækið skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um hver öryggisráðgjafi þess er hverju sinni.

4. gr.

Öryggisráðgjafi skal leita viðeigandi leiða og grípa til viðeigandi aðgerða, innan marka starfsemi fyrirtækisins, sem eru til þess fallnar að auðvelda framkvæmd starfseminnar í samræmi við gildandi reglur á eins öruggan hátt og kostur er. Hann skal gegna þeim verkefnum sem tilgreind eru í I. viðauka. Ef tilnefndir eru fleiri en einn öryggisráðgjafi innan fyrirtækis skal einn þeirra tilnefndur sem samræmingarráðgjafi.

5. gr.

Verði slys eða óhapp við flutning, fermingu eða affermingu á hættulegum farmi sem veldur tjóni á fólki, eignum eða umhverfi skal öryggisráðgjafinn taka saman skýrslu um atvikið eftir að hafa aflað viðeigandi gagna og leggja fyrir stjórnendur fyrirtækisins. Skýrsla þessi kemur ekki í stað skýrslugerðar sem kann að vera krafist samkvæmt öðrum reglum eða lögum.

III. Próf og vottorð um starfsmenntun og gildistími vottorðs.

6. gr.

Öryggisráðgjafi skal vera handhafi gilds vottorðs um starfsmenntun sem gefið skal út af Vinnueftirliti ríkisins í samræmi við III. viðauka.

Til þess að fá vottorð um starfsmenntun skal umsækjandi hafa notið kennslu í því námsefni sem greinir í II. viðauka og standast próf í samræmi við IV. viðauka.

Starfsmenntunarvottorð, sem gefið er út í öðru ríki sem er aðili að EES-samningnum, gildir til jafns við vottorð gefið út hér á landi, með þeim takmörkunum sem vottorðið ber með sér.

7. gr.

Vottorð um starfsmenntun gildir í fimm ár. Vottorðið skal bera með sér fyrir hvaða flutningastarfsemi (flutninga á vegum) prófið náði.

Gildistíma vottorðs má framlengja um fimm ár í senn ef handhafi þess hefur á síðasta gildisári vottorðsins sótt upprifjunarnámskeið eða staðist próf.

Prófið skal vera í samræmi við IV. viðauka.

8. gr.

Um námskeið, framkvæmd prófa og útgáfu vottorða, þ.á m. um greiðslu kostnaðar af námskeiði, prófi og útgáfu vottorðs, fer skv. 19.-21. gr. reglugerðar um flutning á hættulegum farmi.

IV. Gildistaka.

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga, nr. 50/30. mars 1987, og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hvað varðar þátt Vinnueftirlits ríkisins, öðlast þegar gildi.

Reglugerðin er einnig sett með hliðsjón af XIII. viðauka við EES-samninginn, 13.a tölul. (tilskipun 96/35/EB, sbr. ákvörðun nr. 6/97 og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 29. hefti 1997, bls. 19-26) og 13.b tölul. (tilskipun 2000/18/EB, sbr. ákvörðun nr. 110/2000).

Fyrirtæki skal hafa tilnefnt öryggisráðgjafa vegna starfsemi þess í samræmi við reglugerð þessa fyrir 1. janúar 2002.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. júlí 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

I. VIÐAUKI

Verkefni öryggisráðgjafa, sbr. 4. gr.

Öryggisráðgjafinn skal einkum sinna eftirfarandi verkefnum:

- að fylgjast með því að farið sé að reglum um flutning á hættulegum farmi,
- að veita fyrirtæki sínu ráðgjöf um flutning á hættulegum farmi,
- að taka saman ársskýrslu fyrir stjórnendur fyrirtækisins um starfsemi fyrirtækisins er varðar flutning á hættulegum farmi. Ársskýrslan skal ennfremur hafa að geyma upplýsingar um verkefni öryggisráðgjafans á liðnu ári. Ársskýrslur skal fyrirtækið geyma í fimm ár og skulu yfirvöld sem samkvæmt gildandi löggjöf annast eftirlit, rannsókn o.þ.h. vegna slysa eða óhappa hafa aðgang að þeim verði farið fram á það.

Öryggisráðgjafinn skal einnig hafa eftirlit með eftirfarandi starfsaðferðum er varða flutningastarfsemi fyrirtækisins á hættulegum farmi:

- framkvæmd reglna um merkingu á hættulegum farmi sem á að flytja,
- með hvaða hætti fyrirtækið fullnægir sérstökum kröfum vegna flutnings á hættulegum farmi þegar fest eru kaup á flutningstæki,
- eftirlit með búnaði sem notaður er í tengslum við flutning, fermingu eða affermingu á hættulegum farmi,
- nauðsynlega þjálfun starfsmanna fyrirtækisins og að sú þjálfun sé skráð,
- framkvæmd neyðaráætlunar verði slys eða komi upp önnur atvik sem gætu haft áhrif á öryggi við flutning á hættulegum farmi,
- rannsókn og skýrslugerð, ef við á, um alvarleg slys, önnur atvik eða alvarleg brot sem verða við flutning á hættulegum farmi,
- framkvæmd ráðstafana til að komast hjá því að slys, önnur atvik eða alvarleg brot endurtaki sig,
- hvort tekið sé mið af reglum og sérstökum kröfum er varða flutning á hættulegum farmi við val á undirverktökum eða öðrum aðilum,
- sannprófun á því að starfsmenn sem vinna að flutningi á hættulegum farmi starfi samkvæmt nákvæmum verklagsreglum,
- að teknar séu upp ráðstafanir til að auka meðvitund um þá áhættu sem felst í flutningi á hættulegum farmi,
- sannprófun á því að í ökutæki séu skjöl og öryggisbúnaður sem skylt er að hafa við flutning á hættulegum farmi og að hvoru tveggja sé í samræmi við reglur,
- sannprófun til að tryggja að farið sé að reglum um fermingu og affermingu.

II. VIÐAUKI

Námsgreinar sem um getur í 3. mgr. 6. gr.

Til að fá vottorð um starfsmenntun er krafist í það minnsta þekkingar á eftirfarandi:

- A. *Almennar forvarnar- og öryggisráðstafanir:*
 - þekking á afleiðingum slyss þar sem við sögu kemur hættulegur farmur,
 - þekking á helstu orsökum slysa.
- B. *Ákvæði reglna um flutning á hættulegum farmi á vegum, einkum með hliðsjón af eftirfarandi:*
 1. Flokkun hættulegs farms:
 - aðferð við flokkun á lausnum og blöndum,
 - kerfi fyrir lýsingu á efnum,
 - flokkar hættulegs farms og meginreglur um flokkun slíks farms,
 - eðli hættulegra efna og hluta sem fluttir eru,
 - eðlisfræðilegir, efnafræðilegir og eiturefnafræðlegir eiginleikar.
 2. Almennar kröfur um þökkun, þ.á m. í farmgeymum og gámageymum:
 - umbúdategundir, skráning („kóðun“) og merking,
 - kröfur varðandi umbúðir og reglur um prófun umbúða,
 - ástand umbúða og reglubundið eftirlit.
 3. Varúðarmerki og hættuskilti:
 - merking varúðarmerkja,
 - hvenær varúðarmerki verða sett á eða fjarlægð (hulin),
 - áfesting varúðarmerkja og hættuskilta.

4. - Farmbréf:
 - upplýsingar í farmbréfi,
 - vottorð sendanda,
5. Sendingaraðferð og takmarkanir á afgreiðslu:
 - fullfermi (frá sama sendanda),
 - búlkafarmar,
 - búlkaflutningar í stórum gámum,
 - gámaflutningar,
 - flutningar í föstum eða lausum farmgeymum.
6. Flutningur farþega.
7. Bann og varúðarráðstafanir við samlestun.
8. Aðskilnaður efna.
9. Takmarkanir á flutningsmagni og magn sem er undanskilið.
10. Meðhöndlun og hleðsla:
 - ferming og afferming (fyllingarhlutfall),
 - hleðsla og aðgreining.
11. Hreinsun og/eða tæming gastegunda fyrir fermingu og eftir affermingu.
12. Áhöfn:
 - starfsþjálfun.
13. Skjöl sem fylgja skulu flutningnum:
 - farmbréf,
 - flutningssslysablað,
 - vottorð um viðurkenningu ökutækisins,
 - starfsþjálfunarvottorð ökumanns ökutækisins,
 - afrit af undanþágum,
 - önnur skjöl.
14. Öryggisleiðbeiningar:
 - notkun leiðbeininganna og búnaðar til verndar ökumanni.
15. Eftirlitsskyldur:
 - lagning ökutækis (vöktun).
16. Reglur og takmarkanir varðandi akstur og fylgd.
17. Losun mengunarefna í kjölfar aðgerðar eða fyrir slysi.
18. Kröfur um flutningsbúnað.

III. VIÐAUKI
Eyðublað sem um getur í 1. mgr. 6. gr.

EES vottorð um þjálfun öryggisráðgjafa við flutning á hættulegum farmi.

Númer vottorðs:

Þjóðernismerki útgáfulands vottorðsins:

Kenninafn:

Eiginnafn (nöfn):

Fæðingardagur:

Ríkisfang:

Undirskrift handhafa:

Gildir til: vegna fyrirtækja sem flytja hættulegan farm:

- á vegum
- með járnbrautum
- á skipgengum vatnaleiðum

eða fyrirtækja sem sjá um tilheyrandi fermingu og affermingu.

Útgefið af:

Dagsetning:

Undirskrift:

Framlengist til:

Af:

Dagsetning:

Undirskrift:

IV. VIÐAUKI

Próf og prófspurningar, sbr. 2. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 7. gr.

Prófið skal vera skriflegt og samanstanda af a.m.k. 20 opnum spurningum úr efnisinnihaldi I. og II. viðauka. Leggja má fyrir krossapróf og skulu þá tvær krossaspurningar samsvara einni opinni spurningu.

Til að standast próf skal viðkomandi sýna fram á að hann kunni m.a. skil á eftirfarandi efni:

- Almennar forvarnar- og öryggisráðstafanir.
- Flokkun hættulegs farms.
- Almennar kröfur um pökkun, þ.á m. í farmgeymum og gámageymum,
- Varúðarmerki og hættuskilti.
- Farmbréf.
- Meðhöndlun og hleðsla.
- Starfsþjálfun áhafnar.
- Skjöl sem fylgja skulu flutningnum.
- Öryggisleiðbeiningar.
- Kröfur um flutningsbúnað.

Við endurnýjunarpróf skal enn fremur leggja áherslu á breytingar sem orðið hafa á gildandi reglum síðustu fimm árin.

Prófið skal innihalda raunverkefni úr starfssviði sem fellur undir skyldustörf öryggisráðgjafa skv. I. viðauka. Við lausn verkefnisins skal próftaki sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem nauðsynleg er til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til öryggisráðgjafa.

Nr. 608

REIKNINGUR**Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2000.****Rekstrarreikningur****Tekjur:**

Framlag ríkissjóðs	4.475.413.000
Framlag sveitarfélaga	<u>2.937.093.786</u>
Tekjur alls	7.412.506.786

Framlög:

Bundin framlög	794.461.358
Sérstök framlög	770.485.359
Jöfnunarframlög	2.106.215.926
Húsaleigubætur	291.980.069
Jöfnunarframlög til grunnskóla	2.882.687.704
Stofnkostnaðarframlög	<u>400.000.000</u>
Framlög alls	7.245.830.416

Rekstrarkostnaður:

Laun og launatengd gjöld	14.026.224
Önnur gjöld	<u>9.302.819</u>
Rekstrarkostnaður samtals	23.329.043
Gjöld alls	<u>7.269.159.459</u>

Tekjuafgangur án fjármagnsliða	143.347.327
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	185.103.144
Tekjuafgangur	<u>328.450.471</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2000

Eignir:

<i>Veltufjármunir:</i>	
Ríkissjóður	6.794.107
Áfallnar vaxtatekjur	46.350.234
Aðrar skammtímakröfur	1.903.390
Skammtímakröfur samtals	<u>55.047.731</u>
Handbært fé:	
Bankareikningar	1.484.636.287
Eignir alls	<u>1.539.684.018</u>

Skuldir og eigið fé:

<i>Eigið fé:</i>	
Eigið fé	1.071.682.429
<i>Skammtímaskuldir:</i>	
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	4.635.023
Óhafin framlög	338.020.314
Aðrar skammtímaskuldir	125.346.252
Skammtímaskuldir samtals	<u>468.001.589</u>
Skuldir samtals	<u>468.001.589</u>
Skuldir og eigið fé alls:	<u>1.539.684.018</u>

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri:

<i>Veltufé frá rekstri:</i>	
Tekjuafgangur	328.450.471
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>	
Skammtímakröfur (hækkun)	152.322.884
Skammtímaskuldir (lækkun)	(34.081.849)
Breyting samtals	<u>118.241.035</u>
Handbært fé frá rekstri	446.691.506
Handbært fé í ársbyrjun	1.037.944.781
Handbært fé í árslok	<u>1.484.636.287</u>

Áritun endurskoðenda

Til ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-16. Ársreikningurinn er lagður fram af yfirstjórn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reiknings-skilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2000, efnahag 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu 2000 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 16. júlí 2001.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.
Sigurgeir Bóasson endurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2000 varð tekjuafgangur af rekstri Jöfnunarsjóðsins er nam 328.450 þús. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2000 var 1.071.682 þús. kr.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2000 með áritun sinni.

Reykjavík, 16. júlí 2001.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra.
Húnbogi Þorsteinsson formaður ráðgjafarnefndar.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar, á fundi sínum þann 23. maí 2001.

Breyting felst í þéttingu byggðar norðan Háholts, sunnan og norðan Þverholts og austan Langatanga og norðan Bjarkarholts. Um er að ræða bæði íbúðabyggð og verslunar- og miðbæjartengda starfsemi. Einnig er gert ráð fyrir byggingu kirkju sunnan Þverholts. Skipulagið nær einnig til tengibrautarinnar, Skeiðholts, frá Langatanga að Urðarholti.

Skipulagssvæðið afmarkast til suðurs af Háholti og norðan lóða við Bjarkarholt, til vesturs af Langatanga, til norðurs af byggð norðan Skeiðholts og til austurs sunnan íbúðabyggðar við Urðar-, Njarðar- og Þverholt 2.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess falla úr gildi eldri deiliskipulög.

Mosfellsbæ, 27. júlí 2001.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi stofnunarlóðar við Reykjaveg, Mosfellsbæ.

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi stofnunarlóðar við Reykjaveg, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 12. júlí 2001.

Breytingin felst í því að byggingarreitur við leikskólann Reykjakot er stækkaður jafnframt því sem búinn er til byggingarreitur fyrir færanlegar leikskólastofur. Gert er ráð fyrir einnar hæðar byggingum. Stærð lóðar er óbreytt.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess falla úr gildi eldri deiliskipulagsuppdrættir.

Mosfellsbæ, 30. júlí 2001.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um deiliskipulag íþróttasvæðis Þórs á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag íþróttasvæðis Þórs við Skarðshlíð. Skipulagið kveður m.a. á um byggingarreit fyrir knattspyrnuhús, 90 x 120 m, nyrst á lóðinni.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 1. ágúst 2001.

F.h. bæjarstjóra Akureyrar,
Kristjáns Þórs Júlíussonar,

Hákon Stefánsson bæjarlögmaður.

REGLUGERÐ

um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

I. KAFLI

Prófnefnd.

1. gr.

Skipun.

Prófnefnd löggiltra fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, sem dómsmálaráðherra skipar, í reglugerð þessari eftirleiðis nefnd prófnefnd, skal standa fyrir prófi samkvæmt ákvæðum laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu og nefnist próf þetta fasteignasölupróf.

Ráðherra skipar prófnefnd. Í prófnefnd skulu eiga sæti þrír aðalmenn, sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn. Varamenn skal skipa með sama hætti.

2. gr.

Gerðabók.

Prófnefnd heldur gerðabók. Í hana skal færa ákvarðanir nefndarinnar og niðurstöður prófa.

I. KAFLI

Námskeið.

3. gr.

Framkvæmd.

Dómsmálaráðherra er heimilt að stofna á hæfilegum fresti til námskeiða til undirbúnings fyrir þá sem þreyta vilja fasteignasölupróf. Prófnefnd skal gera tillögu til ráðherra um það hvenær námskeið skulu haldin og stendur fyrir þeim nema ráðherra ákveði að fela öðrum aðilum að annast námskeið.

Eigi er skylt þrátt fyrir auglýsingu um námskeið að efna til námskeiðahalds nema næg þátttaka fáiast að mati prófnefndar.

Prófnefnd getur heimilað öðrum en þeim, sem áforma að ganga undir fasteignasölupróf, að sitja námskeið og skulu þeir sitja fyrir sem hafa starfsreynslu á sviði fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Þeim, er þreyta vill fasteignasölupróf, er eigi skylt að sækja námskeið.

4. gr.

Kennsla.

Námskeið vegna fasteignasöluprófs skiptist í þrjá hluta og skal miðað við að kennsla á hverjum hluta standi yfir í að hámarki 5 mánuði. Prófnefnd ákveður nánar kennslutíma, tímafjölda í einstökum kennslugreinum og námsefni.

Kennslugreinar eru þessar og skiptast þannig milli námskeiðshluta:

I. hluti

1. Inngangur að lögfræði.
2. Eignaréttur.
3. Samningaréttur.
4. Skipasala.
5. Tölulegar upplýsingar um fasteignir og fasteignamarkað.
6. Ágrip af sífja- og erfðarétti.
7. Ágrip af félagarétti.

II. hluti

1. Fasteignakauparéttur.
2. Viðskiptabréfareglur.
3. Ágrip af réttarfari.
4. Forkaupsréttur o.fl.
5. Þinglýsingar.
6. Veðréttur.
7. Sérreglur um ákveðna flokka íbúðarhúsnæðis.
8. Afnotasamningar um fasteignir.
9. Skjalagerð I.
10. Raunhæf verkefni I.

III. hluti

1. Réttindi og skyldur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala.
2. Matsmenn og matsgerðir.
3. Skattaréttur.
4. Verðlagning og mat fasteigna, fyrirtækja og skipa.
5. Fjármögnun fasteigna-, fyrirtækja- og skipakaupa.
6. Greiðsluáætlanir, verðbætur, vísitölur og vextir.
7. Ágrip af byggingarfræði.
8. Skyldutryggingar vegna fasteigna og skipa.
9. Bókhald og reikningsskil.
10. Rekstur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
11. Skjalagerð II.
12. Raunhæf verkefni II.

Prófnefnd er heimilt að fella niður kennslu í einstökum kennslugreinum og fá aðra aðila til að annast kennslu í einstökum kennslugreinum. Þá er prófnefnd heimilt að fjölga kennslugreinum ef hún telur þess þörf.

5. gr.

Kennarar og námsefni.

Prófnefnd ræður kennara til þess að annast kennslu á námskeiðum samkvæmt ákvæðum þessa kafla og ákveður ráðningarkjör, að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

Prófnefnd er heimilt að standa fyrir gerð og útgáfu sérstaks námsefnis fyrir þá sem eru að búa sig undir fasteignasölupróf, að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

6. gr.

Námskeiðs- og prófgjöld.

Til að standa straum af kostnaði við námskeið samkvæmt þessum kafla skulu þátttakendur greiða sérstakt námskeiðsgjald. Ráðherra ákveður námskeiðsgjöld að fenginni tillögu prófnefndar og skal greiða þau fyrir þau tímamörk sem prófnefnd ákveður.

Til að standa straum af kostnaði við próf samkvæmt III. kafla skulu prófmenn greiða sérstakt prófgjald. Ráðherra ákveður prófgjöld að fenginni tillögu prófnefndar og skal greiða þau fyrir þau tímamörk sem prófnefnd ákveður.

Óski einhver, sem ekki situr námskeið, eftir að fá námsefni í hendur er prófnefnd heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir það.

III. KAFLI

Próf.

7. gr.

Viðmið við val á prófsefni.

Prófnefnd tekur ákvörðun um prófsefni það sem prófað er úr á fasteignasöluprófi. Við ákvörðun um prófsefni skal prófnefnd leggja til grundvallar að prófsefnið veiti prófmanni:

- a. næga innsýn í þær réttarreglur sem gilda um kaup og sölu fasteigna-, fyrirtækja- og skipa,
- b. nokkra kunnáttu í fræðikerfi íslenskrar lögfræði og dómstólaskipan landsins,
- c. fræðslu um ýmis tæknileg og fjármálaleg atriði vegna fasteigna, fyrirtækja og skipa sem reynt getur á við kaup og sölu þessara eigna,
- d. næga innsýn í lög og reglur um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala,
- e. kunnáttu í nauðsynlegri skjalagerð sem tengist störfum fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala,
- f. nauðsynlega starfsþjálfun.

8. gr.

Prófgreinar.

Fasteignasölupróf samanstendur af þremur prófhlutum og prófgreinar í hverjum hluta skulu vera:

I. hluti

Lögfræði I

(Prófsefni skal miðast við kennslugreinar í 1.-7. tölul. í I. hluta námskeiðs, sbr. 4. gr.).

II. hluti

1. Lögfræði II

(Prófsefni skal miðast við kennslugreinar 1.-7. tölul. í II. hluta námskeiðs, sbr. 4. gr.).

2. Skjalagerð I

(Prófsefni skal miðast við 9. tölul. í II. hluta námskeiðs, sbr. 4. gr.).

3. Raunhæft verkefni I

(Prófsefni skal miðast við 10. tölul. í II. hluta námskeiðs, sbr. 4. gr.).

III. hluti

1. Lögfræði III

(Prófsefni skal miðast við kennslugreinar 1.-3. tölul. í III. hluta námskeiðs, sbr. 4. gr.).

2. Fjármál og byggingarfræði
(Prófsefni skal miðast við kennslugreinar 4.-10. tölul. í III. hluta námskeiðs, sbr. 4. gr.).
3. Skjalagerð II
(Prófsefni skal miðast við kennslugrein 11. tölul. í III. hluta námskeiðs, sbr. 4. gr.).
4. Raunhæft verkefni II
(Prófsefni skal miðast við kennslugrein 12. tölul. í III. hluta námskeiðs, sbr. 4. gr.).

9. gr.

Framkvæmd.

Próf vegna einstakra prófhluta skulu að jafnaði haldin í framhaldi af námskeiði, sbr. 4. gr., en prófnefnd getur ákveðið aðra skipan, m.a. vegna prófmanna sem ekki hafa sótt námskeið. Til að standa straum af kostnaði við próf samkvæmt þessum kafla skulu prófmenn greiða sérstakt prófgjald, sbr. 6. gr.

Próf skulu að jafnaði vera skrifleg. Skulu skrifleg próf ekki vera skemmri en 3 klukkustundir. Prófnefnd ákveður nánar próftíma fyrir hvert próf.

10. gr.

Einkunnagjöf.

Prófnefnd getur falið kennara, sem annast hefur kennslu á undirbúningsnámskeiði skv. 4. gr., að semja, fara yfir og gefa einkunn vegna prófverkefnis í viðkomandi grein. Einkunn kennara skal staðfest af prófnefnd. Mat prófnefndar á úrlausn eða staðfestingu á einkunn kennara er endanlegt og verður ekki skotið til sérstaks prófdómara.

11. gr.

Lágmarkseinkunn.

Einkunnir á fasteignasöluprófi skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Prófmaður telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0. Til þess að standast fullnaðarpróf þarf prófmaður að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr prófum á hverjum námskeiðshluta. Próftaka á hverjum hluta er háð því að prófmaður hafi lokið prófum á fyrri námskeiðshlutum með tilskilinni lágmarkseinkunn.

Standist prófmaður ekki próf getur hann sótt um að endurtaka prófið einu sinni enda hafi skrifleg umsókn verið borin fram við prófnefnd innan 15 daga frá sendingardegi bréfs prófnefndar um einkunnir.

12. gr.

Starfsþjálfun.

Prófmaður skal afla sér starfsþjálfunar með því að:

- a. vinna í a.m.k. einn mánuð á fasteignasölu undir handleiðslu löggilts fasteignasala,
- b. fá 5 daga starfskynningu hjá þinglýsingarstjóra.

Prófmaður skal sjálfur hafa frumkvæði að því að útvega sér starfsþjálfun skv. 1. mgr. Reynist prófmanni ekki unnt að afla sér sjálfur slíkrar starfsþjálfunar getur hann óskað liðsinnis prófnefndar.

Prófnefnd getur veitt prófmanni undanþágu frá starfsþjálfun skv. 1. mgr. ef hún telur að viðkomandi hafi áður öðlast þá reynslu sem starfsþjálfuninni er ætlað að veita.

Prófmaður skal afhenda prófnefnd vottorð er staðfesti að hann hafi lokið starfsþjálfun.

Prófnefnd afhendir prófskrírteini þeim er staðist hefur fasteignasölupróf og lagt hefur fram vottorð um starfsþjálfun.

13. gr.

Undanþágur frá próftöku.

Prófmenn sem hafa lokið embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands eru undanþegnir töku prófa á I. og II. hluta skv. 2. mgr. 4. gr. Skal prófmaður afhenda prófnefnd staðfestingu á prófi sínu.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn prófnefndar, veitt prófmanni, sem um það sækir, undanþágu frá því að þreyta próf í einstökum greinum, enda sýni prófmaður fram á það með fullnægjandi hætti að hann hafi staðist sambærileg próf á háskólastigi.

Prófmaður sem sækir um undanþágu skal sýna fram á það með vottorði frá viðkomandi menntastofnun hvaða próf hann hefur staðist og prófsefni.

14. gr.

Heimildir EES-borgara.

Prófnefnd skal standa fyrir prófum fyrir þá, sem fengið hafa leyfi eða heimild til þess að starfa við fasteigna-, fyrirtækja- eða skipasölu eða málflutning í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, og óska löggildingar dómsmálaráðherra samkvæmt lögum um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu til að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum, fyrirtækjum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra.

Skal prófnefnd meta þá menntun sem liggur að baki hinu erlenda leyfi og á grundvelli þess ákveða hvernig próf viðkomandi skuli þreyta.

15. gr.

Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 54 frá 22. maí 1997 um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. júlí 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ**um uppruna og ræktun íslenska hestsins.**

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til uppruna og ræktunar íslenska hestsins. Reglugerðin er sett til að fylgja eftir sameiginlegri yfirlýsingu landbúnaðarráðuneytisins og Alþjóðasambands Íslandshestafélaga (FEIF), sbr. yfirlýsingu í viðauka I.

2. gr.

Skýringar.

Upprunaland íslenska hestsins er Ísland. Íslensk hross eru eingöngu þau sem fædd eru á Íslandi eða geta rakið ætt sína til hrossa sem fædd eru á Íslandi og eru hreinræktuð.

3. gr.

Ættbók og alþjóðaskrá.

Bændasamtök Íslands halda upprunaættbók íslenska hestsins (Fengur) og bera ábyrgð á að færa inn upplýsingar um kynbótahross sem eru fædd og alin á Íslandi og uppfylla skilyrði þessarar reglugerðar. Bændasamtök Íslands gefa út vottorð í samræmi við framangreindar upplýsingar og gefa einnig út viðurkenningarskjöl fyrir sæði, egg og fósturvísa þeirra.

Bændasamtök Íslands halda alþjóðaskrá yfir íslensk hross í samvinnu við Alþjóða-samband Íslandshestafélaga og aðildarfélög þess sem nefnist Veraldar–Fengur (World–Fengur).

Einungis ræktunarfélögum íslenska hestsins sem fengið hafa viðurkenningu opinbers aðila í viðkomandi landi eða Alþjóðasambands Íslandshestafélaga er heimilt að halda ættbók um íslensk hross á félagssvæðum sínum. Öll hross sem skráð eru í þessar ættbækur eða alþjóðaskrána skulu geta rekið ættir sínar til upprunaættbókar íslenska hestsins (Fengur). Aðeins þau hross sem uppfylla þetta skilyrði teljast hæf til skráningar í Veraldar-Feng.

Bændasamtök Íslands skulu tryggja nána samvinnu við félög eða samtök sem færa ættbók íslenskra hrossa til að miðla upplýsingum og stuðla að lausn ágreinings sem upp kann að koma.

Við sölu á skráðum kynbótahrossum milli landa skulu þau færð inn í ættbók viðkomandi lands undir sama heiti og auðkennisnúmerum þess lands, ásamt öðrum upplýsingum sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð. Heimilt er að gefa hrossum annað nafn í nýjum heimkynnum að því tilskildu að upprunalegt nafn ásamt upphafsstaf/stöfum upprunalandsins sé skráð innan sviga í ættbók nýja landsins á meðan hrossið lifir. Sömu reglur skulu gilda um skráningu við sölu annarra hrossa.

4. gr.

Skráning.

Eingöngu íslensk hross með viðurkennd vottorð um að þau séu fædd á Íslandi eða geta rakið ætt sína til hrossa, sem flutt eru út frá Íslandi og eru hreinræktuð, er heimilt að skrá í Veraldar-Feng.

Folald er fært í viðurkennda ættbók viðkomandi hrossaræktarfélags eða í Veraldar-Feng að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Þegar bæði faðir og móðir eru skráð í ættbók eða Veraldar-Feng.
2. Fangvottorð hafi verið sent til Bændasamtaka Íslands eða FEIF eða aðildarfélags FEIF, eftir því sem við á, fyrir 31. desember árið sem hryssan festi fang.
3. Fang- og folaldaskýrsla hafi borist Bændasamtökum Íslands eða ræktunarfélagi í Alþjóðasambandi Íslandshestafélaga fyrir 31. desember ár hvert.
4. Vottorð um einstaklingsmerkingu hafi borist Bændasamtökum Íslands eða aðildarfélagi í Alþjóðasambandi Íslandshestafélaga fyrir 1. mars árið eftir að folaldið fæðist.

Heimilt er að skrá öll önnur hross í ættbók eða Veraldar-Feng að undangenginni ættnisgreiningu með blóðflokkun eða DNA-greiningu.

Öll hross sem skrá skal í ættbók eða Veraldar-Feng skulu einstaklingsmerkt annað hvort með örmerki eða frostmerki.

5. gr.

Kynbótamarkmið, kynbótadómar og sýningar.

Varðandi kynbótamarkmið, sýningahald, skipun dómnefnda, mat og kynbótadóma skal farið eftir reglum sem birtar eru í viðauka II með þessari reglugerð.

6. gr.

Upprunavottorð.

Í upprunavottorði skal vera teikning af hrossi frá báðum hliðum og séð bæði framan og aftan frá, einnig háls séður neðanfrá og granir. Á myndunum skulu koma fram litir, eyrna- og brennimörk, svo og önnur sérstök auðkenni.

Eftirfarandi upplýsingar skulu einnig vera í upprunavottorði:

1. Nafn hrossins.
2. Auðkennisnúmer.
3. Merkingaraðferð og tegund merkis (örmerki, frostmerki).
4. Fæðingarár.
5. Foreldrar í fjóra ættliði með skráningarnúmerum.
6. Nafn, kennitala og heimilisfang ræktanda.
7. Nafn, kennitala og heimilisfang útflytjanda.
8. Staðfesting Bændasamtaka Íslands eða viðurkenndra samtaka sem halda ættbók íslenska hestsins í viðkomandi landi.

7. gr.

Sjúkdómar.

Óheimilt er að nota stóðhest til undaneldis sem haldinn er smitandi sjúkdómi og hann skal vera laus við erfðagalla.

8. gr.

Viðurlög.

Með mál út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt III. kafla og 19. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi. Reglugerðin er sett með hliðsjón af tilskipun ráðsins nr. 90/427/EBE og ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar nr. 92/353/EBE, 92/354/EBE, 96/78/EB og 96/79/EB.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. ágúst 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Viðauki I.

FEIF (INTERNATIONAL FÖDERATION DER ISLANDPFERD-VEREINE)

Alþjóðasamband Íslandshestafélaga

Sameiginleg yfirlýsing um ræktun íslenska hestsins.

Í aldarfjórðung hefur íslenska landbúnaðarráðuneytið með Búnaðarfélagi Íslands átt samstarf við Alþjóðasamband Íslandshestafélaga (FEIF) sem einn stofnaðili þeirra. Samtökin eru fulltrúi eigenda og ræktenda íslenskra hesta í öllum þeim löndum þar sem íslenska hestinn er að finna.

Auk tæknilegra þátta við ræktunina nær samstarfið einnig bæði til reglna um hestaþróttir og menningarlegra og félagslegra tengsla.

Með þessari yfirlýsingu staðfesta undirrituð áframhald þessa samstarfs sem hefur með tímanum stöðugt orðið styrkara. Markmið þess er að viðhalda sameiginlegum ræktunarstaðli á grundvelli íslenskra hefða og að vinna að enn frekara samræmi í öllum málefnum sem varða íslenska hestinn.

Aðildarfélög FEIF viðurkenna Ísland sem upprunaland tegundarinnar og þau hyggjast reyna að fylgja fordæmi upprunalandsins í hverju því málefni sem varðar tegundina og notkun hestsins.

Ísland hefur fulla trú á, að þessu markmiði sé hægt að ná á fullnægjandi hátt með aðild sinni að FEIF, sem tekur að sér að tryggja áframhaldandi hreinræktun íslenska hestsins með lokuðum ættartölum í samræmi við þann sameiginlega ræktunarstaðal sem fullt samkomulag ríkir um.

Núverandi aðildarfélög FEIF, miðað við 1. mars 1994, eru ræktunarsamtök þeirra landa sem hér segir:

Ísland	Þýskaland	Holland
Danmörk	Sviss	Belgía
Noregur	Austurríki	Lúxemborg
Svíþjóð	Frakkland	Kanada
Finnland	Ítalía	Bandaríkin
Færeyjar	Stóra-Bretland	

Í öllum þessum löndum fer ræktun íslenska hestsins fram í samræmi við staðal FEIF og endurspeglar hefðir upprunalandsins.

1. apríl 1994,

Fyrir hönd FEIF:

Marit Jonsson (sign.)
forseti

Anne Marie Quarles (sign.)
ræktunarritari

Fyrir hönd Íslands:

Halldór Blöndal (sign.)
landbúnaðarráðherra

Jónas Jónsson (sign.)
búnaðarstjóri

Viðauki II.

Reglur um kynbótasýningar íslenskra hrossa.

1. Stefnumótun og heildarskipulagning.

Lög og reglur.

Opinbert ræktunarstarf í hrossarækt á sér lagastoð í búnaðarlögum nr. 70/1998 en þar kemur fram að Bændasamtök Íslands hafa á hendi faglega yfirumsjón með því starfi í umboði og samkvæmt samningi við landbúnaðarráðherra en hann hefur yfirstjórn allra mála sem löginn taka til.

Í búnaðarlögnum er kveðið á um að í hverri búgrein skuli starfa landsráðunatur en hann hefur landið allt sem starfssvæði og skal hafa yfirumsjón með leiðbeiningum, kynbótum og ræktun í viðkomandi búgrein.

Í lögnum er einnig kveðið á um að fyrir hverja búgrein skuli starfa svokallað fagråd. Fagråd móta stefnu í kynbótum og þróunarstarfi viðkomandi búgreinar, skilgreina ræktunarmarkmið og setja reglur um framkvæmd meginþátta ræktunarstarfsins. Enn fremur móta þau tillögur um stefnu í fræðslumálum og rannsóknum búgreinarinnar og fjalla um önnur mál sem vísað er þangað til umsagnar og afgreiðslu. Í fagráðum skulu sitja menn úr hópi starfandi bænda. Þá skal landsráðunatur sitja í fagráði og jafnframt skulu sitja í fagráðum eða starfandi með þeim sérfróðir aðilar. Fagråd skulu hljóta staðfestingu landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands. Samkvæmt búnaðarlögum er það í verkahring fagráðs hverrar búgreinar að meta þörf fyrir kynbótadóma og sýningar búfjár í viðkomandi búgrein og gera tillögur til Bændasamtaka Íslands og viðkomandi aðildarféлага um dómstörf og sýningahald. Þær reglur sem gilda um sýningar á íslenskum kynbótahrossum, og koma fram í riti þessu, eru unnar af landsráðunauti í hrossarækt í samvinnu við fagråd hrossaræktar og sérfræðinga á vegum þess, staðfestar af stjórn Bændasamtaka Íslands í umboði landbúnaðarráðherra sem fer með yfirstjórn þeirra mála sem búnaðarlögin taka til.

Kynbótasýningar.

Sýningarhald í hrossarækt byggist á einstaklingssýningum kynbótahrossa og afkvæmasýningum. Um er að ræða árlegar héraðssýningar víðs vegar um landið eftir þörfum auk landsýninga annað hvert ár.

Kynbótadómarar.

Landsráðunatur í hrossarækt sér um starfsmenntun kynbótadómara og heldur úti, á hverjum tíma, teymi kynbótadómara með fullnægjandi starfsreynslu og menntun.

2. Ræktunarmarkmið í íslenskri hrossarækt.

Almenn ræktunarmarkmið.

Heilbrigði, frjósemi, ending

Hið opinbera ræktunartakmark miðar að því að rækta heilbrigðan, frjósaman og endingargóðan hest – hraustan íslenskan hest.

Litir

Hið opinbera ræktunartakmark er að viðhalda öllum mögulegum litaafbrigðum innan stofnsins.

Stærð

Hið opinbera ræktunartakmark gefur færi á allmiklum breytileika hvað varðar stærð hrossanna. Almenn er talið að heppileg stærð sé á bilinu 135 til 145 cm á hæstar herðar, mælt á stöng.

Sérstök ræktunarmarkmið.*Sköpulag, almenn*

Almennt er stefnt að því að rækta hina léttbyggðari gerð íslenska hestsins með mikilli áherslu á styrk, skrokkmýkt og vöðvastæla líkamsbyggingu. Sköpulagið á að stuðla að mikilli ganghæfni og eðlisgóðum höfuðburði og á sama tíma að taka mið af viðurkenndum fagurfræðilegum þáttum.

Sköpulag, nánar

Vísað til einkunnarinnar 10 fyrir eiginleikana höfuð, háls, herðar og bógar, bak og lend, samræmi, fótagerð, réttleiki, hófar, prúðleiki á fax og tagl.

Reiðhestshæfileikar, almenn

Almennt er stefnt að því að rækta fjölhæfan, taktfastan og öruggan, viljugan og geðprúðan hest sem fer glæsilega í reið - hinn íslenska gæðing.

Reiðhestshæfileikar, nánar

Vísað til lýsingar á einkunninni 10 fyrir eiginleikana tölt, brokk, skeið, stökk, vilja og geðslag, fegurð í reið, fet.

Vægi einstakra eiginleika:

Sköpulag		Reiðhestshæfileikar	
Höfuð	3%	Tölt	15%
Háls, herðar og bógar	10%	Brokk	7,5%
Bak og lend	3%	Skeið	9%
Samræmi	7,5%	Stökk	4,5%
Fótagerð	6%	Vilji og geðslag	12,5%
Réttleiki	3%	Fegurð í reið	10%
Hófar	6%	Fet	1,5%
Prúðleiki	1,5%		
Samtals:	40%		60%

3. Reglur um kynbótasýningar.**Starfsfólk og verkvið þess.**

Á hverri kynbótasýningu starfa að jafnaði 3 dómarar og hafa samráð um einkunnir. Skipaður er formaður í hverri dómnefnd en hlutverk formanns er að sjá til að dómstörf gangi vel fyrir sig og að niðurstaða fáiast.

Á stærri sýningum getur þurft að skipa sýningarstjóra, mælingamann, tölvara og þul, allt eftir stærðargráðu mótsins, auk þess að tryggð verði þjónusta dýralæknis.

Vellir og önnur aðstaða.

Þar sem aðstæður eru fyrir hendi skulu mælingar og dómar á byggingarþáttum fara fram innandyra (reiðhöll).

Hæfileikar skulu sýndir á beinni braut, ca. 250 m langri og er hámarksferðafjöldi 5 ferðir fram og til baka (10 sinnum fram hjá dómurum).

Almennt verklag.

Kynbótadómur fara þannig fram að fyrst koma hross til byggingardóms en síðan til dóms á reiðhesthæfileikum. Þegar öll hross á sýningu hafa komið til dóms er haldin sérstök yfirlitssýning þar sem öll hæfileikadæmd hross eiga þátttökurétt.

Á yfirlitssýningu eru 2-4 hross í braut í einu, allt eftir aðstæðum og fjölda hrossa. Þar er dómurum heimilt að hækka fyrri dóm á einstökum reiðhestkostum komi hrossið betur fyrir.

Á stærri sýningum sem hafa á að skipa fullu starfsliði má áætla að afköst við dómstörf séu u.þ.b. 45 hross á einum vinnudegi.

Á mjög stórum sýningum sem spanna fleiri vikur er miðað við að yfirlitssýning sé haldin að aflokinni hverri dómaviku.

Dómarar skulu hafa við hendina alla eldri dóma viðkomandi hrossa.

Niðurstöðum mælinga og dóma er safnað jafnóðum í miðlægan gagnagrunn hrossaræktarinnar (Fengur) og eins fljótt og auðið er eftir að dómi á viðkomandi hrossi er lokið skal umráðamaður fá niðurstöðublað í hendur.

Um hestinn.

Hross sem koma til kynbótadóms skulu vera vel undirbúin, hraust og ósár, vel fóðruð og hirt.

Öll hross sem koma til kynbótadóms skulu vera grunnskráð og einstaklingsmerkt (örmerki/frostmerki). Starfsmenn sýningarinnar sjá um að samlesa einstaklingsmerkið við grunnskráningu.

Allir stóðhestar sem koma til kynbótadóms skulu vera blóðflokkaðir eða DNA-greindir til staðfestingar á ætterni. Heimilt er að koma með ungfola án blóðþrófs en þá verður einungis gefin umsögn.

Járningar og fótabúnaður.

Hross sem sýnd eru í reið skulu vera járnúð. Járningin skal vera vönduð sem kostur er, eðlilegt samræmi sé milli tálgunar fram- og afturhófa og hófhalli samsvari halla kjúkunnar. Hófar mega ekki vera lengri en 9,5 cm og ekki má muna meiru en 2 cm á lengd framhófa og afturhófa. Hámarksþykkt skeifna er 8 mm og hámarksbreidd 20 mm. Skeifurnar skulu vera samstæðar og úr samskonar efni. Efni skeifnanna hafi ekki meiri eðlisþyngd en hefðbundið skeifnajárn. Skeifurnar séu af hæfilegri stærð miðað við hófa og ekki má muna meiru í þykkt en 2 mm á fram- og afturfótaskeifum. Leyfilegt er að nota skafla en þeir séu þá að hámarki (lengd*breidd*hæð) 15mm*15mm*12mm. Afbrigðileg járning, s.s. uppsteyptir hófar, er óheimil og vottorð sem mæla með slíku eru ekki tekin gild.

Fótahlífar séu að hámarki 120 gr að þyngd (samanlagður þungi á hvern fót, þ.e. legghlífar og hófhlífar). Þær séu í dökkum lit, svartar eða dökkbrúnar. Ef hlífar eru notaðar í hæfileikadómi þá skal sami búnaður notaður út alla sýninguna. Ef hlíf dettur af þá skal henni komið fyrir aftur áður en lengra er haldið.

Reiðtygi og annar búnaður.

Heimilt er að nota alla hnakka og hnakkígildi sem ekki valda hrossinu óþægindum eða særindum og hæfa íslenskum hrossum.

Leyfilegur beislisbúnaður er stangamél og hringamél. Nota má enskan reiðmúl (með eða án skáreimar), krossmúl og þýskan reiðmúl (nasamúl). Þó má ekki nota þýskan reiðmúl með stöngum. Annar beislisbúnaður er óheimill.

Leyfilegt er að nota písk.

Um knapa og umráðamenn.

Sami knapi sýni hrossin í einni og sömu sýningunni. Knapar skulu vera allsgáðir og sýna þrúðmannlega reiðmennsku og þeir, ásamt umráðamönnum hrossins, sýni einnig kurteisi

og háttvísi í framkomu. Að öðrum kosti komi til áminning (gult spjald) eða brottvísun frá sýningu (rautt spjald).

Verði knapi í kynbótasýningu uppvís af því að hestur hans greinist með ólögleg lyf, sbr. reglugerð nr. 635/1996 um notkun lyfja og meðferð á sýningar- og keppnishrossum, hlítir hann viðurlögum samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðareglum þar um. Hafi knapi gerst brotlegur samkvæmt lyfjareglum Landssambands hestamannafélaga (LH) gilda þau viðurlög sem hann hlýtur einnig í kynbótasýningum.

Notkun reiðhjálma er skylda.

4. Reglur um afkvæmasýningar.

Sömu reglur gilda um búnað og annað hvað varðar afkvæmasýningar og talið er upp fyrir kynbótasýningar hér á undan. Hvað varðar járnningar þá er heimild fyrir ákveðnu fráviki þegar um er að ræða afkvæmi sem tekur þátt í öðrum sýningaratriðum sama móts. Þá er heimilt að fara eftir reglum LH um járnungu en einungis ef sönnun liggur fyrir um þátttöku hrossins í gæðinga- eða íþróttakeppni á sama móti. Þetta á þó eingöngu við um þátttöku afkvæmis í afkvæmasýningunni sjálfri en ekki ef um er að ræða sýningu til kynbótadóms á afkvæminu sjálfu.

Lágmörk til verðlauna fyrir afkvæmi eru sem hér segir:

– *Stóðhestar, 1. verðlaun fyrir afkvæmi: (annað tveggja eftirfarandi)*

120 stig í aðaleinkunn kynbótamats og a.m.k. 15 dæmd afkvæmi

115 stig í aðaleinkunn kynbótamats og a.m.k. 30 dæmd afkvæmi

– *Stóðhestar, heiðursverðlaun:*

120 stig í aðaleinkunn kynbótamats og a.m.k. 50 dæmd afkvæmi

– *Hryssur, heiðursverðlaun:*

120 stig í aðaleinkunn kynbótamats og a.m.k. 5 dæmd afkvæmi.

Fjöldi afkvæma sem fylgja í sýningu skal vera sem hér segir: Stóðhestar, heiðursverðlaun, 12; stóðhestar, 1. verðlaun, 6; hryssur, heiðursverðlaun, 4.

Um útfærslu á sýningu skal samráð haft við sýningarstjórn og mótshaldara á hverjum stað.

Öll afkvæmi sem koma fram í afkvæmasýningu skulu hafa hlotið kynbótadóm.

Afkvæmahross geta einungis komið einu sinni til þátttöku í hvert verðlaunastig, þ.e. 1. verðlaun og heiðursverðlaun og þau þurfa að vera á lífi á Íslandi. Eignarhald skiptir engu um þátttöku né verðlaunun.

Dórnafnd skal að aflokinni afkvæmasýningu semja dómsorð er lýsi þeim meginþáttum sem einkenna afkvæmahópinn.

5. Skrokkmál.

Stóðhestar skulu mældir með bandi, stöng, boga og skíðmáli á eftirtalinn hátt: Bandmál öll, stangarmál öll og skíðmál. Hryssur skulu mældar með bandmáli um framhné og legg og með stangarmáli á hæstar herðar, lend, brjóstdýpt og lengd. Hófalengd skal mæld á öllum hrossum.

Stangarmál:

Hæð á hæstar herðar

Hæð á lægst bak

Hæð á hæsta lend

Brjóstdýpt mæld frá hæsta punkti herðakambs á bringubein aftan armleggs

Bollengd mæld frá bóghnútu og aftur á aftasta punkt vöðva aftan setbeins

Bogmál:

Brjóstbreidd um bóghnútur
Mjaðmarbreidd um mjaðmarhorn
Mjaðmarbreidd um lærleggstoppa

Bandmál:

Ummál um sverast framhné
Ummál um grennstan framfótlegg

Skíðmál:

Breidd leggs og sina á fótlegg neðan framhnés
Vinstri framhófur frá hófhvarfi og fram í tá
Vinstri afturhófur frá hófhvarfi og fram í tá

6. Stigunarkvarði einstaklingsdóma.**Höfuð**

9,5 – 10:

-Mjög frítt og fínlegt höfuð. Eyrur þunn og fínleg, hæfilega lokuð og vel sett. Stórt, opið og næmt, fjörlegt auga og falleg augnaumgjörð. Húðin þunn og fínhærð. Kjálkarnir þunnir og hæfilega grunnir og góð gleidd á milli þeirra. Neflína bein og nasir flenntar.

9,0:

-Frítt og fínlegt, gallalaust höfuð.

8,5:

-Mjög myndarlegt, svipmikið höfuð.

-Frítt, fínlegt höfuð.

8,0:

-Myndarlegt höfuð, svipmikið, má vera nokkuð gróft eða hlutfallslega stórt ef það er að öðru leyti gallalítið.

-Svipgott höfuð, gallalítið.

-Mjög frítt höfuð en með einhvern galla í talsverðum mæli.

7,5:

-Þökkalegt gallalítið höfuð, hvergi gott.

-Góðir þættir í höfuðgerðinni geta vegið upp nokkur lýti.

7,0:

-Ófrítt svipljótt höfuð.

-Þungt (holdugt) höfuð.

-Djúpir, þykkir kjálkar.

-Smá augu sem sitja djúpt.

-Slæm eyrnastaða.

-Gróf eyru.

-Nokkurt frávik frá beinni neflínu.

-Mjög stutt munnvik.

Sambærilegar reglur gilda um einn galla eða fleiri eins og lýst er hér að neðan (einkunn 6,5 og lægra).

6,5 og lægra:

-Mjög gróft og hlutfallslega stórt höfuð.

-Mjög slæm eyrnastaða og illa gerð eyru.

-Mikið frávik frá beinni neflínu.

-Mikill ófríðleiki.

Einkunnin 6,5 eða lægri er gefin ef einn ofantalinna galla lýta höfuðið í afar ríkum mæli en mjög fátt prýðir. Einnig gæti einkunn á þessu bili komið til þótt gallarnir séu ekki í afar ríkum mæli hver og einn, séu þeir fleiri en einn og fátt prýði, sjá einnig í upptalningu við einkunn 7,0.

Háls, herðar og bógar

9,5 – 10:

-Langur, háreistur, afar fíngerður háls, úrvalsgóð hnakkabeygja, hálsinn greinist fagurlega frá bolnum, háar og vel lagaðar herðar, bógar skásettir.

9,0:

-Langur, háreistur, fremur fíngerður háls en dýpt ívið of mikil um brjóst, úrvals góð hnakkabeygja, háar vel lagaðar herðar, bógar skásettir.

-Vel í meðallagi langur, vel reistur, þunnur og fíngerður háls, hnakkabeygja góð, háar og vel lagaðar herðar, bógar skásettir.

8,5:

-Háreistur, meðallangur og full sver en vel settur háls, hnakkabeygja góð, háar og vel lagaðar herðar, skásettir bógar.

-Langur, þokkalega reistur, fíngerður, bærilega settur háls, háar og vel lagaðar herðar, skásettir bógar.

-Langur, vel reistur, fíngerður háls, háar og vel lagaðar herðar, en full beinir bógar.

-Langur, vel reistur, fíngerður háls, rétt þokkalegar herðar, en vel skásettir bógar.

-Langur, vel reistur, fíngerður háls, en hnakkabeygja þó ekki nógu góð, háar og vel lagaðar herðar, bógar skásettir.

8,0:

-Reistur og mjúkur, þokkalega langur en djúpur og of sver háls, herðar háar, bógar skásettir.

-Langur, grannur, vel settur háls, allgóð hnakkabeygja en herðar full lágar, bógsetning í lagi.

-Vel reistur háls en frambygging að öðru leyti í meðallagi.

7,5:

-Þokkaleg frambygging en hvergi góð.

-Reising í meðallagi, háls of stuttur, þykkur og/eða djúpur, herðar vel lagaðar (háar og vel breiðar), bógar vel skásettir.

-Háls langur og vel gerður en of lágt settur, herðar lágar og bógar beinir.

-Reistur háls en áberandi mikill hjartarháls og/eða mikið taumaslöður, frambygging að öðru leyti þokkaleg.

7,0:

-Mikill hjartarháls.

-Holdfyllt kverk.

-Mikið taumaslöður.

Þetta þrennt er til viðbótar upptalningu fyrir einkunn 6,5 eða lægri. Sambærilegar reglur gilda um einkunn eins og lýst er hér að neðan (6,5 og lægra), þ.e. taka skal tillit til fjölda og eðlis lýta í sköpulagi frambyggingar.

6,5 og lægra:

-Háls er mjög lágt settur.

-Háls er mjög djúpur.

-Háls er mjög stuttur.

-Herðar eru mjög lágar og flatar.

-Bógar eru mjög beinir.

-Bógar eru mjög fast bundnir.

Einkunnin 6,5 eða lægri er gefin ef einhverjir gallar lýta frambygginguna í afar ríkum mæli en mjög fátt prýðir. Einnig gæti einkunn á þessu bili komið til þótt gallarnir séu ekki í afar ríkum mæli hver og einn, séu þeir margir og fátt prýði. Sjá einnig skýringar við einkunn 7,0.

Kröfur um fínleika hálsgerðarinnar eru ekki hinar sömu hvað stóðhesta varðar og hryssur eða gelta hesta.

Áður en einkunn fyrir háls, herðar og bóga er endanlega ákvörðuð skal dómnefnd skoða hvernig hrossinu nýtist frambyggingin í reið, hvað varðar fótaborð, framtak, reisingu og hnakkabeygju.

Bak og lend

9,5 – 10:

-Einstök úrvalsgerð yfirlínu: Bakið er mjúkt og fjaðurmagnað, hæfilega langt, vel breitt og vöðvað. Hrygglinan er mjúk aftur í krossbein. Lendin er fögur, löng, hæfilega brött, jafnvaxin, fyllt, lærin eru löng og hafa mikla og djúpa vöðvafyllingu. Taglið er fagurlega sett.

9,0:

-Mjög vel sköpuð yfirlína.

-Sérlega vel skapað bak eða lend getur vegið upp fremur gott sköpulag hins líkamshlutans ef samskeyti baks og lendar eru vel gerð.

8,5:

-Vel sköpuð yfirlína.

-Sérlega vel skapað bak eða lend getur vegið upp þokkalegt sköpulag hins líkamshlutans ef samskeyti baks og lendar eru góð.

8,0:

-Fremur gott sköpulag yfirlínunnar.

-Vel skapað bak; mjúkt, breitt og vel vöðvað, góð samskeyti baks og lendar. Lendin er þokkalega gerð en hvergi góð.

-Þokkalega gert bak; ekki mjög hart, söðulbakað, né stífleiki í spjaldi. Vel sköpuð lend; löng, hæfilega brött, jafnvaxin og fyllt.

7,5:

-Þokkalegt sköpulag baks, lendar og samskeyta þeirra en hvergi gott (þokkalega gerð yfirlína).

-Gott sköpulag baks og lendar getur náð að vinna upp nokkur lýti á yfirlínunni.

7,0:

-Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra, en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða. 6,5 og lægra:

-Kryppa í baki eða spjaldhrygg.

-Mjög mikið söðulbak.

-Mjög gölluð samskeyti baks og lendar.

-Mjög stutt bak eða mjög langt.

-Mjög mjótt bak, illa vöðvað.

-Mjög afturdregin lend.

-Afar grófgerð lend.

-Mjög stutt, grunn, flöt eða þúfulaga lend.

-Mjög framhallandi bak.

Við einkunnagjöf skal taka tillit til fjölda lýta og hversu stórfelld þau eru, sbr. fyrr sagt.

Samræmi

9,5 – 10:

-Glæst heildarmynd. Hrossið hafi lofthæð, sívalan, langan og léttan bol, það sé nægilega framhált og algerlega hlutfallarétt.

9,0:

-Mjög falleg heildarmynd. Hrossið hafi lofthæð, sívalan, langan og léttan bol, það sé nægilega framhált. Einungis sé um smávægilega samræmisgalla að ræða.

8,5:

-Falleg heildarmynd. Hrossið hafi lofthæð, sívalan, langan bol. Hryssur séu ekki afturháar en stóðhestar hærrí á herðar en lend. Einungis um smávægilega samræmisgalla að ræða.

8,0:

-Fremur falleg heildarmynd.

-Mjög góðir þættir í samræminu geta vegið upp nokkur lýti.

7,5:

-Þokkalegt samræmi.

-Góðir þættir í samræminu geta vegið upp nokkur lýti.

7,0:

-Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra, en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða. 6,5 og lægra:

-Hrossið er mjög framlágt.

-Hrossið er mjög djúpbyggt; mjög djúpt um brjóst, bolmikið (miklar útlögur, flatar síður).

-Hrossið er mjög fótlaft.

-Hrossið er mjög stuttvaxið og/eða það er mikið ósamræmi í lengd, framhluta, miðhluta og afturbyggingu.

-Hrossið hefur mikið ósamræmi í fram- og afturhluta (breidd, dýpt), þar með talið að brjóstið sé of þunnt (samfallið).

Fótagerð

9,5 – 10:

-Þurrar, mjög sterklegar sínar og mjög góð skil sina og leggja, traustlegir liðir og vel gerðar kjúkur, fótstaða mjög góð.

9,0:

-Þurrar, mjög sterklegar sínar og mjög góð skil sina og leggja, traustlegir liðir og allgóðar kjúkur.

8,5:

-Þurrar, sterklegar sínar og góð skil sina og leggja (mjög gott átak), þokkalegir liðir, kjúkur og fótstaða (útlit).

-Þokkalegt átak en mjög fallett útlit.

8,0:

-Allgóð fótagerð.

-Mjög góðir þættir í fótagerðinni geta vegið upp nokkra galla.

7,5:

-Þokkaleg fótagerð.

-Góðir þættir í fótagerðinni geta vegið upp nokkra galla.

7,0:

-Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða.

6,5:

-Mjög votar sínar á fram- og/eða afturfótum.

-Mjög lítil skil sina og leggja á framfótum.

- Mjög grannir liðir á aftur- og/eða framfótum (einkum skal litið á hæl og framhné).
- Mjög svög eða hörð fótstaða.
- Mikið frávik frá réttri fótstöðu, þ.e. sverðfætt eða hafurfætt.

Við einkunnagjöf skal taka tillit til fjölda galla og hversu miklir þeir eru.

Réttleiki

9,5 – 10:

- Frábær réttleiki: Framfætur eru algerlega réttir og hæfileg gleidd er á milli framfóta sem og afturfóta. Afturfætur mega vera lítillega útskeifir.

9,0:

- Mjög góður réttleiki. Ekki er um neina eiginlega galla að ræða.

8,5:

- Góður réttleiki. Einungis er um smávægilegan galla að ræða, þó sé enginn vindingur í hækklum.

8,0:

- Fremur góður réttleiki fóta. Ekki um verulega galla að ræða.

7,5:

- Þokkalegur réttleiki. Liðir mega þó vera nokkuð snúnir ef hrossið er algerlega óagripíð og engin einkenni um óeðlilegt álag koma fram í fótum.

7,0:

- Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða.

6,5 og lægra:

- Mjög illa snúnir liðir fram- og/eða afturfóta.

- Mjög mikill vindingur í hækklum.

- Mjög mikil nágengni.

- Mjög skæld fótstaða á fram- og/eða afturfótum; kiðfætt, hjólbeinótt, kýrfætt.

Við einkunnagjöf skal taka tillit til fjölda galla og hversu miklir þeir eru.

Við dóma á réttleika skal taka tillit til hvort hross grípi á sig eða einkenni um óeðlilegt álag komi fram.

Sú venja skal viðhöfð við dóma á nágengum hrossum að þau séu teymd á brokki, auk þess sem þau eru teymd á feti, eins og venja er. Mjög mikil gleiðgengni að aftan, svo að lýti sé af, getur haft áhrif á einkunnagjöf réttleika.

Hófar

9,5 – 10:

- Mjög vel djúpir hófar og hvelfdur hófbotn, mjög vel lagaðir, kúptir og fallegir að sjá, efnisþéttir, einlitir og helst dökkir. Hóftunga er mikil og hælstoðir mjög traustlegar.

9,0:

- Vel djúpir, vel lagaðir og kúptir, sterklegir og efnismiklir hófar, hóftunga er góð og hælstoðir traustlegar.

8,5:

- Vel djúpir, vel lagaðir og sterklegir hófar. Aðeins er um fremur smávægilega galla að ræða hvað önnur atriði hófgerðar varðar.

8,0:

- Þokkalega vel djúpir hófar, þeir séu lausir við alla stórgalla.

-Meðaldjúpir hófar en mjög efnisgóðir og vel lagaðir.

7,5:

-Meðaldjúpir hófar en gallar og betri atriði geta náð til að veða hvort annað upp.

7,0:

-Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra, en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða. 6,5 og lægra:

-Mjög grunnir hófar, flatir, útflemtir eða hófbotn siginn.

-Mjög krappir (þröngir) hófar.

-Mjög lélegt efni í hófum (þ.m.t. afar ljótt yfirborð).

-Mjög efnislitlir hófar, nær enginn hóftunga eða nær engir hælur.

Við einkunnagjöf skal taka tillit til fjölda galla og hversu miklir þeir eru.

Prúðleiki á fax og tagl

9,5 – 10:

-Einstakur prúðleiki á fax og tagl, þykkt og sítt fax með miklum ennistoppi.

9,0:

-Mjög góður prúðleiki á fax og tagl.

8,0 – 8,5:

-Allþykkt fax sem má auðveldlega skipta, ágætur vöxtur í ennistopp. Taglið þokkalegt.

7,5:

-Meðalprýði

7,0:

-Sjá einkunn 6,5 og lægra, en hér er ekki um eins alvarlegan galla að ræða.

6,5 og lægra:

-Mjög snoðið á fax og tagl.

Hryssur hafa að jafnaði fingerðara fax og tagl en stóðhestar og þarf að hafa það í huga við mat á þessum þætti.

Tölt

9,5 – 10:

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, glæstri lyftu og framgripi framfóta, mikið fjaðurmagn er í hreyfingum, töltferðin frábær.

9,0:

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, góðri lyftu og framgripi framfóta, fjaðurmagn er í hreyfingum, mjög ferðmikið.

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, glæstri lyftu og framgripi framfóta, mikið fjaðurmagn er í hreyfingum, dágóð ferð.

8,5:

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, meðalgóðri lyftu og framgripi framfóta en töltferðin er mjög góð.

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, góðri lyftu og framgripi framfóta en aðeins þokkalegri töltferð.

-Rúmt, afar lyftingar- og framtaksmikið tölt en skortir nokkuð á gott taktöryggi.

-Hrossið nær ekki góðu afturfótarstigi en hreyfingar framfóta eru afar lyftingar- og framgripsmiklar, bærilegur taktur á hægu tölti, mjög ferðmikið.

8,0:

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, lyfta og framgrip framfóta er ekki undir meðallagi, allgóð ferð.

-Taktgott tölt með góðu afturfótastigi, góðri lyftu og framgripi framfóta en töltferð er í meðallagi.

-Rúmt lyftingargott, framtaksmikið tölt en um nokkra taktgalla er að ræða þegar komið er á ferð.

-Fremur stutt afturfótastig en lyfta og framgrip framfóta er mikið, hreinir taktgallar eru ekki til staðar, hrossið nær góðri töltferð.

7,5:

-Taktgott tölt en nokkuð skortir á rými þess og glæsileik.

-Taktgott tölt, rúmt en reisnarlítið (lágengni).

-Rúmt, lyftingar- og framgripsmikið tölt en um talsverða taktgalla er að ræða á hægu og milliferðartölti.

-Tölt með stuttu afturfótastigi en lyfta og framgrip fóta er mikið og allgóð ferð næst.

7,0:

-Þökkalegt tölt með köflum en ójafnt.

-Rýmislítið tölt eða mjög stutt afturfótastig.

-Brokkívaf en þökkaleg ferð.

-Bindingur þó að nokkur ferð og lyfta náist.

-Hopp upp á fótinn á venjulegri töltferð.

-Taktgreint tölt, milliferð næst en gangurinn er afskaplega lítilfjörlegur (mikil lágengni, stuttstigni).

6,5 og lægra:

-Töltir ekki (5,0).

-Mjög tregt tölt (klárangeni).

-Mjög bundið tölt (skeiðbindingur).

-Afar ferðlítið tölt.

-Mjög víxlað tölt.

-Tipl eða mikið hopp upp á fótinn.

Mikilvægt er að sýna hægt tölt og greinilegar hraðabreytingar eigi hinar hærri einkunnir að nást. Hægt tölt er stigað sérstaklega og sýning þess er skilyrði þess að hærri einkunnir (8,5 og herra) fyrir tölt náist. Einkunn fyrir hægt tölt reiknast ekki sérstaklega inn í heildareinkunn en er hugsuð til að auka upplýsingagildi dómsins.

Brokk

9,5 – 10:

-Öruggt brokk með rúmum og háum fjaðurmögnum, svífandi hreyfingum, brokkferðin einstök.

9,0:

-Öruggt brokk með rúmum og háum fjaðurmögnum, svífandi hreyfingum, ferðgott.

-Kappreiðabrokk, ekki kröfur um glæsileik.

8,5:

-Glæst og svífmikið brokk en skortir nokkuð á brokköryggi.

-Öruggt, létt, ferðgott og þökkalega fallett brokk.

-Öruggt brokk með háum og miklum hreyfingum, ferðmikið en gróft.

8,0.

-Skrefadrjúgt og fallett brokk en lítið brokköryggi.

-Öruggt, létt og sæmilega ferðgott brokk en ekki fallett.

-Öruggt, ferðmikið en klúrt brokk.

7,5:

- Sýnir skrefadrjúgt brokk en óöruggt (lítið brokköryggi).
- Full lin og sveiflulítil brokkhreyfing en þökkalega ferðgott.
- Hreint og öruggt brokk en þung hreyfing og ekki ferðmikið.

7,0:

- Afar óöruggt brokk en sýnir á köflum gott brokk.
- Brokkar örugglega en lint og ferðlítið.

6,5:

- Mjög lint og óöruggt brokk, hoppar upp á fótinn.
- Öruggt tipl.

5,5 – 6,0:

- Rétt aðeins tæpt á tilþrifalaus brokki.

5,0:

- Sýnir ekki brokk.

Við dóm á brokki er ætíð lítið til hreinleika gangtegundarinnar ef hinar hærri einkunnir eiga að nást, þó eru ekki gerðar kröfur um fullkominn tvítakt á brokki.

Skeið

9,5 – 10:

- Öruggt og glæsilegt skeið, taktgott, skeiðferðin frábær.

9,0:

- Öruggt og glæsilegt skeið, taktgott, góð skeiðferð.
- Kappreiðaskeið, ekki kröfur um glæsileik.

8,5:

- Öruggt og afar fallett skeið, taktgott, allgóð skeiðferð.
- Öruggt og snarpt skeið en ekki fallett.
- Glæsilegt og ferðmikið skeið en ekki full sprettlengd, - nær þó 90 til 100 m.
- Glæsilegt og flugrúmt skeið, óverulegir taktgallar, full sprettlengd, nær 150 til 180 m.

8,0:

- Öruggt og fallett skeið, taktgott, skeiðferð í meðallagi.
- Öruggt og rúmt skeið en ekki fallett.
- Fallett og ferðmikið skeið en ekki langir sprettir, nær þó 70 – 80 m.
- Fallett og mjög rúmt skeið en lítillaga fjórtaktað á köflum.

7,5:

- Öruggt og þökkalega fallett skeið, taktgott en skortir á ferð.
- Öruggt, ekki fallett skeið en fremur ferðgott.
- Fallett og rúmt skeið en stuttir sprettir, - nær þó 40 til 60 m.
- Fallett og rúmt skeið en fjórtaktað á köflum.

7,0:

- Snerpu skeiðhrifsur en lítið skeiðöryggi.
- Skeið með allmiklum taktgöllum.
- Snerpu- og fegurðarlítið en öruggt skeið.

6,5 eða lægra:

- Engin vekurð (5,0).
- Stuttir snerpulítlir sprettir.
- Snerpulaust skeið þótt hrossið haldi sprettinn út.
- Skeiðhrifsur.
- Skeið með verulegum taktgöllum; flandur, fjórtaktur eða víxl.

Stökk

9,5 – 10:

-Taktbreint og afar fallett stökk; hrossið lyftir sér vel að framan og teygir vel á sér í mjúkum bogum, stökkferðin frábær.

9,0:

-Taktbreint og afar fallett stökk; hrossið lyftir sér vel að framan og teygir vel á sér í mjúkum bogum, dágóð ferð.

-Kappreiðastökk, ekki kröfur um glæsileik.

8,5:

-Sniðgott stökk, allgóð stökkferð.

-Mjög ferðmikið stökk, snið í þökkalegu meðallagi.

8,0:

-Sniðgott stökk, stökkferð í meðallagi.

-Ferðmikið stökk, snið í meðallagi.

7,5:

-Þökkalegt stökk með sæmilegu sniði og stökkferð í meðallagi.

-Stökkferð og snið (taktur, svif og mýkt) geta vegið upp vankanta hvort á öðru.

7,0:

-Víxlar en sýnir gott stökk á milli.

-Stökk með óhreinum takti.

-Þungt stökk; svif- og ferðlítið.

-Þökkalegt snið en ferðlaust stökk.

6,5 eða lægra:

-Krossstökk

-Víxl

-Mjög óhrein taktur, ferðlaust.

-Mjög mikið ósamræmi í stökkhreyfingu, t.d. mjög há lendarhreyfing.

-Afar mikil þyngsli (svifleysi).

Stökksýning í kynbótadómi skal framkvæmd á þann veg að hleypt er af hægu stökki (það sýnt), stökkhraði síðan aukinn og ýtrasta stökkferð hrossins sýnd.

Vilji og geðslag

9,5 – 10:

-Fjörviljugur, glaður og kjarkaður en frábærlega þjáll og leitast sífellt eftir því að gera knapa sínum til geðs.

9,0:

-Ásækinn í vilja og þjáll en ekki fjörugur.

-Fjörviljugur en einungis meðalþjáll.

-Sýnir frábæran og hnökralausan samstarfsvilja í hvívetna en ekki fjörugur.

8,5:

-Mjög þjáll en ekki mikið ásækinn.

-Ásækinn í vilja en einungis meðalþjáll.

8,0:

-Reiðvilji.

-Ásækinn í vilja en óþjáll.

7,5:

-Þægð en framtaksleysi.

-Spennuvilji.

-Reiðvilji en viðkvæmni eða einbeitingarleysi.

7,0:

-Viljaleysi.

-Kergjuvottur.

-Taugaveiklun.

6,5-5:

-Kergja.

-Mikil leti og deyfð.

-Mikið ofríki (rokur).

Fegurð í reið

9,5 – 10:

Hrossið er glæsilegt og aðsópsmikið í framgöngu:

-Hrossið er háreist, þjált í beisli, höfuð í lóð. Hreyfingar eru léttar, háar, fjaðurmagnaðar og samræmisgóðar, mikið framgrip og frábært fas, taglburður eins og best verður á kosið.

9,0:

Hrossið fer mjög fallega í reið;

-Reising er fögur og hrossið fer fallega í beisli. Hreyfingar eru léttar, háar, fjaðurmagnaðar og samræmisgóðar, mikið framgrip og mikið fas, taglburður með ágætum. Mjög góðir þættir geta vegið upp nokkru síðri þætti í fegurð hrossins í reið, en ætíð eru gerðar miklar kröfur til fallegrar reisingar.

8,5:

Hrossið fer fallega í reið.

-Reising er góð og hrossið fer vel í beisli. Hreyfingar eru léttar og samræmisgóðar eða aðsópsmiklar. Góðir þættir geta vegið upp minniháttar galla í fegurð hrossa í reið.

8,0:

Hrossið fer vel í reið:

-Hrossið er hæfilega reist og heildarmynd þess í reið er laus við öll eiginleg lýti t.d. þegar hestur ganar.

-Reising og höfuðburður aðeins sæmilegur en fallegar og verklegar hreyfingar.

-Reising og höfuðburður mjög góður en hreyfingar aðeins sæmilegar.

7,5:

Engir afgerandi gallar á heildarmynd hrossins í reið:

-Hrossið er meðalreist og fer þokkalega.

7,0:

-Sjá upptalningu við einkunn 6,5 og lægra, en hér er ekki um eins alvarlega galla að ræða.

6,5 og lægra:

-Mikil lággengni.

-Mikið mýktarleysi og þung hreyfing.

-Mikil lágreisni.

-Mikil ofreisn, gan og gap.

-Mikill höfuðsláttur og skekking í beisli.

-Taglsláttur.

Einkunn 6,5 eða lægri getur komið til ef einn ofantalinna galla nær til að stórskemma heildarmynd hrossins í reið. Hitt er þó algengara að fleiri galla þurfi til, svo að heildarmynd verði þetta lýtt. Einkunn fyrir fegurð í reið er, á hliðstæðan hátt einkunn fyrir vilja og geðslag, samnefnari fyrir eiginleikann eins og hann kemur fyrir hjá hrossinu í gegnum alla sýninguna.

Fet

9,5 – 10:

-Hrossið fasmikið og fetar mjúkt í bol, með stöðugum jöfnum takti, meðalreist, nær framfótaspori vel, hreyfingar rösklegar og rúmar.

8,5 – 9,0:

-Gangurinn takthreinn og rösklegur en hreyfingarnar fasminni en undir einkunn 9,5-10.

7,5 – 8,0:

-Fetið takthreint en skortir röskleika.

6,5 – 7,0:

-Ójafn taktur eða fetið framtakslítið, afturfótur nær ekki framfótaspori.

5,5 – 6,0:

-Fetið mjög skrefstutt, tiplandi, eða mikil hliðstæð hreyfing.

5,0:

-Hrossið fetar ekki.

STJÓRNARTÍÐINDI B 81 – 2001

8. ágúst 2001

1579

Nr. 614

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður á tímabilinu frá og með 13. ágúst til og með 31. ágúst 2001 verði 10% af dilkum. Fyrir sama tímabil er útflutningshlutfall ákveðið 0% af kjöti af fullorðnu fé.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 8. ágúst 2001.

Guðmundur Sigbórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

8. ágúst 2001

Nr. 615

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti.

1. gr.

c. liður 3. gr. reglugerðarinnar fellur niður.

2. gr.

1. ml. 5. gr. hljóðar svo: Landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum framkvæmda-
nefndar búvörusamninga, auglýsir fyrir 1. september ár hvert, þó eigi síðar en útflutnings-
hlutfall tekur gildi, útflutningsgjald sem sláturleyfishöfum eða eigendum sláturfjár ber að
greiða af því magni sem þeir flytja ekki út en ber að flytja út skv. 1. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 8. ágúst 2001.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. nr. 583, 13. október 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 4,9%.

Iðnaðarráðuneytinu, 2. ágúst 2001.

F. h. r.

Porgeir Örlygsson.

Helgi Bjarnason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 82 – 2001

10. ágúst 2001

1581

Nr. 617

AUGLÝSING

um útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2001-2002.

Samkvæmt 5. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, hefur verið ákveðið að útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 2001-2002 verði kr. 198 á hvert kg af dillakjöti.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. ágúst 2001.

F. h. r.

Guðmundur Sigbórsson.

Ingimar Jóhannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 83 – 2001

Nr. 618

1582

2. ágúst 2001

SKIPULAGSSKRÁ

Vísindasjóðs Landspítala – háskólasjúkrahúss.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður Landspítala – háskólasjúkrahúss. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 35.710.055. Það er fé sem var í Vísindasjóði Borgarsjúkrahúss Reykjavíkur þann 1. janúar 2001 kr. 33.710.055, en sá sjóður var stofnaður til minningar um Þórð Sveinsson, lækni og Þórð Úlfarsson, flugmann, með skipulagsskrá staðfestri 5. janúar 1964 og fé úr Vísindasjóði Landspítalans 10. maí 2001 kr. 2.000.000, en starfsreglur hans voru samþykktar af heilbrigðisráðherra þann 31. október 1994.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og efla vísindarannsóknir, athuganir og tilraunir í vísindalegum tilgangi á Landspítala - háskólasjúkrahúsi eða í náinni samvinnu við það. Aðild að sjóðnum eiga allir háskólamenntaðir starfsmenn LSH.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Einn skal tilnefndur af lækna ráði LSH, einn af hjúkrunaráði LSH og einn af skrifstofu kennslu og fræða. Skulu tveir tilnefndir af stjórnarnefnd LSH og annar þeirra vera formaður og hinn úr hópi annarra háskólastétta en lækna og hjúkrunarfræðinga. Skipunartími stjórnar er fjögur ár. Stjórnin ákveður hversu miklu fé skuli úthluta hverju sinni. Úthlutun styrkja fer fram einu til tvisvar sinnum á ári að fengnum tillögum úthlutunarnefndar. Stjórnin skipar úthlutunarnefnd og setur henni starfsreglur.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- Árlegt framlag LSH samkvæmt ákvörðun stjórnarnefndar.
- Framlög fyrirtækja vegna rannsóknasamninga við LSH og starfsmenn hans.
- Framlög frá opinberum aðilum og einstaklingum.
- Gjafir sem sjóðnum berast.
- Vaxtatekjur.
- Aðrar tekjur.

Stjórninni er skylt að ávaxta fé sjóðsins á sem hagkvæmastan hátt. Ekki má skerða höfuðstól sjóðsins við úthlutun styrkja svo mikið að ekki standi ávallt eftir a.m.k. kr. 25.000.000 sem haldi verðgildi sínu á hverjum tíma.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga LSH annast fjárreiður sjóðsins og bókhald f. h. sjóðsstjórnar. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og þeir birtir með ársskýrslu LSH.

7. gr.

Samþykki meirihluta stjórnar sjóðsins þarf til að breyta skipulagsskrá þessari. Leita skal samþykkis stjórnarnefndar LSH fyrir breytingunum. Verði sjóðurinn lagður niður rennur fé hans til annarrar sambærilegrar starfsemi.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá Vísindasjóðs Borgarsjúkrahúss Reykjavíkur sem staðfest var þann 5. janúar 1964 svo og starfsreglur Vísindasjóðs Landspítalans staðfestar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 31. október 1994.

Samþykkt á fundi stjórnarnefndar Landspítala – háskólasjúkrahúss 8. maí 2001.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. ágúst 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Árkvörn 6, Ártúnsskóli/Árbæjarsafn.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 3. apríl 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Árkvörn 6.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Eggertsgata 24.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 5. júní 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Eggertsgötu 24.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Miðbær/Kvosin.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 24. apríl 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Miðbæ/Kvosina.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sundaborg 1-15 og 8.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 5. júní 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Sundaborg 1-15 og 8.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 10. ágúst 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

SAMÞYKKT

um kattahald í Hveragerði.

1. gr.

Kattahald í þéttbýli í Hveragerði sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Til þess að geta haldið ketti í Hveragerði þarf sérstakt leyfi bæjarstjórnar að fenginni umsókn. Það skal veitt lögráða einstaklingum sem búa í bæjarfélaginu. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklings og óheimilt er að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni. Leyfið má veita með eftirfarandi skilyrðum í þéttbýli:

- a) Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjöleignarhúsi skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými, sbr. 13. tölul. A stafl. 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.
- b) Leyfisgjald skal greiða árlega til sveitarsjóðs eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn setur samkvæmt ákvæðum 3. tölul. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjaldið skal greitt fyrirfram, í fyrsta sinn við skráningu til næstkomandi júlímánaðar og síðan árlega 1. október fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- c) Árlega ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spólumum.
- d) Leyfishafi er ábyrgur fyrir tjóni sem kettir þeirra sannanlega valda og skal leyfishafi hafa kött sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafyrirtæki. Váttrygging skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Váttryggingarfjárhæð verði samkv. almennum skilmálum tryggingarfélaga.
- e) Kettir skulu ávallt bera merki sem veiti upplýsingar um leyfishafa. Leyfishafa ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- f) Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.

- g) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu.
- h) Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma og eftir atvikum takmarka útiveru katta m.a. að næturlagi.
- i) Köttum má ekki hleypa inn í fyrirtæki og stofnanir sbr. 4. og 8. kafla og 11.-16. kafla heilbrigðisreglugerðar, þar sem matvæli eru meðhöndluð, sbr. reglugerð um matvæli, né inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerðir um neysluvatn og ölkelduvatn.
- j) Leyfishafa ber að sjá til þess að högnar séu geltir og læður séu gerðar ófrjóar eða hafðar á getnaðarvarnarpillu, nema dýrin séu ætluð til undaneldis. Séu dýrin ætluð til undaneldis, þarf sérstaklega að taka það fram í umsókn. Hæfilegt er að framkvæma ófrjósemis- aðgerðir á dýrunum 6-8 mánaða gömlum.

3. gr.

Umsóknum um leyfi til kattahalds skal skila inn til bæjarstjórnar eða fulltrúa hennar á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindi umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrirmælum samþykktar um kattahald. Bæjarstjóri eða fulltrúi hans synjar eða gefur út umbeið þ leyfi. Leyfishafi fær afhent merki, sbr. ákvæði e-liðar 2. mgr. 2. gr. þessarar samþykktar. Sé leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

4. gr.

Dýraeftirlitsmaður skal vera starfandi í Hveragerði og setur bæjarstjórn honum starfsreglur. Skal hann gefa bæjarstjóra eða fulltrúa hans, sem með þessi mál fer, skriflega skýrslu um þau dýr sem hann þarf að hafa afskipti af. Bæjarstjóri skal sjá um að upplýsingar um leyfð dýr séu skráð. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Árlega skal senda heilbrigðiseftirlitinu skrá yfir leyfða ketti. Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar, hefur eftirlit með kattahaldi í Hveragerði og nýtur til þess fulltingis lögreglu.

5. gr.

Leyfishafa ber að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

6. gr.

Bæjarstjórn getur afturkallað leyfi til kattahalds telji hún þess brýna þörf, enda hafi leyfishafi haft tækifæri til að koma að athugasemdum sínum.

7. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að láta lóga ómerktum köttum, enda sé það auglýst með áberandi hætti með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara. Sé kvartað undan ágangi katta í íbúðahverfum er bæjarstjórn heimilt að láta veiða ketti í búr, enda verði framkvæmdin auglýst áður með áberandi hætti.

8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

9. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem nú halda ketti skulu sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. fyrir 1. nóvember 2001.

Þeir sem halda ketti nú og sækja um leyfi fyrir 1. september 2001 þurfa ekki að greiða skráningargjald fyrir árið 2001 skv. b. lið 2. greinar.

Umhverfissráðuneytinu, 8. ágúst 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlanir og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Vatnagarðar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 27. mars 2001 endurskoðað deiliskipulag fyrir Vatnagarða.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fossaleynir 16, 19-21 og 23.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, sbr. 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 11. júlí 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossaleyni 16, 19-21 og 23.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Kristnibraut 37-59.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, sbr. 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 11. júlí 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kristnibraut 37-59.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 2. ágúst 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

REGLUR

um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

Orðskýringar.

- Söluflokkur:** Röðun vöru í hóp eftir aðgengi hennar að verslunum ÁTVR. Dæmi: Kjarni.
- Vöruflokkur:** Skipan vöru í hóp eftir megineinkennum sem oftast tengjast mismunandi hráefnum eða framleiðsluaðferðum. Dæmi: Rauðvín, viskí.
- Flokksdeild:** Skipan vöru í hóp eftir upprunasvæði, hráefni, framleiðsluaðferð eða stærð umbúða. Dæmi: Rauðvín frá Chile, kókoslíkjör. Hvert undirnúmer vöruflökks telst flokksdeild.
- Áfengistegund:** Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum. Dæmi: Mateus rósavín.
- Sölutegund:** Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í verðskrá ÁTVR. Dæmi: 750 ml flaska af Mateus rósavíni.

1. SÖLUFLOKKAR.

1.1 Áfengi er deilt í 6 söluflokka:

- Kjarna
- Reynsluflokk
- Mánaðarflokk
- Sérlista Heiðrúnar og Kringlunnar
- Sérflokk
- Sérpantanir

- 1.2 **Kjarni** er aðalsöluflokkur ÁTVR. Vörur í kjarna eru skráðar á sölulista í a.m.k. 1 ár, en að ári liðnu geta þær fallið úr sölu, nái þær ekki lágmarkssölu skv. ákvæðum 3. kafla. Um dreifingu kjarnavöru í verslanir ÁTVR fer skv. ákvæðum 4. kafla.
- 1.3 **Reynsluflokkur** er ætlaður vöru sem er í tilraunasölu. Tilraunasalan stendur í 5 mánuði. Nái tegund í reynslusölu tilskildum árangri skv. 3. kafla flyst tegundin í kjarna.
- 1.4 **Mánaðarflokkur** er ætlaður árstíðabundinni vöru. Mánaðarsala stendur í 6 vikur.
- 1.5 Á **sérlista** Heiðrúnar og Kringlunnar eru tegundir sem ekki eru fáanlegar í kjarna eða reynsluflokki. Vörur eru aðeins seldar í Heiðrúnu og Kringlunni. Framboð sérlistavöru er oft takmarkað.
- 1.6 **Sérflokkur** tekur til vöru sem er keypt inn til að auka fjölbreytni í úrvali. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða tegundir áfengis eru faltar í sérflokki.
- 1.7 Áfengi, sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, má sérpanta.

KJARNI.

- 1.8 Í kjarna eru sölutegundir sem flust hafa úr reynsluflokki í kjarna og vörur sem voru í þeim flokki 1. mars 1994 og eigi hafa fallið úr kjarna samkvæmt ákvæðum reglna ÁTVR um innkaup og sölu áfengis. Kjarninn er endurmetinn í mánuði hverjum. Um brottfellingu vöru úr kjarna fer eftir ákvæðum 3. kafla. Birgðir sölutegundar, sem felld hefur verið úr kjarna, má selja sem um vöru í kjarna væri að ræða. Séu tvær eða fleiri sölutegundir sömu áfengistegundar boðnar til sölu og hvorug eða engin þeirra nær áskildu söluhlutfalli en samanlögð sala áfengistegundar nær söluhlutfallinu, þá skal sú sölutegundin, sem birgir velur, haldast áfram í kjarna en aðrar sölutegundir falla úr kjarna.

Um samning um sölu vöru í kjarna.

- 1.9 Þegar sýnt er, að vara í reynslusölu hefur selst í nægilegu magni til að komast í kjarna,

skal gerður nýr samningur um sölu vörunnar í kjarna. Berist ÁTVR boð um betra verð í vöru en samningsaðili býður, skal ÁTVR segja samningnum upp með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara og óska verðboðs í vöruna hjá þeim, sem leyfi hafa til að selja ÁTVR áfengi og tryggt geti samfellt framboð af vörunni. Vara á nýju verði, sem þannig er boðið, komi eigi í sölu fyrr en viðskiptasamningur um vöruna er úr gildi fallinn, nema vara reynist ófáanleg.

- 1.10 Samningi um vöru í kjarna, sem gerður hefur verið í beinu framhaldi af reynslusölu, verður ekki slitið vegna verðboða frá öðrum aðila, fyrr en varan hefur verið a.m.k. 6 mánuði í kjarna.

REYNSLUFLOKKUR.

- 1.11 Í reynsluflokkum eru að jafnaði 20% af tölu sölutegunda sem eru í kjarna. Í reynsluflokk skal velja eftir tölu sölutegunda í hverri flokksdeild. Séu færri en 5 sölutegundir í flokksdeild, skal 1 sölutegund úr viðkomandi deild vera í reynslusölu, bjóðist hún. Vörur í reynsluflokkum eru seldar í vínbúðunum á Akureyri, Seltjarnarnesi, í Hafnarfirði, Heiðrúnu, Kringlunni og í Smáralind. Vara er í reynslusölu 5 mánuði. Upphaf sölutíma skal telja það sama og tilgreint er í samningi, sbr. tl. 5.7. Að loknu því tímabili flyst sölutegundin í kjarna, nái hún söluhlutfalli sem áskilið er skv. ákvæðum 3. kafla. Við útreikning skal miða við sölu fyrstu 4 mánuði sölutímans og salan borin saman við heildarsölu flokksdeildarinnar á sama tímabili í þeim vínbúðunum, er selja vörur í reynsluflokkum, að frátalinni sölu í mánaðarflokkum, sölu af sérlista, sölu sérpantana og sölu skv. 2. mgr. 25. gr. rg. nr. 205/1998.
- 1.12 Vara, sem fellur úr reynslusölu vegna ónógrar eftirspurnar, verður ekki tekin aftur til reynslu fyrr en 12 mánuðir hafa liðið frá því sölu hennar var hætt. ÁTVR tekur aðeins eina tegund í hverri flokksdeild til reynslusölu eða á biðlista til reynslusölu frá sama framleiðanda.

SKRÁNING Í REYNSLUSÖLU.

- 1.13 Senda skal ÁTVR tilboð um vöru, verð og staðfestingu þess að þeim séu kunnir innkaupaskilmálar ÁTVR og þeir séu reiðubúnir að hlíta þeim. Birgi á EES svæði er heimilt að bjóða verð vöru í mynt lands innan svæðisins að eigin vali. Allir verðþættir vöru skulu vera í sömu mynt.
- 1.14 Tilboði skal skila á þar til gerðum eyðublöðum sem ÁTVR lætur í té.
- 1.15 Skrá skal erindi í þeirri röð sem þau berast. Sendi birgir tvö eða fleiri boð samtímis, skal hann skrá á tilboðsblöðin þá röð, sem hann óskar að fylgt verði við skráninguna. Skráin sýni nafn tilboðsgjafa, heiti vöru og umbúðastærð. Beiðni um skráningu verður ekki afturkölluð án samþykkis ÁTVR. Skráin sé til sýnis í afgreiðslu ÁTVR, Stuðlahálsi 2, Reykjavík.
- 1.16 Fjórum mánuðum áður en reynslusala á að hefjast kynnir ÁTVR öllum þeim, sem leyfi hafa til að selja ÁTVR áfengi, þá vöru sem hefja á reynslusölu á og óskar verðboðs í vöruna. Samið skal við þann, er lægst verð býður, enda geti hann sýnt fram á að hann geti tryggt samfellt framboð á vörunni. Samningur skal gerður a.m.k. 3 mánuðum áður en reynslusala hefst. Takist samningar eigi fyrir þau mörk vegna tómlætis birgis fellur tilboð hans af tilboðsskrá. Hefjist sala eigi á upphafsdegi sölu skv. samningi, fellur samningurinn úr gildi.
- 1.17 Vöruvottun og sýnishorn, tvær sölueiningar, skulu senda ÁTVR án endurgjalds, þegar þess er óskað, að jafnaði 14 vikum áður en reynslusala hefst.
- 1.18 ÁTVR mun hafna skráningu á vöru, taki umbúðir hennar meira hillurými miðað við magn en almennt gerist.

MÁNAÐARFLOKKUR.

- 1.19 Í mánaðarflokk fer áfengi sem framleiðandi ætlar til sölu í ákveðnum mánuðum. Mánuðirnir eru þessir: Þorri, páskamánuður og jólamánuður. Sölutími mánaðarvöru verður að hámarki 6 vikur. Dreifing fer fram í öllum verslunum ÁTVR sem hafa vöru í reynslusölu. Um sölu í öðrum verslunum fer eftir ákvörðun ÁTVR hverju sinni. Tekið verður við mánaðarvöru frá þeim framleiðendum sem hafa vöru í kjarna enda sé mánaðarvaran framleiðsla þeirra. Mánaðarvara þarf að hafa efnainnihald sem er frábrugðið allri annarri vöru sama framleiðanda. ÁTVR tekur aðeins eina tegund í hverri flokksdeild til sölu frá sama framleiðanda.
- 1.20 Um skil sýnishorna gilda ákv. tl. 1.17 að því frátöldu að um dagsetningu skila á sýnishornum fer eftir ákvörðun ÁTVR hverju sinni.

SÉRLISTI HEIÐRÚNAR OG KRINGLUNNAR.

- 1.21 Birgir skráir upplýsingar um vöru sína á eyðublað ÁTVR: Tilboð/samningur um sölu áfengis á sérlista Heiðrúnar og Kringlunnar. Jafnframt því að leggja inn tilboð sýnir hann vöruna og fær formlegt samþykki á, að hin sýnda sölueining uppfylli skilmála ÁTVR.
- 1.22 Innkaupadeild pantar vöru í þeim mæli sem birgir óskar. Þó séu birgðir að jafnaði eigi umfram 10 daga sölu.
- 1.23 Nái sölutegund á sérlista, lágmarkshlutfalli, sbr. 3. kafla, getur hún flust í reynslusölu skv. tl. 1.16-1.18. Við útreikning hlutfalls skal nota heildarsölu viðkomandi vöruflökks í Heiðrúnu og Kringlunni þ.m.t. sölu sérlistavöru í stað samanlagðrar sölu skv. 3. kafla. Það er skilyrði, að sölutegundin hafi náð tilskildum árangri miðað við 12 mánuði.
- 1.24 Vara, sem flyst af sérlista í reynslusölu, hefur ekki áhrif á tölu þeirra sölutegunda er veljast í reynsluflokk hverju sinni skv. ákv. tl. 1.11.
- 1.25 Vara fer úr vörslu ÁTVR hafi hún ekki selst fyrir a.m.k. 50 þús. kr. á hverju 12 mánaða tímabili. Hafi birgir eigi afgreitt pöntun á vöru í sérlista í 60 daga samfleytt, fellur hún af sérlista ÁTVR og verður eigi getið þar aftur fyrir en að liðnum 12 mánuðum. Vöru af sérlista verður ekki skilað til ÁTVR nema hún teljist ónothæf vegna galla.
- 1.26 Allar verslanir ÁTVR veita pöntunum á áfengi frá innlendum birgjum viðtöku enda sé vara sú sem eftir er leitað á sérlista Heiðrúnar og Kringlunnar. Varan verður afhent kaupanda í þeirri verslun sem hún var pöntuð. Vöru á sérlista verður ekki skilað nema hún teljist ónothæf vegna galla.

SÉRPANTANIR.

- 1.27 ÁTVR heldur uppi pöntunarþjónustu á áfengi, sem ekki er boðið fram í öðrum söluflokkum. Sérpantaðri vöru verður ekki skilað nema hún teljist ónothæf vegna galla.

2. VÖRUFLOKKAR OG FLOKKSDEILDIR.

- 2.1 Áfengi í kjarna og reynsluflokki er skipt í eftirfarandi vöruflökka og flokksdeildir:

01	Rauðvín	03	Rósavín
01.1	Vín í stærri umbúðum en 750 ml	03.1	Vín í stærri umbúðum en 750 ml
01.2	Vín í minni umbúðum en 500 ml	03.2	Blush - Roðavín
01.3	Frakkland	03.9	Önnur
01.3.1	Bordeaux/Bergerac	04	Freyðivín
01.3.1.1	Medoc, Graves og Libournais chateau-vín	04.1	Champagne
01.3.2	Búrgund	04.2	Asti
01.3.2.1	Beaujolais	04.9	Önnur
01.3.2.2	Cote de Nuits og Cote de Beaune	05	Styrkt vín
01.3.3	Rón og Próvens	05.1.1	Sérri - Fino og skyldar tegundir
01.4	Ítalía	05.1.2	Sérri - Amontillado og skyldar tegundir
01.4.1	Norður - Ítalía	05.1.3	Sérri - Oloroso og skyldar tegundir
01.4.1.1	Toskana	05.2.1	Púrtvín, hvít
01.4.1.2	Piemonte	05.2.2	Púrtvín, Tawny
01.4.1.3	Veneto	05.2.3	Púrtvín, Ruby
01.4.2	Suður - Ítalía	05.2.3.1	Púrtvín, árgangsvín, rauð
01.5	Spánn	05.9	Önnur
01.5.1	Rioja	06	Ávaxtavín og fl.
01.5.2	Katalónía	06.1	Sider
01.6	Portúgal	06.2	Ávaxtavín
01.7	Evrópa annað	06.3	Hrísgrjónavín
01.8	Washington og Oregon	06.9	Önnur
01.9	Kalifornía	10	Brandí
01.9.1	Napa og Sonoma	10.1	Cognac VS og VSOP
01.10	Argentína	10.1.1	Annað (Napoleon, XO og sambærilegt)
01.11	Chile	10.2	Armagnac
01.12	Suður-Afríka	10.9	Annað
01.13	Ástralía og Nýja Sjáland	11	Ávaxtabrandí og hratbrandí
01.13.1	Suður-Ástralía	11.1	Calvados
01.99	Annað	11.2	Annað ávaxtabrandí
02	Hvítvín	11.3	Hratbrandí
02.1	Vín í stærri umbúðum en 750 ml	13	Viskí
02.2	Vín í minni umbúðum en 500 ml	13.1	Skoskt
02.3	Frakkland	13.1.1	Single Malt
02.3.1	Bordeaux	13.2	Írskt
02.3.2	Búrgund	13.9	Annað
02.3.3	Alsace	14	Romm og rommlíki
02.3.4	Loire	14.1	Glært karabískt romm
02.4	Ítalía	14.2	Ljóst karabískt romm
02.5	Spánn	14.3	Dökkt karabískt romm
02.6	Portúgal	14.9	Annað þ.m.t. kryddromm
02.7	Þýskaland	15	Tequila og fl.
02.7.1	Riesling - QmP	15.1	Tequila og Mezcal
02.8	Evrópa annað	15.9	Annað
02.9	Washington og Oregon		
02.10	Kalifornía		
02.10.1	Napa og Sonoma		
02.11	Chile		
02.12	Suður Afríka		
02.13	Ástralía		
02.13.1	Nýja Sjáland		
02.90	Sæt hvítvín		
02.99	Annað		

16	Ókryddað brennivín	21.2.1	Vermút
16.1	Vodka	21.3	Aperítífar
16.9	Annað		
		23	Aðrir blandaðir drykkir
17	Einiberjabrennivín	23.1	Aðrir (alk. minna en 6,5%)
17.1	Gin	23.9	Aðrir
17.2	Sénever		
		60	Lagerbjör
18	Snafs	60.1	Ljós, í flöskum
18.1	Akvavít	60.1.1	Ljós, í flöskum, íslenskur
18.2	Anís	60.2	Ljós, í dósum
18.9	Aðrir	60.2.1	Ljós, í dósum, íslenskur
		60.3	Dökkur
20	Líkjörar	60.4	Sterkur (alk. a.m.k. 6,2%)
20.1	Rjómalíkjör	60.9	Annar
20.2	Hnetu- og baunalíkjör		
20.2.1	Kaffi/kakólíkjör	61	Öl
20.2.2	Kókoslíkjör	61.1	Belgía
20.3	Grasa- og kryddlíkjör	61.2	Bretland og Írland
20.3.1	Mintulíkjör	61.3	Þýskaland
20.3.2	Líkjör með anísbragði	61.4	Stát og portari
20.4	Ávaxtalíkjör	61.9	Annað
20.4.1	Epla/perulíkjör		
20.4.2	Ferskju/apríkósulíkjör	62	Annar björ
20.4.3	Sítruslíkjör	62.1	Hveitibjör
20.4.4	Berjalíkjör	62.2	Lambik
20.9	Aðrir	62.9	Annar
21	Bitterar, kryddvín og aperítífar		
21.1	Bitter		
21.2	Kryddvín		

3. ÁRANGURSMAT.

3.1 Í mánuði hverjum leggur ÁTVR fram sölutölur undanfarinna 12 mánaða eftir flokksdeildum. Tölurnar eru yfir samanlagða sölu í Heiðrúnu, vínbúðinni í Kringlunni, Smáralind, á Seltjarnarnesi, í Hafnarfirði og á Akureyri að frátalinni sölu vöru í mánaðarflokki, sérdeild, sérpöntunum og sölu skv. 25. gr. rg. nr. 205/1998. Lágmarksfjöldi lítra, til þess að sölutegund fari í kjarna eða haldist í kjarna, er sem hér segir:

Sala flokksdeildar í lítrum		Lágmarkssala sölutegundar í lítrum
Frá...	Til og með...	
	150 ltr.	50% af sölu
150 ltr.	1.500 ltr.	75 ltr. + 10% af sölu umfram 150 ltr.
1.500 ltr.	6.000 ltr.	210 ltr. + 5% af sölu umfram 1.500 ltr.
6.000 ltr.	60.000 ltr.	435 ltr. + 2,5% af sölu umfram 6.000 ltr.
60.000 ltr.		1.785 ltr. + 1,5% af sölu umfram 60.000 ltr.

3.2 Samsvarandi mörk eru fyrir vöru í reynsluflokki. Sala á þeim 4 mánuðum, sem mæling tekur til, þarf að ná hlutfallslega sama árangri og væri hún í kjarna.

4. VAL VERSLANA Á VÖRUM Í KJARNA.

- 4.1 Áfengi í kjarna er til sölu í öllum verslunum ÁTVR.
- 4.2 Á Akreyri, í Heiðrúnu, Kringlunni, Smáralind, Hafnarfirði og á Seltjarnarnesi skulu allar kjarnavörur fást.
- 4.3 Í Austurstræti, Garðabæ, Holtagörðum, Keflavík, Kópavogi, Mjódd, Mosfellsbæ, á Spönginni og á Selfossi fást að jafnaði 400 sölutegundir í kjarna.
- 4.4 Á Akranesi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, Ísafirði, Sauðárkróki og Vestmannaeyjum eru að jafnaði 280 sölutegundir í kjarna.
- 4.5 Í Ólafsvík, Stykkishólmi, á Patreksfirði, Blönduósi, Siglufirði, Dalvík, Húsavík, Neskaupstað, Höfn og í Grindavík fást að jafnaði 170 sölutegundir í kjarna.
- 4.6 Að jafnaði eru 80 sölutegundir fáanlegar í öðrum vínbúðum.
- 4.7 Val þeirra verslana, sem ekki hafa allar vörur í kjarna, skal endurmetið í febrúar og ágúst og koma til framkvæmda 1. næsta mánaðar.
- 4.8 Miða skal grunn útreiknings við sölu á kjarnavöru í þeim vínbúðum sem hafa allar vörur í kjarna. Fyrir hvert sex mánaða tímabil skal ákvarða fjölda tegunda í hverjum vöruflokki út frá dreifingu söluhæstu tegunda í lítrum talið samsvarandi tímabil á sl. ári. Hafi fjöldi tegunda í hverjum vöruflokki þannig verið ákvarðaður, skal valinn tilskilinn fjöldi sölutegunda innan hvers vöruflokks eftir skrá yfir söluhæstu tegundir næstu sex mánaða á undan endurmati.
- 4.9 Verslunarstjórar velja allt að 15% hámarksfjölda sölutegunda í samræmi við eftirspurn viðskiptavina. Í verslunum með 80 sölutegundir velja verslunarstjórar jafnmargar tegundir og verslunarstjórar í búðum með 170 tegundir.
- 4.10 Að minnsta kosti 8 mest seldu sölutegundir bjórs skulu fást. Til viðbótar þeim skal velja söluhæstu bjórtegundirnar í lítrum talið þar til tala sölutegunda úr þessum flokkum (60, 61 og 62) svarar til 10% hámarksfjölda sölutegunda.
- 4.11 Að minnsta kosti 3 mest seldu sölutegundir í hverjum vöruflokki af öðru áfengi en bjór skulu valdar með þessum undantekningum:
Aðeins þarf að bjóða fram söluhæstu tegundina í flokksdeildum 1.1, 2.1 og 3.1. Skerðing skal bætt með söluhæstu tegundum í lítrum talið í sömu vöruflokkum. Takmarka má framboð sömu áfengistegundar við 2 sölutegundir. Skerðing skal bætt með söluhæstu tegund í lítrum talið í sama vöruflokki.
Til viðbótar þegar valinni vöru skal, að teknu tilliti til ákvæða tl. 4.12, velja söluhæstu tegundirnar í lítrum talið þar til hámarki er náð.
- 4.12 Hafi selst minna en 10 lítrar af sölutegund undanfarna 6 mánuði í einhverri annarri vínbúð en reynslusöluverslun, skal viðkomandi verslun hætta sölu hennar. Í hennar stað velur verslunarstjóri sölutegund í samræmi við eftirspurn viðskiptavina.
- 4.13 Forstjóri ÁTVR skal árlega meta ákvarðanir verslunarstjóra skv. þessum kafla og breyta vali til samræmis við almennar reglur, þyki honum ástæða til.

5. SKILMÁLAR Í VIÐSKIPTUM VIÐ BIRGJA.

- 5.1 Birgir ábyrgist að innihald vöru og lýsing hennar samræmist reglum upprunalands og íslenskum lögum.
- 5.2 Merkimiðar séu samkvæmt almennum reglum og beri með sér stærð umbúða og magn vínanda miðað við rúmmál.
- 5.3 Áletranir og umbúðir verða að vera í samræmi við íslensk lög. Strikamerki – EAN eða UPS – verða að vera á hverri söluveitingu og á hverjum kassa.
- 5.4 Vara verður að vera í samræmi við sýnishorn sem ÁTVR hefur metið fullnægjandi og vera óbreytt að gerð samningstímann nema ÁTVR samþykki annað. Það telst breyting á vöru, fái hún nýtt efnainnihald, þ.m.t. vínandastyrkleika, breytta gerilsneyðingu, stærð og útlit umbúða og gerð söluveiningar.

- 5.5 Vörur með „best fyrir“ merkingu hafi a.m.k. 6 mánaða geymsluþol. Vara í reynslusölu og kjarna sem hefur „best fyrir“ merkingu, verður að eiga a.m.k. 2 mánuði eftir af geymsluþoli þegar hún berst í vöruhús ÁTVR.
- 5.6 Hámarksstærð sölueningar er 5 lítrar. Dósir séu með föstum flipa. Varan sé afhent á EUR-vörubretti. Andvirði vörubretta sé innifalið í vöruverði. Mesta þyngd vöru og brettis sé 900 kg og mesta hæð þess 150 cm. Sé hleðsla á bretti umfram 70 cm að hæð, skal vefja vörunar plastskæni.
- 5.7 Í samningi skal tilgreina hvenær fyrsta afhending vöru til ÁTVR fari fram og hvenær sala skuli hefjast. Pöntun skal staðfesta með formlegum hætti innan 9 daga. Vara, sem hefja á reynslusölu á skal vera komin í birgðastöð ÁTVR 10 dögum fyrir upphaf sölutímabils. Pöntun á kjarnavöru telst ekki staðfest nema staðfestingunni fylgi upplýsingar um afhendingarviku. Berist staðfesting ekki innan 30 daga frá pöntun eða verði vara í kjarna ekki afhent innan 90 daga frá pöntun, fellur samningur um vöruna úr gildi svo og allar óafgreiddar pantanir á vörunni.
- 5.8 Við afhendingu vöru skal gæta eftirtalinna atriða:
Hver pöntun sé afhent sérstaklega ásamt afhendingarseðli í vöruhúsi ÁTVR.
Afhendingarseðill verður að vera sundurliðaður eftir vörunúmerum birgis eða ÁTVR.
Vöruheiti, stærð umbúða og magn sé skilgreint.
Reikningur berist ÁTVR tveimur sólarhringum fyrir afhendingu vöru.
Hver pöntun sé merkt með pöntunarnúmeri ÁTVR á plastskæni, kassa eða vörubretti.
Sé reglum þessum ekki fylgt, getur ÁTVR hafnað móttöku vöru.
- 5.9 Þeir, sem bjóða vöru í reynslusölu eða mánaðarsölu, skuldbinda sig til að lána ÁTVR vöruna sölutímamann. ÁTVR greiðir lánardrottni selda vöru eigi síðar en á 10. degi eftir lok sölumánaðar. Birgjar skuldbinda sig og til að taka til baka þá vöru sem óseld kann að vera við lok sölutímans. Sæki birgir eigi vöru sína í birgðastöð ÁTVR innan 4 starfsdaga frá því honum barst tilkynning um sölulok, verður hún send til hans á hans kostnað. Verði varan valin í kjarna, fer samkvæmt samningi birgis og ÁTVR hversu mikið af hinni óseldu vöru ÁTVR kaupir.
- 5.10 Þeir sem bjóða vöru til sölu á sérlista eiga vöruna, meðan hún er í vörslu ÁTVR og þar til ÁTVR hefur fundið kaupanda að vörunni. Breyti birgir verði vöru á sérlista, skal ljúka uppgjöri á þegar seldri vöru, færa birgðir óselddrar vöru af lager og skrá hana aftur skv. reikningi birgis á nýju verði. Sala getur fyrst hafist að nýju að færslum loknum.
- 5.11 Um greiðslu fyrir vöru í kjarna fer eftir því sem um semst milli birgis og ÁTVR. Greiðslufrestur skal þó aldrei vera skemmri en til næsta greiðsludags aðfanga, en greiðsludagar ÁTVR eru 16. hvers mánaðar og síðasti dagur mánaðar. Beri greiðsludag upp á frídag er næsti vinnudagur greiðsludagur.
- 5.12 ÁTVR birtir verðskrá á heimasíðu sinni — www.atvr.is. Birgjar geta breytt verði sínu sex sinnum á ári: 1. febrúar, 1. apríl, 1. júní, 1. ágúst, 1. október og 1. desember. Tilkynna skal verðbreytingar skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara, þ.e. eigi síðar en 1. janúar, 1. mars, 1. maí, 1. júlí, 1. september og 1. nóvember. Óheimilt er birgi að breyta verði á áfengi sem er í reynslusölu.
- 5.13 Um ábyrgð á vöru gagnvart þriðja aðila gilda almennar reglur.
- 5.14 Birgir taki til sín og endurgreiði við móttöku vöru sem er ósöluhæf vegna gallaðra umbúða eða innihalds.
- 5.15 Taki birgir eigi til sín gallaða vöru áskilur ÁTVR sér rétt til að krefjast geymslugjalds fyrir vöruna. ÁTVR er heimilt að láta eyða vörunni á kostnað birgis þegar tvær vikur eru liðnar frá því birgi var tilkynnt að hann ætti að taka vöruna til sín. Heimilt er að skuldajafna kostnaði við andvirði sölu.

GILDISTAKA.

Reglur þessar koma í stað reglna nr. 130/2000 og öðlast þegar gildi. Ákvæði tl.1.10 og 1.11 reglna nr. 130/2000 gilda þó til og með 31. júlí 2002 um þær sölutegundir sem komnar voru í kjarna 1. ágúst 2001. Sömu ákvæði gilda um þær vörur sem komu í reynslusölu 1. ágúst 2001 eða fyrr. Tryggi þessar reglur betur veru vöru í kjarna og árangursríka reynslusölu en reglur nr. 130/ 2000 skal þeim beitt.

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

Birgi er heimilt að breyta verði sínu frá og með 1. september 2001 enda hafi hann tilkynnt verðbreytinguna fyrir 10. ágúst. Eigi er birgi heimilt að breyta verði 1. október 2001.

Við gildistöku þessara reglna fellur skráning á biðlista til reynslusölu skv. reglum nr. 130/2000 úr gildi. Þeir sem skráð höfðu vöru á biðlistann fyrir gildistöku þessara reglna eiga rétt á að skrá þá vöru að nýju. Við endurskráningu skal vara halda þeirri röð, sem hún var í á biðlistanum eftir því sem við á.

Endurskráningu skal lokið 30. september 2001.

Sala áfengis hefst í Smáralind í október 2001.

Sala sérlistavína í Kringlunni hefst í nóvember 2001.

Reykjavík, 7. ágúst 2001.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen.

Sigurður M. Magnússon.

Pórhallur Jósefsson.

Með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 205/1998, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast reglur þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 9. ágúst 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Telma Halldórsdóttir.

SAMÞYKKT**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Gnúpverjahrepps.**

1. gr.

Á eftir orðunum „Hreppsnefndarmanni er“ í 2. mgr. 35. gr. bætist orðið: ekki.

2. gr.

20. tl. 51. gr. orðast svo:

Hússtjórn Þjóðveldisbæjar í Þjórsárdal. Hreppsnefnd tilnefnir einn fulltrúa samkvæmt reglum um Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal, dags. 18. nóvember 1985.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Gnúpverjahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. ágúst 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

7. ágúst 2001

Nr. 624

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps er skipuð sjö sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Skaftárhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Skaftárhrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.

4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi, að Klausturvegi 10 á Kirkjubæjarklaustri, að jafnaði einu sinni í hverjum mánuði, annan mánudag hvers mánaðar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður sveitarstjórnarfundir í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður sveitarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar sveitarstjórnarfundir og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn.

12. gr.

Sveitarstjóri skal að jafnaði hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samín, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórn ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta sveitarstjórnarmanna skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta sveitarstjórnarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða sveitarstjóri ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamlí, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundum.

23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórn fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala.

25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjúseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarinnar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi sveitarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferða- og kostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Sveitarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flýst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórnin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórn.

51. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

- A. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum er kosið í eftirtaldar nefndir sem sinna lögboðnum verkefnum og faglegu starfi þeirra málaflokka sem þeim hafa verið falin af sveitarstjórn með erindisbréfum. Sveitarstjórn kýs eða tilnefnir í nefndirnar á fyrsta til þriðja fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar. Að öðru jöfnu kýs sveitarstjórn nefndum formann nema í þeim nefndum sem eru sameiginlegar með öðrum sveitarfélögum.
1. *Almannavarnanefnd.* Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962. Sveitarstjórn getur ákveðið með heimild dómsmálaráðherra að hafa samstarf um almannavarnir við nágrannasveitarfélög samkvæmt nánara samkomulagi þar um.

2. *Fræðslunefnd*. Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Fræðslunefnd eru falin verkefni skólanefndar grunnskóla skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, leikskólanefndar skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og skólanefndar tónlistarskóla skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
3. *Félagsmálanefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálanefnd fer með, auk verkefna samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, umsjón með daggæslu í heimahúsum og annast málefni fatlaðra og aldraðra. Nefndin gerir tillögur um stefnu Skaftárhrepps í vímuefnavörnum. Nefndin fer með stjórn og rekstur íbúða fyrir aldraða að Klausturhólum 1–2. Sveitarstjórn getur ákveðið að tilnefna í sameiginlega félagsmálanefnd með nágrannasveitarfélögum samkvæmt nánara samkomulagi þar um. Auk verkefna sem félagsmálanefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur sveitarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
4. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Nefndin fer með ferlimál fatlaðra samkvæmt lögum þar um. Auk verkefna sem skipulags- og byggingarnefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur sveitarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
5. *Húsnæðisnefnd*. Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
6. *Jafnréttisnefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
7. *Menningarmálanefnd*. Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fer með menningarmál samkvæmt erindisbréfi. Einnig fer nefndin með stjórn héraðsbókasafnsins skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
8. *Atvinnumálanefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fjallar um atvinnumál í sveitarfélaginu, svo sem ferðaþjónustu, landbúnað, iðnað og opinbera þjónustu, og gerir tillögur að leiðum til atvinnuaukningar í sveitarfélaginu. Nefndin sinnir öðrum málum sem sveitarstjórn kann að vísa til hennar eða ákveðið verður með erindisbréfum frá sveitarstjórn.
9. *Æskulýðs- og íþróttarnefnd*. Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðuneytis í æskulýðs- og íþróttamálum og gera tillögur til sveitarstjórnar á þeim vettvangi. Nefndinni ber að hafa eftirlit með íþróttamannvirkjum þar sem það á við og hún skal eiga samstarf við aðrar nefndir, svo sem fræðslunefnd um þau viðfangsefni sem sameiginleg geta talist. Sveitarstjórn getur falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.
10. *Náttúruverndarnefnd*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Náttúruverndarnefnd skal vera sveitarstjórn til ráðgjafar um náttúruverndar- og umhverfismál. Nefndin skal stuðla að náttúruvernd og úrbótum í umhverfismálum í sveitarfélaginu, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líkleg er til að hafa áhrif á náttúruverndar- og umhverfismál og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórnar. Sveitarstjórn getur falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.
11. *Fjallskilanefnd/-nefndir*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 3. gr. fjallskilasamþykktar V-Skaft. nr. 174/1992. Sveitarstjórn getur ákveðið fjölda fjallskilanefnda, í samræmi við fjölda fjallskiladeilda. Sveitarstjórn getur falið fjallskilanefnd/-nefndum ýmis verkefni með erindisbréfum.
12. *Kjörstjórn*. Sveitarstjórn kýs þrjá aðalmenn og jafnmargar til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr.

24/2000. Sveitarstjórn kýs einnig undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru: Þrjá aðalmenn í hverja og jafnmarga varamenn.

- B. **Samstarfsnefndir og stjórnir.** Hér er um að ræða samstarfsnefndir og stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e. þurfa ekki staðfestingu sveitarstjórnar til að koma málum í framkvæmd innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Sveitarstjórn kýs eða tilnefnir fulltrúa á fyrsta til þriðja fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar eða samkvæmt ákvörðun hennar í hverju tilfelli.
1. *Héraðsnefnd Vestur-Skaftfellinga.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Sveitarstjórn Skaftárhrepps kýs tvo eða þrjá fulltrúa í nefndina samkvæmt samþykktum héraðsnefndar.
 2. *Barnaverndarnefnd Vestur-Skaftafellssýslu.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992. Sveitarstjórn Skaftárhrepps kýs tvo eða þrjá fulltrúa í nefndina samkvæmt samkomulagi sveitarfélaga í Vestur-Skaftafellssýslu þar um.
 3. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Sveitarstjórn tilnefnir þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
 4. *Þjónustuhópur aldraðra.* Sveitarstjórn skipar fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
- C. **Fulltrúar á ársþing, ársfundi og landsþing.**
1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga samkvæmt lögum sambandsins. Sveitarstjórn kýs fulltrúa á fyrsta til þriðja fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar og endurnýjar kjörið síðar ef þörf er fyrir það. Kjörtímabil fulltrúa er að hámarki sama og þeirrar sveitarstjórnar sem kaus þá.
 2. Sveitarstjórn kýs eða tilnefnir fulltrúa í nefndir, stjórnir og ráð sem leiða af samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi, Vestur-Skaftafellssýslu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, eftir því sem lög, reglur og samþykktir segja til um.
- D. **Lögbundin kosning embættismanna.** Samkvæmt lögum ber sveitarstjórn að kjósa eftirtalda embættismenn:
1. *Búfjáreftirlitsmenn.* Samkvæmt 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991. Fjöldi búfjáreftirlitsmanna fer eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar.
 2. *Skoðunarmenn ársreikninga sveitarfélagsins.* Sveitarstjórn kýs tvo skoðunarmenn ársreikninga og jafnmarga til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga. Skoðunarmenn eru kosnir á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til loka kjörtímabils hennar.
- E. **Verkefnabundnar nefndir.** Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar. Sveitarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Sveitarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndirnar þar sem hlutverk og staða þeirra er skilgreind.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

52. gr.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórn þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

53. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema

hann sé kjörinn sveitarstjórnarmaður. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til. Sveitarstjóranum er heimilt með samþykki sveitarstjórnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfslíðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

54. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

55. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

56. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

57. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

58. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 57. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórn.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

59. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

60. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera ramma um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

61. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 57. gr. og þriggja ára áætlun skv. 60. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 59. gr.

62. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjóri og sveitarstjórnarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps, nr. 18/1995.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. ágúst 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

GJALDSKRÁ

fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi í Fljótsdalshreppi.

A. Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.

1. *Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.*

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 50.000. Gjald þetta skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

Fjárhæð gjalds skal ekki nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði þeim er sveitarfélagið verður fyrir vegna útgáfu, undirbúnings leyfisins, yfirferð hönnunargagna og eftirlits.

Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur undanfari útgáfu framkvæmdaleyfis telst kostnaður sem sveitarfélag hefur vegna þess hluti af kostnaði við undirbúning leyfisins.

2. *Gjalddagi.*

Framkvæmdaleyfisgjald skal greiða við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við framkvæmdaleyfishafa um fyrirkomulag greiðslna.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og framkvæmdaleyfishafa við útgáfu framkvæmdaleyfis.

3. *Innheimta gjalda.*

Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þó framkvæmdaleyfi falli úr gildi.

4. *Gjaldtökuheimild.*

Um gjaldtöku samkvæmt A-lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Gjaldtaka vegna leyfa samkvæmt 3. tl. og 4. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 73/1997 fer eftir sömu ákvæðum.

B. Byggingaleyfi samkvæmt 43. gr. laga nr. 73/1997.

1. *Fjárhæð og grundvöllur gjalda.*

Fyrir útgáfu byggingaleyfis skal greiða grunngjald kr. 5.000. Að auki greiðast kr. 50 pr. rúmmetra byggingar sem leyfi varðar.

Heimilt er að krefja fyrir hverja yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingarleyfis gjalds á bilinu kr. 4.000 til kr. 18.000 eftir umfangi verks.

Fyrir hverja úttekt skal greiða kr. 4.000. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákvarða herra gjald fyrir úttekt ef hún telst óvenju umfangsmikil.

Fyrir vottorð skal greiða kr. 6.000.

Fjárhæðir samkvæmt þessari grein eru bundnar við vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

2. *Gjalddagar.*

Byggingaleyfisgjald skal greitt við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við byggingaleyfishafa um annan gjalddaga.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og byggingarleyfishafa við útgáfu byggingarleyfis.

Fyrir yfirferð hönnunargagna skal greiða við móttöku yfirfarinna gagna.
Úttektargjald er gjaldkræft þegar úttekt er lokið.
Fyrir vottorð skal greiða við útgáfu þess.

3. *Innheimta gjalda.*

Gjöldum samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar. Gjöld þessi eru ekki endurkræf þó byggingarleyfi falli úr gildi.

4. *Gjaldtökuheimild.*

Um gjöld samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 401/1998.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt í sveitarstjórn Fljótsdalshrepps 22. júlí 2001.

Víðivöllum fremri, 26. júlí 2001.

F.h. sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps,

Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti Fljótsdalshrepps.

REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 228, 19. mars 2001,
um bann við veiðum með fiskibotnvörpu vestur af Surtsey.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 228, 19. mars 2001, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu vestur af Surtsey.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 18. ágúst 2001.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. ágúst 2001.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 949, 28. desember 2000, breytist þannig:

Allir liðir gjaldskrár Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hækka um 5,1954%.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. ágúst 2001.

F. h. r.

Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 2001

16. ágúst 2001

1611

Nr. 628

REGLUGERÐ

um veiðar dagabáta fiskveiðiárið 2001/2002.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða þeirra báta, sem aðeins mega stunda handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga, sbr. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, hér eftir nefndir dagabátar.

Á tímabilinu 1. nóvember 2001 - 31. mars 2002 er dagabátum óheimilt að stunda veiðar, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

2. gr.

Á fiskveiðiárinu 2001/2002 skal leyfilegur fjöldi sóknardaga vera 21 hjá dagabátum.

3. gr.

Sóknardagur telst vera allt að 24 klst. frá upphafi veiðiferðar. Sóknardegi er lokið þegar bátur landar afla.

Skipstjóri skal tilkynna Fiskistofu um upphaf veiðiferðar áður en lagt er úr höfn. Telst veiðiferð hafin þegar tilkynning er send. Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu þegar afla er landað hverju sinni. Tilkynningar skal senda í gegnum Símakrók, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu. Í tilkynningu skal ávallt koma fram úr hvaða höfn haldið er í veiðiferð og enn fremur í hvaða höfn afla er landað.

Heimilt er að afturkalla tilkynningu um sóknardag, enda sé það gert innan þriggja klukkustunda eftir að tilkynning um nýtingu sóknardags, sbr. 2. mgr., var send Fiskistofu, að öðrum kosti telst sóknardagur nýttur. Ekki er heimilt að afturkalla tilkynningu um sóknardag nema bátur sé í höfn þegar afturköllun er send Fiskistofu og aldrei er heimilt að afturkalla tilkynningu um sóknardag hafi veiðarfæri verið sett í sjó.

Valdi vélarbilun því að skipstjóri sem afturkalla vill tilkynningu um nýtingu sóknardags komist ekki til hafnar innan þriggja klukkustunda en öðrum skilyrðum 3. mgr. er fullnægt, getur Fiskistofa engu að síður fellt niður sóknardag sé þess skriflega farið á leit innan 7 daga, enda fylgi fullnægjandi upplýsingar um bilunina.

4. gr.

Utan sóknardaga eru dagabátum bannaðar allar veiðar á nytjastofnum. Fiskistofa getur þó veitt leyfi til sérstakra veiða á botndýrum með plógum og gildrum svo og til hrognkelsaveiða í net, samkvæmt reglugerðum þar að lútandi.

Fái dagabátur sérstakt leyfi, samkvæmt 1. mgr., er honum óheimilt að nýta sóknardaga þann tíma sem leyfið gildir. Velji eigandi þann kost að nýta ekki allan gildistíma leyfisins, skal hann tilkynna til Fiskistofu hvenær hann hættir að nýta leyfið og er honum eftir það heimilt að nýta sóknardaga bátsins.

Landi dagabátur sem stundar hrognkelsaveiðar aukaafli í botnfiski, getur Fiskistofa áætlað sóknardaga á bátinn vegna aukaafllans. Skal Fiskistofa þá miða við að ákveðið magn leiði til eins sóknardags og taka mið af meðaldagsafli hjá krókabátum við handfæraveiðar á sama tíma.

Nýti dagabátur leyfi, samkvæmt 1. mgr., til þess að veiða aðrar tegundir en leyfið miðast við, varðar það leyfissviptingu og viðurlögum skv. 8. gr.

5. gr.

Óheimilt er dagabáti að vera á sjó með veiðarfæri utan sóknardaga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að flytja dagabáta milli hafna með veiðarfæri um borð, enda sé slíkur flutningur fyrirfram tilkynntur Fiskistofu. Í þeirri tilkynningu komi fram milli hvaða hafna bátur er fluttur. Fari bátur á sjó án veiðarfæra á því tímabili sem um ræðir í 1. mgr. skal eigandi hans tilkynna það fyrirfram til Fiskistofu. Tilkynningar skal senda í gegnum Símakrök, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu.

Heimilt er dagabátum að stunda veiðar í tómsundum, enda séu engin veiðarfæri um borð, önnur en handfæri án sjálfvirkniþúnaðar og veiðistangir. Afli sem fæst við slíkar veiðar er ekki heimilt að selja eða fénýta á annan hátt. Skipstjórar báta sem fara til tómsundaveiða skulu tilkynna Fiskistofu um það áður en veiðiferð hefst.

6. gr.

Um veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni fer samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1990. Óheimilt er að veita báti 6 brúttótonn eða stærri, sem ekki hefur leyfi til handfæraveiða með dagatakmarkunum við lok fiskveiðiársins 2000/2001, leyfi til veiða samkvæmt þessari reglugerð. Þá er óheimilt að stækka bát, sem leyfi hefur til handfæraveiða með dagatakmarkunum, þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.

7. gr.

Heimilt er að flytja sóknardaga innan fiskveiðiársins eða varanlega milli dagabáta. Sé sá bátur sem sóknardagarnir eru fluttir til, stærri í brúttótonnum talið en sá bátur sem dagarnir eru fluttir frá, skal skerða flutta sóknardaga í hlutfalli við stærðarmun bátanna. Þá skal með sama hætti fjölga sóknardögum sem fluttir eru til minni báts. Á sama hátt skal skerða sóknardaga báts sem er stækkaður. Minnkun báts hefur ekki áhrif á fjölda sóknardaga.

Óheimilt er að flytja hlutfallslega fleiri sóknardaga frá báti, umfram þá daga sem fluttir hafa verið til báts, en sem nemur hlutfallslegri nýtingu bátsins á úthlutuðum sóknardögum á fiskveiðiarunum 1996/1997 og 1997/1998. Í því sambandi skal miðað við meðaltal af sóknardaganýtingu árunum.

Séu sóknardagar fluttir frá báti skulu þeir sóknardagar sem báturinn hefur eftir flutninginn vera mismunur þess fjölda sóknardaga sem heimilt er að flytja frá bátunum og þeirra sóknardaga sem fluttir hafa verið, að teknu tilliti til sóknardaga, sem fluttir hafa verið til bátsins. Séu sóknardagar fluttir til báts, sem hefur sóknardaga fyrir, breytist ekki sóknardaganýting, sbr. 2. mgr. á þeim dögum sem fyrir voru.

Eignist aðili sem á fyrir dagabát annan bát, sem koma á í stað þess báts sem hann á fyrir, er honum heimilt að flytja til hins nýja báts sóknardaga og sóknardaganýtingu sem eru á þeim báti sem hann átti fyrir, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem af stærðarmuni leiða skv. 1. mgr.

Við útreikning daga samkvæmt þessari grein skal broti sleppt.

Tilkynna skal til Fiskistofu um flutning sóknardaga milli báta og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Umsóknir um flutning sóknardaga milli fiskibáta innan fiskveiðiársins 2001/2002 skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. ágúst 2002. Umsóknir um varanlegan flutning sóknardaga milli fiskibáta skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. júlí 2002. Berist umsókn síðar, hefur flutningur varanlegra sóknardaga ekki áhrif á úthlutun sóknardaga á fiskveiðiarinu 2002/2003.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, og lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Um gjald vegna ólögmæts sjávaraflla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast þegar gildi en kemur til framkvæmda 1. september 2001 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávútvegsráðuneytinu, 16. ágúst 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um sérstaka úthlutun skv. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, til skel- og rækjubáta.

1. gr.

Vegna skerðinga, sem urðu á leyfilegum heildarafla í rækju á innfjarðasvæðum, þ.m.t. Eldeyjarsvæði, á fiskveiðiarinu 2000/2001, skal á fiskveiðiarinu 2001/2002 úthluta aflamarki sem nemur samtals 1.826 þorskígildistonnnum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðarækju.

Við útreikning uppbóta skal miðað við, að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalaflla rækjuvertíðanna 1994/1995 - 1999/2000. Ekki skal koma til uppbóta samkvæmt reglugerð þessari hafi meðaltalsaflamark báta í innfjarðarækju á einstökum svæðum verið 52,5 lestrir eða herra á fiskveiðiarinu 2000/2001.

Uppbætur samkvæmt 1. ml. 1. mgr. skulu þó skerðast hlutfallslega miðað við lækkun á leyfilegum þorskafla milli fiskveiðiaranna 2000/2001 og 2001/2002. Hafi komið til úthlutunar uppbóta á tilteknu svæði á fiskveiðiarinu 2000/2001, samkvæmt reglugerð nr. 498/2000, skulu uppbætur á því svæði þar að auki lækka um þriðjung á fiskveiðiarinu 2001/2002.

2. gr.

Vegna skerðinga sem orðið hafa í hörpuðisksveiðum í Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa skal á fiskveiðiarinu 2001/2002 úthluta bátum, sem aflahlutdeild hafa í hörpuðiski á þessum svæðum, uppbótum í aflamarki, sem samtals nemur 185 þorskígildistonnnum. Skulu 105 þorskígildistonn koma í hlut báta með hlutdeild í hörpuðiski í Húnaflóa og 80 þorskígildistonn í hlut báta með hlutdeild í hörpuðiski í Ísafjarðardjúpi.

3. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar, sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2001. Uppbæturnar skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: þorsk, ýsu, ufsa og steinbít í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í þessum tegundum og verðmætastuðla.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. ágúst 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á fiskveiðiarinu 2001/2002 skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXV í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Úthluta skal á fiskveiðiarinu 2001/2002 3.000 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafli á fiskveiðiarinu 1996/1997 eða 1997/1998.

2. gr.

Úthluta skal til einstakra báta hlutfallslega miðað við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið.

Við útreikning á úthlutun skv. 1. gr. skal miða við aflahlutdeildarstöðu báta eins og hún var 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðiársins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 448/1998, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1998/1999.

3. gr.

Við úthlutun skv. 1. gr. skal þorskafلامark einstakra báta ekki aukast um meira en 100%, miðað við úthlutað aflamark í upphafi fiskveiðiárs 2001/2002 og enginn bátur hljóta hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Úthlutun þessi skal aldrei leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa í upphafi fiskveiðiársins 2001/2002, verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals.

4. gr.

Endurnýi útgerð bát, sem rétt á til úthlutunar skv. 1. gr. með nýsmíði eða kaupum á öðrum báti, skal úthluta til þess báts er í staðinn kemur, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hann af þeim báti, sem verið er að endurnýja og ekki hafi verið samið um annað. Tilkynna skal til Fiskistofu um slíka endurnýjun og hvorum bátnum úthlutun skal fylgja.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. ágúst 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni gildir 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Heildaraflí og veiðitímabil.

2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 2001 til 31. ágúst 2002 er leyfilegur heildaraflí og útlutað aflamark úr botnfisktegundum sem hér segir:

		Leyfilegur heildaraflí	Dagabátar	Til jöfnunar skv. ákv. til brb. XXV í l. nr. 38/1990	Til ráðstöfunar Byggðastofnunar skv. ákv. til brb. XXVI í l. nr. 38/1990	Bætur vegna skerðingar í innfjarðarækju skv. 9. gr. l. nr. 38/1990	Útlutað aflamark 2001/2002
	Tegund	Lestir	Lestir	Lestir	Lestir	Lestir	Lestir
1.	Þorskur	190.000	1.273	3.000	1.365	1.830	182.532
2.	Ýsa	30.000	-	-	216	289	29.495
3.	Ufsi	30.000	-	-	216	289	29.495
4.	Steinbítur	13.000	-	-	93	125	12.782
5.	Karfi	65.000	-	-	-	-	65.000
6.	Grálúða	20.000	-	-	-	-	20.000
7.	Sandkoli	3.000	-	-	-	-	3.000
8.	Skráplúra	5.000	-	-	-	-	5.000
9.	Skarkoli	4.000	-	-	-	-	4.000
10.	Þykkvalúra	1.400	-	-	-	-	1.400
11.	Langlúra	1.350	-	-	-	-	1.350
12.	Keila	4.500	-	-	-	-	4.500
13.	Langa	3.000	-	-	-	-	3.000
14.	Skötuselur	1.500	-	-	-	-	1.500

Aflí samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

Aflamark einstakra skipa skal miðað við slægðan fisk með haus í öðrum tegundum en karfa.

Aflamark í sandkola og skrápflúru miðast við afla á svæði sem er sunnan 64°30'N við Austurland og sunnan við línu sem dregin er réttvísandi vestur úr Öndverðarnesi. Á öðrum svæðum eru veiðar á þessum tegundum ekki bundnar aflamarki.

Þá er ráðherra heimilt að úthluta viðbótarafلامarki, sem nemur allt að 60 lestum samtals af óslægðum þorski til báta, sem komu í stað annarra báta á tímabilinu frá 1. september 1997 til 17. mars 1999, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum settum í ákvæði XXV til bráðbirgða við lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

3. gr.

Á tímabilinu 1. september 2001 til 31. ágúst 2002 er leyfilegur heildaraflí úr neðangreindum tegundum sem hér segir:

	Tegund	Lestir
1.	Síld (íslensk sumargotssíld)	125.000
2.	Úthafs-rækja	17.000
3.	Humar	1.500
4.	Hörpuðiskur samtals	6.500
	þ.a. Breiðafjörður	6.500
	þ.a. Húnaflói	0
	þ.a. Arnarfjörður	0
5.	Innfjarðarækja samtals	1.400
	þ.a. Arnarfjörður	450
	þ.a. Ísafjarðardjúp	800
	þ.a. Húnaflói	0
	þ.a. Skagafjörður	0
	þ.a. Skjálíandi	0
	þ.a. Öxarfjörður	150

Leyfilegur heildaraflí af innfjarðarækju og úthafs-rækju, skv. 2. og 5. tl., er miðaður við bráðabirgðatillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um upphafsaflla og verða þær endurskoðaðar fyrir rækjuvertíðina og síðan eftir áramótin 2001/2002.

Veiðitímabil síldar er frá og með 1. september 2001 til og með 1. maí 2002.

Miðað er við að veiðitímabil innfjarðarækju standi frá 1. október 2001 til 1. maí 2002. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta upphafi og lokum vertíðar á tilgreindum veiðisvæðum innfjarðarækju, liggi fyrir umsögn um það frá Hafrannsóknastofnuninni.

Veiðitímabil og heildaraflí annarra tegunda verður ákveðið sérstaklega með reglugerð.

Úthafs-rækjuveiðisvæði.

4. gr.

Til úthafs-rækju telst rækja, sem veidd er á svæðum, sem skilgreind eru í reglugerð nr. 304, 3. maí 1999, um úthafs-rækjuveiðisvæði o.fl., og ennfremur rækja, sem veidd er samkvæmt sérstökum leyfum innan viðmiðunarlinu á Breiðafirði.

Úthafs-rækja sem veidd er á Dohrnbanka vestan 26° N og norðan 65°30'V telst ekki til aflamarks í úthafs-rækju, enda staðfesti skipstjóri nákvæmlega í afladagbók hversu mikill aflí sé fenginn á því svæði og tilkynni um veiðar og afla skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar þessarar.

Til að úthafs-rækjuafllí teljist ekki til aflamarks sbr. 2. mgr. skulu skip ennfremur búin fjarskiptabúnaði, sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til Landhelgisgæslunnar um

staðsetningu skipsins á klukkustundar fresti. Skulu sendingar samkvæmt ofangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og ekki ljúka fyrir en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla. Vanræksla á sjálfvirkum sendingum tilkynninga, rangar eða villandi upplýsingar í dagbók eða tilkynningum til Fiskistofu skulu leiða til þess, að allur rækjuafli skipsins í veiðiferðinni reiknist til aflamarks í úthafs-rækju.

Skipting leyfilegs afla.

5. gr.

Veiðiheimplidur í þeim tegundum sem heildarafla er takmarkaður af, skv. 2. og 3. gr. skal skipt milli einstakra skipa, sem aflahlutdeild eða krókaafhlutdeild hafa í viðkomandi tegund. Úthlutað aflamark (krókaafhlutdeild) hvers skips í hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild (krókaafhlutdeild) skipsins í viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutaðu heildaraflamarki í tegundinni skv. 2. og 3. gr.

Aflahlutdeild hvers skips skal vera sú sama og skipunum var úthlutað fyrir fiskveiðiárið

1. september 2000 til 31. ágúst 2001, að teknu tilliti til flutnings á aflahlutdeild milli skipa.

Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeilda er eftirtalið dregið frá:

1. Áætlaður afli dagabáta, skv. 7. gr.
2. Aflaheimildir, sem nota skal til bóta vegna fyrirsjáanlegrar skerðingar í aflamarki skv. 2. gr. sbr. 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.
3. Aflaheimildir sem Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar skv. ákvæði til bráðabirgða XXVI í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.
4. Aflaheimildir sem úthluta skal skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXV í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Krókaaflamarksbátar/dagabátar.

6. gr.

Bátum, sem hafa leyfi til veiða með krókaaflamarki, skal úthlutað krókaaflamarki í þorski, ýsu, ufsa og steinbít á grundvelli krókaafhlutdeilda þeirra. Um krókaafhlutdeild og krókaaflamark gilda sömu reglur og gilda um aflahlutdeild og aflamark nema öðruvísi sé kveðið á um í lögum eða reglugerð þessari.

Bátum sem hafa leyfi til veiða með krókaaflamarki, er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum. Fiskistofa getur veitt undanþágu frá banni þessu með sérstökum leyfum til veiða á botndýrum með plógum og gildrum svo og til hrognkelsaveiða í net. Afli sem fæst við slíkar veiðar reiknast til aflamarks bátsins.

Heimilt er að flytja til krókaaflamarksbáts aflamark í öðrum tegundum botnfisks en tilgreindar eru í 1. mgr. þessarar greinar. Aflahlutdeild í öðrum tegundum en tilgreindar eru í 1. mgr. er ekki heimilt að flytja til krókaaflamarksbáts.

7. gr.

Bátar, sem eingöngu stunda veiðar með handfærum með dagatakörkunum, samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum kallast dagabátar. Viðmiðunarþorsksafli dagabáta er 0,67% af leyfilegum heildarþorskafla hvers árs. Um veiðar dagabáta gilda ákvæði reglugerðar um veiðar dagabáta fiskveiðiárið 2001/2002.

Útreikningur aflamarks.

8. gr.

Þegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,84, grálúðu, skarkola, sandkola, skráplúru, langlúru og þykkvalúru með 0,92, steinbíts, keilu og skötusels með 0,9 og löngu með 0,80.

Þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal deila í magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,84, grálúðu, skarkola, sandkola, skrápflúru, langlúru og þykkvalúru með 0,92, steinbíts, keilu og skötusels með 0,9 en löngu með 0,80.

Þegar umreikna skal slitinn humar yfir í óslitinn skal margfalda vegið magn humarhala með 3,25. Þegar umreikna skal óslitinn humar yfir í slitinn humar skal deila í vegið magn óslitins humars með 3,25.

Sé botnfiskaflí, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, ekki endanlega vigtaður hér á landi og skráður í aflaskráningarkerfið Lóðs fyrir útflutning, samkvæmt reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla, skal reikna aflann með 10% álagi til aflamarks.

Þorskur og ufsi styttri en 50 sm, ýsa styttri en 45 sm og karfi styttri en 33 sm teljast að hálfu til aflamarks, enda fari afli undir áðurgreindum staðarmörkum ekki yfir 10% af viðkomandi tegund í veiðiferð. Heimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin þeim skilyrðum að afla undir tilgreindum stærðum, sbr. 1. málslíð, sé haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskipi og hann veginn sérstaklega af löggiltum vigtarmanni, sem annast endanlega vigtun aflans innanlands. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um afla, sem frystur er um borð í veiðiskipi, nema um heilfrystan fisk sé að ræða. Allur fiskur, sem veiddur er á handfæri telst til aflamarks.

9. gr.

Þegar meta skal til hvaða fiskveiðiárs tiltekinn afli telst, skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli sem landað er 1. september 2001 eða síðar til fiskveiðiársins 1. september 2001 til 31. ágúst 2002, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðiárs.

Sigli skip með eigin afla á erlendan markað, skal afli teljast til þess fiskveiðiárs, þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

Framsal og sameining veiðiheimilda.

10. gr.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrirfram um flutning aflamarks á eyðublaði sem Fiskistofa gefur út og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um nöfn og skipaskrárnúmer þeirra skipa sem aflamark er flutt á milli og magn aflamarks, auk upplýsinga um verð aflamarks nema skipin séu í eigu sama aðila. Eigandi og útgerðaraðili þess skips sem aflamarkið er flutt frá skulu undirrita og leggja fram tilkynningu um flutning og skal tilkynningin einnig vera undirrituð af eiganda eða útgerðaraðila þess skips sem aflamarkið er flutt til.

Tilkynningu um flutning aflamarks skal fylgja staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggji samningur útgerðar og áhafnar, þess báts sem aflamarkið er flutt til, um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Skal sá samningur uppfylla kröfur sem Verðlagsstofa skiptaverðs gerir samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna með síðari breytingum. Telji Verðlagsstofa skiptaverðs að gildissvið laga nr. 13/1998 nái ekki yfir viðkomandi skip, skal staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs lúta að því.

Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu flutningsgjald að fjárhæð kr. 2.000 með hverri tilkynningu. Gjaldalagi reiknings er við útgáfu reiknings og eindagi er 15 dögum síðar. Gjaldið er óendurkræft. Hafi reikningur ekki verið greiddur á eindaga er Fiskistofu heimilt að stöðva fekari flutning aflamarks frá og til viðkomandi fiskiskips.

Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.

Krókaaflamark verður ekki flutt til báts með aðra gerð veiðileyfis og aðeins til báts, sem er undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum.

Veði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips samkvæmt 12. gr. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs, vegna tjóns eða meiriháttar bilana, hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar, samkvæmt þessari grein.

Á hverju fiskveiðiári er einungis heimilt að flytja af fiskiskipi aflamark, umfram aflamark sem flutt er til skips sem nemur 50% af samanlögðu aflamarki í þorskígildum talið, sem skipi var úthlutað í upphafi fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeildar þess. Heimilt er með samþykki Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings aflamarks í þeim tilvikum að um breytingar á skipakosti viðkomandi útgerðar sé að ræða og aflahlutdeildin sé jafnframt flutt milli viðkomandi skipa.

Umsóknir um flutning aflamarks milli fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2001/2002 skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. ágúst 2002.

11. gr.

Flutning á aflahlutdeild milli fiskiskipa skal tilkynna Fiskistofu skriflega fyrirfram. Krókaaflahlutdeild verður ekki flutt til báts með aðra gerð veiðileyfis og aðeins til báts, sem er undir 6 brl. eða 6 brúttótonnum. Eigandi þess skips, sem aflahlutdeildin er flutt frá, skal undirrita beiðni um flutning. Við flutning á aflahlutdeild skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá auk skriflegs samþykkis eftirgreindra aðila:

- aðila er þinglýst veð áttu í skipinu 1. janúar 1991,
- aðila, sem eiga þinglýsta kvöð á skipinu frá 1. janúar 1991 til 31. desember 1997, þar sem kveðið er á um að framsal aflahlutdeildar sé óheimilt án samþykkis kvaðarhafa,
- þinglýst samþykki aðila, sem eiga þinglýst veð í skipinu frá og með 1. janúar 1998.

Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Aldrei er heimilt að flytja aflahlutdeild milli skipa, leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

Umsóknir um flutning aflahlutdeildar milli fiskiskipa skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 31. júlí 2002. Berist umsókn eftir 31. júlí 2002, hefur flutningur aflahlutdeildar ekki áhrif á úthlutun aflamarks fiskveiðiárið 2002/2003.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í eigu tengdra aðila ekki nema herra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en sem hér segir: Þorskur og ýsa 10%, ufsi, karfi, grálúða, síld, loðna og úthafsækja 20%. Um takmörkun á hámarksaflahlutdeild vísast að öðru leyti til 11. gr. a og 11. gr. b í lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Þorskígildisstuðlar.

12. gr.

Þorskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 2001 til 31. ágúst 2002 eru þessir: þorskur 1,00, ýsa 1,20, ufsi 0,45, karfi 0,55, steinbítur 0,65, grálúða 1,65, skarkoli 1,20, langlúra 0,65, þykkvalúra 1,40, skrápflúra 0,50, sandkoli 0,45, langa 0,75, keila 0,50, skötuselur 2,05, loðna 0,04, síld 0,06, norsk-íslensk síld 0,04, humar (slitinn) 6,95, rækja 0,80, hörpu-diskur 0,25, kolmunni 0,03 og gullax 0,40. Ofangreindir stuðlar gilda við mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar og varðandi færslu milli tegunda eftir því sem við á, sbr. 10. og 12. gr. laga nr. 38/1990.

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíku ekki viðkomið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerðar nr. 522/1998 um vigtun sjávarafla.

Afla af skrápflúru og sandkola sem fenginn er á því veiðisvæði sem tilgreint er í 4. mgr. 2. gr. skal haldið aðskildum frá öðrum afla af þessum tegundum og hann veginn og skráður sérstaklega.

Skipstjórar fiskiskipa, sem halda til úthafsækjuveiða á Dohrnbanka, sbr. 2. mgr. 4. gr., skulu tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær þær hefjast og hvenær þeim lýkur.

Ef haldið er til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands skal, þegar haldið er úr höfn, tilkynna Fiskistofu hvar fyrirhugað sé að stunda veiðar. Þá skal tilkynna hvenær veiðar hefjast og hvenær þeim lýkur, nema annað sé ákveðið í sérstökum reglugerðum um viðkomandi veiðar. Í tilkynningunni komi fram, eftir því sem við á, áætlaður afli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar bæði innan og utan fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta gildir þó ekki, haldi skip til veiða utan lögsögunnar á úthafskarfa, síld, loðnu, kolmunna, túnfiski og makríl, enda sé Fiskistofu tilkynnt um slíkt í samræmi við reglur þar að lútandi.

Heimilt er þó með samþykki Fiskistofu að víkja frá banni samkvæmt 5. mgr., enda hafi afli og aflasamsetning um borð í fiskiskipi verið staðfest með fullnægjandi hætti að mati Fiskistofu, áður en skip flytur sig milli veiðisvæða utan og innan lögsögunnar.

14. gr.

Útgerðum skipa með fullvinnsluleyfi er skylt að lokinni veiðiferð að skila sérstakri skýrslu um afla til Fiskistofu á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til.

Þá er skipstjórum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til sbr. reglugerð nr. 303/1999, um afladagbækur.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskistofu skýrslum um móttekinn afla í því formi, sem Fiskistofa ákveður.

15. gr.

Heimilt er að nýta báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, til veiða í tómstundum enda séu engin veiðarfæri um borð, önnur en handfæri án sjálfvirknibúnaðar eða veiðistangir. Óheimilt er að selja aflann eða fénýta á annan hátt.

Skipstjórar báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni og fara til veiða skv. 1. mgr., skulu tilkynna Fiskistofu um það áður en veiðiferð hefst.

16. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, sbr. V. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um sviptingu veiðileyfa vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða, sbr. IV. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Um gjald vegna ólögmeats sjávarafla skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, laga nr. 57, 3. júní 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 2001 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 416, 5. júní 2001, um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2001/2002.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir upphaf fiskveiðiársins 2001/2002, skal fiskiskipum, sem veiðileyfi hafa með almennu aflamarki og aflareynslu hafa í keilu, löngu og skötusel í aflamarkskerfi á tímabilinu 1. júní 1998 til 31. maí 2001, úthlutað aflahlutdeild í þessum tegundum á grundvelli veiðireynslu þeirra í þessum tegundum á áðurgreindu tímabili. Við útreikning á aflahlutdeild hvers fiskiskips, skal eingöngu leggja til grundvallar aflaupplýsingar samkvæmt aflaupplýsingarkerfinu Lóðs og hlutfall heildarafla í keilu, löngu og skötusel, sem einstök skip hafa veitt á ofangreindu viðmiðunartímabili.

Á grundvelli aflahlutdeildar skal fiskiskipum úthlutað bráðabirgðaaflamarki í keilu, löngu og skötusel fyrir fiskveiðiárið 2001/2002, sem samtals nemur 80% af leyfilegum heildarafla í hverri tegund. Jafnframt skulu útgerðum skipanna kynntar forsendur úthlutunarinnar og skulu þær hafa frest til 15. september 2001 til að koma athugasemdum á framfæri við Fiskistofu vegna hennar.

Fiskistofa skal eigi síðar en 15. október 2001 senda útgerðum fiskiskipa tilkynningar um endanlega aflahlutdeild skipa þeirra í keilu, löngu og skötusel og endanlegt aflamark þeirra á fiskveiðiárinu 2001/2002, miðað við fulla úthlutun leyfilegs heildarafla í þessum tegundum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. ágúst 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING**um innflutning tiltekinna matvæla frá Bretlandi.**

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á vörum frá Bretlandi sem innihalda kjöt af nautgripum, sauðfé, geitum, svínnum og falla undir eftirfarandi tollflokka:

1901.2023	1902.2029	1902.3021	1902.4021	2004.9006
1901.2043	1902.2041	1902.3029	1902.4029	2005.9001
1902.2021	1902.2042	1902.3041	1904.9001	2106.9064
1902.2022	1902.2049	1902.3049	1905.9051	

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að afurðir sem um getur í 1. gr. og fluttar eru til landsins beri ekki með sér smitsjúkdóma.

3. gr.

Innflytjendur matvæla sem falla undir ákvæði 1. gr. skulu framvísa vottorði opinberra eftirlitsaðila um að vörunnar hafi verið hitameðhöndlaðar í að minnsta kosti 72°C í 15 sekúndur. Ef ekki er unnt að leggja fram slíkt vottorð fer um innflutning vörunnar samkvæmt ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og ákvæða 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið vegna eftirlitsskyldu Hollustuverndar ríkisins. Reglugerðin er tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/ESB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsingin öðlast gildi 21. ágúst og gildir til 25. september 2001. Fyrir þá dagsetningu verður auglýsingin endurskoðuð og gildistími hennar hugsanlega framlengdur.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. ágúst 2001.

Guðmundur Sigbórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 85 – 2001

20. ágúst 2001

1623

Nr. 633

REGLUGERÐ

**um afnám reglugerðar nr. 880, 7. desember 2000,
um bann við togveiðum suður af Dyrhólaey.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 880, 7. desember 2000, um bann við togveiðum suður af Dyrhólaey.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 22. ágúst 2001.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. ágúst 2001.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

20. ágúst 2001

Nr. 634

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 496, 7. júlí 2000,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2000/2001.**

1. gr.

Í stað 8. og 9. málslíðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 411, 1. júní 2001, koma þrír nýir málslíðir er orðast svo: Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu flutningsgjald að fjárhæð kr. 2.000 með hverri tilkynningu. Gjaldtagi reiknings er við útgáfu reiknings og eindagi er 15 dögum síðar. Gjaldið er óendurkræft. Hafi reikningur ekki verið greiddur á eindaga er Fiskistofu heimilt að stöðva frekari flutning aflamarks frá og til viðkomandi fiskiskips.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. ágúst 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 2001

23. ágúst 2001

1625

Nr. 635

AUGLÝSING

um bann við flutningi sláturfjár yfir sauðfjárveikivarnarlínur.

1. gr.

1. Óheimilt er að flytja til slátrunar á Hornafirði fullorðið fé úr Mýrdals- og Skaftártunguhólfum og einnig af svæðinu norðan Hamarsár. Sama gildir um fullorðið fé úr varnarhólfum vestan Þjórsár.
2. Óheimilt er að flytja til slátrunar á Kirkjubæjarklaustri fé (sláturlömb og fullorðið) úr varnarhólfum vestan Markarfljóts og austan Jökulsár á Breiðamerkursandi. Sama gildir um flutning á fullorðnu fé úr Mýrdalshólfi og Skaftártunguhólfi.
3. Óheimilt er að flytja til slátrunar á Vopnafirði fullorðið fé úr Jökulsárhlið, Jökuldal og svæðum sunnan Jökulsár á Brú.
4. Óheimilt er að flytja til slátrunar á Kópaskeri sláturfé af svæðum vestan Jökulsár á Fjöllum. Sama gildir um sláturfé úr Jökulsárhlið, Jökuldal og svæðum sunnan Jökulsár á Brú.
5. Einungis er heimilt að flytja til slátrunar á Laxá í Leirársveit sláturfé úr Borgarfjarðarhólfi syðra og nyrðra, Dalahólfi syðra og nyrðra, Mýrahólfi, Snæfellsneshólfi og Hnappadalshólfi.

2. gr.

Með brot gegn auglýsingu þessari skal farið samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum.

3. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um bann við flutningi sláturfjár yfir sauðfjárveikivarnarlínur nr. 683/1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. ágúst 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um greiðslu gjalds til Próunarsjóðs sjávarútvegsins fiskveiðiárið 2001/2002.

1. gr.

Eigendur fiskiskipa sem fá úthlutað aflaheimildum þann 1. september 2001 skulu greiða gjald er nemur 1.230 krónum á hvert úthlutað þorskígildstonn miðað við verðmætahlutföll einstakra tegunda samkvæmt 3. gr. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum; þann 1. september 2001, 1. janúar 2002 og 1. maí 2002. Eigandi fiskiskips er fær úthlutun á öðrum tíma innan fiskveiðiársins skal greiða jafnhátt gjald vegna þeirrar úthlutunar. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum. Fari úthlutun fram á fyrsta ársþriðjungi fiskveiðiársins fellur gjaldið í gjalddaga þann 1. janúar 2002, 1. maí 2002 og 1. september 2002. Fari úthlutun fram á öðrum ársþriðjungi fiskveiðiársins fellur gjaldið í gjalddaga 1. maí 2002, 1. september 2002 og 1. janúar 2003. Fari úthlutun fram á þriðja ársþriðjungi fiskveiðiársins fellur gjaldið í gjalddaga 1. september 2002, 1. janúar 2003 og 1. maí 2003. Fari stjórn fiskveiða krókabáta fram með öðrum hætti en úthlutun aflaheimilda á grundvelli aflahlutdeildar eða krókaaflahlutdeildar skal eigandi báts greiða 1.230 kr. af hverju lönduðu þorskígildistoni viðkomandi báts, í tegundum þar sem hann er ekki bundinn aflatak-mörkunum en sæta ákvörðun um heildarafla, á tímabilinu 1. ágúst 2000 til 31. júlí 2001 miðað við skráningu aflans í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Miða skal við verðmætastuðla samkvæmt 3. gr. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum; 1. september 2001, 1. janúar 2002 og 1. maí 2002.

2. gr.

Hafi greiðsla fyrir gjald skv. 1. gr. ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga á þann bankareikning sem tilgreindur er á reikningi skv. 4. gr. fellur veiðileyfi viðkomandi fiskiskips niður án frekari viðvörunar. Hæstu lögleyfðu dráttarvextir reiknast á vanskil frá gjalddaga ef ekki er greitt innan mánaðar frá gjalddaga.

3. gr.

Við útreikning þorskígildisstuðla við álagningu gjalds skv. 1. gr. skal miða við eftirfarandi þorskígildisstuðla: Þorskur 1,00, ýsa 1,20, ufsi 0,45, karfi 0,55, steinbítur 0,65, grálúða 1,65, skarkoli 1,20, langlúra 0,65, þykkvalúra 1,40, skrápflúra 0,50, sandkoli 0,45, langa 0,75, keila 0,50, skötuselur 2,05, loðna 0,04, síld 0,06, norsk-íslensk síld 0,04, humar (slitinn) 6,95, rækja 0,80 og hörpudiskur 0,25, kolmurni 0,03 og gullax 0,40.

4. gr.

Fiskistofa annast innheimtu gjaldsins og sendir eiganda fiskiskips reikning vegna gjalds þessa. Á reikningi skal koma fram að um sé að ræða innheimtu á gjaldi skv. lögum nr. 92/1994 um Próunarsjóð sjávarútvegsins sem renni til Próunarsjóðs. Ennfremur skal koma fram úthlutað magn eða viðmiðunarafla viðkomandi fiskiskips, gjald á þorskígildistonn, heildarfjárhæð gjalds, gjalddagar gjaldsins og aðrir greiðsluskilmálar ásamt númeri bankareiknings sem greiða ber inn á. Gjaldið er ekki endurkræft enda þótt úthlutað þorskígildistonn verði ekki nýtt. Eigandi fiskiskips er gjaldskyldur vegna úthlutaðra þorskígildistonna þótt aflaheimildir verði framseldar á annað fiskiskip.

5. gr.

Fiskistofa skal halda fjárreiðum vegna innheimtu þessarar aðgreindum frá bókhaldi sínu og skal standa Þróunarsjóði sjávarútvegsins skil á innheimtu gjaldsins eins fljótt og auðið er, þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal greiða Fiskistofu samkvæmt reikningi kostnað vegna innheimtu þeirrar sem Fiskistofa annast skv. reglugerð þessari.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 540 frá 25. júlí 2000 um greiðslu gjalds til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins fiskveiðíárið 2000/2001.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. ágúst 2001.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórir Skarphéðinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 87 – 2001

Nr. 637

1628

27. ágúst 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 157/2001 um húsbref og húsbrefaviðskipti, sbr. reglugerð nr. 408/2001.

1. gr.

29. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Matsverð notaðrar íbúðar er kaupverð hennar. Matsverð nýrrar íbúðar er samþykktur byggingarkostnaður hennar eða kaupverð. Matsverð meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar er samþykkt kostnaðaráætlun eða samþykktur byggingarkostnaður. Sá hluti af matsverði sem lánað er til, sbr. 19. gr., 21. gr., 24. gr. og 25. gr. reglugerðar þessarar skal, ásamt uppfærðum áhvílandi lánum sem á undan hvíla, rúmast innan við 85% af brunabótamati íbúðar.

Íbúðalánasjóði er heimilt að synja um skuldabréfaskipti ef kaupverð íbúðar telst í verulegu ósamræmi við markaðsverð eða þegar hluti kaupverðs íbúðar er framlag seljanda til kaupanda. Íbúðalánasjóður getur falið sérstökum trúnaðarmönnum að meta markaðsverð íbúðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 44/1998, um hús-næðismál, öðlast gildi 1. september 2001.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. ágúst 2001.

Páll Pétursson.

Óskar Páll Óskarsson.

Nr. 638

24. ágúst 2001

SAMÞYKKT

um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan borgarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð 15 borgarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Borgarstjórn fer með stjórn Reykjavíkurborgar, gætir hagsmuna hennar og er í fyrirsvari fyrir hana og vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna.

3. gr.

Starfstímabil borgarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

Gutenberg

4. gr.

Borgarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur borgarstjórn ákveðið að Reykjavíkurborg taki að sér verkefni sem varðar íbúa hennar sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

Meðal verkefna hennar eru þessi:

1. Borgarstjórn fer með yfirstjórn á fjármálum borgarinnar, stofnana hennar og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
2. Borgarstjórn setur samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, aðrar samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Borgarstjórn hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda borgarinnar.
4. Borgarstjórn kýs forseta borgarstjórnar auk tveggja varaforseta, borgarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. II. og IV. kafla samþykktar þessarar svo og skoðunarmenn ársreiknings borgarinnar.
5. Borgarstjórn ákveður stjórnkerfi Reykjavíkurborgar og ræður borgarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá borginni.

II. KAFLI

Fundarsköp borgarstjórnar.**Fundartími.**

5. gr.

Borgarstjórn heldur reglulega fundi fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaðar sem ekki ber upp á helgidag eða almennan frídag og skal fundur að jafnaði hefjast kl. 14.00. Heimilt er borgarstjórn að fella niður fundi í allt að tvo mánuði samfelldt að sumarlagi. Borgarstjórn skal þá veita borgarráði umboð til afgreiðslu mála sem undir borgarstjórn heyra.

Aukafundi skal halda samkvæmt ákvörðun borgarstjóra, forseta borgarstjórnar eða ef 5 borgarfulltrúar hið fæsta krefjast þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

6. gr.

Sá borgarfulltrúi sem á að baki lengstu setu í borgarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í borgarstjórn átt jafnlengi setu í borgarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

Dagskrá – fundarboð.

7. gr.

Borgarstjóri boðar til borgarstjórnarfundar. Fundir borgarstjórnar skulu haldnir í Ráðhúsi Reykjavíkur nema annar fundarstaður sé ákveðinn af borgarstjórn eða borgarstjóra.

Auglýsa skal fundi borgarstjórnar í Ráðhúsinu með a.m.k. 24 klst. fyrirvara og greina þar dagskrá fundar. Dagskrá borgarstjórnarfunda skal með sama fyrirvara send fjölmiðlum.

Heimilt er að fella niður auglýsingu og tilkynningu til blaða samkvæmt þessari grein ef aukafundur er boðaður með svo naumum fyrirvara að slíku verði ekki við komið eða hafa skemmri fyrirvara en segir í 2. mgr.

8. gr.

Borgarstjóri semur dagskrá borgarstjórnarfundar í samráði við forseta borgarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá skal taka í þeirri röð sem að neðan greinir:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu forseta borgarstjórnar og tveggja varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarinnar svo og kosningu borgarstjóra.

2. Fundargerðir borgarráðs ásamt fundargerðum eftirtalinna nefnda, ráða og stjórna: Félagsmálaráð, fræðsluráð, hafnarstjórn, íþrótt- og tómstundaráð, leikskólaráð, menningar-
málanefnd, samgöngunefnd, skipulags- og byggingarnefnd, stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og umhverfis- og heilbrigðisnefnd.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið borgarstjórnar og borgarráðs sem borgarstjóri eða forseti borgarstjórnar ákveða að taka á dagskrá.
4. Mál sem borgarfulltrúi óskar eftir að fá tekið á dagskrá. Skal sá sem þess óskar tilkynna það til borgarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en kl. 14.00 þremur dögum fyrir fund.

Borgarstjóra er heimilt að ákveða að einstakir liðir í fundargerðum verði ræddir sem sérstakir dagskrárlíðir á undan dagskrárlíðum skv. 2. tölul. 1. mgr. og skal þess getið í útsendri dagskrá. Heimilt er borgarfulltrúum að óska eftir slíkri málsmeðferð við borgarstjóra. Ef a.m.k. fimm borgarfulltrúar óska þess er skylt að verða við þeirri tilhögun á útsendri dagskrá.

Í dagskrá skal tilgreina fundarstað og tíma, þær fundargerðir sem fyrir fundi liggja, tillögur sem fram hafa komið og gera í stuttu máli grein fyrir þeim málum öðrum sem um skal fjallað. Fylgja skulu eftirrit fundargerða, tillagna svo og annarra gagna sem geta til upplýsingar orðið um málefni á dagskrá, eftir því sem borgarstjóri telur nauðsynlegt og við verður komið.

9. gr.

Borgarstjóri skal senda borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum fundarboð borgarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi kl. 14.00 tveimur dögum fyrir fund. Beri reglulegur fundur borgarráðs upp á sömu viku og borgarstjórnarfundur skulu fylgigögn þess fundar hafa borist a.m.k. 24 klst. fyrir fund.

Borgarstjóri skal senda borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum fundarboð aukafundar í borgarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. 24 klst. fyrir fund.

Kosning forseta og skrifara – fundargerð.

10. gr.

Sá borgarfulltrúi sem boðar til fyrsta fundar skv. 6. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar borgarstjórnar og stýrir honum uns forseti hefur verið kjörinn. Fyrsta dagskrármál þess fundar skal vera kosning forseta borgarstjórnar svo og fyrsta og annars varaforseta úr hópi borgarfulltrúa til eins árs og síðan í júní ár hvert.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meira en helmingis borgarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær, þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

11. gr.

Forseti stjórnar kjöri varaforseta borgarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 2. mgr. 10. gr.

12. gr.

Tilkynna skal kjör forseta borgarstjórnar og fyrsta og annars varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Ef enginn forseta er viðstaddur á fundi borgarstjórnar gegnir starfsaldursforseti forseta-
störfum nema borgarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra í það skipti.

13. gr.

Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í borgarstjórn skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Ef forseti eða varaforseti verða varanlega forfallaðir frá störfum í borgarstjórn, áður en kjörtími þeirra er á enda, skal kjósa forseta í þeirra stað fyrir þann tíma sem eftir er kjörtímabils forseta.

14. gr.

Borgarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi borgarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði þá er atkvæðagreiðslur fara fram.

15. gr.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar er fundarritari borgarstjórnar og sér um færslu gerðabókar og hafa skrifarar, í samráði við forseta, eftirlit með að rétt sé fært til bókar.

Í gerðabók skal þess getið hvar og hvenær fundur sé haldinn, hverjir sitji fundinn, hvaða mál séu tekin fyrir á fundinum og afgreiðslu þeirra.

Forseti og skrifarar skulu ganga frá fundargerð og undirrita hið fyrsta að loknum fundi. Forseti getur ákveðið að fundargerð eða hluti hennar verði lesinn upp í fundarlok og skulu þá allir viðstaddir fulltrúar undirrita hana.

Borgarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar á tölvu.

Opnir fundir.

16. gr.

Borgarstjórnarfundir skal halda í heyranda hljóði. Borgarstjórn getur þó ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum, t.d. einkamál manna eða mál sem æskilegt er vegna hagsmuna borgarinnar að rædd séu fyrir luktum dyrum.

Ef tillaga kemur fram um að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum skal úr því skorið án umræðna.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður fyrir luktum dyrum.

Ályktunarhæfi – fundarstjórn.

17. gr.

Borgarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur borgarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

18. gr.

Forseti borgarstjórnar stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bók- aðar svo og hverja afgreiðslu þær hljóta.

Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum borgarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar borgarstjórnar.

Leyfi forseta þarf til að taka myndir í fundarsal borgarstjórnar.

Ef áheyrandi á borgarstjórnarfundum raskar fundarfriði getur forseti látið vísa honum út.

19. gr.

Skylt er borgarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna er að því lýtur að gætt sé góðrar reglu.

Ef borgarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða viku verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef borgarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við borgarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef borgarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði borgarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

20. gr.

Mál skulu afgreidd í þeirri röð sem dagskrá segir nema borgarstjórn ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti getur ákveðið að tiltekin mál í fundargerð, sem á dagskrá eru, verði gerð að sérstökum dagskrárlíð í framhaldi af þeirri fundargerð.

Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra borgarfulltrúa þau afbrigði. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

21. gr.

Borgarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir.
2. Ársreikning.
3. Samþykktir (reglugerðir) og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem skipulags- og framkvæmdáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

Við síðari umræðu um frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir næsta ár skal frumvarp að fjárhagsáætlun og mál því tengd vera fyrsta mál á dagskrá.

22. gr.

Borgarstjóri skal sitja fundi borgarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í borgarstjórn.

Borgarstjórn getur heimilað ef 2/3 borgarfulltrúa samþykkja að maður utan borgarstjórnar megi tala á borgarstjórnarfundi.

Vanhæfi.

Ákvæði um hæfi borgarfulltrúa og annarra fulltrúa í nefndum og ráðum borgarinnar.

23. gr.

Borgarfulltrúi er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirvarsmaður eða umboðsmaður aðila.
2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum líð til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
3. Ef hann tengist fyrirvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.
4. Á kærustigi þegar mál er kært til úrskurðar borgarstjórnar, nefndar eða ráðs ef hann hefur áður átt aðkomu að málinu, sbr. þó 1. tölul. 1. mgr. 24. gr.
5. Ef mál varðar hann sjálfan verulega, venslamenn hans skv. 2. tölul., næstu yfirmenn persónulega eða stofnun eða fyrirtæki í einkaeign sem hann er í fyrirvari fyrir.
6. Ef hann er jafnframt starfsmaður Reykjavíkurborgar og hefur sem slíkur átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir borgarstjórn er hann alltaf vanhæfur þegar borgarstjórn fjallar um málið, nema þegar borgarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga Reykjavíkurborgar. Þessi tölulíður á ekki við borgarstjóra.

7. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi aðstæður sem fallnar eru til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

24. gr.

Það veldur eigi vanhæfi borgarfulltrúa:

1. Ef hann hefur sem nefndarmaður komið að ákvörðunartöku nefndar, ráðs eða stjórnar á lægra stjórnarsýslustigi innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar.
 2. Ef hann situr í stjórn félags eða stofnunar sem fulltrúi Reykjavíkurborgar og hefur verið til þess kjörinn eða tilnefndur og tekur þátt í afgreiðslu máls sem félagið eða stofnunina varðar.
 3. Ef verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum Reykjavíkurborgar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.
 4. Ef þeir hagsmunir sem málið snýst um eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur starfsmannsins eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hættá á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.
- Borgarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli borgarstjórnar á því.

25. gr.

Borgarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Borgarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver borgarfulltrúi sé vanhæfur. Borgarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Borgarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal borgarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

26. gr.

Vanhæfisástæður eiga við um fulltrúa í nefndum og ráðum svo og starfsmenn Reykjavíkurborgar eftir því sem við á.

Málfrelsi – tillöguréttur.

27. gr.

Borgarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum borgarstjórnar.

Hver borgarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta.

Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða borgarstjóra eða framsögumann svo og borgarfulltrúa sem gera vill stutta athugasemd, leiðrétta ummæli um sjálfan sig eða veita andsvar, sbr. 31. gr.

Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður forseti í hvaða röð þeir tala.

Borgarfulltrúi skal vera í ræðustól meðan hann talar nema forseti leyfi annað.

28. gr.

Borgarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta.

Ræðumaður skal ávarpa einstaka borgarfulltrúa með fullu nafni.

Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða.

Ekki má lesa prentað mál nema forseti leyfi.

29. gr.

Framsögumaður má tala þrisvar við hverja umræðu máls en aðrir borgarfulltrúar tvisvar. Borgarfulltrúa er þó heimilt að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli, gera stutta athuga-

semd um fundarsköp eða veita andsvar, sbr. 31. gr. Borgarstjóri hefur óbundið málfrelsi og ræðutíma, sbr. þó ákvæði 1. mgr. 31. gr.

30. gr.

Ræðutími framsögumanns og borgarfulltrúa í fyrri ræðu má vera allt að 30 mínútur. Ræðutími í síðari ræðu má vera allt að tíu mínútur.

Ræðutími borgarfulltrúa sem óskar að bera af sér ámæli eða gera stutta athugasemd má vera allt að ein mínúta.

Forseta er þó heimilt að rýmka ræðutíma sé mál það umfangsmikið eða mikilvægt að ekki sé hægt að ræða það á fullnægjandi hátt innan þeirra reglna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Einnig er forseta heimilt að rýmka ræðutíma borgarfulltrúa ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur. Ákvörðun forseta samkvæmt þessari málsgrein skal liggja fyrir áður en umræða hefst.

Við síðari umræðu um fjárhagsáætlun og aðalskipulag Reykjavíkur skal ræðutími vera óbundinn.

31. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 29. gr. getur forseti leyft borgarfulltrúum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari. Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara því á tveimur mínútum. Heimilt er forseta að stytta ræðutíma hvers ræðumanns í þessum umræðum. Enginn má veita andsvar oftár en tvisvar sinnum hverju sinni enda svari ræðumaður andsvari. Orðaskipti í andsvörum mega ekki standa lengur en 15 mínútur í einu.

Að jafnaði er forseta heimilt að leyfa borgarfulltrúa að veita andsvar skv. 1. mgr. einu sinni undir hverjum dagskrárlið.

32. gr.

Ef forseti telur umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt til að ræðutími hvers borgarfulltrúa megi ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd eða umræðum verði hætt.

Þá getur forseti hvenær sem er lagt til að umræðu skuli lokið á ákveðnum tíma. Ekki má þó takmarka umræðu svo að hún standi skemur en tvo tíma meðan nokkur borgarfulltrúi kveður sér hljóðs.

Borgarstjórn afgreiðir tillögur forseta skv. 1. og 2. mgr. umræðulaust.

Ákvæði um takmörkun ræðutíma eiga ekki við þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun.

33. gr.

Borgarstjóri og hver borgarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frestunartillögu eða frávísunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er og borgarstjórn á úrskurðarvald um.

Ef jafnmörg atkvæði eru með máli og móti, fellur það nema við kosningar, þá ræður hlutkesti.

Mál má afgreiða með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá með einfaldri eða rökstuddri dagskrá, vísa því til afgreiðslu borgarstjóra eða nefndar eða með því að fresta því.

Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.

Atkvæðagreiðsla.

34. gr.

Atkvæðagreiðsla fer að jafnaði þannig fram að borgarfulltrúi réttir upp hönd.

Nafnakall skal viðhafa ef forseti ákveður, borgarstjóri óskar eða fjórir borgarfulltrúar hið fæsta. Við nafnakall greiða borgarfulltrúar atkvæði eftir skrá um borgarfulltrúa í stafrófsröð. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Nöfn varafulltrúa skal bæta á skrána í rétttri röð í stað nafna þeirra sem fjarstaddir eru. Hlutkesti ræður á hverjum byrja skal.

Ef borgarfulltrúi vill ekki una úrskurði forseta má hann skjóta úrskurðinum til borgarstjórnar sem sker úr án umræðna.

35. gr.

Borgarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd í fundargerð um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í borgarstjórn. Óheimilt er þó að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málfutning um afstöðu borgarfulltrúa til máls sem til meðferðar er.

36. gr.

Á borgarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar skulu vera hlutfallskosningar, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

Skrásetning umræðna.

37. gr.

Allar umræður í borgarstjórn skuli skrásettar. Má þar ekkert undan fella sem fram hefur komið á fundi borgarstjórnar og handrit af umræðum bera með sér. Engar breytingar má gera nema leiðréttá þurfi auðsæjar og sannanlegar villur.

Umræður frá fundum borgarstjórnar skulu gefnar út á prenti eða birtar með öðrum hætti ásamt því sem fært hefur verið í gerðabækur svo og önnur skjöl, eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

Borgarafundir – almenn atkvæðagreiðsla.

38. gr.

Heimilt er borgarstjóra að boða til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og boða til almennra borgarafunda um einstök málefni Reykjavíkur.

Skylt er að halda almennan borgarafund ef $\frac{1}{4}$ hluti atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess. Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir borgarstjórn.

Borgarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu í Reykjavík eða í tilteknum borgarhverfum til að kanna vilja kosningabærra íbúa um tiltekið málefni. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi um afgreiðslu málsins fyrir borgarstjórn nema hún hafi fyrirfram ákveðið að svo skuli vera, sbr. þó 4. mgr.

Ef Reykjavíkurborg fyrirhugar að ráðast í ákveðna framkvæmd og áætlaður heildarkostnaður borgarinnar vegna hennar nemur hærri fjárhæð en áætluðum fimmtungi árlegra skatttekna borgarinnar á yfirstandandi reikningsári, er skylt að efna til almennrar atkvæðagreiðslu ef $\frac{1}{4}$ hluti þess fjölda sem þátt tók í síðustu borgarstjórnarkosningum óskar þess. Ósk um almenna atkvæðagreiðslu skal berast innan 90 daga frá samþykkt borgarstjórnar vegna framkvæmdarinnar. Komi slík ósk fram og hún uppfyllir þau skilyrði sem hér eru sett ber borgar-

stjórn að fresta fyrirhugaðri framkvæmd þar til atkvæðagreiðsla um málið hefur farið fram. Atkvæðagreiðslan skal fara fram samhliða næstu borgarstjórnarkosningum. Borgarstjórn getur þó ákveðið að efnt skuli til atkvæðagreiðslu fyrr.

Niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu er bindandi um afgreiðslu málsins ef a.m.k. 2/3 hlutar atkvæðisbærra manna í Reykjavík taka þátt í henni.

Til almenns borgarafundar skal boðað með opinberri auglýsingu og skal þar taka fram hverjir hafi atkvæðisrétt á fundinum ef ætlunin er að atkvæðagreiðsla fari þar fram.

39. gr.

Við framkvæmd atkvæðagreiðslu skv. 38. gr. skal farið eftir meginreglum laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við getur átt. Veruleg frávik frá kosningalögum, svo sem vegna atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eða rafrænnar atkvæðagreiðslu, eru háð samþykkt borgarstjórnar.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur borgarfulltrúa.

40. gr.

Hverjum borgarfulltrúa er skylt að sækja fundi borgarstjórnar nema lögmæt forföll hamli. Borgarfulltrúa er skylt að taka að sér þau störf sem borgarstjórn felur honum, t.d. forseta- störf, setu í borgarráði eða öðrum nefndum. Þó getur sá sem verið hefur forseti borgarstjórnar eitt kjörtímabil eða lengur skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

41. gr.

Borgarfulltrúa ber að gegna störfum sínum í borgarstjórn af alúð og samvisskusemi og gæta hagsmuna Reykjavíkurborgar, en í störfum sínum er borgarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

42. gr.

Borgarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum borgarstjórnar eftir því sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari.

43. gr.

Borgarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum Reykjavíkurborgar og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum hennar og borgarfyrirtækjum á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

44. gr.

Borgarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að borgarfulltrúi lætur af þeim störfum.

45. gr.

Nú telur borgarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í borgarstjórn án óhæfilegs álags og getur borgarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga. Séu borgarfulltrúi og varaborgarfulltrúi báðir forfallaðir á sami framboðsaðili rétt á að tilnefna fulltrúa af framboðslista sínum til bráðabirgða.

Missi fulltrúi í borgarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr borgarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er borgarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal borgarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

46. gr.

Borgarfulltrúi skal fá laun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í borgarstjórn.

Haga skal fundum borgarstjórnar þannig að borgarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

Borgarstjórn skal setja nánari reglur um réttindi borgarfulltrúa, svo sem um lífeyrissjóð, fæðingarorlof, starfslok, ferða-, dvalar- og ráðstefnukostnað o.fl.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur borgarfulltrúa gilda einnig um varaborgarfulltrúa sem taka sæti í borgarstjórn.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Borgarstjórn kýs fulltrúa í borgarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar og öðrum samþykktum borgarráðs. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver borgarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana Reykjavíkurborgar eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

Borgarráð.

49. gr.

Borgarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum borgarstjórnarkosningum kjósa sjö borgarfulltrúa í borgarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Borgarfulltrúar eru einir kjörgengir sem aðalmenn í borgarráð.

Borgarstjóri situr fundi borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé borgarfulltrúi og kjörinn í borgarráðið.

Flokkur sem fulltrúa á í borgarstjórn en ekki fulltrúa í borgarráði má tilnefna borgarfulltrúa til að sitja fundi borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

50. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins borgarráðs skal kjósa formann og varaformann borgarráðsins. Formaður borgarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Um fundarsköp borgarráðs fer eftir sömu reglum og gilda um borgarstjórn eftir því sem þau geta átt við.

Formaður borgarráðs úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar borgarráðsins.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar er fundarritari borgarráðs.

Um ritun fundargerða borgarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða borgarstjórnar, sbr. 2. mgr. 15. gr.

Borgarstjóri undirbýr dagskrá borgarráðsfunda í samráði við formann ráðsins og sér um að hún verði send borgarráðsmönnum. Heimilt er að taka mál til meðferðar í borgarráði þótt ekki sé það tilgreint á dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar ef þess verður óskað.

Borgarráð skal halda fundi að jafnaði einu sinni í viku. Aukafund skal halda ef borgarstjóri ákveður það eða tveir borgarráðsmenn hið fæsta óska þess skriflega.

51. gr.

Borgarráð fer ásamt borgarstjóra með framkvæmdastjórn Reykjavíkurborgar og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Borgarráð hefur umsjón með stjórnýslu borgarinnar, undirbúningi fjárhagsáætlana, fjallar um frumvarp að fjárhagsáætlun borgarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja og leggur það fyrir borgarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Þá sér borgarráð um að ársreikningar borgarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja lagðir fyrir borgarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Við undirbúning að fjárhagsáætlun ár hvert skal borgarstjóri auglýsa eftir ábendingum og tillögum borgarbúa um mál er varða gerð fjárhagsáætlunar og skal borgarráð hafa þær til hliðsjónar við tillögugerð sína.

Borgarráð tekur fullnaðarákvörðun um mál sem ekki varða verulega fjárhag borgarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli borgarráðsmanna eða við borgarstjóra um slíka afgreiðslu.

Verði ágreiningur um ákvörðun í borgarráði í sumarleyfi borgarstjórnar, sbr. 1. mgr. 5. gr., telst málið eigi til lykta leitt ef skemmri tími en tvær vikur eru til næsta reglulegs fundar borgarstjórnar, fyrir liggur ákvörðun um aukafund í borgarstjórn eða bókuð er krafa í borgarráði um aukafund í borgarstjórn og staðfesting, sbr. 2. mgr. 5. gr., berst borgarstjórn innan þriggja sólarhringa.

Borgarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun.

Þá getur borgarstjórn falið borgarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála nema lög mæli á annan veg.

52. gr.

Skylt er starfsmönnum borgarinnar að sitja fundi borgarráðs þegar til umræðu eru mál-efni sem störf þeirra snerta og þess er óskað af borgarstjóra eða borgarráði.

Nefndir, ráð og stjórnir.

53. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann hafi hann ekki verið kosinn í borgarstjórn og varaformann.

Borgarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema borgarstjórn hafi áður kosið formann. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

54. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli.

Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður hans sæti nema borgarstjórnin ákveði að kjósa að nýju fulltrúa í nefndina. Þegar nefndarmaður forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Séu aðalmaður og varamaður báðir forfallaðir á sami framboðsaðili rétt á að tilnefna fulltrúa af framboðslista sínum til setu á þeim fundi.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

55. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum á nefndarfundum sem fram koma hjá einstökum nefndarmönnum eða öðrum sem fundinn sitja. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Nefndir borgarstjórnar geta ákveðið að efna til opinna funda með borgarbúum, íbúum einstakra hverfa, félögum eða hagsmunahópum öðrum þegar þær hafa til meðferðar mál sem eðlilegt þykir að fjalla um á þann hátt áður en þau eru afgreidd í viðkomandi nefnd.

56. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnun Reykjavíkurborgar eftir því sem við á.

57. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum borgarstjórnar fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum borgarráðs.

Borgarráð getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema lög mæli á annan veg.

58. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir borgarstjórnar skulu halda gerðabækur. Ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða borgarstjórnar, sbr. 2. mgr. 15. gr.

59. gr.

Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar borgarráðs og/eða borgarstjórnar ber að taka þær fyrir sem sérstakan dagskrárlið. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir borgarráð.

60. gr.

Borgarstjórn kýs eftirtaldar nefndir til að fara með tiltekin mál eftir því sem lög mæla fyrir:

A. Til eins árs:

Sjö borgarfulltrúa í borgarráð og jafnmarga til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Tvo menn í almannavarnanefnd.
2. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara.
Formannskjör.
3. Fimm menn í félagsmálaráð og fimm til vara.
Formannskjör.
4. Fimm menn í fræðsluráð og fimm til vara.
Formannskjör.
5. Fimm menn í hafnarstjórn og fimm til vara.
Formannskjör.
6. Fimm menn í jafnréttisnefnd og fimm til vara.
Formannskjör.

7. Fimm menn í leikskólaráð og fimm til vara.
Formannskjör.
 8. Fimm menn í menningarmálanefnd og fimm til vara.
Formannskjör.
 9. Sjö menn í skipulags- og byggingarnefnd og sjö til vara.
Formannskjör.
 10. Tvo menn í skólanefnd Klébergsskóla og leikskólans Kátakots.
Formannskjör.
 11. Fimm menn í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og fimm til vara.
Formannskjör.
 12. Tvo skoðunarmenn ársreiknings Reykjavíkurborgar og tvo til vara.
 13. Fimm menn í umhverfis- og heilbrigðisnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
- C. **Kjörstjórnir við borgarstjórnarkosningar:** Þrjú menn í yfirkjörstjórn og þrjú til vara, þrjú menn í hverja hverfiskjörstjórn og þrjú menn í hverja undirkjörstjórn.
- D. **Borgarstjórn kýs til eins árs:**
Tvo menn í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og tvo menn í stjórn Sparisjóðs vélstjóra samkvæmt samþykktum þessara sparisjóða. Þá kýs borgarstjórn þrjú menn í stjórn Landsvirkjunar og þrjú til vara.
- E. Borgarstjórn/borgarráð kýs eða tilnefnir fulltrúa sína í ýmsar stjórnir, ráð eða nefndir samkvæmt ákvæðum laga eða reglugerða.

61. gr.

Borgarstjórn kýs eftirtaldar fastar nefndir samkvæmt sérstökum samþykktum sínum:

A. **Til fjögurra ára:**

1. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara.
Formannskjör.
 2. Þrjú menn í hverfisnefnd Grafarvogs og þrjú til vara.
Formannskjör.
 3. Tvo menn í Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar og tvo til vara.
 4. Fimm menn í stjórn Innkaupastofnunar og fimm til vara.
Formannskjör.
 5. Fimm menn í Íþrótt- og tómstundaráð og fimm til vara.
Formannskjör.
 6. Fimm menn í samgöngunefnd og fimm til vara.
Formannskjör.
 7. Tvo menn í samstarfsnefnd um lögreglumálefni og tvo til vara.
 8. Þrjú menn í stjórn Vinnuskólans og þrjú til vara.
Formannskjör.
- B. Þá kýs borgarstjórn/borgarráð í ýmsar aðrar nefndir samkvæmt sérstökum samþykktum sínum.

62. gr.

Borgarráð getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils borgarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Borgarstjórn getur einnig aturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

63. gr.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er borgarstjórn heimilt að ákveða að fela öðrum aðilum en nefndum afgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag Reykjavíkurborgar. Slíkri afgreiðslu má þó ætíð skjóta til viðkomandi nefndar eða

borgarráðs. Samþykktir um slíkar embættisafgreiðslur skulu vera viðaukar með samþykkt þessari.

V. KAFLI
**Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.
Borgarstjóri.**

64. gr.

Borgarstjórn ræður borgarstjóra. Ráðningartími skal vera til loka kjörtímabils borgarstjórnar. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á ráðningartíma er þrjú mánuðir.

65. gr.

Borgarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra sem borgarstjórn tekur og framkvæmd á málefnum borgarinnar að því leyti sem borgarstjórn hefur ekki ákveðið annað um tiltekin mál.

66. gr.

Borgarstjóri á sæti á fundum borgarstjórnar og borgarráðs og hefur þar sömu réttindi og skyldur sem borgarfulltrúar nema annað sé sérstaklega fram tekið í þessari samþykkt. Ekki hefur hann atkvæðisrétt nema jafnframt sé hann borgarfulltrúi/borgarráðsmaður. Hann hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum borgarstjórnar og borgarráðs.

Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

67. gr.

Borgarstjóri er prókúruhafi borgarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna borgarinnar, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki borgarstjórnar þarf til.

Borgarstjóra er heimilt með samþykki borgarstjórnar að veita öðrum starfsmönnum borgarinnar prókúru.

68. gr.

Borgarstjóri er æðsti yfirmaður starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Borgarritari gegnir störfum borgarstjóra í fjarveru hans og öðrum forföllum. Borgarlögmaður er annar staðgengill borgarstjóra og skrifstofustjóri borgarstjórnar í fjarveru þeirra.

Starfsmenn í stjórnunarstöðum.

69. gr.

Borgarráð ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöðum hjá Reykjavíkurborg, svo sem yfirmenn stofnana og fyrirtækja, og veitir þeim lausn frá störfum. Borgarstjórn ræður borgarendurskoðanda með sama hætti.

70. gr.

Lausar stöður skulu auglýstar til umsóknar í samræmi við reglur um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar.

71. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga og reglum um réttindi og skyldur starfsmanna eftir því sem við á.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

72. gr.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal borgarstjórn að jafnaði afgreiða fjárhagsáætlun borgarsjóðs, fyrirtækja og stofnana Reykjavíkurborgar fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í borgarstjórn.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Fjárhagsáætlun samkvæmt þessari grein skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn borgarinnar á viðkomandi reikningsári. Við gerð fjárhagsáætlunar skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu borgarsjóðs og stofnana borgarinnar.

Borgarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld borgarinnar, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

73. gr.

Útgjöld, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt borgarstjórnar, má ekki greiða nema til komi samþykki borgarstjórnar. Samþykki borgarstjórn fjárveitingu sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun skal jafnframt kveðið á um hvernig útgjöldum skuli mætt.

74. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er borgarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir borgarstjórn við eina umræðu.

75. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal borgarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar. Áætlunin skal vera rammí um árlegar fjárhagsáætlanir Reykjavíkurborgar og unnin og afgreidd af borgarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

76. gr.

Ársreikningur Reykjavíkurborgar skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í borgarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Borgarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur borgar- endurskoðanda og skoðunarmanna.

Borgarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga eigi síðar en 1. júní ár hvert. Borgarfulltrúar og borgarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Ákvæði til bráðabirgða.

Framtalsnefnd sem kjósa skal fyrir árið 2002 skal kosin til loka yfirstandandi kjörtímabils.

Samþykkt þessi, sem sett er af borgarstjórn Reykjavíkurborgar skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Viðaukar I til III við samþykktina, sem settir eru samkvæmt heimild í 3. mgr. 44. gr. sömu laga, öðlast gildi frá sama tíma. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp

borgarstjórnar nr. 60/1985, með síðari breytingum og samþykkt um afgreiðslur skipulagsstjóra Reykjavíkurborgar, nr. 672/2000.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. ágúst 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

VIÐAUKI I

Um embættisafgreiðslur skrifstofustjóra borgarstjórnar.

1. gr.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, mál sem því berast og talin eru upp í 2. gr., sbr. heimild í 63. gr. samþykktar þessarar og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

2. gr.

Skrifstofustjóra borgarstjórnar er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

1. Erindi til umsagnar, kynningar eða meðferðar til einstakra nefnda og ráða Reykjavíkurborgar, embættismanna eða aðila utan Reykjavíkurborgar.
2. Umsóknir um vínveitingaleyfi sem eru innan samþykkrar stefnumörkunar borgarstjórnar og samþykkrar málsmeðferðarreglna vegna vínveitingaleyfa. Sama gildir um leyfi skv. 17. gr. áfengislaga og bráðabirgðaleyfi skv. 4. mgr. 13. gr. áfengislaga nr. 75/1998.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur skrifstofustjóra skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi borgarráðs.

4. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu skrifstofustjóra eða synji skrifstofustjóri erindi er honum heimilt að skjóta máli sínu til borgarráðs. Enn fremur er hægt að skjóta málum skv. 2. mgr. 2. gr. til úrskurðarnefndar um áfengismál skv. 29. gr. áfengislaga nr. 75/1998.

VIÐAUKI II

Um embættisafgreiðslur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

1. gr.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að gefa út starfsleyfi í stað umhverfis- og heilbrigðisnefndar eftir því sem nánar er tilgreint í þessari grein, sbr. heimild í 63. gr. samþykktar þessarar og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem er talinn upp í fylgiskjali 2 í reglugerð nr. 785/1999, með síðari breytingum, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skulu þó áfram berast umhverfis- og heilbrigðisnefnd og afgreiðast af henni.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að gefa út starfsleyfi til þeirra sem framleiða eða dreifa matvælum í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 522/1994, með síðari breytingum, um matvælaeftirlit og hollustuhætti við dreifingu matvæla.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að gefa út starfsleyfi til stofnana og fyrirtækja skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarmir með síðari breytingum.

2. gr.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur umsögn til lögreglustjóra samkvæmt 3. gr. laga nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði, í umboði borgarráðs, að fenginni umsögn Borgarskipulags að því er varðar skipulags-, umferðar- og grenndarsjónarmið. Heilbrigðiseftirlitinu er heimilt að veita starfsleyfi vegna reksturs veitinga- og gististaða, með fyrirvara um leyfi lögreglustjóra, í samræmi við ákvæði 3. og 4. mgr. 1. gr. samþykktar þessarar.

3. gr.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur umsögn til borgarráðs skv. 14. gr. áfengislaga nr. 75/1998.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi umhverfis- og heilbrigðisnefndar og bókaðar í fundargerð.

Synji Heilbrigðiseftirlitið leyfisveitingu skulu þó líða a.m.k. 14 dagar þar til málið er lagt fram í umhverfis- og heilbrigðisnefnd.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu Heilbrigðiseftirlitsins er honum heimilt að skjóta máli sínu til afgreiðslu umhverfis- og heilbrigðisnefndar, enda hafi málið eigi þegar verið lagt fram í nefndinni. Þessi málskotsréttur takmarkar þó eigi almennan málskotsrétt samkvæmt lögum.

VIÐAUKI III

Um embættisafgreiðslur skipulagsstjóra Reykjavíkur.

1. gr.

Skipulagsstjórinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar skipulags- og byggingarnefndar, þau mál sem talin eru upp í 2. gr. og falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni skipulagsnefnda í lögunum, sbr. heimild í 63. gr. samþykktar þessarar og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

2. gr.

1. Skipulagsstjóra er heimilt að ákveða að grenndarkynna óverulegar breytingar á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 26. gr. og byggingarleyfisumsóknir í ódeiliskipulögðum hverfum skv. 2. mgr. 23. gr., sbr. og 7. mgr. 43. gr. laganna, nema þegar vinna við deiliskipulag er hafin.
2. Skipulagsstjóra er heimilt að afgreiða auglýstar skipulagstillögur sem engar athugasemdir berast við til Skipulagsstofnunar skv. 6. másl. 2. mgr. 21. gr. og 5. máls. 1. mgr. 25. gr. nema skipulags- og byggingarnefnd ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögurnar.
3. Erindi og umsagnir um erindi sem beint er til skipulagsnefndar og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.
4. Framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. sem eru í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur skipulagsstjóra skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarnefndar og bókaðar í fundargerð.

4. gr.

Um afgreiðslu skipulagsstjóra gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaganna nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og samþykkt borgarstjórnar er til þeirra taka.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu skipulagsstjóra er honum heimilt að skjóta máli sínu til skipulags- og byggingarnefndar. Málskotsréttur er 14 dagar frá því að mál er lagt fram í nefndinni.

Þessi málskotsréttur takmarkar þó ekki almennan málskotsrétt samkvæmt lögum, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaganna og grein 10.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014.

1. gr.

1. mgr. auglýsingarinnar hljóðar svo:

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaganna nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. júlí 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014 frá 16. nóvember 1994.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 15. ágúst 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2001 tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar við Framnesveg í Keflavík, Reykjanesbæ.

Í breytingunni felst að á lóðinni Framnesvegur 20-22 er byggingarreit fyrir fjölbýlishús breytt, hann færður sunnar á lóðinni, gert er ráð fyrir einni 6 hæða turnbyggingu með risi og bætt er við byggingarreit fyrir bílageymslu.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 15. ágúst 2001.

Ellert Eiríksson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Hauka – Iðnskólareits“ vegna Haukahrauns 1, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti breytingu á deiliskipulagi fyrir „Hauka - Iðnskólareit“ vegna Haukahrauns 1, á fundi sínum þann 19. júní 2001.

Breytingin felst í stækkun byggingareits.

Breytingin var í grenndarkynningu 20. júní 2001 – 20. júlí 2001, samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstaka aðilar verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 16. ágúst 2001.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafðís Hafliðadóttir skipulagsstjóri Hafnarfjarðarbæjar.

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á skipulagi við Klettás 21-25 (21-27).

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Klettás 21-25 (21-27) í Garðabæ. Í breytingunni felst að íbúðum verður fjölgað úr þremur í fjórar. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulag lóðar fyrir minjaskála við Kirkjulund.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt deiliskipulag lóðar fyrir minjaskála við Kirkjulund í Garðabæ. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Endurskoðun deiliskipulags hesthúsabyggðar við Kjóavelli.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt endurskoðun deiliskipulags hesthúsabyggðar við Kjóavelli í Garðabæ. Eldri deiliskipulagstillaga fellur úr gildi. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á deiliskipulagi Arnarness við Hegranes 22.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Arnarness í Garðabæ. Um er að ræða samþykkt byggingarskilmála sem gilda fyrir Hegranes 22 eftir breytinguna. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar skipulagsbreytingar og skipulag öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 16. ágúst 2001.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Rannsóknarsjóð um kvíða og skylda sjúkdóma.

1. gr.

Nafn og varnarþing.

Heiti sjóðsins er Rannsóknarsjóður um kvíða og skylda sjúkdóma. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur.

Stofnendur sjóðsins eru lækarnir:
Halldór Kolbeinsson, kt. 210455-3889,
Högni Óskarsson, kt. 190145-7199 og
Jón G. Stefánsson, kt. 100139-6859.

3. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er kr. 525.000 og skal það ávallt haldast óbreytt að raungildi.

4. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skipa stofnendur sjóðsins. Stjórnin velur sér formann, ritara og gjaldkera. Ef stjórnarmaður óskar eftir að verða leystur frá stjórnarstörfum, þá velur hann eftirmann í stjórn í sinn stað úr hópi gilda félaga Geðlæknafélags Íslands.

Falli stjórnarmaður frá skulu þeir sem eftir sitja í stjórn velja nýjan stjórnarmann.

Formaður kallar saman fundi stjórnar og stýrir fundum. Hverjum stjórnarmanni er heimilt að óska eftir fundum stjórnar þegar þurfa þykir.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir á sviði kvíðasjúkdóma og skyldra sjúkdóma, m.a. með verkefnum, sem unnin eru á vegum sjóðsins, tækjakaupum, rannsóknarstyrkjum, launagreiðslum til aðstoðarfólks, ferðastyrkjum og endurmenntunarstyrkjum Enn fremur skal heimilt að greiða einstaklingum umbun fyrir rannsóknarstörf og aðstoð við rannsóknir. Sjóðnum skal einnig heimilt að styrkja starfsemi Geðlæknafélags Íslands með fjárframlögum, svo fremi að þau séu nýtt í anda þessarar skipulagsskrár.

6. gr.
Tekjur.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- Tekjur af samstarfsamningum við Íslenska erfðagreiningu ehf.
- Tekjur af rannsóknum og öðrum samstarfssamningum.
- Rannsóknarstyrkir.
- Arður af inneign sjóðsins.
- Aðrar tekjur.

7. gr.
Úthlutanir.

Stjórn annast úthlutun úr sjóðnum í samræmi við 5. gr. einu sinni á ári eða oftar, ef þurfa þykir.

8. gr.
Umsýsla sjóðsins.

Stjórn annast vörslu sjóðsins, ávöxtun og bókhald. Stjórninni er heimilt að veita viðurkenndu fyrirtæki á fjármálamarkaði umsýslu og ávöxtun sjóðsins í samræmi við markaða stefnu sjóðstjórnar þar um.

Stjórn skal halda fundargerðabók um alla fundi sína og ákvarðanir og hvaðeina annað er varðar rekstur sjóðsins.

Stjórnunar-, umsýslu- og risnukostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.
Einfaldur meirihluti ræður í öllum ákvörðunum stjórnar.

9. gr.
Reikningar.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið eigi síðar en 1. september ár hvert. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.
Breytingar á skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna og ef allir stjórnarmenn eru sammála þar um. Slíkar breytingar skulu hljóta staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á sama hátt og skipulagsskráin. Aldrei má breyta ákvæðum 11. greinar um ráðstöfun eigna við sjóðsslit.

11. gr.
Sjóðsslit.

Stjórn sjóðsins getur ákveðið að leggja hann niður, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna. Skulu eignir sjóðsins þá renna til hvers kyns rannsóknarstarfsemi í samræmi við 5. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. ágúst 2001.

F. h. r.
Jón Thors.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) skv. lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) skv. 2. mgr. 11. gr., 4. mgr. 12. gr. og 1. - 7. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. september 2001 að telja um 6,6% frá því sem þau voru í ágúst 2001.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 65. gr. sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 24. ágúst 2001.

Jón Kristjánsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

15. ágúst 2001

Nr. 645

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 - 2015, Reykjahlíð við Þjóðveg 87, Skútustaðahreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 15. ágúst 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996 - 2015 frá 31. desember 1997.

Breytingin tekur til svæðis fyrir blandaða landnotkun opinberra stofnana, verslunar og þjónustu austan Þjóðvegar 87 og sunnan við Hlíðaveg.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 15. ágúst 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sorpsamlag Mið-Austurlands til að reka sorpurðunarstað. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. apríl 2004.

Hollustuvernd ríkisins, 20. ágúst 2001.

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.

STJÓRNARTÍÐINDI B 88 – 2001

30. ágúst 2001

1651

Nr. 647

REGLUGERÐ

**breytingu á reglugerð nr. 631, 17. ágúst 2001,
um veiðar í atvinnuskyni 2001/2002.**

1. gr.

Aftan við 1. málslíð 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi nýr málslíður er orðast svo: Þó skal við útreikning aflahlutdeildar ekki taka tillit til afla, sem landað var á tímabilinu 5. apríl 2001 til 16. maí 2001.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. ágúst 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

30. ágúst 2001

Nr. 648

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár,
nr. 892 10. desember 1999.**

1. gr.

5. gr. liður 5.5, 1. málslíður, orðist svo:

5.5. Til vinninga skal verja 45% af heildarsöluverði þáttökukvittana hvefarr leikviku, þar með talið andvirði þáttökukvittana sem látnar eru þátttakendum í té sem kaupauki án endurgjalds.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986 öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. ágúst 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að útflutningshlutfall kindakjöts af fé sem slátrað verður á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. október 2001 verði 21% af dilkum. Frá og með 1. nóvember til og með 18. nóvember verði útflutningshlutfallið 12%. Fyrir sömu tímabil er útflutningshlutfall ákveðið 0% af kjöti af fullorðnu fé.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. ágúst 2001.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 89 – 2001

3. september 2001

1653

Nr. 650

REGLUGERÐ

um sýnatöku og rannsóknir á kolígerlum í sauðfjárafurðum í sláturhúsum sem hafa leyfi til útflutnings til Bandaríkja Norður-Ameríku.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerðin er hluti af innra eftirliti í sláturhúsum og tekur til sýnatöku og rannsókna á kolígerlum í sauðfjárafurðum í sláturhúsum sem hafa leyfi til útflutnings til Bandaríkja Norður-Ameríku. Tilgangurinn er að fylgjast með því að ekki verði saurmengun á sláturafurðum við slátrun.

2. gr.

Sláturleyfishafi skal útbúa skriflega áætlun sem er liður í innra eftirliti, um eftirlit í sláturhúsum samkvæmt reglugerðinni. Í áætluninni skulu m.a. vera skriflegar leiðbeiningar varðandi sýnatöku, merkingu sýna, sýnatökuaðferð, meðferð sýna, túlkun niðurstaðna og viðbrögð við frávikum.

II. KAFLI

Sýnataka.

3. gr.

Sýnin skulu rannsökuð á rannsóknarstofu sem viðkomandi héraðsdýralæknir hefur viðurkennt að höfðu samráði við yfirdýralækni.

4. gr.

Í sláturtíð að hausti skal taka sýni daglega í hlutfalli við sláturfjárfjölda þannig að tekið sé 1 sýni af hverjum 300 skrokkum. Utan aðalsláturtíðar skal taka eitt sýni af hverjum 300 skrokkum eða a.m.k. einu sinni í viku ef slátrun er undir því marki.

5. gr.

Við sýnatöku skal nota dauðhreinsaðan bómullarpinna. Pinnann skal geyma í dauðhreinsuðu íláti og 10 ml af buffruðu petonvatni (PBS) skal bætt út í ílátið fyrir notkun til þess að væta pinnann. Eftir sýnatöku skal pinninn látinn aftur í ílátið og 15 ml af PBS bætt út í þannig að heildarrúmmál verði 25 ml.

6. gr.

Taka skal sýnin af tilviljunarkenndu úrtaki skrokka samkvæmt fyrirfram ákveðinni, skriflegri áætlun. Taka skal sýnin að slátrun lokinni eftir að skrokkarnir hafa verið í kæli í a.m.k. 12 klst.

7. gr.

Taka skal strok með svamppinnanum á u.þ.b. 50 cm² svæði (5 x 10 cm) á þremur mismunandi stöðum á hverjum skrokki þannig að tekið sé strok af alls 150 cm². Nota skal einn pinna á hvert svæði og setja pinnana í sama ílát eftir notkun.

8. gr.

Stroksýnin skulu tekin af bringu, á síðu og lærum ofan- og innanverðum við endaparm. Nota skal einn pinna á hvert svæði.

III. KAFLI

Sending sýna.

9. gr.

Strax eftir sýnatöku skal koma sýnum í kæli (4-8°C) og þau geymd þannig þar til þau eru tekin til rannsóknar.

10. gr.

Ef sýnin eru rannsökuð í sláturhúsinu skal taka þau til rannsóknar strax eftir sýnatöku. Ef þau eru rannsökuð annarsstaðar skal senda þau þegar eftir sýnatöku (samdægurs) þannig að tryggt sé að þau verði tekin til rannsóknar innan 24 klst. Sýnin skal senda í kæliumbúðum þannig að þau haldist við 0-10°C þar til þau koma á rannsóknarstofuna.

IV. KAFLI

Rannsóknaraðferð og varðveisla rannsóknaniðurstaðna.

11. gr.

Rannsaka skal sýnin samkvæmt NMKL aðferð nr. 147/1993 (991.14 of Official Methods of Analysis of the AOAC International), eða sambærilegri aðferð.

12. gr.

Gefa skal niðurstöðu upp sem bakteríuþyrpingar á fersentimetra (CFU/cm²).

13. gr.

Sláturleyfishafi skal varðveita allar rannsóknaniðurstöður í a.m.k. 12 mánuði. Yfirdýralæknir eða fulltrúi hans skal hafa yfirumsjón með framkvæmd eftirlitsins.

V. KAFLI

Túlkun niðurstaðna.

14. gr.

Hvert einstakt sláturhús skal setja sér viðmiðunarmörk byggð á eigin niðurstöðum. Fari fjöldi kolígerla yfir leyfileg viðmiðunarmörk viðkomandi sláturhúss gefur það vísbandingu um að vinnubrögð við slátrun séu ófullnægjandi og að saurmengun eigi sér stað.

VI. KAFLI

Viðbrögð.

15. gr.

Sláturleyfishafa er skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta ef niðurstöður úr kolígerlarannsóknnum fara yfir leyfileg viðmiðunarmörk.

16. gr.

Fari fjöldi kolígerla yfir leyfileg viðmiðunarmörk ber héraðsdýralækni að gefa sláturleyfishafa skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni hann ekki aðvörun innan þess frests skal yfirdýralæknir að höfðu samráði við héraðsdýralækni gefa stuttan lokafrest til úrbóta. Að þeim tíma liðnum er yfirdýralækni heimilt að tilkynna sláturleyfishafanum að lög-gilding falli niður og að heilbrigðisskoðun og heilbrigðismerking afurða verði ekki framkvæmd í sláturhúsinu fyrr en viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að hindra mengun af völdum kolígerla við slátrun.

VII. KAFLI

Önnur ákvæði.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum og tekur þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 599/2000 um sýnatöku og rannsóknir á kolígerlum í sauðfjárafurðum.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. september 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ**um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar.**

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerðin fjallar um riðuveiki í sauðfé en ákvæði hennar taka einnig til riðuveiki í geitum og öðrum dýrategundum. Ákvæði reglugerðarinnar taka auk þess, eftir því sem við á, til tannloss og kýlapestar í sauðfé og geitfé.

2. gr.

Í reglugerð þessari merkja skilgreind orð eftirfarandi:

Fjárskipti: Þegar sauðfjárstofn jarðarinnar eða staðarins er felldur og nýr tekinn í staðinn *Misjafnlega sýkt svæði:* Svæði innan sama sóttvarnarsvæðis þar sem fyrir er sýkt svæði, eitt eða fleiri.

Riðujörð: Bújörð, jörð með aðra stöðu, eða staður þar sem riða hefur greinst sl. 20 ár.

Sóttvarnarsvæði (varnarhólf): Landsvæði sem afmarkast af varnarlínunum, ám, vötnum, sjó eða öræfum sem ásamt fyrirskipaðri vörslu og öðrum varúðarráðstöfunum mynda farar-tálma eða fullkomna hindrun á samgangi dýra.

Sýkt svæði: Svæði þar sem riðuveiki hefur greinst sl. 20 ár. Svæðið getur verið allt sóttvarnarsvæðið eða hluti þess þar sem skemmra er síðan riða hefur greinst, skv. nánari skilgreiningu yfirdýralæknis hverju sinni.

Umráðamaður sauðfjár: Eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði og vörslu þess í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi sveitarfélagi og skv. samningi milli aðila.

Varnarlínur: Mörk sóttvarnarsvæða, þar með taldar girðingarlínur sem skiptast í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur.

II. KAFLI

Almenn ákvæði.

3. gr.

Eigendum og umráðamönnum sauðfjár er skylt að tilkynna héraðsdýralækni eða yfirdýralækni án tafar ef riðuveiki gerir vart við sig í fjárstofni þeirra eða ef grunur vaknar um að sjúkdómurinn leynist í sauðfénu. Berist tilkynning beint til héraðsdýralæknis skal hann tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn svo fljótt sem verða má. Fylgja skal fyrirmælum yfirdýralæknis um töku og meðferð á sýnum eða lifandi sauðfé sem senda skal til rannsóknar. Nákvæm skýrsla um sjúkdómsástand hjarðar og upplýsingar um vanhöld skal fylgja. Héraðsdýralæknir ákveður að höfðu samráði við yfirdýralækni, hvort farga skuli í rannsóknarskyni kind eða kindum sem grunur leikur á að séu með riðu, gegn bótum skv. IV. kafla.

Ef riðuveiki er staðfest leggur yfirdýralæknir til við landbúnaðarráðherra að viðkomandi hjörð verði lógað hið fyrsta.

4. gr.

Óheimilt er að flytja sauðfé til lífs milli sóttvarnarsvæða (varnarhólfa). Yfirdýralæknir getur heimilað flutning á sauðfé yfir varnarlínur vegna fjárskipta, til rannsókna og fyrir sæðingastöðvar til kynbóta. Einnig getur yfirdýralæknir veitt undanþágu til flutnings lambhrúta frá ósýktum svæðum til kynbóta á einstökum bæjum eða svæðum þar sem sauðfjársæðingastöðvar koma ekki að gagni eða aðrar brýnar ástæður eru fyrir hendi, svo sem arfgengir sjúkdómar eða verndarsjónarmið.

Á sýktum svæðum er óheimilt að flytja sauðfé til lífs úr hjörðum, í hjarðir eða á milli bæja. Skylt er að afla leyfis sveitarstjórnar og héraðsdýralæknis um fyrirhugaðar breytingar á upprekstri innan sveitar. Á sýktum svæðum skal ekki hýsa aðkomufé né fóðra eða brynna því með heimafé, hvorki við fjárrag haust og vor né á öðrum tímum. Ef hýsingin er óumflýjanleg af dýraverndarástæðum skal ekki nota til þess fjárhús, hlöður eða fjós. Hús eða svæði þar sem fé var hýst eða geymt skal sótthreinsa eftir notkun, telji héraðsdýralæknir það nauðsynlegt. Farga skal aðkomufé sem komið hefur fyrir á riðusýktum eða grunuðum bæ, nema yfirdýralæknir leyfi heimtöku þess. Þá er óheimilt að flytja milli bæja innan sýktra svæða, hvaðeina, sem getur borið smitefni milli staða, svo sem hey, heyköggla og hálm, húsdýra-ábúrd, túnþökur og gróðurmold. Notkun sláturúrgangs og hrámetis til fóðrunar loðdýra er háð leyfi yfirdýralæknis. Heimilt er yfirdýralækni að láta stöðva flutninga og notkun flutnings-tækja til varasamra flutninga á dýrum og öðru sem smithætta getur stafað af og leita fulltingis lögreglu til þess.

Ull má aðeins flytja beint á söfnunar- eða vinnslustað. Óheimilt er að flytja ull á milli bæja nema með leyfi yfirdýralæknis. Endurnotkun ullarumbúða er óheimil.

Kostnað sem leiðir af ákvæðum greinarinnar bera aðilar sjálfir.

5. gr.

Landbúnaðarráðherra getur að fengnum tillögum yfirdýralæknis fyrirskipað að sauðfé sé haft í einangrun í lengri eða skemmri tíma þar sem grunur vaknar um riðuveiki. Yfirdýralæknir getur bannað flutning sauðfjár innan sóttvarnarsvæðis, milli sveitarfélaga og/eða einstakra bæja, sé það talið hafa þýðingu til að hindra útbreiðslu riðuveiki. Þá getur yfirdýralæknir fyrirskipað sérstakar litarmerkingar á sauðfé á svæðum, þar sem sýking hefur fundist eða grunur leikur á sýkingu. Merkin greiða ríkissjóður og viðkomandi sveitarfélag að jöfnu. Ennfremur er yfirdýralækni heimilt að fyrirskipa varnaraðgerðir, svo sem sóthreinsun, lyfjameðferð, ónæmisáðgerðir o.fl., eftir því sem þörf krefur og við á hverju sinni, á kostnað viðkomandi aðila.

6. gr.

Leitast skal við að samræma lögboðnar smalanir innan sveitar og milli sveita. Við allar lögréttir og skilaréttir (aukaréttir) skal vera tiltæk aðstaða til að einangra sjúkt eða grunað sauðfé. Línubryjóta og annað fé, sem vekur grunsemdir í göngum, rekstrum og fjársafni, skal einangra án tafar og senda beint í sláturhús eða lóga á staðnum, ef ekki er annars kostur. Héraðsdýralæknir getur ákveðið, að fengnu samþykki yfirdýralæknis og eftir tillögum sveitarstjórnar, að slátra skuli fé sem kemur fyrir að hausti fjarri eiginlegum sumarhögum og öðru fé, sem smithætta kann að stafa af. Skylt er að taka hausa til rannsóknar og önnur sýni samkvæmt fengnum leiðbeiningum héraðsdýralæknis. Eiganda og héraðsdýralækni skal tilkynnt um slíka lógun við fyrsta tækifæri. Hræið skal grafa djúpt eða urða rækilega og merkja staðinn svo hann finnist aftur. Við ákvörðun urðunarstaðar skal leita umsagnar viðkomandi heilbrigðiseftirlits, sbr. 13. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum.

Sauðfé af riðujörðum og sérmerkt sauðfé skal draga í sérstakan dilk.

Sveitarstjórn, fjallkóngar, réttarstjórar og hreppstjórar annast framkvæmd 1. og 2. mgr. og bændur almennt við smölun heimalanda sinna.

7. gr.

Yfirdýralækni er heimilt að láta fara fram skoðun og sýnatöku á sauðfé til þess að kanna útbreiðslu riðuveiki og fyrirskipa að fargað verði sjúkum eða grunsamlegum kindum á hvaða tíma árs sem er. Fjáreigendum er skylt að aðstoða við slíkar skoðanir og rannsóknir án sérstakrar þóknunar. Lógun skal framkvæmd í samráði við héraðsdýralækni gegn bótum skv. IV. kafla. Hlíta skal fyrir mælum hans og yfirdýralæknis um allt er lýtur að þessu.

Vegna eftirlits með riðuveiki er fjáreigendum skylt að senda árlega eðlilegan fjölda fullorðins fjár til sláturhúss en að öðrum kosti að afhenda héraðsdýralækni hausa af öllu fullorðnu fé sínu, sem lógað hefur verið eða eytt.

8. gr.

Komi upp rökstuddur grunur um riðuveiki eða riðuveiki er staðfest á einni jörð eða fleirum er yfirdýralækni heimilt að leita samkomulags um niðurskurð alls fjár á viðkomandi jörð/jörðum og eftir atvikum á stærra svæði, ef það þykir nauðsynlegt til að tryggja árangur af aðgerðum. Þegar sauðfé er lógað vegna riðuveiki skal gera skriflegan samning um allt er lýtur að lógun sauðfjárins, tímabundið fjárleysi á viðkomandi jörð og greiðslu bóta.

Náist ekki samkomulag skv. 1. mgr., getur landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, fyrirskipað niðurskurð alls sauðfjár á riðujörð eða á tilteknu svæði og tímabundið fjárleysi í þeim tilgangi að hefta útbreiðslu veikinnar.

9. gr.

Á jörðum þar sem riða hefur greinst sl. 10 ár er skylt að gera þeim sem erindi eiga í fjárhús viðvart um smithættu. Skylt er að gera nauðsynlegar ráðstafanir gegn því að menn geti borið veikina með sér. Yfirdýralæknir lætur í té merki til viðvörunar í þessu skyni. Héraðsdýralæknir skal hafa eftirlit með uppsetningu þeirra. Óheimilt er að flytja fjárklippur, markatengur, lyfjadælur og annan tækjabúnað, sem óhreinkast hefur af fé eða hugsanlega smitmengast á annan hátt á sýktu svæði, til nota í landbúnaði á ósýktu svæði, án vottorðs frá héraðsdýralækni um að fullnægjandi sóttþreinsun hafi átt sér stað. Aðilar sem fara milli sóttvarnarsvæða eða misjafnlega sýktra svæða með tækjabúnað til landbúnaðarstarfa skulu fá starfsleyfi héraðsdýralæknis og vottorð um að fullnægjandi sóttþreinsun hafi átt sér stað. Þessi tæki og önnur sem óhreinkast af sauðfé á sýktum svæðum skulu sóttþreinsuð samkvæmt fyrir-mælum héraðsdýralæknis að lokinni notkun á hverjum stað/jörð.

Sauðfé sem lógað er vegna riðu eða gruns um hana skal eyða með því að brenna það eða grafa. Eyða skal hræjum á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Við urðun skal leita umsagnar viðkomandi heilbrigðiseftirlits. Á sama hátt getur yfirdýralæknir fyrirskipað að eytt sé við slátrun hausum og innyflum og öðrum hættulegum vefjum úr sauðfé og öðrum dýrategundum á jörðum þar sem grunur er um sjúkdóminn.

III. KAFLI

Eftirlit.

10. gr.

Héraðsdýralæknir skal hlutast til um að fylgst sé með hvort grunsamlegt sauðfé kemur fyrir í göngum, rekstrum og réttum og að fé sé skoðað á húsi a.m.k. einu sinni á ári þar sem riðuhætta er og að fjáreigendur fái leiðbeiningu um hvernig fylgja skuli reglum um riðuvarnir.

Héraðsdýralæknir skal hafa eftirlit með að allt sauðfé á jörð, þar sem yfirdýralæknir hefur fyrirskipað sérstakar litamerkingar, sé merkt.

Héraðsdýralæknir getur haft eftirlit með því að frá öllum bæjum á sýktum svæðum sé sendur eðlilegur fjöldi fullorðins sláturfjár til slátrunar eða hausar af fullorðnu fé til rann-sókna.

11. gr.

Sveitarstjórn skal fylgjast með riðuvörnum innan marka sveitarfélagsins en getur einnig skipað sérstaka riðunefnd að fengnum tillögum héraðsdýralæknis eða falið starfandi landbúnaðarnefnd að annast þann málaflokk. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr sveitarsjóði.

IV. KAFLI

Kostnaður og bætur.

12. gr.

Bætur vegna niðurskurðar greiðast úr ríkissjóði. Bætur fyrir fullorðið fé vegna niðurskurðar skulu fara eftir fjártölu samkvæmt síðasta skattframtali, þó ekki umfram þann fjölda sem framvísað er til lógunar. Fullnaðargreiðsla fyrir felldan fjárstofn skal innt af hendi eigi síðar en 45 dögum eftir að förgun lauk, þó eigi fyrr en 21 degi eftir að samkomulag um bætur liggur fyrir.

Bætur skal miða við að fyrir hverja kind greiðist andvirði 16 kg dilks í gæðaflokki DR2, öðrum verðflokki, auk gæru og sláturs samkvæmt auglýstu viðmiðunarverði Landssamtaka sauðfjárbænda á hverjum tíma, að viðbættu 60% álagi, sem greiðist vegna minni afurðasemi gemlinga á fyrsta ári eftir fjártöku. Sé allur fjárstofninn 3ja vetra eða yngri við niðurskurð, skal álagið vera 70% fyrir 3ja vetra kindur, 85% fyrir 2ja vetra kindur og 100% fyrir

veturgamlar kindur. Aldurinn þarf að staðfesta með fjárræktarskýrslum eða á annan fullnægjandi hátt að mati landbúnaðarráðherra.

Fari niðurskurður fram að hausti og sé lömbum eytt samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis, skulu þau bætt að fullu sem sláturlömb. Frálag þeirra skal metið út frá meðalfallþunga og flokkun á viðmiðunarárum afurðatjónsbóta, sbr. 13. gr., að viðbættu 3% álagi. Þó getur fjáreigandi vigtað lömbin undir eftirliti fulltrúa yfirdýralæknis og reiknast þá fallþungi sem 40% af þunga þeirra á fæti og gæruþungi í hlutfalli við fallþungann samkvæmt gildandi reglum sláturleyfishafa.

13. gr.

Afurðatjónsbætur skulu miðast við meðalafurðir sauðfjár á lögbýlinu síðustu þrjú ár fyrir niðurskurð samkvæmt skattframtölum og innleggsseðlum. Leggja skal til grundvallar framleitt dilkakjöt og kjöt af fullorðnu fé, gærur og slátur af dilkum og fullorðnu fé svo og ullarinnlegg og reikna meðalafurðir áruna eftir vetrarfóðraða kind, að teknu tilliti til bústofnsbreytinga. Þannig skal við bústofnsaukningu miða við 16 kg fallþunga og gæðaflokk DR2, annan verðflokk og við bústofnskerðingu skal miða við 24 kg fallþunga í FR III.

Afurðatjónsbætur reiknast á eftirfarandi hátt:

1. Beingreiðslur greiðast samkvæmt gildandi samningi um framleiðslu sauðfjárafurða milli Bændasamtaka Íslands og ríkisstjórnar Íslands. Beingreiðslur miðast við greiðslumark lögbýlisins og jöfnunargreiðslur greiðast að fullu eins og þær voru ákvarðaðar á grundvelli framleiðsluáranna 1997-1999. Þó skulu jöfnunargreiðslur falla niður, ef framleiðsla búsins hefur ekki á viðmiðunarárum skv. 2. lið uppfyllt kröfur skv. reglugerð nr. 19/2001 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum, beingreiðslur, uppkaupaálag og jöfnunargreiðslur 2001-2007. Álagsgreiðslur (uppkaupaálag og álag vegna gæðastýringar) skulu miðast við sömu framleiðsluforsendur og afurðatjónsbætur skv. 2. lið þessarar greinar. Ef niðurskurður fer fram haustið 2003 eða síðar skulu álagsgreiðslur vegna gæðastýringar þó því aðeins greiddar að uppfyllt hafi verið skilyrði til slíkra greiðslna samkvæmt gildandi reglum þar um. Um fyrirkomulag greiðslna og gjalddaga skulu gilda ákvæði reglugerðar nr. 19/2001 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum, beingreiðslur, uppkaupaálag og jöfnunargreiðslur 2001-2007.
2. Meðalafurðir síðustu þriggja ára eftir hverja kind sem fargað er, sbr. 2. mgr., skulu reiknaðar til verðs samkvæmt auglýstu viðmiðunarverði Landssamtaka sauðfjárbænda á hverju fjárleysisári að teknu tilliti til útflutningsverðs og hlutfalls á fjárleysisárinu. Frá bótaupphæð sem þannig er fundin skal draga tiltekið hlutfall af breytilegum kostnaði við framleiðslu sauðfjárafurða í kostnaðargrundvelli á hverjum tíma, reiknaðan á hverja vetrarfóðraða kind eins og hér greinir:
 - a) 75% á fyrsta/fyrra fjárleysisári, ef niðurskurður fer fram að hausti og unnt er að afsetja heyfeng eða heyöflun hefur ekki farið fram. Þetta hlutfall gildir einnig á síðari fjárleysisárum.
 - b) 35% á fyrsta/fyrra fjárleysisári, ef niðurskurður fer fram fyrir árslok og ekki er unnt að afsetja heyfeng.
 - c) 25% á fyrsta/fyrra fjárleysisári, ef niðurskurður fer fram á tímabilinu frá 1. janúar til 31. mars.
 - d) 5% á fyrsta/fyrra fjárleysisári, ef niðurskurður fer fram á tímabilinu frá 1. apríl og þar til sauðfé er sleppt í sumarhaga.

14. gr.

Ef unnt er að nýta afurðir sauðfjár sem fargað er að hluta eða í heild, kemur verðmæti þeirra afurða til frádráttar bótagreiðslum.

Réttur til bóta glatast að öllu leyti eða að hluta ef eigandi sauðfjár fer ekki eftir ákvæðum um varúðarráðstafanir, fjárleysi á jörðinni, lagfæringu á girðingum, sóthreinsun húsa og kaup á líflömbum. Sama gildir ef eigandi sauðfjár verður sér úti um fé sem hann vissi eða mátti vita, með tilliti til aðstæðna, að haldið var sjúkdómi eða hefur valdið því með ásetningi eða vanrækslu að sauðfé hans smitaðist.

15. gr.

Aðili sem fargað hefur sauðfé vegna riðuveiki skal hreinsa útihús og nánasta umhverfi þeirra á eigin kostnað eftir fyrirætlum og undir eftirliti héraðsdýralæknis á svæðinu. Ákveða skal í samningi hvernig hreinsun húsa og umhverfis skuli hagað og hvenær lokið. Heimilt er að halda eftir allt að 30% bótafjár þar til sóthreinsun er lokið.

Yfirdýralæknir leggur til sérstök sóthreinsiefni og vinnu við þá sóthreinsun. Auk þess greiðir yfirdýralæknir fyrir hreinsiefni, svo sem fúavarnarefni og málningu. Heimilt er að leggja andvirði sóthreinsunarkostnaðar til endurnýjunarefna sé það talið hagkvæmara. Þá er heimilt að taka þátt í kostnaði við jarðvegsskipti, ef sækja þarf efni um langan veg.

Yfirdýralækni er heimilt að bæta að hluta annað sannanlegt tjón sem hlýst af ákvæðum reglugerðar þessarar.

16. gr.

Yfirdýralæknir ákveður hvar heimilt sé að taka fjárskiptalömb. Yfirdýralæknir getur fyrirskipað sérstakar varúðarráðstafanir í heimahéraði áður en til flutninga kemur. Ef flytja þarf líflömb vegna fjárskipta samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis úr fjarlægum héruðum, skal ríkissjóður greiða 90% flutningskostnaðar, enda sé hagkvæmni gætt hvað varðar fjarlægðir. Kaup á fjárskiptafé og vörslu í flutningum annast kaupendur líflamba.

V. KAFLI

Refsiákvæði og gildistaka.

17. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 25 7. apríl 1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum, lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum og lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvöru, ásamt síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 583/1996 um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar og reglugerð nr. 4/1942 um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda er líða tjón af þeim.

Landbúnaðarráðuneytinu, 4. september 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 90 – 2001

22. ágúst 2001

1661

Nr. 652

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um lyfjamál (II).

1. gr.

Eftirfarandi reglugerðir ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, sem vísað er til í liðum 15h, 15j og 15k í XIII. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2000 frá 2. október 2000 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2743/98 frá 14. desember 1998 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 297/95 um gjöld sem greiða ber til Lyfjamálastofnunar Evrópu.

2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1146/98 frá 2. júní 1998 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 541/95 um umfjöllun um breytingar á skilmálum markaðsleyfis sem lögbert yfirvald aðildarríkis hefur veitt.

3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1069/98 frá 26. maí 1998 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 542/95 frá 10. mars 1995 um umfjöllun um breytingar á skilmálum markaðsleyfis sem fellur undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2309/93.

2. gr.

Reglugerðirnar og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2000, sbr. 1. gr., sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 59, 14. desember 2000, eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari. Tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar sem getið er um í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2000 hafa þegar verið innleiddar með lyfjalögum nr. 93/1994, með síðari breytingum, og reglugerðum settum með stoð í þeim.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða fangelsi eða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. ágúst 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal.**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 75/2000****frá 2. október 2000****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 57/2000 frá 28. júní 2000⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1069/98 frá 26. maí 1998 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 542/95 frá 10. mars 1995 um umfjöllun um breytingar á skilmálum markaðsleyfis sem fellur undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2309/93⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1146/98 frá 2. júní 1998 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 541/95 um umfjöllun um breytingar á skilmálum markaðsleyfis sem lögbært yfirvald aðildarríkis hefur veitt⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2743/98 frá 14. desember 1998 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 297/95 um gjöld sem greiða ber til Lyfjamálastofnunar Evrópu⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/82/EB frá 8. september 1999 um breytingu á viðaukanum við tilskipun ráðsins 75/318/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um staðla og aðferðarlýsingar fyrir efnagreiningar, lyfja- og eiturefnafræðileg próf og klínískar prófanir á sérlyfjum⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/83/EB frá 8. september 1999 um breytingu á viðaukanum við tilskipun ráðsins 75/318/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um staðla og aðferðarlýsingar fyrir efnagreiningar, lyfja- og eiturefnafræðileg próf og klínískar prófanir á sérlyfjum⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.

⁽¹⁾ Stjórið. EB L 237, 21. 9. 2000, bls. 73 og EES-viðbætur við Stjórið. EB nr. 42, 21. 9. 2000, bls. 13.

⁽²⁾ Stjórið. EB L 153, 27. 5. 1998, bls. 11.

⁽³⁾ Stjórið. EB L 159, 3. 6. 1998, bls. 31.

⁽⁴⁾ Stjórið. EB L 345, 19. 12. 1998, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjórið. EB L 243, 15. 9. 1999, bls. 7.

⁽⁶⁾ Stjórið. EB L 243, 15. 9. 1999, bls. 9.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 75/318/EBE) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **399 L 0082:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/82/EB frá 8. september 1999 (Stjtið. EB L 243, 15. 9. 1999, bls. 7),

399 L 0083: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/83/EB frá 8. september 1999 (Stjtið. EB L 243, 15. 9. 1999, bls. 9).“

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 15h (reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„ , eins og henni var breytt með:

- **398 R 2743:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2743/98 frá 14. desember 1998 (Stjtið. EB L 345, 19. 12. 1998, bls. 3).“

3. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 15j (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 541/95) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„ , eins og henni var breytt með:

- **398 R 1146:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1146/98 frá 2. júní 1998 (Stjtið. EB L 159, 3. 6. 1998, bls. 31).“

4. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 15k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 542/95) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„ , eins og henni var breytt með:

- **398 R 1069:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1069/98 frá 26. maí 1998 (Stjtið. EB L 153, 27. 5. 1998, bls. 11).“

5. gr.

Texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1069/98 og (EB) nr. 1146/98, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2743/98 og tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 1999/82/EB og 1999/83/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

6. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni^(*).

7. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. október 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. S. Gunnarsson
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2743/98

frá 14. desember 1998

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 297/95 um gjöld sem greiða ber til
Lyfjamálastofnunar Evrópu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 frá 10. febrúar 1995 um gjöld sem greiða ber til Lyfjamálastofnunar Evrópu ⁽¹⁾ (hér á eftir nefnd „Lyfjamálastofnunin“), einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 1. mgr. 57. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2309/93 frá 22. júlí 1993 um málsmeðferð bandalagsins við veitingu leyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um stofnun Lyfjamálastofnunar Evrópu ⁽³⁾ eru tekjur stofnunarinnar fjárframlag og gjöld sem fyrirtæki greiða fyrir að fá og halda markaðsleyfi bandalagsins og fyrir aðra þjónustu sem Lyfjamálastofnunin veitir.

Taka ber fjárhæð og samsetningu gjaldanna, sem voru fastsett með reglugerð (EB) nr. 297/95, til endurskoðunar fyrir 31. desember 1997.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur frá 1995 þykir rétt að viðhalda almennum meginreglum og heildarsamsetningu gjaldanna svo og meginákvæðum um beitingu og málsmeðferð sem voru sett með framangreindri reglugerð.

Að því er varðar tiltekin gjöld ber hins vegar að tilgreina þá þjónustu sem þau tengjast til þess að auðvelda innheimtu þeirra og auka gagnsæi þessarar reglugerðar og bæta framkvæmd hennar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 35, 15. 2. 1995, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 328, 26. 10. 1998.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 214, 24.8. 1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 649/98 (Stjtið. EB L 88, 24. 3. 1998, bls. 7).

Einnig ber að koma á nýjum gjöldum til þess að ná til allrar þjónustu sem stofnunin veitir nú.

Koma ber á árgjaldi sem nægir til að greiða þann kostnað sem tengist eftirliti með leyfðum lyfjum. Tiltekinn hluti þessa gjalds skal renna til lögbærra, innlendra yfirvalda, sem falið er eftirlit með markaðnum af hálfu bandalagsins, samkvæmt skilmálum reglugerðar (EBE) nr. 2309/93. Enn fremur þarf framkvæmdastjórn Lyfjamálastofnunarinnar að setja reglur um skiptingu milli þessara yfirvalda í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

Í tilteknum undantekningartilvikum og vegna brýnna ástæðna, sem varða heilbrigði manna eða dýra, skal vera unnt að lækka framangreind gjöld. Með fyrirvara um sértækari ákvæði í lögum bandalagsins skal sérhver ákvörðun framkvæmdastjórnar um að lækka gjöld byggjast á gaumgæfilegri rannsókn á aðstæðum í hverju tilvikum og að höfðu samráði við þar til bæra vísindanefnd.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 297/95 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 1. gr.:

„1. gr.

Gildissvið

Gjöld fyrir að fá og halda leyfi bandalagsins til að markaðssetja lyf, sem eru ætluð mönnum og dýrum, og fyrir aðra þjónustu, sem Lyfjamálastofnunin veitir, skulu innheimt í samræmi við þessa reglugerð.

Fjárhæð þessara gjalda skal ákveðin í eikum.“

2. Eftirfarandi komi í stað 3. til 10. gr.:

„3. gr.

Lyf sem eru ætluð mönnum og falla undir málsmeðferð sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 2309/93

1. *Leyfi til að markaðssetja lyf*

a) Fullt gjald

Gjald fyrir leyfi til að markaðssetja lyf, sem tæmandi málskjöl fylgja, er 200 000 ekur. Þetta gjald tekur til eins styrkleika eins lyfjaforms.

Gjaldið hækkar um 20 000 ekur fyrir hvern styrkleika og/eða lyfjaform sem bætist við og sem sótt er um á sama tíma og upphaflega leyfisumsóknin er lögð fram. Þessi hækkun tekur til eins styrkleika og/eða lyfjaforms sem bætist við.

Gjaldið hækkar um 5 000 ekur fyrir hverja pakkningastærð sem bætist við og er af sama styrkleika og lyfjaformi og sem sótt er um á sama tíma og upphaflega leyfisumsóknin er lögð fram.

b) Lækkað gjald

Lækkað gjald, sem nemur 100 000 ekum, gildir fyrir umsóknir um leyfi til að markaðssetja lyf, í þeim tilvikum þegar tæmandi málskjöl þurfa ekki að fylgja umsókninni, eins og kveðið er á um í i- og iii-lið a-liðar 8. liðar í þriðju málsgrein 4. gr. tilskipunar 65/65/EBE eða þegar skirskotað er til ii-liðar í a-lið 8. liðar í þriðju málsgrein 4. gr. sömu tilskipunar. Þetta gjald tekur til eins styrkleika eins lyfjaforms.

Gjaldið hækkar um 20 000 ekur fyrir hvern styrkleika og/eða lyfjaform sem bætist við og sem sótt er um á sama tíma og upphaflega leyfisumsóknin er lögð fram. Þessi hækkun tekur til eins styrkleika og/eða lyfjaforms sem bætist við.

Gjaldið hækkar um 5 000 ekur fyrir hverja pakkningastærð sem bætist við og er af sama styrkleika og lyfjaformi og sem sótt er um á sama tíma og upphaflega leyfisumsóknin er lögð fram.

c) Gjald vegna rýmkunar markaðsleyfis

Þetta er gjald fyrir hverja rýmkun á þegar veittu markaðsleyfi:

— ef rýmkunin er vegna nýs styrkleika, nýs lyfjaforms, nýrrar ábendingar eða nýrrar aðferðar við lyfjagjöf skal gjaldið nema 50 000 ekum,

— ef rýmkunin er vegna nýrrar pakkningastærðar með þegar leyfðum styrkleika, lyfjaformi eða aðferð við lyfjagjöf skal gjaldið nema 10 000 ekum.

2. *Breyting*

a) Gjald fyrir breytingu af gerð I

Gjaldið fyrir minni háttar breytingu á markaðsleyfi samkvæmt flokkuninni, sem er ákveðin í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar þar að lútandi, skal vera 5 000 ekur.

Ef um sams konar breytingu er að ræða tekur þetta gjald til alls leyfðs styrkleika og allra leyfðra lyfjaforma og pakkningastærða.

b) Gjald fyrir breytingu af gerð II

Gjaldið fyrir meiri háttar breytingu á markaðsleyfi samkvæmt flokkuninni, sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar þar að lútandi, skal vera 60 000 ekur. Heimilt er að helminga það ef um er að ræða tilteknar breytingar af gerð II sem krefjast ekki nákvæms, vísindalegs mats; skrá yfir þær verður gerð í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr.

Ef um sams konar breytingu er að ræða tekur þetta gjald til alls leyfðs styrkleika og allra leyfðra lyfjaforma og pakkningastærða.

3. *Endurnýjunargjald*

Gjaldið fyrir rannsókn á þeim upplýsingum, sem liggja fyrir þegar kemur að endurnýjun til fimm ára á leyfi til að markaðssetja lyf, skal vera 10 000 ekur. Þetta gjald er tekið fyrir hvern styrkleika tiltekins lyfjaforms.

4. *Skoðunargjald*

Fastagjald, sem nemur 15 000 ekum, er tekið fyrir allar skoðanir innan eða utan bandalagsins. Fyrir skoðanir utan bandalagsins verður gerður sérstakur reikningur fyrir ferðakostnaði sem miðast við raunverulegan kostnað.

5. *Framsalsgjald*

Gjald, sem greiða skal þegar skipt er um handhafa markaðsleyfis sem framsalið varðar, er 5 000 ekur. Það tekur til allra leyfðra pakkningastærða tiltekins lyfs.

6. *Árgjald*

Árgjaldið fyrir hvert lyf, sem hefur fengið markaðsleyfi, skal vera 60 000 ekur. Það tekur til allra leyfðra pakkningastærða tiltekins lyfs.

4. *gr.*

Lyf sem eru ætluð mönnum og falla undir málsmeðferð sem mælt er fyrir um í tilskipun 75/319/EBE (*)

Gerðardómsgjald

Greiða skal gjald, sem nemur 10 000 ekum, þegar málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 10. gr., 11., 12. og 15. gr. tilskipunar 75/319/EBE kemur til framkvæmda.

Gjaldið hækkar um 40 000 ekur þegar málsmeðferð samkvæmt 11. og 12. gr. tilskipunar 75/319/EBE kemur til framkvæmda að undirlagi umsækjandans um markaðsleyfi eða markaðsleyfishafans.

5. *gr.*

Dýralyf sem falla undir málsmeðferð sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 2309/93

1. *Leyfi til að markaðssetja lyf*

a) Fullt gjald

Gjald fyrir leyfi til að markaðssetja lyf, sem tæmandi málsskjöl fylgja, skal vera 100 000 ekur. Það tekur til eins styrkleika eins lyfjaforms.

Gjaldið hækkar um 10 000 ekur fyrir hvern styrkleika og/eða lyfjaform sem bætist við og sem sótt er um á sama tíma og upphaflega leyfisumsóknin er lögð fram. Þessi hækkun tekur til eins styrkleika og/eða lyfjaforms sem bætist við.

Gjaldið hækkar um 5 000 ekur fyrir hverja pakkningastærð sem bætist við og er af sama styrkleika og lyfjaformi og sem sótt er um á sama tíma og upphaflega leyfisumsóknin er lögð fram.

Þegar um bóluefni er að ræða lækkar fullt gjald í 50 000 ekur en hækkar um 5 000 ekur fyrir hvern styrkleika og/eða lyfjaform og/eða pakkningastærð sem bætist við.

Að því er varðar ákvæði þessa a-liðar gilda þau án tillits til fjölda marktægunda dýra.

b) *Lækkað gjald*

Lækkað gjald, sem nemur 50 000 ekum, gildir fyrir umsóknir um leyfi til að markaðssetja lyf í þeim tilvikum þegar tæmandi málsskjöl þurfa ekki að fylgja umsókninni, eins og kveðið er á um í i- og iii-lið a-liðar 10. liðar í þriðju málsgrein 5. gr. tilskipunar 81/851/EBE eða þegar skírskotað er til ii-liðar í þriðju málsgrein 5. gr. sömu tilskipunar. Þetta gjald tekur til eins styrkleika eins lyfjaforms.

Gjaldið hækkar um 10 000 ekur fyrir hvern styrkleika og/eða lyfjaform sem bætist við og sem sótt er um á sama tíma og upphaflega leyfisumsóknin er lögð fram. Þessi hækkun tekur til eins styrkleika og/eða lyfjaforms sem bætist við.

Gjaldið hækkar um 5 000 ekur fyrir hverja pakkningastærð sem bætist við og er af sama styrkleika og lyfjaformi og sem sótt er um á sama tíma og upphaflega leyfisumsóknin er lögð fram.

Þegar um bóluefni er að ræða lækkar fullt gjald í 25 000 ekur en hækkar um 5 000 ekur fyrir hvern styrkleika og/eða lyfjaform og/eða pakkningastærð sem bætist við.

Að því er varðar ákvæði þessa a-liðar gilda þau án tillits til fjölda marktægunda dýra.

c) *Gjald vegna rýmkunar markaðsleyfis*

Þetta er gjald fyrir hverja rýmkun á þegar veittu markaðsleyfi:

— ef rýmkunin er vegna nýs styrkleika, nýs lyfjaforms, nýrrar dýrategundar, nýrrar ábendingar eða nýrrar aðferðar við lyfjagjöf skal gjaldið nema 25 000 ekum,

— ef rýmkunin er vegna nýrrar pakkningastærðar með þegar leyfðum styrkleika, lyfjaformi eða aðferð við lyfjagjöf skal gjaldið nema 5 000 ekum,

— ef um bóluæfni er að ræða og rýmkinin er vegna nýs styrkleika, nýs lyfjaforms, nýrrar pakkningastærðar eða nýrrar aðferðar við lyfjagjöf skal gjaldið nema 5 000 ekum.

2. Breyting

a) Gjald fyrir breytingu af gerð I

Gjaldið fyrir minni háttar breytingu á markaðsleyfi samkvæmt flokkuninni, sem er ákveðin í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar þar að lútandi, skal vera 5 000 ekur. Sama gjald skal tekið þegar um bóluæfni er að ræða.

Ef um sams konar breytingu er að ræða tekur þetta gjald til alls leyfðs styrkleika og allra leyfðra lyfjaforma og pakkningastærða.

b) Gjald fyrir breytingu af gerð II

Gjaldið fyrir meiri háttar breytingu á markaðsleyfi samkvæmt flokkuninni, sem er ákveðin í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar þar að lútandi, skal vera 30 000 ekur. Heimilt er að helminga það þegar um er að ræða tilteknar breytingar af gerð II sem krefjast ekki nákvæms, vísindalegs mats; skrá yfir þær verður gerð í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr.

Þegar um bóluæfni er að ræða skal gjaldið vera 5 000 ekur.

Ef um sams konar breytingu er að ræða tekur þetta gjald til alls leyfðs styrkleika og allra leyfðra lyfjaforma og pakkningastærða.

3. Endurnýjunargjald

Gjaldið fyrir rannsókn á þeim upplýsingum sem liggja fyrir þegar kemur að endurnýjun til fimm ára á leyfi til að markaðssetja lyf skal vera 5 000 ekur. Þetta gjald er tekið fyrir hvern styrkleika tiltekins lyfjaforms.

4. Skoðunargjald

Fastagjald, sem nemur 15 000 ekum, er tekið fyrir allar skoðanir innan eða utan bandalagsins. Fyrir skoðanir utan bandalagsins verður gerður sérstakur reikningur fyrir ferðakostnaði sem miðast við raunverulegan kostnað.

5. Framsalsgjald

Gjald, sem greiða skal þegar skipt er um markaðsleyfishafa sem framsalið varðar, er 5 000

ekur. Það tekur til allra leyfðra pakkningastærða tiltekins lyfs.

6. Árgjald

Árgjaldið fyrir hvert lyf sem hefur fengið markaðsleyfi skal vera 20 000 ekur. Það tekur til allra leyfðra pakkningastærða tiltekins lyfs.

6. gr.

Dýralyf sem falla undir málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í tilskipun 81/851/EBE

Gerðardómsgjald

Greiða skal gjald, sem nemur 10 000 ekum, þegar málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 18. gr., 19., 20. og 23. gr. tilskipunar 81/851/EBE kemur til framkvæmda.

Gjaldið hækkar um 20 000 ekur þegar málsmeðferð samkvæmt 19. og 20. gr. tilskipunar 81/851/EBE kemur til framkvæmda að undirlagi umsækjandans um markaðsleyfi eða markaðsleyfishafans.

7. gr.

Ákvörðun á leyfilegu hámarks magni leifa fyrir dýralyf

1. Gjald fyrir ákvörðun á leyfilegu hámarks magni leifa

Greiða skal fullt gjald, sem nemur 50 000 ekum, fyrir umsókn um fyrstu ákvörðun á leyfilegu hámarks magni leifa tiltekið efni.

Greiða skal viðbótargjald, sem nemur 15 000 ekum, fyrir hverja umsókn um breytingu eða rýmkin á ákvæðum um gildandi, leyfilegt hámarks magn leifa, eða til að láta ákvæðin ná til nýrra dýrategunda.

Gjöld vegna ákvörðunar á leyfilegu hámarks magni leifa skulu dregin frá því gjaldi sem greiða ber fyrir umsókn um markaðsleyfi eða fyrir umsókn um rýmkin á markaðsleyfi fyrir lyf sem inniheldur það efni sem leyfilegt hámarks magn leifa hefur verið ákvarðað fyrir svo fremi að sami umsækjandi hafi lagt fram umsóknirnar. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en sem nemur helmingi viðkomandi gjalds.

2. Gjald fyrir ákvörðun á leyfilegu hámarks magni leifa

Greiða skal gjald, sem nemur 15 000 ekum, fyrir hverja umsókn um ákvörðun á leyfilegu hámarks magni leifa vegna klínískra rannsókna.

Gjaldið skal dregið frá fullu gjaldi fyrir ákvörðun á leyfilegu hámarki leifa sem mælt er fyrir um í 1. lið.

8. gr.

Önnur gjöld

1. Gjald fyrir vísindalega ráðgjöf

Þetta gjald er tekið fyrir umsókn um vísindalega eða tæknilega ráðgjöf, sem varðar rannsóknir og þróun lyfs, enda verði hugsanlega lögð fram umsókn um markaðsleyfi eða umsókn um rýmkun á slíku leyfi. Gjaldið er:

- að hámarki 60 000 eður fyrir ráðgjöf vegna lyfja sem eru ætluð mönnum,
- að hámarki 30 000 eður fyrir ráðgjöf vegna dýralyfja.

Nákvæm tilhögun við beitingu þessa liðar skal vera í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr.

2. Gjald fyrir kostnað vegna stjórnunar

Greiða ber gjald fyrir kostnað vegna stjórnunar þegar út eru gefin skjöl eða vottorð sem falla ekki undir aðra tegund gjaldskyldrar þjónustu sem kveðið er á um í þessari reglugerð eða þegar stjórnáskilningur á skjölunum leiðir til þess að þeirri umsókn, sem skjölin tengjast, var hafnað. Hver eining slíkra gjalda getur að hámarki orðið 5 000 eður. Í samræmi við 2. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórn stofnunarinnar ákvarða og flokka gjöldin.

9. gr.

Hugsanleg lækkun gjalda

Með fyrirvara um sértækari ákvæði í lögum bandalagsins er framkvæmdastjórnunum heimilt, í undantekningartilvikum og vegna brýnna ástæðna sem varða heilbrigði manna eða dýra, að lækka framangreind gjöld eftir að hann hefur lagt mat á viðkomandi tilvik og haft samráð við þar til bæra vísindanefnd. Skylt er að færa rök fyrir sérhverri ákvörðun sem er tekin samkvæmt þessari grein.

Heimilt er að veita fulla eða takmarkaða undanþágu einkum fyrir lyf sem eru notuð við meðhöndlun á sjaldgæfum sjúkdómum eða sem hrjá lítt útbreiddar dýrategundir.

10. gr.

Gjald dag og tafir á greiðslu

1. Gjöld ber að greiða þann dag sem tekið er móti viðkomandi umsókn nema sérstök ákvæði mæli fyrir um annað.

Gerðardómsgjaldið ber að greiða innan 30 daga frá því að máli er vísað til Lyfjamálastofnunarinnar. Árgjaldið ber að greiða innan 30 daga að liðnu ári frá þeim degi sem tilkynning um ákvörðun markaðsleyfis var fyrst gefin út og síðan innan sama frests frá tilkynningardegnum á hverju ári eftir það.

Skoðunargjaldið ber að greiða innan 30 daga frá skoðunardegi.

2. Ef eitthvert gjald, sem greiða ber samkvæmt þessari reglugerð, er ógreitt á gjalddaga getur framkvæmdastjóri Lyfjamálastofnunarinnar annaðhvort ákveðið að veita ekki umbeðna þjónustu eða að stöðva um tíma alla þjónustu og málsmeðferð þar til allt viðkomandi gjald hefur verið greitt, og án þess að það hafi áhrif á rétt stofnunarinnar til þess að hefja málsókn í samræmi við 59. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2309/93.

3. Gjöld skal greiða í ekum eða í gjaldmiðli eins aðildarríkisins samkvæmt gildandi gengi sem framkvæmdastjórnin ákveður daglega. Þó er heimilt að ákveða mánaðarlegt umreikningsgengi á grundvelli fyrri gengisskráningar samkvæmt reiknireglu framkvæmdastjórnar stofnunarinnar.

11. gr.

Framkvæmdareglur

1. Að tillögu framkvæmdastjórnar og að fengnu jákvæðu álit framkvæmdastjórnarinnar skal framkvæmdastjórn stofnunarinnar ákveða reglur um endurgreiðslu hluta þeirra fjármuna sem fást með árgjöldum til lögbærra, innlendra yfirvalda sem eiga aðild að eftirliti á markaði bandalagsins.
2. Með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar eða reglugerðar (EBE) nr. 2309/93 er framkvæmdastjórn stofnunarinnar heimilt, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnar, að taka upp önnur ákvæði sem kunna að reynast nauðsynleg við beitingu þessarar reglugerðar.
3. Ef ágreiningur rís um flokkun umsóknar í einn af þeim gjaldflokkum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal framkvæmdastjórnin kveða upp úrskurð að höfðu samráði við þar til bæra vísindanefnd.

12. gr.

Breyting

Ráðið skal samþykkja breytingar á þessari reglugerð með auknum meirihluta að höfðu samráði við Evrópuþingið og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

Þó skulu breytingar á fjárhæð gjaldanna, sem ákveðnar eru í þessari reglugerð, samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 73. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2309/93.

Innan þriggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar leggur framkvæmdastjórnin fram skýrslu um framkvæmd hennar að höfðu samráði við framkvæmdastjórn Lyfjamálastofnunarinnar.

Endurskoðun gjaldanna skal í framtíðinni grundvallast á ítarlegu mati á kostnaði stofnunarinnar, meðal annars á útgjöldum í tengslum við skýrslugjafa aðildarríkjanna.

(^c) Stjtið. EB L 147, 9.6.1975, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/39/EBE (Stjtið. EB L 214, 24. 8. 1993, bls. 22).“

3. Núverandi 11. gr. verði 13. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

W. MOLTERER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1146/98

frá 2. júní 1998

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 541/95 um umfjöllun um breytingar á skilmálum
markaðsleyfis sem lögbært yfirvald aðildarríkis hefur veitt

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 75/319/EBE frá 20. maí 1975, um samræmingu ákvæða í lögum eða stjórnýslufyrirmælum um lyf ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/39/EBE ⁽²⁾, einkum 15. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 81/851/EBE frá 28. september 1981, um samræmingu laga aðildarríkjanna um dýralyf ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 93/40/EBE ⁽⁴⁾, einkum 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Að fenginni reynslu við beitingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 541/95 ⁽⁵⁾ skal gera viðeigandi breytingar á ákvæðum þessarar reglugerðar.

Rétt er að kveða á um málsmeðferð sem fylgja þer þegar innlent, lögbært yfirvald leggur á aðkallandi takmarkanir í öryggisskyni.

Auk þess er rétt að einfalda málsmeðferðina þegar minni háttar breytingar eru tilkynntar og taka upp nokkrar breytingar á viðaukunum við þessa reglugerð.

Ákvæði þessarar reglugerðar eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um lyf sem ætluð eru mönnum og fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 541/95 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 3. mgr. bætist við 1. gr.:

„3. Ef lögbært, innlent yfirvald setur markaðsleyfishafa aðkallandi takmarkanir til bráðabirgða í öryggisskyni er

markaðsleyfishafanum skylt að leggja fram umsókn um breytingu þar sem tillit er tekið til þeirra takmarkana sem innlend yfirvöld settu í öryggisskyni. Umsóknina skal senda án tafar til viðkomandi innlendra, lögbærra yfirvalda samkvæmt ákvæðum 6. og 7. gr. þessarar reglugerðar. Þessi málsgrein hefur ekki áhrif á ákvæði 15. gr. a í tilskipun 75/319/EBE og 23. gr. a í tilskipun 81/851/EBE.“

2. Eftirfarandi texti komi í stað 2. mgr. 4. gr.:

„2. Tilvísunaraðildarríkið (s: viðmiðunaraðildarríkið) skal þegar í stað tilkynna öllum öðrum aðildarríkjum, sem málið varðar, að umsókn hafi borist og hvaða dag málsmeðferðin hefst. Tilvísunaraðildarríkið skal enn fremur tilkynna markaðsleyfishafanum eða -höfunum hvaða dag málsmeðferðin hefst.“

3. Eftir 7. gr. bætist við 7. gr. a og 7. gr. b:

„7. gr. a

Sakir sérstakra aðstæðna við framleiðslu inflúensubóluefnis fyrir menn gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Innan 30 daga frá því að málsmeðferðin hefst skulu innlend, lögbær yfirvöld í tilvísunaraðildarríkinu undirbúa matsskýrslu um lyfjaskjölin og semja drög að ákvörðun sem senda skal öðrum innlendum, lögbærum yfirvöldum sem málið varðar.

2. Innan þessara tímamarka er lögbæra yfirvaldinu í tilvísunaraðildarríkinu heimilt að senda handhafa markaðsleyfisins eina beiðni um upplýsingar til viðbótar þeim upplýsingum sem hafa þegar verið veittar samkvæmt 6. gr. Það skal tilkynnt viðkomandi, lögbærum yfirvöldum í hinum aðildarríkjunum.

3. Innan 12 daga frá móttöku draganna að ákvörðuninni og matsskýrslunnar skulu önnur viðkomandi, innlend, lögbær yfirvöld staðfesta drögin að ákvörðuninni og tilkynna það innlendu, lögbæru yfirvaldi í tilvísunaraðildarríkinu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 147, 9. 6. 1975, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 214, 24. 8. 1993, bls. 22.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 317, 6. 11. 1981, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 214, 24. 8. 1993, bls. 31.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 55, 11. 3. 1995, bls. 7.

4. Klínísku gögnin og, þar sem við á, þau gögn sem varða stöðugleika lyfsins skal umsækjandinn senda lögbærum yfirvöldum í tilvísunaraðildarríkinu og öðrum viðkomandi aðildarríkjum eigi síðar en tólf dögum eftir lok frestsins sem mælt er fyrir um í 3. gr.

Tilvísunaraðildarríkið skal leggja mat á þessi gögn og semja drög að lokaákvörðun innan sjö daga frá móttöku þeirra gagna sem nefnd eru í fyrsta lið. Lögbær yfirvöld í hinum aðildarríkjunum skulu, hvert um sig, staðfesta þessi drög að ákvörðun og samþykkja innan sjö daga ákvörðun í samræmi við drögin.

5. Ef spurning vaknar hjá lögbæru yfirvaldi, við málsmeðferðina sem gerð er ráð fyrir samkvæmt þessari grein, um almannaheilbrigði, sem yfirvaldið telur að hindri gagnkvæma viðurkenningu á ákvörðuninni sem taka skal, skal vísa án tafar til ákvæðanna í síðasta lið 15. gr. í tilskipun 75/319/EBE.

7. gr. b

Ef um útbreidda farsótt er að ræða og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur staðfest það á tilhlýðilegan hátt geta innlend, lögbær yfirvöld, þrátt fyrir 7. gr. a, í sérstökum undanþágutilvikum og tímabundið, samþykkt breytinguna eftir að fullkomin umsókn hefur verið lögð fram og fyrir lok málsmeðferðarinnar sem mælt er fyrir um í 7. gr. a.“

4. Í I. viðauka:

— Eftirfarandi texti komi í stað textans í A-lið:

„A. Með undanþágu gildir málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í 6. og 7. gr. þessarar reglugerðar:

— um minni háttar breytingarnar nr. 11, 12, 13, 15 og 16, sem um getur hér á eftir, og um minni háttar breytingarnar nr. 24 og 25 ef prófunaraðferðin, sem er notuð, er ekki eðlisefnafræðilegs eðlis og fyrir lyf sem falla undir gildissvið tilskipana ráðsins 89/342/EBE ⁽¹⁾, 89/381/EBE ⁽²⁾ eða 90/677/EBE ⁽³⁾ eða fyrir lyf sem teljast heyrja undir skrá A í tilskipun 87/22/EBE,

— um allar minni háttar breytingar ef sérstök skoðun þarf að fara fram á framleiðslustað.“

— Eftirfarandi texti komi í stað textans í breytingu nr. 1:

„1. Breyting sem leiðir af breytingu(m) á framleiðsluleyfi eða -leyfum

Almennt skilyrði: Leggja verður breytta framleiðsluleyfið fyrir lögbæra yfirvaldið.

— Breyting á nafni framleiðanda lyfsins

Skilyrði: Framleiðslustaðurinn skal áfram vera hinn sami.

— Breyting á framleiðslustað eða -stöðum að því er varðar allt framleiðsluferli lyfsins eða hluta þess

Skilyrði: Engin breyting, hvorki á framleiðsluferlinu né á gæðalýsingunum, prófunaraðferðir meðtaldar.

— afturköllun á framleiðsluleyfi fyrir tiltekinn framleiðslustað.“

— Eftirfarandi texti komi í stað textans í breytingu nr. 5:

„5. Breyting á litun lyfsins (viðbót, niðurfelling eða skipti á litgjafa eða -gjöfum)

Skilyrði: Starfrænir eiginleikar mega ekki breytast, leysnihraði fastra lyfjaforma skal vera óbreyttur. Sérhver minni háttar stilling á efnasamsetningu í því skyni að halda heildarþyngd óbreyttri skal gerð á burðarefni sem er í meginhluta í efnasamsetningunni.“

— Eftirfarandi texti komi í stað textans í breytingu nr. 6:

„6. Breyting á bragðefnum lyfsins (viðbót, niðurfelling eða skipti á bragðefni eða -efnum)

Skilyrði: Fyrirhugað bragðefni skal vera í samræmi við tilskipun ráðsins 88/388/EBE. Sérhver minni háttar stilling á efnasamsetningu í því skyni að halda heildarþyngd óbreyttri skal gerð á burðarefni sem er í meginhluta í efnasamsetningunni.“

— Eftirfarandi texti bætist við á eftir breytingu nr. 10:

„10a. Viðbót eða skipti á mælíbúnaði fyrir fljóttandi lyfjaform til inntöku eða fyrir önnur lyfjaform

Skilyrði: Stærð og, þar sem við á, nákvæmni fyrirhugaðs mælíbúnaðar verður að samrýmast viðurkenndri skammtastærð.“

— Eftirfarandi texti bætist við á eftir breytingu nr. 11:

„11a. Breyting á nafni framleiðanda virka efnisins

Skilyrði: Framleiðandi virka efnisins skal áfram vera hinn sami.

11b. *Breyting sem varðar birgi milliefnis sem er notað í framleiðslu virka efnisins*

Skilyrði: Gæðalýsingar, framleiðsluferli og aðferðir við gæðaeftirlit eru þær sömu og hafa áður verið samþykktar.“

— Eftirfarandi texti bætist við á eftir breytingu nr. 12:

„Önnur skilyrði: „... eða lagt er fram hæfisvottorð evrópsku lyfjaskrárinnar.“

12a. *Breyting á gæðalýsingu grunn- eða milliefnis sem er notað í framleiðslu virka efnisins*

Skilyrði: Gera verður strangari kröfur til gæðalýsingar eða bæta við nýjum prófunum og setja ný viðmiðunarmörk.“

— Eftirfarandi texti bætist við á eftir breytingu nr. 15:

„15a. *Breyting á eftirliti sem fer fram við framleiðslu lyfsins*

Skilyrði: Gera verður strangari kröfur til gæðalýsingar eða bæta við nýjum prófunum og setja ný viðmiðunarmörk.“

— Eftirfarandi texti bætist við á eftir breytingu nr. 20:

„20a. *Lenging geymsluþols eða lenging endurprófunartíma virka efnisins*

Skilyrði: Rannsóknir á stöðugleika skulu hafa verið gerðar samkvæmt aðferðarlýsingu sem var samþykkt þegar markaðsleyfið var gefið út. Niðurstöður rannsókna skulu sýna að kröfum um geymsluþol er enn fullnægt.“

— Eftirfarandi texti bætist við á eftir breytingu nr. 24:

„24a. *Breyting á prófunaraðferð fyrir grunn- eða milliefni sem er notað í framleiðslu virka efnisins*

Skilyrði: Niðurstöður úr fullgildingunaraðferðar skulu sýna að nýja prófunaraðferðin er að minnsta kosti jafngóð og sú fyrri. Ekki má slaka á gæðakröfum í gæðalýsingu.“

— Neðanmálgrein við breytingu nr. 26 breytist sem hér segir:

„Ef markaðsleyfishafi vísar í gildandi útgáfu lyfjaskrár er ekki krafist umsóknar um breytingu, svo

fremi að breytingin sé gerð innan sex mánaða frá samþykkt endurskoðaðrar gæðalýsingar viðkomandi efnis.“

— Í stað fyrirsagnar breytingar nr. 30 komi eftirfarandi texti:

„30. *Breyting á pakkingastærð lyfs*“

Viðbótarskilyrði er bætt við: „efni í umbúðum er áfram það sama.“

— Nýju skilyrði er bætt við breytingu nr. 31:

„Breytingin snertir ekki grundvallarþátt í efni umbúðanna sem hefur áhrif á afhendingu eða notkun lyfsins.“

— Í stað fyrirsagnar breytingar nr. 32 komi eftirfarandi:

„32. *Breyting á greytingu, upphleypingu eða öðrum merkingum (nema deilistrikum) á töflum eða prentun á hylki, þar með talin viðbót eða breyting á merkibleki.*“

— Breytingu nr. 34 er bætt við á eftir breytingu nr. 33:

„34. *Breyting á framleiðsluferlinu, sem snertir efnisþátt sem er ekki prótín, sem rekja má til þess að síðar er skotið inn líftæknilegu vinnsluþrepi*

Almennar athugasemdir:

Þessi sérstaka breyting er með fyrirvara um aðrar breytingar í þessum viðauka sem geta gilt í þessu sérstaka samhengi.

Fara verður að löggjöf bandalagsins sem gildir um sérstaka vöruflokka ().

Lyfin, sem innihalda efnisþátt úr prótíni sem fenginn er með líftæknilegu vinnsluferli, falla undir gildissvið A-hluta reglugerðar (EBE) nr. 2309/93 ().

— *Breyting á framleiðsluferlinu að því er varðar efnisþætti sem samræmast gæðalýsingu í evrópsku lyfjaskránni og eru staðfestir með hæfisvottorði evrópsku lyfjaskrárinnar*

Skilyrði: Gæðalýsingar og eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar efnisþáttarinnar og öll einkenni hans skulu vera óbreytt.

— *Breyting á framleiðsluferlinu að því er varðar efnisþætti sem kalla á nýja prófunaraðferð vegna óhreininda*

Skilyrði: Gæðalýsingar og eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar efnisþáttarins og öll einkenni hans skulu vera óbreytt. Í framleiðsluferlinu geta myndast óhreinindi sem er ekki lýst í gæðalýsingu lyfjaskrárinnar og þessi óhreinindi ber að gefa upp og lýsa viðeigandi aðferð til þess að prófa þau. Tilgreina ber þessa viðbótarprófun í hæfisvottorði evrópsku lyfjaskrárinnar.

- (¹) Ekki þarf að tilkynna það sem breytingu á skilmálum markaðsleyfisins þegar um er að ræða matvæli og innihaldsefni matvæla, sem samræmast reglugerð Evrópubingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjtið. EB L 43 14.2.1997, bls. 1), líti til nota í matvælum, sem falla undir tilskipun Evrópubingsins og ráðsins 94/36 EBE (Stjtið. L 237, 10.9.1994, bls. 13), aukefni, sem falla undir tilskipun ráðsins 88/388/EBE (Stjtið. EB L 184, 15.7.1988, bls. 61), útdráttarleysa, samkvæmt tilskipun ráðsins 88/344/EBE (Stjtið. 157, 24.6.1988, bls. 28), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/115/EBE (Stjtið. EB L 409, 31.12.1992, bls. 31) og matvæli og innihaldsefni matvæla sem eru fengin með líftæknilegu vinnsluprepi sem er skotið inn í framleiðsluferlið.“
- (²) Stjtið. EB L 214, 24. 8. 1993, bls. 1.“

5. Í II. viðauka:

- Á eftir fyrisögninni komi eftirfarandi í stað fyrstu málsgreinar og eftirfarandi undirgreinar:

„Líta ber svo á að tiltekna breytingar á markaðsleyfi breyti í grundvallaratriðum skilmálum þessa leyfis og þær geti því ekki talist breyting í skilningi 15. gr. tilskipunar 75/319/EBE eða í skilningi 23. gr. tilskipunar 81/851/EBE og því er ekki unnt að

heimila þær með breytingamálsmeðferðinni sem kveðið er á um í 4. til 7. gr. þessarar reglugerðar. Skoða verður hverja nýja umsókn, að því er varðar þessar breytingar sem eru taldar upp hér á eftir, eftir fullkomnu, vísindalegu matsferli (eins og gert er við veitingu markaðsleyfis). Innlend, lögbær yfirvöld veita, eftir því sem tilefni er til, leyfi eða heimild til að breyta gildandi markaðsleyfi.

Þessi viðauki hefur hvorki áhrif á ákvæði 4. gr. tilskipunar 65/65/EBE né 5. gr. tilskipunar 81/851/EBE.“

- Í stað texta i-liðar í breytingu nr. 1 komi eftirfarandi texti:

„i) einu eða fleiri virkum efnum er bætt við, þar með taldir mótfnavaðar fyrir bólu efni, með fyrirvara um 7. gr. a og 7. gr. b sem varða influensu manna“,

- Í stað texta ii-liðar í breytingu nr. 4 komi eftirfarandi texti:

„ii) stytting á útskilnaðartíma dýralýfs ef breytingin tengist ekki setningu eða breytingu ákvæða um leyfilegt hámarks magn leifa í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 (¹).

(*) Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júní 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1069/98

frá 26. maí 1998

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 542/95 frá 10. mars 1995 um umfjöllun um breytingar á skilmálum markaðsleyfis sem fellur undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2309/93

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2309/93 frá 22. júlí um málsmeðferð bandalagsins við veitingu leyfa fyrir lyfjum sem ætluð eru mönnum og dýrum og eftirlit með þeim og um stofnun Lyfjamálastofnunar Evrópu ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 649/98 ⁽²⁾, einkum 4. mgr. 15. gr. og 4. mgr. 37. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Að fenginni reynslu við beitingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 542/95 frá 10. mars 1995 um umfjöllun um breytingar á skilmálum markaðsleyfis sem fellur undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 2309/93 ⁽³⁾ ber að samþykka viðeigandi aðlögun á skilmálunum í þessari reglugerð.

Rétt er að kveða á um málsmeðferð sem fylgja ber þegar framkvæmdastjórnin leggur á aðkallandi takmarkanir í öryggisskyni.

Ennfremur er nauðsynlegt að taka upp í þessa reglugerð nokkrar breytingar sem gerðar hafa verið á viðaukunum.

Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um lyf sem ætluð eru mönnum og fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 542/95 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi 3. mgr. bætist við 1. gr.:

„3. Ef framkvæmdastjórnin setur aðkallandi takmarkanir af öryggisástæðum, sem snúa að handhafa

markaðsleyfis, er handhafa markaðsleyfisins skylt að senda inn umsókn um breytingu þar sem þær takmarkanir, sem framkvæmdastjórnin setti í öryggisskyni, eru teknar til greina. Þessa umsókn skal leggja inn án tafar til Lyfjamálastofnunarinnar samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 6. og 7. gr. þessarar reglugerðar. Þessi málsgrein hefur ekki áhrif á 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2309/93.“

2. Í stað 1. og 2. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þegar þar til bær nefnd skilar álitinu skal Lyfjamálastofnunin tilkynna handhafa markaðsleyfisins og framkvæmdastjórninni það þegar í stað og senda framkvæmdastjórninni breytingarnar, sem gera skal á skilmálum markaðsleyfisins, ásamt skjölunum sem eru tilgreind í 3. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 31. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2309/93.

2. Ákvæði 1. og 2. mgr. 9. gr. eða 1. og 2. mgr. 31. gr. í reglugerð (EBE) nr. 2309/93 skulu gilda um álitnið sem þar til bæra nefndin samþykkti.“

3. Í stað A-liðar í I. viðauka komi eftirfarandi:

„A. Með undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar gildir málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í 6., 7. og 8. gr. reglugerðarinnar:

— um minni háttar breytingar nr. 11, 12, 13, 15 og 16, sem um getur hér á eftir, og um minni háttar breytingar nr. 24 og 25 ef prófunaradferðin, sem er notuð, er ekki eðlilefnafræðileg og ætluð fyrir lyf sem falla undir gildissvið tilskipunar ráðsins 89/342/EBE (*) eða 89/381/EBE (**) eða 90/667/EBE (***) eða fyrir lyf samkvæmt A-hluta viðaukans við reglugerð (EBE) nr. 2309/93,

— um sérhverja minni háttar breytingu ef fram þarf að fara sérstök skoðun á framleiðslustað.

(¹) Stjtið. EB L 142, 25.5.1989, bls. 14.

(²) Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 44.

(³) Stjtið. EB L 373, 31.12.1990, bls. 26.“

(¹) Stjtið. EB L 214, 24. 8. 1993, bls. 1.

(²) Stjtið. EB L 88, 24. 3. 1998, bls. 7.

(³) Stjtið. EB L 55, 11. 3. 1995, bls. 15.

4. Í stað breytingar nr. 1 í I. viðauka komi eftirfarandi:

„1. — *Breyting sem leiðir af breytingu(m) á framleiðsluleyfi eða -leyfum*

Almennt skilyrði: Eftir breytingu verður að leggja framleiðsluleyfið fyrir lögbært yfirvald.

— *Breyting á nafni framleiðanda lyfs*

Skilyrði: Framleiðslustaður skal áfram vera hinn sami.

— *Breyting á framleiðslustað eða -stöðum að því er varðar framleiðsluferli lyfs, að hluta eða í heild*

Skilyrði: Engin breyting, hvorki á framleiðsluferli né á gæðalýsingum, að meðtöldum prófunaraðferðum.

— *Afturköllun framleiðsluleyfis fyrir tiltekinn framleiðslustað.*“

5. Í stað breytingar nr. 5 í I. viðauka komi eftirfarandi:

„5. *Breyting á litun lyfsins (viðbót, niðurfelling eða skipti á litgjafa eða -gjöfum)*

Skilyrði: Starfræni eiginleikar mega ekki breytast, leysnihraði fastra lyfjaforma skal vera óbreyttur. Sérhver minni háttar stilling á efnasamsetningu í því skyni að halda heildarþyngd óbreyttri skal gerð á burðarefni sem er í meginhluta í efnasamsetningunni.“

6. Í stað breytingar nr. 6 í I. viðauka komi eftirfarandi:

„6. *Breyting á bragðefnum lyfsins (viðbót, niðurfelling eða skipti á bragðefni eða -efnum)*

Skilyrði: Fyrirhugað bragðefni skal vera í samræmi við tilskipun ráðsins 88/388/EBE (*). Sérhver minni háttar stilling á efnasamsetningu í því skyni að halda heildarþyngd óbreyttri skal gerð á burðarefni sem er í meginhluta í efnasamsetningunni.“

(*) Stjttó. EB L 184, 15.7.1988, bls. 61.“

7. Í I. viðauka bætist við eftirfarandi breyting á eftir breytingu nr. 10:

„10a. *Viðbót eða skipti á mælibúnaði fyrir fljótandi lyfjaform til inntöku eða fyrir önnur lyfjaform*

Skilyrði: Stærð og þar sem við á, nákvæmni fyrirhugaðs mælibúnaðar verður að samrýmast viðurkenndri skammtastærð.“

8. Eftirfarandi breytingar bætast við í I. viðauka á eftir breytingu nr. 11:

„11a. *Breyting á nafni framleiðanda virka efnisins*

Skilyrði: Framleiðandi virka efnisins skal áfram vera sá sami.

11b. *Breyting sem varðar birgi milliefnis sem er notað í framleiðslu virka efnisins*

Skilyrði: Gæðalýsingar, framleiðsluferli og aðferðir við eftirlit eru þær sömu og hafa áður verið samþykktar.“

9. Eftirfarandi texti bætist við í I. viðauka á eftir breytingu nr. 12:

„Önnur skilyrði: „... eða lagt er fram hæfisvottorð evrópsku lyfjaskrárinnar.“

12a. *Breyting á gæðalýsingu grunn- eða milliefnis sem er notað í framleiðslu virka efnisins*

Skilyrði: Gera verður strangari kröfur til gæðalýsingar eða bæta við nýjum prófunum og setja ný viðmiðunarmörk.“

10. Eftirfarandi breyting bætist við í I. viðauka á eftir breytingu nr. 15:

„15a. *Breyting á eftirliti sem fer fram við framleiðslu vörunnar*

Skilyrði: Gera verður strangari kröfur til gæðalýsingar eða bæta við nýjum prófunum og setja ný viðmiðunarmörk.“

11. Eftirfarandi breyting bætist við í I. viðauka á eftir breytingu nr. 20:

„20a. *Lenging geymsluþols eða endurprófunartíma virka efnisins*

Skilyrði: Rannsóknir á stöðugleika skulu hafa verið gerðar samkvæmt aðferðarlýsingu sem var samþykkt þegar markaðsleyfið var gefið út. Niðurstöður rannsókna skulu sýna að kröfum um geymsluþol er enn fullnægt.“

12. Eftirfarandi breyting bætist við í I. viðauka á eftir breytingu nr. 24:

„24a. *Breyting á prófunaraðferð fyrir grunn- eða milliefni sem er notað í framleiðslu virka efnisins*

Skilyrði: Niðurstöður úr fullgildingu prófunaraðferðar skulu sýna að nýja prófunaraðferðin er að minnsta kosti jafngóð og sú fyrri. Ekki má slaka á gæðakröfum í gæðalýsingu.“

13. Neðanmálgrein við breytingu nr. 26 í I. viðauka er breytt sem hér segir:

„Ef vísað er í markaðsleyfi í gildandi útgáfu lyfjaskrár er ekki krafist umsóknar um breytingu, svo fremi að breytingin sé gerð innan sex mánaða frá samþykkt endurskoðaðrar gæðalýsingar efnis.“

14. Í stað fyrirsagnar breytingar nr. 30 í I. viðauka komi eftirfarandi:

„30. *Breyting á pakkningastærð lyfs*“

Viðbótarskilyrði er bætt við: „Efni í umbúðum er áfram það sama.“

15. Nýju skilyrði er bætt við breytingu nr. 31 í I. viðauka:

„Breytingin varðar ekki grundvallarþátt í efni umbúðanna sem hefur áhrif á afhendingu eða notkun lyfsins.“

16. Í stað fyrirsagnar breytingar nr. 32 í I. viðauka komi eftirfarandi:

„32. *Breyting á greypingu, upphleypingu eða öðrum merkingum (nema deilistrikum) á töflum eða prentun á hylki, þar með talin viðbót eða breyting á merkibleki*“

17. Eftirfarandi breyting bætist við í I. viðauka á eftir breytingu nr. 33:

„34. — *Breyting á framleiðsluferlinu, sem varðar efnisþátt sem er ekki prótín, sem rekja má til þess að síðar er skotið inn líftæknilegu vinnsluþrepi*

Almennar athugasemdir:

— Þessi sérstaka breyting er gerð til viðbótar breytingunum sem þegar hafa verið gerðar og sem beita má í þessu sérstaka

samhengi, einkum breytingar nr. 4, 11, 12, 18, 19 og 26.

— Fara verður að löggjöf bandalagsins sem gildir um sérstaka vöruflokk (*).

— Lyf, sem innihalda efnisþátt úr prótíni sem fenginn er með líftæknilegu vinnsluferli, falla undir gildissvið A-hluta reglugerðar (EBE) nr. 2309/93.

— *Breyting á framleiðsluferlinu að því er varðar efnisþætti sem samræmast gæðalýsingu í evrópsku lyfjaskránni og eru staðfest með hæfisevottorði evrópsku lyfjaskrárinnar.*

— Skilyrði: Ekki má slaka á gæðakröfum að því er varðar gæðalýsingu og eðlis- og efnafræðilega eiginleika efnisþáttarins og öll einkenni hans skulu haldað óbreytt.

— *Breyting á framleiðsluferlinu að því er varðar efnisþætti sem kalla á nýja prófunaraðferð vegna óhreininda*

Skilyrði: Gæðalýsingar og eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar efnisþáttarins og öll einkenni hans skulu vera óbreytt. Í framleiðsluferlinu geta myndast óhreinindi, sem er ekki lýst í gæðalýsingu lyfjaskrárinnar, og þessi óhreinindi ber að gefa upp og lýsa víðeigandi aðferð til þess að prófa þau. Tilgreina ber þessa viðbótarpröfun í hæfisevottorði evrópsku lyfjaskrárinnar.

(*) Ekki þarf að tilkynna það sem breytingu á skilmálum markaðsleyfisins þegar um er að ræða matvæli og innihaldsferni matvæla, sem samræmast reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjtið. EB L 43 14.2.1997, bls. 1), liti til nota í matvælum, sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36 EBE (Stjtið. L 237, 10.9.1994, bls. 13), aukefni, sem falla undir tilskipun ráðsins 88/388/EBE (Stjtið. EB L 184, 15.7.1988, bls. 61), útdráttarleysa, samkvæmt tilskipun ráðsins 88/344/EBE (Stjtið. 157, 24.6.1988, bls. 28), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/115/EBE (Stjtið. EB L 409, 31.12.1992, bls. 31) og matvæli og innihaldsferni matvæla sem eru fengin með líftæknilegu vinnsluþrepi sem er skotið inn í framleiðsluferlið.“

18. Á eftir fyrirsögninni í II. viðauka komi eftirfarandi í stað fyrstu málsgreinar og eftirfarandi undirgreinar:

„Líta ber svo á að tiltekna breytingar á markaðsleyfi breyti í grundvallaratriðum skilmálum þessa leyfis og þær geti því ekki talist breyting í skilningi 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2309/93 og því er ekki unnt að heimila þær í kjölfar málsmeðferðar við breytingu. Skoðað verður hverja nýja umsókn, að því er varðar þessar breytingar sem eru taldar upp hér á eftir, eftir fullkomið, vísindalegt mat (eins og gert er við veitingu markaðsleyfis). Bandalagið veitir, eftir því sem tilefni er til, leyfi eða heimilar að breyta gildandi markaðsleyfi.

Þessi viðauki hefur ekki áhrif á ákvæði 4. gr. tilskipunar 65/65/EBE og 5. gr. tilskipunar 81/851/EBE.“

19. Í stað ii-liðar í breytingu nr. 4 í II. viðauka komi eftirfarandi:

„ii) stytting á útskilnaðartíma dýralyfs ef breytingin tengist ekki setningu eða breytingu ákvæða um leyfilegt hámarks magn leifa í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 (‘).

(‘) Stjútíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. maí 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ

um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk.

1. gr.

Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja heilbrigði neytenda með því að ákvörðun um hámark lyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk sé í samræmi við almennt viðurkenndar reglur. Öryggi skal meta með hliðsjón af vísindalegu öryggismati á viðkomandi efnum sem farið hefur fram á vegum alþjóðastofnana, einkum Codex Alimentarius eða ef þessi efni eru notuð í öðrum tilgangi, þá annarra viðurkenndra vísindanefnda.

2. gr.

Merking hugtaka í reglugerð þessari er eftirfarandi:

Leifar dýralyfja: öll lyfjafræðilega virk efni, hvort sem um er að ræða virk innihaldsefni, hjálparefni eða niðurbrotsefni og umbrotsefni þeirra, sem verða eftir í matvælum unnum úr afurðum dýra, sem hafa fengið viðkomandi lyf.

Hámark lyfjaleifa: sá hámarksstyrkur lyfjaleifa sem stafar af notkun dýralyfja (tilgreindur í mg/kg eða µg/kg miðað við þyngd ferskrar vöru) og viðurkenndur er í eða á matvælum.

3. gr.

Hámark lyfjaleifa er miðað við þá tegund og það magn lyfjaleifa sem talið er skaðlaust heilsu manna að því er eituráhrif varðar og er greint í viðteknum dagsskammti (ADI) eða á grundvelli dagsskammts, sem ákveðinn er til bráðabirgða og þar sem miðað er við einn öryggisþátt til viðbótar. Það miðast einnig við aðrar áhættur sem varða heilbrigði neytenda og tækni sem beitt er í matvælaframleiðslu.

Pegar hámark lyfjaleifa (MRL) er ákveðið er einnig tekið tillit til lyfjaleifa í fæðu úr jurtaríkinu og/eða umhverfinu. Þá er heimilt að lækka hámarks magn lyfjaleifa til að það samrýmist góðum starfsháttum við notkun dýrallyfja og að því marki sem hentugar aðferðir eru fyrir hendi til að greina lyfjaleifarnar.

4. gr.

Lyfjafræðilega virk efni, sem notuð eru í dýrallyf, og búið er að ákveða hámark leifa fyrir, skulu skráð í viðauka I með reglugerð þessari. Komi í ljós við mat á lyfjafræðilega virku efni í dýrallyfi, að ekki sé nauðsynlegt að ákveða hámark leifa til að tryggja heilbrigði neytenda, skal skrá efnið í viðauka II.

5. gr.

Heimilt er að ákveða tímabundið hámark leifa lyfjafræðilega virkra efna, sem notuð eru í dýrallyf við gildistöku reglugerðar þessarar, að því tilskildu að engin ástæða sé til að ætla að heilsu neytenda stafi hættu af leifum viðkomandi efnis ef þær eru innan ákveðinna marka. Slíkt tímabundið hámark lyfjaleifa skal gilda lengst í fimm ár. Aðeins er heimilt í undantekningartilvikum að framlengja þennan frest einu sinni um tvö ár hið lengsta, ef þess er talin þörf til að ljúka vísindarannsóknnum, sem verið er að vinna að.

Í undantekningartilvikum er einnig heimilt að ákveða tímabundið hámark leifa lyfjafræðilega virkra efna, sem hafa ekki verið notuð áður í dýrallyf við gildistöku reglugerðar þessarar, að því tilskildu að engin ástæða sé til að ætla að heilsu neytenda stafi hættu af leifum viðkomandi efnis, ef þær eru innan ákveðinna marka.

Lyfjafræðilega virk efni sem notuð eru í dýrallyf og lokið er að ákveða tímabundið hámark fyrir, skulu skráð í viðauka III.

6. gr.

Ef leifar lyfjafræðilega virkra efna, sem notuð eru í dýrallyf eru hættulegar heilsu neytenda, sama í hvaða magni þær eru í afurðunum, skal efnið skráð í viðauka IV. Efni sem eru á skrá í viðauka IV er óheimilt að gefa dýrum sem gefa af sér afurðir og ætlaðar eru til manneldis.

7. gr.

Til að skrá í viðauka I, II eða III ný lyfjafræðilega virk efni sem ætluð eru í lyf handa dýrum, sem gefa af sér afurðir til manneldis og ætluð eru til dreifingar hér á landi, skal sá sem markaðssetur efnið sækja um leyfi til þess til Lyfjamálastofnunar Evrópu. Umsókninni skulu fylgja þær upplýsingar og gögn sem um getur í viðauka V. Umsókninni skal einnig fylgja sú greiðsla sem inna ber af hendi til stofnunarinnar.

Breytingar á viðaukum I, II, III, og IV skal birta eins fljótt og auðið er.

8. gr.

Óheimilt er að takmarka dreifingu hér á landi á matvælum úr dýraríkinu á þeim grundvelli að matvælin innihaldi leifar dýrallyfja ef magn leifa fer ekki yfir það hámark lyfjaleifa sem kveðið er á um í viðaukum I eða III eða ef viðkomandi efni er á skrá í viðauka II.

9. gr.

Frá 1. janúar 1997 er bannað að gefa dýrum, sem gefa af sér afurðir til manneðis, dýralyf sem innihalda lyfjafræðilega virk efni og ekki eru talin upp í viðaukum I, II, eða III, nema um sé að ræða klínískar rannsóknir sem samþykktar hafa verið og leiða ekki til að afurðir þess búfjár sem notað er við rannsóknirnar innihaldi lyfjaleifar sem geta stofnað heilsu manna í hættu.

10. gr.

Reglugerð þessi hefur á engan hátt áhrif á ákvæði sem leggja bann við notkun efna, sem notuð eru í búfjárrækt og hafa áhrif á hormónastarfsemi dýra. Þá hefur reglugerð þessi ekki áhrif á ráðstafanir sem gerðar eru til að koma í veg fyrir óleyfilega notkun dýralyfja.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við reglugerð ráðsins nr. 2377/90/EBE, sbr. breytingar á þeirri reglugerð með reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar nr. 955/94/EBE, nr. 1430/94/EBE, nr. 2701/94/EB, nr. 2703/94/EB, nr. 3059/94/EB, nr. 529/95/EB, nr. 1102/95/EB, nr. 2796/95/EB, nr. 2804/95/EB, nr. 281/96/EB, nr. 282/96/EB, nr. 1140/96/EB, nr. 1147/96/EB, nr. 1311/96/EB, nr. 1312/96/EB, nr. 1433/96/EB, nr. 1742/96/EB, nr. 1798/96/EB, nr. 2010/96/EB, nr. 2017/96/EB, nr. 2034/96/EB, nr. 17/97/EB, nr. 211/97/EB, nr. 270/97/EB, nr. 716/97/EB, nr. 748/97/EB, nr. 749/97/EB, nr. 1836/97/EB, nr. 1837/97/EB, nr. 1838/97/EB, nr. 1850/97/EB, nr. 0121/98/EB, nr. 0426/98/EB, nr. 0613/98/EB, nr. 1000/98/EB, nr. 1076/98/EB, nr. 1191/98/EB, nr. 1568/98/EB, nr. 1569/98/EB, nr. 1570/98/EB, nr. 1916/98/EB, nr. 1917/98/EB, nr. 1958/98/EB, nr. 2560/98/EB, nr. 2686/98/EB, nr. 2692/98/EB, nr. 2728/98/EB, nr. 508/1999/EB, nr. 804/1999/EB, nr. 953/1999/EB, nr. 954/1999/EB, nr. 997/1999/EB, nr. 998/1999/EB, nr. 1308/1999/EB, nr. 1942/1999/EB, nr. 1943/1999/EB, nr. 1931/1999/EB, nr. 2385/1999/EB, nr. 2393/1999/EB, nr. 2593/1999/EB, nr. 2728/1999/EB, nr. 2757/1999/EB, nr. 2758/1999/EB, nr. 1286/2000/EB, nr. 1295/2000/EB, nr. 1960/2000/EB, nr. 2338/2000/EB, nr. 2391/2000/EB, nr. 2535/2000/EB, nr. 2908/2000/EB, nr. 749/2001/EB, nr. 750/2001/EB, reglugerð ráðsins nr. 434/97/EB og samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðissskoðun og gæðamat á sláturafurðum ásamt síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 252/1995 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk, ásamt síðari breytingum.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. ágúst 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir lyfjafræðilega virk efni sem hámarksmagn leifa hefur verið ákvæðið fyrir.

1. Sýkingalyf

1.1. Efnaeðferðarefni (Chemotherapeutics)

1.1.1. Súlfónamíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Öll efni í súlfónamíð flokknum	Móðurefni	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	100 µg/kg	Vöðvi, fita, lifur, nýra	Heildarmagn leifa allra efna úr súlfónamíð flokknum má ekki vera meira en 100 µg/kg
		Nautgripir, sauðfé, geitur	100 µg/kg	Mjólk	

1.1.2. Díamínóþýrimídínafleiður

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Bakvílóprím	Bakvílóprím	Nautgripir	10 µg/kg	Fita	
			300 µg/kg	Lifur	
			150 µg/kg	Nýra	
			30 µg/kg	Mjólk	
		Svín	40 µg/kg	Húð og fita	
			50 µg/kg	Lifur, nýra	
Trímétóprím	Trímétóprím	Nautgripir	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita, mjólk	
		Svín	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita, mjólk	
		Alifuglar	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita, mjólk	Ekki ætlað dýrum sem verpa eggjum til manneldis
		Dýr af hestaætt	100 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita, mjólk	
		Fiskar	50 µg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum	

1.2. Sýklalyf

1.2.1. Penísillín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Amoxisillín	Amoxisillín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			4 µg/kg	Mjólk	
Ampisillín	Ampisillín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			4 µg/kg	Mjólk	
Bensýlpenísillín	Bensýlpenísillín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			4 µg/kg	Mjólk	
Díklóxasillín	Díklóxasillín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	300 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			30 µg/kg	Mjólk	
Fenoxýmetýlpenísillín	Fenoxýmetýlpenísillín	Svín	25 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Kloxasillín	Kloxasillín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	300 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			30 µg/kg	Mjólk	
Oxasillín	Oxasillín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	300 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			30 µg/kg	Mjólk	
Penepamat	Bensýlpennisillín	Nautgripir	50 µg/kg	Nýra, lifur, vöðvi, fita	
			4 µg/kg	Mjólk	
		Svín	50 µg/kg	Nýra, lifur, vöðvi, fita	

1.2.2. Sefalósörín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Sefalexín	Sefalexín	Nautgripir	200 µg/kg	Vöðvi, lifur, fita	
			100 µg/kg	Mjólk	
			1000 µg/kg	Nýra	
Sefasólín	Sefasólín	Nautgripir, sauðfé og geitur	50 µg/kg	Mjólk	
Sefkínóm	Sefkínóm	Nautgripir	200 µg/kg	Nýra	
			100 µg/kg	Lifur	
			50 µg/kg	Vöðvi, fita	
			20 µg/kg	Mjólk	
		Svín	200 g/kg	Nýra	
			100 g/kg	Lifur	
			50 g/kg	Vöðvi	
			50 g/kg	Húð og fita	
Seftíófúr	Summa allra leifa sem halda betalaktambyggingu sinni, gefin upp sem desfúróyl-seftíófúr	Nautgripir	1000 µg/kg	Vöðvi	Ekki ætlað til nota í mjólkurkirtla
			2000 µg/kg	Lifur, fita	
			6000 µg/kg	Nýra	
			100 µg/kg	Mjólk	
		Svín	1000 µg/kg	Vöðvi	
			2000 µg/kg	Fita, Lifur	
			6000 µg/kg	Nýra	

1.2.3. Kínólón

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði			
Dífloxasín	Dífloxasín	Kjúklingar, kalkúnar	1900 µg/kg	Lifur				
			600 µg/kg	Nýra				
			300 µg/kg	Vöðvi				
			400 µg/kg	Húð og fita				
		Nautgripir	1400 µg/kg	Lifur		Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk		
			800 µg/kg	Nýra				
			400 µg/kg	Vöðvi				
						100 µg/kg	Fita	
		Svín	800 µg/kg	Lifur, nýra				
			400 µg/kg	Vöðvi				
100 µg/kg	Húð og fita							
Danófloxasín	Danófloxasín	Nautgripir	200 µg/kg	Vöðvi				
			100 µg/kg	Fita				
			400 µg/kg	Lifur, nýra				
			30 µg/kg	Mjólk				
		Kjúklingar	200 µg/kg	Vöðvi		Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til neyslu		
			100 µg/kg	Fita				
			400 µg/kg	Lifur, nýra				

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði	
Enrófloxasín	Til samans enrófloxasín og síprófloxasín	Svín	100 g/kg	Vöðvi		
			50 g/kg	Húð og fita		
			200 g/kg	Lifur, nýra		
		Nautgripir	100 µg/kg	Vöðvi, fita		
			300 µg/kg	Lifur		
			200 µg/kg	Nýra		
			100 µg/kg	Mjólk		
			Kanínur	100 µg/kg		Vöðvi, fita
				200 µg/kg		Lifur
				300 µg/kg		Nýra
			Svín	100 µg/kg		Vöðvi, húð og fita
				200 µg/kg		Lifur
300 µg/kg	Nýra					
Alifuglar	300 µg/kg	Nýra	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til neyslu			
	100 µg/kg	Vöðvi, húð og fita				
	200 µg/kg	Lifur				
Sauðfé	100 g/kg	Vöðvi, fita	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk			
	300 g/kg	Lifur				
	200 g/kg	Nýra				
Flúmekvín	Flúmekvín	Nautgripir, sauðfé	200 g/kg	Vöðvi	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk	
			300 g/kg	Fita		
			500 g/kg	Lifur		
			1500 g/kg	Nýra		
		Nautgripir	50 g/kg	Mjólk		
		Svín	200 g/kg	Vöðvi		
			300 g/kg	Húð og fita		
			500 g/kg	Lifur		
			1500 g/kg	Nýra		
		Kjúklingar	400 g/kg	Vöðvi		Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til neyslu
			250 g/kg	Húð og fita		
			800 g/kg	Lifur		
			1000 g/kg	Nýra		
		Kalkúnn	400 g/kg	Vöðvi		
			250 g/kg	Húð og fita		
			800 g/kg	Lifur		
			1000 g/kg	Nýra		
		Laxfiskar	600 g/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum		
Marbófloxasín	Marbófloxasín	Nautgripir	150 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýru		
			50 µg/kg	Fita		
			75 µg/kg	Mjólk		
		Svín	150 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýru		
			50 µg/kg	Fita, húð		
Sarafloxasín	Sarafloxasín	Kjúklingar	10 µg/kg	Húð og fita		
			100 µg/kg	Lifur		
		Laxfiskar	30 µg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum		

1.2.4. Makrólíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Erýtrómýsín	Erýtrómýsín A	Kjúklingar, svín	200 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, húð og fita	
		Kjúklingar	150 µg/kg	Egg	
		Nautgripir, sauðfé	200 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
		Nautgripir	40 µg/kg	Mjólk	
Spíramýsín	Summa af spíramýsín og neóspíramýsín	Nautgripir	200 µg/kg	Vöðvi	
			300 µg/kg	Fita, lifur, nýra	
			200 µg/kg	Mjólk	
		Kjúklingar	200 µg/kg	Vöðvi	
			300 µg/kg	Húð og fita	
			400 µg/kg	Lifur	
Spíramýsín 1	Svín	250 g/kg	Vöðvi		
		2000 g/kg	Fita		
		1000 g/kg	Nýra		
Tilmíkósín	Tilmíkósín	Nautgripir, sauðfé, svín, kanínur	1000 µg/kg	Lifur, nýra	
			50 µg/kg	Vöðvi, fita	
		Nautgripir, sauðfé	50 µg/kg	Mjólk	
		Kjúklingar	75 µg/kg	Vöðvi, húð og fita	
			1000 µg/kg	Lifur	
250 µg/kg	Nýra				
Týlósín	Týlósín A	Nautgripir	100 µg/kg	Vöðvi, fita, lifur, nýra	
			50 µg/kg	Mjólk	
		Svín	100 µg/kg	Vöðvi, húð og fita, lifur, nýra	
			100 µg/kg	Vöðvi, húð og fita, lifur, nýra	
		Alifuglar	200 µg/kg	Egg	

1.2.5. Flórfeníkól og skyld efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Flórfeníkól	Summa flórfeníkóls og umbrotsefna þess mæld sem flórfeníkólamín 2,4-DMA-hlutann, gefið upp sem amitras	Nautgripir	200 µg/kg	Vöðvi	
			300 µg/kg	Nýra	
			3000 µg/kg	Lifur	
		Svín	300 g/kg	Vöðvi	
			500 g/kg	Húð og fita	
			2000 g/kg	Lifur	
		Kjúklingar	500 g/kg	Nýra	
			100 µg/kg	Vöðvi	
200 µg/kg	Húð og fita				
2500 µg/kg	Lifur				
750 µg/kg	Nýra				
Þíamfeníkól	Þíamfeníkól	Nautgripir	50 µg/kg	Nýra, lifur, vöðvi, mjólk, fita	
		Kjúklingar	50 µg/kg	Nýra, lifur, vöðvi, húð og fita	

1.2.6. Tetrasýklín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði	
Doxýsýklín	Doxýsýklín	Nautgripir	600 µg/kg	Nýra	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk	
			300 µg/kg	Lifur		
			100 µg/kg	Vöðvi		
		Svín, alifuglar	600 µg/kg	Nýra		Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til neyslu
			300 µg/kg	Lifur, húð og fita		
			100 µg/kg	Vöðvi		
Klórtetrasýklín	Summa móðurefnis og 4-epímers þess	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	600 µg/kg	Nýra		
			300 µg/kg	Lifur		
			100 µg/kg	Vöðvi, mjólk		
			200 µg/kg	Egg		
Oxýtetrasýklín	Summa móðurefnis og 4-epímers þess	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	600 µg/kg	Nýra		
			300 µg/kg	Lifur		
			100 µg/kg	Vöðvi, mjólk		
			200 µg/kg	Egg		
Tetrasýklín	Summa móðurefnis og 4-epímers þess	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	600 µg/kg	Nýra		
			300 µg/kg	Lifur		
			100 µg/kg	Vöðvi, mjólk		
			200 µg/kg	Egg		

1.2.7. Naftalínhringað ansamýsín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Rifaximín	Rifaximín	Nautgripir	60 µg/kg	Mjólk	

1.2.8. Plevrómútilín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Tíamúlín	Summa umbrots-efna sem geta breyst í 8-a-hýdroxýmútilín við vatnsrof	Svín, kanínur	100 µg/kg	Vöðvi	
			500 µg/kg	Lifur	
		Kjúklingar	100 µg/kg	Vöðvi, húð og fita	
			1000 µg/kg	Lifur	
			1000 µg/kg	Egg	
			Tíamúlín		
Valnemúlín	Valnemúlín	Svín	50 µg/kg	Vöðvi	
			500 µg/kg	Lifur	
			100 µg/kg	Nýra	

1.2.9. Linkósamíðar

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Linkómýsín	Linkómýsín	Nautgripir	100 µg/kg	Vöðvi	
			50 µg/kg	Fita	
			500 µg/kg	Lifur	
			1500 µg/kg	Nýra	
			150 µg/kg	Mjólk	
Pírlímýsín	Pírlímýsín	Nautgripir	100 µg/kg	Vöðvi, fita	
			400 µg/kg	Nýra	
			1000 µg/kg	Lifur	
			100 µg/kg	Mjólk	

1.2.10. Amínóglýkosíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Apramýsín	Apramýsín	Nautgripir	1000 µg/kg	Vöðvi, fita	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk
			10.000 µg/kg	Lifur	
			20.000 µg/kg	Nýra	
Parómómýsín	Parómómýsín	Nautgripir	1500 µg/kg	Lifur, nýra	Má ekki gefa dýrum sem eru mjólkuð til mannelis
			500 µg/kg	Vöðvi	
		Svín, kanínur	1500 µg/kg	Lifur, nýra	
			500 µg/kg	Vöðvi	
		Kjúklingar	1500 µg/kg	Lifur, nýra	Má ekki gefa dýrum sem gefa frá sér egg til neyslu
			500 µg/kg	Vöðvi	
Spektínómýsín	Spektínómýsín	Nautgripir	5000 µg/kg	Nýra	
			1000 µg/kg	Lifur	
			300 µg/kg	Vöðvi	
			500 µg/kg	Fita	
			200 µg/kg	Mjólk	
		Svín, kjúklingar	5000 µg/kg	Nýra	
			1000 µg/kg	Lifur	
			300 µg/kg	Vöðvi	
			500 µg/kg	Húð og fita	
			500 µg/kg	Húð og fita	

1.2.11. Önnur sýklalyf

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Novobíósín	Novobíósín	Nautgripir	50 g/kg	Mjólk	

2. Sníklalyf

2.1. Innsníklalyf

2.1.1. Salísýlanííð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Klósantel	Klósantel	Nautgripir	1000 µg/kg	Vöðvi, lifur	
			3000 µg/kg	Nýra, fita	
		Sauðfé	1500 µg/kg	Vöðvi, lifur	
			5000 µg/kg	Nýra	
			2000 µg/kg	Fita	
			2000 µg/kg	Fita	

2.1.2. Tetra-hýdró-ímídasól (ímídasólþíasól)

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Levamisól	Levamisól	Nautgripir, sauðfé, svín og alifuglar	10 µg/kg	Vöðvi, nýra, fita	
			100 µg/kg	Lifur	

2.1.3. Bensímídasól og pró-bensímídasól

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Albendasól	Summa albenda-sólsúlfoxíðs, albenda-sólsúlfons og albendasól-2-amínósúlfons, gefið upp sem albendasól.	Nautgripir, sauðfé	100 µg/kg	Vöðvi, fita, mjólk	
			1000 µg/kg	Lifur	
			500 µg/kg	Nýra	

Lyfjafraeðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði	
Albendasólóxið	Summa albendasól oxíðs, albendasólsúlfons og albendasól-2-aminósúlfons, gefið upp sem albendasól.	Nautgripir, sauðfé	100 µg/kg	Vöðvi, fita, mjólk		
			1000 µg/kg	Lifur		
			500 µg/kg	Nýra		
Febantel	Summa leifanna sem hægt er að draga út og oxa í oxfendasólsúlfon	Nautgripir, sauðfé, svín og dýr af hestaætt	50 µg/kg	Vöðvi, fita, nýra		
			500 µg/kg	Lifur		
		Nautgripir, sauðfé	10 µg/kg	Mjólk		
Fenbendasól	Summa leifanna sem hægt er að draga út og oxa í oxfendasólsúlfon	Nautgripir, sauðfé, svín og dýr af hestaætt	50 µg/kg	Vöðvi, fita, nýra		
			500 µg/kg	Lifur		
		Nautgripir, sauðfé	10 µg/kg	Mjólk		
Flúbendasól	Summa flúbendasóls og (2-aminó 1H-bensimidásól-5-ýl) (4-flúrfenýl)-metanons Flúbendasól	Svín, kjúklingar, veiðifuglar	50 µg/kg	Vöðvi		
			50 µg/kg	Húð og fita		
			300 µg/kg	Nýra		
			400 µg/kg	Lifur		
		Kjúklingar	400 µg/kg	Egg		
			Kalkúnar	50 µg/kg		Vöðvi, húð og fita
				300 µg/kg		Nýra
400 µg/kg	Lifur					
Oxfendasól	Summa leifanna sem hægt er að draga út og oxa í oxfendasólsúlfon	Nautgripir, sauðfé, svín og dýr af hestaætt	50 µg/kg	Vöðvi, fita, nýra		
			500 µg/kg	Lifur		
		Nautgripir, sauðfé	10 µg/kg	Mjólk		
Oxibendasól	Oxibendasól	Svín	100 µg/kg	Vöðvi, nýra		
			500 µg/kg	Húð og fita		
			200 µg/kg	Lifur		
Tríklabendasól	Summa aðgreinanlegra leifa sem hægt er að oxa í ketó-tríklabendasól	Nautgripir, sauðfé	100 µg/kg	Vöðvar, lifur, nýru	Má ekki gefa dýrum sem eru mjólkuð til manneldis	
Þíabendasól	Summa þíabendasóls og 5-hýdroxý-þíabendasóls	Nautgripir	100 µg/kg	Vöðvi, fita, lifur, nýra		
			100 µg/kg	Mjólk		

2.1.4. Fenólafléiður, þar með talin salísýlaníð

Lyfjafraeðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Nítroxínílf	Nítroxínílf	Nautgripir, sauðfé	400 µg/kg	Vöðvi, nýra	
			200 µg/kg	Fita	
			20 µg/kg	Lifur	

2.1.5. Bensensúlfónamíður

Lyfjafraeðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Klórsúlón	Klórsúlón	Nautgripir	35 g/kg	Vöðvi	
			100 g/kg	Lifur	
			200 g/kg	Nýra	

2.2. Útsníklalyf

2.2.1. Lífræn fosföt

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Díasínon	Díasínon	Nautgripir, svín, sauðfé og geitur	20 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra	
			700 µg/kg	Fita	
		Nautgripir, sauðfé, geitur	20 µg/kg	Mjólík	

2.2.2. Formamídín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Amitras	Summa amitrass og allra umbrotsefna sem innihalda 2,4-DMA-hlutann, gefið upp sem amitras	Svín	400 µg/kg	Húð og fita	
			200 µg/kg	Lifur, nýra	
		Nautgripir	200 µg/kg	Lifur, nýra, fita	
			10 µg/kg	Mjólík	
		Sauðfé	400 µg/kg	Fita	
			200 µg/kg	Nýra	
			100 µg/kg	Lifur	
Býflugur	200 µg/kg	Mjólík			
		200 µg/kg	Hunang		

2.2.3. Pýretróíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Flúmetrín	Flúmetrín (summa trans-Z-myndbrigða)	Nautgripir	10 g/kg	Vöðvi, nýra	
			150 g/kg	Fita	
			20 g/kg	Lifur	
			30 g/kg	Mjólík	
		Sauðfé	10 g/kg	Vöðvi, nýra	Má ekki gefa dýrum sem eru mjólkuð til manneldis
			150 g/kg	Fita	
			20 g/kg	Lifur	

2.2.4. Asýlpvagefnisafleiður

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Teflúbensúron	Teflúbensúron	Laxfiskar	500 g/kg	Vöðvar og roð í eðlilegum hlutföllum	
Diflúbensúron	Diflúbensúron	Laxfiskar	1000 g/kg	Vöðvar og roð í eðlilegum hlutföllum	

2.2.5. Pýrímidínafleiður

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Dísýklaníl	Summa af dísýklaníli og 2, 4, 6- triámínó-pýrímidín-5-karbonítríl	Sauðfé	200 g/kg	Vöðvi	Má ekki gefa dýrum sem eru mjólkuð til manneldis
			50 g/kg	Fita	
			400 g/kg	Lifur, nýra	

2.3. Inn- og útsníklalyf

2.3.1. Avermektín

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Abamektín	Avermektín B 1a	Nautgripir	20 µg/kg	Lifur	
			10 µg/kg	Fita	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Eprínómektín	Eprínómektín B 1a	Nautgripir	50 µg/kg	Vöðvi	
			1500 µg/kg	Lifur	
			300 µg/kg	Nýra	
			20 µg/kg	Mjólk	
			250 µg/kg	Fita	
Dórámektín	Dórámektín	Nautgripir	150 µg/kg	Fita	Má ekki gefa dýrum sem eru mjólkuð til manneldis
			100 µg/kg	Lifur	
			30 µg/kg	Nýra	
			10 µg/kg	Vöðvi	
		Svín, sauðfé	100 µg/kg	Fita	Má ekki gefa sauðkindum sem eru mjólkaðar til manneldis
			50 µg/kg	Lifur	
			30 µg/kg	Nýra	
			20 µg/kg	Vöðvi	
Emamektín	Emamektín B 1 a	Laxfiskar	100 g/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum	
Ívermektín	22,23-Dihýdróaver-mektín B 1a	Nautgripir	100 µg/kg	Lifur	
			40 g/kg	Fita	
		Sauðfé, dýr af hestaætt, svín	15 µg/kg	Lifur	
			20 µg/kg	Vöðvi, fita	
		Hjartardýr, þar á meðal hreindýr	20 µg/kg	Vöðvi, nýra	
			100 µg/kg	Fita	
			50 µg/kg	Lifur	
Moxídektín	Moxídektín	Nautgripir, sauðfé	500 µg/kg	Fita	
			100 µg/kg	Lifur	
			50 µg/kg	Vöðvi, nýra	
		Dýr af hestaætt	50 g/kg	Vöðvi, nýra	
			500 g/kg	Fita	
			100 g/kg	Lifur	

2.4. Frumdýralyf

2.4.1. Afleiða tríasíntríons

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Toltrasúríl	Toltrasúrilsúlfon	Kjúklíngar	100 µg/kg	Vöðvi	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til manneldis
			200 µg/kg	Húð og fita	
			600 µg/kg	Lifur	
			400 µg/kg	Nýra	
		Kalkúnar	100 µg/kg	Vöðvi	
			200 µg/kg	Húð og fita	
			600 µg/kg	Lifur	
			400 µg/kg	Nýra	
		Svín	100 µg/kg	Vöðvi	
			150 µg/kg	Húð og fita	
			500 µg/kg	Lifur	
			250 µg/kg	Nýra	

2.4.2. Afleiður kínasólóns

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Halófúgínón	Halófúgínón	Nautgripir	10 µg/kg	Vöðvi	Ekki ætlað dýrum sem að gefa af sér neyslumjólk
			25 µg/kg	Fita	
			30 µg/kg	Lifur, nýra	

3. Lyf sem hafa áhrif á taugakerfið

3.1. Lyf sem hafa áhrif á miðtaugakerfið

3.1.1. Róandi lyf sem innihalda bútrófenon

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Asaperon	Summa asaperons og asaperóls	Svín	100 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, húð og fita	

3.2. Lyf sem hafa áhrif á ósjálfráða taugakerfið

3.2.1. And-adrenvirk lyf

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Karasólól	Karasólól	Nautgripir	15 µg/kg	Lifur, nýra	
			5 µg/kg	Vöðvi, fita	
			1 µg/kg	Mjólk	
		Svín	5 µg/kg	Vöðvi, húð og fita	
			25 µg/kg	Lifur og nýra	

3.2.2. β, aðrenhermandi lyf

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Klenbúteról-hýdróklóríð	Klenbúteról	Nautgripir	0,5 µg/kg	Lifur, nýra	
			0,1 µg/kg	Vöðvi	
			0,05 µg/kg	Mjólk	
		Dýr af hestaætt	0,5 µg/kg	Lifur, nýra	
			0,1 µg/kg	Vöðvi	

4. Bólguþandi lyf

4.1. Steralaus bólguþandi lyf

4.1.1. Afleiður arýlprópínsýru

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Karprófen	Karprófen	Nautgripir, dýr af hestaætt	500 g/kg	Vöðvi	Má ekki gefa dýrum sem eru mjólkuð til mannelids
			1000 g/kg	Fita, lifur, nýra	
Vedaprófen	Vedaprófen	Dýr af hestaætt	1000 µg/kg	Nýra	
			100 µg/kg	Lifur	
			50 µg/kg	Vöðvi	
			20 µg/kg	Fita	

4.1.2. Afleiður fenamat-flokksins

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Tolfenamínsýra	Tolfenamínsýra	Nautgripir	100 µg/kg	Nýra	
			400 µg/kg	Lifur	
			50 µg/kg	Vöðvi	
			50 µg/kg	Mjólk	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði	
		Svín	50 µg/kg	Vöðvi		
			400 µg/kg	Lifur		
			100 µg/kg	Nýra		
Flúnixín	Flúnixín	Nautgripir	20 g/kg	Vöðvi		
			30 g/kg	Fita		
			300 g/kg	Lifur		
			100 g/kg	Nýra		
	5- hýdróflúnixín	Flúnixín	Svín	40 g/kg		Mjólk
				50 g/kg		Vöðvi
	Flúnixín	Svín	Hestar	10 g/kg		Húð og fita
				200 g/kg		Lifur
				30 g/kg		Nýra
				10 g/kg		Vöðvi
				20 g/kg		Fita
				100 g/kg		Lifur
			200 g/kg	Nýra		

4.1.4. Afleiður oxíkan

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Meloxíkam	Meloxíkam	Nautgripir	20 µg/kg	Vöðvi	
			65 µg/kg	Lifur, nýra	
			15 µg/kg	Mjólk	

5. Barksterar

5.1. Sykursterar

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Betametason	Betametason	Nautgripir	0,75 µg/kg	Vöðvi, nýra	
			2,0 µg/kg	Lifur	
			0,3 µg/kg	Mjólk	
		Svín	0,75 µg/kg	Vöðvi, nýra	
			2,0 µg/kg	Lifur	
Dexametasón	Dexametasón	Nautgripir	0,3 µg/kg	Mjólk	
		Nautgripir, svín, dýr af hestaætt	2 µg/kg	Lifur	
			0,75 µg/kg	Vöðvi, nýra	
Prednisólón	Prednisólón	Nautgripir	4 µg/kg	Vöðvi, fita	
			10 µg/kg	Lifur, nýra	
			6 µg/kg	Mjólk	

II. VIÐAUKI

Skrá yfir efni sem falla ekki undir takmörkun á hámarks magni leifa.

1. Ólífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Áldísterat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
Álhýdroxíðasetat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
Álfosfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
Áltrísterat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
Álklóríð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
Ammóníumklóríð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
Baríumselénat	Nautgripir, sauðfé	
Basískt bismútgallat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	Aðeins til inngjafar

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Basískt bismútkarbónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	Aðeins til inngjafar
Basískt bismútnítrat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	Aðeins til inngjafar
Basískt bismútsalisýlat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	Aðeins til inngjafar
Bórsýra og bórot	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Brennisteinn	Nautgripir, svín, sauðfé, geitur, dýr af hestaætt	
Brómíð, kalíumsalt	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Brómíð, natríumsalt	Allar tegundir spendýra sem eru gefa af sér afurðir til manndis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Dikoparoxíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Járndíklóríð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Járnsúlfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Joð og ólífræn joð, sambönd þar með talin: Natríum og kalíumjoðið Natríum og kalíumjoðat Joðófor þar með talin pólývínýlþýrrólíðón-joð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalíum-DL-aspartat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalíumglúkúronat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalíumglýserófosfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalíumnítrat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalíumselenat		
Kalsíum asetat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíum bensóat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíum fosfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíum glúkónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíumglúkóhéptónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíumglúkónóglúkóhéptónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíumglúkónlóaktat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíumglútammat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíumglýserófosfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíum hýdroxíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíum hýpófosfít	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíum karbónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíum klóríð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíum malat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíum oxíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíum pólýfosfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíum própíónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíum sílíkat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíum stearat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíum súlfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Koparglúkónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Koparheptanóat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Koparklóríð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Koparmetíónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Koparoxíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Koparsúlfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kóboltkarbonat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kóboltdíklóríð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kóboltglúkónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kóbolttoxíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kóbóltsúlfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kóbolttríoxíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Magnesium	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Magnesiumasetat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Magnesiumaspartat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Magnesiumsílíkat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Magnesiumfosfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Magnesiumglútammat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Magnesiumlýserófosfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Magnesiumhýdroxíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Magnesiumkarbónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Magnesiumoxíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Magnesiumórótat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Magnesiumsítrat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Magnesiumsterat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Magnesiumsúlfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Magnesiumtrísílfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Natríum		
Natríumlýserófosfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Natríumhýpófosfít	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Natríumklórít	Nautgripir	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Natríum díklórísósýanúrat	Nautgripir, sauðfé, geitur	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Natríumselenat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Natríumselenít	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Nikkelglúkónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Nikkelsúlfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Saltsýra	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Til nota sem burðarefni
Sinkasetat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Sinkglúkónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Sinkklóríð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Sinkóleat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Sinksterat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Sódíum própíónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Vetnisperoxíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	

2. Lífræn efнасambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
1-metýl-2-pýrrólíðon	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
2-aminóetanól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
2-aminóetanólgjúkúronat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
2-aminóetýl-tívetnisfosfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
2-pýrrólíðon	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Gefið í líkamann með innspýtingu eða innrennsli í skömmtum að 40 mg/kg líkamsþyngdar
3,5-díjod-L-týrósin	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneðis	
8-hýdroxýkínólín	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneðis	Aðeins til staðbundinnar notkunar í nýfæddum dýrum
17β - estradíól	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneðis	Eingöngu ætlað til nota í lækningum og dýrarækt.
Alfakalsíðól	Nautgripir	Eingöngu ætlað kúm sem eru komnar að burði
Alfaprostól	Nautgripir, svín, kanínur og dýr af hestaætt	
Apramýsín	Svín, kanínur	Eingöngu til inngjafar
	Sauðfé	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk
	Kjúklingar	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til neyslu
Asameþífos	Laxfiskar	
Asetýlsalísýlat sodíum	Nautgripir, svín, kjúklingar	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk. Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til neyslu

Lyfjafraeðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Asetýlsalisílyksýra	Nautgripir, svín, kjúklingar	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk. Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til neyslu
Asetýlsalisílyksýra DL-lýsín	Nautgripir, svín, kjúklingar	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk. Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til neyslu
Asetýlsysteín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
Atrópín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
B1-vítamín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
B2-vítamín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
B12-vítamín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
B3-vítamín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
B5-vítamín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
B6-vítamín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
Basískt álalisílat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis nema fiskur	Eingöngu til staðbundinnar notkunar
Basískt bismútnítrat	Nautgripir	Einungis til nota í mjólkurkirtla
Basítrasín	Nautgripir	Aðeins til nota í mjólkurkirtla mjólkandi kúa og fyrir alla vefi og afurðir nema mjólk
Bensalkóníumklóríð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	Eingöngu notað sem burðarefni með allt að 0,05%
Bensókaín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	Eingöngu ætlað til nota sem staðdeyflyf
Bensýlalkóhól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	Til nota sem burðarefni
Betaín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
Betaínglúkúronat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
Bitúmínsúlföt, ammoníum- og natríumsölt	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneidis	Aðeins til staðbundinnar notkunar. Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk
Bíótín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
Brómhexín	Nautgripir Svín Alifuglar	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til neyslu
Brónópól	Laxfiskar	Aðeins til nota fyrir frjóvguð hrogn í fiskeldi
Brótísólám*	Nautgripir	Einungis til lækninga
Búserelín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
Bútafosfan	Nautgripir	Eingöngu til inngjafar í bláæð og ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk
Bútorfanóltartrat	Dýr af hestaætt	Eingöngu til inngjafar í bláæð
Bútýl-4-hýdroxýbensóat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
Bútýlskópólámínbrómíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
D-vítamín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
Dekókinat	Nautgripir, sauðfé	Aðeins til inngjafar. Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk
Dembrexín	Dýr af hestaætt	
Denaverínhýdroklóríð	Nautgripir	
Detómídín*	Nautgripir, dýr af hestaætt	Einungis til lækninga og dýratæknilegra nota
Dietýlengljýkólmonóetri	Nautgripir, svín	
Dietýlpalat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneidis	
Díklasúríl	Sauðfé	Til inngjafar, aðeins handa lömbum

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Díklóxasillín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Dímangantríoxíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	Eingöngu til inngjafar
Dímetylþalat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Dínóprost	Allar tegundir spendýra	
Dínóprostrómetamín	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manndis	
D-Phe ⁸ -leysihormón gulbúshormóns	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Díprófyllín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Doxapram	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manndis	
E-vítamín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Enílkónasól	Nautgripir, dýr af hestaætt	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Eplasyra	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	Til nota sem burðarefni
Ergómetrínmaleat	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manndis	Eingöngu ætlað dýrum sem eru komin að því að fæða
Etamífyllínkamsýlat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Etamsýlat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Etanól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	Til nota sem burðarefni
Etipróstóntrómetamín	Nautgripir, svín	
Etýllaktat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Fenól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Fenípíramíðhýdróklóríð	Dýr af hestaætt	Eingöngu til inngjafar í bláæð
Fertírelínasetat	Nautgripir	
Fjölsúlfamettað glýkósamínóglýkan	Dýr af hestaætt	
Flóróglúsínól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Flúmetrín	Býflugur	
Fólsýra	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Fólínsýra	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Fúrósemíð	Nautgripir, dýr af hestaætt	Eingöngu til inngjafar í bláæð
Fýtómenadíón	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Glýserólformal	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Gónadótrópín úr þvagi kvenna eftir tíðahvörf	Nautgripir	
Gónadótrófin úr blóði fylfullra hryssa	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Heptamínól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Herperídín	Dýr af hestaætt	
Hesperídínmetýlkalkón	Dýr af hestaætt	
Hexetidín	Dýr af hestaætt	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Hýdróklórþíasíð	Nautgripir	
Hýdrókortisón	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Isóflúran	Dýr af hestaætt	Eingöngu til deyfingar og svæfingar
Ísoxsúprín	Nautgripir, dýr af hestaætt	Aðeins til lækninga í samræmi við tilskipun ráðsins 96/22/EBE (*)
Ísóbútan	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
<i>Jecoris oleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Kaffín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíumaspártat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Kalsíumkarbasalat	Nautgripir, svín, kjúklingar	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk. Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til neyslu
Karbetósín	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manndis	
Ketamín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manndis	
Ketanseríntartrat	Dýr af hestaætt	
Ketóprófen	Svín, nautgripir, dýr af hestaætt	

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Klasúrín	Dúfur	
Klóprostenól	Nautgripir, svín, dýr af hestaætt	
Klórtenamín	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Klórhexidín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Klórokresól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Kolvatnsfni úr jarðolíu með allt frá lítilli og upp í mikla seigju, þar á meðal örkristölluð vaxefni, um það bil C10-C60; alifatísk, greinótt alifatísk og alisýklisk efnasambönd	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Að undanskildum arómatískum og ómettuðum efnasamböndum
Kortikótrópín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Kókoalkýldímetylbetaín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Til nota sem burðarefni
Kvatresín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Einungis til notkunar sem rotvarnarefni með styrk upp að 0,5%
Kvillæjasapótín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Lanóínalkóhól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Levómetadon	Dýr af hestaætt	Eingöngu til inngjafar í bláæð
Lífræn joðsambönd -Joðform -Joðóform -pólývínýlþýrróliðon-joð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
L-vínsýra og ein- og tvíbasísk natríum-, kalíum- og kalsíumsölt hennar	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Til nota sem burðarefni
Lesírelín	Nautgripir, kanínur, dýr af hestaætt	
Levópýroxín	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Lídókain	Dýr af hestaætt	Aðeins ætlað til stað- eða svæðisbundinnar deyfingar
Línolía (<i>Lini oleum</i>)	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Loshormón gónadótrófins	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Lóbélín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Lúprostíól	Allar spendýrategundir	
Leysiormón gónadótróþíns	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Mangankarbnát	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Eingöngu til inngjafar
Manganklórlíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Eingöngu til inngjafar
Manganglúkonat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Eingöngu til inngjafar
Manganglýserófosfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Eingöngu til inngjafar
Manganoxíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Eingöngu til inngjafar
Manganpíðolat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Eingöngu til inngjafar
Manganríbónúkleat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Eingöngu til inngjafar
Mangansúlfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Eingöngu til inngjafar
Manna kóríongónadótróþín* (HCG)	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Einungis til lækninga og dýratæknilegra nota.
<i>Matricariae flos</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Medroxýprógesteón asetat	Sauðfé	Til notkunar í leggöng og einungis í tengslum við dýrækt
Melatónín	Sauðfé, geitur	
<i>Melissae folium</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
<i>Menadion</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Menbútón	Nautgripir, sauðfé, geitur, svín, dýr af hestaætt	
Mentól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Mepívakain	Dýr af hestaætt	Eingöngu til nota sem staðdeyfilyf í liði og sem utanbastsdeyfing
Merkaptamínhydrolklóríð	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Mesillínam	Nautgripir	Aðeins til nota í leg kúa
Metýlníklótínat	Nautgripir, dýr af hestaætt	Aðeins til staðbundinnar notkunar

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Metýlsalisýlat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis nema fiskur	Eingöngu til staðbundinnar notkunar
<i>Millefolii herba</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Mjólkursýra	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Moldarsýrur (humid acids) og natríumsölt þeirra	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til inngjafar
Natamýsín	Nautgripir, dýr af hestaætt	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Natríum-2-metýl-2-fenoxýprópanóat	Nautgripir, svín, geitur, dýr af hestaætt	
Natríum-bensýl-4-hýdroxýbensóat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Natríum-bútýl-4-hýdroxýbensóat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Natríumsalisýlat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis nema fiskur	Eingöngu til staðbundinnar notkunar
Natríumsetósterýlsúlfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Natríumtósýlklóramíð	Fiskar	Aðeins til nota í vatni
N-bútan	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
N-bútanól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota sem burðarefni
Neóstigín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Nikóboxíl	Dýr af hestaætt	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Nómivamíð	Dýr af hestaætt	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Nóvóbíósín	Nautgripir	Aðeins til nota í mjólkurkirtla og fyrir alla vefi og afurðir nema mjólk
Óleylóleat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Ólífræn vetniskolefni, lítil eða mikil seigja, að örkristölluðu vaxi meðtöldu, u.þ.b. C10-C60; alífatísk sambönd, sundurgreind alífatísk sambönd og alíhringasambönd	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Að undanskildum arómatískum og ómettuðum efnasamböndum.
Oxýtósín	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Quercus cortex</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Pankreatín	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Papaín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Papaverín	Nautgripir	Eingöngu nýfæddir kálfar
Parasetamól	Svín	Aðeins til inngjafar
Parkónasól	Perluhænsn	
Peredíksýra	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Parkónasól	Perluhænsn	
Píperasínðihýdróklóríð	Kjúklingar	Fyrir alla vefi og afurðir nema egg
Píperónýlbútoxíð	Nautgripir, sauðfé, geitur, dýr af hestaætt	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Pólíkresúlen	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Pólýetýlenglýkól-15-hýdroxýsterat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota sem burðarefni
Pólýetýlenglýkól-7-glýserýlkókóat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
Pólýetýlenglýkól-steröt með 8 – 40 oxýetýlen-einingum	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota sem burðarefni
Pólýoxýllaxerolía með 30 til 40 oxýetýleneiningum	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota sem burðarefni
Hert pólýoxýllaxerolía með 40 til 60 oxýetýleneiningum	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota sem burðarefni
Prasíkvantel	Dýr af hestaætt Sauðfé	Aðeins fyrir kindur sem eru ekki mjólkandi
Pretkamíð (krótetamíð og króprópamíð)	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Prókaín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Própan	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Própylenglykól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Pýrantelembónat	Dýr af hestaætt	
Rifaximín	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis Nautgripir	Aðeins til staðbundinnar notkunar Einungis til nota í mjólkurkirtla – nema þegar nota má júgríð til manneldis – og í leg.
R-klóprostenól	Nautgripir, svín, dýr af hestaætt	
Romifidín*	Dýr af hestaætt	Einungis til lækninga og dýratæknilegra nota.
<i>Rosmarini folium</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Salísýlsýra	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis nema fiskur	Eingöngu til staðbundinnar notkunar
<i>Salviae folium</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Sambuci flos</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Sefaloníum	Nautgripir	Aðeins til nota í mjólkurkirtla og til augnmeðferðar og fyrir alla vefi og afurðir nema mjólk
Sefasetríl	Nautgripir	Aðeins til nota í mjólkurkirtla og fyrir alla vefi og afurðir nema mjólk
Sefasólín	Nautgripir, sauðfé, geitur	Einungis til nota í mjólkurkirtla (nema þegar nota má júgríð til manneldis)
Sefóperasón	Nautgripir	Eingöngu til nota í mjólkurkirtla mjólkandi kúa og fyrir alla vefi og afurðir nema mjólk
Setósterýlalkóhól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Setrímið	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Sinkaspartat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Sódfum boróformíat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Sómatósalm	Lax	
Stríknín	Nautgripir	Aðeins til inngjafar í skammti að 0,1 mg stríkníns/kg líkamsþyngdar
Súlfógæjakóll	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Tannín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Tá-flúvalíant		
Terpínhydrat	Nautgripir, svín, sauðfé, geitur	
Tetrakaín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Eingöngu ætlað til nota sem staðeyfilyf
<i>Tiliae flos</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Tíaprost	Nautgripir, sauðfé, svín, dýr af hestaætt	
Tímerefónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Einungis til notkunar sem rot-varnarefni í fjölskammta bólu efni, enda fari styrkur ekki yfir 0,02%
Tóldímfos	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Tríkaínmesílat	Fiskar	Eingöngu til nota í vatni
Tríklórmetíasið	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk
Trímetylfílóroglúsínól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Urticae herba</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Vetrabútínhydróklóríð	Svín	
Vinkamín	Nautgripir	Eingöngu ætlað nýfæddum kálfum
Xýlasínhydróklóríð	Nautgripir, dýr af hestaætt	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólk
Þeóbróm	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Þeófyllín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Þamýlal	Allar tegundir spendýra sem gefa af sér afurðir til manneldis	Eingöngu til inngjafar í bláæð

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Þíómersal	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Einungis til notkunar sem rot-varnarefni í fjölskammta bólu efni, enda fari styrkur ekki yfir 0,02%
Þrópentall sodíum	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	Aðeins til inngjafar í bláæð
Þýmól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Æðabelgskynhormónavaki manna (HCG)	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	

(*) Stjtið. EB nr. L 125, 23.5. 1996, bls. 3.

3. Efni sem almennt eru talin skaðlaus

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Absintíumseyði	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Adenósín og 5'-mónó-, 5'-dí- og 5'-trífosföt þess	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Adrenalín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Alanín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Ammóníumsúlfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Argínín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Asetýlmeþjónín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Asparagín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Asparssýra	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Alhýdroxíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Álmónósterat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Bensólíbensóat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Bensýl p-hýdroxýbensóat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Díetýlsebakat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Dímektíón	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Dímetylasetamíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Dímetylsúlfoxíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Eggbússtýrihormón (ESH) (náttúrulegt ESH úr öllum tegundum og nýmyndanir þeirra)	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Eitýlendíamíntetraedíksýra og sölt hennar	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Eitýlóeat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Eukalyptól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Fenýlalanín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Formaldehýð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Glútamín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Glútamínsýra	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Glútaraldehýð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Glýsín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Gulbússtýrihormón (GSH) (náttúrulegt GSH úr öllum tegundum og nýmyndanir þeirra)	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Gvanósín og 5'-mónó-, 5'-dí- og 5'-trífosföt þess	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Gvæjakól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Heparín og sölt þess	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Hístídín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Hýalúronsýra	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Inósín og 5'-mónó-, 5'-dí- og 5'-trífosföt þess	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Inósítól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Ísólevsín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Ísóprópanól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Járnammóníumsítrat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	
Járdextran	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til mannelis	

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Járnglúkóheptónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Kalsíumbóróglúkónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Kalsíumsítrat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Kamfóra	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til notkunar útvortis
Kardemommuseyði	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Karnítín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Kólín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Kýmótrypsín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Landólín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Levsín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Lýsín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Magnesiumglúkónat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Magnesiumhýpófosfít	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Magnesiumklóríð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Mannítól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Maurasýra	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Metónín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Metýlbensóat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Montaníð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Mónóbíóglýseról	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Mýglýól	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Natríumdíoktýlsúlfósúksínat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Natríumformaldehýðsúlfoxýlat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Natríumklóríð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Natríumkrómóglýkat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Natríumlárylsúlfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Natríumpýrósulífít	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Natríumsterat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Natríumpíósúlfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Orgótín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Ornitín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Órótínsýra	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Pepsín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Póloxalen	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Póloxamer	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Pólýetýlenglýkól (með mólþunga frá 200 upp í 10 000)	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Pólýsorbat 80	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Prólín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Serín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Serótónín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Sinkoxíð	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Sinksúlfat	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Sítrúllín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Systeín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Sýtidín og 5'-mónó, 5'-dí- og 5'-trífosföt þess	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Thýmídín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Tragakant	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Trypsín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Trýptófan	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Týrósín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Úridín og 5'-mónó, 5'-dí- og 5'-trífosföt þess	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Valín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Þíoktínsýra	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Þreónín	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Þvagefni	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
Æðabælgskynhormónnavaki manna (HCG) (náttúrulegt HCG og nýmyndanir þess)	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	

4. Efni sem eru notuð í smáskammtadýralyf (hómópatadýralyf)

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
<i>Adonis vernalis</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Eingöngu til nota í smáskammtadýralyf sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár fyrir smáskammtalyf, að því tilskildu að styrkleiki í afurðunum sé ekki meiri en einn hundraðshluti.
<i>Aesculus hippocastanum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópatadýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra fari ekki yfir 1:10
<i>Agnus castus</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópatadýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Ailanthus altissima</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópatadýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Allium cepa</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópatadýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Aqua levici</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Eingöngu til nota í smáskammtadýralyf sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár fyrir smáskammtalyf
<i>Apogonum cannabinum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Eingöngu til nota í smáskammtadýralyf sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár fyrir smáskammtalyf, að því tilskildu að styrkleiki í afurðunum sé ekki meiri en einn hundraðshluti. Eingöngu til munninnjafar
<i>Arnicae radix</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópatadýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra fari ekki yfir 1:10
<i>Artemisia abrotanum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópatadýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Atropa belladonna</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Eingöngu til nota í smáskammtadýralyf sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár fyrir smáskammtalyf, að því tilskildu að styrkleiki í afurðunum sé ekki meiri en einn hundraðshluti.
<i>Bellis perennis</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópatadýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
<i>Calendula officinalis</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrárám hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra fari ekki yfir 1:10
<i>Camphora</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Eingöngu til nota í smáskammtadýralyf sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrárám fyrir smáskammtalyf, að því tilskildu að styrkleiki í afurðunum sé ekki meiri en einn hundraðshluti.
<i>Cardiospermum haliacacabum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrárám hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Convallaria majalis</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Eingöngu til nota í smáskammtadýralyf sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrárám fyrir smáskammtalyf, að því tilskildu að styrkleiki í afurðunum sé ekki meiri en einn hundraðshluti.
<i>Crataegus</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrárám hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Echinacea</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrárám hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni. Aðeins til staðbundinnar notkunar Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrárám hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra fari ekki yfir 1:10
<i>Eucalyptus globulus</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrárám hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Euphrasia officinalis</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrárám hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Ginkgo biloba</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrárám hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra fari ekki yfir 1:1000
<i>Ginseng</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrárám hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
<i>Hamamelis virginiana</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrá hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra fari ekki yfir 1:10
<i>Harpagophytum procumbens</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrá hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Harunga madagascariensis</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Eingöngu til nota í smáskammtadýralyf sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrá fyrir smáskammtalyf, að því tilskildu að styrkleiki í afurðunum sé ekki meiri en einn þúsundahluti.
<i>Hypericum perforatum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrá hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Lachnantes tinctoria</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrá hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra fari ekki yfir 1:1000
<i>Lobaria pulmonaria</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrá hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Okoubaka aubrevillei</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrá hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Phytolacca americana</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrá hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra fari ekki yfir 1:1000
<i>Prunus laurocerasus</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópataðýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrá hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra fari ekki yfir 1:1000
<i>Ruta graveolens</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Eingöngu til nota í smáskammtadýralyf sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrá fyrir smáskammtalyf, að því tilskildu að styrkleiki í afurðunum sé ekki meiri en einn þúsundahluti. Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólki
<i>Selenicereus grandiflorus</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Eingöngu til nota í smáskammtadýralyf sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrá fyrir smáskammtalyf, að því tilskildu að styrkleiki í afurðunum sé ekki meiri en einn hundraðshluti.

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
<i>Serenoa repens</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópata-dýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Silybum marianum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópata-dýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Solidago virgaurea</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópata-dýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Syzygium cumini</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópata-dýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Thuja occidentalis</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Eingöngu til nota í smáskammtadýralyf sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár fyrir smáskammtalyf, að því tilskildu að styrkleiki í afurðunum sé ekki meiri en einn hundraðshluti.
<i>Turnera diffusa</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópata-dýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
<i>Urginea maritima</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Eingöngu til nota í smáskammtadýralyf sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár fyrir smáskammtalyf, að því tilskildu að styrkleiki í afurðunum sé ekki meiri en einn hundraðshluti. Eingöngu til inngjafar
<i>Viola sebifera</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Eingöngu til nota í smáskammtadýralyf sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár fyrir smáskammtalyf, að því tilskildu að styrkleiki í afurðunum sé ekki meiri en einn hundraðshluti.
<i>Viscum album</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota í smáskammtadýralyf (hómópata-dýralyf), sem búin eru til samkvæmt lyfjaskrár hómópata, að því tilskildu að styrkur þeirra svari til stofntinktúrunnar og þynninga af henni
Öll efni sem notuð eru í smáskammtadýralyf (hómópata-dýralyf), að því tilskildu að styrkur þeirra fari ekki yfir 1:10 000	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	

5. Efni notuð sem aukaefni í matvæli

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Efni með E-númeri	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Einungis efni viðurkennd sem aukaefni í matvæli að undan- skildum rotvarnarefnum sem eru talin upp í C-hluta III. viðauka við tilskipun ráðsins 95/2/EB (*)
(*) Stjttð. EB nr. L 61, 18. 3. 1995, bls. 1		

6. Efni úr jurtaríkinu

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Lyf úr blaðliljusafa (aloes), úr barbadosblaðlilju og suðurfrískum blaðliljum, staðlaður, þurr kjarni úr þeim og blöndur úr honum	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
Afurðir fengnar með oxun á <i>terebinthinæ oleum</i>	Nautgripir, svín, sauðfé, geitur	
<i>Aloe vera</i> -hlaup og kjarni úr heilum laufblöðum af <i>aloe vera</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Angelicae radix aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Anisi aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Anisi stellati fructus</i> , staðlaður kjarni og blöndur af honum	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Arnica montana (arnicae flos og arnicae planta tota)</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Balsamum peruvianum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Boldo folium</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Calendulae flos</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Capsici fructus acer</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Carlinae radix</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Chrysanthemi cinerariifolii flos</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Carvi aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Caryophylli aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Centellae asiaticae extractum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Cimicifugae racemosae rhizoma</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér neyslumjólki
<i>Cinchonae cortex</i> , staðlaður kjarni og blöndur af honum	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Cinnamomi cassiae aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Cinnamomi ceylanici aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Cinnamomi cassiae cortex</i> , staðlaður kjarni og blöndur af honum	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Cinnamomi ceylanici cortex</i> , staðlaður kjarni og blöndur af honum	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Citri aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Citronellae aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Condurango cortex</i> , staðlaður kjarni og blöndur af honum	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Coriandri aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Cupressi aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Echinacea purpurea</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Eucalyptii aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Foeniculi aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	
<i>Fragulae cortex</i> , staðlaður kjarni og blöndur af honum	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneðis	

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
<i>Gentiana radix</i> , staðlaður kjarni og blöndur af honum	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Hamamelis virginiana</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Hippocastani semen</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Hyperici oleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Juniperi fructus</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Lavandulae aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Lauri folii aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Lauri fructus</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Lespedeza capitata</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Lini oleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Majoranae herba</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Matricariae flos</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Matricaria recutita</i> og blöndur af henni	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Medicago sativa extractum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Melissae aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Melissae folium</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Menthae piperitae aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Millefolii herba</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Myristicae aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins ætlað nýfæddum dýrum
<i>Prestafifilskjarni (pyrethrum)</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Quercus –börkur</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Quillaja-sapónín</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Rhei radix</i> , staðlaður kjarni og blöndur af honum	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Ricini oleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Til nota sem burðarefni
<i>Rosmarini aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Rosmarini folium</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Ruscus aculeatus</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Salviae folium</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Sambuci flos</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Sinapis nigrae semen</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Strychni semen</i>	Nautgripir, sauðfé, geitur	Aðeins til inngjafar í skammti sem jafngildir allt að 0,1 mg strikníns/kg líkamsþyngdar
<i>Symphyti radix</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til staðbundinnar notkunar á óskaddaða húð
<i>Terebinthinae aetheroleum rectificatum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Terebinthinae larcina</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Aðeins til staðbundinnar notkunar
<i>Thymi aetheroleum</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Tiliae flos</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	
<i>Urtica herba</i>	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	

III. VIÐAUKI

Skrá yfir lyfjafraeðilega virk efni, sem notuð eru í dýralyf og hámarks magn lyfjaleifa hefur verið ákveðið fyrir, til bráðabirgða.

1. Sýkingarlyf

1.2. Sýklalyf

1.2.2 Makróólíð

Lyfjafraeðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Jósamýsín	Summa allra efnaskipta-afurða með örverufræðilegri virkni, gefin upp sem jósamýsín	Svín	400 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 2002
			200 µg/kg	Lifur, vöðvi	
			200 µg/kg	Húð og fita	
Jósamýsín	Jósamýsín	Kjúklingar	400 µg/kg	Nýra	
			200 µg/kg	Lifur, vöðvi	
			200 µg/kg	Fita	
			200 µg/kg	Egg	

1.2.5 Aminóglýsíð

Lyfjafraeðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Dihýdróstreptómýsín	Dihýdróstreptómýsín	Nautgripir, sauðfé, svín	1000 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 2002
			500 µg/kg	Vöðvi, lifur, fita	
		Nautgripir, sauðfé	200 µg/kg	Mjólk	
Gentamýsín	Gentamýsín	Nautgripir, svín	750 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 2002
			200 µg/kg	Lifur	
			50 µg/kg	Vöðvi, fita	
Kanamýsín	Kanamýsín	Kanínur	100 µg/kg	Vöðvi, fita	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. janúar 2002
			600 µg/kg	Lifur	
			2500 µg/kg	Nýra	
		Nautgripir, sauðfé	100 µg/kg	Vöðvi, fita	
			600 µg/kg	Lifur	
			2500 µg/kg	Nýra	
		Svín, kjúklingar	150 µg/kg	Mjólk	
100 µg/kg	Vöðvi, húð og fita				
Neómýsín (einnig framýsetín)	Neómýsín B	Nautgripir, svín, kjúklingar,	5000 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 2002
			500 µg/kg	Vöðvi, lifur, fita	
		Nautgripir	500 µg/kg	Mjólk	
		Kjúklingar	500 µg/kg	Egg	
Spektínómýsín	Spektínómýsín	Sauðfé Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis	5000 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. janúar 2002
			2000 µg/kg	Lifur	
			300 µg/kg	Vöðvi	
			500 µg/kg	Fita	
		Kjúklingar	200 µg/kg	Egg	

Lyfjafraeðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Streptómýsín	Streptómýsín	Nautgripir, sauðfé	1000 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 2002
			500 µg/kg	Vöðvi, lifur, fita	
			200 µg/kg	Mjólk	
		Svín	1000 µg/kg	Nýra	
			500 µg/kg	Vöðvi, lifur, húð og fita	

1.2.9. Fjölmyxín

Lyfjafraeðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Kólistín	Kólistín	Nautgripir, sauðfé, svín, kjúklingar og kanínur	200 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 2002
			150 µg/kg	Lifur, vöðvi, fita	
		Nautgripir, sauðfé	50 µg/kg	Mjólk	
		Kjúklingar	300 µg/kg	Egg	

2. Sníklalyf

2.1. Innsníklalyf

2.1.1. Fenólafleiður, þar með talin salísýlaníð

Lyfjafraeðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Oxýklósaníð	Oxýklósaníð	Nautgripir, sauðfé	500 µg/kg	Lifur	Bráðabirgð MRL fellur úr gildi 1. júlí 2002
			100 µg/kg	Nýra	
			20 µg/kg	Vöðvi, fita	
		Nautgripir	10 µg/kg	Mjólk	

2.1.2. Bensímídasól- og pró-bensímídasól

Lyfjafraeðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Mebendasól	Summa mebendasóls, metýl (5-1-hýdroxý-1-fenýl) metýl-1H-bensímídasól-2-ýl) karbamats og (2-amínó-1H-bensímídasól-5-ýl) fenýl-metanons, gefið upp sem mebenda-sóljafngildi	Sauðfé, geitur, dýr af hestaætt Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis	400 µg/kg	Lifur	Bráðabirgð MRL fellur úr gildi 1. janúar 2002
			60 µg/kg	Nýra, vöðvi, fita	

2.2. Útsníklalyf

2.2.3. Pýretrín og pýretróíð

Lyfjafraeðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvæfur	Önnur ákvæði
Alfasýpermetrín	Sýpermetrín (summa myndbrigða)	Nautgripir, sauðfé	20 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. janúar 2002
			200 µg/kg	Fita	
		Virða ber frekari ákvæði í tilskipun ráðsins 93/57/EB	20 µg/kg	Mjólk	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
		Kjúklingar	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, egg, húð og fita	
Deltametrín	Deltametrín	Fiskar	10 µg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. janúar 2002
Sýpermetrín	Sýpermetrín (summa myndbrigða)	Nautgripir, sauðfé, geitur	20 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. janúar 2002
			200 µg/kg	Fita	
		Kjúklingar	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, egg, húð og fita	Virða ber frekari ákvæði í tilskipun ráðsins 93/57/EB
			Svín	20 µg/kg	
		Laxfiskar	200 µg/kg	Nýra	
50 µg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum				

2.4. Frumdýrallyf

2.4.1. Karbanilíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Ímídókarb	Ímídókarb	Nautgripir, sauðfé	300 µg/kg	Vöðvi	Bráðabirgðagildi MRL fellur úr gildi 1. janúar 2002
			50 µg/kg	Fita	
			2000 µg/kg	Lifur	
			1500 µg/kg	Nýra	
			50 µg/kg	Mjólk	

2.4.4. Önnur frumdýrallyf

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Amprólíum	Amprólíum	Kjúklingar, kalkúnar	200 µg/kg	Vöðvi, lifur, húð og fita	Bráðabirgðagildi MRL fellur úr gildi 1. janúar 2002
			400 µg/kg	Nýra	
			1000 µg/kg	Egg	

IV. VIÐAUKI

Skrá yfir lyfjafræðilega virk efni sem ekki er hægt að ákvarða hámarks magn leifa fyrir.

- Nítrófúran, ásamt fúrasólídon
- Rónidasól
- Dapsón
- Klóramfenikól
- Kolsísín
- Klóprómasín
- Klóróform
- Metrónidasól
- Tóbakspíputegundir (*Aristolochia* spp.) og efnablöndur úr þeim
- Dímetrídásól

V. VIÐAUKI

(sbr. br. nr. 762/92/EBE)

Upplýsingar og gögn er fylgja skulu beiðni um ákvörðun á hámarks magni leifa lyfjafræðilega virks efnis sem notað er í dýralyf.**Yfirlitsgögn:**

1. Nafn umsækjanda eða firmaheiti og lögheimili.
2. Heiti dýralyfsins.
3. Heiti og magn virkra efna í lyfinu ásamt alþjóðlegu samheiti sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur samþykkt, sé það til.
4. Framleiðsluleyfi, ef það hefur verið veitt.
5. Markaðsleyfi, ef það hefur verið veitt.
6. Samantekt á eiginleikum dýralyfsins (-lyfjanna), unnin í samræmi við a. lið 5. gr. tilskipunar 81/851/EBE.
 - A. Upplýsingagögn um öryggi
 - A.0. Skýrsla sérfræðings
 - A.1. Nákvæm sannkenni efnisins sem umsóknin varðar,
 - 1.1. Alþjóðlegt samheiti (INN).
 - 1.2. Heiti samkvæmt International Union of Pure and Applied Chemistry (IUPAC).
 - 1.3. Heiti samkvæmt Chemical Abstract Service (CAS).
 - 1.4. Flokkun:
 - lækningaleg,
 - lyfjafræðileg.
 - 1.5. Samheiti og skammstafanir.
 - 1.6. Byggingarformúla.
 - 1.7. Sameindaformúla.
 - 1.8. Mólmassi.
 - 1.9. Hreinleikastig.
 - 1.10. Tegund og magn óhreininda.
 - 1.11. Lýsing á eðlisfræðilegum eiginleikum:
 - bræðslumark,
 - suðumark,
 - gufuþrýstingur,
 - leysni í vatni og lífrænum leysiefnum, greint í g/l, ásamt hitastigi,
 - þéttni,
 - brotstuðull, snúningur o.s.frv.
 - A.2. Viðeigandi lyfjafræðilegar rannsóknir
 - 2.1. Lyfjahvarfafræði.
 - 2.2. Lyfhrifafræði.
 - A.3. Eiturefnafræðilegar rannsóknir
 - 3.1. Eiturhrif eftir einn skammt.
 - 3.2. Eiturhrif eftir endurtekna skammta.
 - 3.3. Þol hjá dýrategund sem lyfið er ætlað.
 - 3.4. Áhrif eitrunar á æxlun, þar með talinn vansköpun fósturs.
 - 3.4.1 Rannsókn áhrifa á æxlun.
 - 3.4.2 Eituráhrif á fósturvísi/fóstur, þar með talinn vanskapnaður.
 - 3.5. Stökkbreytivaldar.
 - 3.6. Krabbameinsvaldar.

A.4. Rannsóknir á öðrum verkunum

4.1. Eituráhrif á ónæmiskerfið.

4.2. Örverufræðileg áhrif lyfjaleifa:

4.2.1. á þarmaflóru manna;

4.2.2. á lífverur og örverur sem notaðar eru í matvælaframleiðslu.

4.3. Áhrif á menn.

B. Upplýsingagögn um lyfjaleifar

B.0. Skýrsla sérfræðings

B.1. Nákvæm sannkenni efnisins sem umsóknin varðar

Efni skal sannkennt í samræmi við atriði A.1. Þó skal, þegar umsóknin tekur til eins eða fleiri dýralyfja, tilgreina ítarlega sannkenni lyfsins sjálfs, þar með talið:

--- Heiti efna og magn þeirra;

--- hreinleiki;

--- auðkenni framleiðslulotunnar sem notuð er við rannsóknirnar; tengsl hennar við fullunnið lyfið;

--- eðlisvirkni og hreinleiki geislamerktra efna;

--- staðsetning merktra frumeinda í sameindinni.

B.2. Rannsóknir á lyfjaleifum

2.1. Lyfjahvarfafræði (frásög, dreifing, umbrot, útskilnaður).

2.2. Brotthvarf lyfjaleifa.

2.3. Útreikningar og skýringar á hámarks magni leifa (MRL).

B.3. Venjubundin greiningaraðferð við athugun á lyfjaleifum

3.1. Lýsing á aðferðinni.

3.2. Gilding aðferðarinnar.

3.2.1. sérhæfni;

3.2.2. nákvæmni, þar með talið næmi;

3.2.3. samkvæmni;

3.2.4. greiningarmörk;

3.2.5. magngreiningarmörk;

3.2.6. notagildi og notkunarsvið við venjuleg skilyrði á rannsóknarstofu;

3.2.7. næmi fyrir truflunum.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. k bætist við ný grein, 2. gr. l, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2000 frá 22. desember 2000 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2658/2000 frá 29. nóvember 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Við birtingu reglugerðar þessarar er felldur úr gildi f-liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993 varðandi upptöku reglugerðar nr. 417/85/EBE í íslenskan rétt, sbr. efnislega breytingu á EBE-gerðinni með b-lið 2. gr. reglugerðar nr. 375/1994 og framlengingu á henni með reglugerð nr. 755/1997, sbr. 2. tölul. inngangsákvæða EB-gerðarinnar.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á 6. lið XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB (ákvörðunin í tölublaði nr. 9/2001, bls. 5-6). EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 23. ágúst 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2658/2000**

frá 29. nóvember 2000

um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2821/71 frá 20. desember 1971 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum c-lið 1. mgr. 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2821/71 er framkvæmdastjórninni heimilt að beita 3. mgr. 81. gr. sáttmálans (áður 3. mgr. 85. gr.), með reglugerð, gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða sem falla undir gildissvið 1. mgr. 81. gr. og snúast um sérhæfingu, þ.á.m. nauðsynlegir samningar til að ná fram sérhæfingu.
- 2) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2821/71 hefur framkvæmdastjórnin meðal annars samþykkt reglugerð (EBE) nr. 417/85 frá 19. desember 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um sérhæfingu ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2236/97 ⁽⁴⁾. Reglugerð (EBE) nr. 417/85 fellur úr gildi 31. desember 2000.
- 3) Ný reglugerð verður að standast þau tvö skilyrði að tryggja skilvirka vernd samkeppni og að veita fyrirtækjum nægilegt réttaröryggi. Þegar unnið er að þessum markmiðum ber að taka mið af því að einfalda þarf stjórnsýslueftirlitið og lagarammann eins og framast er unnt. Þegar um er að ræða samninga um sérhæfingu milli aðila sem ná ekki tilteknum markaðsitökum má almennt reikna með, að því er varðar beitingu 3. mgr. 81. gr., að jákvæð áhrif samninga um sérhæfingu vegi upp á móti neikvæðum áhrifum þeirra á samkeppni.
- 4) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2821/71 skal í undanþágureglugerð framkvæmdastjórnarinnar skilgreina þá flokka samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða sem hún tekur til, tilgreina

takmarkanir eða ákvæði sem heimilt er eða óheimilt að setja í samninga og ákvarðanir og vegna samstilltra aðgerða og tilgreina ákvæði, sem á að setja í samninga og ákvarðanir og vegna samstilltra aðgerða, eða önnur skilyrði sem ber að uppfylla.

- 5) Það er við hæfi að leggja niður þá aðferð að telja upp undanþáguákvæði en leggja meiri áherslu á að skilgreina þá flokka samninga sem eru undanþegnir ef tilteknum markaðsitökum hefur ekki verið náð og tilgreina hvaða takmarkanir eða ákvæði mega ekki vera í slíkum samningum. Þetta er í samræmi við nálgun sem byggist á efnahagslegum forsendum og mati á áhrifum samninga á viðeigandi markað.
- 6) Að því er varðar beitingu 3. mgr. 81. gr. með reglugerð er ekki nauðsynlegt að skilgreina þá samninga sem gætu fallið undir 1. mgr. 81. gr. Við mat á einstökum samningum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr., ber að taka tillit til ýmissa þátta, einkum gerðar viðkomandi markaðar.
- 7) Veiting hópundanþágu ætti að takmarkast við þá samninga sem telja má nokkuð víst að fullnægi skilyrðum 3. mgr. 81. gr.
- 8) Samningar um sérhæfingu bæta yfirleitt framleiðslu eða dreifingu vara þar eð fyrirtækin, sem í hlut eiga, geta þá einbeitt sér að framleiðslu tiltekinnna vara og þar með aukið hagkvæmni og selt vörurnar á lægra verði en ella. Einnig má segja að samningar um sérhæfingu í þjónustustarfsemi séu almennt til bóta. Neytendur fá að líkindum sanngjarnan hlut í þeim ávinningi sem af hlýst, enda sé samkeppni virk.
- 9) Unnt er að ná slíkri hagræðingu hvort sem er með samningum þar sem einn samningsaðila hættir framleiðslu ákveðinna vara eða ákveðinni þjónustustarfsemi og felur hana öðrum („einhlíða sérhæfing“), samningum þar sem hver samningsaðili hættir framleiðslu ákveðinna vara eða ákveðinni þjónustustarfsemi og felur hana öðrum („gagnkvæm sérhæfing“) eða samningum þar sem samningsaðilarnir semja um sameiginlega framleiðslu á tilteknum vörum eða að veita tiltekna þjónustu sameiginlega („sameiginleg framleiðsla“).

⁽¹⁾ Stjótíð. EB L 285, 29.12.1971, bls. 46.

⁽²⁾ Stjótíð. EB C 118, 27.4.2000, bls. 3.

⁽³⁾ Stjótíð. EB L 53, 22.2.1985, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjótíð. EB L 306, 11.11.1997, bls. 12.

- 10) Þar eð samningar um einhliða sérhæfingu milli fyrirtækja, sem eiga ekki í samkeppni, gætu fallið undir hópundanþágu samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lódrétttra samninga og samstilltra aðgerða⁽¹⁾ skal takmarka beitingu þessarar reglugerðar, að því er varðar samninga um einhliða sérhæfingu, við samninga milli fyrirtækja í samkeppni.
- 11) Rétt er að þessi reglugerð gildi um alla aðra samninga sem fyrirtæki gera sín í milli um skilyrðin fyrir sérhæfingu þeirra í framleiðslu vara og/eða þjónustu. Hópundanþágan ætti einnig að gilda um þau ákvæði í samningum um sérhæfingu sem fjalla ekki um meginmarkmið slíkra samninga en varða beinlínis framkvæmd þeirra og eru forsenda hennar, og um tiltekið fyrirkomulag varðandi kaup og markaðssetningu sem tengist þeim.
- 12) Til að tryggja ávinning af sérhæfingu, án þess að neinn samningsaðilinn detti út af markaðinum á einhverju stigi eftir að framleiðslu lýkur, skal þessi reglugerð því aðeins taka til samninga um einhliða og gagnkvæma sérhæfingu að í þeim séu ákvæði um kaup- og afhendingarskuldbindingar. Þessar skuldbindingar geta varðað einkaumboð en þurfa það ekki.
- 13) Þegar markaðshlutdeild samningsfyrirtækja er ekki umfram 20% má gera ráð fyrir að samningar um sérhæfingu, eins og þeir eru skilgreindir í þessari reglugerð, hafi í för með sér efnahagslegan ávinning sem kemur fram í aukinni hagkvæmni, að því er tekur til stærðar- eða breiddar, og bættri framleiðslutækni og tryggi neytendum sanngjarnan hlut í þeim ávinningi sem af hlýst.
- 14) Ekki ætti í þessari reglugerð að veita undanþágu fyrir samninga sem fela í sér takmarkanir sem eru ekki óhjákvæmileg forsenda þeirra hagstæðu áhrifa sem minnst er á hér að framan. Tilteknar alvarlegar samkeppnishömlur, sem varða verðsamráð gagnvart þriðja aðila, takmörkun á framleiðslu eða sölu og skiptingu markaða eða neytenda, skulu að meginreglu til ekki falla undir hópundanþágu samkvæmt þessari reglugerð, án tillits til markaðshlutdeildar hluteigandi fyrirtækja.
- 15) Takmörkun á markaðshlutdeild, sú staðreynd að tilteknir samningar fá ekki undanþágu og skilyrðin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru að jafnaði trygging fyrir því að samningsfyrirtækin geti ekki, með samningum sem falla undir hópundanþágu, útrýmt samkeppni að því er tekur til verulegs hluta þeirra vara eða þjónustu sem um er að ræða.
- 16) Í ákveðnum tilvikum, þar sem samningar, sem falla undir þessa reglugerð, hafa engu að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, er framkvæmdastjórninni heimilt að fella niður hópundanþágu.
- 17) Til að greiða fyrir gerð samninga um sérhæfingu sem geta haft áhrif á uppbyggingu samningsfyrirtækjanna er rétt að láta reglugerðina gilda í tíu ár.
- 18) Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á beitingu 82. gr. sáttmálans.
- 19) Í samræmi við meginregluna um forgang bandalagslaga skal engin ráðstöfun, sem gerð er samkvæmt innlendum lögum, hindra samræmda beitingu samkeppnisreglna á sameiginlega markaðinum né full áhrif þeirra ráðstafana sem samþykktar eru til að framfylgja þessum reglum, þar með talin þessi reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Undanþága

1. Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. sáttmálans og með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar er því hér með lýst yfir að 1. mgr. 81. gr. gildir ekki um eftirfarandi samninga sem tvö eða fleiri fyrirtæki (hér á eftir nefnd „samningsaðilar“) gera sín í milli og varða skilyrðin fyrir sérhæfingu þessara fyrirtækja í framleiðslu vara (hér á eftir nefndir „samningar um sérhæfingu“):

- a) einhliða samningar um sérhæfingu en samkvæmt þeim samþykkir einn samningsaðilinn að hætta framleiðslu tiltekinna vara eða láta hjá líða að framleiða þessar vörur og kaupa þær frá fyrirtæki sem hann er í samkeppni við en samkeppnisfyrirtækið samþykkir að framleiða og afhenda þessar vörur; eða
- b) samningar um gagnkvæma sérhæfingu en samkvæmt þeim samþykkja tveir eða fleiri samningsaðilar að hætta eða láta hjá líða að framleiða tilteknar vörur, sem eru mismunandi, og að kaupa þessar vörur frá hinum samningsaðilunum sem samþykkja að afhenda þær; eða
- c) samningar um sameiginlega framleiðslu en samkvæmt þeim samþykkja tveir eða fleiri samningsaðilar að framleiða tilteknar vörur í sameiningu.

Þessi undanþága skal gilda að því marki sem slíkir samningar um sérhæfingu innihalda samkeppnishömlur sem falla undir gildissvið 1. mgr. 81. gr. sáttmálans.

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir einnig um þau ákvæði samninga um sérhæfingu sem fjalla ekki um meginmarkmið slíkra samninga en varða beinlínis framkvæmd þeirra og eru forsenda hennar, svo sem ákvæði um framsal eða notkun hugverkaréttinda.

(¹) Stjótið. EB L 336. 29.12.1999, bls. 21.

Fyrsta undirgrein tekur þó ekki til ákvæða sem hafa sama markmið og samkeppnishömlurnar sem eru taldar upp í 1. mgr. 5. gr.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „samningur“: samningur, ákvörðun samtaka fyrirtækja eða samstilltar aðgerðir;
2. „sanningsfyrirtæki“: fyrirtæki sem eiga aðild að samningi sem og tengd fyrirtæki þeirra;
3. „tengd fyrirtæki“:
 - a) fyrirtæki þar sem sanningsaðili, beint eða óbeint:
 - i) ræður yfir meirihluta atkvæða, eða
 - ii) getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækisins eða hjá aðilum sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins, eða
 - iii) á rétt á að stýra rekstri fyrirtækisins;
 - b) fyrirtæki sem hafa beint eða óbeint einhver þau réttindi eða völd, sem um getur í a-lið, í fyrirtæki sem á aðild að samningnum;
 - c) fyrirtæki þar sem fyrirtæki, sem um getur í b-lið, hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem talin eru upp í a-lið;
 - d) fyrirtæki þar sem sanningsaðili og eitt eða fleiri fyrirtækjanna, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum, hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið;
 - e) fyrirtæki þar sem þau réttindi og völd, sem eru talin upp í a-lið, eru sameiginlega í höndum:
 - i) sanningsaðila eða tengdra fyrirtækja hvers þeirra sem um getur í a- til d-lið; eða
 - ii) eins eða fleiri sanningsaðila eða eins eða fleiri af tengdum fyrirtækjum þeirra, sem um getur í a- til d-lið, og eins eða fleiri þriðju aðila;
4. „vara“: vara og/eða þjónusta, þar með talið bæði millistigsvörur og/eða -þjónusta og fullunnar vörur og/eða þjónusta, að dreifingar- og leigubjónustu undanskilinni;
5. „framleiðsla“: framleiðsla vara eða veiting þjónustu, þar með talið framleiðsla hjá undirverktaka;
6. „viðkomandi markaður“: viðkomandi vörumarkaður og landfræðilegur markaður fyrir vörur sem falla undir samning um sérhæfingu;
7. „fyrirtæki í samkeppni“: fyrirtæki, sem er virkt á viðkomandi markaði (raunverulegur keppinautur), eða fyrirtæki sem raunsætt er að álita að legði út í nauðsynlegar viðbótarjárfestingar eða annan

nauðsynlegan aðlögunarkostnað, sem því fylgir að komast inn á viðkomandi markað, til að bregðast við lítilli og varanlegri hækkun á hlutfallslegu verði (mögulegur keppinautur);

8. „skuldbinding um einkasölu“: skuldbinding um að afhenda ekki öðru fyrirtæki í samkeppni en aðila að samningnum vöru sem samningurinn um sérhæfingu tekur til;
9. „skuldbinding um einkakaup“: skuldbinding um að kaupa ekki vöru, sem samningurinn um sérhæfingu tekur til, frá öðrum en sanningsaðilanum sem samþykkir að útvega hana;

3. gr.

Fyrirkomulag á kaupum og markaðssetningu

Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., gildir einnig þegar:

- a) aðilar taka á sig skuldbindingu um einkakaup og/eða einkasölu í tengslum við samning um einhliða eða gagnkvæma sérhæfingu eða sameiginlega framleiðslu, eða
- b) aðilarnir selja ekki hver fyrir sig vörurnar sem samningurinn um sérhæfingu tekur til heldur koma sér saman um sameiginlega dreifingu eða, í tengslum við samning um sameiginlega framleiðslu, láta dreifinguna í hendur þriðja aðila, hvort sem um einkadreifingu er að ræða eða ekki, svo fremi þriðji aðilinn er ekki fyrirtæki í samkeppni.

4. gr.

Viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild

Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir því aðeins að samantöld markaðshlutdeild sanningsfyrirtækjanna fari ekki yfir 20% af viðkomandi markaði.

5. gr.

Samningar sem undanþágan tekur ekki til

1. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., gildir ekki um samninga sem, beint eða óbeint, einir sér eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn sanningsaðilanna, hafa að markmiði:
 - a) verðsamráð þegar vörur eru seldar til þriðju aðila;
 - b) takmörkun framleiðslu eða sölu; eða
 - c) skipting markaða eða viðskiptavina.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um:
 - a) ákvæði um samþykkt magn vara í tengslum við samninga um einhliða eða gagnkvæma sérhæfingu eða ákvörðun um afköst og umfang framleiðslu í sameiginlegu framleiðslufyrirtæki í tengslum við samninga um sameiginlega framleiðslu;

- b) ákvörðun sölumarkmiða og samráð um verð sem sameiginlegt framleiðslufyrirtæki setur upp gagnvart beinum viðskiptavinum sínum í tengslum við ákvæði b-liðar 3. gr.

6. gr.

Beiting viðmiðunarmarkna fyrir markaðshlutdeild

1. Að því er varðar beitingu viðmiðunarmarkanna fyrir markaðshlutdeild, sem kveðið er á um í 4. gr., skulu eftirfarandi reglur gilda:

- a) markaðshlutdeildin skal reiknuð á grundvelli söluandvirðis. Ef upplýsingar um söluandvirði liggja ekki fyrir má nota mat, byggt á öðrum áreiðanlegum markaðsupplýsingum, þar með talið sölumagn á markaði, til að ákvarða markaðshlutdeild hlutaðeigandi fyrirtækis;
- b) markaðshlutdeildin skal reiknuð út á grundvelli gagna frá næstliðnu almanaksári;
- c) markaðshlutdeild fyrirtækjanna, sem um getur í e-lið 3. liðar 2. gr., skal skipt jafnt milli þeirra fyrirtækja sem hafa þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið 3. liðar 2. gr.
2. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í 4. gr., er ekki meiri en 20% en eykst eftir það án þess þó að fara yfir 25% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., áfram samfellt næstu tvö almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 20% markaðshlutdeild.
3. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í 4. gr., er ekki meiri en 20% en vex síðan yfir 25% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., áfram næsta almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 25% markaðshlutdeild.
4. Óheimilt er að sameina ávinning, sem fæst á grundvelli 2. og 3. mgr., þannig að tímabilið verði lengra en tvö almanaksár.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2000.

7. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdastjórninni er heimilt að fella niður undanþágu sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð, í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2821/71, komist hún að þeirri niðurstöðu, annaðhvort að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu aðildarríkis, einstaklings eða lögpersónu sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, að í tilteknu tilviki hafi samningur, sem fellur undir undanþáguna sem kveðið er á um í 1. gr., engu að síður haft einhver þau áhrif sem samrýmast ekki skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, einkum og sér í lagi ef:

- a) samningurinn hefur ekki leitt til nægilegrar hagræðingar eða neytendur hafa ekki fengið sanngjarnan hlut í ávinningnum; eða
- b) vörurnar, sem fjallað er um í samningi um sérhæfingu, þurfa ekki í raun að keppa, á hinum sameiginlega markaði eða verulegum hluta hans, við vörur sem eru eins eða sem neytendur telja jafngildar að því er lýtur að eiginleikum, verði og ætlaðri notkun.

8. gr.

Aðlögunartími

Bann það, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, skal ekki gilda á tímabilinu frá 1. janúar 2001 til 30. júní 2002 að því er varðar samninga sem hafa öðlast gildi 31. desember 2000 og uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en sem uppfylla skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 417/85.

9. gr.

Gildistími

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Reglugerð þessi falli úr gildi 31. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. l bætist við ný grein, 2. gr. m, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2000 frá 22. desember 2000 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2659/2000 frá 29. nóvember 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Við birtingu reglugerðar þessarar er felldur úr gildi g-liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993 varðandi upptöku reglugerðar nr. 418/85/EBE í íslenskan rétt, sbr. efnislega breytingu á EBE-gerðinni með b-lið 2. gr. reglugerðar nr. 375/1994 og framlengingu á henni með reglugerð nr. 755/1997, sbr. 2. tölul. inngangsákvæða EB-gerðarinnar. Þá er reglugerð nr. 755/1997 samtímis felld úr gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á 7. lið XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB (ákvörðunin í tölublaði nr. 9/2001, bls. 5-6). EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 23. ágúst 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Pormóðsson.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2659/2000
frá 29. nóvember 2000

um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2821/71 frá 20. desember 1971 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögnum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum b-lið 1. mgr. 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnis-hömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2821/71 er framkvæmdastjórninni heimilt að beita 3. mgr. 81. gr. sáttmálans (áður 3. mgr. 85. gr.), með reglugerð, gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða sem falla undir gildissvið 1. mgr. 81. gr. og snúast um rannsóknir og þróun vara eða aðferða, áður en til notkunar í iðnaði kemur, og hagnýtingu niðurstaðna, þar með talin ákvæði um hugverkaréttindi.
- 2) Samkvæmt 2. mgr. 163. gr. sáttmálans skal bandalagið hvetja fyrirtæki, að meðtöldum þeim sem eru lítil eða meðalstór, til að starfa að metnaðarfullum rannsóknum og tækniframförum og styðja viðleitni þeirra til samstarfs. Samkvæmt ákvörðun ráðsins 1999/65/EB frá 22. desember 1998 um reglur um aðild fyrirtækja, rannsóknamiðstöðva og háskóla og reglur um miðlun rannsóknamiðurstaðna vegna framkvæmdar fimmtu rammaáætlunar Evrópubandalagsins (1998-2002) ⁽³⁾ og samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 996/1999 ⁽⁴⁾ um framkvæmd ákvörðunar 1999/65/EB skal vera samstarf um þær óbeinu aðgerðir á sviði rannsókna og tæknipróunar sem fá styrk frá fimmtu rammaáætlun bandalagsins.
- 3) Samningar um sameiginlegar rannsóknir eða þróun niðurstaðna úr rannsóknum, fram að því stigi að hægt sé að hagnýta þær við iðnaðarframleiðslu, falla yfirleitt ekki undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans. Í ákveðnum tilvikum, meðal annars þar sem samningsaðilar ákveða að stunda ekki aðrar rannsóknir og þróun á sama sviði og útiloka þar með þann möguleika að þeir nái forskoti á hina samningsaðilana, geta slíkir samningar þó fallið undir 1. mgr. 81. gr. og því ber að láta gildissvið reglugerðar þessarar ná til þeirra.
- 4) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2821/71 hefur framkvæmdastjórnin meðal annars samþykkt reglugerð (EBE) nr. 418/85 frá 19. desember 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart flokkum samninga um rannsóknir og þróun ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2236/97 ⁽⁶⁾. Reglugerð (EBE) nr. 418/85 fellur úr gildi 31. desember 2000.
- 5) Ný reglugerð verður að standast þau tvö skilyrði að tryggja skilvirka vernd samkeppni og að veita fyrirtækjum nægilegt réttaröryggi. Þegar unnið er að þessum markmiðum ber að taka mið af því að einfalda þarf stjórnáætlunir og lagarammann eins og framast er unnt. Þegar um er að ræða samninga um rannsóknir og þróun milli aðila sem ná ekki tilteknum markaðsitökum má almennt reikna með, að því er varðar beitingu 3. mgr. 81. gr., að jákvæð áhrif samninga um rannsóknir og þróun vegi upp á móti neikvæðum áhrifum þeirra á samkeppni.
- 6) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2821/71 skal í undanþágureglugerð framkvæmdastjórnarinnar skilgreina þá flokka samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða sem hún tekur til, tilgreina takmarkanir eða ákvæði sem heimilt er eða óheimilt að setja í samninga og ákvarðanir og vegna samstilltra aðgerða og tilgreina ákvæði, sem á að setja í samninga, ákvarðanir og vegna samstilltra aðgerða, eða önnur skilyrði sem ber að uppfylla.
- 7) Það er við hæfi að leggja niður þá aðferð að telja upp undanþágúkvæði en leggja meiri áherslu á að skilgreina þá flokka samninga sem eru undanþegnir ef tilteknum markaðsitökum hefur ekki verið náð og

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 285, 29.12.1971, bls. 46.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 118, 27.4.2000, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 26, 1.2.1999, bls. 46.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 122, 12.5.1999, bls. 9.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 53, 22.2.1985, bls. 5.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 306, 11.11.1997, bls. 12.

tilgreina hvaða takmarkanir eða ákvæði mega ekki vera í slíkum samningum. Þetta er í samræmi við nálgun sem byggist á efnahagslegum forsendum og mati á áhrifum samninga á viðeigandi markað.

- 8) Að því er varðar beitingu 3. mgr. 81. gr. með reglugerð er ekki nauðsynlegt að skilgreina þá samninga sem gætu fallið undir 1. mgr. 81. gr. Við mat á einstökum samningum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr., ber að taka tillit til ýmissa þátta, einkum gerðar viðkomandi markaðar.
- 9) Veiting hópundanþágu ætti að takmarkast við þá samninga sem telja má nokkuð víst að fullnægi skilyrðum 3. mgr. 81. gr.
- 10) Samvinna á sviði rannsókna og þróunar og við hagnýtingu niðurstaðna leiðir yfirleitt til fjárhagslegra og tæknilegra framfara vegna þess að fleiri geta hagnýtt sér verkunnáttu og unnt er að koma í veg fyrir tvítekningu rannsókna og þróunarstarfs, stuðlar að nýjum framförum þegar fyrirtæki bæta hvert annað upp með gagnkvæmri miðlun verkunnáttu milli samningsaðila og leiðir til hagræðingar í framleiðslu þegar beitt er aðferðum sem orðið hafa til við rannsóknir og þróunarstarf.
- 11) Sameiginleg hagnýting niðurstaðna verður að teljast eðlileg afleiðing sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs. Hún getur verið af mismunandi tagi, svo sem framleiðsla, hagnýting hugverkaréttinda, sem leiðir til verulegra tæknilegra eða efnahagslegra framfara, eða markaðssetning nýrra vara.
- 12) Neytendur njóta yfirleitt góðs af auknum og markvissari rannsóknum og þróunarstarfi þar eð nýjar eða bætta aðferðir leiða til nýrra eða betri vara og þjónustu eða lækkaðs vöruverðs.
- 13) Til að njóta ávinnings og ná markmiðum sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs ætti þessi reglugerð einnig að gilda um þau ákvæði í samningum um rannsóknir og þróun sem fjalla ekki um meginmarkmið slíkra samninga en varða beinlínis framkvæmd þeirra og eru forsenda hennar.
- 14) Til að réttlæta undanþágu skal sameiginleg hagnýting tengjast vörum eða aðferðum þar sem notkun niðurstaðna úr rannsóknum og þróunarstarfi hefur úrslitabýðingu og hver samningsaðili fær tækifæri til að hagnýta allar niðurstöður sem hann óskar eftir. Ef háskólar, rannsóknarstofnanir eða fyrirtæki, sem annast rannsóknar- og þróunarþjónustu í atvinnuskyni en nýta sér venjulega ekki niðurstöðum, taka þátt í rannsóknum og þróunarstarfi skulu þau geta samið um að nota niðurstöður rannsókna og þróunarstarfs eingöngu til frekari rannsókna. Á sama hátt geta

fyrirtæki, sem eiga ekki í samkeppni, samþykkt að takmarka rétt sinn til hagnýtingar við eitt eða fleiri tæknilegt notkunarsvið til að greiða fyrir samstarfi milli samningsaðila þar sem færni eins kemur til fyllingar færni annars.

- 15) Nauðsynlegt er að takmarka undanþáguna, sem er veitt samkvæmt þessari reglugerð, við samninga um rannsóknir og þróun sem veita fyrirtækjunum ekki færi á að útiloka samkeppni að því er varðar verulegan hluta þeirra vara eða þjónustu sem um er að ræða. Nauðsynlegt er að veita ekki hópundanþágu vegna samninga milli samkeppnisaðila ef samanlagður hlutur þeirra á markaðinum fyrir vörur eða þjónustu, sem unnt væri að bæta eða leysa af hólmum í kjölfar rannsókna og þróunarstarfs, fer yfir tiltekin mörk á þeim tíma sem samningur er gerður.
- 16) Til að tryggja að samkeppni verði áfram virk um leið og rannsóknarniðurstöður eru hagnýttar sameiginlega er nauðsynlegt að kveða á um að hópundanþágan falli niður ef samanlögð markaðshlutdeild samningsaðilanna fyrir vörum, sem tilkomnar eru vegna sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs, verður of stór. Undanþágan gildir áfram um tiltekinn tíma án tillits til markaðshlutdeildar samningsaðilanna þangað til hlutdeild þeirra er orðin stöðug, einkum þegar algjörlega ný vara hefur komið fram, og til að tryggja þeim hagnað í lágmarkstíma vegna fjárfestinga þeirra.
- 17) Ekki ætti í þessari reglugerð að veita undanþágu fyrir samninga sem fela í sér takmarkanir sem eru ekki óhjákvæmileg forsenda þeirra hagstæðu áhrifa sem minnst er á hér á undan. Tilteknar alvarlegar samkeppnishömlur, svo sem takmarkanir á frelsi samningsaðila til að vinna að rannsóknum og þróun á sviði sem tengist ekki samningnum, verðsamráð gagnvart þriðja aðila, takmörkun á framleiðslu eða sölu og skipting markaða eða neytenda og takmörkun aðgangs að óvirkri sölu á samningsvörum á yfirráðasvæðum annarra samningsaðila, skulu að meginreglu til ekki falla undir hópundanþágu samkvæmt þessari reglugerð, án tillits til markaðshlutdeildar hluteigandi fyrirtækja.
- 18) Takmörkun á markaðshlutdeild, sú staðreynd að tilteknir samningar fá ekki undanþágu og skilyrðin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru að jafnaði trygging fyrir því að samningsfyrirtækin geti ekki, með samningum sem falla undir hópundanþágu, útrýmt samkeppni að því er tekur til verulegs hluta þeirra vara eða þjónustu sem um er að ræða.
- 19) Í ákveðnum tilvikum þar sem samningar, sem falla undir þessa reglugerð, hafa engu að síður áhrif sem samrýmast ekki 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, er framkvæmdastjórninni heimilt að fella niður hópundanþágu.

- 20) Samningar milli fyrirtækja, sem eiga ekki í samkeppni um framleiðslu vara sem unnt er að bæta eða leysa af hólmi í kjölfar rannsókna og þróunar, munu eingöngu í undantekningartilvikum útrýma virkri samkeppni í rannsóknum og þróunarstarfi. Því er rétt að þessir samningar falli undir hópundanþágu, án tillits til markaðshlutdeildar, og ber að afgreiða slík undantekningartilvik með því að fella niður undanþáguna sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð.
- 21) Af því að samvinna á sviði rannsókna og þróunar felur oft í sér verkefni til langs tíma, einkum þegar samvinnan nær líka til hagnýtingar niðurstaðna, er rétt að láta reglugerðina gilda í tíu ár.
- 22) Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á beitingu 82. gr. sáttmálans.
- 23) Í samræmi við meginregluna um forgang bandalagslaga skal engin ráðstöfun, sem gerð er samkvæmt innlendum lögum, hindra samræmda beitingu samkeppnisreglna á sameiginlega markaðinum né full áhrif þeirra ráðstafana sem samþykktar eru til að framfylgja þessum reglum, þar með talin þessi reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Undanþága

1. Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. sáttmálans og með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar er því hér með lýst yfir að 1. mgr. 81. gr. gildir ekki um eftirfarandi samninga sem tvö eða fleiri fyrirtæki (hér á eftir nefnd „sanningsaðilar“) gera sín í milli og varða skilyrðin fyrir því að stunda:

- sameiginlegar rannsóknir og þróun á vörum eða aðferðum og hagnýtingu niðurstaðna rannsókna og þróunarstarfs;
- sameiginlega hagnýtingu niðurstaðna úr rannsóknum og þróun á vörum eða aðferðum sem unnið var að í sameiningu samkvæmt fyrri samningi milli sömu sanningsaðila; eða
- sameiginlegar rannsóknir og þróun á vörum eða aðferðum án hagnýtingar niðurstaðna.

Þessi undanþága gildir að því marki sem slíkir samningar (hér á eftir nefndir „samningar um rannsóknir og þróun“) innihalda samkeppnishömlur sem falla undir gildissvið 1. mgr. 81. gr. sáttmálans.

2. Undanþagan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir einnig um þau ákvæði samninga um rannsóknir og þróun sem fjalla ekki um meginmarkmið slíkra samninga en varða beinlínis framkvæmd þeirra og eru forsenda hennar, svo sem

skuldbinding um að vinna ekki sjálfstætt eða ásamt þriðju aðilum að rannsóknum og þróun á sviði sanningsins, eða á náttengu sviði, á meðan samningurinn er í gildi.

Fyrsta undirgrein tekur þó ekki til ákvæða sem hafa sama markmið og samkeppnishömlurnar sem eru taldar upp í 1. mgr. 5. gr.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „samningur“: samningur, ákvörðun samtaka fyrirtækja eða samstilltar aðgerðir;
- „sanningsfyrirtæki“: fyrirtæki sem eiga aðild að samningi um rannsóknir og þróun sem og tengd fyrirtæki þeirra;
- „tengd fyrirtæki“:
 - fyrirtæki þar sem aðili að samningi um rannsóknir og þróun, beint eða óbeint:
 - ræður yfir meirihluta atkvæða, eða
 - getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækisins eða hjá aðilum sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins, eða
 - á rétt á að stýra rekstri fyrirtækisins;
 - fyrirtæki sem hafa beint eða óbeint einhver þau réttindi eða völd, sem um getur í a-lið, í fyrirtæki sem á aðild að samningnum um rannsóknir og þróun;
 - fyrirtæki þar sem fyrirtæki, sem um getur í b-lið, hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem talin eru upp í a-lið;
 - fyrirtæki þar sem aðili að samningi um rannsóknir og þróun og eitt eða fleiri fyrirtækjanna, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum, hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið;
 - fyrirtæki þar sem þau réttindi og völd, sem eru talin upp í a-lið, eru sameiginlega í höndum:
 - aðila að samningi um rannsóknir og þróun eða tengdra fyrirtækja hvers þeirra sem um getur í a- til d-lið; eða
 - eins eða fleiri aðila að samningnum um rannsóknir og þróun eða eins eða fleiri af tengdum fyrirtækjum þeirra, sem um getur í a- til d-lið, og eins eða fleiri þriðju aðila;
- „rannsóknir og þróunarstarf“: öflun verkunnáttu sem tengist vörum eða aðferðum og fræðileg greining, kerfisbundin athugun eða tilraun, þar með talin tilraunaframleiðsla, tæknileg prófun vara eða aðferða, útvegum nauðsynlegs búnaðar og öflun hugverkaréttinda yfir niðurstöðunum;

5. „vara“: vara og/eða þjónusta, þar með talið bæði millistigsvörur og/eða þjónusta og fullunnar vörur og/eða þjónusta;
6. „sammingsaðferðir“: aðferðir sem sameiginlegar rannsóknir og þróunarstarf hafa leitt af sér;
7. „sammingsvara“: vara sem sameiginlegar rannsóknir og þróunarstarf hafa leitt af sér eða sem er framleidd eða fengin með því að beita sammingsaðferðunum;
8. „hagnýting niðurstaðna“: framleiðsla eða dreifing sammingsvara eða beiting sammingsaðferða eða veiting nýjaleysis fyrir hugverk eða miðun verkunnáttu sem þörf er á við slíka framleiðslu eða beitingu;
9. „hugverkaréttindi“: hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, höfundaréttur og skyld réttindi;
10. „verkkunnáttá“: safn hagnýtra upplýsinga sem eru ekki einkaleyfisverndaðar, eru fengnar með tilraunum og prófunum og eru leynilegar, mikilvægar og auðkenndar: í þessu samhengi merkir „leynilegar“ að verkunnáttan sé ekki almennt þekkt eða auðfengin; „mikilvægar“ merkir að í verkunnáttunni felist upplýsingar sem eru ómissandi fyrir framleiðslu sammingsvaranna eða beitingu sammingsaðferðanna; „auðkenndar“ merkir að verkunnáttunni sé lýst nægilega ítarlega til að unnt sé að sannprófa að hún uppfylli viðmiðanir fyrir leynd og mikilvægi;
11. „sameiginlegar rannsóknir og þróunarstarf“ eða „sameiginleg hagnýting niðurstaðna“: um sameiginlegar rannsóknir og þróunarstarf eða hagnýtingu niðurstaðna er að ræða þegar vinnan, sem í því felst er:
 - a) unnin af sameiginlegum hópi, samtökum eða fyrirtæki,
 - b) falin þriðja aðila í sameiningu, eða
 - c) skipt milli sammingsaðilanna þannig að þeir sérhæfi sig í rannsóknum, þróunarstarfi, framleiðslu eða dreifingu;
12. „fyrirtæki í samkeppni“: fyrirtæki, sem afhendir vörur sem unnt er að bæta eða leysa af hólmi með sammingsvörunum (raunverulegur keppinautur), eða fyrirtæki sem raunsætt er að álíta að legði út í nauðsynlegar viðbótarfjárfestingar eða annan nauðsynlegan aðlögunarkostnað, sem því fylgir að geta afhent slíka vöru, til að bregðast við litilli og varanlegri hækkun á hlutfallslegu verði (mögulegur keppinautur);
13. „viðkomandi markaður fyrir sammingsvörur“: viðkomandi vörumarkaður og landfræðilegur markaður fyrir sammingsvörur.

3. gr.

Skilyrði fyrir undanþágu

1. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., gildir með þeim skilyrðum sem sett eru í 2. til 5. mgr.
2. Allir sammingsaðilar verða að hafa aðgang að niðurstöðum sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs með frekari rannsóknir eða hagnýtingu fyrir augum. Rannsóknarstofnanir, háskólar eða fyrirtæki, sem annast

rannsóknar- og þróunarþjónustu í atvinnuskyni en hagnýta sér venjulega ekki niðurstöðurnar, geta þó samið um að nota niðurstöður rannsókna og þróunarstarfs eingöngu til frekari rannsókna.

3. Ef samningur um rannsóknir og þróun kveður aðeins á um sameiginlegar rannsóknir og þróunarstarf skal hverjum sammingsaðila frjálst að hagnýta sér sjálfstætt niðurstöður sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs og alla þá verkunnáttu sem fyrir er og er nauðsynleg forsenda slíkrar hagnýtingar, samanber þó 2. mgr. Slíkur hagnýtingarréttur getur takmarkast við eitt eða fleiri tæknilegt notkunarvið ef sammingsaðilar eru ekki fyrirtæki í samkeppni þegar samningurinn um rannsóknir og þróun er gerður.

4. Sameiginleg hagnýting á við um niðurstöður sem njóta hugverkaverndar eða hafa leitt til verkunnáttu sem stuðlar að verulegum tæknilegum eða efnahagslegum framförum og niðurstöðurnar skulu hafa úrslitabýðingu fyrir framleiðslu sammingsvara eða beitingu sammingsaðferða.

5. Fyrirtækjum, sem framleiða sammingsvörur í umboði sammingsaðilanna vegna sérhæfingar í framleiðslu, er skylt að sinna þöntunum um framleiðslu frá öllum sammingsaðilum nema einnig sé kveðið á um sameiginlega dreifingu í samningnum um rannsóknir og þróun.

4. gr.

Viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild og gildistími undanþágu

1. Ef sammingsfyrirtækin eru ekki fyrirtæki í samkeppni gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., á meðan rannsóknirnar og þróunarstarfið stendur. Þegar um sameiginlega hagnýtingu niðurstaðna er að ræða gildir undanþágan áfram í sjö ár frá þeim tíma er sammingsvörurnar eru markaðssettar í fyrsta sinn á hinum sameiginlega markaði.

2. Þegar tvö eða fleiri sammingsfyrirtæki eru fyrirtæki í samkeppni gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., því aðeins í þann tíma, sem um getur í 1. mgr., að samanlögð markaðshlutdeild sammingsfyrirtækjanna, þegar samningurinn um rannsóknir og þróun er gerður, fari ekki yfir 25% af viðkomandi markaði fyrir vörur sem unnt er að bæta eða leysa af hólmi með sammingsvörunum.

3. Undanþágan gildir áfram eftir að tímabilinu, sem um getur í 1. mgr., lýkur að því tilskildu að samanlögð markaðshlutdeild sammingsfyrirtækjanna fari ekki yfir 25% af viðkomandi markaði fyrir sammingsvörur.

5. gr.

Samningar sem undanþágan tekur ekki til

1. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., gildir ekki um samninga um rannsóknir og þróun sem, beint eða óbeint, einir sér eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn sammingsaðilanna, hafa að markmiði:

- a) að takmarka frelsi samningsfyrirtækjanna til að vinna að rannsóknum og þróun sjálfstætt eða í samvinnu við þriðja aðila á sviði sem tengist ekki sviði rannsóknanna og þróunarstarfsins eða, eftir að því starfi lýkur, á sviði rannsóknanna og þróunarstarfsins eða á skyldu sviði;
- b) að banna samningsaðilum að vefengja, eftir að rannsóknum og þróunarstarfi lýkur, gildi þeirra hugverkaréttinda sem samningsaðilarnir eiga á hinum sameiginlega markaði og sem skipta máli fyrir rannsóknir og þróunarstarfið eða, eftir að samningur um rannsóknir og þróun rennur út, vefengja gildi þeirra hugverkaréttinda sem samningsaðilarnir eiga á hinum sameiginlega markaði og vernda niðurstöður rannsókna og þróunarstarfs; þetta hefur þó ekki áhrif á möguleikann á að semja um uppsögn samnings um rannsóknir og þróun ef einn samningsaðila vefengir gildi slíkra hugverkaréttinda;
- c) að takmarka framleiðslu eða sölu; eða
- d) að hafa verðsamráð þegar vörur eru seldar til þriðju aðila;
- e) að setja takmarkanir á hvaða viðskiptavinum samningsfyrirtæki geti skipt við að liðnum sjö árum frá því að samningsvörurnar eru markaðssettar í fyrsta sinn á hinum sameiginlega markaði.
- f) að banna óvirka sölu samningsvara á yfirlýðingum annarra samningsaðila;
- g) að banna samningsaðilum að markaðssetja samningsvörurnar eða gera ráðstafanir til að örva sölu þeirra á yfirlýðingum annarra samningsaðila á hinum sameiginlega markaði að liðnum sjö árum frá því að samningsvörurnar eru markaðssettar í fyrsta sinn á hinum sameiginlega markaði;
- h) að krefjast þess að samningsaðilar veiti þriðju aðilum ekki leyfi til að framleiða samningsvörurnar eða beita samningsaðferðum ef ekki er kveðið á um hagnýtingu, að minnsta kosti eins samningsaðilanna, á niðurstöðum sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs eða ef slík hagnýting á sér ekki stað;
- i) að krefjast þess að samningsaðilar neiti að koma til móts við beiðnir frá notendum eða endurseljendum á sínu svæði sem hafa í hyggju að markaðssetja samningsvörurnar á öðrum svæðum innan hins sameiginlega markaðar; eða
- j) að krefjast þess að samningsaðilar geri notendum eða endurseljendum erfitt um vik að afla sér samningsvaranna frá öðrum endurseljendum innan hins sameiginlega markaðar, meðal annars með því að nýta sér hugverkaréttindi eða grípa til aðgerða til að hindra að notendur eða endurseljendur afli sér vara eða markaðssetji vörur á hinum sameiginlega markaði sem hafa verið settar á markað á löglegan hátt innan hins sameiginlega markaðar af öðrum samningsaðila eða með samþykki hans;

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um:

- a) ákvörðun sölumarkmiða ef hagnýting niðurstaðna felur í sér sameiginlega framleiðslu samningsvara;
- b) ákvörðun sölumarkmiða og samráð um verð sem samningsaðilar setja upp gagnvart beinum viðskiptavinum sínum ef hagnýting niðurstaðna felur í sér sameiginlega dreifingu samningsvara;

6. gr.

Beiting viðmiðunarmarka fyrir markaðshlutdeild

1. Að því er varðar beitingu viðmiðunarmarkanna fyrir markaðshlutdeild sem kveðið er á um í 4. gr. skulu eftirfarandi reglur gilda:

- a) markaðshlutdeildin skal reiknuð á grundvelli söluandvirðis. Ef upplýsingar um söluandvirði liggja ekki fyrir má nota mat, byggt á öðrum áreiðanlegum markaðsupplýsingum, þar með talið sölumagn á markaði, til að ákvarða markaðshlutdeild hlutaðeigandi fyrirtækis;
- b) markaðshlutdeildin skal reiknuð út á grundvelli gagna frá næstliðnu almanaksári;
- c) markaðshlutdeild fyrirtækjanna, sem um getur í e-lið 3. liðar 2. gr., skal skipt jafnt milli þeirra fyrirtækja sem hafa þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið 3. liðar 2. gr.
2. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., er ekki meiri en 25% en eykst eftir það án þess þó að fara yfir 30% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., áfram samfelld næstu tvö almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 25% markaðshlutdeild.
3. Ef upphaflega markaðshlutdeildin, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., er ekki meiri en 25% en vex síðan yfir 30% gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 1. gr., áfram næsta almanaksár á eftir því ári þegar fyrst var farið yfir 30% markaðshlutdeild.
4. Óheimilt er að sameina ávinning, sem fæst á grundvelli 2. og 3. mgr., þannig að tímabilið verði lengra en tvö almanaksár.

7. gr.

Niðurfelling

Framkvæmdastjórninni er heimilt að fella niður undanþágu sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð, í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2821/71, komist hún að þeirri niðurstöðu, annaðhvort að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu aðildarríkis, einstaklings eða löggæðing, sem

hefur lögmætra hagsmuna að gæta, að í tilteknu tilviki hafi samningur, sem fellur undir undanþáguna sem kveðið er á um í 1. gr., engu að síður haft einhver þau áhrif sem samrýmast ekki skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, einkum og sér í lagi ef:

- a) samningurinn um rannsóknir og þróun takmarkar verulega möguleika þriðja aðila til að vinna að rannsóknum og þróun á viðkomandi sviði vegna takmarkaðra rannsóknarkosta sem eru fyrir hendi annars staðar;
- b) samningurinn um rannsóknir og þróun takmarkar verulega aðgang þriðja aðila að markaðinum fyrir samningsvörunar vegna þess hvernig dreifingu varanna er háttað í einstökum tilvikum;
- c) samningsaðilarnir hafa hvorki hagnýtt sér niðurstöður sameiginlegra rannsókna og þróunarstarfs né fært efnisleg rök fyrir því;
- d) samningsvörunar þurfa ekki í raun að keppa, á hinum sameiginlega markaði eða verulegum hluta hans, við vörur sem eru eins eða sem neytendur telja jafngildar að því er lýtur að eiginleikum, verði og áætlaðri notkun.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2000.

- e) samningurinn um rannsóknir og þróun myndi útrýma virkri samkeppni í rannsóknum og þróunarstarfi á tilteknum markaði.

8. gr.

Aðlögunartími

Bann það, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, skal ekki gilda á tímabilinu frá 1. janúar 2001 til 30. júní 2002 að því er varðar samninga sem hafa öðlast gildi 31. desember 2000 og uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en sem uppfylla skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 418/85.

9. gr.

Gildistími

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2001.

Reglugerð þessi falli úr gildi 31. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 786/1998, um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.

1. gr.

15. gr. orðist svo:

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 497/1994, um notkun persónuhlífa, gilda um vinnu um borð í skipum.

2. gr.

16. gr. orðist svo:

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 498/1994, um skjávinnu, gilda um vinnu um borð í skipum.

3. gr.

17. gr. orðist svo:

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 499/1994, um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar, gilda um vinnu um borð í skipum.

4. gr.

18. gr. orðist svo:

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 621/1994, um vinnu með krabbameinsvaldandi efni, gilda um vinnu um borð í skipum.

5. gr.

19. gr. orðist svo:

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 554/1996, um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum, gilda um vinnu um borð í skipum.

6. gr.

20. gr. orðist svo:

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 707/1995, um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum, gilda um vinnu um borð í skipum.

7. gr.

21. gr. orðist svo:

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglna nr. 931/2000, um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti, gilda um vinnu um borð í skipum.

8. gr.

22. gr. orðist svo:

Auk þeirra reglna sem settar eru fram í þessari reglugerð skulu ákvæði reglugerðar nr. 431/1997, um notkun tækja, gilda um vinnu um borð í skipum.

9. gr.

1. mgr. 24. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 1. gr. og 4. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, með áorðnum breytingum og með hliðsjón af tilskipunum ráðsins nr. 89/391/EBE frá 12. júní 1989, um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum öðlast þegar gildi.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 4. mgr. 1. gr. og 4. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 30. ágúst 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

- a. Einstefna á Vallargötu til norðurs frá Kirkjuvegi að Bessastíg.
- b. Einstefna á Bessastíg til austurs frá Vallargötu að Skólavegi.
- c. Biðskylda á Bessastíg við Skólaveg, fyrir umferð á Skólavegi.
- d. Einstefna á Boðaslóð til suðurs frá Bessastíg að Kirkjuvegi.
- e. Biðskylda á Boðaslóð við Kirkjuveg, fyrir umferð á Kirkjuvegi.
- f. Bifreiðastæði sett upp að austan á Vallargötu.
- g. Bifreiðastæði sett upp að sunnan á Bessastíg.

Einnig eru settar eftirtaldir reglur varðandi lóð barnaskólans að Skólavegi 40:

- h. Bifreiðastæði að norðan á lóð skólans verða aflögð og settur upp leikvöllur.
- i. Nýtt bifreiðastæði verður á norðausturhorni lóðarinnar, ekið inn frá Skólavegi, þar sem húsið nr. 36 við Skólaveg stóð áður.

Ákvörðun þessi tekur þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 30. ágúst 2001.

Karl Gauti Hjaltason.

REGLUGERÐ

um (10.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanþjónustu fyrir aldraða.

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni, skulu breytast þannig:

Í 5. gr. komi kr. 34.659 í stað kr. 32.513.

Í 6. gr. komi kr. 34.659 í stað kr. 32.513.

Í 10. gr. komi kr. 34.659 í stað kr. 32.513.

Í 14. gr. komi kr. 34.659 í stað kr. 32.513.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 26. sbr. 22. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 með síðari breytingu, öðlast gildi 1. september 2001.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. ágúst 2001.

Jón Kristjánsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

AUGLÝSING

um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985, hefur verið ákveðið:

að Fjarðabyggð (Eskifjörður, Neskaupstaður og Reyðarfjörður) myndi eina almannavarnanefnd, og

að Búða-, Stöðvar-, Breiðdals- og Djúpavogshreppur myndi aðra almannavarnanefnd, þannig að með þessum hætti verði starfandi í Suður-Múlasýslu tvær almannavarnanefndir sem skulu hafa með sér samstarf um almannavarnir í umdæminu.

Auðlýsing þessi tekur þegar gildi.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. ágúst 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Hjalti Zóphóníasson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Botna í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps, þann 28. maí 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir 6 frítímahús að Botnum í Skaftárhreppi.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 22. ágúst 2001.

F. h. Skaftárhrepps,

Benedikt Lárusson byggingafulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 3. maí og 5. júlí 2001 breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Garðabæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

29. ágúst 2001.

F.h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

Nr. 662

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2000.

Rekstrarreikningur.

Fjármunatekjur:	kr.
Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur af útlánum	742.240.548
Aðrar vaxtatekjur	22.967.228
Lántökugjöld	16.269.591
Fjármunatekjur alls:	<u>781.477.367</u>
 Fjármagnsgjöld:	
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af langtímalánum	200.638.326
Önnur vaxtagjöld	217.386
Lántökugjöld	369.797
Fjármagnsgjöld alls:	<u>201.225.509</u>
 Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld án verðbreytingafærslu	580.251.858
Reiknuð gjöld v/verðbreytinga	<u>-261.658.787</u>
Hreinar fjármunatekjur:	<u>318.593.071</u>
 Aðrar tekjur:	
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	66.448.840
Aðrar tekjur alls:	<u>66.448.840</u>
 Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	17.986.437
Sérkostnaður Lánasjóðs	7.241.326
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	1.116.432
Rekstrargjöld alls:	<u>26.344.195</u>
 Tekjuafgangur ársins:	<u>358.697.716</u>
 Efnahagsreikningur 31. desember 2000.	
Eignir.	
Fastafjármunir:	
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Fasteign	30.482.588
Varanlegir rekstrarfjármunir alls:	<u>30.482.588</u>

Áhættufé:	kr.
Hlutabréfaeign	420.588
Áhættufé alls:	<u>420.588</u>
Langtímakröfur:	
Skuldabréfaeign	8.382.506.234
Afb. til greiðslu á næsta ári	-1.147.994.202
Langtímakröfur alls:	<u>7.234.512.032</u>
Fastafjármunir alls:	<u>7.265.415.208</u>
Veltufjármunir:	
Útistandandi skuldir	2.982.465
Gjaldfallnar afborganir og vextir	117.678.029
Áfallnir útistandandi vextir	165.446.938
Afborganir sem gjaldfalla á næsta ári	1.086.705.597
Bankainnstæður	294.997.137
Sjóður	10.000
Veltufjármunir alls:	<u>1.667.820.166</u>
Eignir samtals:	<u>8.933.235.374</u>
Skuldir og eigið fé.	
Eigið fé:	
Endurmatsreikningur	2.896.196.578
Óráðstafað eigið fé	4.015.959.129
Eigið fé alls:	<u>6.912.155.707</u>
Langtímaskuldir:	
Abyrgðarskuldbinding:	
Lífeyrisskuldbinding v/starfsmanna	20.700.700
Ábyrgðarskuldbinding alls:	<u>20.700.700</u>
Langtímalán:	
Seðlabanki Íslands	1.604.558
Norræni fjárfestingarbankinn	1.600.498.548
Búnaðarbanki Íslands	121.779.612
Landsbanki Íslands	227.385.370
	<u>1.951.268.088</u>
Afborganir næsta árs	-139.666.157
Langtímalán alls:	<u>1.811.601.931</u>
Skammtímaskuldir:	
Skuldheimtumenn	8.569.138
Áfallnir ógr. vextir	40.541.741
Afb. næsta árs af langtímaskuldum	139.666.157
Skammtímaskuldir alls:	<u>188.777.036</u>

Skuldir alls:	kr. 2.021.079.667
Skuldir og eigið fé samtals:	8.933.235.374

Reykjavík, 13. mars 2001.

Kristján Magnússon stjórnarformaður.

Ásgeir Magnússon meðstjórnandi.

Ingvar Viktorsson meðstjórnandi.

Kristinn Jónasson meðstjórnandi.

Karl Björnsson meðstjórnandi.

Þórður Skúlason framkvæmdastjóri.

Birgir L. Blöndal aðstoðarframkvæmdastjóri.

Áritun endurskoðanda.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 til 11.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athugun á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar er koma fram í ársreikningnum.

Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 2000, efnahag 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu 2000 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 27. mars 2001.

Ingimundur Sigurpálsson skoðunarmaður.
Sveinn Sæmundsson löggiltur endurskoðandi.

Nr. 663

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 2000.

Sameinaður rekstrarreikningur.

Fjármunatekjur:

Vaxtatekjur og verðbætur	kr. 25.031.881
Fjármunatekjur alls:	25.031.881

Fjármagnsgjöld:	kr.
Vaxtagjöld	343
Reikn. gjöld v/verðlagsbreytinga	10.060.980
Fjármagnsgjöld alls:	10.061.323
 Hreinar fjármunatekjur:	 14.970.558
Aðrar tekjur:	
Framlag sveitarfélaga	26.999.316
Framlag ríkissjóðs	30.000.000
Búnaðargjald	65.984.241
Gjald af söluv. landbúnaðarins	0
Aðrar tekjur alls:	122.983.557
 Tekjur alls:	 137.954.115
Styrkveitingar:	
Styrkir	74.779.364
Styrkveitingar alls:	74.779.364
 Hreinar tekjur fyrir rekstrargjöld:	 63.174.751
Rekstrargjöld:	
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	14.876.535
Sérkostnaður	5.788.114
Innheimtulaun búvörugjalds	0
Afskriftir	464.019
Rekstrargjöld alls:	21.128.668
 Hagnaður fyrir skatta:	 42.046.083
Fjármagnstekjuskattur	2.503.186
Hagnaður ársins:	39.542.897

Sameinaður efnahagsreikningur 31. desember 2000.

Eignir.

Fastafjármunir:	kr.
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Áhöld	322.394
Fasteignir	12.670.145
Fastafjármunir alls:	12.992.539
 Veltufjármunir:	
Skammtímakröfur:	
Óinnheimtar tekjur	4.441.554
Aðrar skammtímakröfur	224.971
Veltufjármunir alls:	4.666.525

Handbært fé:	kr.
Bankainnstæður	<u>297.647.124</u>
	<u>297.647.124</u>
Veltufjármunir alls:	<u>302.313.649</u>
Eignir samtals:	<u>315.306.188</u>
Eigið fé og skuldir.	
Eigið fé:	
Endurmatsreikningur	184.503.554
Óráðstafað eigið fé	<u>102.224.093</u>
Eigið fé alls:	<u>286.747.647</u>
Skuldbindingar:	
Lífeyrisskuldbinding	<u>21.599.000</u>
Skammtímaskuldir:	
Viðskiptaskuldir	2.419.839
Ógreiddir samþykktir styrkir	<u>4.539.702</u>
Skammtímaskuldir alls:	<u>6.959.541</u>
Skuldir og skuldbindingar alls:	<u>28.558.541</u>
Skuldir og eigið fé samtals:	<u>315.306.188</u>

Reykjavík, 26. mars 2001.

Berglind Ásgeirsdóttir formaður.

Guðbjartur Gunnarsson meðstj.
Vilhjálmur P. Vilhjálmsson meðstj.

Hörður Harðarson meðstj.
Ríkharð Brynjólfsson meðstj.

Áritun framkvæmdastjóra.

Pórður Skúlason
framkvæmdastjóri.

Birgir L. Blöndal
aðstoðarframkvæmdastjóri.

Áritun endurskoðanda.

Ég hef endurskoðað ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því áliti sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir

og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2000, efnahag hans 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu 2000, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 26. mars 2001.

Gísli Guðmundsson endurskoðandi.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Reykdælahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Reykdælahrepps er skipuð fimm hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í hreppsnefndarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Reykdælahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Reykdælahrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá hreppnum.

2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.

II. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 13.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá hreppsnefndarmaður sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Oddviti, sbr. þó 8. gr., boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefndin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum hreppsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar hreppsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefndin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum hreppsins með tryggunn hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Oddviti semur dagskrá hreppsnefndarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, svo og ráðningar starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem oddviti telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

12. gr.

Oddviti skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum hreppsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu hreppsins, skrifstofu hreppsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

14. gr.

Oddviti skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta hreppsnefndarmanna skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er réttkjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá réttkjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

17. gr.

Hreppsnefndarfundu skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefndin ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefndin enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hrepps-

nefndin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um oddvita né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga hreppsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða oddvita, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Hreppsnefndarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Oddviti, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu

vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða oddvita. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihluta-kosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum hreppsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi hreppsnefndarmaður kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferða- kostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Oddviti boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður

í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefndin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefndina.

51. gr.

A. Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum. Hreppsnefnd fer með hlutverk annarra lögboðinna nefnda sem ekki eru taldar hér upp að neðan:

1. *Forðagæslumenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
2. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulags- og byggingarnefnd er sameiginleg og aðilar að henni eru þau sveitarfélög í Suður-Þingeyjarsýslu sem aðild eiga að héraðsnefnd S-Þing., að undanskildum Hálshreppi og Húsavíkurbæ.
3. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
4. *Leikskólanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
5. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (kjörnir á fyrsta fundi nýkjörinnar hreppsnefndar).
6. *Skólanefnd Litlulaugaskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.

7. *Skólanefnd tónlistarskóla*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
 8. *Fjallskilastjóri*. Einn aðalmaður og annar til vara.
 9. *Stjórn bókasafns*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningisbókasöfn nr. 36/1997.
 10. *Atvinnumálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt erindisbréfi.
 11. *Umhverfisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt erindisbréfi.
 12. *Æskulýðs- og íþróttavallarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt erindisbréfi.
 13. *Húsnefnd félagshemilis*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt erindisbréfi.
 14. *Héraðsnefnd Þingeyinga*. Einn aðalmaður og annar til vara.
- B. Héraðsnefnd Þingeyinga kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:
1. *Almannavarnanefnd*.
 2. *Félags- og barnaverndarnefnd*.
 3. *Náttúruverndarnefnd*.
 4. *Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga*.
 5. *Stjórn safnahúss*.
 6. *Skólaþjónustunefnd*.

Auk þess fulltrúar í aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem hreppsnefnd hefur ákveðið og á aðalfundi samtaka sem hreppurinn á aðild að. Þær nefndir, ráð, stjórnir og samtök skulu tilgreind í þessari grein ásamt fjölda fulltrúa, kjörtímabili og hlutverki.

52. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

53. gr.

Oddviti hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar, annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og annarra málefna hreppsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita skulu ákveðin sérstaklega af hreppsnefndinni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum hreppsins sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu hreppsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

54. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum, svo sem yfirmenn stofnana og deilda hreppsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

55. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

56. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

57. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld hreppsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

58. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 57. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitar-sjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, sammingsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

59. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í hreppsnefnd með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

60. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera ramma um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

61. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 57. gr. og þriggja ára áætlun skv. 60. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 59. gr.

62. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana hreppsins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Reykdælahrepps hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. ágúst 2001.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um viðbrögð við smitsjúkdómum.

I. KAFLI

Gildissvið og tilgangur.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um tilkynningaskylda sjúkdóma sem skilgreindir eru í viðauka 1 A og B í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og nýja, áður óþekktu smitsjúkdóma hér á landi.

Undanskildir eru þó sjúkdómar sem fjallað er um í reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar.

2. gr.

Tilgangur þessarar reglugerðar er að bregðast við, hindra útbreiðslu og útrýma smit-sjúkdómum er kunna að berast til landsins.

II. KAFLI

Orðskýringar.

3. gr.

Bannsvæði: Ákveðið afmarkað svæði eða íverustaður dýra þar sem rökstuddur grunur er um að eitt eða fleiri dýr séu haldin smitsjúkdómi sem þessi reglugerð nær yfir. Í hest-húsahverfum nær bannsvæði a.m.k. yfir sambyggt hesthús.

Fulltrúi héraðsdýralæknis: Eftirlitsdýralæknir eða vakthafandi dýralæknir.

Eftirlitssvæði: Nær a.m.k. 10 km út frá bannsvæði til allra átta. Þegar ákvörðun er tekin um stærð svæðis skal taka tillit til landfræðilegra þátta og aðstöðu til eftirlits.

Nýir, áður óþekktir sjúkdómar: Alvarlegir smitsjúkdómar sem aldrei hafa komið upp hérlendis. Þeir geta þótt vægir erlendis en alvarlegir hérlendis vegna einangrunar búfjár.

Smitberar: Dýr sem bera með sér og dreifa smitefni ákveðins sjúkdóms. Duldir eða heilbrigðir smitberar veikjast ekki sjálfir.

Smitnæm dýr: Dýr sem geta tekið ákveðinn sjúkdóm.

Verndarsvæði: Nær a.m.k. 3 km út frá bannsvæði til allra átta. Þegar ákvörðun er tekin um stærð svæðis skal taka tillit til landfræðilegra þátta og aðstöðu við eftirlit.

Heimavegur: Vegur innan ákveðins svæðis, eingöngu notaður af umráðamanni tilgreindrar hjarðar á eigin landi.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

4. gr.

Bannað er að bólusetja við smitsjúkdómum í viðauka 1 A og skal þeim útrýmt með niðurskurði. Við smitsjúkdómum í viðauka 1 B skal brugðist við eftir því sem við á hverju sinni, samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis.

Komi upp grunur um smitsjúkdóm sem reglugerð þessi tekur til má koma á eftirfarandi svæðaskiptingu: a) bannsvæði, sbr. 9. gr., b) verndarsvæði, sbr. 10. gr. og c) eftirlitssvæði, sbr. 11. gr.

Sýni vegna sjúkdómsgreiningar skal senda til rannsóknastofu sem viðurkennd er af yfirdýralækni. Niðurstaða rannsóknastofunnar skal staðfest af yfirdýralækni.

IV. KAFLI

Tilkynningar og viðbrögð.

5. gr.

Hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að dýr sé haldið smitsjúkdómi ber án tafar að tilkynna það dýralækni eða lögreglu. Eigendur og umráðamenn dýra bera sérstakar skyldur í þessu tilviki. Dýralæknir eða lögregla skal án tafar tilkynna næsta héraðsdýralækni eða yfirdýralækni um gruninn.

6. gr.

Ef tilkynntur er grunur um smitsjúkdóm skal héraðsdýralæknir eða fulltrúi hans fara strax á staðinn. Hann skal tafarlaust gera ráðstafanir til að fá sjúkdóminn greindan og hindra útbreiðslu hans í samráði við smitsjúkdómanefnd í stjórnstöð. Yfirdýralæknir gefur út viðbragðsáætlun sem héraðsdýralæknar vinna eftir.

V. KAFLI

Stjórnstöð og smitsjúkdómanefnd.

7. gr.

Aðsetur stjórnstöðvar skal vera á þeim stað sem yfirdýralæknir ákveður hverju sinni. Hann skal einnig segja til um hvers konar útbúnaður er nauðsynlegur í stjórnstöð. Yfirdýralæknir stýrir viðbrögðum og útrýmingu smitsjúkdóma á landsvísu.

Ráðherra setur reglur og fyrimæli, að fenginni tillögu yfirdýralæknis, um hverjar þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru hverju sinni.

Yfirdýralæknir skal sjá um öll samskipti við fjölmiðla og útgáfu fréttatilkynninga.

8. gr.

Komi upp grunur um alvarlegan smitsjúkdóm skipar landbúnaðarráðherra þriggja manna smitsjúkdómanefnd sem skal vera yfirdýralækni til ráðgjafar og aðstoðar. Í nefndinni skulu sitja eftirfarandi sérfræðingar: Sérgreinadýralæknir viðkomandi dýrategundar, sérfræðingur á greiningarstöð og sérfræðingur í örverufræði/faraldsfræði.

Þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um smitsjúkdóm skal yfirdýralæknir kalla saman smitsjúkdómanefnd í stjórnstöð. Hún skal stjórna viðbrögðum og aðgerðum samkvæmt viðbragðsáætlun.

Ef um er að ræða alvarlegan smitsjúkdóm í fiskum, skeldýrum og krabbadýrum skal fisksjúkdómanefnd gegna hlutverki smitsjúkdómanefndar, en hún er skipuð skv. lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

VI. KAFLI Svæðaskipting.

9. gr.

Bannsvæði: Um leið og tilkynnt er að grunur leiki á smiti skal landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum yfirdýralæknis ákveða bannsvæði og sjá til þess að það sé undir opinberu eftirliti og sérstaklega krefjast þess að:

1. Talin séu og staðsett öll smitnæm dýr og þau höfð í húsum sínum eða annars staðar þar sem hægt er að einangra þau, samkvæmt mati héraðsdýralæknis eða fulltrúa hans.
2. Engin smitnæm dýr eða hugsanlegir smitberar komi á bannsvæðið eða fari þaðan brott.
3. Engar aðrar dýrategundir komi á bannsvæðið eða fari þaðan án leyfis yfirdýralæknis.
4. Allur brottflutningur á kjöti eða skrokkum smitnæmra dýra eða dýrafóðurs, áhöldum, hlutum eða öðrum efnum eins og ull, sorpi eða öðrum úrgangi, sem geta borið með sér smitefni, verði bannaður án leyfis yfirdýralæknis.
5. Flutningur mjólkur frá bannsvæði verði óheimill án leyfis yfirdýralæknis. Slíkt leyfi skal því aðeins gefa að mjólkinn verði flutt frá bannsvæðinu undir eftirliti dýralæknis í mjólkurbú, þar sem vinnsla fer fram, svo hún fái hitameðferð sem tryggir eyðingu smitefnis.
6. Ferðir fólks inn og út af bannsvæði verði háðar leyfi yfirdýralæknis.
7. Koma og brottför ökutækja til og frá bannsvæði verði háð leyfi yfirdýralæknis sem setur nauðsynleg skilyrði til að koma í veg fyrir smitdreifingu.
8. Notaðar verði viðeigandi sóttþreinsiaðferðir og viðurkennd sóttþreinsiefni við inn- og útgönguleiðir húsa.
9. Dýrafarsóttarfræðileg athugun fari fram á bannsvæðinu.
10. Viðhalda skal þeim varúðarráðstöfunum sem gerðar eru á bannsvæðinu þar til staðfest hefur verið af yfirdýralækni að hætta á smitsjúkdómi sé ekki lengur til staðar.

10. gr.

Verndarsvæði: Eftirfarandi ráðstafanir skulu gerðar á verndarsvæðinu:

1. Telja skal og staðsetja öll smitnæm dýr á verndarsvæðinu og heilbrigðisskoða þau reglulega, samkvæmt nánari ákvörðun yfirdýralæknis.
2. Banna að flytja smitnæm dýr á þjóðvegum eða einkavegum, að undanskildum heima-vegum svæðisins.
3. Banna að flytja smitnæm dýr frá verndarsvæði a.m.k. fyrstu 15 dagana eftir skilgreiningu þess, nema undir opinberu eftirliti beint til neyðarslátrunar í sláturhús sem yfirdýralæknir tilnefnir. Yfirdýralæknir getur einungis heimilað slíka flutninga eftir að opinber dýralæknir hefur skoðað öll smitnæm dýr á svæðinu og gengið úr skugga um að sýkt dýr séu ekki til staðar.
4. Sæðing skal bönnuð a.m.k. fyrstu 15 dagana eftir skilgreiningu svæðisins nema hún sé framkvæmd af bóndanum, hafi hann til þess réttindi, með sæði af svæðinu eða sæði sem kemur beint frá sæðingastöð.
5. Réttir og sýningar með smitnæmum dýrum og aðrar samkomur skulu bannaðar.
6. Viðhalda skal þeim ráðstöfunum sem gerðar eru á verndarsvæðinu í a.m.k. 15 daga eftir að öllum smitnæmum dýrum hefur verið fargað og hreinsun og sóttþreinsun á svæðinu hefur farið fram samkvæmt mati yfirdýralæknis.

11. gr.

Eftirlitssvæði: Eftirfarandi ráðstafanir skulu gerðar á eftirlitssvæðinu:

1. Telja skal og staðsetja öll smitnæm dýr á eftirlitssvæðinu.
2. Banna að flytja smitnæm dýr á þjóðvegum nema þegar farið er með þau í og úr bithaga. Slíkir flutingar skulu háðir leyfi héraðsdýralæknis.
3. Flutningur smitnæmra dýra innan eftirlitssvæðis skal háður leyfi yfirdýralæknis.
4. Banna að flytja dýrin frá eftirlitssvæði fyrstu 15 dagana. Frá 15. degi og fram að 30. degi er ekki heimilt að flytja dýrin frá svæðinu nema þau séu flutt undir opinberu eftirliti beint í sláturhús til neyðarslátrunar. Yfirdýralæknir getur aðeins heimilað slíkan flutning eftir að opinber dýralæknir hefur framkvæmt skoðun á öllum hlutaðeigandi dýrum og staðfest að ekki leiki grunur á að neitt þeirra sé sýkt.
5. Réttir og sýningar með smitnæmum dýrum og aðrar samkomur skulu bannaðar.
6. Viðhalda skal þeim ráðstöfunum sem gerðar eru á eftirlitssvæðinu í a.m.k. 30 daga eftir að öllum smitnæmum dýrum hefur verið fargað á bannsvæði og hreinsun og sóttthreinsun húsa hefur farið fram samkvæmt mati yfirdýralæknis.

VII. KAFLI

Önnur ákvæði.

12. gr.

Með kostnað og bætur sem hljótast af framkvæmd reglugerðar þessarar fer skv. VI. kafla laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Með mál vegna brota skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 20/1952 um varnir gegn gin- og klaufaveiki, auglýsing nr. 166/1966 um varnir gegn útbreiðslu sauðfjár-sjúkdóma í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, reglugerð nr. 35/1967 um varnir gegn smitandi hringskyrfi á nautgripum og öðrum húsdýrum af völdum sveppa (dermatomycosis), auglýsing nr. 180/1988 um varúðarráðstafanir og aðgerðir vegna hringskyrfis undir Eyjafjöllum, reglugerð nr. 209/1966 um varnir gegn útbreiðslu hundapestar, auglýsing nr. 384/1984 um varúðarráðstafanir í Vestur-Skaftafellssýslu gegn útbreiðslu smitandi búfjár-sjúkdóma, reglugerð nr. 125/1986 um hænsnahald í búrum og reglugerð nr. 201/1957 um varnir gegn sullaveiki.

Landúnaðarráðuneytinu, 4. september 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 91 – 2001

27. apríl 2001

1747

Nr. 666

REGLUGERÐ

um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangurinn með þessari reglugerð er að koma á samræmdu öryggisstigi með tilliti til mannlífa og eigna á nýjum og gömlum farþegaskipum og háhraðafarþegaförum þegar skip úr þessum flokkum eru í innanlandssiglingum.

2. gr.

Skilgreiningar.

- Í reglugerð þessari og viðaukum við hana er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- „Alþjóðasamþykktir“ eru alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS 74) og alþjóðasamþykkt um hleðslumerki skipa frá 1966 (Load Lines 66), ásamt bókunum og breytingum við þær sem eru í gildi 17. mars 1998;
 - „kóði um stöðugleika í óleku ástandi“ (IS-kóðinn) er kóði um stöðugleika í óleku ástandi er gildir um allar gerðir skipa sem heyra undir gerninga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) en hann er að finna í ályktun þings hennar A.749 (18) frá 4. nóvember 1993, með áorðnum breytingum 17. mars 1998;
 - „kóði um háhraðaför“ (HSC-kóðinn) er alþjóðakóði um öryggi háhraðafara sem er að finna í ályktun siglingaöryggisnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) MSC 36(63) frá 20. maí 1994, með áorðnum breytingum 17. mars 1998;
 - „GMDSS“ er alþjóðlegt neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó sem mælt er fyrir um í IV. kafla SOLAS-samþykktarinnar frá 1974, með áorðnum breytingum 17. mars 1998;
 - „Farþegaskip“ er skip sem má flytja fleiri en 12 farþega;
 - „Háhraðafarþegafar“ er háhraðafar, eins og það er skilgreint í 1. reglu í X. kafla SOLAS-samþykktarinnar frá 1974, með áorðnum breytingum 17. mars 1998, sem má flytja fleiri en 12 farþega;
- farþegaskip í innanlandssiglingum á hafsvæðum í flokki B, C eða D teljast ekki vera háhraðafarþegaför ef:
- særými þeirra miðað við hönnunarvatnslínu er innan við 500 m³ og
 - hámarkshraði þeirra, eins og hann er skilgreindur í lið 1.4.30 í kóða um háhraðaför, er minni en 20 hnútar;
- „Nýtt skip“ er skip þar sem kjölurinn hefur verið lagður eða er á svipuðu smíðastigi 1. janúar 2001 eða síðar. Með svipuðu smíðastigi er átt við að:
 - smíði tiltekins skips sé greinilega hafin, og
 - samsetning skipsins sé hafin og það sé orðið að minnsta kosti 50 tonn að þyngd eða 1% af ætluðum heildarþunga alls smíðaefnisins, eftir því hvort er minna;

- h) „*Gamalt skip*“ er skip sem er ekki nýtt;
- i) „*Farþegi*“ er einstaklingur annar en:
 - i) skipstjóri og skipverjar eða þeir aðrir sem eru ráðnir til tiltekinna starfa um borð í skipi í þágu þess, og
 - ii) barn undir eins árs aldri;
- j) „*Lengd skips*“ er nema annað sé tekið fram sérstaklega, 96% af mestu lengd í vatnslínu við 85% af minnstu mótuðu dýpt, mældri frá kjöllínu (spónfarslínu), eða lengdin frá fremri brún á stefni í miðju stýrisáss, í sömu vatnslínu, ef sú lengd er meiri. Í skipum hönnuðum með kjalarhalla skal vatnslínan, sem lengd er mæld á, vera samsíða hönnun-arvatnslínunni;
- k) „*Bóghæð*“ er bóghæðin sem er skilgreind í 39. reglu alþjóðasamþykktarinnar frá 1966 um hleðslumerki skipa og er lóðrétt fjarlægð frá vatnslínu, sem samsvarar úthlutuðu sumarfríborði og hönnunarstafnhalla, að efri brún opins þilfars við skipshlið, mælt við fremri lóðlínu;
- l) „*Skip með heilu þilfari*“ er skip sem hefur heilt þilfar, sem veður og sjór mæðir á, með föstum lokunarbúnaði fyrir öll op áveðurs og föstum lokunarbúnaði þar fyrir neðan fyrir öll op á hlið skipsins sem gerir þau að minnsta kosti veðurþétt; Heila þilfarið getur verið vatnspétt eða jafngild smíði sem er óvatnspétt þilfar sem er algerlega þakið með veðurþétttri smíði af nægjanlegum styrkleika til að viðhalda veðurþéttleika, og með veðurþéttum lokunarbúnaði;
- m) „*Millilandasiglingar*“ eru siglingar frá höfn í aðildarríki EES til hafnar utan þess aðildarríkis eða öfugt;
- n) „*Innanlandssiglingar*“ eru siglingar frá höfn í aðildarríki EES til sömu eða annarrar hafnar í því aðildarríki;
- o) „*Hafsvæði*“ er svæði sem er skilgreint í samræmi við 2. mgr. 4. gr. Þó skulu skilgreiningar á hafsvæðum í 2. reglu í IV. kafla SOLAS-samþykktarinnar frá 1974 gilda að því er varðar beitingu ákvæða um þráðlaus fjarskipti;
- p) „*Hafnarsvæði*“ er svæði, sem er ekki hafsvæði samkvæmt skilgreiningu aðildarríkja EES, er nær til ystu marka varanlegra hafnarmannvirkja sem eru óaðskiljanlegur hluti hafnarinnar eða til þeirra marka sem helgast af náttúrulegum landfræðilegum þáttum er skýla vogum og víkum eða svipuðum skýldum svæðum. Ytri mörk hafnarsvæða á Íslandi eru skilgreind í reglugerðum fyrir einstakar hafnir;
- q) „*Var*“ er skýlt svæði, náttúrulegt eða manngert þar sem skip eða far getur leitað vars við aðstæður þar sem því er hættu búin;
- r) „*Stjórnvald fánaríkis*“ eru lögbær yfirvöld ríkis sem heimilar skipinu eða farinu að sigla undir sínum fána. Siglingastofnun Íslands er stjórnvald fánaríkis í málum er varða ís-lensk skip;
- s) „*Gistiríki*“ er aðildarríki EES þar sem skip eða far, er siglir undir fána annars ríkis en aðildarríkisins, kemur til hafnar og lætur úr höfn í innanlandssiglingum;
- t) „*Viðurkennd stofnun*“ er stofnun sem er viðurkennd í samræmi við 4. gr. tilskipunar ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir sem sjá um skipaeftirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda, með áorðnum breytingum 17. mars 1998;
- u) „*Míla*“ er 1852 metrar;
- v) „*Kennialda*“ er meðalhæð þriðjungs hæstu mældrar öldu á tilteknu tímabili;
- w) „*Tilskipunin*“ er tilskipun ráðsins nr. 98/18/EB um öryggiskröfur og staðla fyrir farþega-skip.

3. gr.

Gildissvið.

1. Þessi reglugerð á við um:

- a) ný farþegaskip;
- b) gömul farþegaskip sem eru 24 metrar að lengd eða lengri;
- c) háhraðafarþegaför;

án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla þegar þau eru í innanlandssiglingum við Ísland. Reglugerðin á einnig við um íslensk skip í innanlandssiglingum erlendis.

Þegar Ísland er gistiríki í skilningi þessarar reglugerðar, skal Siglingastofnun Íslands ganga úr skugga um að farþegaskip og háhraðafarþegaför, sem sigla undir erlendum fána, fullnægi kröfum þessarar reglugerðar að öllu leyti áður en þau hefja innanlandssiglingar við Ísland.

2. Þessi reglugerð á ekki við um:

- a) farþegaskip sem eru:
 - herskip og liðsflutningaskip,
 - skip sem eru ekki knúin áfram með vélrænum hætti,
 - skip, sem eru smíðuð úr öðru efni en stáli eða jafngildu efni og falla ekki undir viðmiðanir um háhraðaför (ályktun siglingaöryggisnefndarinnar MSC 36(63) eða hreyfiborin för (ályktun A.373 (X)),
 - tréskip með frumstæðu smíðalagi,
 - frumgerð og endurgerðir sögufrægra farþegaskipa sem voru hönnuð fyrir 1965, að mestu leyti úr upprunalegu efni,
 - lystisnekkjur, nema á þeim sé eða verði áhöfn og að þær flytji fleiri en tólf farþega í atvinnuskyni,
 - einungis í siglingum innan hafnarsvæða;
- b) háhraðafarþegaför sem eru:
 - herskip eða liðsflutningaskip,
 - til skemmtunar, nema á þeim sé eða verði áhöfn og að þau taki fleiri en tólf farþega í atvinnuskyni,
 - einungis í siglingum innan hafnarsvæða.
3. Viðaukarnir við þessa reglugerð skulu vera óaðskiljanlegur hluti reglugerðarinnar og tilvísun í þessa reglugerð skal um leið vera tilvísun í viðauka hennar.
4. Um borð í sérhverju skipi, sem þessi reglugerð gildir um, skal vera eintak af reglugerðinni.

4. gr.

Flokkar farþegaskipa.

1. Farþegaskipum er skipt í eftirfarandi flokka eftir því á hvaða hafsvæðum þau starfa:

„*Flokkur A*“ eru farþegaskip í innanlandssiglingum, öðrum en þeim sem falla undir flokk B, C og D.

„*Flokkur B*“ eru farþegaskip í innanlandssiglingum og skal fjarlægð frá strandlínunni, þar sem skipreika fólk getur lent, aldrei vera meiri en 20 mílur miðað við meðalflóðhæð.

„*Flokkur C*“ eru farþegaskip í innanlandssiglingum á hafsvæðum þar sem líkur á hærri kenniöldu en 2,5 m eru minni en 10% á ársgrundvelli miðað við rekstur allt árið, eða þeim hluta ársins sem reksturinn er bundinn við (t.d. rekstur yfir sumartíma), og skal fjarlægð að vari aldrei vera meiri en 15 mílur og fjarlægð að strandlínu, þar sem skipreika fólk getur lent, aldrei meiri en 5 mílur miðað við meðalflóðhæð.

„Flokkur D“ eru farþegaskip í innanlandssiglingum á hafsvæðum þar sem líkur á hærri kenniöldu en 1,5 m eru minni en 10% á ársgrundvelli, eða þeim hluta ársins sem reksturinn er bundinn við (t.d. rekstur yfir sumartíma), og skal fjarlægð að vari aldrei vera meiri en 6 mílur og fjarlægð að strandlínu, þar sem skipreika fólk getur lent, meiri en 3 mílur, miðað við meðalflóðhæð.

2. Í II. viðauka við þessa reglugerð eru skrár og kort yfir hafsvæði við Ísland þar sem viðmiðanir varðandi flokka, sem er að finna í 1. mgr., eru lagðar til grundvallar.

3. Flokkun í 1. kafla (regla 1.4.10 og 1.4.11) í kóðanum um háhraðaför gildir um háhraða-farþegaför.

5. gr.

Beiting.

1. Bæði ný og gömul farþegaskip og háhraðafarþegaför skulu, í innanlandssiglingum, uppfylla viðeigandi öryggiskröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Siglingastofnun Íslands skal ekki koma í veg fyrir rekstur farþegaskipa eða háhraðafarþegafara í innanlandssiglingum við Ísland á grundvelli þessarar reglugerðar ef þau fullnægja kröfum þessarar reglugerðar, að meðtöldum viðbótarkröfum sem gerðar eru hérlandis í samræmi við ákvæði 1. mgr. 7. gr.

2. Þegar Ísland er gistiríki í skilningi þessarar reglugerðar, skal Siglingastofnun Íslands viðurkenna öryggisskírteini og starfsleyfi háhraðafars sem annað aðildarríki EES gefur út fyrir háhraðafarþegafara í innanlandssiglingum og öryggisskírteini farþegaskips, sem um getur í 11. gr., sem annað aðildarríki EES hefur gefið út fyrir farþegaskip í innanlandssiglingum.

3. Siglingastofnun Íslands er heimilt að skoða erlent farþegaskip eða háhraðafarþegafara í innanlandssiglingum við Ísland og gera úttekt á sjóferðagögnum þess í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 128/1997 um hafnarríkiseftirlit, með áorðnum breytingum.

4. Allur skipsbúnaður, sem er skráður í viðauka A.1 við reglugerð nr. 988/2000 um skipsbúnað, og uppfyllir ákvæði þeirrar reglugerðar, telst vera í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar hvort sem þess er krafist eða ekki í I. viðauka að viðurkenna skuli búnaðinn og að gerðar séu fullnægjandi prófanir á honum að mati stjórnvalds fánaríkis.

6. gr.

Öryggiskröfur.

1. Eftirfarandi gildir um ný og gömul farþegaskip í flokkum A, B, C og D:

a) Smíði og viðhald bols, aðal- og hjálparvéla, rafbúnaðar og sjálfvirks búnaðar skal vera í samræmi við viðmiðanir sem eru tilgreindar til flokkunar í reglum viðurkenndrar stofnunar eða jafngildum reglum sem eru notaðar af stjórnvaldi fánaríkis í samræmi við 2. mgr. 14. gr. tilskipunar 94/57/EB.

b) Ákvæði IV. kafla, þar með taldar breytingar frá 1988 á alþjóðlegu neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS), V. og VI. kafla SOLAS-samþykktarinnar frá 1974, með áorðnum breytingum 17. mars 1998, skulu gilda.

c) Ákvæði um siglingatæki í 12. reglu í V. kafla SOLAS-samþykktarinnar frá 1974, með áorðnum breytingum 17. mars 1998, skulu gilda. Þau siglingatæki, sem eru skráð í viðauka A.1 við reglugerð nr. 988/2000 um skipsbúnað og eru í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar, teljast vera í samræmi við kröfur um gerðarviðurkenningu í SOLAS-reglu V/12(r).

2. Eftirfarandi gildir um ný farþegaskip:

a) Almennar kröfur:

i) Ný farþegaskip í flokki A skulu uppfylla að fullu kröfur SOLAS-samþykktarinnar frá 1974, með áorðnum breytingum 17. mars 1998, og viðeigandi sérkröfur sem eru tilgreindar í þessari reglugerð og I. viðauka við hana. Siglingastofnun Íslands skal túlka

- þær reglur, sem stjórnvaldi er látið eftir að túlka samkvæmt SOLAS-samþykktinni, með þeim hætti sem fram kemur í I. viðauka, fyrir íslensk farþegaskip. Stjórnvald fánaríkis annast þetta fyrir erlent farþegaskip í innanlandssiglingum við Ísland.
- ii) Ný farþegaskip í flokki B, C og D skulu uppfylla viðeigandi sérkröfur sem eru tilgreindar í þessari reglugerð og I. viðauka við hana.
- b) Kröfur með tilliti til hleðslumerkja:
- i) Öll ný farþegaskip, sem eru 24 metrar að lengd og lengri, skulu uppfylla skilyrði alþjóðasamþykktar um hleðslumerki skipa frá 1966.
- ii) Viðmiðanir um öryggisstig, jafngildar þeim viðmiðunum sem er að finna í alþjóðasamþykkt um hleðslumerki skipa frá 1966, skulu notaðar í tengslum við lengd og flokk þegar um er að ræða ný farþegaskip sem eru styttri en 24 metrar.
- iii) Þrátt fyrir i- og ii-lið eru ný farþegaskip í flokki D undanþegin kröfum um lágmarksbóghæð sem mælt er fyrir um í alþjóðasamþykkt um hleðslumerki skipa frá 1966.
- iv) Ný farþegaskip í flokki A, B, C og D skulu vera með heilu þilfari.
3. Eftirfarandi gildir um gömul farþegaskip:
- a) Gömul farþegaskip í flokki A skulu uppfylla skilyrði reglna um gömul skip eins og þau eru skilgreind í SOLAS-samþykktinni frá 1974, með áorðnum breytingum 17. mars 1998, og viðeigandi sérreglur í þessari reglugerð og I. viðauka. Siglingastofnun Íslands skal túlka þær reglur, sem stjórnvaldi er látið eftir að túlka samkvæmt SOLAS-samþykktinni, með þeim hætti sem fram kemur í I. viðauka, fyrir íslensk farþegaskip. Stjórnvald fánaríkis annast þetta fyrir erlent farþegaskip í innanlandssiglingum við Ísland.
- b) Gömul farþegaskip í flokki B skulu uppfylla viðeigandi sérkröfur þessarar reglugerðar og I. viðauka.
- c) Gömul skip í flokki C og D skulu uppfylla viðeigandi sérkröfur í þessari reglugerð og III. kafla I. viðauka og skulu vera, að því er varðar málefni sem falla ekki undir þær kröfur, í samræmi við reglur stjórnvalds fánaríkis. Í þeim reglum skal kveðið á um jafngilt öryggisstig og í köflum II-1 og II-2 í I. viðauka að teknu tilliti til sérstakra staðbundinna starfsskilyrða á hafsvæðum þar sem skip í þessum flokkum hafa heimild til að starfa. Áður en gömul erlend farþegaskip í flokki C og D hefja reglubundnar innanlandssiglingar við Ísland skal leita eftir samþykki Siglingastofnunar Íslands á reglunum.
- d) Áliti aðildarríki EES að reglurnar, sem Siglingastofnun Íslands setur samkvæmt c-lið, séu ósanngjarnar getur það tilkynnt um það þegar í stað í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 9. gr. í tilskipuninni.
- e) Meiri háttar viðgerðir, breytingar og endurbætur og tengdur búnaður skulu vera í samræmi við kröfur fyrir ný skip sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. Breytingar á gömlum skipum, sem eiga einungis að bæta eiginleika þeirra til að þola áraun við notkun, teljast ekki til meiri háttar breytinga.
- f) Ekki skal beita ákvæðum a-liðar, nema eldri dagsetningar séu tilgreindar í SOLAS-samþykktinni frá 1974, eða ákvæðum b- og c-liðar, nema eldri dagsetningar séu tilgreindar í I. viðauka í tengslum við skip, þar sem kjölurinn hefur verið lagður eða skip á svipuðu smíðastigi:
- i) fyrir 1. janúar 1940: fyrr en 1. júlí 2006;
- ii) 1. janúar 1940 eða síðar, þó fyrir 31. desember 1962: fyrr en 1. júlí 2007;
- iii) 1. janúar 1963 eða síðar, þó fyrir 31. desember 1974: fyrr en 1. júlí 2008;
- iv) 1. janúar 1975 eða síðar, þó fyrir 31. desember 1984: fyrr en 1. júlí 2009;
- v) 1. janúar 1985 eða síðar, þó fyrir 1. janúar 2001: fyrr en 1. júlí 2010.
4. Eftirfarandi gildir um háhraðafarþegaför:
- a) Háhraðafarþegaför, sem eru smíðuð eða hafa gengist undir meiri háttar viðgerðir, breyt-

- ingar eða endurbætur 1. janúar 1996 eða síðar, skulu uppfylla kröfurnar í reglu X/3 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, nema
- kjölur þeirra hafi verið lagður eða þau verið á svipuðu smíðastigi 1. janúar 2001, og
 - þau eigi að afhenda og taka í notkun innan sex mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar, og
 - þau fullnægi að öllu leyti kröfum í öryggiskóða fyrir hreyfiborin för (DSC-kóðanum) sem er að finna í ályktun þings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.373(X) frá 14. nóvember 1977, eins og henni var breytt með ályktun siglingaöryggisnefndar MSC 37(63) frá 19. maí 1994.
- b) Háhraðafarþegaför, sem eru smíðuð fyrir 1. janúar 1996 og fullnægja kröfum í kóðanum um háhraðaför, skulu áfram rekin með þeim hætti sem er viðurkenndur samkvæmt þeim kóða. Háhraðafarþegaförum, sem eru smíðuð fyrir 1. janúar 1996 og fullnægja ekki kröfum í kóðanum um háhraðaför, er óheimilt að stunda innanlandssiglingar við Ísland nema þau hafi þegar verið í slíkum innanlandssiglingum 1. janúar 2001 en í því tilviki er þeim heimilt að stunda áfram rekstur innanlands við Ísland. Þessi för skulu uppfylla kröfur DSC-kóðans með áorðnum breytingum.
- c) Smíði og viðhald háhraðafarþegafara og búnaður þeirra skulu vera í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar um flokkun háhraðafara eða jafngildar reglur sem stjórnvald notar í samræmi við 2. mgr. 14. gr. tilskipunar 94/57/EB.

7. gr.

Viðbótaröryggiskröfur og jafngildar öryggiskröfur, undanþágur og öryggisráðstafanir.

1. Viðbótaröryggiskröfur:

Ef Siglingastofnun Íslands telur að rétt sé að herða gildandi öryggiskröfur í tilteknum tilvikum vegna sérstakra staðbundinna aðstæðna og unnt er að sýna fram á að þess sé þörf er samgönguráðherra heimilt, að fengnum tillögum stofnunarinnar og með fyrirvara um málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar, að samþykkja ráðstafanir til að herða öryggiskröfurnar.

2. Jafngildar öryggiskröfur:

Samgönguráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Siglingastofnunar Íslands og með fyrirvara um málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar, að samþykkja ákvæði með kröfum sem eru jafngildar reglunum í I. viðauka, að því tilskildu að þessar jafngildu öryggiskröfur séu í það minnsta eins skilvirkar og þær reglur.

3. Undanþágur:

Samgönguráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Siglingastofnunar Íslands, að samþykkja ákvæði um að undanþiggja skip tilteknum sérkröfum þessarar reglugerðar í tengslum við innanlandssiglingar við Ísland, þar með taldar siglingar á eyjahafsvæðum, sem eru í skjóli fyrir opnu hafi við tiltekin starfsskilyrði, t.d. að því er varðar lægri kenniöldu, árstíðabundnar siglingar, siglingar aðeins í björtu, siglingar við heppileg loftslags- eða veðurskilyrði, stuttar siglingar eða nálægð við björgunarþjónustu, að því tilskildu að ekki sé dregið úr öryggi og með fyrirvara um málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

4. Þegar ákvæðum 1., 2. eða 3. tölul. er beitt skal fylgja málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar. Beita skal slíkum ákvæðum gagnvart öllum farþegaskipum í sama flokki eða gagnvart förum, sem starfa við sömu tilgreind skilyrði, án mismununar að því er varðar hvaða fána þau sigla undir eða á grundvelli þjóðernis eða þess hvar rekstrar- aðili hefur starfsstöð sína. Ákvæðin sem um getur í 3. tölul. gilda einungis á meðan skipið eða farið er rekið við tilgreind skilyrði.

5. Öryggisráðstafanir:

Telji Siglingastofnun Íslands að farþegaskip eða -far, sem stundar innanlandssiglingar við

Ísland, stofni mannlífum eða eignum eða umhverfi í alvarlega hættu er stofnuninni heimilt, þrátt fyrir að skipið eða farið sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, að svipta það tímabundið starfsleyfi eða gera auknar öryggisráðstafanir þar til hættan er liðin hjá. Við framangreindar aðstæður skal fylgja málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

8. gr.

Skoðanir.

1. Stjórnvald fánaríkis annast skoðun á hverju nýju skipi samkvæmt eftirfarandi:
 - a) skoðun á skipinu áður en það er tekið í notkun;
 - b) reglubundna aðalskoðun á 12 mánaða fresti;
 - c) viðbótarskoðanir eftir því sem ástæða er til.
2. Stjórnvald fánaríkis annast skoðun á hverju gömlu skipi samkvæmt eftirfarandi:
 - a) upphafsskoðun áður en erlent skip er tekið í notkun í innanlandssiglingum við Ísland eða fyrir 1. október 2002 að því er varðar gömul íslensk skip í innanlandssiglingum við Ísland;
 - b) reglubundna aðalskoðun á 12 mánaða fresti;
 - c) viðbótarskoðanir eftir því sem ástæða er til.
3. Öll íslensk háhraðafarþegaför, sem þurfa, í samræmi við ákvæði 4. tölul. 6. gr., að uppfylla kröfur kóðans um háhraðaför, skulu skoðuð af Siglingastofnun Íslands eins og krafist er í þeim kóða. Stjórnvald fánaríkis annast þetta fyrir erlent háhraðafar í innanlandssiglingum við Ísland. Íslensk háhraðafarþegaför, sem þurfa, í samræmi við ákvæði 4. tölul. 6. gr., að uppfylla kröfur DSC-kóðans með áorðnum breytingum, skulu skoðuð af Siglingastofnun Íslands eins og krafist er í þeim kóða. Stjórnvald fánaríkis annast þetta fyrir erlent háhraðafar í innanlandssiglingum við Ísland.
4. Fylgja skal viðeigandi málsmeðferð og viðmiðunarreglum um skoðun fyrir öryggisskírteini farþegaskips, eins og tilgreint er í ályktun þings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.746(18) frá 4. nóvember 1993 um viðmiðunarreglur fyrir skoðun samkvæmt samræmdu skoðunar- og vottunarkerfi, með áorðnum breytingum 17. mars 1998, eða annarri málsmeðferð sem stefnir að sama marki.
5. Aðeins skoðunarmenn, sem vinna einungis fyrir stjórnvald fánaríkis, viðurkennda stofnun eða aðildarríki EES sem fánaríkið hefur veitt heimild til að sjá um skoðanir, skulu annast skoðanir, sem um getur í 1., 2. og 3. tölul., þannig að unnt sé að tryggja að allar gildandi kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar.

9. gr.

Skírteini.

1. Öll ný og gömul farþegaskip skulu fá öryggisskírteini farþegaskips í samræmi við þessa reglugerð. Skírteinið skal vera með því sniði sem mælt er fyrir um í II. viðauka tilskipunarinnar. Siglingastofnun Íslands skal gefa skírteinið út fyrir íslensk farþegaskip eftir að upphafsskoðun hefur farið fram eins og lýst er í a-lið 1. tölul. og a-lið 2. tölul. 8. gr. Stjórnvald fánaríkis annast þetta fyrir erlent farþegaskip í innanlandssiglingum við Ísland.
2. Öryggisskírteini farþegaskips skal gefið út til 12 mánaða hið lengsta. Heimilt er að framlengja gildistíma skírteinisins um allt að einn mánuð frá þeim degi er gildistími þess rennur út. Þegar framlenging hefur verið veitt hefst nýr gildistími skírteinisins á síðasta gildisdegi fyrra skírteinisins fyrir framlengingu. Öryggisskírteini farþegaskips skal endurnýja eftir að reglubundin aðalskoðun hefur farið fram eins og lýst er í b-lið 1. tölul. og b-lið 2. tölul. 8. gr.
3. Siglingastofnun Íslands skal, í samræmi við ákvæði kóðans um háhraðaför, gefa út öryggisskírteini háhraðafars og starfsleyfi háhraðafars fyrir þau íslensk háhraðafarþegaför sem eru í samræmi við kröfur í kóðanum um háhraðaför. Stjórnvald fánaríkis annast þetta fyrir erlent háhraðafara í innanlandssiglingum við Ísland.

Siglingastofnun Íslands skal, í samræmi við ákvæði DSC-kóðans, gefa út DSC-skírteini um smíði og búnað og DSC-starfsleyfi fyrir íslensk háhraðafarþegaför sem eru í samræmi við kröfur DSC-kóðans, með áorðnum breytingum. Stjórnvald fánaríkis annast þetta fyrir erlent háhraðafar í innanlandssiglingum við Ísland.

Siglingastofnun Íslands, skal hafa samráð við gistiríkið um starfsskilyrði er tengjast starfrækslu farsins í því ríki áður en hún gefur út starfsleyfi fyrir íslensk háhraðafarþegaför í innanlandssiglingum í gistiríki. Siglingastofnun Íslands skal tilgreina slík skilyrði á starfsleyfinu. Á sama hátt skulu skilyrði, sem gilda hérlandis, tilgreind á starfsleyfi háhraðafarþegafara í innanlandssiglingum við Ísland.

4. Þess skal getið á skírteini skips eða fars ef því hefur verið veitt undanþága samkvæmt og í samræmi við ákvæði 3. tölul. 7. gr.

10. gr.

Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 29. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum.

11. gr.

Framkvæmd.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda 1. október 2001.

Gömul farþegaskip skulu uppfylla viðeigandi ákvæði þessarar reglugerðar og I. viðauka, þ. á m. þegar eldri dagsetningar eru tilgreindar í I. viðauka um hvenær einstök ákvæði hans koma til framkvæmda, eigi síðar en þann dag sem fyrsta reglubundna aðalskoðun fer fram eftir 1. október 2001.

12. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 1. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1993, um breytingu á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu, og með hliðsjón af tilskipun ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998, um öryggiskröfur og staðla fyrir farþegaskip og öðlast gildi 1. október 2001.

Jafnframt fellur úr gildi hleðslumerkjareglugerð, nr. 45/1943.

Samgönguráðuneytinu, 27. apríl 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

I. VIÐAUKI

Öryggiskröfur fyrir ný og gömul farþegaskip
í innanlandssiglingum

EFNISYFIRLIT

KAFLI I –	ALMENN ÁKVÆÐI.....	bls. 1758
KAFLI II-1 –	SMÍÐI – NIÐURHÓLFUN OG STÖÐUGLEIKI, VÉLBÚNAÐUR OG RAFÚNAÐUR	1759
A-hluti – Almenn	1759
1.	Skilgreiningar varðandi B-hluta (R 2)	1759
2.	Skilgreiningar varðandi C-, D- og E-hluta (R 3)	1760
B-hluti – Stöðugleiki í óleku ástandi, niðurhólfun og stöðugleiki í löskuðu ástandi	1761
1.	Stöðugleiki í óleku ástandi (ályktun A. 167, eins og henni var breytt með ályktun A. 206 og A. 749)	1761
2.	Vatnsþétt niðurhólfun	1762
3.	Kaflengd (R 4).....	1762
4.	Leyfileg lengd hólfa (R 6)	1762
5.	Gleypni (R 5)	1762
6.	Niðurhólfunarstuðull	1762
7.	Sérkröfur varðandi niðurhólfun skips (R 7)	1763
8.	Stöðugleiki í löskuðu ástandi (R 8)	1764
8-1.	Stöðugleiki ekjufarþegaskipa í löskuðu ástandi (R 8-1)	1767
8-2.	Sérkröfur varðandi ekjufarþegaskip sem flytja 400 manns eða fleiri (R 8-2)	1767
9.	Stafnpil, skutpil og vélarúmspil (R 10)	1768
10.	Tvöfaldur botn (R 10)	1769
11.	Ákvörðun, merking og skráning niðurhólfunarhleðslumerkja (R 13)	1770
12.	Smíði og fyrsta prófun vatnsþéttra þilja o.s.frv. (R 14)	1770
13.	Op í vatnsþéttum þiljum (R 15)	1771
14.	Skip sem flytja vöruflutningabifreiðar og starfsmenn þeirra (R 16)	1776
15.	Op í byrðingsplötu neðan við kaflínu (R 17)	1776
16.	Vatnsþéttleiki farþegaskipa ofan kaflínu (R 20)	1778
17.	Lokun farmhleðsludryra (R 20-1)	1779
17-1.	Vatnsþéttleiki milli ekjuþilfars (skilrúmsþilfars) og rýma fyrir neðan (R 20-2)	1779
17-2.	Aðgangur að ekjuþilförum (R 20-3).....	1780
17-3.	Lokun þilja á ekjuþilfari (R 20-4)	1780
18.	Upplýsingar um stöðugleika (R 22)	1780
19.	Áætlanir um aðgerðir vegna leka (R 23)	1781
20.	Þéttleiki bols og yfirbyggingar, lekavarnir og lekastjórnun (R 23-2)	1781
21.	Merking, tímabundin notkun og reglubundin aðalskoðun vatnsþéttra hurða o.s.frv. (R 24) ...	1781
22.	Færslur í dagbók (R 25)	1782
23.	Lyftanlegir pallar og skábrautir fyrir bifreiðar	1782
C-hluti – Vélbúnaður	1782
1.	Almenn (R 26).....	1782
2.	Sprengihreyflar (R 27)	1783
3.	Austurkerfi (R 21).....	1783
4.	Fjöldi og gerð austurdæla (R 21)	1785
5.	Búnaður til að knýja aftur á bak (R 28)	1786

6.	Stýrisbúnaður (R 29).....	bls.
7.	Viðbótarkröfur fyrir rafknúinn og raf- og vökvadrifinn stýrisbúnað (R 30)	1786
8.	Loftræstikerfi í vélarúmum (R 35)	1789
9.	Samband milli stjórnþalls og vélarúms (R 37).....	1789
10.	Viðvörunarbúnaður fyrir vélstjóra (R 38).....	1789
11.	Staðsetning öryggisbúnaðar (R 39)	1789
12.	Stjórnþæki véla (R 31)	1789
13.	Gufulagnakerfi (R 33)	1790
14.	Þrýstiloftskerfi (R 34)	1790
15.	Varnir gegn hávaða (R 36)	1791
16.	Lyftur	1791
D-hluti – Rafbúnaður		1791
1.	Almennt (R 40)	1791
2.	Aðalrafaflgjafi og lýsing (R 41)	1792
3.	Neyðarrafaflgjafi (R 42)	1792
4.	Viðbótarmeðarlýsing fyrir ekjuskip (R 42-1)	1793
5.	Varúðarráðstafanir gegn raflosti, eldi og öðrum hættum af völdum rafmagns (R 45).....	1794
E-hluti – Viðbótarkröfur varðandi vélarúm sem eru ómönnuð tímabundið		1795
Sérstakt mat (R 54)		1795
1.	Almennt (R 46).....	1795
2.	Brunavarnir (R 47)	1796
3.	Vörn gegn flæði (R 48).....	1796
4.	Stjórnun vélar frá stjórnþalli (R 49)	1796
5.	Samskipti (R 50)	1797
6.	Viðvörunarkerfi (R 51)	1797
7.	Öryggiskerfi (R 52)	1798
8.	Sérkröfur um vélbúnað, katla og rafbúnað (R 53)	1798
9.	Sjálfvirkt stýri- og viðvörunarkerfi (R 53.4)	1798
KAFLI II-2 – ELÐVARNIR, ELDSKYNJUN OG SLÖKKVIBÚNAÐUR		1799
A-hluti – Almennt		1799
1.	Meginreglur (R 2).....	1799
2.	Skilgreiningar (R 3)	1799
3.	Slökkvidælar, aðalbrunalagnir, brunahanar, brunaslöngur og stútar (R 4)	1802
4.	Föst slökkvikerfi (R 5+8+9+10)	1806
5.	Slökkvitæki (R 6)	1809
6.	Slökkvikerfi í vélarúmum (R 7)	1810
7.	Sérstakt fyrirkomulag í vélarúmum (R 11)	1811
8.	Sjálfvirkt yringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi (R 12)	1812
9.	Fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi (R 13).....	1814
10.	Fyrirkomulag varðandi eldsneytisólú, smuroólú og aðrar eldfimar olútegundir (R 15).....	1817
11.	Slökkvibúningur (R 17)	1820
12.	Ýmis ákvæði (R 18)	1821
13.	Brunavarnaráætlanir og brunaæfingar (R 20)	1822
14.	Slökkvitæki tilbúin til notkunar (R 21)	1822
B-hluti – Eldvarnir		1823
1.	Smíðafyrirkomulag (R 23)	1823
2.	Lóðrétt afmörkuð aðalsvæði og lárétt svæði (R 24).....	1823
3.	Þil innan lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis (R 25).....	1824

	bls.
4. Eldtraustleiki þilja og þilfara í nýjum skipum sem taka fleiri en 36 farþega (R 26)	1825
5. Eldtraustleiki þilja og þilfara í nýjum skipum sem taka 36 eða færri farþega og gömlum skipum í flokki B sem taka fleiri en 36 farþega (R 27)	1830
6. Neyðarútgangar (R 28)	1832
6-1. Undankomuleiðir á ekjufarþegaskipum (R 28-1)	1835
7. Op á skilrúmum í A- og B-flokki (R 31, 31)	1836
8. Vörn stígaganga og lyfta í vistarverum og þjónusturýmum (R 29)	1838
9. Loftræstikerfi (R 32)	1838
10. Gluggar og kýraugu (R 33)	1842
11. Takmörkuð notkun brennanlegra efna (R 34)	1843
12. Ýmsir verkhlutar smíðinnar (R 35)	1843
13. Föst eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi og sjálfvirkt ýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi (R 14) (R 36)	1844
14. Vörn sérstakra rýma (R 37)	1845
15. Brunavarsla, eldskynjun, viðvörunarbúnaður og kallkerfi (R 40)	1848
16. Endurbætur gamalla skipa í flokki B sem taka fleiri en 36 farþega (R 41-1)	1848
17. Sérkröfur um skip sem flytja hættulegan farm (R 41)	1850
KAFLI III – BJÖRGUNARBÚNAÐUR	1851
1. Skilgreiningar (R 3)	1851
2. Fjarskipti, björgunarför og léttbátar, einstaklingsbjörgunarbúnaður (R 6+7+17+20+21)	1851
3. Neyðarviðvaranir, leiðbeiningar um notkun búnaðar, björgunarhandbækur, söfunaráætlanir og neyðaráætlanir (R 6+8+9+18+19)	1852
4. Mönnun björgunarfara og verkstjórn (R 10)	1854
5. Samsöfnun í björgunarför og hvernig farið skuli um borð í þau (R 11+22+24)	1854
5-1. Kröfur varðandi ekjufarþegaskip (R 24-1)	1855
5-2. Þyrlupallar og svæði þaðan sem fólki er lyft um borð í þyrlur (R 24-3)	1856
5-3. Stoðkerfi fyrir ákvarðanir skipstjóra	1856
6. Sjósetningarbúnaður (R 12)	1857
7. Staðsetning björgunarfara (R 13+23)	1857
8. Geymsla léttbáta (R 14)	1858
9. Fyrirkomulag við sjósetningu og upptöku björgunarfara (R 15)	1858
10. Fyrirkomulag á því að fara um borð í, sjósetja og taka upp léttbáta (R 16)	1859
11. Neyðarfyrirmæli	1860
12. Ástand búnaðar, viðhald og skoðanir (R 19)	1860
13. Þjálfun og björgunaræfingar (R 18 + R 25)	1860

KAFLI I

ALMENN ÁKVÆÐI

Þar sem skýrt er kveðið á um slíkt eiga reglur þessa viðauka við um ný og gömul farþegaskip í flokki A, B, C og D í innanlandssiglingum.

Ný skip í flokki B, C og D, sem eru styttri en 24 metrar, skulu uppfylla kröfur í reglum II-1/B/2 til II-1/B/8 og II-1/B/10 í þessum viðauka nema stjórnvald fánaríkisins, sem þessum skipum er heimilt að sigla undir fána hjá, sjái til þess að þau fari að innlendum reglum fánaríkisins og að slíkar reglur tryggi jafngilt öryggisstig.

Gömul skip í flokki C og D þurfa ekki að uppfylla reglur í kafla II-1 og II-2 í þessum viðauka að því tilskildu að stjórnvald fánaríkisins, sem þessum skipum er heimilt að sigla undir fána hjá, sjái til þess að þau fari eftir innlendum reglum fánaríkisins og að slíkar reglur tryggi jafngilt öryggisstig.

Þar sem þess er krafist í þessum viðauka að IMO-ályktun sé beitt gagnvart gömlum skipum þurfa skip, sem eru smíðuð allt að tveimur árum eftir þann dag þegar Alþjóðasiglingamálstofnunin samþykkti ályktunina, ekki að vera í samræmi við ályktunina að því tilskildu að þau séu í samræmi við viðeigandi eldri ályktun eða ályktanir, séu þær fyrir hendi.

Með „meiri háttar“ viðgerðum, breytingum og endurbótum er til að mynda átt við:

- breytingar sem breyta málum skipsins í veigamiklum atriðum.
Dæmi – lenging þar sem nýjum miðhluta er bætt við,
- breytingar sem fela í sér að hægt er að flytja umtalsvert fleiri farþega með skipi.
Dæmi – ökutækjahlífari breytt í vistarverur fyrir farþega,
- breytingar sem auka endingu skipsins til muna.
Dæmi – endurnýjun á vistarverum fyrir farþega á einu heilu hlífari.

Ábendingin „(R . . .)“, sem fylgir allmörgum fyrirsögnum reglna í þessum viðauka, vísa til reglna SOLAS-samþykktarinnar frá 1974, með áorðnum breytingum, en á henni eru reglur þessa viðauka byggðar.

KAFLI II-1

**SMÍÐI – NIÐURHÓLFUN OG STÖÐUGLEIKI, VÉLBÚNAÐUR OG
RAFBÚNAÐUR**

A-HLUTI

ALMENNT

1 Skilgreiningar varðandi B-hluta (R 2) (1)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 .1 *Niðurhólfunarhleðslumerki* er vatnslínan sem er lögð til grundvallar þegar ákvarða skal niðurhólfun skipsins;
- .2 *Dýpsta (efsta) niðurhólfunarhleðslumerkið* er vatnslínan, sem svarar til mestu djúpristu, sem er leyfð samkvæmt viðeigandi kröfum varðandi niðurhólfun.
- .2 *Lengd skipsins* er lengdin mæld milli lóðlína sem eru við enda dýpsta (efsta) niðurhólfunarhleðslumerkisins.
- .3 *Breidd skipsins* er mesta breidd á milli banda utanvert, mæld við eða fyrir neðan dýpsta (efsta) niðurhólfunarhleðslumerkið.
- .4 *Djúprista* er lóðrétt fjarlægð frá mótaðri grunnlínu miðskipa að viðkomandi niðurhólfunarhleðslumerki.
- .5 *Burðargeta* er munur í tonnum talið milli sæþunga skips, í vatni með eðlisþyngdina 1,025 við hleðslu-vatnslínu sem svarar til skilgreinds sumarfríborðs, og eiginþyngdar skipsins.
- .6 *Eiginþyngd* er sæþungi skips án farms, eldsneytis, smurólú, sjókjölfestu, ferskvatns og veituvatns í geymum, vista og farþega og áhafnar og persónulegra muna þeirra.
- .7 *Skilrúmsþilfar* er efsta þilfarið sem þverskips vatnspétt þil ná upp undir.
- .8 *Kaflína* er lína dregin að minnsta kosti 76 mm undir efri brún skilrúmsþilfars við skipshlið.
- .9 *Gleypni rýmis* er sá hundraðshluti rýmisins sem getur fyllst vatni. Mæla skal rúmtak rýmisins, sem nær upp fyrir kaflínu, upp að henni og ekki hærra.
- .10 *Vélarúm* nær frá mótaðri grunnlínu að kaflínu og er á milli ystu vatnspétta þverskips aðalþiljanna og afmarka rýmin þar sem aðal- og hjálparvélar til knúnings og katlarnir, sem nýttast til knúnings, eru höfð.
- .11 *Farþegarými* er það rými sem er ætlað til íbúðar og afnota fyrir farþega, en þó eru ekki meðtaldin rými undir farangur, geymslu, matvæli og póst.
- .12 *Vatnspétt* merkir, með tilliti til smíði, að vatn eða sjór kemst ekki í gegnum burðarvirkið, á hvorn veginn sem er, við þann vatnspýsting sem gera má ráð fyrir í óleku eða löskuðu ástandi skipsins.
- .13 *Veðurþéttur* merkir að vatn eða sjór kemst ekki inn í skipið hvernig sem sjólag er.
- .14 *Ekjufarþegaskip* er farþegaskip með ekjufarmrými eða sérstök rými eins og það er skilgreint í reglu II-2/A/2.

2 Skilgreiningar varðandi C-, D- og E-hluta (R 3)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 .1 *Stjórnkerfi fyrir stýrisbúnað* er búnaður sem er notaður til að senda fyrirmæli frá stjórnþalli til aflvélar stýrisbúnaðar. Í stjórnkerfi stýrisbúnaðar eru sendar, móttökubúnaður og tilheyrandi vélar, vélastillar, lagnir og kaplar.
- .2 *Aðalstýrisbúnaður* er vélbúnaðurinn, stýrihreyfiliðar, aflvél stýrisbúnaðar, ef hún er fyrir hendi, og hjálparbúnaður og tæki til að yfirfæra snúningsátak á stýrisásinn (t.d. stýrissveif eða stýriskvaðrantur), sem nauðsynlegur er til að hreyfa stýrið, í þeim tilgangi að stýra skipinu við venjulegar þjónustuaðstæður.
- .2 *Aflvél stýrisbúnaður* er:
 1. í rafmagnsstýrisbúnaði, rafhreyfill og tilheyrandi rafbúnaður;
 2. í raf- og vökvadrifnum stýrisbúnaði, rafhreyfill og tilheyrandi rafbúnaður ásamt viðtengdri dælu;
 3. í vökvadrifnum stýrisbúnaði, aflvél ásamt viðtengdri dælu.
- .3 *Varastýrisbúnaður* er búnaður, þó ekki hluti af aðalstýrisbúnaði, sem er nauðsynlegur til að stýra skipinu ef til bilunar kemur í aðalstýrisbúnaði, öðrum en stýrissveif, stýriskvaðranti eða íhlut sem gegnir sama hlutverki.
- .4 *Eðlilegar starfs- og dvalaraðstæður* merkir að skipið sem heild, vélbúnaður, þjónustubúnaður, aðal- og hjálparvélabúnaður til að knýja skipið, stýrisbúnaður og tilheyrandi tæki og búnaður til að tryggja örugga siglingu og til að takmarka brunahættu og hættu á vatnsflæði, búnaður til samskipta og merkjasendinga innan- og utanborðs, undankomuleiðir og vindur fyrir léttbáta, sé í lagi og starfi eðlilega og að hönnunarskilyrðum varðandi þægindi sé fullnægt.
- .5 *Neyðaraðstæður* eru þær aðstæður þegar búnaður, sem er nauðsynlegur til að viðhalda eðlilegum starfs- og dvalarskilyrðum, starfar ekki vegna bilunar í aðalrafalgljafa.
- .6 *Aðalrafalgljafi* er gjafi sem veitir rafafli til aðalraftöflu til dreifingar til alls nauðsynlegs búnaðar til að viðhalda eðlilegum starfs- og dvalarskilyrðum um borð.
- .7 *Vélvana* skip er skip þar sem aðalvélar, katlar og hjálparvélar eru ekki í gangi vegna skorts á afli.
- .8 *Aðalorkustöð* er rýmið þar sem aðalrafalgljafi er staðsettur.
- .9 *Aðalraftafla* er tafla sem er tengd aðalrafalgljafanum beint og er ætluð til dreifingar á raforku til búnaðar skipsins.
- .10 *Neyðartafla* er tafla sem fær orku beint frá neyðarrafaflgljafa eða bráðabirgðaneyðarafla verði bilun í aðalraforkukerfi og er ætluð til dreifingar á raforku til neyðarbúnaðar.
- .11 *Neyðarrafaflgljafi* er rafaflgljafi sem á að veita orku til neyðartöflu verði bilun í aðalrafalgljafa.
- .12 *Mesti notkunarhraði áfram* er sá hraði sem skipið er hannað til að halda þegar það er á siglingu á hafi úti við mestu leyfilegu djúpristu þess.
- .13 *Mesti hraði aftur á bak* er sá hraði sem áætlað er að skipið geti náð við hannað hámarksvélarafli aftur á bak við mestu leyfilegu djúpristu þess.
- .14(a) *Vélarúm* eru öll vélarúm í flokki A svo og öll önnur rými sem í er vélbúnaður til að knýja skipið, katlar, eldsneytisolíubúnaður, gufuvélar og sprengihreyflar, rafalar og aðalrafvélabúnaður, olíuáfylli-stöðvar, kælivélabúnaður, andveltibúnaður, loftræsti- og hitajöfnunarbúnaður, og sambærileg rými og stokkar sem liggja að þannig rýmum.

- .14(b) *Vélarúm í flokki A* eru þau rými og stokkar sem liggja að þeim rýmum sem í eru:
- 1 sprenghreyflar sem notaðir eru til að knýja skipið; eða
 - 2 sprenghreyflar til annarra nota þar sem heildarúttaksafli þannig vélbúnaðar er að minnsta kosti 375 kW; eða
 - 3 olúkyntur ketill eða eldsneytisólubúnaður.
- .15 *Aflhreyfikerfi* er vökvadrifinn búnaður sem veitir afli til að snúa stýrisás og samanstandur af aflvél eða -vélum stýrisbúnaðar, ásamt tilheyrandi lögnum og tengihlutum, og stýrihreyfiliða. Í aflhreyfikerfum geta verið sameiginlegir vélaríhlutir, t.d. stýrissveif, stýriskvaðrantur og stýrisás eða íhlutir sem gegna sama hlutverki.
- .16 *Stjórnstöðvar* eru þau rými þar sem fjarskiptabúnaður skipsins eða aðalsiglingatæki þess eru eða þar sem neyðaraflgjafinn er staðsettur eða þar sem brunaviðvörunarkerfinu eða slökkvibúnaðinum er stjórnað.

B-HLUTI

STÖÐUGLEIKI Í ÓLEKU ÁSTANDI, NIÐURHÓLFUN OG STÖÐUGLEIKI Í LÖSKUÐU ÁSTANDI

1 Stöðugleiki í óleku ástandi (ályktun A.167, eins og henni var breytt með ályktun A.206 og A.749)

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D SEM ERU 24 M AÐ LENGD EÐA LENGRI:

Allir flokkar nýrra skipa, sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, skulu uppfylla viðeigandi ákvæði um farþegaskip í kóðanum um stöðugleika í óleku ástandi sem Alþjóðasiglingamálastofnun samþykkti á 18. fundi þings síns 4. nóvember 1993 með þingsályktun A.749(18).

GÖMUL SKIP Í FLOKKI A OG B SEM ERU 24 M AÐ LENGD EÐA LENGRI:

Öll gömul skip í flokki A og B skulu uppfylla, við öll hleðsluskilyrði, eftirfarandi viðmiðanir um stöðugleika eftir að tilhlýðileg leiðrétting hefur verið gerð vegna áhrifa óhefts yfirborðs vökva í geymum í samræmi við skilyrðin í I. viðbæti ályktunar 167 eða samsvarandi skilyrði.

- a) Flöturinn undir réttiarmsboglinunni (GZ-boglinunni) skal ekki vera minni en:
 - i) 0,055 metraradíanar að 30 gráðu hallahorni;
 - ii) 0,09 metraradíanar að 40 gráðu hallahorni eða flæðihorni, þ.e. því hallahorni þar sem neðri brúnir opa á bol, yfirbyggingu eða þilfarshúsum, sem ekki er unnt að loka veðurþétt, eru byrjuð að færast í sjó ef það horn er minna en 40 gráður;
 - iii) 0,03 metraradíanar milli hallahornanna 30 gráður og 40 gráður eða milli 30 gráða og flæðihornsins ef það horn er minna en 40 gráður.
- b) Réttiarmurinn GZ skal vera að minnsta kosti 0,20 metrar við hallahorn sem er jafnt og 30 gráður eða stærra.
- c) Hámarksréttiarmurinn GZ skal verða við hallahorn sem skal helst vera stærra en 30 gráður og ekki minna en 25 gráður.
- d) Byrjunarmálmíðjuhæð þverskips skal ekki vera minni en 0,15 metrar.

Taka skal tillit til að minnsta kosti þeirra hleðslutilvika, sem eru talin upp í II. viðbæti við IMO-ályktun A.167 (IV), til þess að sannreyna að framangreind skilyrði um stöðugleika séu uppfyllt.

Öll gömul skip í flokki A og B, sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, skulu einnig uppfylla þær viðbótari viðmiðanir sem eru tilgreindar í 2. mgr. 5. gr. í viðauka við IMO-ályktun A.167 (IV) og viðmiðanir um mikinn vind og velting eins og kveðið er á um í IMO-ályktun A.562 (14).

2 Vatnspétt niðurhólfun

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Öll skip skulu niðurhólfuð með vatnspéttum þiljum að skilrúmsþilfari í vatnspétt hólfi og skal reikna út hámarkslengd hólfa samkvæmt sérkröfum sem eru tilgreindar hér á eftir.

Allir aðrir hlutar í burðarvirki innanborðs, sem hafa áhrif á niðurhólfun skipsins, skulu vera vatnspéttir.

3 Kaflengd (R 4)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Kaflengd á tilteknum punkti er stærsti hluti af lengd skipsins sem getur, með þennan punkt að miðpunkti og samkvæmt skilyrðum um gleypni sem eru tilgreind hér á eftir, fyllst af sjó án þess að skipið sígi lengra en að kaflínu.
- .2 Á skipi, sem er ekki með skilrúmsþilfar stafna á milli, er hægt að ákvarða kaflengdina, á hvaða punkti sem er, í hugsaðri óslitinni kaflínu sem er aldrei minna en 76 mm undir efsta hluta þilfars á skipshlið þar sem viðeigandi þil og skipshliðar eru vatnspéttar upp að henni.
- .3 Ef hluti af hugsaðri kaflínu er umtalsvert fyrir neðan þilfarið, þangað sem þilin ná, er stjórnvaldi fánaríkisins heimilt að víkja í takmörkuðum mæli frá kröfum varðandi vatnspéttleika þess hluta þiljanna sem er ofan kaflínu og næst undir hærra þilfari.

4 Leyfileg lengd hólfa (R 6)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Leyfileg hámarkslengd hólfs, í hvaða punkti á skipslengdinni sem miðpunkturinn er, fæst með því að margfalda kaflengd með viðeigandi tölu sem kallast niðurhólfunarstuðull.

5 Gleypni (R 5)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Þau ströngu skilyrði, sem um getur í 3. reglu, eiga við um gleypni rýma neðan kaflínu.

Þegar kaflengd er ákvörðuð skal tilgreina áætlaða meðalgleypni rýma fyrir neðan kaflínu í töflu í reglu 8.3.

6 Niðurhólfunarstuðull

Niðurhólfunarstuðull skal vera sem hér segir:

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Flokkur	N	F
B, C, D	$N < 400$	$\leq 1,0$
B, C, D	$N \geq 400$	$\leq 0,5$

þar sem N = fjöldi einstaklinga sem heimilt er að flytja.

Gömull skip í flokki B skulu uppfylla þessa kröfu eigi síðar en þann dag sem mælt er fyrir um í 2. lið í reglu II-1/B/8-2.

7 Sérkröfur varðandi niðurrhólfun skips (R 7)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Ef vatnspétt þil, í einum eða fleiri hlutum skips, ná að hærra þilfari en í öðrum hlutum skipsins og æskilegt er að nýta þessa framlengingu á þiljum við útreikning á kaflengdinni er heimilt að nota sérstakar kaflínur fyrir hvern slíkan hluta skipsins að því tilskildu að:
 1. skipshliðar nái eftir allri skipslengdinni að því þilfari sem svarar til efri kaflínu og að litið sé svo á að öll op á byrðingsplötum neðan þessa þilfars eftir allri skipslengdinni séu neðan kaflínu að því er varðar 15. reglu; og
 2. þau tvö hólf sem liggja næst „þrepinu“ í skilrúmsþilfarinu séu hvort um sig innan leyfilegrar lengdar sem svarar til kaflínu hvors um sig og að auki sé samanlögð lengd þeirra ekki meira en tvöföld sú leyfilega lengd sem grundvallast á neðri kaflínu.
- .2 Hólf má vera umfram leyfilega lengd, sem er ákvörðuð samkvæmt ákvæðum í 4. reglu, að því tilskildu að samanlögð lengd hverra tveggja samliggjandi hólfanna, þar sem annað er það hólf sem um ræðir, sé ekki meiri en kaflengdin eða tvöföld hin leyfilega lengd, eftir því hvort er minna.
- .3 Í aðalþili þverskips mega vera skot að því tilskildu að allir hlutar skotsins liggja innan lóðréttra flata beggja megin í skipinu sem skulu vera sem svarar 1/5 af breidd skipsins frá skipsborðum og skal þessi fjarlægð mæld hornrétt á miðlínu skipsins við dýpsta (efsta) niðurrhólfunarhleðslumerkið. Lendi hluti skotsins utan þessara marka skal líta á það sem þrep í samræmi við 6. lið.
- .4 Ef aðalþil þverskips er með skoti eða þrepi skal nota samsvarandi slétt þil til að ákvarða niðurrhólfunina.
- .5 Ef vatnspétt aðalhólf þverskips er hólfað niður í minni einingar og ljóst er að stjórnvald fánaríkisins telur að aðalhólfíð fyllist ekki af sjó eða vatni, enda þótt gert sé ráð fyrir skemmd á skipshlið sem nemur 3 metrum auk 3% af skipslengdinni, eða 11 metrum, eða 10% af skipslengdinni, eftir því hvort er minna, má leyfa hlutfallslega viðbót við leyfilega lengd sem annars er ákveðin í slíkum vatnspéttum hólfum. Í því tilviki skal rúmtak áætlaðrar raunverulegrar flothæfni á óskemmdri hlið ekki vera meira en rúmtak áætlaðrar flothæfni á skemmdu hliðinni.

Frávík frá þessum undirlið verða einungis leyfð ef ætla má að þau komi ekki í veg fyrir að ákvæði 8. reglu séu uppfyllt.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .6 Aðalþil þverskips má vera með þrepi að því tilskildu að einu af eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:
 - .1 Samanlögð lengd beggja hólfanna, sem þilið aðskilur, skal ekki vera meiri en 90% af kaflengdinni eða tvöföld leyfileg lengd, þó skal samanlögð lengd hólfanna tveggja sem um ræðir ekki vera meiri en leyfileg lengd í skipum þar sem niðurrhólfunarstuðull er 1.
 - .2 Setja skal aukahólf í beina línu aftan við þrepið til að viðhalda sama öryggisstigi og tryggt er með sléttu þili.
 - .3 Hólfín, sem þrepið nær yfir, skal ekki vera umfram leyfilega lengd sem svarar til kaflínu 76 mm undir þrepinu.

- .7 Á skipum, sem eru 100 metrar að lengd eða lengri, skal koma fyrir einu af þverskips aðalþiljum aftan við stafnhylkið og skal fjarlægðin frá fremri lóðlínu ekki vera meiri en leyfileg lengd.
- .8 Ef fjarlægðin milli tveggja samliggjandi þverskips aðalþilja, eða samsvarandi sléttra þilja, eða fjarlægðin milli þverskips flata, sem liggja um næstu þrep í þiljum, er minna en 3,0 metrar auk 3% af skipslengdinni, eða 11,0 metrar, eða 10% af skipslengdinni, eftir því hvort er minna, skal aðeins litið á annað þessara þilja sem hluta af niðurhólfun skipsins.
- .9 Ef þess er krafist að niðurhólfunarstuðull sé 0,50 skal samanlögð lengd hvaða tveggja samliggjandi hólfá sem er ekki vera meiri en kaflengdin.

8 Stöðugleiki í löskuðu ástandi (R 8)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1.1 Skip skal vera nægilega stöðugt í óleku ástandi við allar þjónustuaðstæður þannig að það þoli að eitt-hvert eitt þeirra aðalhólfa, sem krafist er að sé innan kaflengdarinnar, fyllist af sjó.
- .1.2 Ef tvö samliggjandi aðalhólf eru aðskilin með þili, sem hefur þrep samkvæmt skilyrðum í reglu 7.6.1, skal stöðugleiki í óleku ástandi vera nægilegur til að skipið þoli flæði inn í þessi tvö samliggjandi hólf.
- .1.3 Ef þess er krafist að niðurhólfunarstuðull sé 0,50 skal stöðugleiki í óleku ástandi vera nægilegur til að skipið þoli að vatn flæði inn í hvaða tvö samliggjandi hólf sem er.
- .2.1 Kröfurnar í lið 1. skulu ákvarðaðar með útreikningum sem eru í samræmi við liði .3, .4 og .6 þar sem tekið er tillit til hlutfalla og hönnunareinkenna skipsins og fyrirkomulags og staðsetningar leku hólfanna. Þessir útreikningar skulu miðast við að skipið sé í versta ástandi sem vænta má að því er varðar stöðugleika.
- .2.2 Ef fyrirhugað er að setja upp þilför, innri klæðningu eða þil langskipa sem eru nægilega þétt til að hefta vatnsflæði verulega skal taka viðeigandi tilliti til slíkra hindrana við útreikninga.
- .2.3 Ákvarða skal stöðugleika við endanlegt ástand eftir löskun og að lokinni útjöfnun, þar sem við á, með eftirfarandi hætti:
 - .2.3.1 Jákvæð afgangsréttiarmsboglína skal hafa 15 gráðu lágmarksendingu umfram jafnvægis horn. Þessi mörk má lækka í 10 gráður að lágmarki þegar flöturinn undir réttiarmsboglínuna er hinn sami og tilgreint er í lið .2.3.2, margfaldað með hlutfallinu 15/ending, þar sem endingin er gefin upp í gráðum.
 - .2.3.2 Flöturinn undir réttiarmsboglínunni skal vera minnst 0,015 metraradíanar, mælt frá jafnvægis horni að því hallahorni hér á eftir sem er minna:
 - .1 hallahorninu þar sem stigvaxandi flæði á sér stað;
 - .2 22 gráðum (mælt við réttan kjöl) ef flæðir inn í eitt hólf eða 27 gráðum (mælt við réttan kjöl) ef flæðir inn í tvö samliggjandi hólf á sama tíma.
 - .2.3.3 Afgangsréttarmur skal vera innan marka jákvæðs stöðugleika að teknu tilliti til mesta hallavægis við eftirfarandi aðstæður:
 - .1 allir farþegar safnast saman á annað borðið;
 - .2 sjósetning allra fullhlaðinna björgunarfara á öðru borði með bátsuglum;
 - .3 vegna vindálags;eins og það er reiknað fyrir ný skip í flokki B með formúlunni:

$$GZ(\text{metrar}) = \frac{\text{hallavægi}}{\text{sæþungi}} + 0,04$$

Þó skal réttiarmurinn aldrei vera minni en 0,10 metrar.

.2.3.4 Eftirfarandi er notað til útreiknings á hallavægi í lið .2.3.3:

- .1 Hallavægi að völdum þess að farþegar safnast saman:
 - .1.1 fjórir menn á hvern fermetra;
 - .1.2 massi hvers farþega er 75 kg;
 - .1.3 farþegar skulu dreifast um að þilfarssvæði á annað borðið á þilför þar sem söfnunarstöðvar eru staðsettar og þannig að þeir myndi eins mikið óhagstætt hallavægi og unnt er.
- .2 Hallavægi við sjósetningu allra fullhlaðinna björgunarfara á annarri skipshliðinni með bátsuglum:
 - .2.1 gert skal ráð fyrir allir lífbátar og léttbátar á því borði, sem skipið hallast í eftir að leki kemur að því, sveiflist út fullhlaðnir og tilbúnir til sigs;
 - .2.2 gert skal ráð fyrir hámarkshallavægi við sjósetningu lífbáta sem er komið þannig fyrir að þeir eru sjósettir fullhlaðnir úr þeirri stöðu sem þeir eru geymdir í;
 - .2.3 gert skal ráð fyrir að fullhlaðinn björgunarfleki, sem er sjósettur með bátsuglum og festur við hverja bátsuglu á því borði sem skipið hallast í eftir að leki kemur að því, sveiflist út tilbúinn til sigs;
 - .2.4 gert skal ráð fyrir að farþegar utan björgunarbúnaður, sem hefur verið sveiflað út, auki hvorki áhrif á hallavægi né réttivægi;
 - .2.5 gert skal ráð fyrir að björgunarbúnaður á gagnstæðu borði við það borð, sem skipið hallast í, sé í þeirri stöðu sem hann er geymdur í.
- .3 Hallavægi vegna vindálags:
 - .3.1 flokkur B: reiknað er með vindálagi frá 120 N/m²; flokkar C og D: reiknað er með vindálagi frá 80 N/m²;
 - .3.2 flöturinn, sem er notaður, er vörpuð hliðarmynd skipsins ofan vatnslínu miðað við ólaskað ástand skipsins;
 - .3.3 hallavægisarmurinn skal vera lóðrétt fjarlægðin frá punkti í miðju meðaldjúpristu, miðað við ólaskað ástand skipsins, að þyngdarmiðju hliðarmyndarinnar.
- .2.4 Ef um er að ræða meiri háttar stigvaxandi flæði, þ.e. réttiarmur lækkar hratt um 0,04 metra eða meira, skal líta svo á að réttiarmsboglinan hætti þar sem horn stigvaxandi flæðis byrjar og skal mæla endinguna og flötinn, sem um getur í .2.3.1 og .2.3.2, við það horn.
- .2.5 Ef stigvaxandi flæði er takmarkað og heldur ekki áfram með fullum krafti og veldur viðunandi lækkun réttiarms um minna en 0,04 metra skal því sem eftir er af boglínunni sleppt að hluta þar sem gert er ráð fyrir að rýmið, sem flætt hefur inn í með stigvaxandi hraða, hafi verið þannig frá upphafi.
- .2.6 Meðan á flæði stendur skal hámarksréttiarmur vera að minnsta kosti 0,05 metrar og lágmarksending réttiarma 7 gráður. Í öllum tilvikum þarf einungis að gera ráð fyrir einni rifu á bol og einu fríu yfirboði.
- .3 Við útreikning á stöðugleika í löskuðu ástandi skal ákvarða rúmtak og gleypni með eftirfarandi hætti:

Rými	Gleypni
Undir farm og vistir	60%
Undir vistarverur	95%
Undir vélbúnað	85%
Undir vökva	0 eða 95% (*)

(*) Eftir því hvort leiðir til strangari krafna.

Gera ber ráð fyrir meiri gleypni í rýmum þar sem tiltölulega lítill hluti aðbúnaðar eða vélbúnaðar er í grennd við vatnslínuna í löskuðu ástandi og í þeim rýmum sem eru allajafna ekki nýtt undir farm eða til geymslu.

- .4 Gert er ráð fyrir að umfang leka sé eftirfarandi:
- .1 langskipa: 3,0 metrar auk 3% af skipslengdinni, eða 11,0 metrar, eða 10% af skipslengdinni, eftir því hvort er minna;
 - .2 þverskipa (mælt innanborðs frá skipssíðu, hornrétt að miðlínu dýpsta (efsta) niðurrhólfun-arhleðslumerkisins): fjarlægð sem er 1/5 af breidd skipsins; og
 - .3 lóðrétt: frá grunnlínu upp á við án takmarkana;
 - .4 ef minni leki en tilgreint er í liðum 4.1., 4.2. og 4.3. veldur alvarlegri aðstæðum vegna halla eða taps á málmiðjuhæð skal gera ráð fyrir þeim leka í útreikningunum.
- .5 Halda skal ósamhverfu flæði í lágmarki í samræmi við fyrirkomulag um borð. Ef nauðsynlegt reynist að leiðrétta stór hallahorn skal það gert með sjálfvirkum hætti eftir því sem mögulegt er en ef fyrir hendi er stjórnbúnaður fyrir þverflæðibúnað skal vera unnt að beita honum ofan skilrúmsþilfars. Á nýjum skipum í flokki B, C og D skal hámarkshallahorn eftir flæði og fyrir útjöfnun ekki vera stærra en 15 gráður. Ef þverflæðibúnaðar er krafist skal tími útjöfnunar ekki vera lengri en 15 mínútur. Skipstjóra skipsins skulu látnar í té viðeigandi upplýsingar um notkun þverflæðibúnaðar.
- .6 Endanlegt ástand á skipinu eftir leka og við ósamhverft flæði að lokinni útjöfnun skal vera sem hér segir:
- .1 þegar um er að ræða samhverft flæði skal jákvæð afgangsmálmiðjuhæð vera að minnsta kosti 50 mm, reiknað á grundvelli aðferðarinnar fyrir stöðugan sæþunga;
 - .2 þegar um er að ræða ósamhverft flæði skal hallahorn flæðis í eitt hólf ekki vera stærra en 7 gráður fyrir skip í flokki B (ný og gömul) og 12 gráður fyrir skip í flokki C og D (ný).
- Þegar flæðir samtímis inn í tvö samliggjandi hólf er leyfilegt að miða við 12 gráður fyrir gömul og ný skip í flokki B að því tilskildu að niðurrhólfunarstuðullinn sé hvergi hærri en 0,50 í þeim hluta skipsins þar sem vatn flæðir inn;
- .3 kaflínan skal í engu tilviki færast í sjó á lokastigi flæðis. Ef talið er að kaflínan geti færst í sjó meðan á flæði stendur getur stjórnvald fánaríkisins krafist rannsókna og þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegar til að tryggja öryggi skipsins.
- .7 Skipstjóri skipsins skal fá nauðsynleg gögn til að viðhalda nægilegum stöðugleika í óleku ástandi við venjulegar þjónustuaðstæður þannig að skipið geti staðist umtalsverðan leka. Ef um er að ræða skip þar sem þverflæðis er krafist skal láta skipstjóra í té upplýsingar um það stöðugleikaástand sem halla-útreikningar eru byggðir á og hann skal átta sig á því að komi leki að skipinu kann það að valda auknum halla við erfiðari aðstæður.
- .8 Gögnum, sem um getur í lið .7 og gera skipstjóra kleift að viðhalda nægilegum stöðugleika í óleku ástandi, skulu fylgja upplýsingar þar sem tilgreind er leyfileg hámarkshæð þungamiðju skipsins fyrir

ofan kjöl (KG) eða að öðrum kosti leyfileg lágmarksmálmiðjuhæð (GM) við ýmiss konar djúpristu eða sæþunga sem taka til hvers konar þjónustuaðstæðna. Í upplýsingunum skulu koma fram áhrif ýmiss konar stafnhalla að teknu tilliti til rekstrartakmarkana.

- .9 Á hverju skipi skal djúpristukvarði vera greinilega merktur á stefni og skut. Ef djúpristumerki eru ekki þannig staðsett að auðvelt sé að lesa á þau eða geri takmarkanir tengdar starfi tiltekinna atvinnugreinar það að verkum að erfitt er að lesa á þau skal koma fyrir á skipinu áreiðanlegu kerfi er gefur til kynna djúpristu svo að unnt sé að ákvarða djúpristu við stefni og skut.
- .10 Að lokinni lestun skipsins og fyrir brottför þess skal skipstjórinn kanna stafnhalla og stöðugleika skipsins og einnig ganga úr skugga um og skrá að skipið uppfylli kröfur í viðeigandi reglum um stöðugleika. Ætíð skal ákvarða stöðugleika skipsins með útreikningum. Heimilt er að nota rafræna hleðslu- og stöðugleikatölvu eða jafngildar aðferðir í þessu skyni.
- .11 Ekki getur komið til álita að stjórnvald fánaríkisins veiti tilslakanir frá kröfum um stöðugleika í löskuðu ástandi nema sýnt sé fram á að málmiðjuhæð í óleku ástandi við hvers konar aðstæður, sem þarf til að uppfylla þessar kröfur, sé umfram það sem til er ætlast við fyrirhugaðar aðstæður.
- .12 Aðeins er heimilt að veita tilslakanir frá kröfum um stöðugleika í löskuðu ástandi í undantekningar-tilvikum og með fyrirvara um að stjórnvald fánaríkisins hafi sannfærst um að hlutföll, fyrirkomulag og aðrir eiginleikar skipsins, sem hagkvæmt og sanngjarnt er að krefjast við tilteknar aðstæður, séu eins og best verður á kosið með tilliti til stöðugleika eftir að leki kemur að skipinu.

8-1 Stöðugleiki ekjufarþegaskipa í löskuðu ástandi (R 8-1)

GÖMUL EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B:

- .1 Gömul farþegaskip í flokki B skulu uppfylla ákvæði 8. reglu eigi síðar en þann dag sem fyrsta reglubundna aðalskoðun fer fram, eftir síðasta dag til að uppfylla ákvæði sem er tilgreindur hér á eftir, í samræmi við gildi A/A_{max} , eins og það er skilgreint í viðauka við útreikningsaðferð til að meta eiginleika gamalla ekjufarþegaskipa til að þola áraun við notkun með einfaldaðri aðferð, byggðri á ályktun A.265 (VIII) sem siglingaöryggisnefndin (MSC) vann að á 59. fundi sínum í júní 1991 (MSC/umburðarbréf 574):

<i>Gildi A/A_{max}:</i>	<i>Síðasti dagur til að uppfylla ákvæði:</i>
minna en 85%	1. október 1998
85% eða meira, þó minna en 90%	1. október 2000
90% eða meira, þó minna en 95%	1. október 2002
95% eða meira, þó minna en 97,5%	1. október 2004
97,5% eða meira	1. október 2005

8-2 Sérkröfur varðandi ekjufarþegaskip sem flytja 400 manns eða fleiri (R 8-2)

NÝ EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B:

Þrátt fyrir ákvæði í reglu II-1/B/8 og II-1/B/8-1:

- .1 skulu ný ekjufarþegaskip, sem staðfest er að megi flytja 400 manns eða fleiri, vera í samræmi við ákvæði liðar 2.3. í reglu II-1/B/8 og skal þá gert ráð fyrir að lekinn geti verið hvar sem er á skips- lengdinni, L;

- .2 skulu gömul ekjufarþegaskip, sem staðfest er að megi flytja 400 manns eða fleiri, uppfylla kröfur 1. liðar eigi síðar en þann dag sem fyrsta reglubundna aðalskoðun fer fram, eftir síðasta dag til að uppfylla ákvæði sem tilgreindur er í lið .2.1, .2.2 eða .2.3, og er miðað við þá dagsetningu sem kemur síðar:

.2.1	<i>Gildi A/A_{max}</i> minna en 85% 1. október 1998 85% eða meira, þó minna en 90% 90% eða meira, þó minna en 95% 95% eða meira, þó minna en 97,5% 97,5% eða meira 1. október 2010	<i>Síðasti dagur til að uppfylla ákvæði:</i> 1. október 2000 1. október 2002 1. október 2004
------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------

.2.2	<i>Fjöldi manns sem heimilt er að hafa um borð:</i> 1 500 eða fleiri 1. október 2002 1 000 eða fleiri, þó færri en 1 500 600 eða fleiri, þó færri en 1 000 400 eða fleiri, þó færri en 600	1. október 2006 1. október 2008 1. október 2010
------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------

.2.3 *Aldur skips:* lágmark 20 ár

Með aldri skips er átt við tímenn sem er liðinn frá því að kjölur er lagður eða skipið er á svipuðu smíðastigi eða því var breytt í ekjufarþegaskip.

9 Stafnpil, skutpil og vélarúmspil (R 10)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Í skipinu skal vera stafnhylki eða stafnpil (árekstrarþil) sem skal vera vatnsþétt upp undir skilrúmsþilfar. Fjarlægð þessa þils skal vera minnst 5% af skipslengdinni frá fremri lóðlínu og mest 3 metrar að viðbættum 5% af skipslengdinni.
- .2 Ef einhver hluti skipsins skagar fram fyrir fremri lóðlínu neðansjávar, t.d. perustefni, skal fjarlægðin sem tilgreind er í 1. lið, mæld frá punkti sem er annaðhvort:
- .1 við miðju þessarar framlengingar; eða
 - .2 á stað sem nær 1,5% af skipslengdinni fram fyrir fremri lóðlínu; eða
 - .3 3 metrum framan við fremri lóðlínu og er miðað við þá mælingu sem gefur minnsta gildi.
- .3 Á skipum með langa yfirbyggingu framskips skal stafnhylkið eða stafnpilið (árekstrarþilið) vera veðurþétt upp að næsta heila þilfari ofan við skilrúmsþilfarið. Framlengingunni skal komið þannig fyrir að hún geti ekki skemmst af völdum stafnhurðar ef stafnhurðin skemmist eða losnar frá.
- .4 Framlengingin, sem krafist er í 3. lið, þarf ekki endilega að vera í beinu framhaldi af þilinu fyrir neðan að því tilskildu að hlutar hennar séu ekki staðsettir framan við fremri mörkin sem eru tilgreind í lið .1 og .2.

Á gömlum skipum í flokki B:

- .1 þar sem skábraut er hluti af framlengingu stafnþilsins (árekstrarþilsins) ofan við skilrúmsþilfarið skal sá hluti skábrautarinnar, sem er meira en 2,3 metrum ofan við skilrúmsþilfarið, ekki ná meira en 1,0 metra fram fyrir fremri mörkin sem eru tilgreind í lið .1 og .2;
- .2 þar sem gömul skábraut uppfyllir ekki kröfur varðandi framlengingu stafnþils (árekstrarþils) og staða skábrautar kemur í veg fyrir að framlengingunni sé komið fyrir innan þeirra marka, sem eru tilgreind í lið 1. eða 2., skal koma henni fyrir rétt aftan við aftari mörkin sem eru tilgreind í lið 1. eða 2. Þetta takmarkaða aftara bil skal ekki vera stærra en nauðsynlegt er til að tryggja að ekki verði hindranir við skábrautina. Framlenging stafnþils (árekstrarþils) skal opnast fram á við og uppfylla kröfur liðar .3 þannig að hún geti ekki skemmst af völdum skábrautar ef skábrautin skemmist eða losnar frá.

- .5 Skábrautir, sem uppfylla ekki framangreindar kröfur, teljast ekki vera framlenging á stafnpíli (árekstrarpíli).
- .6 Kröfur í lið .3 og .4 gilda um gömul skip í flokki B eigi síðar en frá þeim degi sem fyrsta reglubundna aðalskoðun fer fram eftir þann dag sem um getur í 1. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar.
- .7 Með sama hætti skulu vera á skipinu skutpíl og þil sem skilja vélarúm frá farm- og farþegarými að framan og aftan og skulu þau einnig vera vatnsþétt upp að skilrúmspílvari. Þó mega skutpíl vera með þrepum neðan við skilrúmspílvar að því tilskildu að ekki sé dregið úr öryggi skipsins með tilliti til niðurrhólfunar.
- .8 Skutpípur skulu í öllum tilvikum vera umluktar vatnsþéttum rýmum. Hringþétti í skuti skal komið fyrir í vatnsþéttum skrófuásgöngum eða öðru vatnsþéttu rými. aðskildu frá rými fyrir skutpípur, með því rúmtaki að kaflínan færast ekki í sjó þótt það fyllist af sjó vegna leka í hringþétti í skuti.

10 Tvöfaldur botn (R 12)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Á skipum skal vera tvöfaldur botn sem nær frá stafnpíli að skutpíli eins langt og frekast er unnt og skal hann samrýmast hönnun og góðri nýtingu skipsins.
 - .1 Skip, sem eru 50 metrar að lengd eða lengri, en þó styttri en 61 metri, skulu vera með tvöföldum botni sem nær að minnsta kosti frá vélarúmi að stafnpíli eða svo nálægt því píli sem frekast er unnt.
 - .2 Skip, sem eru 61 metri að lengd eða lengri en þó styttri en 76 metrar, skulu vera með tvöfaldan botn að minnsta kosti utan vélarúmsins og skal hann ná að stafn- og skutpíljum eða svo nálægt þeim þiljum sem frekast er unnt.
 - .3 Skip, sem eru 76 metrar að lengd eða lengri, skulu vera með tvöfaldan botn miðskips og skal hann ná að stafn- og skutskilrúmunum eða svo nálægt þeim þiljum sem frekast er unnt.
- .2 Á skipum, sem vera eiga með tvöföldum botni, skal dýpt botnsins vera í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar og innri botninn ná svo langt út til hliðanna að botninn sé varinn þangað sem austur nær. Sú vörn er talin nægileg ef skurðarlínan milli ytri brúna tvöfalda botnsins og austurbyrðingsins liggur hvergi undir láréttum fleti sem gengur gegnum punktinn þar sem miðbandið í skipinu sker þverskipa hornalínu sem myndar 25 gráðu horn við grunnlínuna og sker hana í punkt sem liggur í hálftrar skipsbreiddar fjarlægð frá miðlínu skipsins.
- .3 Litlir brunnar í tvöföldum botni með tengingu við tæmingarfyrirkomulag í farmrymum o.s.frv. mega ekki vera dýpri en nauðsynlegt er. Þeir mega í engu tilviki vera dýpri en tvöfalda botninn við miðlínu, að frádregnum 460 mm, eða ná niður fyrir láréttan flöt sem um getur í lið .2. Þó er heimilt að setja brunna, sem nær að ytri botninum, við aftari enda skrófuásganganna. Stjórnvald fánaríkisins getur heimilað aðra brunna (t.d. fyrir smurolíu undir aðalvélum) ef það telur að fyrirkomulagið veiti vörn jafngilda þeirri vörn sem tvöfaldur botn, sem samrýmist þessari reglu, veitir.
- .4 Ekki er nauðsynlegt að setja tvöfaldan botn í meðalstór vatnsþétt hólfi, sem eru einungis notuð undir vökva, að því tilskildu að það dragi ekki úr öryggi skipsins, að mati stjórnvalds fánaríkisins, ef botn eða hlið skipsins verður fyrir skemmdum.
- .5 Stjórnvald fánaríkisins getur heimilað að sleppa megi tvöföldum botni í þeim hluta skipsins, með niðurrhólfunarstuðul undir 0,5, telji það að ísetning tvöfalda botns í þeim hluta samrýmist ekki hönnun og góðri nýtingu skipsins.

11 Ákvörðun, merking og skráning niðurhólfunarhleðslumerkja (R 13)**NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:**

- .1 Til þess að unnt sé að viðhalda þeirri niðurhólfun sem krafist er skal ákvarða og setja hleðslumerki, sem svarar til viðurkenndrar niðurhólfunardjúpristu, á skipshliðar miðskips. Ef sérstök rými hafa verið útbúin á skipinu til að vera ýmist vistarverur fyrir farþega eða farmrými er þó heimilt, fari eigandi fram á það, að ákvarða og merkja eitt eða fleiri viðbótarhleðslumerki sem svara til þeirrar djúpristu niðurhólfunar sem stjórnvald fánaríkisins kann að samþykkja vegna mismunandi þjónustuaðstæðna.
- .2 Niðurhólfunarhleðslumerki, sem hafa verið ákvörðuð og merkt, skulu skráð í öryggisskríteini farþegaskips og skal nota táknið C.1 ef niðurhólfunarhleðslumerkið er aðeins eitt.
Ef niðurhólfunarhleðslumerki eru fleiri en eitt skal auðkenna önnur skilyrði með táknum C.2, C.3, C4 o.s.frv. (1).
- .3 Fríborðið, sem svarar til hvers þessara hleðslumerkja, skal mælt á sama stað og frá sömu þilfarslínu og þau fríborð sem eru sett í samræmi við gildandi alþjóðasamþykkt um hleðslumerki skipa.
- .4 Á öryggisskríteini farþegaskips skal tilgreina með skýrum hætti það fríborð sem svarar til hvers viðurkennds niðurhólfunarhleðslumerkis og þjónustuaðstæðunnar sem það er viðurkennt fyrir.
- .5 Undir engum kringumstæðum má niðurhólfunarhleðslumerki koma ofan við dýpsta (efsta) hleðslumerki í sjó eins og það er ákveðið með tilliti til styrkleika skipsins eða gildandi alþjóðasamþykktar um hleðslumerki skipa.
- .6 Hvar svo sem niðurhólfunarhleðslumerki er komið fyrir á skipi má aldrei hlaða það svo að hleðslumerki það, sem á við árstíð og stað og er sett í samræmi við gildandi alþjóðasamþykkt um hleðslumerki skipa, fari í kaf.
- .7 Undir engum kringumstæðum skal hlaða skip þannig að niðurhólfunarhleðslumerkið, fyrir þá ferð og þær aðstæður, fari í kaf.

12 Smíði og fyrsta prófun vatnsþéttra þilja o.s.frv. (R 14)**NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:**

- .1 Hvert vatnsþétt þil til niðurhólfunar, bæði þverskipa og langskipa, skal þannig gert að það þoli, með viðeigandi varastyrk, þrýsting af hámarksvatnssúlu sem það gæti orðið fyrir ef leki kemur að skipinu en að minnsta kosti þrýsting af vatnssúlu sem nær upp undir kaflinu. Smíði þessara þilja skal vera í samræmi við reglur viðurkenndrar stofnunar.
- .2.1 Prep og skot í þiljum skulu vera vatnsþétt og með sama styrk og þil á sama stað.
- .2.2 Liggi bönd eða bitar um vatnsþétt þilfar eða þil skal þetta þilfar eða þil vera vatnsþétt án þess að til þess sé notað tré eða sement.
- .3 Ekki er skylt að prófa aðalholmfin með því að fylla þau vatni. Ef engar prófanir eru gerðar með því að fylla hólfin vatni er skylt að láta fara fram prófun með vatnsbunu; sú prófun skal fara fram eins seint og unnt er þegar verið er að útbúa skipið. Undir öllum kringumstæðum skal fara fram nákvæm skoðun á vatnsþéttum þiljum.

(1) Heimilt er að setja rómverska tölustafi eða bókstafi í stað arabískra tölustafa á eftir bókstafnum „O“ í niðurhólfunarhleðslumerkjum ef stjórnvald fánaríkis telur það nauðsynlegt til að greina þau frá alþjóðlegum niðurhólfunarhleðslumerkjum.

- .4 Stafnhylkið, tvöfaldir botnar (þar með taldir holkilir) og innri byrðingar skulu prófuð með vatnssúlu sem svarar til krafna í lið 1.
- .5 Prófa skal vatnspéttleika geyma, sem ætlaðir eru undir vökva og eru hluti af niðurhólfun skipsins, með þrýstingi af vatnssúlu sem nær upp að dýpsta (efsta) niðurhólfunarhleðslumerki eða vatnssúlu sem svarar til tveggja þriðju hluta af dýpt skipsins, mældri frá efra jaðri kjalar að kaflínu út undan geymunum, og skal taka þann þrýstinginn sem er meiri en þó má hæð súlunnar aldrei vera minna en 0,9 metra yfir efsta hluta geymisins; ef óhentugt reynist að gera prófun með vatni er hægt að gera loftlekaprófun og skal þá beita að hámarki 0,14 bara loftþrýstingi á geymana.
- .6 Prófanirnar, sem um getur í lið 4. og 5., eru gerðar í þeim tilgangi að tryggja að niðurhólfun sé vatnspétt og ekki ber að líta á þau sem leið til að prófa getu hólfis til að geyma olíueldsneyti eða til annarra sérstakra nota sem nauðsynlegt gæti verið að gera strangari prófanir á, allt eftir því hversu hátt vökvinn nær í geyminum eða tengihlutum hans.

13 Op í vatnspéttum þiljum (R 15)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Fjöldi opa á vatnspéttum þiljum skal takmarka svo að samrýmist hönnun og góðri nýtingu skipsins; þessi op skulu vera með fullnægjandi lokunarbúnaði.
- .2.1 Þar sem pípur, úrgangslúgur, rafstrengir o.s.frv. eru leidd gegnum vatnspétt þil skal gera ráðstafanir til að tryggja að þilin séu áfram vatnspétt.
- .2.2 Ekki er heimilt að setja loka, sem eru ekki hluti af lagnakerfi, í vatnspétt þil til niðurhólfunar.
- .2.3 Ekki skal nota blý eða önnur efni, sem eru viðkvæm fyrir hita, í búnað sem fer í gegnum vatnspétt þil til niðurhólfunar þar sem skaði í slíkum búnaði í eldsvoða myndi draga úr vatnspéttleika þiljanna.
- .3.1 Ekki er heimilt að hafa hurðir, mannop eða inngangsop:
1. á stafnpili (árekstrarþili) undir kaflínu;
 2. á vatnspéttum þiljum þverskips sem skilja að farmrými og aðliggjandi farmrými, þó með þeim undantekningum sem kveðið er á um í lið 10.1 og 14. reglu.
- .3.2 Með þeim undantekningum sem kveðið er á um í lið .3.3 má ekki rjúfa stafnpil (árekstrarþil) nema til að leiða eina pípu í gegnum það undir kaflínu til þess að ausa stafnhylkið, að því tilskildu að þessi pípa sé með loka sem hægt er að skrúfa fyrir með handaflí frá stað fyrir ofan skilrúmsþilfarið og skal lokakistan fest á stafnpilið (árekstrarþilið) inni í stafnhylkinu. Þó er heimilt að festa þennan loka á bakhlið stafnpilsins (árekstrarþilsins) að því tilskildu að auðvelt sé að komast að honum við allar þjónustuaðstæður og að hann sé ekki staðsettur í farmrými.
- .3.3 Ef tvær mismunandi tegundir vökva eru hafðar í stafnhylki má rjúfa stafnpil (árekstrarþilið) til að leiða tvær pípur í gegnum það og skal festa hvora um sig með þeim hætti sem krafist er í lið .3.1, að því tilskildu að ekki sé fyrir hendi hentug leið til að festa seinni pípunna og að öryggi skipsins haldist óbreytt með hliðsjón af viðbótarniðurhólfun stafnhylkisins.
- .4 Í þeim rýmum, þar sem aðal- og hjálparvélar, auk katla sem suðla að því að knýja skipið, eru staðsett, má aðeins hafa einar dyr til umferðar um hvert aðalþil þverskips, að frátöldum dyrum að skrófu-ásgöngum. Koma skal þessum dyrum svo fyrir að þröskuldur þeirra liggi eins hátt og unnt er. Ef tveir eða fleiri skrófuásar eru á skipinu skal tengingangur vera á milli ganganna. Aðeins skal hafa einar dyr milli vélarúms og ganganna þar sem skrófuásarnir tveir eru staðsettir og aðeins tvennar dyr þar sem skrófuásar eru fleiri en tveir. Öllum þessum dyrum skal lokað með rennihurðum og skulu þær þannig staðsettar að þröskuldar þeirra liggi eins hátt og unnt er. Handknúinn búnaður fyrir þessar hurðir ofan skilrúmsþilfars skal vera staðsettur utan vélarýma.

.5.1 GÖMUL SKIP Í FLOKKI B OG NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU STYTTRI EN 24 METRAR:

Unnt skal vera að opna og loka dyrum með vatnsþéttum rennihurðum eða hurðum á lömum eða samsvarandi. Ekki má nota hurðir þar sem málmplötur eru einungis festar með boltum eða hurðir sem lokast með þunga sínum eða með falli lóðs.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU 24 METRAR AÐ LENGD EÐA LENGRI:

Vatnsþéttar hurðir, aðrar en þær sem kveðið er á um í lið 10.1 eða 14. reglu, skulu vera rennihurðir sem er stjórnað með vélarafli, samrýmast kröfum 7. liðar og sem unnt er að loka samtímis frá aðalstjórnborði á stjórnspalli á innan við 60 sekúndum þegar skipið er upprétt.

.5.2 GÖMUL SKIP Í FLOKKI B OG NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU STYTTRI EN 24 METRAR:

Rennihurðum má stjórna annaðhvort með:

- handafla eingöngu eða
- vélarafli og handafla.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU 24 METRAR AÐ LENGD EÐA LENGRI:

Ef vatnsþéttar hurðir eru ekki fleiri en tvær og þær staðsettar í vélarúmi eða á þiljum, sem afmarka það rými, getur stjórnvald fánaríkisins heimilað að þeim sé eingöngu stjórnað með handafla. Ef um er að ræða rennihurðir, sem er stjórnað með handafla, skal loka þeim áður en skip leggur frá bryggju í siglingu með farþega og hafa þær lokaðar meðan á siglingu stendur.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .5.3 Vatnsþéttum rennihurðum skal vera hægt að loka með vélarafli eða handafla hvort sem þeim er stjórnað með vélarafli eða ekki þótt skipið hallist allt að 15 gráður á hvort borðið sem er. Einnig skal taka tillit til krafta sem geta verkað á aðra hlið hurðanna, t.d. þegar vatn streymir gegnum dyrnar sem svarar til stöðugs vatnsþrýstings frá 1 m vatnssúlu ofan við þröskuldinn við miðlínu hurðarinnar.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU 24 METRAR AÐ LENGD EÐA LENGRI:

- .5.4 Stjórnþeki fyrir vatnsþéttar hurðir, þar með taldar vökvalagnir og rafstrengir, skulu vera eins nærri þilinu þar sem hurðirnar eru og unnt er til þess að draga svo sem kostur er úr líkum á því að skemmdir, sem kunna að vera á skipinu, hafi áhrif á þau. Vatnsþéttum hurðum og stjórnþekjum þeirra skal þannig fyrir komið að skemmdir á skipinu á svæði sem er 1/5 af breidd þess, sem er mæld hornrétt á miðlínu dýpsta (efsta) niðurhólfunarhleðslumerkisins, hafi ekki áhrif á virkni vatnsþéttra hurða utan þess hluta skipsins sem verður fyrir skemmdum.
- .5.5 Á hverri vatnsþéttri rennihurð, sem er stjórnað með vélarafli eða handafla, skal vera búnaður sem sýnir á öllum stöðum þaðan sem fjarstýrt er hvort hurðin er opin eða lokuð. Fjarstýringu skal aðeins hafa á stjórnspalli eins og krafist er í lið 7.1.5 og þar sem búnaði til að stjórna með handafla er komið fyrir ofan við skilrúmsþilfar samkvæmt kröfum liðar 7.1.4.

GÖMUL SKIP Í FLOKKI B OG NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU STYTTRI EN 24 METRAR:

- .5.6 Dyrum með vatnsþéttum hurðum, sem eru ekki í samræmi við liði .5.1 til .5.5, skal loka áður en ferð hefst og hafa þær lokaðar meðan á siglingu stendur; skrá skal í dagbók hvenær þessar dyr eru opnaðar þegar skipið liggur við bryggju og hvenær þeim er lokað áður en skipið lætur úr höfn.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU STYTTRI EN 24 METRAR OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.6.1 Rennihurðum, sem er stjórnað með handafli, skal annaðhvort rennt lárétt eða lóðrétt. Unnt skal vera að stjórna búnaðinum beggja megin við sjálfar hurðirnar og á aðgengilegum stað ofan skilrúmsþilfars með samfelldum sveifarsnúningi eða annarri viðurkenndri aðferð sem tryggir sama öryggi. Þegar hurð er lokað með handafli á uppréttu skipi skal aðgerðin ekki taka meira en 90 sekúndur.

.6.2 GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Rennihurðum, sem er stjórnað með vélarafli, skal annaðhvort rennt lárétt eða lóðrétt. Ef hurð er stjórnað með vélarafli frá aðalstjórnþúnaði skal búnaðinum þannig fyrir komið að einnig sé hægt að stjórna hurðinni með vélarafli beggja vegna hurðarinnar sjálfrar. Staðbundin stjórnþæki, er tengjast aflbúnaðinum, skulu vera beggja megin við þilið og þannig fyrir komið að þeir sem fara um dyrnar geti haldið báðum handföngunum í opinni stöðu án þess að unnt sé að ræsa lokunarþúnaðinn fyrir slysi. Á rennihurðum, sem er stjórnað með vélarafli, skal vera handknúinn búnaður sem hægt er að nota við sjálfar hurðirnar beggja vegna og frá aðgengilegum stað ofan skilrúmsþilfars með samfelldum sveifarsnúningi eða annarri viðurkenndri aðferð sem tryggir sama öryggi. Gengið skal úr skugga um að gefin verði viðvörðun með hljóðmerki þegar dyrnar byrja að lokast sem heyrast þar til þeim er lokað að fullu. Til viðbótar við hljóðmerkið er þess krafist að á svæðum þar sem umhverfishávaði er mikill sé gefið ljósmerki við dyrnar með reglulegu millibili.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU 24 METRAR AÐ LENGD EÐA LENGRI:

.7.1 Eftirfarandi á við um allar vatnsþéttar hurðir sem er stjórnað með vélarafli:

.1 Þeim skal rennt lóðrétt eða lárétt.

.2 Þær skulu, með fyrirvara um 11. lið, allajafna takmarkast við 1,2 metra óhindraða hámarksbreidd. Stjórnvald fánaríkisins getur heimilað stærri hurðir að því marki sem nauðsynlegt er talið vegna góðrar nýtingar skipsins, að því tilskildu að tekið sé tillit til annarra öryggisráðstafana, einnig þeirra sem eru taldar upp hér á eftir:

.2.1 taka skal sérstakt tillit til styrkleika hurðarinnar og lokunarþúnaðar til að koma í veg fyrir leka;

.2.2 hurðin skal staðsett utan við lekasvæði B/5;

.2.3 dyrnar skulu vera lokaðar meðan á siglingu stendur nema í takmarkaðan tíma ef brýna nauðsyn ber til samkvæmt ákvörðun stjórnvalds fánaríkisins.

.3 Á hurðum skal vera nauðsynlegur búnaður til að opna dyrnar eða loka þeim með rafafli, vökvaafli eða öðru afli sem stjórnvald fánaríkisins viðurkennir.

.4 Þær skulu vera búnar handknúnum búnaði. Unnt skal vera að opna og loka dyrunum með handafli beggja vegna hurðarinnar og loka þeim frá aðgengilegum stað ofan skilrúmsþilfars með samfelldum sveifarsnúningi eða annarri aðferð sem tryggir sama öryggi að mati stjórnvalds fánaríkisins. Snúningsátt eða önnur hreyfing skal sjást greinilega á öllum stjórnstöðum. Þegar dyrunum er lokað með handafli á uppréttu skipi skal aðgerðin ekki taka meira en 90 sekúndur.

.5 Á hurðum skal vera stjórnþúnaður til að opna dyrnar eða loka þeim með vélarafli beggja vegna og loka þeim með vélarafli frá aðalstjórnborði á stjórnþalli.

.6 Á þeim skal vera hljóðmerkjabúnaður sem er frábrugðinn öðrum viðvörðunarbúnaði á svæðinu og skal hann gefa hljóðmerki í hvert sinn sem dyrunum er lokað með afli úr fjarlægð og skal merkið heyrast í minnst 5 sekúndur og mest 10 sekúndur áður en hurðin byrjar að hreyfast og heyrast þar til dyrunum hefur verið lokað. Ef dyrunum er lokað með handafli úr fjarlægð nægir að hljóðmerkið heyrast á meðan hurðin hreyfist. Til viðbótar við hljóðmerkið krefst stjórnvald fánaríkisins þess að á svæðum fyrir farþega og þar sem umhverfishávaði er mikill sé gefið ljósmerki við hurðina með reglulegu millibili.

- .7 Dyrnar skulu lokast með því sem næst sama hraða þegar þeim er lokað með vélarafli. Tíminn sem líður frá því að hurðin byrjar að hreyfast þar til að dyrnar hafa lokast skal í engu tilviki vera styttri en 20 sekúndur og aldrei lengri en 40 sekúndur á upprétu skipi.
- .7.2 Neyðartaflan sem veitir nauðsynlegu rafafli til að knýja vatnsþéttar rennihurðir annaðhvort beint eða um sérhæfða dreifingartöflu ofan skilrúmsþilfars; neyðartafla skal veita rafafli til tilheyrandi stjórn-tækja, merkjabúnaðar og viðvörunarbúnaðar annaðhvort beint eða um sérhæfða dreifingartöflu ofan skilrúmsþilfars og skal vera unnt að veita rafafli til þeirra um varaneyðarorkugjafa ef bilun verður í aðal- eða neyðarrafaflgjafa.
- .7.3 Aflknúnar vatnsþéttar rennihurðir skulu útbúnar einhverjum af eftirtöldum búnaði:
- .1 Miðlægt vökvadrifið kerfi með tveimur sjálfstæðum orkugjöfum, sem eru hvor um sig með vél og dælu, til að loka öllum dyrunum samtímis. Auk þess skulu vera fyrir hendi nægilega stórir vökvageymar fyrir allan búnaðinn til að virkja allar hurðirnar þrisvar sinnum að minnsta kosti, þ.e. loka, opna og loka aftur, í 15 gráðu halla. Ferlið skal virka með geyminn við tengiþrýsting dælnnar. Velja skal vökva með tilliti til þess hvaða hiti verður að líkindum í búnaðinum þegar hann er í notkun. Aflknúna kerfið skal hannað til að draga svo sem kostur er úr möguleika á að ein bilun í vökválögnum valdi því að fleiri en ein hurð verði óstarfhæf. Vökvadrifna kerfinu skal fylgja búnaður, sem varar við of litlu vökvamagni í vökvageymum fyrir aflknúin kerfi og of litlum gasþrýstingi, eða annar skilvirkur búnaður sem fylgist með tapi á safnorku í vökvageymum. Í þessum viðvörunarbúnaði skal bæði vera hljóðmerki og ljósmerki og skal hann staðsettur í aðalstjórnborði á stjórnþalli.
 - .2 Sjálfstætt vökvadrifið kerfi fyrir hverja hurð með orkugjafa, vél og dælu til að opna og loka dyrunum. Auk þess skal vera fyrir hendi nægilega stór vökvageymir til að virkja hurðina þrisvar sinnum að minnsta kosti, þ.e. loka, opna og loka aftur, í 15 gráðu halla. Ferlið skal virka með geyma við tengiþrýsting dælnnar. Velja skal vökva með tilliti til þess hvaða hiti verður að líkindum í búnaðinum þegar hann er í notkun. Í aðalstjórnborði á stjórnþalli skal vera samstæðubúnaður sem varar við of lágum gasþrýstingi eða annar búnaður sem fylgist með tapi á safnorku í vökvageymum. Vísir, sem sýnir tap á safnorku, skal vera á hverjum stjórnstað.
 - .3 Sjálfstætt rafkerfi og vél fyrir hverja hurð og skal hver orkugjafi vera vél sem hægt er að opna og loka dyrunum með. Orkugjafinn skal fá orku frá bráðabirgðaneyðarrafafli ef bilun verður í aðal- eða neyðarrafaflgjafa og skal hann hafa næga getu til að virkja hurðina þrisvar sinnum, þ.e. loka, opna og loka aftur, í 15 gráðu halla.

Kerfum, sem eru tilgreind í lið .7.3.1, .7.3.2 og .7.3.3, skal komið fyrir með eftirfarandi hætti:

Aðskilja skal aflkerfi fyrir vatnsþéttar rennihurðir, sem er stjórnað með vélarafli, frá öðrum aflkerfum. Ein bilun í raf- eða vökvadrifnum aflkerfum, að frátöldum vökvaliðum, skal ekki koma í veg fyrir að hægt sé stjórna hurðinni með handafli.

- .7.4 Stjórn-tæki skulu vera beggja vegna þilsins og minnst 1,6 metra frá gólfi og skal þeim þannig fyrir komið að þeir sem fara um dyrnar geti haldið báðum handföngum í opinni stöðu án þess að ræsa lokunarbúnaðinn fyrir slysi. Handföngin, sem eru notuð til að opna og loka dyrunum, skulu hreyfast í sömu átt og hurðin og skal stefnan greinilega merkt.

Vökvadrifnum stjórn-tækjum fyrir vatnsþéttar hurðir í vistarverum skal þannig fyrir komið að börn geti ekki sett þau í gang ef einungis þarf eina aðgerð til að loka dyrunum, til að mynda á bak við þilhurðir með rennilokum í að minnsta kosti 170 cm hæð yfir þilfari.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B SEM ERU 24 METRAR AÐ LENGD EÐA LENGRI:

Beggja vegna hurðarinnar skal vera skilti með leiðbeiningum um hvernig dyrabúnaðinum skuli stjórnað. Beggja vegna hvernar hurðar skal einnig vera skilti með texta eða myndum þar sem varað er við þeirri hættu sem þeim er búin sem standa í dyrunum eftir að hurðin er byrjuð að lokast. Skiltin skulu vera úr varanlegu efni og þau kyrfilega fest. Í texta á skilti með leiðbeiningum eða viðvörðunum skulu einnig vera upplýsingar um lokunartíma hurðarinnar.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU 24 METRAR AÐ LENGD EÐA LENGRI:

- .7.5 Rafbúnaður og íhlutir fyrir vatnspéttar rennihurðir skulu, eftir því sem unnt er, staðsettir ofan við skilrúmsþilfar og utan hættusvæða.
- .7.6 Hlífar utan um rafíhluti, sem verður að hafa neðan skilrúmsþilfars, skulu veita viðeigandi vörn gegn vatni.
- .7.7 Rafrásir fyrir rafstraum, stjórnþæki, merkjabúnað og viðvörunarbúnað skulu varðar gegn bilunum þannig að bilun í rafrásum einnar hurðar leiði ekki til bilunar í rafrásum annarrar hurðar. Skammhlaup eða aðrar bilanir í rafrásum fyrir viðvörunar- eða mælabúnað hurðar skulu ekki leiða til þess að sú hurð verði óvirk. Sjá skal til þess að vatnsleki inn í rafbúnað, sem er staðsettur neðan skilrúmsþilfars, leiði ekki til þess að dyr með slíkri hurð opnast.
- .7.8 Ein rafbilun í aflkerfi eða stjórnkerfi fyrir rennihurðir, sem er stjórnað með vélarafli, skal ekki leiða til þess að lokaðar dyr opnast. Hafa skal stöðugt eftirlit með orkubirgðum í rafrásum eins nærri hverjum mótör, sem krafist er samkvæmt lið .7.3, og unnt er. Við orkutap skulu heyrast eða sjást hljóðmerki og ljósmerki frá viðvörunarbúnaði í aðalstjórnborði á stjórnþalli.
- .8.1 Á aðalstjórnborði á stjórnþalli skal vera „aðalvalrofi“ fyrir tvenns konar aðgerðir: fyrir „handstýringu“ sem gerir kleift að opna og loka öllum dyrum á hverjum stað eftir notkun án sjálfvirkra lokunar og fyrir „sjálfstýringu“ þar sem opnum dyrum er lokað með sjálfvirkum hætti. Ef stíllt er á „sjálfstýringu“ skal vera unnt að opna dyrnar á staðnum og loka aftur með sjálfvirkum hætti þegar „handstýringu“ er lokið. Allajafna skal „aðalvalrofi“ stílltur á „handstýringu“. Einungis skal stíllt á „sjálfstýringu“ í neyðartilvikum eða við prófanir.
- .8.2 Í aðalstjórnborði á stjórnþalli skal birtast skýringamynd sem sýnir staðsetningu allra hurða með ljósmerki sem sýnir hvort dyr eru opnar eða lokaðar. Rautt ljós gefur til kynna að dyrnar séu eins opnar og unnt er og grænt ljós að þeim hafi verið lokað að fullu. Þegar dyrum er lokað með fjarstýringu skal rautt blikkandi ljós gefa til kynna lokun að hluta. Við hverja hurð skal rafrás ljósmerkis vera óháð rafrás stjórnþækja.
- .8.3 Ekki skal vera unnt að opna dyr með fjarstýringu frá aðalstjórnstöð.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .9.1 Allar dyr með vatnspéttum hurðum skulu vera lokaðar meðan á siglingu stendur nema að því leyti sem er tilgreint í lið 9.2 og 9.3. Einungis er heimilt að opna dyr með vatnspéttum hurðum, sem eru breiðari en 1,2 metrar samkvæmt 11. lið, við þær kringumstæður sem greint er frá í þeim lið. Dyr, sem eru opnaðar í samræmi við þennan lið, skulu tilbúnar til lokunar án tafar.
- .9.2 Heimilt er að opna dyr með vatnspéttum hurðum meðan á siglingu stendur til að hleypa farþegum eða áhöfn í gegnum þær eða þegar nauðsyn ber til vegna vinnu í næsta nágrenni við þær. Loka verður dyrunum án tafar þegar umferðin er komin í gegn eða þeirri vinnu lokið sem opna þurfti fyrir.

- 9.3 Heimilt er að halda tilteknum dyrum með vatnsþéttum hurðum opnum meðan á siglingu stendur en þó því aðeins að slíkt sé talið bráðnaðsynlegt vegna öryggis og góðrar nýtingar á vélarbúnaði skipsins eða til að heimila farþegum allajafna óhindraðan aðgang um farþegarýmið. Stjórnvald fánaríkisins getur aðeins tekið slíka ákvörðun að lokinni vandlegri athugun á þeim áhrifum sem það hefur á nýtingu og endingu skipsins. Dyr, sem heimilað er að halda opnum með þessum hætti, skal tilgreina skilmerkilega í upplýsingum um stöðugleika skipsins og ætíð skal vera unnt að loka þeim án tafar.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- 10.1 Setja má vatnsþéttar hurðir af viðeigandi gerð í vatnsþétt þil sem skipta farmi milli þilfarsrýma telji stjórnvald fánaríkisins þær nauðsynlegar. Þessar hurðir geta verið á lómum, veltihurðir eða rennihurðir en þær skulu ekki vera með fjarstýringu. Þær skulu festar eins hátt og eins langt frá bygðingsplötum og unnt er, þó skulu ystu lóðréttu brúnir aldrei vera fjær byrðingsplötum en 1/5 af breidd skipsins en sú fjarlægð er mæld hornrétt á miðlínu dýpsta (efsta) niðurrólfunarhleðslumerkisins.
- 10.2 Loka skal dyrum fyrir þessar hurðir áður en ferð hefst og hafa þær lokaðar meðan á siglingu stendur; skrá skal í dagbók hvenær þessar hurðir eru opnaðar þegar skipið liggur við bryggju og hvenær þeim er lokað áður en skipið lætur úr höfn. Ef hægt er að komast að þessum dyrum meðan á siglingu stendur skal vera á þeim búnaður sem kemur í veg fyrir að hægt sé að opna þær án heimildar. Stjórnvald fánaríkisins skal taka til sérstakrar athugunar tillögur um ísetningu hurða, fjölda þeirra og fyrirkomulag.
- 11 Færanlegar plötur mega ekki vera á þiljum nema í vélarúmi. Setja skal plöturnar á sinn stað áður en skipið lætur úr höfn og ekki má fjarlægja þær meðan á siglingu stendur nema brýna nauðsyn beri til að mati skipstjórans. Stjórnvald fánaríkisins getur ekki heimilað að fleiri en ein vatnsþétt rennihurð, sem er stjórnað með vélarafli, sé sett í stað þessara færanlegu platna á hverju aðalþili þverskips, sem er stærra en þau sem eru tilgreind í lið 7.1.2, að því tilskildu að þessum dyrum sé lokað áður en skipið lætur úr höfn og þeim haldið lokuðum í ferðinni nema þegar brýna nauðsyn ber til annars að mati skipstjórans. Þessar dyr þurfa ekki að vera í samræmi við kröfur liðar 7.1.4 að því er varðar algera lokun með handknúnum búnaði á innan við 90 sekúndum. Skrá skal í dagbók hvenær þessar dyr eru opnaðar og þeim lokað, hvort skipið hefur látið úr höfn eða liggur við bryggju.

14 Skip sem flytja vöruflutningabifreiðar og starfsmenn þeirra (R 16)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- 1 Þessi regla á við um farþegaskip sem eru hönnuð eða er breytt til að flytja vöruflutningabifreiðar og starfsmenn þeirra.
- 2 Ef heildarfjöldi farþega á skipi af þessu tagi, þar með taldir starfsmenn ökutækja, er ekki meiri en $N = 12 + A/25$, þar sem A = heildarþilfarssvæði (fermetrar) í geymslurýmum fyrir vöruflutningabifreiðar, og óhindruð hæð í geymslum og við inngang í rýmin er ekki minni en 4 metrar, skulu ákvæði liðar .10 í 13. reglu gilda að því er varðar vatnsþéttar hurðir að öðru leyti en því að heimilt er að setja hurðirnar í hvaða hæð sem er á vatnsþétt þil sem skipta farmrýmum. Að auki skulu vera mælar á stjórnþalli er sýna sjálfkrafa hvenær hverjum dyrum er lokað og allar læsingar tryggilega frágengnar.
- 3 Þegar ákvæðum þessa kafla er beitt gagnvart skipi af þessu tagi er litið svo á að N tákni þann hámarksfjölda farþega sem skip getur fengið staðfestan í skírteini í samræmi við þessa reglu.

15 Op í byrðingsplötum neðan við kaffinu (R 17)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- 1 Fækka skal fjölda opa á byrðingsplötum í það lágmark sem samrýmist hönnun og góðri nýtingu skipsins.

- .2.1 Aðferðir, sem eru notaðar til að loka opum á byrðingsplötu, skulu vera í samræmi við fyrirhugaðan tilgang og notkunarstað.
- .2.2 Með fyrirvara um kröfur gildandi alþjóðasamþykktar um hleðslumerki skipa skulu engin kýraugu staðsett þannig að sylla þeirra sé neðan línu sem er dregin samsíða skilrúmsþilfari á skipshlið og skal lægsti punktur þeirra vera 2,5% af breidd skipsins ofan dýpsta (efsta) niðurhólfunarhleðslumerkisins, eða 500 mm, ef það er meira.
- .2.3 Öll kýraugu með syllur undir kaflínu skulu þannig smíðuð að ekki sé unnt að opna þau án samþykkis skipstjórans.
- .2.4 Ef lægsti punktur fyrir syllur kýrauga, sem um getur í lið .2.3, eru á millipilfari og neðan línu sem er dregin samsíða skilrúmsþilfarinu á skipshlið, er 1,4 metri, auk 2,5% af breidd skipsins ofan vatnsborðs þegar skipið lætur úr höfn, skulu öll kýraugu á millipilfari lokuð og vatnspétt og þeim læst áður en skipið lætur úr höfn og er óheimilt að opna þau fyrr en skipið kemur í næstu höfn. Við beitingu þessa liðar má leyfa frávik ef siglt er á ferskvatni.
- .2.5 Kýraugu og blindhlerar þeirra, sem ekki er hægt að komast að meðan á siglingu stendur, skulu lokuð og sjóbúin tryggilega áður en skipið lætur úr höfn.
- .3 Hafa skal eins fá niðurföll, frárennsli og önnur svipuð op á byrðingsplötum og unnt er annaðhvort með því að nýta hvert frárennslisop fyrir eins margar skolpleiðslur og aðrar leiðslur og hægt er eða með öðrum viðunandi hætti.
- .4 Gengið skal þannig frá aðgengi að og skilvirkni inntaks- og frárennslisopa á byrðingsplötu að vatn komist ekki inn í skipið fyrir slysi.
- .4.1 Með fyrirvara um kröfur í gildandi alþjóðasamþykkt um hleðslumerki skipa og að frátölu því sem kveðið er á um í lið .5 skal hvert frárennslisop á byrðingsplötum frá rýmum neðan kaflínu vera annaðhvort með einum sjálfvirkum einstefnuloka sem loka má fyrir frá stað ofan skilrúmsþilfars eða tveimur sjálfvirkum einstefnulokum án slíks útbúnaðar, að því tilskildu að lokinn um borð sé staðsettur ofan dýpsta (efsta) niðurhólfunarhleðslumerkisins og að komast megi að honum til þess að skoða hann við allar rekstraraðstæður.
- Þegar skrúfað er fyrir loku á lokunar búnaði skal ætíð vera greiður aðgangur að þeim stað ofan skilrúmsþilfars sem lokað er frá og skal búnaður sýna hvort lokinn er opinn eða lokaður.
- .4.2 Kröfur gildandi alþjóðasamþykktar um hleðslumerki skipa skulu gilda um frárennslisop um byrðingsplötur frá rýmum ofan kaflínu.
- .5 Aðal- og aukasjóinntök og -frárennslisop í vélarúmi í tengslum við vinnslu vélbúnaðar skulu búin aðgengilegum lokum milli leiðslna og byrðingsplatna eða milli leiðslna og smíðaðra kassa á byrðingsplötu. Lokunum má stjórna á staðnum og við þá skulu vera vísar sem sýna hvort þeir eru opnir eða lokaðir.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Tryggja skal gott aðgengi til að stjórna handhjólum eða handföngum fyrir sjóloka. Allir lokar notaðir sem sjólokar skulu lokast þegar handhjólum þeirra er snúið réttisælis.
- .2 Frárennsliskranar eða -lokar á skipshlið fyrir útblástursvatn frá kötlum skulu vera á vel aðgengilegum stöðum og ekki neðan þilfarsplatna. Kranar eða lokar skulu þannig hannaðir að auðvelt sé að greina hvort þeir séu opnir eða lokaðir. Öryggishlífar skulu fylgja krönum, þannig hannaðar að ekki sé unnt að taka lykिलinn af þegar kraninn er opinn.

- .3 Merkja skal greinilega alla loka og krana í leiðslukerfum, til að mynda í kerfum fyrir austur og kjölfestuvatn, brennsluolíu og smurolíu, slökkvibúnað og frárennsli, kælivatn og skolp o.s.frv., með tilliti til notkunar.
- .4 Unnt skal vera að loka fyrir aðrar frárennslisleiðslur á skipshlið með jafngildum aðferðum ef þær eru leiddar út neðan við dýpsta (efsta) niðurrhólfunarhleðslumerkið; ef þær eru leiddar út ofan við dýpsta (efsta) niðurrhólfunarhleðslumerkið skal vera á þeim venjulegur stormloki. Í báðum tilvikum má sleppa lokunum ef leiðslurnar eru jafnsverar og óbeint frárennsli um byrðing frá salernum og handlaugum og sé frárennsli um gólf frá þvottaherbergjum o.s.frv. búið blindhlera eða það varið með öðrum hætti gegn vatnsgusum. Veggir þessarar leiðslna þurfa þó ekki að vera þykkari en 14 mm.
- .5 Þegar notaður er loki með beinum lokunarbúnaði skal staðurinn sem honum er stýrt frá ætíð vera vel aðgengilegur og fyrir hendi skal vera búnaður sem sýnir hvort lokinn er opin eða lokaður.
- .6 Ef lokum með beinum lokunarbúnaði er komið fyrir í vélarúmum þarf aðeins að vera hægt að stýra þeim á staðnum að því tilskildu að sá staður sé vel aðgengilegur við allar aðstæður.
- .6 Allir tengihlutir og lokar á byrðingi sem krafist er samkvæmt þessari reglu skulu vera úr stáli, bronsi eða öðru viðurkenndu þanþolnu efni. Ekki má nota loka úr venjulegu steypujárni eða svipuðu efni. Allar leiðslur sem vísað er til í þessari reglu skulu vera úr stáli eða jafngildu efni að mati stjórnvalds fánarríkisins.
- .7 Landgöngu- og farmhlið undir kaflínu skulu vera nægilega sterkar. Þeim skal lokað tryggilega og sjó-búin vatnspétt áður en skipið leggur úr höfn og þær skulu vera lokaðar meðan á siglingu stendur.
- .8 Þessum hliðum skal í engu tilviki þannig fyrir komið að lægsti punktur þeirra sé neðan dýpsta (efsta) niðurrhólfunarhleðslumerkisins.

16 Vatnspéttleiki farþegaskipa ofan kaflínu (R 20)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Gera skal allar viðeigandi og mögulegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vatn komist inn ofan við skilrúmsþilfarið og dreifist þar. Þessar ráðstafanir geta meðal annars falist í því að setja upp hlutaþil eða styrkingar. Þegar vatnspéttum hlutaþiljum og styrkingum er komið fyrir á skilrúmsþilfari, ofan við eða fast við aðalþil til niðurrhólfunar, skulu samskeyti við byrðing vera vatnspétt og tengingar við skilrúmsþilfar til þess að draga úr vatnsflæði eftir þilfarinu þegar slagsíða kemur á skipið vegna leka. Ef vatnspétt hlutaþil er ekki í beinu framhaldi af þilinu fyrir neðan skal skilrúmsþilfarið á milli vera algerlega vatnspétt.
- .2 Skilrúmsþilfar eða þilfar fyrir ofan það skal vera veðurþétt. Öll op á óvörðu veðurþilfari skulu vera með nægilega háum og sterkum körmum og hentugum útbúnaði svo að þeim megi loka fljótt og gera veðurþétt. Austuropi, opnum handriðum og niðurföllum skal komið fyrir með þeim hætti sem nauðsyn krefur til þess að hægt sé að losa vatn af veðurþilfari fljótt hvernig sem viðrär.
- .3 Í gömlum skipum í flokki B skulu op loftröra sem opnast inn í yfirbygginguna vera að minnsta kosti 1 metra ofan við vatnslínu þegar skipið hallar um 15 gráður eða við hámarkshallahorn við meðalflæði samkvæmt beinum útreikningum eftir því hvort hornið er stærra. Einnig mega loftrör frá geymum, öðrum en olúgeymum, liggja gegnum hliðar yfirbyggingarinnar. Ákvæði þessa liðar gilda með fyrirvara um ákvæði gildandi alþjóðasamþykktar um hleðslumerki skipa.

- .4 Kýraugu, landgangshlið, farmhlið og annar lokunarbúnaður á byrðingsplötum fyrir ofan kaflínu skulu vera fullnægjandi hönnun og smíði og nægilega sterk miðað við þau rými sem þau eru sett í og afstöðu þeirra til dýpsta (efsta) niðrhólfunarhleðslumerkisins.
- .5 Öll kýraugu í rýmum neðan við næsta þilfar ofan við skilrúmsþilfarið skulu vera með traustum blindhlerum að innanverðu sem er þannig fyrir komið að auðvelt sé að loka þeim og sjóbuá vatnsþétt.

17 Lokun farmhleðsludyra (R 20-1)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Eftirtöldum dyrum ofan kaflínu skal lokað og læst áður en skip leggur upp í siglingu og hafa skal þær lokaðar og læstar þar til skipið leggst að bryggju:
- .1 farmhleðsludyrum á byrðingi eða við mörk lokaðra yfirbygginga;
 - .2 stefnislokum á stöðum sem eru tilgreindir í lið .1.1;
 - .3 farmhleðsludyrum á stafnþili (árekstrarþili);
 - .4 veðurþéttar skábrautir sem er annar lokunarbúnaður en sá sem er skilgreindur í liðum .1.1 til .1.3 Heimilt er að opna dyr eða hafa þær opnar þegar skip er á leið til eða frá bryggju ef ekki er unnt að opna eða loka þeim á meðan skipið liggur við bryggju en þó aðeins að því marki sem nauðsynlegt telst til að unnt sé að virkja þær án tafar. Innri stafndyr verða þó ætíð að vera lokaðar.
- .2 Þrátt fyrir kröfur liðar .1.1 og .1.4 getur stjórnvald fánaríkisins heimilað að hafa tilteknar dyr opnar, óski skipstjóri þess, ef nauðsyn krefur vegna reksturs skipsins eða land- eða skipgöngu farþega þegar skipið liggur tryggilega við akkeri að því tilskildu að og ekki sé dregið úr öryggi skipsins.
- .3 Skipstjóri skal sjá til þess að framfylgt sé skilvirku eftirlits- og tilkynningakerfi varðandi lokun og opnun dyra sem um getur í 1. lið.
- .4 Áður en skipið leggur upp í siglingu skal skipstjóri sjá til þess að skráð sé í dagbók, eins og krafist er í 22. reglu, hvenær hurðum, sem eru tilgreindar í 1. lið, er síðast lokað og tilteknar hurðir opnaðar í samræmi við 2. lið.

17-1 Vatnsþéttleiki milli ekjuþilfars (skilrúmsþilfars) og rýma fyrir neðan (R 20-2)

NÝ EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1.1 Með fyrirvara um ákvæði liðar .1.2 og .1.3 skal lægsti punktur allra aðgangsopa inn í rými neðan við skilrúmsþilfar ekki vera minna en 2,5 metrum ofan við skilrúmsþilfarið.
- .1.2 Þar sem skábrautum fyrir ökutæki hefur verið komið fyrir, í því skyni að veita aðgang að rýmum neðan við skilrúmsþilfar, skal vera hægt að loka opum þeirra veðurþétt til að koma í veg fyrir innstreymi vatns undir þiljur þannig að gefnar séu viðvaranir og upplýsingar um það birtist á stjórnþalli.
- .1.3 Stjórnvald fánaríkisins getur heimilað að sett séu sérstök aðgangsopa að rýmum neðan við skilrúmsþilfar að því tilskildu að þau séu nauðsynleg vegna góðrar nýtingar skipsins, til að mynda vegna flutnings á vélbúnaði og vistum, með því skilyrði að þau séu vatnsþétt og að gefnar séu viðvaranir og upplýsingar um þau birtist á stjórnþalli.
- .1.4 Loka skal þeim aðgangsopum, sem um getur í lið .1.2 og .1.3, áður en skipið leggur frá bryggju á leið í siglingu og skulu þau vera lokað þar til skipið leggst að bryggju í næstu höfn.
- .1.5 Skipstjóri skal sjá til þess að skilvirku eftirlits- og tilkynningakerfi sé framfylgt varðandi lokun og opnun aðgangsopa sem um getur í lið .1.2 og .1.3.
- .1.6 Skipstjóri skal sjá til þess að skráð sé í dagbók, eins og krafist er í reglu II-1/B/22, áður en skipið leggur frá bryggju á leið í siglingu hvenær aðgangsopum, sem um getur í lið .1.2 og .1.3, er síðast lokað.

GÖMUL EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B:

- .2.1 Öll aðgangsup frá ekjupílvari inn í rými fyrir neðan skilrúmspílfar skulu vera veðurþétt og á stjórnþalli skal vera búnaður sem sýnir hvort þau eru opin eða lokuð.
- .2.2 Loka skal öllum þessum aðgangsupum áður en skipið leggur frá bryggju á leið í siglingu og þau skulu vera lokuð þar til skipið leggst að bryggju í næstu höfn.
- .2.3 Þrátt fyrir kröfurnar í lið .2.2 getur stjórnvald fánaríkisins heimilað að sum aðgangsup séu opnuð á siglingu en þó aðeins til að hleypa umferð í gegn og, ef nauðsyn krefur, vegna góðrar nýtingar skipsins.
- .2.4 Kröfur í lið .2.1 skulu gilda eigi síðar en frá þeim degi sem fyrsta reglubundna aðalskoðunin fer fram eftir þann dag sem um getur í 1. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar.

17-2 Aðgangur að ekjupílforum (R 20-3)**ÖLL EKJUFARÞEGASKIP:**

Skipstjóri eða annar tilnefndur yfirmaður skal sjá til þess að engir farþegar hafi aðgang að lokuðu ekjupílvari á meðan skipið er í siglingu nema með ótvíræðu samþykki hans.

17-3 Lokun þilja á ekjupílvari (R 20-4)**NÝ EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:**

- .1 Öll þil þverskips og langsum, sem hefta flæði sjávar sem hefur safnast fyrir á ekjupílvari, skulu vera á sínum stað og tryggilega fest áður en skipið leggur frá bryggju og þeim skal haldið í því ástandi þar til skipið leggst næst að bryggju.
- .2 Þrátt fyrir kröfurnar í lið 2.2. getur stjórnvald fánaríkisins heimilað að sum aðgangsup á þessum þiljum séu opnuð á siglingu en þó aðeins til að hleypa umferð í gegn og, ef nauðsyn krefur, vegna góðrar nýtingar skipsins.

18 Upplýsingar um stöðugleika (R 22)**NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:**

- .1 Hallaprófa skal og ákvarða stöðugleikapætti farþegaskips þegar það er fullsmíðað. Láta skal skipstjóra í té gögn, sem stjórnvald fánaríkisins hefur viðurkennt, er veita honum fljótt og á einfaldan máta nákvæmar upplýsingar um stöðugleika skipsins við ýmiss konar þjónustuaðstæður.
- .2 Þegar breytingar eru gerðar á skipi, sem hafa veruleg áhrif á gögn um stöðugleika til skipstjóra, skal láta í té ný gögn um stöðugleika. Ef nauðsyn krefur skal gera nýja hallaprófun á skipinu.
- .3 Reikna skal út þunga á léttu skipi með reglubundnu millibili og ekki sjaldnar en á fimm ára fresti og kanna hvort breytingar hafi orðið á sæþunga miðað við létt skip og langskipsþyngdarmiðju. Gera skal nýja hallaprófun á skipinu í hvert sinn sem í ljós kemur eða gera má ráð fyrir, eftir samanburð við viðurkennd stöðugleikagögn, meira en 2% frávik á eiginþyngd eða frávik á langskipsþyngdarmiðju sem nemur meira en 1% af skipslengdinni.
- .4 Stjórnvaldi fánaríkisins er heimilt að veita einstöku skipi undanþágu frá hallaprófun að því tilskildu að til séu grunnstöðugleikagögn frá hallaprófun systurskips og stjórnvaldið telji að út frá þessum grunn-gögnum sé unnt að gera áreiðanleg stöðugleikagögn fyrir skipið sem ráðgert er að veita undanþágu.

19 Áætlanir um aðgerðir vegna leka (R 23)**NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:**

Sýndar skulu á varanlegan hátt fyrir yfirmann sem hefur með höndum stjórn, áætlanir er sýna greinilega op á hverju þilfari og op á mörkum vatnsþéttra hólfá ásamt lokunarbúnaði þeirra og stöðu stjórnþækja fyrir hann, svo og fyrirkomulag við leiðréttingu á halla vegna flæðis. Enn fremur skulu liggja fyrir bæklingar með framangreindum upplýsingum fyrir yfirmenn skipsins.

20 Þéttleiki bols og yfirbyggingar, lekavarnir og lekastjórnun (R 23-2)

Þessi regla á við um öll ekjufarþegaskip en gildir þó með tilliti til gamalla skipa í lið .2 eigi síðar en þann dag sem fyrsta reglubundna aðalstoðun fer fram eftir þann dag sem um getur í l. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar.

- .1 Á stjórnþalli skulu vera vísar fyrir allar dyr á byrðingi, hleðsludyr og hvern þann annan lokunarbúnað sem flætt getur um inn í sérstök rými eða ekjufarmrými ef hann er skilinn eftir opinn eða ekki gengið tryggilega frá honum. Mælakerfið skal hannað samkvæmt meginreglunni um virkt öryggi og varað skal við með ljósmerki ef dyr hafa ekki lokast að fullu eða einhver hluti öryggisbúnaðar er ekki rétt staðsettur og læstur, og með hljóðmerki ef dyrnar eða lokunarbúnaðurinn hefur opnast eða öryggisbúnaður tryggir ekki lengur öryggi. Í mælaborði á stjórnþalli skal vera valhnappur merktur „höfn/sigling“ sem er þannig stilltur að hljóðmerki sé gefið á stjórnþalli ef skip lætur úr höfn með stafnhurð, innri hurðir, skábraut í skuti eða aðrar hurðir á byrðingi opnar eða ef lokunarbúnaður er ekki í réttri stöðu. Aflgjafi fyrir mælakerfið skal vera óháður aflgjafa sem stjórnar og festir hurðirnar tryggilega. Ekki er ástæða til að breyta mælakerfi sem stjórnvald fánaríkisins hefur viðurkennt og er um borð í gömlum skipum.
- .2 Sjónvarpseftirlitskerfi og vatnslekaeftirlitskerfi skal þannig fyrir komið að þau sendi upplýsingar á stjórnþall og til stjórnstöðvar vélarúms verði vart leka um innri og ytri stafnhurðir, hurðir í skuti eða aðrar hurðir á byrðingi sem gæti náð inn í sérstök rými eða ekjufarmrými.
- .3 Nota skal skilvirkar aðferðir til að hafa stöðugt eftirlit með sérstökum rýmum og ekjufarmrýmum, til að mynda sjónvarpseftirlitskerfi, þannig að unnt sé að greina hreyfingu ökutækja við slæm veðurskilyrði og óleyfilegar ferðir farþega þangað á meðan skipið er á siglingu.
- .4 Geyma skal gögn á viðeigandi stað um borð er varða rétta tilhögun við lokun og opnun allra dyra á byrðingi, farmhurða og annars lokunarbúnaðar sem flætt gæti um inn í sérstök rými eða ekjufarmrými ef hann er skilinn eftir opinn eða ótryggilega sjóbúinn.

21 Merking, tímabundin notkun og reglubundin aðalstoðun vatnsþéttra hurða o.s.frv. (R 24)**NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:**

- .1 Í hverri viku skulu fara fram æfingar í því að stjórna vatnsþéttum hurðum, kýraugum, lokum og lokunarbúnaði fyrir niðurföll.
- .2 Daglega skal prófa allar vatnsþéttar hurðir á aðalþiljum þverskips sem eru notaðar á siglingu.

- .3 Skoða skal að minnsta kosti vikulega og úti á rúmsjó vatnsþéttar hurðir og allan vélbúnað og álestramæla sem tengjast þeim, alla loka sem skrúfa verður fyrir til að gera hólf vatnsþétt og alla loka sem eru nauðsynlegir til þverflæðistjórnar.
- .4 Setja skal viðeigandi merkingar á lokana, hurðirnar og vélbúnaðinn til þess að unnt sé að tryggja hámarksöryggi með þeim.

22 Færslur í dagbók (R 25)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Loka skal dyrum með hurðum á lómum, færanlegum plötum, kýraugum og farmhliðum og öðrum opum, sem krafist er að séu lokaðar meðan á siglingu stendur samkvæmt reglunum, áður en skipið lætur úr höfn. Skrá skal í dagbók opnanir og lokanir (ef þær eru heimilar samkvæmt þessum reglum).
- .2 Skrá skal í dagbók allar æfingar og skoðanir sem er krafist samkvæmt 21. reglu ásamt nákvæmri skrá yfir galla sem kunna að koma í ljós.

23 Lyftanlegir pallar og skábrautir fyrir bifreiðar

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Smíði, uppsetning og stjórnun hengipilfara til flutninga á ökutækjum farþega skal vera í samræmi við reglur sem stjórnvald fánaríkisins setur.

Smíðin skal vera í samræmi við viðeigandi reglur viðurkenndrar stofnunar.

C-HLUTI

VÉLBÚNAÐUR

1 Almennt (R 26)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Vélbúnaði, kötlum og öðrum þrýstihlökjum, tilheyrandi lagnakerfi og tengihlutum skal þannig fyrir komið og þessir hlutir varðir á þann hátt að hætta fyrir menn um borð verði sem minnst og skal gefa sérstakan gaum þeim hlutum sem hreyfast, heitum flötum og öðru sem hættulegt getur talist.
- .2 Búnaður skal vera fyrir hendi til að halda við eða endurheimta gangfærni aðalvélanna, jafnvel þótt ein af nauðsynlegum hjálparvélum bili.
- .3 Unnt skal vera að gangsetja vélar í vélvana skipi án utanaðkomandi aðstoðar.

NÝ SKIP Í FLOKKI B OG C:

- .4 Aðalvélar og allar hjálparvélar, sem eru nauðsynlegar til að knýja skipið og vegna öryggis þess skulu, eins og þeim er fyrir komið, vera gangfærar hvort sem skipið er upprétt eða hefur allt að 15 gráðu stöðuga slagsíðu á annað hvort borðið eða veltur allt að 22,5 gráður á annað hvort borðið og heggur samtímis allt að 7,5 gráður fram eða aftur.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .5 Búnaður skal vera fyrir hendi til að stöðva vél og skrófu í neyðartilvikum frá viðeigandi stöðum utan vélarúms/stjórnklefa vélarúms, þ.e. frá opnu þilfari eða stýrishúsi.

2 Sprengihreyflar (R 27)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Sprengihreyfla, þar sem borvídd strokka er meiri en 200 mm eða þar sem rúmmál sveifarhúss er stærra en 0,6 m³, skal búa öryggislokum gegn sprengingu í sveifarhúsi og skulu þeir vera af heppilegri gerð og með nægilega stóru útstreymisopi. Öryggislokunum skal þannig fyrir komið eða þeim fylgja þannig búnaður að tryggt sé að útstreymi frá þeim sé þannig stýrt að sem minnst hætta sé á að starfsmenn slasist.

3 Austurkerfi (R 21)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1.1 Um borð skulu vera afkastamiklar austurdælur sem geta við allar raunhæfar aðstæður dælt úr og tæmt sérhvert vatnsþétt hólf sem er að staðaldri hvorki notað sem vatnsgeymir, sjókjölfesta, olúgeymir né geymir undir vökva og annar dælibúnaður er fyrir. Fyrir hendi skal vera afkastamikill búnaður til að tæma vatn úr einangruðum farmrýmum.
- .1.2 Samþykkja má hreinlætiskerfis-, kjölfestu- eða austurdælur sem aðskildar aflausturdælur ef þeim fylgja nauðsynlegar tengingar við austurkerfið.
- .1.3 Öll austurrör sem eru notuð í eða undir eldsneytisgeymum eða í kötlum eða vélarúmum, þar með talin rými fyrir olúsetgema eða olúfudælubúnað, skulu gerð úr stáli eða öðru viðeigandi efni.
- .1.4 Dælukerfum fyrir austur og kjölfestu skal þannig komið fyrir að vatn utan frá eða frá rýmum fyrir sjókjölfestu geti ekki streymt inn í farmrými eða vélarúm eða frá einu hólf til annars. Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að sjór flæði óvart inn í djúpt liggjandi geyma með tengingar við austur og kjölfestu þegar í þeim er farmur og að frárennsli fari um austurdælu þegar í geymunum er sjókjölfesta.
- .1.5 Allar ventlakistur og lokar sem er stjórnað með handafli í tengslum við austurkerfi skal þannig komið fyrir að auðvelt sé að komast að þeim við eðlilegar kringumstæður.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1.6 Gera skal ráðstafanir vegna tæmingar úr lokuðum farmrýmum á skilrúmsþilfari.
- .1.6.1 Ef stærð fríborðs á skilrúmsþilfari er þannig að þilfarsbrún fer í kaf þegar skipið hallar meira en 5 gráður skal nota nægilegan fjölda niðurfalla í hentugri stærð til dælingar beint fyrir borð og skal þeim komið fyrir í samræmi við kröfur í reglu 15.

- .1.6.2 Ef stærð fríborðs er þannig að brún skilrúmsþilfars fer í kaf þegar skipið hallar um 5 gráður eða minna skal dæla úr lokuðum farmrymum á skilrúmsþilfari inn í viðeigandi rými, eitt eða fleiri, af hæfilegri stærð þar sem fyrir er búnaður sem varar við hárrí vatnsstöðu og viðeigandi búnaður til losunar fyrir borð. Auk þess skal ganga úr skugga um að:
- .1 fjöldi, stærð og staðsetning niðurfallanna sé með þeim hætti að ekki safnist fyrir óeðlilega mikið magn óhefts vatns;
 - .2 í fyrirkomulagi við dælingu, sem er krafist samkvæmt þessari reglu, sé tekið tillit til þeirra krafna sem eiga við um föst háþrýstíyringarkerfi;
 - .3 vatn, sem er mengað bensíni eða öðrum hættulegum efnum, sé ekki losað inn í vélarúm eða önnur rými þar sem kveikjubúnaður gæti verið fyrir hendi; og
 - .4 á þilfarsniðurföllum sé búnaður til að koma í veg fyrir að eldkæfandi gas sleppi út ef notuð eru slökkvikerfi með koltvísýringi fyrir umlukt farmrymi.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D:

- .1.6.3 Fyrir hendi skal vera nægileg dælingargeta á ekjubílförum og ökutækjapílförum þannig að niðurföll, frárennslisop á stjórnborða og bakborða geti tekið við því vatni sem berst frá úða- og slökkviedælum með tilliti til síðu- og stafnhalla skipsins.
- .1.6.4 Ef ýringarbúnaður og brunahanar eru í setustofum fyrir farþega og áhöfn skal þar vera nægilegur fjöldi niðurfalla til að taka við því vatnsmagni sem til verður við slökkvistarf með ýringarstútum og tveimur brunaslöngum með stútum. Niðurföll skulu staðsett á besta stað, til að mynda í hverju horni.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .2.1 Austurdælukerfið, sem krafist er í undirlið .1.1, skal vera starfhæft við allar raunhæfar aðstæður eftir slysi, án tillits til þess hvort skipið er upprétt eða með slagsíðu. Í þessu skyni skulu söggreinar almennt hafðar á síðum nema í þröngum hölfum í enda skipsins þar sem ein söggrein kann að nægja. Í hölfum með óvenjulegu lagi kann að vera þörf á viðbótarsöggreinum. Fyrirkomulagið skal vera þannig að vatn í hölfunum renni auðveldlega til sogrörunna.
- .2.2 Þar sem því verður við komið skal setja aflknúna austurdælurnar í aðskilin vatnspétt hölf og koma þeim þannig fyrir eða staðsetja þær þannig að ekki verði flæði í þessum hölfum við sama leka. Ef aðalvél, hjálparvél og katlar eru í tveimur eða fleiri vatnspéttum hölfum skal hafa þær dælur, sem nota má til austurs, eins víða og mögulegt er í hölfunum.
- .2.3 Að undanskildum viðbótardælunum, sem aðeins má setja upp í fremstu hölfum skipsins, skal koma hverri tilskilinni austurdælu þannig fyrir að hún dæli vatni úr hverju því rými sem krafist er að sé tæmt samkvæmt lið 1.1.
- .2.4 Hver aflknúin austurdæla skal geta dælt austrinum gegnum tilskilið aðalausturrör með hraða sem er að minnsta kosti 2 m/s. Sjálfstæðar, aflknúnar austurdælur, sem staðsettar eru í vélarúmum, skulu tengdar beint við sogrör úr þessum rýmum, en ekki skal krafist fleiri en tveggja slíkra sogröra í neinu rými. Þar sem eru tvö eða fleiri sogrör skal að minnsta kosti eitt vera á hvorri hlið skipsins. Sogrörum, sem tengd eru beint, skal komið fyrir á viðeigandi hátt og skal þvermál sogröra í vélarúmi ekki vera minna en það sem krafist er fyrir aðalausturrörið.
- .2.5 Auk þess sem austurdælur eru tengdar beint við eitt eða fleiri sogrör, eins og krafist er í undirlið 2.4, skal liggja neyðarausturdæla sem er tengd beint við sogrör með einstefnuloka frá stærstu sjálfstæðu aflknúna dælnni að því marki þar sem vélarúmið tæmist; sogrörið skal hafa sama þvermál og aðalinntakið til dælnanna sem notaðar eru.
- .2.6 Spindlar botnloka og beinna sjóinntaka eiga að ná vel upp fyrir gólf vélarúmsins.

- 2.7 Allar sogröralagnir fyrir austur skulu vera óháðar öðrum lögnum að tengingu við dælu.
- 2.8 Þvermálið „d“ á aðalausturröri og hliðargreinum þess skal reiknað samkvæmt eftirfarandi formúlu. Þó er heimilt að raunverulegt innra þvermál aðalausturrörsins sé jafnað við næstu stöðluðu stærð, sé það talið viðunandi að mati stjórnvalds fánaríkisins:

aðalausturrör:

$$d = 25 + 1,68 \sqrt{L(B + D)}$$

soggreinar austurkerfis milli lokakistu og aðalsogleiðslu:

$$d = 25 + 2,15 \sqrt{L_1(B + D)}$$

þar sem:

d er innra þvermál aðalausturrörsins (í millimetrum),
 L og B eru lengd og breidd skipsins (í metrum),
 L₁ er lengd hólsins, og
 D er dýpt skipsins að skilrúmsþilfari (í metrum) að því tilskildu að í skipum með umluktum farmrýmum á skilrúmsþilfari, sem í er innra frárennsli, í samræmi við kröfur liðar .1.6.2, og sem ná eftir endilöngu skipinu, skuli D mælt að næsta þilfari fyrir ofan skilrúmsþilfar. Ef lengd lokuðu farmrýmanna er minni skal D teljast dýpt að skilrúmsþilfari auk lh/L þar sem l og h eru heildarlengd annars vegar og heildarhæð hins vegar á lokuðu farmrýmum.

- 2.9 Gerðar skulu ráðstafanir til að koma í veg fyrir að flæði inn í hólf, sem sogrör þjónar, ef rör í öðru hólfri rofnar eða skemmist á annan hátt við árekstur eða strand. Þess vegna skal einstefnuloki settur á rörið í hólfinu sem það opnast inn í, ef einhver hluti rörsins er nær hlið skipsins en sem nemur einum fimmta af breidd skipsins (mælt hormrétt á miðlínu til móts við dýpsta (efsta) niðrhólfunarhleðslumerkið), eða er í holkili.
- 2.10 Ventlakistum, krönun og lokum í tengslum við austurdælukerfið skal komið þannig fyrir að ef flæðir inn starfi ein austurdæla í hvaða hólf sem er; skemmd á dælu eða röri hennar, sem tengist aðalausturröri á stað, sem liggur utan línu sem er dregin við einn fimmta af skipsbreiddinni frá skipshlið, skal ekki gera austurkerfið óstarfhæft. Ef aðeins er eitt lagnakerfi, sem er sameiginlegt öllum dælunum, verður að vera hægt að stýra nauðsynlegum lokum til að stjórna sogrörunum fyrir ofan skilrúmsþilfarið. Ef, auk aðalausturdælukerfisins, er til staðar neyðarausturdælukerfi skal það vera óháð aðalakerfinu og því komið þannig fyrir að dæla sé starfhæf í hvaða hólf sem er ef flæðir með þeim hætti sem tilgreint er í lið .2.1; í því tilviki þarf aðeins að vera hægt að stjórna nauðsynlegum lokum fyrir starfrækslu neyðarkerfisins frá stað ofan skilrúmsþilfars.
- 2.11 Stjórtæki krananna og lokanna, sem um getur í undirlið 2.10., og sem stjórna má frá stað ofan skilrúmsþilfars, skulu vera greinilega merkt á notkunarstað þeirra og vera hægt að sjá á þeim hvort þeir eru opinir eða lokaðir.

4 Fjöldi og gerð austurdæla (R 21)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

allt að 250 farþegar: ein aðalvélardæla og ein sjálfstæð, aflknúin dæla, sem staðsett er og knúin utan vélarúmsins

fleiri en 250 farþegar: ein aðalvélardæla og tvær sjálfstæðar, aflknúnar dælur, og skal ein þeirra vera staðsett og knúin utan vélarúmsins

Önnur sjálfstæðu, aflknúnu dælnanna má koma í stað aðalvélardælnunnar.

Mjög lítil hólf má tæma með færanlegum handdælum.

5 Búnaður til að knýja aftur á bak (R 28)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Skip skulu hafa nægilegt afl til að fara aftur á bak, svo tryggt sé að skipið láti fullkomlega að stjórn við allar aðstæður.
- .2 Sýna skal fram á og skrá hæfni vélbúnaðarins til að snúa við þrýstikrafti skrúfunnar á nægilega stuttum tíma svo stöðva megi skipið innan hæfilegrar vegalengdar frá því það sigldi með mesta notkunarhraða áfram.
- .3 Stöðvunartímar, stefna skipsins og vegalengdir, sem skráð eru við prófanir, ásamt niðurstöðum prófana til að ákvarða hæfni skipa með margar skrúfur til siglingar og stefnubreytinga þegar ein eða fleiri skrúfur eru óstarfhæfar, skulu vera um borð til nota fyrir skipstjóra eða tiltekið starfsfólk.

6 Stýrisbúnaður (R 29)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Sérhvert skip skal búið skilvirkum aðal- og hjálparstýrisbúnaði. Aðalstýrisbúnaðurinn og hjálparstýrisbúnaðurinn skulu vera þannig að bilun í öðrum þeirra geri hinn ekki óstarfhæfan.
- .2 Aðalstýrisbúnaðurinn og stýrisásinn, þar sem hann er fyrir hendi, skulu:
 - .2.1 vera af nægilegum styrkleika og gera kleift að stýra skipinu á mesta notkunarhraða áfram og vera hannaðir þannig að þeir verði ekki fyrir skemmdum við mesta hraða aftur á bak;
 - .2.2 gera kleift að snúa stýrinu úr 35 gráðum í annað borðið yfir í 35 gráður í hitt borðið þegar skipið flýtur við mestu leyfilegu djúpristu þess og siglir áfram á mesta notkunarhraða og, við sömu skilyrði, úr 35 gráðum í annað hvort borðið yfir í 30 gráður í hitt borðið á eigi lengri tíma en 28 sekúndum;
 - .2.3 vera aflknúnir, þar sem það er talið nauðsynlegt til að uppfylla kröfur liðar .2.2.2 og ávallt þegar þess er krafist að þvermál stýrisáss sé yfir 120 mm. við stýrissveifina, að undanskilinni styrkingu til siglinga í hafis, til að uppfylla lið .2.2.1.
- .3 Sé hjálparstýrisbúnaður til staðar skal hann:
 - .1 vera af nægilegum styrkleika og gera kleift að stýra skipinu á stjórnhæfum hraða og skal í neyð vera unnt að gangsetja hann á fljótvirkan hátt;
 - .2 gera kleift að snúa stýrinu úr 15 gráðum í annað borðið yfir í 15 gráður í hitt borðið á eigi lengri tíma en 60 sekúndum þegar skipið flýtur við mestu leyfilegu djúpristu þess og siglir á helmingi mesta notkunarhraða áfram eða 7 hnútum, eftir því hvort er meira; og
 - .3 vera aflknúinn, þar sem það er talið nauðsynlegt til að uppfylla kröfur undirliðar .3.2 og ávallt þegar krafist er stýrisáss með yfir 230 mm. þvermál við stýrissveifina, að undanskilinni styrkingu til siglinga í hafis.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .4 Aflvélar stýrisbúnaðar skulu vera:
- .1 þannig að þær endurræstist sjálfkrafa þegar afl fæst að nýju eftir aflrof; og
 - .2 þannig að hægt sé að setja þær í gang frá stjórnþalli. Rofni afl til einhverrar af aflvélum stýrisbúnaðar skal gefið sýnilegt og heyrnlegt viðvörunarmerki á stjórnþalli.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .5 Þar sem tvær eða fleiri aflvélar eru í aðalstýrisbúnaði, sem eru nákvæmlega eins, þarf ekki að hafa hjálparstýribúnað, ef:
- .1 aðalstýrisbúnaðurinn gerir kleift að stjórna stýrinu, eins og krafist er í undirlið .2.2 þó einhver aflvélanna sé ekki starfhæf;
 - .2 aðalstýrisbúnaði er komið fyrir þannig að ef bilun verður í lagnakerfi eða einhverri aflvéla hans sé unnt að einangra hana þannig að viðhalda megi stjórnþæfi skipsins eða endurheimta það fljótt.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .6 Stjórnþæki stýrisbúnaðar skulu vera:
- .1 fyrir aðalstýrisbúnað, bæði á stjórnþalli og í stýrisvélarrými;
 - .2 þegar aðalstýrisbúnaður er í samræmi við lið .4, með tveimur sjálfstæðum stjórnkerfum sem báðum má stjórna frá stjórnþalli. Þetta krefst þess ekki að það séu tvö stýri eða stýrissveifar. Ef stjórnkerfi samanstendur af vökvadrifnum fjarstýrðum stýrisdælumótör, þarf ekki að setja upp annað sjálfstætt kerfi;
 - .3 fyrir hjálparstýrisbúnað, í stýrisvélarrými og, ef hann er aflknúinn, skal einnig vera hægt að stjórna honum frá stjórnþalli og hann vera óháður stjórnkerfi aðalstýrisbúnaðar.
- .7 Stjórnkerfi aðal- og hjálparstýrisbúnaðar, sem stjórna má frá stjórnþalli, skal uppfylla eftirtalin skilyrði:
- .1 ef það er rafknúið skal því þjónað af sérstakri aðskildri rafrás, sem fær afl frá stýrisbúnaðaraflgrein frá stað innan stýrisvélarrýmisins eða beint frá safnteinum raftöflunnar sem sjá viðkomandi stýrisbúnaðaraflgrein fyrir orku frá stað á raftöflunni sem liggur að rafveitunni til stýrisbúnaðaraflgreinarinnar;
 - .2 ráðstafanir skulu gerðar í stýrisvélarrými til að hægt sé að aftengja hvers kyns stjórnkerfi, sem stjórna má frá stjórnþalli, frá þeim stýrisbúnaði sem þau þjóna;
 - .3 hægt skal vera að setja kerfið í gang frá stjórnþalli;
 - .4 ef afl rofnar til stjórnkerfisins skal gefið sýnilegt og heyrnlegt viðvörunarmerki á stjórnþalli; og
 - .5 skammhlaupsvarnir skulu aðeins vera til staðar fyrir rafrásir sem veita orku til stjórnþúnaðar stýrisbúnaðar.
- .8 Raflgreinar og stýrisbúnaður stjórnkerfis með tilheyrandi íhlutum, köplum og rörum, sem krafist er í þessari reglu og 7. reglu, skulu aðskildar eins og hægt er í fullri lengd þeirra.
- .9 Boðskiptaleið skal vera milli stjórnþalls og stýrisvélarrýmis.
- .10 Stöðu stýrisblaðs (-blaða) skal:
- .1 sýna á stjórnþalli skipsins ef aðalstýrisbúnaðurinn er aflknúinn. Stýrisvísirinn skal sýna stöðu stýris óháð stjórnkerfi stýrisbúnaðarins;
 - .2 vera sjáanleg í stýrisvélarrýminu.

- .11 Vökvadrifinn stýrisbúnaður skal vera með:
- .1 búnaði til að halda vökvánum hreinum, með tilliti til gerðar og hönnunar vökvakerfisins;
 - .2 búnaði, sem varar við of lágu vökvamagni í hverjum hringrásargeymi og gefur vísbendingu um leka eins fljótt og unnt er. Sýnileg og heyrnleg viðvörunarmerki skulu gefin á stjórnþalli og í vélarúmi þar sem auðveldlega er tekið eftir þeim; og
 - .3 föstum vökvageymi með nægilegu rými til að endurhlaða að minnsta kosti eitt aflhreyfikerfi, þar á meðal hringrásargeyminn, þar sem þess er krafist að aðalstýrisbúnaðurinn sé aflknúinn. Geymslutankurinn skal vera varanlega tengdur við lagnir þannig að auðveldlega megi endurhlaða vökvadrifnu kerfin frá stað innan stýrisvélarýmisins og á honum skal vera mælir sem gefur til kynna hversu mikið er í honum.
- .12 Stýrisvélarýmin skulu vera:
- .1 auðveldlega aðgengileg og aðskilin frá vélarúmum, eins og kostur er; og
 - .2 innréttuð þannig að greiður aðgangur sé að vélbúnaði stýrisbúnaðar og stjórnþækjum. Innréttingin skal m.a. taka til handriða og rista eða annarra yfirborðsflata, sem ekki mega vera sleipir, til að tryggja viðeigandi vinnuskilyrði ef til leka kemur úr vökvakerfinu.
- 7 Viðbótarkröfur fyrir rafknúinn og raf- og vökvadrifinn stýrisbúnað (R 30)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Setja skal upp búnað á stjórnþalli og á hentugum stjórnstað aðalvéla til að sýna hvort rafknúinn og raf- og vökvadrifinn stýrisbúnaður sé í gangi.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .2 Allar rafknúnar eða raf- og vökvaknúnar stýrisvélar, sem samanstanda af einni eða fleiri aflvélum, skulu tengdar að minnsta kosti tveimur sérgreinum frá aðalraftöflunni; þó má önnur rafrásin fá afl frá neyðartöflunni. Rafknúnar eða raf- og vökvaknúnar hjálparstýrisvélar, sem tilheyra rafknúnu eða raf- og vökvaknúnu aðalstýrisvélinni, má tengja við eina af rafrásunum sem veita orku til aðalstýrisbúnaðarins. Rafrásirnar sem sjá rafknúnu eða raf- og vökvaknúnu stýrisvélunum fyrir orku skulu hafa viðeigandi afkastagetu til að sjá öllum vélum, sem geta verið tengdar þeim í einu og kunna að þurfa að starfa samtímis, fyrir orku.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .3 Skammhlaupsvarnir og viðvörðun vegna yfirálags skulu vera fyrir hendi fyrir rafrásir og -mótora rafknúns og raf- og vökvaknúns stýrisbúnaðar. Þar sem yfirstraumsvörn er höfð, þar á meðal fyrir ræsistraum, skal hún þola að minnsta kosti tvöfaldan straum við fullt álag rafmótorsins eða rafrásarinnar, sem henni er ætlað að verja og komið fyrir þannig að hún hleypi viðeigandi ræsistraumi í gegn.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Viðvörðunarkerfin, sem krafist er í þessum lið, skulu vera bæði heyrnleg og sýnileg og skulu vera staðsett á áberandi stað í aðalvélarúmi eða stjórnklefa þar sem aðalvél er stjórnað að jafnaði og eins og kann að vera krafist í 6. reglu í E-hluta þessa kafla.

- .4 Þegar hjálparstýrisbúnaður, sem krafist er í reglu 6.3.3 að sé aflknúinn, er ekki rafknúinn eða hann er knúinn með rafmótor sem aðallega er ætlaður til annars, má tengja aðalstýrisbúnaðinn einni rafrás frá aðalraftöflunni. Þegar slíkur rafmótor, sem aðallega er ætlaður til annars, er notaður til að veita orku til slíks hjálparstýrisbúnaðar, er stjórnvaldi fánaríkis heimilt að fella niður kröfur liðar 3. ef það er ánægt með varnarfyrikomulagið ásamt kröfum reglna 6.4.1. og 4.2. sem gilda um hjálparstýrisbúnaðinn.

8 Loftræstikerfi í vélarúmum (R 35)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Nægileg loftræsting skal vera í vélarúmum í flokki A til að tryggja að þegar vélar eða katlar þar starfa af fullum krafti við öll veðurskilyrði, þar á meðal í óveðri, sé nægilegt loftstreymi til rýmanna til að tryggja öryggi og vellíðan starfsfólks og starfrækslu vélanna.

9 Samband milli stjórnþalls og vélarúms (R 37)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Að minnsta kosti tvær sjálfstæðar boðskiptaleiðir skulu vera til að gefa skipanir frá stjórnþalli til þess staðar í vélarúmi eða stjórnklefa þaðan sem hraða og stefnu þrýstikrafts skráfunnar er stjórnað að jafnaði: önnur þeirra skal vera vélsími sem gefur sjónrænt til kynna skipanir og svör bæði í vélarúmi og á stjórnþalli. Viðeigandi boðskiptaleið skal vera fyrir hendi fyrir sérhvern annan stað þaðan sem hægt er að stjórna hraða eða stefnu þrýstikrafts skráfna.

10 Viðvörðunarbúnaður fyrir vélstjóra (R 38)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Koma skal fyrir viðvörðunarbúnaði fyrir vélstjóra, sem er stjórnað frá stjórnklefa vélarúmsins eða frá stjórnunarstaðnum, eftir því sem við á, og skal hann vera auðheyranlegur í vistarverum vélstjóra og/eða á stjórnþalli, eftir því sem við á.

11 Staðsetning öryggisbúnaðar (R 39)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Neyðarraflegjafar, slökkvidælur, austurdælur, að undanskildum þeim sem þjóna sérstaklega rýmum framan við stafnþil (árekstrarþil), föst slökkvikerfi, sem krafist er í kafla II-2 og annar öryggisbúnaður, sem er nauðsynlegur fyrir öryggi skipsins, nema akkerisvindur, skal ekki settur upp fyrir framan stafnþil (árekstrarþil).

12 Stjórnþæki véla (R 31)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Aðal- og hjálparvélar, sem nauðsynlegar eru til að knýja skipið og fyrir öryggi þess skulu búnar starfhæfum búnaði til stjórnunar og starfrækslu þess.
- .2 Þar sem aðalvél er fjarstýrt frá stjórnþalli og vélarúm skulu vera mönnuð, skal eftirfarandi gilda:
 - .1 hraðanum, stefnu þrýstikrafts og, ef við á, skurði skráfunnar skal vera unnt að stjórna fullkomlega frá stjórnþalli við allar siglingaraðstæður, þar á meðal við stjórnun skipsins;
 - .2 fjarstýringin skal framkvæmd, fyrir hverja skráfu fyrir sig, með stjórnþæki sem er hannaður og smíðaður þannig að við stjórn hans sé ekki þörf á að veita smáatriðum vélarinnar sérstaka athygli. Þar sem eru margar skráfur, sem hannaðar eru til að starfa samtímis, er heimilt að þeim sé stjórnað með einum stjórnþæki;
 - .3 aðalvélin skal tengd búnaði til neyðarstöðvunar á stjórnþalli sem skal vera óháður stjórnkerfi stjórnþallsins;
 - .4 skipanir til vélarúms frá stjórnþalli skulu koma fram í stjórnklefa aðalvélar eða á stjórnstað vélarinnar, eftir því sem við á;
 - .5 fjarstýring á vél skal aðeins vera möguleg frá einum stað í einu; á hverjum þeirra er heimilt að hafa samtengda stjórnstaði. Á hverjum stað skal vera álestrartæki sem sýnir frá hvaða stað vél-

- inni er stjórnad. Færsla á stjórnun milli stjórnspallsins og vélarúmsins skal aðeins vera möguleg úr aðalvélarúmi eða stjórnklefa aðalvélar. Kerfið skal bjóða upp á möguleika á að koma í veg fyrir að þrýstikraftur breytist verulega þegar skipt er um stjórnunarstað;
- .6 unnt skal vera að stjórna aðalvélinni þaðan sem hún er staðsett, jafnvel þótt einhver hluti fjarstýrikerfisins bili;
- .7 fjarstýrikerfið skal hannað þannig að viðvörðun sé gefin ef það bilar. Snúningshraðinn og stefna þrýstikraftsins, sem kerfið er stillt á, skal haldast óbreytt þar til staðbundin stjórnun (local control) tekur við;
- .8 á stjórnspalli skulu vera álestrartæki sem sýna:
- 1 skráfuhraðann og stefnuna á þrýstikraftinum, ef um er að ræða skráfur með föstum skurði,
 - 2 skráfuhraðann og skurðinn ef um er að ræða skiptiskráfur,
- .9 komið skal fyrir viðvörðunartæki á stjórnspalli og í vélarúmi til að sýna lágan ræsiloftþrýsting og skal stilla það á það magn að enn sé unnt að ræsa aðalvél. Ef fjarstýrikerfi vélarinnar er hannað fyrir sjálfvirka ræsingu skal takmarka fjölda samfelldra, sjálfvirkra tilrauna til ræsingar, sem misheppnast, til að viðhalda nauðsynlegum loftþrýstingi til að ræsa hana þaðan sem hún er staðsett.
- .3 Þar sem aðalvélin og tilheyrandi vélbúnaður, þar með taldir aðalraforkugjafar, eru mismunandi mikið sjálfvirk eða fjarstýrð og eru undir stöðugu handvirku eftirliti frá stjórnklefa þá skal fyrirkomulag og stjórnþúnaður vera þannig, með tilliti til hönnunar, búnaðar og uppsetningar, að starfsemi vélarinnar sé jafn örugg og afkastamikil og hún væri undir beinni umsjón; í þessu skyni skulu reglur II-1/E/1 til II-1/E/5 gilda eftir því sem við á. Sérstaklega skal gæta að því að verja slík rými gegn bruna og flóðum.
- .4 Almennt skulu sjálfvirk ræsi-, starfs- og stjórnkerfi útbúin þannig að á handvirkan hátt sé hægt að grípa inn í sjálfvirka búnaðinn. Bilun í einhverjum hluta slíkra kerfa skal ekki koma í veg fyrir að hægt sé að grípa inn í handvirkt.

13 Gufulagnakerfi (R 33)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Allar gufulagnir og tengi við þær, sem gufa kann að fara um, skulu hönnuð, smíðuð og uppsett þannig að þau standist mesta vinnuálag sem þau gætu orðið fyrir.
- .2 Gerðar skulu ráðstafanir til að tæma sérhvert gufuför þar sem hættulegt vatnshögg gæti annars átt sér stað.
- .3 Ef gufuför eða tengi gæti fengið inn á sig gufu frá einhverjum aflugjafa með hærri þrýstingi en þeim sem það er hannað fyrir, skal koma fyrir viðeigandi þrýstingsloka, öryggisloka og þrýstingsmæli.

14 Þrýstiloftskerfi (R 34)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Búnaður skal vera fyrir hendi til að koma í veg fyrir yfirþrýsting í hvaða hluta þrýstiloftskerfa sem er svo og alls staðar þar sem vatnsgildirur eða sveifarhús á loftþjöppum og kælum geta orðið fyrir hættulegum yfirþrýstingi vegna leka inn í þau frá þrýstiloftsbúnaði. Viðeigandi afblásturslokum (öryggislokum) skal komið fyrir í öllum kerfum.
- .2 Aðalræsiloftsbúnaðinn fyrir aðalvélar, ef um sprengihreyfla er að ræða skal verja á hæfilegan hátt gegn áhrifum frá baksprengingum og sprengingum inni í ræsiloftsrörum

- .3 Öll rör frá ræsiloftspjöppum skulu lögð beint til ræsiloftshylkja og öll ræsiloftsrör frá ræsiloftshylkjum til aðal- og hjálparvéla skulu vera algerlega aðskilin frá þrýstirörakerfi ræsiloftspjappnanna.
- .4 Gera skal ráðstafanir sem tryggja að sem minnst olía komist í þrýstiloftskerfin og að unnt sé að tappa af þessum kerfum.

15 Varnir gegn hávaða (R 36) ⁽¹⁾

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Gera skal ráðstafanir til að draga úr hávaða í vélum í vélarúmi að því marki sem telst viðunandi. Ef ekki er unnt að draga nægilega mikið úr hávaðanum skal einangra eða útiloka hávaðavaldinn á viðeigandi hátt eða koma upp hljóðeinangruðu skýli ef þess er krafist að rýmið sé mannað. Starfsmönnum, sem þurfa að fara inn í slík rými, skulu látnar í té heyrnarhlífur.

16 Lyftur

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D:

- .1 Farþega- og vöru lyftur skulu, að því er varðar stærð, hönnun, leyfilegan farþegafjölda og/eða vöru-magn, vera í samræmi við ákvæði sem stjórnvald fánaríkisins setur í hverju tilviki fyrir sig eða fyrir hverja tegund búnaðar.
- .2 Teikningar af uppsetningu og viðhaldsleiðbeiningar, ásamt ákvæðum um reglubundnar skoðanir, skulu samþykkt af stjórnvaldi fánaríkisins, sem skal skoða og samþykkja búnaðinn áður en hann er tekinn í notkun.
- .3 Þegar samþykki hefur fengist gefur stjórnvald fánaríkisins út vottorð sem haft skal um borð.
- .4 Stjórnvald fánaríkisins getur heimilað að sérfræðingur, í umboði stjórnvalda, eða viðurkennd stofnun annist reglubundnar skoðanir.

D-HLUTI

RAFBÚNAÐUR

1 Almenn (R 40)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Rafbúnaður skal vera þannig að:
 - .1 tryggð sé öll hjálparþjónusta sem nauðsynleg er til að viðhalda eðlilegum starfs- og dvalar-aðstæðum í skipinu án þess að grípa þurfi til neyðarrafalgjafa;
 - .2 tryggð sé sú þjónusta sem nauðsynleg er til að viðhalda öryggi við neyðaraðstæður af ýmsum toga; og
 - .3 tryggt sé öryggi farþega, áhafnar og skipsins gegn hættu frá rafmagni.

⁽¹⁾ Samanber kóða um hávaðastig um borð í skipum í þingsályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.468(XII).

- .2 Stjórnvald fánarfisins skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja samræmda framkvæmd og beitingu ákvæða í þessum hluta að því er varðar rafbúnað. (1).

2 Aðalrafalgjafi og lýsing (R 41)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Í nýjum skipum í flokki D og gömlum skipum í flokki B þar sem eingöngu er notað rafafli til að knýja hjálparbúnað, sem er nauðsynlegur fyrir öryggi skipsins, og í nýjum skipum í flokki B og C þar sem eingöngu er notað rafafli til að drífa hjálparbúnað, sem er nauðsynlegur til þess að knýja skipið og fyrir öryggi þess, skulu vera að minnsta kosti tvær aðalrafalasalastæður sem eru nægilega öflugar til að knýja megi áðurmeftan búnað þótt önnur samstæðan starfi ekki.
- .2.1 Aðalrafalgjafi, sem sér fyrir lýsingu í þeim hlutum skipsins sem farþegar eða áhöfn hafa jafnan aðgang að og nota, skal fá rafmagn frá aðalrafalgjafa.
- .2.2 Aðalrafalgjafi skal vera komið fyrir þannig að eldur, eða annað slys í þeim rýmum þar sem aðalrafalgjafinn, tilheyrandi spennubreytar, ef einhverjir eru, aðalraftafla og aðalljósatafla eru staðsett, orsaki ekki að neyðarljósakerfið, sem krafist er í 3. reglu, verði óvirkt.
- .2.3 Neyðarljósakerfinu skal vera komið fyrir þannig að eldur eða annað slys í rýmum þar sem neyðarrafalgjafinn, tilheyrandi spennubreytar, ef einhverjir eru, neyðartafla og neyðarljósatafla eru staðsett, orsaki ekki að aðalljósakerfið, sem krafist er í þessari reglu, verði óvirkt.
- .3 Aðalraftaflan skal vera, eftir því sem kostur er, staðsett þannig gagnvart annarri aðalorkustöðinni að aðeins eldur eða annað slys í rýminu þar sem rafalgjafinn og raftaflan eru staðsett geti haft áhrif á venjulegar raforkubirgðir.

3 Neyðarrafaflgjafi (R 42)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Í hverju skipi skal vera sjálfstæður neyðarrafaflgjafi með neyðartöflu, sem staðsett er fyrir ofan skilrímsþilfar, á stað sem greiður aðgangur er að og sem er ekki samliggjandi afmörkunum vélarúma í A-flokki eða þeirra rýma þar sem aðalrafalgjafi eða aðalraftafla eru.
- .2 Neyðarrafaflgjafinn má vera annaðhvort rafgeymir, sem getur uppfyllt kröfur undirliðar .5 án endurhleðslu eða of mikils spennufalls, eða rafali, sem getur uppfyllt kröfur undirliðar .5, sem knúinn er af vélum með sprengihreyflum og með sjálfstæðu veitukerfi eldsneytis með blossamarki sem er ekki lægra en 43 °C, og sjálfvirkum ræsibúnaði fyrir ný skip og viðurkenndum ræsibúnaði fyrir gömul skip, og sem í er neyðarrafaflgjafi til bráðabirgða samkvæmt lið .6.
- .3 Neyðarrafaflgjafinn skal vera þannig að hann starfi skilvirkt þótt skipið hallist allt að 22,5 gráður og þótt stafnhalli skipsins sé 10 gráður frá réttum kili. Auðvelt skal vera að ræsa neyðarrafalasalastæðurnar við hvaða hitaskilyrði sem búast má við, og ræsa þær sjálfvirkt í nýjum skipum.
- .4 Hafa skal neyðartöfluna eins nálægt neyðaralgjafanum og við verður komið.

(1) Vísað er til tilmæla sem gefin voru út af Alþjóðaraftækninefndinni, einkum 92. útgáfu — Rafbúnaður í skipum.

- .5 Neyðaraflgjafinn, sem krafist er í lið 1. skal:
- .1 almennt geta starfað í:
 - 12 klukkustundir í skipum í B flokki (nýjum og gömlum)
 - 6 klukkustundir í skipum í C flokki (nýjum)
 - 3 klukkustundir í skipum í D flokki (nýjum)
 - .2 einkum geta starfrækt samtímis eftirtalinn búnað samtímis í þann tíma sem fram kemur hér að framan:
 - a) neyðarausturdælu skipsins og eina af slökkvidælunum;
 - b) neyðarlýsingu:
 - .1 við hverja söfnunarstöð eða stöð þar sem farið er um borð í björgunarför og á skipssíðunum,
 - .2 í öllum göngum, stigum og útgöngum sem liggja að söfnunarstöðvum eða stöðvum þar sem farið er um borð í björgunarför,
 - .3 í vélarúmum, og á þeim stað þar sem neyðarfall er staðsettur,
 - .4 í stjórnstöðvum þar sem loftskeytabúnaður og aðalsiglingatæki eru staðsett,
 - .5 eins og krafist er í reglum II-2/B/16.1.3.7 og II-2/B/6.1.7,
 - .6 við alla staði þar sem slökkvibúningar eru geymdir,
 - .7 við neyðaraustursdælu og eina af slökkvidælunum sem um getur í undirlið a) og á þeim stað þar sem þær eru settar í gang.
 - c) siglingaljósum skipsins;
 - d)
 - .1 öllum samskiptabúnaði,
 - .2 almenna viðvörunarkerfinu,
 - .3 eldskynjunarkerfinu og
 - .4 öllum merkjum sem kann að vera krafist í neyðartilviki, ef þau eru gefin með rafmagni frá aðalrafalasalámstöðum skipsins;
 - e) ýringardælu skipsins, ef einhver er, og ef hún gengur fyrir rafmagni; og
 - f) morslampa skipsins til merkjagjafa í dagsbirtu, ef hann er knúinn af aðalrafaflgjafa skipsins.
 - .3 geta knúið, í hálfra klukkustund, aflknúna vatnspéttar hurðir ásamt tilheyrandi stjórnækjum, merkjabúnaði og viðvörunarbúnaði.
- .6 Bráðabirgðaraflgjafinn til nota í neyðartilvikum, sem krafist er í lið .2, skal samanstanda af rafgeymi sem er staðsettur á hentugum stað til nota í neyð og geta drifið í hálfra klukkustund án endurhleðslu eða of mikils spennufalls:
- a) lýsinguna, sem krafist er í lið 2.(b).1 í þessari reglu,
 - b) vatnspétta hurðirnar, sem krafist er í liðum .7.2 og .7.3 í reglu II-1/B/13, þó ekki endilega allar samtímis nema fyrir hendi sé sjálfstæður bráðabirgðasafnorkugjafi, og
 - c) tilheyrandi stjórnæki, merkjabúnað og viðvörunarbúnað sem krafist er í lið 7.2 í reglu II-1/B/13.

4 Viðbótarneyðarlýsing fyrir ekjuskip (R 42-1)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Auk neyðarlýsingarinnar, sem krafist er í reglu II-1/D/3.5.2(b) skal, í hverju skipi með ekjufarmrýmum eða sérstökum rýmum, vera:

- .1 viðbótarraflýsing í öllum almennum farþegarýmum og á göngum, sem getur lýst í að minnsta kosti þrjár klukkustundir eftir að allir aðrir rafaflgjafar hafa brugðist, hver sem síðuhalli skipsins er. Lýsingin skal vera þannig að auðveldlega megi greina undankomuleiðir. Aflgjafinn fyrir viðbótarlýsinguna skal samanstanda af rafgeymum sem eru hafðir inni í ljóseiningunum, sem eru stöðugt hlaðnar, þar sem því verður komið við, frá neyðartöflunni. Stjórnvald fánaríkisins getur einnig samþykkt hvers kyns aðra lýsingu sem er að minnsta kosti jafn skilvirk. Viðbótarlýsingin skal vera þannig að allar bilanir í ljósum blasi við þegar í stað. Endurnýja skal alla rafgeyma með reglubundnu millibili með hliðsjón af endingartíma þeirra við þau tilteknu loftslagsskilyrði sem þeir eru notaðir við; og
- .2 handlampi með endurhlaðanlegum rafhlöðum á hverjum gangi, í hverju tómsundarými og vinnurými í áhafnarrými, sem eru að jafnaði notuð, nema fyrir hendi sé viðbótarneyðarlýsing, eins og krafist er í undirlið .1.

5 Varúðarráðstafanir gegn raflosti, eldi og öðrum hættum af völdum rafmagns (R 45)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Óvarðir málmhlutar rafvéla og rafbúnaðar, sem eru ekki spennuhafa en geta orðið það vegna bilana, skulu jarðtengdir nema vélunum eða búnaðinum:
 - .1 sé séð fyrir spennu sem er ekki hærri en 50 V ef um jafnstraum er að ræða eða 50 V, virkt gildi (root mean square) milli leiðara; ekki skal nota einvafsspenna til þess að ná þessari spennu; eða
 - .2 sé séð fyrir spennu sem er ekki hærri en 250 V frá spennum með aðskilin, einangruð vöf og sem tengjast aðeins einu tæki; eða
 - .3 þeir séu smíðaðir samkvæmt grundvallarreglunni um tvöfalda einangrun.
- .2 Smíði og uppsetning allra raftækja skal þannig háttáð að þau valdi ekki slysi við eðlilega meðferð eða snertingu.
- .3 Hliðar, bök og, sé það talið nauðsynlegt, einnig framhliðar raftaflnanna skal verja á viðeigandi hátt. Óvarða, spennuhafa hluti er hafa spennu miðað við jörð hærri en þá spennu sem tilgreind er í lið 1.1 skal ekki setja á framhlið slíkra raftaflna. Þar sem nauðsynlegt er skulu lagðar mottur eða grindur úr einangrandi efni við framhlið og bakhlið töflunnar.
- .4 Þar sem ójarðtengt rafveitukerfi er notað skal vera fyrir hendi tæki sem hefur stöðugt eftirlit með einangruninni til jarðar og sem gefur frá sér sýnilegt eða heyrnlegt merki ef einangrunargildin verða óeðlilega lág.
- .5.1 Öll málmslíður og hlífar rafstrengja skulu vera samtengd og jarðtengd.
- .5.2 Allir rafstrengir og -taugar sem liggja utan búnaðar skulu að minnsta kosti vera úr eldletjandi efni og lagðir þannig að upprunalegir eldletjandi eiginleikar þeirra séu óskertir. Þar sem slíkt er nauðsynlegt til tiltekinnar notkunar getur stjórnvald fánaríkis heimilað notkun á sérstökum gerðum rafstrengja sem uppfylla ekki framangreind ákvæði, til dæmis tíðnitaugum senditækja.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .5.3 Rafstrengi og -taugar sem eru fyrir nauðsynlegan búnað eða neyðarbúnað fyrir afl, lýsingu, innan-skipssamskipti eða merkjagjafir, skal leiða, eins og við verður komið, framhjá eldhúsum, þvottaklefum, vélarúmum í flokki A og vélareisnum þeirra og öðrum rýmum þar sem mikil eldhætta er. Í nýjum og gömlum ekjufarþegaskipum skal lagning rafstrengja fyrir neyðarviðvörðunarkerfi og kallkerfi, sem fram fer á þeim degi eða eftir þann dag sem um getur í 1. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar, vera samþykkt af stjórnvaldi fánaríkisins með hliðsjón af tilmælum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Raf-

strengir sem tengja slökkvidælar við neyðartöfluna skulu vera af eldtraustri gerð þegar þeir liggja um rými þar sem mikil eldhætta er. Eins og við verður komið skal leggja þessa rafstrengi þannig að útilokað sé að þeir verði ónothæfir vegna þess að þilin hitni sökum elds í aðliggjandi rými.

- .6 Rafstrengir og -taugar skulu lögð á þann hátt að þau verði ekki fyrir núningi eða öðrum skemmdum. Ganga skal frá endum og samskeytum allra leiðara þannig að frumeiginleikar þeirra haldist, svo sem rafleiðni, efnis- og eldletjandi eiginleikar og, þar sem nauðsynlegt er, eldtraustleiki.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .7.1 Sérhverja rafrás skal verja gegn skammhlaupi og gegn yfirálagi, nema annað sé heimilað í reglum II-1/C/6 og II-1/C/7.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .7.2 Ljósabúnaði skal komið fyrir þannig að hann valdi hvorki hitaaukningu sem gæti leitt til skemmda á raftaugunum, né að aðliggjandi efni hitni óhóflega.
- .8.1 Rafgeymar skulu lokaðir af á viðeigandi hátt og hólf sem notuð eru aðallega undir þá skulu smíðuð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- .8.2 Óheimilt er að nota rafbúnað og annan búnað sem getur valdið íkveikju í eldfimri uppgefum í þessum hólfum.
- .9 Rafveitukerfum skal komið fyrir þannig að eldur á einhverju af lóðrétt afmörkuðu aðalsvæðunum, eins og skilgreint er í reglu II-2/A/2.9, hafi ekki áhrif á þjónustu sem nauðsynleg er fyrir öryggi á einhverju öðru slíku svæði. Fullnægja má þessari kröfu með því að aðskilja, eins og kostur er, bæði lóðrétt og lárétt, aðal- og neyðarkvíslstrengi, sem liggja í gegnum slík rými.

E-HLUTI

VIÐBÓTARKRÖFUR VARÐANDI VÉLARÚM SEM ERU ÓMÖNNUÐ TÍMABUNDIÐ

Sérstakt mat (R 54)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Stjórnvald fánaríkisins skal meta sérstaklega hvort í öllum nýjum skipum í flokkum B, C og D, og gömlum skipum í flokki B, sé óhætt að hafa vélarúm ómönnuð tímabundið og sé svo þá hvort nauðsynlegt er að setja fram viðbótarkröfur við þær sem mælt er fyrir um í þessum reglum til að ná sama öryggi og í vélarúmum sem eru að jafnaði mönnuð.

1 Almennt (R 46)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Fyrirkomulag skal vera þannig að tryggt sé að öryggi skipsins sé við allar siglingaraðstæður, þar á meðal við stjórnun skipsins, jafn mikið og öryggi skips með mönnuðum vélarúmum.
- .2 Gera skal ráðstafanir til að tryggja að búnaðurinn starfi á áreiðanlegan hátt og að viðunandi fyrirkomulagi sé komið á varðandi reglulegar skoðanir og kerfisbundnar prófanir til að tryggja samfelldan, áreiðanlegan rekstur.

- .3 Í hverju skipi skulu vera skjöl því til sönnunar að það megi starfrækja með vélarúmum ómönnuðum tímabundið.

2 Brunavarnir (R 47)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Séð skal fyrir búnaði til að skynja og vara við eldi á byrjunarstigi:
 - 1 í fæðiloftsstokkum og upptrekki ketilsins; og
 - 2 skolloftsgreinum aðalvélar nema það sé talið ónauðsynlegt, í sérstökum tilvikum.
- .2 Á sprengihreyflum, sem eru 2 250 kW og þar yfir, eða þar sem borvídd strokka er meiri en 300 mm, skulu vera skynjarar fyrir olíuúða á sveifarhúsinu eða hitaskynjarar fyrir legur vélarinnar eða jafngildur búnaður.

3 Vörn gegn flæði (R 48)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Austurbrunnar í vélarúmum, sem eru ómönnuð tímabundið, skulu staðsettir þannig, og eftirliti með þeim þannig háttað, að nema megi uppsöfnun vökva við eðlilegan halla og stafnhalla og þeir ættu að vera nægilega stórir til að rúma auðveldlega eðlilegt frárennsli á meðan vélarúmið er ómannað.
- .2 Þegar austurdælur eru ræstar sjálfkrafa skal vera til staðar búnaður sem gefur til kynna þegar innstreymi vatns er meira en dælan ræður við eða þegar dælan starfar oftár en búast má við undir eðlilegum kringumstæðum. Í slíkum tilvikum má heimila minni austursbrunnna sem geta tekið við afrennslinu á hæfilega löngum tíma. Ef austursdælur eru með sjálfvirkri stýringu skal gefa sérstakan gaum kröfum um forvarnir gegn olíumengun.
- .3 Stjórnþúnaður allra loka fyrir sjóinntök, frárennslis fyrir neðan sjólinu eða austursogs skal staðsettur þannig að nægur tími gefist til að beita honum ef vatn streymir inn í rýmið, að teknu tilliti til þess tíma sem búast má við að það taki að komast að og beita slíkum stjórnþúnaði. Gera skal ráðstafanir til að beita megi stjórnþúnaðinum frá stað ofan þeirra marka sem vatn getur flætt upp að í rýminu þegar skipið er fullhlaðið.

4 Stjórnun vélar frá stjórnþalli (R 49)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Við allar siglingaraðstæður, þar á meðal við stjórnun skipsins, skal vera unnt að stjórna fullkomlega frá stjórnþalli hraðanum, stefnu þrýstikrafts og, ef við á, skurði skráfunnar.
 - .1 Slík fjarstýring skal framkvæmd með sérstökum stjórnþúnaði fyrir hverja sjálfstæða skráfu, með sjálfvirkni alls tilheyrandi búnaðar, þar á meðal, ef nauðsynlegt er, búnaðar sem kemur í veg fyrir yfirálag á vélina.
 - .2 Aðalvél skal tengd búnaði til neyðarstöðvunar sem staðsettur er á stjórnþalli og sem er óháður stjórnkerfi stjórnþallsins.
- .2 Skipanir til vélar frá stjórnþalli skulu koma fram í stjórnklefa aðalvélar eða á stjórnastað vélarinnar, eftir því sem við á.
- .3 Fjarstýring á vél skal vera möguleg frá aðeins einum stað í einu; á slíkum stöðum er heimilt að hafa samtengda stjórnstaði. Á hverjum stað skal vera álestrartæki sem sýnir frá hvaða stað vélinni er stjórnað. Færslan á stjórnun milli stjórnþallsins og vélarúmsins skal aðeins vera möguleg úr aðalvélarúmi eða stjórnklefa aðalvélar. Kerfið skal hafa möguleika á að koma í veg fyrir að þrýstikraftur breytist verulega þegar skipt er um stjórnunarstað.

- .4 Unnt skal vera að stjórna öllum vélum, sem nauðsynlegar eru til öruggrar notkunar skipsins, á staðnum (local position), jafnvel þótt einhver hluti sjálfvirka stýrikerfisins eða fjarstýrikerfisins bili.
- .5 Sjálfvirka fjarstýrikerfið skal hannað þannig að viðvörðun sé gefin ef það bilar. Snúningshraðinn og stefna þrýstikraftsins, sem kerfið er stillt á, skal haldast óbreytt þar til staðbundin stjórnun (local control) tekur við.
- .6 Á stjórnþalli skulu vera álestrartæki sem sýna:
- .1 skráfuhraðann og snúningsstefnuna, ef um er að ræða skráfur með föstum skurði, eða
 - .2 skráfuhraðann og skurðinn, ef um er að ræða skiptiskráfur.
- .7 Fjöldi samfelldra, sjálfvirkra tilrauna til ræsingar, sem misheppnast, skal takmarkaður til að viðhalda nauðsynlegum loftþrýstingi til ræsingar. Komið skal fyrir viðvörðunarbúnaði sem gefur til kynna of lágan loftþrýsting til ræsingar og skal stilla hann á það magn að enn sé unnt að ræsa aðalvél.

5 Samskipti (R 50)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Fyrir hendi skal vera áreiðanleg aðferð til munnlegra samskipta milli stjórnklefa aðalvélar eða stjórnstaðar hennar, eftir því sem við á, og stjórnþalls og vistarveru vélstjóra.

6 Viðvörðunarkerfi (R 51)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Viðvörðunarkerfi, sem gefur til kynna bilun, sem gefa þarf gaum, skal vera fyrir hendi og skal það:
- .1 geta gefið frá sér heyrnlegt viðvörðunarkerfi í stjórnklefa aðalvélar eða á stjórnstað hennar og gefa sýnilega til kynna á hentugum stað sérhvert viðvörðunarkerfi sem gefið er;
 - .2 vera tengt almennum rýmum vélstjóra og svefnklefum þeirra með valrofa, til að tryggja tengingu við að minnsta kosti einn af þessum klefum. Heimila má annað fyrirkomulag ef það telst vera jafngilt;
 - .3 setja af stað heyrnlegt og sýnilegt viðvörðunarkerfi á stjórnþalli við hverjar þær aðstæður sem krefjast athygli eða aðgerða af hálfu vakthafandi yfirmanns;
 - .4 vera hannað, að því marki sem framkvæmanlegt er, samkvæmt meginreglunni um virkt öryggi; og
 - .5 setja af stað viðvörðunarkerfi til vélstjóra, sem krafist er í reglu II-1/C/9, ef ekki hefur verið brugðist við viðvörðunarkerfi á staðnum innan ákveðins tíma.
- .2.1 Stöðugur straumur skal vera á viðvörðunarkerfi og á því skal vera sjálfvirk skipting yfir á varaafleggjafa ef bilun verður í hefðbundnum aflgjafa.
- .2.2 Bilun í aðalafleggjafa viðvörðunarkerfis skal gefin til kynna með viðvörðunarkerfi.
- .3.1 Viðvörðunarkerfið skal geta gefið til kynna fleiri en eina bilun samtímis og skal svörðun við einu viðvörðunarkerfi ekki koma í veg fyrir að annað merki sé gefið.
- .3.2 Svörðun á þeim stað, sem um getur í lið .1, við hvers konar viðvörðunarkerfi, skal koma fram á stöðunum þar sem merkið var gefið til kynna. Viðvörðunarkerfi skulu vera órofin uns þeim er svarað og sýnileg viðvörðunarkerfi skulu vera órofin uns gert hefur verið við bilunina og skal þá viðvörðunarkerfi endurstillast sjálfkrafa á hefðbundin notkunarskilyrði.

7 Öryggiskerfi (R 52)**NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:**

Hafa skal þannig öryggiskerfi að alvarleg bilun í starfsemi véla- eða ketilbúnaðar, sem skyndileg hætta stafar af, leiði til sjálfvirkar stöðvunar þess hluta búnaðarins, auk þess sem viðvörn skal gefin. Stöðvun á aðalvélbúnaðinum skal ekki vera sjálfvirk nema í þeim tilvikum sem geta leitt til alvarlegra skemmda, algerrar bilunar eða sprengingar. Þar sem fyrirkomulagið er þannig að unnt er að fara framhjá stöðvun aðalvélabúnaðarins skal það vera þannig að ekki sé mögulegt að gera það óviljandi. Sýnileg merki skulu gefa til kynna hvort þetta hafi verið gert.

Sjálfvirkur stjórnúnaður til að slökkva á og hægja á vélbúnaði skal vera aðskilinn frá viðvörunarbúnaði.

8 Sérkröfur um vélbúnað, katla og rafbúnað (R 53)**NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:**

- .1 Aðalrafafleggjafi skal uppfylla eftirtalin skilyrði:
 - .1 Þar sem að jafnaði er séð fyrir rafafli með einum rafala, skal vera viðeigandi álagsstýring, sem tryggir samfellda veitu til búnaðar, sem nauðsynlegur er, til að knýja skipið og stýra því og tryggja öryggi þess. Gerðar skulu viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þegar virkni rafals, sem er í gangi, hættir, skal vera til taks rafall (stand-by), sem ræsist og tengist aðaltöflu á sjálfvirkann hátt svo unnt sé að knýja skipið áfram og stýra því og tryggja öryggi þess með sjálfvirkri endurræsingu nauðsynlegs hjálparvélbúnaðar, jafnvel þótt nauðsynlegt reynist að ræsa nokkrum sinnum.
 - .2 Ef fleiri en einn rafali sjá venjulega fyrir rafafli samtímis til hliðstæðra starfa, skulu gerðar ráðstafanir, t.d. með álagsstýringu, til að tryggja, að þótt einn þeirra verði óvirkur, að þeir sem eftir eru haldi áfram að starfa án yfirálags þannig, að unnt sé að knýja skipið og stýra því og tryggja öryggi þess.
- .2 Þar sem krafist er, að tvöfaldur búnaður sé hafður, skal annar hjálparvélabúnaður, sem nauðsynlegur er, til að unnt sé að knýja skipið, búinn sjálfvirkum skiptibúnaði.

9 Sjálfvirkt stýri- og viðvörunarkerfi (R 53.4)**NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:**

- .1 Stjórnkerfið skal vera þannig, að nauðsynlegur sjálfvirkur búnaður tryggi þá þjónustu, sem nauðsynleg er fyrir starfsemi aðalvélar og tilheyrandi hjálparvéla.
- .2 Viðvörunarkerfi skal vera á sjálfvirka skiptibúnaðinum.
- .3 Viðvörunarkerfi samkvæmt 6. reglu, skal vera fyrir allan mikilvægan þrýsting, hitastig, vökvaborð og aðrar nauðsynlegar færribreytur.
- .4 Miðlæg stjórnstöð skal búin nauðsynlegum viðvörunartöflum og búnaði sem sýnir allar viðvaranir.
- .5 Ráðstafanir skulu gerðar til að halda tilskildum ræsiloftsþrýstingi ef nauðsynlegir sprengihreyflar eru ræstir með þrýstilofti.

KAFLI II-2**ELDVARNIR, ELDSKYNJUN OG SLÖKKVIBÚNAÐUR**

A-HLUTI

ALMENNT

1 Meginreglur (R 2)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Markmiðið með þessum kafla er að gera kröfu um bestu mögulegu eldvarnir, eldskynjun og slökkvibúnað í skipum.
- .2 Reglur þessa kafla byggjast á eftirtöldum meginreglum, sem teknar eru upp í þeim, eftir því sem við á, með tilliti til gerðar skipa og hugsanlegrar brunahættu:
 - .1 skipum er skipt í lóðrétt aðalsvæði með afmörkunum sem hafa mótstöðuafli bæði að því er varðar hita og styrk;
 - .2 vistarverur eru aðskildar frá öðrum hlutum skipsins með afmörkunum sem hafa mótstöðuafli bæði að því er varðar hita og styrk;
 - .3 notkun brennanlegra efna er takmörkuð;
 - .4 eldur er skynjaður á því svæði þar sem hann kemur upp;
 - .5 eldur er einangraður og hann slökktur á því svæði þar sem hann kemur upp;
 - .6 neyðarútgangar eða aðgangar fyrir slökkvilið eru varðir;
 - .7 greiður aðgangur er að slökkvibúnaði;
 - .8 möguleika á íkviknun eldfimra gufa í farmrými er haldið í lágmarki.

GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .3 Þegar fram fara viðgerðir, breytingar, umbætur og útbúnaður í tengslum við þær á gömlum skipum í flokki B sem taka fleiri en 36 farþega skulu skipin vera í samræmi við eftirtaldar kröfur:
 - .1 öll efni, sem notuð eru í þessi skip, skulu vera í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru um efni sem notuð eru í ný skip í flokki B; og
 - .2 allar viðgerðir, breytingar, umbætur og útbúnaður í tengslum við þær, sem fela í sér að skipt er um efni sem nemur 50 tonnum eða meira, annað en það sem krafist er í reglu II-2/B/16, skulu vera í samræmi við kröfur sem gerðar eru um ný skip í flokki B.

2 Skilgreiningar (R 3)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 *Eldtraust efni* er efni sem hvorki brennur né gefur frá sér nægilegt magn af eldfimum gufum til sjálfs-íkvæikju þegar það er hitað upp í u.þ.b. 750 °C; sýnt skal fram á þetta með brunaprófun í samræmi við þingsályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.799 (19) „Endurskoðuð tilmæli um prófun-

araðferðir til viðurkenningar á því að byggingarefni í skip sé eldtraust efni“. Öll önnur efni eru brennanleg efni.

- .2 *Stöðluð brunaprófun* er prófun þar sem sýnishorn úr viðkomandi þiljum eða þilförum eru hituð upp í prufuofni í hitastig sem er nokkurn veginn í samræmi við staðlaða tíma-hitastigsferilinn. Yfirborð sýnishornsins skal vera a.m.k. 4,65 m², og hæð þess (eða lengd þilfars) 2,44 metrar; sýnishornin skulu vera eins lík ráðgerðri smíði og unnt er og vera með a.m.k. einni samsetningu, þar sem það á við. Staðlaði tíma-hitastigsferilinn er ákveðinn með jafnri boglínu, sem dregin er í gegnum eftirfarandi hitastigspunkta sem mældir eru inni í ofninum:

Upphafshitastig inni í ofninum:	20 °C
að loknum fyrstu 5 mínútunum:	576 °C
að loknum 10 mínútum:	679 °C
að loknum 15 mínútum:	738 °C
að loknum 30 mínútum:	841 °C
að loknum 60 mínútum:	945 °C

- .3 *skilrúm í A-flokki* eru þau skilrúm sem mynduð eru af þiljum og þilförum sem uppfylla eftirfarandi:

- þau skulu smíðuð úr stáli eða öðru jafngildu efni;
- þau skulu vera hæfilega afstífuð;
- þau skulu smíðuð þannig að ekki komist reykur eða eldur í gegnum þau áður en staðlaðri einnar klukkustundar brunaprófun lýkur;
- þau skulu einangruð með samþykktum eldtraustum efnum þannig að meðalhitastig bakhliðarinnar hækki ekki meira en 139 °C yfir upprunalega hitastigið, né að hitastigið á nokkrum stað, þar með töldum samsetningum, hækki meira en 180 °C yfir upprunalegt hitastig innan eftirfarandi tíma-marka:

flokkur A-60:	60 mínútur
flokkur A-30:	30 mínútur
flokkur A-15:	15 mínútur
flokkur A-0:	0 mínútur

- .5 Stjórnvald fánaríkisins skal krefjast prófunar á frumgerð þils eða þilfars til að tryggja að hún uppfylli framangreindar kröfur um þéttleika og hitastigshækkun í samræmi við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.754 (18).
- .4 *skilrúm í B-flokki* eru þau skilrúm sem mynduð eru af þiljum, þilförum, loftum eða veggklæðningum sem uppfylla eftirfarandi:
- þau skulu smíðuð þannig að þau hindri að eldur komist í gegnum þau áður en staðlaðri hálftrar klukkustundar brunaprófun lýkur;
 - þau skulu hafa einangrunargildi þannig að meðalhitastig bakhliðarinnar hækki ekki meira en 139 °C yfir upprunalega hitastigið, né að hitastigið á nokkrum stað, þar með töldum samsetningum, hækki meira en 225 °C yfir upprunalegt hitastig innan eftirfarandi tímamarka:
- | | |
|---------------|---------|
| flokkur B-15: | 15 mín. |
| flokkur B-0: | 0 mín. |
- þau skulu gerð úr samþykktum eldtraustum efnum og allt efni sem haft er við gerð og uppsetningu á B-flokks skilrúmunum skal vera eldtraust, með þeirri undantekningu að nota má brennanlegan spón ef hann uppfyllir aðrar kröfur þessa kafla;
 - stjórnvald fánaríkisins skal krefjast prófunar á frumgerð skilrúms til að tryggja að hún uppfylli framangreindar kröfur um þéttleika og hitastigshækkun í samræmi við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.754 (18).

- .5 *Skilrúm í C-flokki* eru þau skilrúm sem smíðuð eru úr samþykktum eldtraustum efnum. Þau þurfa hvorki að uppfylla kröfur um reykþéttleika eða eldmótstöðu né takmarkanir á hitastigshækkun. Heimilt er að nota brennanlegan spón ef hann uppfyllir aðrar kröfur þessa kafla.

- .6 *Samfella loft eða veggklæðningar í B-flokki* eru þau loft eða veggklæðningar í B-flokki sem enda við A- eða B-flokks skilrúm.
- .7 *Stál eða annað jafngilt efni*. Þar sem orðin „stál eða annað jafngilt efni“ koma fyrir merkir „jafngilt efni“ hvert það eldrausta efni sem sjálft, eða vegna einangrunar þess, hefur sömu burðarþolseiginleika og þéttleika og stál, við lok viðeigandi staðlaðrar brunaprófunar (t.d. álblöndur með hæfilegri einangrun).
- .8 *Lágt útbreiðslumark* merkir að umrætt yfirborð hindri nægilega útbreiðslu elds og skal það ákvarðað með brunaprófun, í samræmi við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.653 (16), um þil, loft og yfirborðsefni þilfara.
- .9 *Lóðrétt afmörkuð aðalsvæði* eru þau svæði sem bol, yfirbyggingu og þilfarshúsum er skipt í með skilrúmum í A-flokki og sem að jafnaði eru ekki lengri né breiðari en 40 m á neinu þilfari.
- .10 *Vistarverur* eru þau rými sem notuð eru sem almenn rými, gangar, salerni, svefnklefar, skrifstofur, sjúkrarými, rými fyrir kvikmyndasýningar, leiki og tómsundaiðju, rakarastofur, býtibúr án eldunartækja og sambærileg rými.
- .11 *Almenn rými* eru þeir hlutar vistarveranna sem notaðir eru sem salir, borðsalir, setustofur og önnur sambærileg rými sem eru umlukt á varanlegan hátt.
- .12 *Þjónusturými* eru þau rými sem notuð eru sem eldhús, býtibúr með eldunartækjum, skápar, klefar undir póst og verðmæti, geymslur, verkstæði sem ekki eru hlutar af vélarúmum og sambærileg rými, ásamt stokkum sem liggja að þannig rýmum.
- .13 *Farmrými* eru öll rými fyrir farm (þar með talda farmolíugeyma) og stokkar sem liggja að þannig rýmum.
- .14 *Ekjufarmrými* eru rými sem yfirleitt eru ekki hólfuð niður á neinn hátt og eru töluvert löng, ná jafnvel eftir endilöngu skipinu, þar sem vörur eru lestaðar eða losaðar, yfirleitt lárétt, (í umbúðum eða lausu, í eða á jámbrautavögnum eða bílum, ökutækjum (þar með töldum tankbílum og tankjárnbrautarvögnum), eftirvögnum, gámum, vörubrettum, tönkum sem hægt er að taka af eða í/á svipuðum geymslueiningum eða öðrum geymum).
- .15 *Opin ekjufarmrými* eru ekjufarmrými sem annaðhvort eru opin í báða enda eða opin í annan endann og þar er viðunandi náttúruleg loftræsting, sem nær til allrar lengdarinnar, í gegnum varanleg op á síðu skipsins eða þilfarinu fyrir ofan.
- .16 *Lokuð ekjufarmrými* eru ekjufarmrými sem eru hvorki opin ekjufarmrými né veðurþilför.
- .17 *Veðurþilfar* er þilfar sem er alveg berskjaldað fyrir veðri að ofan og frá að minnsta kosti tveimur hliðum.
- .18 *Sérstök rými* eru þau umlukuð rými fyrir ofan eða neðan skilrúmsþilfar, sem ætluð eru til flutninga á aflknúnum ökutækjum með eldsneyti á geymum sínum til eigin nota, sem slík ökutæki geta keyrt inn í og út úr og sem farþegar hafa aðgang að.
- .19.-1 *Vélarúm í flokki A* eru þau rými og stokkar, sem liggja að þeim rýmum, sem í eru:
- .1 sprengihreyflar til að knýja skipið; eða
 - .2 sprengihreyflar til annarra nota en að knýja skipið, þar sem heildarafl slíks vélbúnaðar er að minnsta kosti 375 kW; eða
 - .3 hvers konar olíukyntur ketill eða eldsneytisolíubúnaður.

- .19.-2 *Vélarúm* eru öll vélarúm í flokki A, svo og öll önnur rými þar sem er vélbúnaður til að knýja skipið, katlar, eldsneytisolíubúnaður, gufuvélar og sprengihreyflar, rafalar og aðalrafvélabúnaður, olíuáfyllisstöðvar, kælivélabúnaður, andveltibúnaður, loftræsti- og hitajöfnunarbúnaður og sambærileg rými og stokkar sem liggja að þannig rýmum.
- .20 *Eldsneytisolíubúnaður* er búnaður sem notaður er til undirbúnings á yfirfærslu eldsneytisolíu yfir í olíukynta katla, eða búnaður sem notaður er til undirbúnings á yfirfærslu hitaðrar olíu til sprengihreyfils og nær yfir hvers konar olíubrýstidælur, síur og hitara sem meðhöndla olíu við meiri þrýsting en 0,18 N/mm².
- .21 *Stjórnstöðvar* eru þau rými sem í er loftskeytabúnaður skipsins eða aðalsiglingataeki þess eða þar sem neyðaraflgjafinn er staðsettur eða þar sem brunaviðvörunarkerfið eða slökkvibúnaðurinn eru staðsett.
- .21.-1 *Aðalstjórnstöð* er stjórnstöð fyrir eftirtalinn stjórnubúnað og vísa:
- .1 fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi;
 - .2 sjálfvirkt ýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi;
 - .3 stjórnborð með vísu fyrir eldvarnarhurðir;
 - .4 lokun eldvarnarhurða;
 - .5 stjórnborð með vísu fyrir vatnspéttar hurðir;
 - .6 lokun vatnspéttra hurða;
 - .7 viftur til loftræstingar;
 - .8 almennt viðvörunarkerfi/eldviðvörunarkerfi;
 - .9 boðskiptakerfi, þar með talda síma; og
 - .10 hljóðnema fyrir kallkerfi.
- .21.-2 *Aðalstjórnstöð þar sem jafnan er einhver við* er aðalstjórnstöð þar sem jafnan er ábyrgur maður úr áhöfn skipsins:
- .22 *Klefar sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af* eru, að því er varðar reglu II-2/B/2, þeir klefar sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af (hvort heldur um er að ræða svefnklefa, almenn rými, skrifstofur eða aðrar vistarverur) þar sem:
- .1 öll húsgögn með hirslum, svo sem skrifborð, fataskápar, snyrtiborð, kommóður og þess háttar, eru smíðuð úr viðurkenndum eldtraustum efnum eingöngu, nema hvað á slitflötum þeirra má vera brennanlegur spónn allt að 2,0 mm;
 - .2 öll húsgögn, sem eru ekki fest niður, svo sem stólar, sófar og borð, eru smíðuð með römmum úr eldtraustum efnum;
 - .3 öll hengi, gluggatjöld og önnur textílefni, sem hengd eru upp, hafa a.m.k. sömu eldpólseiginleika og ullarefni í hlutföllunum 0,8 kg/m², í samræmi við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.471 (XII) og breytingar á henni sem samþykktar voru með ályktun A.563 (14).
 - .4 öll gólfefni hafa að minnsta kosti sömu eldpólseiginleika og samsvarandi ullarefni sem notað er í sama tilgangi;
 - .5 allir óvarðir fletir á þiljum, veggklæðningum og loftum hafa lágt útbreiðslumark; og
 - .6 öll bólstruð húsgögn hafa viðnám gegn íkvikun og útbreiðslu elds í samræmi við brunaprófunarferli fyrir bólstruð húsgögn sem kveðið er á um í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.652 (16).
- .23 *Ekjufarþegaskip* er farþegaskip með ekjufarmrými eða sérstakt rými, eins og það er skilgreint í þessari reglu.

3 Slökkvidælur, aðalbrunalagnir, brunahanar, brunaslöngur og stútar (R 4)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1.1 Í öllum skipum skulu vera slökkvidælur, aðalbrunalagnir, brunahanar, brunaslöngur og stútar í samræmi við kröfur þessarar reglu.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1.2 Þar sem þörf er á fleiri en einni sjálfstæðri slökkvidælu skal setja upp, á aðgengilegum og vel vörðum stað utan vélarúmsins, einangrunarloka til að aðgreina þann hluta aðalbrunalagna sem liggur innan vélarúmsins, þar sem aðalslökkvidæla eða -dælar eru, frá öðrum hlutum aðalbrunalagnarinnar. Aðalbrunalögn skal komið þannig fyrir að þegar einangrunarlokar eru lokaðir sé hægt að veita vatni með slökkvidælu utan vélarúmsins til allra brunahana í skipinu nema þeirra sem eru í vélarúminu og sem um getur hér að framan, um lagnir sem ekki liggja í gegnum það. Í undantekningatilvikum geta stuttir hlutar af inntaks- og frárennislöögnum neyðarslökkvidælu legið í gegnum vélarúmið, ef ómögulegt reynist að leggja þær framhjá því, að því tilskildu að traustleiki aðalbrunalagnarinnar sé tryggður með sterkri stálhlíf sem umlykur hana.

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B OG NÝ SKIP Í FLOKKI C OG D SEM ERU 24 METRAR AÐ LENGD EDA LENGRI:

- .2 *Afkastageta slökkvidæla*
- .1 Slökkvidæurnar, sem krafist er, skulu geta veitt til slökkvistarfs að minnsta kosti tveimur þriðju af því vatnsmagni sem krafist er að austurdælar afkasti þegar þær eru notaðar til austurs, með þeim þrýstingi sem um getur í lið .4.2.
- .2 Í hverju skipi, sem samkvæmt þessari reglu skal hafa fleiri en eina afldrifna slökkvidælu, skal sérhver slökkvidæla, sem krafist er, afkasta a.m.k. 80% af tilskildum heildarafköstum, deilt niður á lágmarksfjölda tilskilinna slökkvidæla, þó aldrei minna en 25 m³/h, og skal hver slík dæla í öllum tilvikum geta gefið frá sér að minnsta kosti vatnsbunurnar tvær sem krafist er. Þessar slökkvidælar skulu geta séð aðalbrunalagnakerfinu fyrir vatni við tilskilin skilyrði.
- .3 *Fyrirkomulag slökkvidæla, aðalbrunalagna og vatnsbirgða sem tilbúnar eru til notkunar*
- .1 Í skipum skulu vera aflknúnar slökkvidælar sem hér segir:
- .1 Í skipum sem taka fleiri en 500 farþega: að minnsta kosti þrjár, þar af má ein vera drifin af aðalvélinni.
- .2 Í skipum sem taka 500 eða færri farþega: að minnsta kosti tvær, þar af má ein vera drifin af aðalvélinni.
- .2 Heimilt er að nota hreinlætiskerfis-, kjölfestu- eða austurdælar eða dælar til almennra nota sem slökkvidælar, að því tilskildu að þær séu ekki að jafnaði notaðar til að dæla olíum og að þær hafi hentugan búnað til að skipta yfir ef þær eru notaðar öðru hvoru til að færa eða dæla eldsneytisolíu.
- .3 Sjólagnaverfi, slökkvidælar og aflgjafar þeirra skulu vera þannig að tryggt sé að ekki verði allar slökkvidælar óvirkar ef eldur kemur upp í einhverju hólfí skips sem flytur fleiri en 250 farþega.
- Ef eldur í einhverju hólfí getur gert allar slökkvidælar óvirkar skal, í nýjum skipum í B-flokki, sem taka 250 eða færri farþega, vera annar búnaður sem veitir vatni til slökkvistarfa, þ.e. sérstök aflknúin neyðarslökkvidæla og aflgjafi hennar og sjólagnaverfi vera staðsett utan vélarúms.
- .4 Í nýjum skipum í B-flokki sem taka fleiri en 250 farþega skal fyrirkomulag vatnsbirgða, sem tilbúnar eru til notkunar, vera þannig að a.m.k. ein skilvirk vatnsbuna sé þegar í stað tiltæk frá sérhverjum vatnshana innanskips og að áframhaldandi vatnsrennsli sé tryggt með sjálfvirkri gangsetningu tilskilinnar slökkvidælu.
- .5 Í skipum þar sem vélarúm eru ómönnuð tímabundið eða þar sem þess er einungis krafist að einn maður sé á vakt, skal tafarlaust vera hægt að veita vatni, með viðeigandi þrýstingi, frá aðalbrunalagnakerfi, annaðhvort með fjarstýrðri gangsetningu einnar af aðalslökkvidælunum frá stjórnpalli og brunavarnastöðinni, ef hún er fyrir hendi, eða með því að hafa stöðugan háþrýsting í aðalbrunalagnakerfinu á einni af aðalslökkvidælunum.

- .6 Á mótunarloka sérhverrar slökkvidælu skal vera einstefnuloki.
- .4 *Pvermál á aðalbrunalögn og þrýstingur í henni.*
- .1 Pvermál á aðalbrunalögninni og greinum hennar skal vera nægilegt til að veita vel því hámarksvatnsmagni sem krafist er að tvær slökkvidælar, sem starfa samtímis, anni.
- .2 Þegar tvær dælar dæla samtímis vatni um stútana sem tilgreindir eru í lið 8. og nægilega marga brunahana til að gefa vatnsmagnið, sem tilgreint er í lið 4.1., skal eftirfarandi lágmarksþrýstingur vera á öllum brunahönunum:
- | | | |
|---------------------------|-----------------------|-----------------------|
| Skip í B-flokki sem taka: | Ný | Gömul |
| fleiri en 500 farþega | 0,4 N/mm ² | 0,3 N/mm ² |
| 500 eða færri farþega | 0,3 N/mm ² | 0,2 N/mm ² |
- .3 Hámarksþrýstingur á hvern brunahana má ekki vera meiri en svo að augljóslega megi stýra brunaslöngu með góðu móti.
- .5 *Fjöldi og staðsetning brunahana*
- .1 Fjöldi og staðsetning brunahana skal vera þannig að minnst tvær vatnsbunur, sem ekki koma frá sama brunahana, þar af önnur úr einni brunaslöngulengd, nái til sérhvers hluta skipsins sem er að jafnaði aðgengilegur farþegum eða áhöfn á meðan skipið er á siglingu og sérhvers hluta farmrýma þegar þau eru tóm, sérhvers hluta ekjufarmrýmis eða sérstaks rýmis, en í síðastnefnda tilvikinu skulu bunurnar tvær ná til sérhvers hluta slíks rýmis, hvor um sig úr einni brunaslöngulengd. Enn fremur skulu slíkir brunahanar staðsettir nálægt inngangi vörðu rýmanna.
- .2 Í vistarverum, þjónusturýmum og vélarúmum skal fjöldi og staðsetning brunahana vera þannig að uppfylla megi kröfur liðar .5.1 þegar allar vatnspéttar dyr og dyr á þiljum lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða eru lokaðar.
- .3 Þar sem aðgangur að neðri hluta vélarúmsins er úr aðliggjandi öxulgangi skulu vera tveir brunahanar fyrir utan, en þó í námunda við inngang að því vélarúmi. Þegar slíkur aðgangur er frá öðrum rýmum skulu, í einu þeirra rýma, vera tveir brunahanar nálægt inngangi í vélarúmið. Þetta ákvæði þarf ekki að uppfylla ef göngin eða aðliggjandi rými eru ekki hluti af undankomuleið.
- .6 *Rör og brunahanar*
- .1 Efni sem auðveldlega verða ónothæf við hita skulu ekki notuð í aðalbrunalagnir og brunahana nema þau séu varin á fullnægjandi hátt. Rörin og brunahanana skal staðsetja þannig að auðvelt sé að tengja brunaslöngurnar við þá. Rörinum og brunahönunum skal komið þannig fyrir að ekki sé hætt á að frjósi í þeim. Í skipum sem geta verið með farm á þilfari skal staðsetja brunahanana þannig að þeir séu ávallt vel aðgengilegir og rörin skulu, eins og við verður komið, lögð þannig að komist verði hjá skemmdum af völdum farmsins.
- .2 Loki skal vera fyrir hverri brunaslöngu þannig að fjarlægja megi hvaða brunaslöngu sem er meðan slökkvidælurnar eru í gangi.
- .7 *Brunaslöngur*
- .1 Brunaslöngur skulu vera úr efni sem ekki er viðkvæmt fyrir skemmdum og samþykkt af stjórnvaldi fánarikisins og vera nægilega langar til þess að vatnsbuna úr þeim nái að öllum rýmum þar sem þær eru ætlaðar til notkunar. Sérhver brunaslanga skal búin stút og nauðsynlegum tengjum. Hægt á að vera að skipta á öllum stútum og tengjum innbyrðis. Slöngur sem tilgreindar eru í þessum kafla sem „brunaslöngur“ skulu, ásamt tilheyrandi tengihlutum og verkfærum, hafðar tilbúnar til notkunar á áberandi stöðum í námunda við brunahanana eða tengingarnar. Enn fremur skulu

brunaslöngur innanskips í skipum sem taka fleiri en 36 farþega ætíð vera tengdar við brunahanana.

- .2 Að minnsta kosti ein brunaslanga skal vera á hvern brunahana sem krafist er í lið .5. Lengd brunaslöngunnar skal takmarkast við 20 m á þilfari og í yfirbyggingu og 15 m í vélarúmi en í minni skipum við 15 m á þilfari og yfirbyggingu og 10 m í vélarúmi.

.8 Stútar

- .1.1 Að því er varðar þennan kafla skulu staðlaðar stúta stærðir vera 12 mm, 16 mm og 19 mm eða eins nærri því og kostur er. Í þeim tilvikum þegar önnur kerfi eru notuð, svo sem þokukerfi, má heimila annað þvermál á stútum.
- .1.2 Allir stútar skulu vera af viðurkenndri tvíhæfri gerð (þ.e. fyrir úða/bunu) og með lokunarþúnaði.
- .2 Fyrir vistarverur og þjónusturými þarf ekki að nota stærri stúta en 12 mm.
- .3 Fyrir vélarúm og svæði utandyra skal stærð stúta vera þannig að mesta mögulega vatnsmagn fáiast með tveimur bunum við þann þrýsting, sem tilgreindur er í lið 4., frá minnstu dælni að því tilskildu að ekki þurfi stærri stút en 19 mm.

NÝ SKIP Í FLOKKI C OG D SEM ERU STYTTRI EN 24 METRAR:

- .9 *Slökkvidætur, aðalbrunalagnir, brunahanar, brunaslöngur, stútar og auðveldur aðgangur að vatnsbirgðum*
 - .1 Hafa þarf sérstaka slökkvidælu og skal hún geta veitt að minnsta kosti einni vatnsbunu úr hverjum brunahana til að slökkva eld við þann þrýsting sem tilgreindur er hér á eftir. Vatnsmagn, sem veitt er þannig, skal ekki vera minna en tveir þriðju af því magni sem krafist er að austurdætur afkastis þegar þær eru notaðar til austurs. Slík slökkvidæla skal geta haldið uppi þeim lágmarksþrýstingi, sem krafist er fyrir skip í B-flokki, í hverjum brunahana á meðan hún dælir hámarks-magni því sem um getur hér að framan um brunahana með 12 mm, 16 mm eða 19 mm stútum.
 - .2 Í hverju skipi sem flytur fleiri en 250 farþega skal vera viðbótar-slökkvidæla sem er ætíð tengd við aðalbrunalögn. Sú dæla skal vera aflknúin. Dælan og aflgjafi hennar skulu ekki vera staðsett í sama hólfu og dælan sem krafist er í undirlíð 9.1. hér að framan og skal hún hafa fast sjóinntak sem staðsett er utan vélarúmsins. Dælan skal geta veitt að minnsta kosti einni vatnsbunu úr hverjum brunahana í skipinu, við þrýsting sem nemur að minnsta kosti 0,3 N/mm².
 - .3 Heimilt er að nota hreinlætiskerfis-, kjölfestu- eða austurdætur eða dætur til almennra nota, sem slökkvidætur.
 - .4 Í hverju skipi skal vera aðalbrunalögn með nægilegt þvermál til að geta veitt á skilvirkan hátt því hámarks-magni sem tilgreint er hér að framan. Fjöldi og staðsetning brunahananna skal vera þannig að a.m.k. ein vatnsbuna nái til sérhvers hluta skipsins úr einni brunaslöngu af hámarks-lengd eins og hún er tilgreind fyrir skip í B-flokki í lið 7.2. hér að framan.
 - .5 Í hverju skipi skal vera að minnsta kosti ein brunaslanga fyrir hvern uppsettan brunahana.
 - .6 Í skipum þar sem vélarúm eru ómönnuð tímabundið eða þar sem þess er einungis krafist að einn maður sé á vakt, skal tafarlaust vera hægt að veita vatni, með viðeigandi þrýstingi, frá aðalbrunalagnakerfi, annaðhvort með fjarstýrðri gangsetningu einnar af aðalslökkvidælunum frá stjórnþalli og brunavarnastöðinni, ef hún er fyrir hendi, eða með því að hafa stöðugan háþrýsting í aðalbrunalagnakerfinu á einni af aðalslökkvidælunum.
 - .7 Á mötunarloka sérhverrar slökkvidælu skal vera einstefnuloki

4 Föst slökkvikerfi (R 5 + 8 + 9 + 10)**NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:****.1 Föst slökkvikerfi: Almennt (R 5.1)**

- .1 Á rörunum, sem nauðsynleg eru til að koma slökkvimiðli inn í varin rými, skulu vera stýrilokar sem eru merktir þannig að þeir gefi skýrt til kynna til hvaða rýma rörin liggja. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til þess að miðillinn geti ekki farið inn í neitt rými fyrir slýsni.
- .2 Koma skal lögnum til dreifingar á slökkvimiðlinum þannig fyrir og staðsetja stútana sem hann kemur úr þannig að miðillinn dreifist jafnt.
- .3 Séð skal til þess að hægt sé að loka, utan vörðu rýmanna, öllum opum sem loft gæti streymt inn um eða lofttegundir sloppið út um.
- .4 Séð skal til þess að sjálfvirkt, heyrnlegt viðvörunarmerki sé gefið þegar slökkvimiðli er sleppt inn í rými þar sem starfsmenn eru jafnan að störfum eða sem þeir hafa aðgang að. Viðvörunarkerfið skal fara af stað með hæfilegum fyrirvara áður en miðlinum er sleppt.
- .5 Greiður aðgangur skal vera að stjórnækjum sérhvers fasts gasslökkvikerfis, þeim skal vera auðvelt að stjórna og þeim skipt niður á eins fáa staði og mögulegt er á stöðum sem ólíklegt er að lokist af ef upp kemur eldur í varða rýminu. Á hverjum stað skulu vera skýrar leiðbeiningar um stjórn kerfisins með tilliti til öryggis starfsmanna.
- .6 Sjálfvirk losun slökkvimiðilsins skal vera óheimil, nema þar sem hún er leyfð fyrir staðbundnar sjálfvirkar einingar, sem koma til viðbótar við og eru óháðar öllum föstum slökkvikerfum, sem gerð er krafa um, í vélarúmum yfir búnað sem mikil eldhætta stafar af eða á umluktum svæðum innan vélarúms þar sem mikil eldhætta er.
- .7 Ef slökkvimiðillinn á að verja fleiri en eitt rými þarf magnið, sem er til ráðstöfunar, ekki að vera meira en mesta nauðsynlega magn til að verja eitt slíkt rými.
- .8 Þar sem ekki er annað heimilað skulu þrýstihylki, sem slökkvimiðill skal geymdur í, vera staðsett utan vörðu rýmanna í samræmi við lið .1.11 hér á eftir.
- .9 Gerðar skulu ráðstafanir til þess að áhöfn eða starfsmenn í landi geti athugað magn slökkvimiðils í hylkjunum án áhættu.
- .10 Hylki til geymslu á slökkvimiðli og tilheyrandi hlutar þrýstibúnaðar skulu hönnuð með tilliti til ákveðinna starfsreglna með hliðsjón af staðsetningu þeirra og hámarks hitastigs umhverfisins sem búast má við þegar þau eru í notkun.
- .11 Þegar slökkvimiðill er geymdur utan varins rýmis skal hann geymdur í klefa sem staðsettur er á öruggum stað, sem greiður aðgangur er að, með góðri loftræstingu. Æskilegast er að allir inngangar að slíkri geymslu séu frá opnu þilfari og þeir skulu í öllu falli vera óháðir rýminu sem varið er.

Aðgangsdyr skulu opnast út og þil og þilför, sem á eru hurðir og annar lokunarbúnaður fyrir hvers konar op á þeim, sem afmarka slíka klefa frá aðliggjandi lokuðum rýmum, skulu vera loftþéttar. Við notkun taflnanna um þéttleika þilja og þilfara í reglum II-2/B/4 eða II- 2/B/5, eftir því sem við á, skal farið með slíkar geymslur líkt og stjórnstöðvar.

- .12 Notkun slökkvimiðils, sem getur af sjálfsdáðum eða við hugsanlega notkun myndað eiturgas í því magni að hættulegt er fólki eða myndað lofttegundir sem eru skaðlegar umhverfinu, er óheimil fyrir slökkvikerfi um borð í nýjum skipum og fyrir nýjan búnað, sem settur er upp í gömlum skipum

- .13 Á föstum gaskerfislögnum skulu vera stýrilokar sem eru merktir þannig að þeir gefi skýrt til kynna til hvaða rýma rörin liggja.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .14 Ef rúmmál frílofts í loftmóttökubúnaði er svo mikið í einhverju rými að ef eldur kæmi upp og því yrði sleppt inn í rýmið myndi losun þess hafa alvarleg áhrif á skilvirkni fasta slökkvikerfisins skal bæta við aukamagni af slökkvimiðli.
- .15 Birgjar fyrir fastan slökkvibúnað skulu láta í té lýsingu á búnaðinum ásamt gátlista fyrir viðhald, á ensku og á opinberu tungumáli eða —málum fánaríkisins.
- .16 Magn slökkvimiðilsins skal athugað að minnsta kosti einu sinni á ári, annað hvort af sérfræðingi í umboði stjórnvalda, birgi búnaðarins eða viðurkenndri stofnun.
- .17 Reglubundin athugun, sem yfirvélstjóri skipsins annast eða sem stjórnendur skipsins skipuleggja, skal skráð í skipsdagbók og skal þar koma fram umfang athugunarinnar og hvenær hún fór fram.
- .18 Slökkvibúnaður sem ekki er gerð krafa um og er t.d. settur upp í geymslum, skal, að því er varðar smíði og stærð, uppfylla kröfur þessarar reglu fyrir þá gerð búnaðar sem um ræðir.
- .19 Allar hurðir að rýmum sem varin eru með CO₂/halon-búnaði skulu merkt þannig: „Þetta rými er varið með CO₂/halon-búnaði og það skal rýmt þegar viðvörunarbúnaður fer í gang“.

.2 Koltvísýringskerfi (R 5.2)

- .1.1 Að því er varðar farmrými skal magn CO₂, sem fyrir hendi er, samsvara að lágmarki því rúmtaki af óbundnu CO₂ sem jafngildir 30% af brúttórúmtaki stærsta farmrýmisins sem er varið á þann hátt í skipinu, nema kveðið sé á um annað.

Ef tenging er á milli loftrása milli tveggja eða fleiri farmrýma skal litið á þau sem eitt rými. Í skipum sem notuð eru til flutnings á ökutækjum skal nauðsynlegt magn CO₂ reiknað sem 45% af heildarrúmmetraffjölda stærsta farmrýmisins.

- .1.2 Að því er varðar vélarúm skal magn CO₂, sem fyrir hendi er, samsvara að minnsta kosti því rúmtaki af óbundnum/óheftum CO₂ sem jafngildir því rúmtaki sem stærra er af eftirfarandi:

1 40% af brúttórúmtaki stærsta vélarúmsins sem varið er á þann hátt; í því rúmtaki er ekki innifalinn sá hluti reisarinnar sem er yfir þeirri hæð þar sem láréttur þversniðsflötur reisarinnar er 40% eða minna af láréttum þversniðsfleti rýmisins, sem um ræðir, mælt miðja vegu milli geymistoppans og neðsta hluta reisarinnar, eða;

.2 35% af brúttórúmmáli stærsta vélarúmsins, sem varið er á þann hátt, að meðtaldri reisininni;

með fyrirvara um að ef tvö eða fleiri vélarúm eru ekki algjörlega aðskilin skulu þau talin sem eitt rými.

- .2 Að því er varðar þennan lið skal umfang óbundins koltvísýrings vera 0,56 m³/kg.

- .3 Fasta lagnakerfið skal vera þannig að veita megi 85% af gasinu inn í rýmið á innan við tveimur mínútum.

- .4 Sleppibúnaður fyrir koltvísýring:

.1 Tvö aðskilin stjórnæki skulu vera til að losa koltvísýring inn í varið rými og til að tryggja að viðvörunarkerfið fari af stað. Annað stjórnækið skal vera til að veita gasinu frá geymslu-

hyllkjum þess. Hitt stjórnþækið skal notað til að opna loka lagnanna sem veita gasinu inn í varða rýmið.

2. Stjórnþækin tvö skulu staðsett í kassa sem greinilega skal merktur til losunar inn í ákveðið rými. Ef kassinn, sem stjórnþækin eru í, á að vera læstur skal lykkill að kassanum vera í lokuðu hólfi með gleri, sem hægt er að brjóta, á áberandi stað við hlið kassans.
 5. Stjórnvald fánaríkis skal tryggja að rýmunum, þar sem CO₂-hyllkin eru staðsett, sé komið fyrir á heppilegan hátt með tilliti til aðgengis að þeim, loftræstingar og boðskiptabúnaðar. Það skal gera viðeigandi öryggisráðstafanir að því er varðar smíði, uppsetningu, merkingu, áfyllingu og prófun CO₂-hyllkja, -röra og -tengihluta, og að því er varðar stjórnþæki og viðvörðunarbúnað fyrir slíkan búnað.
- .3 Föst slökkvikerfi með þungri froðu í vélarúmum (R 8)
1. Þar sem sett er upp í vélarúmi fast slökkvikerfi með þungri froðu, til viðbótar við það sem krafist er í 6. reglu, skal kerfið geta látið frá sér á innan við fimm mínútum, um froðustúta, nægilegt magn af froðu til að þekja stærsta einstaka svæðið, sem eldsneytisólía gæti dreifst yfir, með 150 mm þykku lagi af froðu. Kerfið skal geta losað froðu sem hentar til að slökkva olíueld. Hafa verður búnað til að dreifa froðunni á skilvirkan hátt í gegnum varanlegt lagnakerfi búið stýrilokum eða -krönum að viðeigandi froðustútum og til að beina henni á skilvirkan hátt, með föstum úðurum, að öðrum stöðum í varða rýminu þar sem eldhætta er. Þensluhlutfall froðunnar skal ekki vera hærra en 12 á móti 1.
 2. Greiður aðgangur skal vera að stjórnþækjum slíkra kerfa, þeim skal vera auðvelt að stjórna og þeim skipt niður á eins fáa staði og mögulegt er á stöðum sem ólíklegt er að lokist af ef upp kemur eldur í varða rýminu.
- .4 Föst slökkvikerfi í vélarúmum með léttri froðu (R 9)
1. Sérhverft fast slökkvikerfi með léttri froðu, sem krafist er í vélarúmum, skal geta dælt út um fasta froðustúta nægilegu magni af froðu til að fylla með stærsta rýmið, sem verja á, á hraðanum 1 m á dýpt á mínútu að lágmarki. Magn froðuvökvans, sem fyrir hendi er, skal nægja til að mynda froðu sem nemur fimm sinnum rúmtaki stærsta rýmisins sem verja á. Þensluhlutfall froðunnar skal ekki vera hærra en 1 000 á móti 1.
 2. Fæðistokkar fyrir froðu, loftinntök fyrir froðutæki og fjöldi froðublandara skulu tryggja árangursríka framleiðslu og dreifingu froðunnar.
 3. Fyrirkomulag fæðistokka til froðutækis skal vera þannig að ef upp kemur eldur í rýminu, sem varðið er, hafi það ekki áhrif á froðubúnaðinn.
 4. Greiður aðgangur skal vera að froðutækinu, aflagjafa hans, froðuvökvnum og stjórnþæki kerfisins, auðvelt skal vera að stjórna þeim og þeim skipt niður á eins fáa staði og mögulegt er, á stöðum sem ólíklegt er að lokist af ef upp kemur eldur í varða rýminu.
- .5 Föst vatnsýringarslökkvikerfi í vélarúmum (R 10)
1. Með öllum tilskildum föstum vatnsýringarslökkvikerfum í vélarúmum skulu fylgja úðastútar af viðurkenndri gerð.
 2. Fjöldi og fyrirkomulag stútanna skal vera þannig að tryggð sé skilvirk meðaldreifing vatns sem nemur a.m.k. 5 l/m² á mínútu í rýmunum sem verja á. Aukning meðalústreymis kemur til greina, ef nauðsyn ber til, á sérstaklega hættulegum stöðum. Stútum skal komið fyrir ofan við austur-

brunna, efsta hluta geyma og á öðrum svæðum þar sem líklegt er að olía dreifist og einnig ofan við staði í vélarúmum þar sem sérstök hættu er á eldi.

- .3 Kerfinu má skipta í hluta og skal vera hægt að stjórna dreifilokum þess frá stöðum utan rýmanna, sem verja á, sem greiður aðgangur er að og sem ólíklegt er að lokist af ef upp kemur eldur í varða rýminu.
- .4 Nauðsynlegum þrýstingi skal haldið stöðugum á kerfinu og dælan, sem sér kerfinu fyrir vatni, fara sjálfkrafa í gang ef þrýstingslækkun verður.
- .5 Dælan skal geta séð öllum hlutum kerfisins samtímis fyrir vatni með nauðsynlegum þrýstingi í hvaða hólfi sem er sem verja á. Dælan og stjórnþæki hennar skulu sett upp utan rýmisisins eða rýmanna sem verja á. Ekki á að vera mögulegt að eldur í rýminu eða rýmnum, sem varin eru með vatnsýringarkerfinu, geti lamað kerfið.
- .6 NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Dælan má vera drifin af sjálfstæðum sprengihreyfilsbúnaði en ef hún er háð afli frá neyðarrafalnum, sem settur er upp í samræmi við ákvæði D-hluta kafla II-1, skal rafalnum komið þannig fyrir að hann fari sjálfkrafa í gang ef aflskortur verður í aðalafstöð svo að afl fyrir dæluna, sem krafist er í undirlíð .5, sé tafarlaust fyrir hendi. Ef dælan er drifin af óháðum sprengihreyfilsbúnaði skal hann staðsettur þannig að eldur, sem upp kemur í varða rýminu, hafi ekki áhrif á loftinnblástur til vélarinnar.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .7 Varúðarráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir að stútar stíflist af óhreinindum í vatninu eða tæringu lagna, stúta, loka og dælu.

5 Slökkvitæki (R 6)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Öll slökkvitæki skulu vera af samþykktri gerð og hönnun.
- .2 Magnið í þeim vökva-handslökkvitækjum, sem krafist er, skal ekki vera meira en 13,5 lítrar og ekki minna en 9 lítrar. Önnur slökkvitæki skulu ekki vera ómeðfærilegri en 13,5 lítra vökva-slökkvitækið og skulu ekki hafa minni slökkviögetu en 9 lítra vökva-slökkvitæki.
- .3 Varahleðslur skulu vera um borð og skulu þær nema 50% af heildarmagni fyrir hverja gerð slökkvitækja um borð. Annað slökkvitæki af sömu gerð gildir sem varahleðsla fyrir slökkvitæki sem ekki er auðveldlega hægt að endurhlaða um borð.
- .4 Slökkvitæki, sem hlaðin eru slökkvimiðli sem getur sjálfkrafa eða við hugsanlega notkun myndað eiturgas í því magni að hættulegt er fólki, eða myndað lofttegundir sem eru skaðlegar umhverfinu, eru óheimil.
- .5 Slökkvitæki skulu henta til að slökkva þá elda sem líklegt er að gætu kviknað í námunda við slökkvitækið.
- .6 Staðsetja skal eitt handslökkvitækjanna, sem ætluð eru til nota í tilteknu rými, í námunda við inn-ganginn að því.

- .7 Lágmarksfjöldi slökkvitækja skal vera sem hér segir:
 - .1 í vistarverum og þjónusturýmum: slökkvitæki skulu staðsett þannig að slökkvitæki sé ekki í meira en 10 m göngufjarlægð frá neinum stað í rýminu;
 - .2 slökkvitæki, sem hentar til notkunar á háspennusvæðum, skal staðsett í námunda við sérhverja rafmagnstöflu eða undirtöflu sem er 20 kW eða meira;
 - .3 í eldhúsum skulu slökkvitæki staðsett þannig að slökkvitæki sé ekki í meira en 10 m göngufjarlægð frá neinum stað í rýminu;
 - .4 slökkvitæki skal vera í námunda við málningarskápa og geymslur undir mjög eldfim efni;
 - .5 að minnsta kosti eitt slökkvitæki skal staðsett á stjórnþalli og í hverri stjórnstöð.
- .8 Handslökkvitæki til notkunar í vistarverum eða þjónusturýmum skulu vera eins samræmd og við verður komið.
- .9 Að jafnaði skulu ekki vera handslökkvitæki með koltvísýringi í vistarverum. Þar sem slík slökkvitæki eru í loftskeytaklefa, við raftöflu og á öðrum sambærilegum stöðum, skal stærð sérhvers rýmis þar sem eru eitt eða fleiri slökkvitæki vera nægileg til að þjökkun gufu, sem getur átt sér stað við sprautun takmarkist við 5% eða minna af nettórúmtaki rýmisins að því er varðar þessa reglugerð. Koltvísýringsmagnið skal reiknað 0,56 m³/kg.
- .10 Reglubundin aðalskoðun slökkvitækja:

Stjórnvald fánaríkisins skal tryggja að handslökkvitæki séu skoðuð reglulega og virkni þeirra og þrýstingur prófaður.

6 Slökkvikerfi í vélarúmum (R 7)

Í vélarúmum í A-flokki skal vera:

Í NÝJUM SKIPUM Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU 24 METRAR AÐ LENGD EÐA LENGRI:

- .1 eitthvert eftirtalinna fastra slökkvikerfa:
 - .1 gaskerfi, í samræmi við ákvæði liða 1. og 2 í 4. reglu, eða jafngilt vatnskerfi, í stað halon-kerfa, í samræmi við ákvæði í dreifibréfi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, MSC/Circ. nr. 668, frá 30. desember 1994;
 - .2 slökkvikerfi fyrir léttu froðu, í samræmi við ákvæði liðar .4 í 4. reglu;
 - .3 vatnsýringarkerfi, í samræmi við ákvæði liðar 5. í 4. reglu.
- .2 að minnsta kosti eitt froðuhandslökkvitæki sem samanstendur af froðustúti af span-gerð sem hægt er að tengja við aðalbrunalögn með brunaslöngu, ásamt færanlegum geymi með a.m.k. 20 lítrum af froðuvökva og einum varageymi. Stúturinn skal geta gefið frá sér nothæfa froðu sem hentar til að slökkva olíueld, með hraða sem nemur a.m.k. 1,5 m³ á mínútu.
- .3 nægilega mörg samþykkt froðuslökkvitæki, sem hvert um sig rúmar minnst 45 lítra eða jafngildi þess, í hverju þessara rýma, til að unnt sé að beina froðu eða öðru sem er jafngildi hennar að öllum hlutum eldsneytis- og smurólíuþrýstikerfa, girum og öðrum stöðum þar sem hætta er á eldi. Auk þess skulu vera nægilega mörg froðuhandslökkvitæki eða jafngildi þeirra skulu staðsett þannig að slökkvitæki sé ekki í meira en 10 m göngufjarlægð frá neinum stað í rýminu og a.m.k. tvö slík slökkvitæki skulu vera í hverju þessara rýma.

Í NÝJUM SKIPUM Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU STYTTRI EN 24 METRAR OG GÖMLUM SKIPUM Í FLOKKI B:

- .4 eitt föstu slökkvikerfanna sem tilgreind eru í lið .1 hér að framan, auk eins froðuslökkvitækis sem rúmar minnst 45 lítra eða eins koltvísýringsslökkvitækis sem rúmar minnst 16 kg. í sérhverju rými sem í eru sprengihreyflar eða olúsetgeymar eða eldsneytisolíubúnaður.
- .5 eitt handslökkvitæki, sem hentar til að slökkva olíuelda, fyrir hver 736 kW, eða hluta af því í slíkum vélum, að því tilskildu að eigi færri en tvö né fleiri en sex slík slökkvitæki séu í þannig rými. Heimilt er að nota fast kerfi með þungri froðu í stað sumra af handslökkvitækjunum sex sem krafa er gerð um í þessari reglu.

Í NÝJUM SKIPUM Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMLUM SKIPUM Í FLOKKI B SEM TAKA FLEIRI EN 36 FARÐEGA:

- .6 Í hverju vélarúmi skulu vera tveir viðeigandi þokustútar, sem samanstanda af L-laga röri úr málm, þar sem lengri hlutinn er u.þ.b. tveir metrar að lengd og hægt að tengja við brunaslöngu en stutti endinn u.þ.b. 250 mm að lengd og tengdur við fastan þokustút eða hann má tengja við vatnsýringarstút.

Í NÝJUM SKIPUM Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMLUM SKIPUM Í FLOKKI B:

- .7 Þegar hituð olía er notuð til upphitunar er heimilt að krefjast þess að auki að í ketilrymum sé varanlega uppsettur eða færanlegur búnaður fyrir staðbundin kerfi til að sprauta vatni í bunum undir þrýstingi eða til að dreifa froðu ofan og neðan við gólf til að slökkva elda.

7 Sérstakt fyrirkomulag í vélarúmum (R 11)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Hágluggar, dyr, loftháfar, op á reykrörum til loftræstingar og önnur op að vélarúmum skulu vera eins fá og komist verður af með að teknu tilliti til loftræstingar og þess að skipið gangi rétt og öryggis sé gætt.
- .2 Hágluggar skulu vera úr stáli og ekki vera í þeim rúður úr gleri. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að hægt sé að hleypa reyk út úr rýminu, sem verja á, ef upp kemur eldur.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .3 Hurðum, öðrum en aflknúnum vatnspéttum hurðum, skal komið þannig fyrir að tryggt sé að hægt sé að loka þeim fullkomlega ef eldur kemur upp í rýminu, með aflknúnum lokunarbúnaði eða sjálflokandi hurðum sem geta lokast á móti allt að 3,5 gráðu halla og eru með búnaði til að halda hurðinni í opinni stöðu með krókum, þeirrar gerðar sem tekur við ef annar búnaður bilar, með fjarstýrðum losunarbúnaði.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .4 Gluggar skulu ekki vera á flötum sem afmarka vélarúm. Þetta útilokar þó ekki notkun glers í stjórnklefum sem eru inni í vélarúmunum.
- .5 Stjórnæki skulu vera fyrir hendi til þess að:

- .1 opna og loka hágluggum, loka opum á reykrörum sem að jafnaði gera kleift að loftræsta og loka brunaspjöldum í loftrásum;
 - .2 hægt sé að hleypa út reyk;
 - .3 loka aflknúnum hurðum eða setja í gang sleppibúnað á öðrum hurðum en aflknúnum, vatnspéttum hurðum;
 - .4 stöðva loftblásara; og
 - .5 stöðva allar loftræstiviftur, eldsneytisólufæridælur, sambyggðar eldsneytisóludælur (olíuverk) og aðrar svipaðar eldsneytisdælur.
- .6 Stjórn tækin, sem krafist er í lið .5 og reglu II-2/A/10.2.5, skulu staðsett utan rýmisins sem um ræðir, á stað sem ekki lokast af ef upp kemur eldur í rýmnum sem þau eru notuð fyrir. Slík stjórn tæki, og stjórn tæki fyrir hvers konar slökkvikerfi sem krafist er, skulu staðsett á einum stjórnstað eða skipt niður á eins fáa staði og mögulegt er. Öruggur aðgangur skal vera frá opnu þilfari að slíkum stöðum.
- .7 Ef aðgangur er að neðri hluta vélarúms í flokki A úr öxulgangi skal vera í honum, nálægt vatnspéttu hurðinni, léttbyggð eldhlífðarhurð úr stáli sem unnt er að opna og loka báðum megin frá.

8 Sjálfvirkt ýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörðunarkerfi (R 12)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Öll tilskilin sjálfvirk ýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörðunarkerfi skulu ávallt geta farið í gang tafarlaust og ekki skal þurfa neinar aðgerðir áhafnarinnar til að gangsetja þau. Rör skulu vera full af vatni en stuttir óvarðir hlutar þeirra mega vera vatnslausir ef slíkt er talið nauðsynleg varúðarráðstöfun. Sérhvern hluta kerfisins, sem getur frosið á meðan á siglingu stendur, skal verja fyrir frosti á viðeigandi hátt. Nauðsynlegum þrýstingi skal haldið stöðugum á kerfinu og það stöðugt vera tengt við nægan vatnsforða eins og krafist er í þessari reglu.
- .2 Sérhver ýringareining skal búin tæki sem sjálfvirkt gefur sýnilega og heyrnlega viðvörðun á einum eða fleiri viðvörðunastöðvum hvenær sem ýringarhaus tekur til starfa. Slíkar einingar skulu sýna í hvaða hluta, sem þjónað er af kerfinu, eldur hefur kviknað og skulu þær vera samtengdar í miðstöð á stjórnspalli. Auk þess skulu sýnileg og heyrnleg viðvörðunarkerfi frá einingunni gefin á stað, öðrum en á stjórnspalli, þannig að tryggt sé að áhöfnin fái tafarlaust boðun um að eldur hafi kviknað. Viðvörðunarkerfið skal vera þannig að það gefi til kynna ef einhver bilun verður í því.
- .3 Ýringarkerfi skal skipt niður í aðskilda hluta og skulu ekki vera fleiri en 200 ýringarhausar í hverjum hluta. Hver hluti ýringarhousa skal ekki þjóna fleiri en tveimur þilförum og ekki vera staðsettur á fleiri en einu lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði nema sýna megi fram á að fyrirkomulag þar sem hluti ýringarhousa þjónar fleiri en tveimur þilförum eða er staðsettur á fleiri en einu lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði muni ekki veikja brunavarnir skipsins.
- .4 Hægt skal vera að einangra sérhvern hluta ýringarkerfisins með aðeins einum stöðvunarloka. Stöðvunarloki sérhvers hluta skal vera vel aðgengilegur og staðsetning hans greinilega og varanlega merkt. Ráðstafanir skulu gerðar svo óviðkomandi aðili geti ekki breytt stöðu stöðvunarlokans.
- .5 Mæli, sem sýnir þrýstinginn á kerfinu, skal komið fyrir við stöðvunarloka sérhvers hluta og í miðstöð.
- .6 Ýringarhausar skulu vera tæringarþolnir í sjávarlofti. Í vistarverum og þjónusturýmum skal ýringarkerfið fara í gang við hita á bilinu 68 °C - 79 °C, nema ef um er að ræða staði eins og þurrkklefa þar sem búast má við háu hitastigi en þar er heimilt að hækka hitastigið, sem kerfið fer í gang við, um allt að 30 °C yfir hámarkshitastiginu við neðri brún þilfarsins fyrir ofan.

- 7 Við sérhverja viðvörunarstöð skal hanga uppi skrá eða teikning, sem sýnir þau rými, sem viðkomandi eining í ýringarkerfinu tekur til og í hvaða hluta kerfisins svæðið er staðsett. Hentugar leiðbeiningar um prófanir og viðhald skulu vera til staðar.
- 8 Staðsetja skal ýringarhousa við loft og þeim raðað þannig að þeir myndi hentugt mynstur til að viðhalda meðalústreymi, sem er a.m.k. 5 lítrar á fermetra á mínútu yfir svæðið.
- Staðsetja skal ýringarhousa eins fjarri loftbitum og öðru sem líklegt er að hindri vatnsstrauminn og hægt er og á þeim stöðum að úðað sé vel yfir brennanleg efni í rýminu.
- 9 Hafa skal þrýstigeymi, sem rúmar a.m.k. tvöfalt það vatnsmagn sem tilgreint er í þessum lið. Í geyminum skal vera stöðug hleðsla af ferskvatni, sem jafngildir því vatnsmagni, sem dælt er út á einni mínútu með dælunni sem tilgreind er í lið .12 og fyrirkomulagið skal vera þannig að unnt sé að viðhalda þeim loftþrýstingi í geyminum sem tryggir að þegar stöðuga ferskvatnshleðslan hefur verið notuð þá sé þrýstingurinn ekki undir vinnuþrýstingi ýringarkerfisins, að viðbættum þeim þrýstingi sem stafar frá vatnssúlunni sem mæld er frá botni geymisins að hæsta ýringarhaus í kerfinu. Hentugur búnaður skal hafður til að bæta við þrýstilofti og ferskvatni á geyminn. Haft skal sjóngler sem sýnir rétta vatns-hæð í geyminum.
- 10 Hafa skal búnað sem kemur í veg fyrir að sjór komist í geyminn. Á þrýstigeymi skal vera skilvirkur afblástursloki (öryggisloki) og þrýstingsmælir. Stöðvunarlokar eða kranar skulu vera á öllum tengingum mælisins.
- 11 Hafa skal sjálfstæða, aflknúna dælu sem eingöngu hefur það hlutverk að sjá sjálfvirk um að stöðugt útstreymi sé úr ýringarhausunum. Dælan skal fara sjálfvirk í gang við minnkun á þrýstingi í kerfinu áður en stöðugu ferskvatnshleðslunni á þrýstigeiminum hefur verið eytt.
- 12 Dælan og lagnakerfið skulu vera þannig að unnt sé að viðhalda nauðsynlegum þrýstingi í þeirri hæð þar sem hæsti ýringarhausinn er, til þess að tryggja stöðugt útstreymi vatns, sem er nægilega mikið til að þekja samtímis 280 m² lágmarkssvæði, miðað við þau afköst sem tilgreind eru í lið 8.
- 13 Hafa skal, við þrýstihlið dælnnar, prófunarloka með stuttu frárennslisröri sem er opið í annan endann. Innra þverskurðarflatarmál lokans og rörsins skal vera nægilegt til að útstreymi geti átt sér stað, með þeim afköstum dælnnar sem krafist er, um leið og þrýstingnum, sem tilgreindur er í lið 9., er viðhaldið í kerfinu.
- 14 Þar sem unnt er skal sjóinntak dælnnar vera í því rými þar sem dælan er og fyrir komið þannig að þegar skipið er á floti sé óþarfi að loka fyrir sjölögnina til dælnnar vegna annars en eftirlits eða viðgerðar á henni.
- 15 Dælan fyrir ýringarkerfið, ásamt geyminum, skal höfð á stað sem er hæfilega langt frá sérhverju vélarúmi í flokki A og skal ekki staðsett í neinu rými sem krafist er að sé varið með ýringarkerfinu.
- 16 Ekki færri en tveir aflgjafar skulu vera fyrir sjóðælurnar og sjálfvirka viðvörunar- og eldskynjunarkerfið. Ef dælan er rafknúin skal hún vera tengd við aðalrafkerfið og neyðarflgjafa. Einn aflgjafi dælnnar skal koma frá aðalraftöflu og einn frá neyðartöflu eftir aðskildum kvíslstrengjum sem eingöngu eru notaðir í þeim tilgangi. Ekki skal leggja kvíslstrengi í gegnum eldhús, vélarúm og önnur umlukin rými, þar sem mikil eldhætta er, nema það sé nauðsynlegt til að komast að viðkomandi raftöflu, og skulu þeir liggja að sjálfvirkum skiptirofa sem staðsettur er nálægt ýringardælunni. Þessi rofi hleypir afli frá aðalraftöflunni eins lengi og afl er fánlegt þaðan og er hannaður til að skipta sjálfvirk yfir á neyðartöfluna ef bilun verður. Rofar á aðalraftöflu og neyðarraftöflu skulu vera skýrt merktir og vera slökkt á þeim að jafnaði. Enginn annar rofi skal heimilaður á þessum strengjum. Einn aflgjafi viðvörunar- og eldskynjunarkerfisins skal vera neyðarflgjafi. Ef einn aflgjafi dælnnar er sprengihreyfill skal hann, auk þess að uppfylla ákvæði liðar .15, vera staðsettur þannig að eldur í einhverju vörðu rými hafi ekki áhrif á loftinnblástur til vélarinnar.

- .17 Ýringarkerfið skal hafa tengingu við aðalbrunalögn skipsins með læsanlegum einstefnuloka sem unnt er að loka handvirkt við tenginguna þannig að komið sé í veg fyrir bakstreymi frá ýringarkerfinu til aðalbrunalagnarinnar.
- .18 Hafa skal prófunarloka til að prófa sjálfvirka viðvörunarkerfið fyrir sérhvern hluta ýringarkerfisins með því að láta sambærilegt vatnsmagn og það sem notað er við starfsemi eins ýringarhauss renna út. Prófunarlokinn fyrir hvern hluta skal staðsettur nálægt stöðvunarlokunum fyrir þann hluta.
- .19 Hafa skal búnað til að prófa sjálfvirkni dællunar ef þrýstingur fellur í kerfinu.
- .20 Hafa skal rofa á einum af viðvörunarstöðvunum, sem tilgreindur er í lið .2, þannig að unnt sé að prófa viðvörunina og merkin fyrir sérhvern hluta ýringarkerfisins.
- .21 Hafa skal minnst sex ýringarhousa til vara fyrir sérhvern hluta ýringarkerfisins.

9 Fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi (R 13)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Almennt
 - .1 Sérhvert tilskilið, fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi með handboðum skal ávallt geta farið í gang tafarlaust.
 - .2 Eftirlit skal haft með því hvort aflgjafar og rafrásir, sem nauðsynleg eru fyrir starfrækslu kerfisins, verði straumlaus eða bilanir verði, eftir því sem við á. Við bilun skal koma fram sýnilegt og heyrnlegt bilunarmerki á stjórnborði sem skal vera ólíkt brunaviðvörunarmerkinu.
 - .3 Ekki skulu vera færri en tveir aflgjafar fyrir rafbúnaðinn sem notaður er við starfsemi eldviðvörunar- og eldskynjunarkerfisins og skal einn þeirra vera neyðarafgjafi. Aflið skal koma frá aðskildum kvíslstrengjum sem þjóna einungis þessum tilgangi. Þannig kvíslstrengir skulu liggja að sjálfvirkum skiptirofa í eða við stjórnborð eldskynjunarkerfisins.
 - .4 Skynjununum og handboðunum skal skipt niður í hluta. Ef einhver skynjaranna eða handboðanna fer í gang skal koma fram sýnilegt og heyrnlegt brunaviðvörunarmerki á stjórnborði og viðvörunarstöðvum. Hafi ekki verið brugðist við merkjunum innan 2 mínútna skal heyrnlegt viðvörunarmerki hljóma sjálfkrafa um allar vistarverur áhafnar, þjónusturými, stjórnstöðvar og vélarúm. Þetta hljóðmerkjakerfi þarf ekki að vera óaðskiljanlegur hluti eldskynjunarkerfisins.
 - .5 Stjórnborðið skal vera staðsett á stjórnþalli eða í aðalbrunavarnarstöð.
 - .6 Viðvörunarstöðvar skulu gefa til kynna, að minnsta kosti, í hvaða hluta skynjari eða handboði fór af stað. Að minnsta kosti ein stöð skal staðsett þannig að ábyrgir áhafnarmedlimir hafi ávallt greiðan aðgang að henni á meðan skipið er á hafi úti eða í höfn, nema þegar það hefur verið tekið úr umferð. Ein viðvörunarstöð skal staðsett á stjórnþalli ef stjórnborðið er staðsett í aðalbrunavarnarstöðinni.
 - .7 Skýrar upplýsingar um rýmin, sem varin eru og staðsetningu hvers hluta, skulu vera til sýnis í eða við sérhverja viðvörunarstöð.
 - .8 Ef eldskynjunarkerfi hefur ekki þann möguleika að hægt sé að bera kennsl á hvern skynjara fyrir sig með fjarstýringu skal að jafnaði ekki heimila að neinn hluti nái yfir fleiri en eitt þilfar innan vistarvera, þjónusturýma og stjórnstöðva nema um sé að ræða hluta sem stigagangur er hluti af. Til að forðast seinkun á því að staðurinn, þar sem eldurinn á sér upptök, finnist skal fjöldi umluktra rýma innan hvers hluta takmarkaður að ákvörðun stjórnvalds fánaríkisins. Aldrei skulu

fleiri en 50 lokuð rými leyfð innan eins hluta. Ef eldskynjunarkerfið byggir á eldskynjurum sem bera má kennsl á hvern fyrir sig með fjarstýringu, mega hlutarnir ná yfir nokkur þilförlög og þjóna hvaða fjölda lokaðra rýma sem er.

- .9 Ef ekki er eldskynjunarkerfi um borð, sem gerir kleift að bera kennsl á sérhvern skynjara með fjarstýringu, skal hluti skynjara hvorki þjóna rýmum í báðum hliðum skipsins né fleiri en einu þilfari né heldur skal hann staðsettur á fleiri en einu lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði nema stjórnvald fánaríkis heimili, ef það er sannfært um að slíkt veiki ekki brunavarnir skipsins, að þessi hluti skynjara þjóni skipinu báðum megin og fleiri en einu þilfari. Í skipum með eldskynjurum, sem bera má kennsl á hvern fyrir sig, má hluti þjóna rýmum báðum megin í skipinu og á nokkrum þilförlögum en má ekki vera staðsettur innan fleiri en eins lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis.
- .10 Hluti með eldskynjurum, sem nær yfir stjórnstöð, þjónusturými eða vistarverur, skal ekki taka til vélarúms.
- .11 Skynjarar skulu fara í gang við hita, reyk eða aðrar afleiðingar bruna, loga eða hvers konar samsetninga þessara þátta. Stjórnvald fánaríkis getur tekið til athugunar að nota aðra skynjara, sem fara í gang við aðra þætti sem gefa til kynna eld á byrjunarstigi, að því tilskildu að næmi þeirra sé ekki minna en þessara skynjara. Logaskynjarar skulu aðeins notaðir sem viðbót við reyk- eða hitaskynjara.
- .12 Viðeigandi leiðbeiningar og íhlutir til prófunar og viðhalds skulu vera fyrir hendi.
- .13 Virkni eldskynjunarkerfisins skal prófuð með reglubundnu millibili með hætti sem stjórnvald fánaríkisins telur fullnægjandi, með búnaði, sem gefur frá sér hæfilega heitt loft, eða reyk eða úðaagnir, sem eru nægilega þéttar eða stórar, eða öðru sem tengist eldi á byrjunarstigi, sem skynjarinn er hannaður til að sýna svörun við.

Allir skynjarar skulu vera af gerð sem gerir mögulegt að prófa hvort þeir starfi rétt og nota þá svo áfram, undir eðlilegu eftirliti án þess að neinir íhlutir séu endurnýjaðir.

- .14 Eldskynjunarkerfið skal ekki notað í neinum öðrum tilgangi, nema hvað heimila má lokun eldvarnarhurða og slíkra aðgerða frá stjórnborði.
- .15 Eldskynjunarkerfi með möguleika á að bera kennsl á staðsetningu svæðis skal komið þannig fyrir að:
 - lykkja geti ekki skemmst í eldi á fleiri en einum stað,
 - ráðstafanir séu gerðar til að tryggja að hvers kyns bilun (t.d. straumrof, skammhlaup, bilun í jarðtengingu) sem á sér stað í lykkjunni geri ekki alla lykkjuna óvirka,
 - gerðar séu allar ráðstafanir sem hægt er til að koma aftur á fyrri stillingu kerfisins ef bilun verður (rafræn, raftæknileg eða upplýsingatæknileg),
 - brunaviðvörðunarmerkið sem fyrst er gefið kemur ekki í veg fyrir að aðrir skynjarar gefi frá sér frekari brunaviðvörðunarmerki.

.2 Kröfur um uppsetningu:

- .1 Handboðar skulu vera víða í vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum. Einn handboði skal vera staðsettur við hvern útgang. Greiður aðgangur skal vera að handboðum á göngum hvers þilfars þannig að handboði sé ekki í meira en 20 m fjarlægð frá neinum stað á ganginum.
- .2 Reykskynjarar skulu settir upp í öllum stigum, göngum og undankomuleiðum í vistarverum.

- .3 Þar sem þörf er á föstu eldskynjunar- og eldviðvörðunarkerfi til að verja rými, önnur en þau sem tilgreind eru í lið 2.2. hér að framan, skal að minnsta kosti einn skynjari, sem uppfyllir kröfur liðar 1.11., settur upp í hverju slíku rými.
- .4 Skynjarar skulu staðsettir þannig að virkni þeirra sé sem best. Forðast skal að staðsetja þá nálægt loftbitum og loftrásum eða annars staðar þar sem loftstreymismynstur gæti haft neikvæð áhrif á virkni þeirra og á stöðum þar sem þeir geta orðið fyrir höggi eða skemmdum. Að jafnaði skulu skynjarar, sem staðsettir eru í loftinu, vera í að minnsta kosti 0,5 m fjarlægð frá þiljum.
- .5 Hámarksfjarlægð á milli skynjara skal vera í samræmi við töfluna hér á eftir.

Gerð skynjara	Hámarksgólfsvæði á skynjara	Hámarksfjarlægð á milli miðpunkta þeirra	Hámarksfjarlægð frá þiljum
Hiti	37 m ²	9 m	4,5 m
Reykur	74 m ²	11 m	5,5 m

Stjórnvald fánaríkis getur krafist eða heimilað aðra fjarlægð á grundvelli niðurstaðna úr prófunum sem sýna eiginleika skynjaranna.

- .6 Forðast skal að raflagnir, sem eru hluti af kerfinu, liggja í gegnum eldhús, vélarúm og önnur umlukt rými þar sem eldhætta er mikil, nema þar sem slíkt er nauðsynlegt fyrir eldskynjunar- eða brunaviðvörðunarkerfi í slíkum rýmum eða til að tengjast viðeigandi aflgjafa.

.3 Kröfur um hönnun

- .1 Kerfið og búnaðurinn skulu hönnuð til að standast breytingar og truflanir á afhendingarspennu, hitabreytingar umhverfisins, titring, raka, högg og slög og tæringu, sem algengt er að séu um borð í skipum.
- .2 Reykskynjarar, sem skulu settir upp í stigum, göngum og undankomuleiðum í vistarverum, eins og krafist er í lið 2.2, skulu vera vottaðir til að fara í gang áður en reykur verður þéttari en sem nemur 12,5% myrkvun á metra, en þó ekki fyrir þéttleiki reyksins fer yfir 2% myrkvun á metra.

Reykskynjarar, sem skal setja upp í öðrum rýmum, skulu fara í gang innan skynjunarmarka sem stjórnvald fánaríkisins hefur sett sig við, með tilliti til þess að forðast sé að reykskynjarinn sé ónæmur eða ofurnæmur.
- .3 Hitaskynjarar skulu vera vottaðir til að fara í gang áður en hitinn verður hærri en 78 °C en þó ekki fyrir en hitastigið fer yfir 54 °C þegar hitastigsaukningin er innan við 1 °C á mínútu. Ef hitastigsaukningin er hraðari skal hitaskynjarinn fara af stað innan hitamarka sem stjórnvald fánaríkisins setur með tilliti til þess að reykskynjarinn sé hvorki ónæmur né ofurnæmur.
- .4 Hækka má hitastigið, sem kerfið fer í gang við, um allt að 30 °C yfir hámarkshitastiginu við neðri brún þilfarsins fyrir ofan (deckhead) í þurrklefum og á sambærilegum stöðum þar sem hiti andrúmsloftsins er að jafnaði hár.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D:

- .4 Auk ofangreindra ákvæða skal stjórnvald fánaríkisins tryggja að uppfyllt séu öryggisákvæði um búnaðinn að því er varðar sjálfstæði hans frá öðrum uppsetningum eða kerfum, tæringarþol íhluta hans, raforkuafgjafa til stjórnkerfis hans og að leiðbeiningar um starfrækslu hans og viðhald séu fánlegar.

10 Fyrirkomulag varðandi eldsneytisolíu, smurolíu og aðrar eldfimar olíutegundir (R 15)*.1 Takmarkanir á notkun olíu sem eldsneytis***NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:**

Eftirtaldar takmarkanir skulu gilda um notkun olíu sem eldsneytis:

- .1 Ekki skal nota neina eldsneytisolíu með lægra blossomarki en 60 °C nema annað sé leyft í þessum lið.
- .2 Nota má eldsneytisolíu með ekki lægra blossomarki en 43 °C fyrir neyðarrafala.
- .3 Stjórnvaldi fánaríkisins er heimilt að leyfa almenna notkun eldsneytisolíu með lægra blossomarki en 60 °C, en eigi lægra en 43 °C að teknu tilliti til þeirra aukavarúðarráðstafana sem það telur nauðsynlegar og að því tilskildu að hitastig andrúmslofts í rýminu þar sem slík eldsneytisolía er geymd eða notuð, fari ekki upp fyrir 10 °C undir blossomarki eldsneytisolíunnar.

Blossamark olía skal ákvarða með viðurkenndri aðferð í lokuðum bolla (closed cup method).

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:*.2 Fyrirkomulag varðandi eldsneytisolíu*

Í skipum þar sem eldsneytisolía er notuð skal fyrirkomulag varðandi geymslu hennar, dreifingu og notkun vera þannig að öryggi skipsins og manna um borð sé tryggt og að minnsta kosti í samræmi við eftirtalin ákvæði:

- .1.1 Hlutar eldsneytisolíukerfisins, sem innihalda hitaða olíu við hærri þrýsting en 0,18 N/mm², skulu, eftir því sem hægt er, ekki vera staðsettir á stöðum þar sem gallar og leki sjást ekki auðveldlega. Vélarúm skulu vera vel upplýst þar sem slíkir hlutar eldsneytisolíukerfisins eru.
- .1.2 Með hitaðri olíu er átt við olíu við hitastig sem eftir upphitun er hærra en 60 °C, eða hærra en gildandi blossomark olíunnar ef það er lægra en 60 °C.
- .2 Loftræsting vélarúma skal vera nægilega góð til að koma í veg fyrir að olíugufa safnist upp við öll venjuleg skilyrði.
- .3 Eldsneytisolíugeymar skulu, að svo miklu leyti sem hægt er, vera hluti af smíði skipsins og staðsettir utan vélarúma. Ef eldsneytisolíugeymar, aðrir en geymar með tvöföldum botni, þurfa að liggja að eða innan vélarúma skal að minnsta kosti ein lóðréttra hliða þeirra vera við þil sem afmarkar vélarúmið og æskilegast er að þeir liggja upp við geyma með tvöföldum botni en liggja að vélarúmi að eins litlu leyti og unnt er. Ef slíkir geymar eru staðsettir innan vélarúms skal ekki vera í þeim eldsneytisolía með lægra blossomarki en 60 °C. Forðast skal notkun lausra eldsneytisolíugeyma og skal hún bönnuð í vélarúmum.
- .4 Enginn eldsneytisolíugeymir skal vera staðsettur þar sem rennsli eða leki úr honum getur valdið hættu ef eldsneytið drýpur á heita fleti. Gera skal varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að olía, sem lekur undir þrýstingi frá dælu, síu eða hitara, komist í snertingu við heita fleti.
- .5 Á sérhverju olíueldsneytisröri, sem olía gæti lekið úr ef það skemmdist, frá geymslutanki, setgeymi eða daggeymi sem staðsettur er fyrir ofan geyminn með tvöfalda botninum skal vera krani eða loki, alveg við tankinn, sem hægt er að loka frá öruggum stað utan rýmisins ef upp kemur

eldur í rýminu þar sem slíkir geymar eru staðsettir. Ef svo óvenjulega vill til að djúpir geymar séu staðsettir í öxulgangi, göngum fyrir röralagnir eða sambærilegu rými skal vera loki á geyminum en ef eldur kemur upp á að vera hægt að loka fyrir með aukaloka á rörinu eða rörunum utan ganganna eða sambærilega rýmisins. Ef slíkum aukaloka er komið fyrir í vélarúmi skal vera hægt að stýra honum frá stað utan rýmisins.

- .6 Hægt skal vera að staðfesta á öruggan og skilvirkan hátt, magn eldsneytisolíu í sérhverjum eldsneytisolíugeymi.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Dýpirlör mega ekki enda í neinu rými þar sem skapast getur hætta á íkvikun frá leka úr rörinu. Endar þeirra skulu alls ekki liggja í farþega- eða áhafnarrýmum. Almennu skulu endar dýpirlöra ekki liggja í vélarúmum. Stjórnvaldi fánaríkisins er þó heimilt að leyfa að dýpirlör endi í vélarúmum, þar sem annað er óframkvæmanlegt, að því tilskildu að uppfyllt séu eftirtalin skilyrði:
- .1.1 að til viðbótar sé til staðar mælitæki til að mæla magn olíunnar, sem er í samræmi við kröfur undirliðar 2.6.2.;
- .1.2 dýpirlör endi langt frá stöðum þar sem hætta er á íkveikju, nema varúðarráðstafanir séu gerðar, svo sem uppsetning göðra hlífa sem koma í veg fyrir að eldsneytisolían komist í snertingu við íkveikjuvald ef hún hellist niður úr enda röranna;
- .1.3 á endum dýpirlöra skal vera sjálflokandi lokunarbúnaður og sjálflokandi öryggiskrani með lítið þvermál, sem staðsettur er neðan við lokunarbúnaðinn, í þeim tilgangi að tryggja að engin eldsneytisólía sé fyrir hendi, áður en opnað er fyrir hann. Gera skal ráðstafanir til að tryggja að olíuelsneytisleki úr öryggiskrananum feli ekki í sér hættu á íkvikun.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .2 Leyfa má annan búnað til að mæla eldsneytisolíumagn í eldsneytis-olíugeymum ef ekki þarf að rjúfa geyminn fyrir neðan efsta hluta hans til að setja upp slíkan búnað, líkt og þann sem kveðið er á um í undirlið .2.6.1.1, og að því tilskildu að eldsneyti leki ekki út ef búnaðurinn bregst eða geymarnir yfirfyllast.
- .3 Búnaðinum, sem lýst er í undirlið .2.6.2, skal viðhaldið í góðu ástandi til að tryggja að hann starfi alltaf rétt við notkun.
- .7 Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir yfirþrýsting í olíugeymum og öllum hlutum eldsneytisolíukerfa, þar með töldum áfyllingarrörunum. Allir aflblásturslokar og loft- og yfirfallsrör skulu liggja að stað þar sem ekki er hætt á bruna eða sprengingu vegna útstreymis olíu og gufu.
- .8 Eldsneytisólífurör, lokar þeirra og tengihlutir skulu vera úr stáli eða öðru viðurkenndu efni, nema hvað leyfð er takmörkuð notkun sveigjanlegra röra. Slík sveigjanleg rör og festingar skulu vera úr viðurkenndum, eldtraustum, nægilega sterkum efnum.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .9 Allar háþrýstleiðslur fyrir eldsneyti utan dyra, milli háþrýstidæla fyrir eldsneyti og eldsneytis-spíssa, skulu varðar með klæddu lagnakerfi sem getur hindrað að eldsneyti leki við bilun háþrýstileiðslu. Klætt rör er ytra rör sem háþrýstieldsneytisrör er sett inn í og eru þau sambyggð. Á klædda lagnakerfinu skal vera búnaður til að safna saman því sem lekur niður og ráðstafanir gerðar til að viðvörunarkerfi fari í gang ef bilun verður í eldsneytisleiðslunni.

- .10 Allt yfirborð sem hefur hitastig yfir 220 °C, sem bilun í eldsneytiskerfinu gæti haft áhrif á, skal vera einangrað á viðeigandi hátt.
- .11 Hlífar skulu vera utan um eldsneytisólíuleiðslur eða þær varðar á annan viðeigandi hátt til að forðast, eins og unnt er, að olía úðist eða drjúpi á heitt yfirborð, inn í loftinntak vélbúnaðar eða aðra staði þar sem hætta er á íkviknun. Í slíku lagnakerfi skulu vera eins fá tengi og hægt er.
- .12 GÖMUL SKIP Í FLOKKI B skulu uppfylla kröfur liða .2.9. til 2.11. eigi síðar en 1. júlí 2003; þó má nota heppilegan umbúnað fyrir vélar með 375 kW úttaksafli eða minna, þar sem dætur til eldsneytisspíssa þjóna fleiri en einum spíss, í stað klædda lagnakerfisins í lið .2.9.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.3 *Fyrirkomulag varðandi smurolú*

Fyrirkomulag varðandi geymslu, dreifingu og notkun olíu sem notuð er fyrir smurolúþrýstikerfi skal vera þannig að öryggi skipsins og manna um borð sé tryggt og skal slíkt fyrirkomulag í vélarúmum að minnsta kosti uppfylla kröfur undirliða .2.1., .2.4, .2.5, .2.6, .2.7, .2.8, .2.10 og .2.11, nema hvað:

- .1 Þetta útilokar ekki að sett séu sjónglös á smurolúkerfin, að því tilskildu að prófun sýni fram á að þau séu nægilega eldtraust. Ef notuð eru sjónglös skulu vera á rörinu lokar í báðum endum. Lokinn í neðri enda rörsins skal vera sjálflokandi.
- .2 Dýpílörör má leyfa í vélarúmum; ekki þarf að fara eftir kröfum undirliða .2.6.1.1 og .2.6.1.3 með því skilyrði að á dýpílörörunum sé viðeigandi lokunarúnaður.

.4 *Fyrirkomulag varðandi aðrar eldfimar olútegundir*

Fyrirkomulag varðandi geymslu, dreifingu og notkun annarra eldfimra olútegunda, sem notaðar eru undir þrýstingi, fyrir aflfærslukerfi, stjórn- og gangsetningarkerfi og hitunarkerfi skulu vera þannig að öryggi skipsins og manna um borð sé tryggt. Á stöðum þar sem möguleiki er á íkviknun skal slíkt fyrirkomulag að minnsta kosti fullnægja kröfum undirliða .4, .2.6, .2.10 og .2.11 og ákvæðum undirliða .2.7 og .2.8 að því er varðar styrk og smíði.

.5 *Vélarúm sem eru ómönnuð tímabundið*

Auk krafna ákvæða 1. til 4., skulu eldsneytisólíu- og smurolúkerfin fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- .1 Þar sem daggeymar fyrir eldsneytisólíu eru fylltir sjálfvirkt eða með fjarstjórnun, skulu þeir vera útbúnir þannig, að þeir yfiryllist ekki. Sams konar ráðstafanir skal gera við annan þann búnað, sem meðhöndlar sjálfvirkt eldfima vökva, t.d. hreinsunarúnað fyrir eldsneytisólíu, sem staðsetja skal, hvenær sem því verður við komið, í sérstöku rými, sem ætlað er fyrir hreinsunarúnað svo og hitara þeirra.
- .2 Þar sem dag- eða setgeymar fyrir eldsneytisólíu eru með hitunarúnaði og hitinn getur farið yfir blossamark eldsneytisólíunnar, skal hafa viðvörunarúnað, sem gefur til kynna hátt hitastig.

.6 *Bann við flutningi á eldfimum olíum í stafnhylkjum*

Brennsluolía, smurolía og aðrar eldfimar olíur skulu ekki fluttar í stafnhylkjum.

11 Slökkvibúningur (R 17)**NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:**

- .1 Slökkvibúningur skal samanstanda af:
 - .1.1 Persónuhlífum sem samanstanda af:
 - .1 hlífðarfatnaði sem verndar húðina fyrir hita frá eldnum og fyrir bruna af völdum gufu. Ytra byrðið skal vera vatnsþétt;
 - .2 stígvélum og hönskum úr gúmmí eða öðru efni sem leiðir ekki rafmagn;
 - .3 hörðum hjálmi sem veitir góða vörn gegn höggi;
 - .4 öryggisljósi (handljósi) af viðurkenndri gerð sem lýsir í að minnsta kosti þrjár klukkustundir;
 - .5 slökkviliðsöxi.
 - .1.2 Öndunartæki af viðurkenndri gerð, sem samanstendur af sjálfstæðu öndunartæki með samþjöppuðu súrefni (SCBA), og skal loftmagnið í hylkjum þess vera að minnsta kosti 1200 lítrar, eða annað sjálfstætt öndunartæki sem getur starfað í að minnsta kosti 30 mínútur. Sérhvert SCBA-tæki skal hafa fullhlaðin varahlki með geymslurými sem nemur að minnsta kosti 2 400 lítrum af frílofti með eftirfarandi undantekningum:
 - i) ef fimm eða fleiri SCBA-tæki eru um borð í skipinu þarf heildargeymslurými frílofts ekki að vera meira en 9 600 lítrar; eða
 - ii) ef búnaður er um borð í skipinu til að endurhlaða lofthylkin með ómengdu lofti undir fullum þrýstingi skal varageymslurými fullhlöðnu varahlkjanna fyrir hvert SCBA-tæki vera að minnsta kosti 1 200 lítrar af frílofti og þess skal ekki krafist að samanlagt varageymslurými af frílofti um borð í skipinu sé meira en 4 800 lítrar af frílofti.
 Öll lofthylki fyrir SCBA-tæki skulu vera jafngild.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .2 Hverju öndunartæki skal fylgja nægilega löng og sterk, eldtraust líflína sem festa má með króki sem smellt er utan um ólar tækisins eða stakt belti til að koma í veg fyrir að öndunartækið losni þegar líflínan er notuð.
- .3 Í öllum nýjum skipum í flokki B, C og D sem eru 24 metrar að lengd eða meira og öllum gömlum skipum í flokki B skulu vera að minnsta kosti tveir slökkvibúningar.
 - .1 Í skipum sem eru 60 metrar að lengd eða meira skulu auk þess vera tveir slökkvibúningar og tvö sett af persónuhlífum fyrir hverja 80 metra, eða hluta af þeim, af slíkri heildarlengd, ef heildarlengd allra farþegaryma og þjónusturýma á þilfarinu, sem slík rými eru á, er meira en 80 metrar, eða, ef slík þilföer eru fleiri en eitt, þá á því þilfari þar sem þau ná mestri heildarlengd. Í skipum sem taka fleiri en 36 farþega, skulu vera tveir aukaslökkvibúningar fyrir hvert lóðrétt afmarkað aðalsvæði, nema stigaganga sem mynda sérstök lóðrétt afmörkuð aðalsvæði, og fyrir lóðrétt afmörkuð aðalsvæði af takmarkaðri lengd í fram- og afturenda skipsins þar sem ekki eru vistarverur heldur eingöngu ýmiss konar geymslur, stjórnstöðvar, rými í flokki (10), snyrtiklefar eða önnur rými þar sem ólíklegt er að eldur komi upp.
 - .2 Í skipum sem eru 40 metrar að lengd eða meira en styttri en 60 metrar skulu vera tveir slökkvibúningar.

Í skipum sem eru 24 metrar að lengd eða meira og styttri en 40 metrar skulu einnig vera tveir slökkvibúningar en aðeins ein varahleðsla af lofti fyrir sjálfstæða öndunartækið.

Í nýjum skipum í flokki B, C og D sem eru styttri en 24 metra löng skal vera einn slökkvibúningur og ein persónuhlíf fyrir slökkviman.

- .4 Slökkvibúningar eða sett af persónuhlífum fyrir slökkvimenn skulu geymd þar sem auðveldur aðgangur er að þeim og þau eru tilbúin til notkunar og, þar sem fleiri en einn slökkvibúningur eða eitt sett af persónuhlífum eru um borð, skulu þau geymd á stöðum sem langt er á milli. Að minnsta kosti einn slökkvibúningur og eitt sett af persónuhlífum skal vera til staðar á hverjum slíkum stað.

12 Ýmis ákvæði (R 18)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Þar sem skilrúm í A-flokki eru rofin vegna þess að rafstrengir, röralagnir, stokkar, loftrásir o.s.frv. eða burðarbitar eða aðrir bitar eða byggingarhlutar liggja í gegnum þau, skal gera ráðstafanir til að tryggja að brunamótstaða skilrúmana sé óskert að því marki sem telja má sanngjarnt og framkvæmanlegt.
- .2 Þar sem skilrúm í B-flokki eru rofin vegna þess að rafstrengir, röralagnir, stokkar, loftrásir o.s.frv. liggja í gegnum þau, eða vegna uppsetningar loftræstitengibúnaðar, ljósabúnaðar og sambærilegra tækja, skal gera ráðstafanir til að tryggja að brunamótstaða skilrúmana sé óskert, að því marki sem telja má sanngjarnt og framkvæmanlegt.
- .3 Rör, sem liggja í gegnum skilrúm í A- eða B-flokki skulu vera úr samþykktum efnum að teknu tilliti til þess hita sem krafist er að viðkomandi skilrúm standist.
- .4 Í vistarverum, þjónusturýmum eða stjórnstöðvum skal efnisval í og smíði röra, sem flytja olíur og aðra brennanlega vökva, miðað við brunahættuna.
- .5 Efni, sem auðveldlega verða ónothæf við hita, skulu ekki notuð í niðurföll, frárennsli hreinlætistækja og önnur frárennsli sem eru nálægt sjólinu og þar sem galli í efninu gæti aukið hættu á flæði ef eldur kemur upp.
- .6 Ef rafmagnsöfnar eru notaðir skulu þeir vera fastir og gerðir þannig að sem minnst eldhætta stafi af þeim. Ekki skal nota ofna með hitafleti sem eru það óvarðir að kviknað geti í fötum, gluggatjöldum og því um líku, eða þau geti sviðnað af hita frá hitafletinum.
- .7 Öll sorpílát skulu vera úr eldtraustum efnum; engin op skulu vera í hliðum þeirra eða botni.
- .8 Á þeim stöðum þangað sem olíur gætu borist skal yfirborð einangrunarinnar vera olíuhelt og þola olíugufur.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D: Á stöðum þar sem hætta er á olíuslettum eða olíugufum, svo sem í vélarúmum í A-flokki, skal yfirborð einangrunarinnar vera olíuhelt og þola olíugufur. Þar sem ysta lag er ógötuð stálplata eða önnur eldtraust efni (ekki ál) má það lag vera fest með lóðun eða hnoðun o.s.frv.

- .9 Skápar undir málningu og eldfima vökva skulu varðir með viðurkenndum brunavörnum, sem gera áhöfninni kleift að slökkva eld án þess að fara inn í rýmið.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .10 Djúpsteikingarpottar, suðu- og grilltæki:

Ef djúpsteikingarpottar, suðu- og grilltæki eru sett upp og notuð í rýmum utan aðaleldhúss skal stjórnvald fánarikisins setja viðbótaröryggisreglur varðandi þá sérstöku eldhættu sem fylgir notkun þess konar búnaðar.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D:

.11 Hitabrýr:

Þegar gerðar eru brunavarnaráðstafanir skal stjórnvald fánaríkisins gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir varmaleiðni um hitabrýr, svo sem milli þilfara og þilja.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.12 Háþrýstihylki fyrir gas:

Öll færanleg ílát undir gas, sem er samþjappað, fljótandi eða niðurbrotið undir þrýstingi, sem gætu verið eldsmatur ef eldur kæmi upp, skulu eftir notkun sett þegar í stað á viðeigandi stað fyrir ofan skilrúmsþilfarið þaðan sem er aðgangur beint út á opið þilfar.

13 Brunavarnaráætlanir og brunaæfingar (R 20)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Í öllum skipum skulu almennar yfirlitsteikningar ætíð vera uppsettar á áberandi stað, til leiðbeiningar fyrir yfirmenn skipsins, þar sem fram koma greinilega stjórnstöðvar á sérhverju þilfari, hinar ýmsu brunasamstæður sem umluktar eru með skilrúmunum í A-flokki, þær samstæður sem umluktar eru með skilrúmunum í B-flokki ásamt upplýsingum um eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi, ýringarkerfi, slökkvitæki, aðgönguleiðir að hinum ýmsu hólfum, þilföllum o.s.frv. og loftræstikerfi ásamt upplýsingum um stjórnstaði loftblásara, staðsetningu brunaspjalda og kenninúmer loftræstiviftanna sem þjóna hverri samstæðu. Einnig býðst sá valkostur að setja áðurgreindar upplýsingar fram í bæklingi og skal hverjum starfsmanni afhent eintak af honum auk þess sem eitt eintak skal ávallt vera til staðar um borð á aðgengilegum stað. Brunavarnaáætlanir og bæklingar skulu uppfærð og öllum breytingum bætt inn í eins fljótt og kostur er. Lýsingar á slíkum áætlunum eða í slíkum bæklingum skulu vera á opinberu tungumáli fánaríkisins. Ef það tungumál er hvorki enska né franska skal fylgja með þýðing yfir á annað þessara tungumála. Ef skipið er í innanlandssiglingum í öðru aðildarríki skal fylgja með þýðing yfir á opinbert tungumál þess gistiríkis, ef það er hvorki enska né franska.

Að auki skulu leiðbeiningar um viðhald og rekstur alls búnaðar og tækja um borð til að slökkva elda og halda þeim í skefjum, vera á einum stað sem greiður aðgangur er að.

- .2 Í öllum skipum skal brunavarnakort eða bæklingur með slíku korti vera varanlega geymdur í tvíriti á áberandi merktum veðurþéttum umluktum stað utan þilfarshúss til aðstoðar slökkviliði úr landi.

- .3 Brunaæfingar skulu haldnar í samræmi við ákvæði Solas-reglugerðarinnar III/18.

14 Slökkvitæki tilbúin til notkunar (R 21)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Slökkvitækjum skal haldið vel við og skulu þau ávallt vera tilbúin tafarlaust til notkunar.

B-HLUTI

ELDVARNIR

1 Smíðafyrirkomulag (R 23)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Bolur, yfirbygging, aðalþil, þilför og þilfarshús skulu vera smíðuð úr stáli eða öðru jafngildu efni. Þegar notuð er skilgreiningin stál eða annað jafngilt efni, eins og hún er sett fram í reglu II-2/A/2.7, skal „viðeigandi brunaprófun“ vera samkvæmt stöðlunum um traustleika og einangrun sem fram koma í töflunum í 4. og 5. reglu. Til dæmis skal „viðeigandi brunaprófun“ vera hálf klukkustund þegar skilrúmum, svo sem þilförum eða hliðum og endum þilfarshúsa, er skipað í flokk „B-O“ að því er varðar eldtraustleika.
- .2 Ef einhver hluti byggingarinnar er úr álblöndu gildir eftirfarandi:
 - .1 Einangrun á hlutum úr álblöndum í skilrúmum í A- eða B-flokki, nema á byggingarhlutum sem eru ekki álagsberandi, skal vera þannig að hitastig í kjarna byggingarhlutans hækki ekki meira en 200 °C yfir hitastig umhverfisins, meðan á viðeigandi brunaprófun stendur í staðlaðri brunaprófun.
 - .2 Sérstakan gaum skal gefa einangrun á álblönduhlutum í stoðum, stólpum og öðrum byggingarhlutum, sem nauðsynlegir eru til að bera uppi þá staði þar sem björgunarför eru geymd og sjósett og þá staði þaðan sem farið er um borð í björgunarför og skilrúmum í A- og B-flokki, til þess að tryggja:
 - .1 að fyrir þá byggingarhluta, sem bera uppi geymslustaði fyrir björgunarför og A-flokks skilrúm, skal takmörkunin á hitastigshækkuninni, sem tilgreind er í .2.1, gilda að lokinni einni klukkustund; og
 - .2 að fyrir þá byggingarhluta, sem krafist er að beri uppi skilrúm í B-flokki, skal takmörkunin á hitastigshækkuninni, sem tilgreind er í .2.1 gilda að lokinni hálfri klukkustund.
 - .3 Þök og reinsnir vélarúma skulu smíðuð úr stáli og vera nægilega einangruð og sérhverju opi á þeim, ef einhver eru, skal komið fyrir á viðeigandi hátt og þau varin til að hindra útbreiðslu elds.

2 Lóðrétt afmörkuð aðalsvæði og lárétt svæði (R 24)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1.1 Í skipum sem taka fleiri en 36 farþega, skulu bolur, yfirbygging og þilfarshús hólfuð niður í lóðrétt afmörkuð aðalsvæði með skilrúmum í A-60 flokki.

Prep og skot skulu vera sem fæst en þar sem þau eru nauðsynleg skulu þau einnig vera skilrúm í A-60 flokki.

Ef öðru megin við skilrúm er svæði á opnu þilfari, snyrtiklefi eða áþekkt rými eða geymir, þar með talinn brennsluóluþeymir, tómarými eða hjálparvélarúm þar sem lítil eða engin eldhætta er, er heimilt að færa staðalinn niður í A-O.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1.2 Í nýjum skipum í flokki B, C og D sem taka 36 eða færri farþega og í gömlum skipum í flokki B sem taka fleiri en 36 farþega, skulu bolur, yfirbygging og þilfarshús, sem gegna hlutverki vistarvera og

þjónusturýma, hólfuð niður í lóðrétt afmörkuð aðalsvæði með skilrúmunum í A-flokki. Einangrunargildi þessara skilrúma skulu vera í samræmi við töflurnar í 5. reglu.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .2 Pílin sem afmarka lóðrétt afmörkuðu aðalsvæðin ofan skilrúmsþilfars skulu vera í sömu línu og vatnspéttu niðurbólunarpílin sem staðsett eru næst fyrir neðan skilrúmsþilfarið, þar sem því verður við komið. Lengd og breidd lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða má auka allt upp í 48 metra í því skyni að láta enda lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða standast á við vatnspéttu niðurbólunarpílin eða í því skyni að koma fyrir stóru almennu rými sem nær eftir endilöngu lóðrétt afmarkaða aðalsvæðinu, að því tilskildu að lóðrétt afmarkaða aðalsvæðið sé ekki meira en 1 600 m² að heildarflatarmáli á neinu þilfari. Lengd eða breidd lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis er hámarksfjarlægð milli ystu punkta þiljanna sem afmarka það.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B SEM TAKA FLEIRI EN 36 FARÞEGA:

- .3 Slík þil skulu ná milli þilfara og að byrðingi eða öðrum mörkum.
- .4 Ef lóðrétt afmarkað aðalsvæði er hólfuð niður í lárétt svæði, með láréttum skilrúmunum í A-flokki, í því skyni að aðskilja á viðeigandi hátt svæði í skipinu þar sem er ýringarbúnaður og þar sem hann er ekki, skulu skilrúmin ná milli þilja samliggjandi lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða og að byrðingi eða ytri mörkum skipsins og vera einangruð í samræmi við eldeinangrunar- og eldraustleikagildi sem sett eru fram í töflu 4.2 að því er varðar ný skip sem taka fleiri en 36 farþega og í töflu 5.2 að því er varðar ný skip sem taka 36 eða færri farþega og gömul skip í flokki B sem taka fleiri en 36 farþega.
- .5
 - .1 Í skipum sem eru hönnuð til sérstakra nota, svo sem bíl- eða járnbrautavagnaferjum þar sem þil lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða væru í andstöðu við tilgang skipsins, skal ná fram jafngildri vernd með því að skipta rýminu í lárétt svæði.
 - .2 Þó verður hvert rými í skipi með sérstökum rýmum að uppfylla viðeigandi ákvæði reglu II-2/B/14 og brjóti þau í bága við aðrar kröfur í þessum hluta skulu kröfur reglu II-2/B/14 ráða.

3 Pílin innan lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis (R 25)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM TAKA FLEIRI EN 36 FARÞEGA:

- .1.1 Í nýjum skipum sem taka fleiri en 36 farþega skulu öll þil, sem ekki er krafist að séu skilrúm í A-flokki, vera að minnsta kosti í B- eða C-flokki eins og mælt er fyrir um í töflum í 4. reglu. Öll slík skilrúm mega vera klædd brennanlegum efnum í samræmi við ákvæði 11. reglu.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM TAKA 36 EÐA FÆRRI FARÞEGA OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B SEM TAKA FLEIRI EN 36 FARÞEGA:

- .1.2 Í nýjum skipum sem taka 36 eða færri farþega og gömlum skipum í flokki B sem taka fleiri en 36 farþega skulu öll skilrúm í vistarverum og þjónusturýmum, sem ekki er krafist að séu skilrúm í A-flokki, vera að minnsta kosti í B- eða C-flokki eins og mælt er fyrir um í töflum í 5. reglu

Öll slík skilrúm mega vera klædd brennanlegum efnum í samræmi við ákvæði 11. reglu.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .2 Í nýjum skipum í flokki B, C og D sem taka 36 eða færri farþega og gömlum skipum í flokki B sem taka fleiri en 36 farþega skulu öll gangabil, sem ekki er krafist að séu í A-flokki, vera skilrúm í B-flokki sem skulu ná milli þilfara nema:

- .1 ef samfelld loft og/eða veggklæðningar í B-flokki eru áföst þilinu beggja megin við það skal sá hluti þilsins sem er á bak við klæðninguna vera úr efni sem samþykkt er við smíði skilrúma í B-flokki að því er varðar þykkt og samsetningu en sem aðeins er krafist að uppfylli viðmiðanir um traustleika fyrir B-flokk að því marki sem telja má sanngjarnt og framkvæmanlegt.
- .2 Í skipi sem er varið með sjálfvirku ýringarkerfi, sem uppfyllir ákvæði reglu II-2/A/8, nægir að gangapíl úr efnunum í B-flokki nái að lofti á gangi, að því tilskildu að loftið sé úr efni sem samþykkt er við smíði skilrúma í B-flokki að því er varðar þykkt og samsetningu. Þrátt fyrir kröfur 4. og 5. reglu skal þess aðeins krafist að slík þil og loft uppfylli viðmiðanir um traustleika fyrir B-flokk að því marki sem telja má sanngjarnt og framkvæmanlegt. Allar hurðir og hurðakarmar á slíkum þiljum skulu vera úr eldtraustum efnunum og smíðuð og uppsett á þann hátt að veiti verulega eldvörn.
- .3 Öll þil, sem krafist er að séu skilrúm í B-flokki, nema gangapíl sem kveðið er á um í lið .2, skulu ná þilfara á milli og að byrðingi eða öðrum mörkum nema samfelldu loftin eða veggklæðningar í B-flokki, sem eru áfastar þiljunum beggja megin, séu að minnsta kosti jafn eldtraustar og þilið en í því tilviki nægir að þilið nái að samfellda loftinu eða veggklæðningunni.

4 Eldtraustleiki þilja og þilfara í nýjum skipum sem taka fleiri en 36 farþega (R 26)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Auk þess að uppfylla sérstök ákvæði er lúta að eldtraustleika þilja og þilfara, sem minnst er á annars staðar í þessum hluta, skal eldtraustleiki allra þilja og þilfara að lágmarki vera eins og kveðið er á um í töflum 4.1 og 4.2.
- .2 Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um notkun taflnanna:
 - .1 Tafla 4.1 skal gilda fyrir þil sem hvorki afmarka lóðrétt afmörkuð aðalsvæði né lárétt svæði.
Tafla 4.2 skal gilda fyrir þilför sem hvorki mynda þrep á lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði né afmarka lárétt svæði.
 - .2 Til að ákveða viðeigandi brunaviðmiðanir, sem gilda fyrir afmarkanir á milli samliggjandi rýma, eru þannig rými flokkuð eftir eldhættu þeirra eins og fram kemur í flokkum 1) – 14) hér á eftir. Þegar vafi leikur á um flokkun rýmis, að því er varðar þessa reglu, vegna innihalds þess og notkunar skal það falla undir þann flokk sem lýtur ströngustu kröfum um mörk. Heiti hvers flokks er ætlað að vera dæmigert fremur en takmarkandi. Númerið í sviganum fyrir framan hvern flokk vísar til viðeigandi dálks eða raðar í töflunum.
 - 1) Stjórnstöðvar:
 - rými, sem í eru neyðarafl- og neyðarljósgefar,
 - stýrishús og kortaklefi,
 - rými sem í er loftskiptabúnaður skipsins,
 - rými þar sem sjálfvirka slökkvibúnaðinum er stjórnað, rými þar sem slökkvistarfi er stjórnað og rými þar sem eldskynjunarbúnaðurinn er,
 - stjórnklefi aðalvélbúnaðarins, ef hann er staðsettur utan aðalvélarúmsins,
 - rými, sem í er stjórnstöð eldviðvörðunarbúnaðar,
 - rými, sem í er stjórnstöð og -búnaður kallkerfis.

- 2) Stigar:
 - stigar inni í skipinu, lyftur og rennistigar (aðrir en þeir, sem eru að öllu leyti innan vélarúmanna), fyrir farþega og áhöfn, og umlukt rými sem tengjast þeim,
 - í þessu sambandi skal líta á stiga, sem er umluktur aðeins á einni hæð, sem hluta þess rýmis, sem hann er ekki aðskilinn frá með eldvarnarhurð.
- 3) Gangar:
 - gangar fyrir farþega og áhöfn.
- 4) Rýmingarstöðvar og undankomuleiðir utan dyra:
 - svæði þar sem björgunarför eru geymd,
 - svæði á opnum þilförum og þilför með lokuðum skýlum sem mynda stöðvar þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka og þeir látnir síga niður,
 - söfnunarstöðvar, innandyra sem utan,
 - stigar utan dyra og svæði á opnum þilförum sem notuð eru sem undankomuleiðir,
 - skipshliðin að vatnslínu, miðað við léttasta hleðslutilvik á siglingu, yfirbygging og hliðar þilfarshúsa sem staðsett eru fyrir neðan eða liggja að svæðunum þar sem farið er um borð í björgunarfleka og neyðarrennu.
- 5) Svæði á opnum þilförum:
 - svæði á opnum þilförum og þilför með lokuðum skýlum þar sem ekki eru stöðvar þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka og þeir látnir síga niður,
 - Önnur opin svæði (svæði utan yfirbygginga og þilfarshúsa).
- 6) Vistarverur þar sem lítil eldhætta er:
 - klefar sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af,
 - skrifstofur og lyfjabúr sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af,
 - almenn rými sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af og sem ná yfir minna en 50 m² af flatarmáli þilfars.
- 7) Vistarverur þar sem nokkur eldhætta er:
 - rými eins og í flokki 6) hér að framan en sem í eru húsgögn og húsbúnaður þar sem eldhætta er ekki takmörkuð,
 - almenn rými sem í eru húsgögn og húsbúnaður sem takmörkuð eldhætta stafar af en sem ná yfir 50 m² af flatarmáli þilfars eða meira,
 - stakir skápar og litlar geymslur í vistarverum sem eru minni en 4 m² að flatarmáli (þar sem eldfimir vökvar eru ekki geymdir),
 - verslanir,
 - klefar þar sem sýndar eru kvikmyndir og filmur eru geymdar,
 - eldhús fyrir sérþæði (þar sem ekki er opin eldur),
 - skápar undir hreinlætisvörur (þar sem eldfimir vökvar eru ekki geymdir),
 - rannsóknarstofur (þar sem eldfimir vökvar eru ekki geymdir),
 - lyfjabúðir,
 - litlir þurrklefar (sem eru 4 m² að flatarmáli eða minni),
 - klefar undir verðmæti,
 - aðgerðarherbergi.

- 8) Vistarverur þar sem veruleg eldhætta er:
- almenn rými sem í eru húsgögn og húsbúnaður þar sem eldhætta er ekki takmörkuð en sem ná yfir 50 m² af flatarmáli þilfars eða meira,
 - rakara- og snyrtistofur.
- 9) Snyrtiklefar og áþekk rými:
- almenningssnyrtiaðstaða, sturtu-, bað- og vatnssalernisklefar o.s.frv.,
 - lítil þvottaherbergi,
 - innisundlaugar,
 - stök býtibúr í vistarverum þar sem ekki eru eldunartæki,
 - einkasnyrtiaðstaða skal flokkuð sem hluti af rýminu þar sem hún er staðsett.
- 10) Geymar, tómarými og hjálparvélarúm þar sem lítil eða engin eldhætta er:
- vatnsgeymar sem eru hluti af byggingu skipsins,
 - tómarými og þurrými,
 - hjálparvélarúm þar sem ekki eru vélar með smurolúþrýstikerfi og þar sem geymsla eldfimra efna er bönnuð, svo sem:
 - loftjöfnunar- og loftræstiklefar, klefi fyrir akkerisvindu, stýrisbúnaðarklefi, klefi fyrir andveltibúnað, rými fyrir rafknúningsvélar, klefar fyrir raftöflur og búnað sem gengur aðeins fyrir rafmagni, annan en olúfyllta rafspenna (yfir 10 kVA), öxulgangar og göng fyrir röralagnir, rými fyrir dælur og kælibúnað (þar sem ekki eru meðhöndlaðir eða notaðir eldfimir vökvar),
 - lokaðir stokkar sem liggja að rýmunum sem talin eru upp hér að framan,
 - aðrir lokaðir stokkar svo sem stokkar fyrir röralagnir og rafstrengi.
- 11) Hjálparvélarúm, farmrými, farmolíugeymar og aðrir olúgeymar og önnur áþekk rými þar sem nokkur eldhætta er:
- farmolíugeymar,
 - farmgeymslur, stokkar og lúgur,
 - kæliklefar,
 - eldsneytisolíugeymar (þar sem þeir eru í aðskildu rými án véla),
 - öxulgangar og göng fyrir röralagnir þar sem geymsla eldfimra efna er leyfð,
 - hjálparvélarúm eins og í flokki 10) þar sem eru vélar með smurolúþrýstikerfi og þar sem geymsla eldfimra efna er leyfð,
 - olúáfyllistöðvar,
 - rými þar sem eru olúfylltir rafspennar (yfir 10 kVA),
 - rými þar sem eru litlir sprengihreyflar með allt að 110 kW úttaksafli sem knýr rafala, ýringar-, úða- eða slökkvidælur, austurdælur o.s.frv.,
 - lokaðir stokkar sem liggja að rýmunum sem talin eru upp hér að framan,
- 12) Vélarúm og aðaleldhús:
- Aðalvélarúm (önnur en fyrir rafknúnar vélar) og ketilrými,
 - Hjálparvélarúm, önnur en í flokkum 10) og 11), sem í eru sprengihreyflar eða aðrar einingar til hitunar eða dælingar sem brenna olú,
 - Aðaleldhús og tilheyrandi rými,
 - Stokkar og reisinir sem liggja að rýmunum sem talin eru upp hér að framan.

13) Geymslur, verkstæði, býtibúr o.s.frv.,

- aðalbýtibúr sem liggja ekki að eldhúsunum,
- aðalþvottahús,
- stór þurrkerbergi (sem ná yfir meira en 4m² af flatarmáli þilfars),
- ýmsar geymslur,
- póstklefar og farangursrými,
- sorpgeymslur,
- verkstæði (sem ekki eru hluti vélarúma, eldhúsa o.s.frv.),
- skápar og geymslur sem ná yfir stærra svæði en 4 m², önnur en þau rými þar sem aðstaða er til að geyma eldfima vökva.

14) Önnur rými þar sem eldfimir vökvar eru geymdir:

- lampageymslur,
- málningargeymslur,
- geymslur þar sem eru eldfimir vökvar (svo sem litunarefni, lyf, o.s.frv.),
- rannsóknarstofur (þar sem geymdir eru eldfimir vökvar).

- .3 Ef gefið er upp eitt gildi fyrir eldtraustleika afmörkunar milli tveggja rýma skal það gildi eiga við í öllum tilvikum.
- .4 Ef aðeins er gefið upp þankastrík í töflunum eru engar sérkröfur gerðar um efni eða traustleika afmörkunar.
- .5 Stjórnvald fánaríkis skal ákveða, að því er varðar rými í flokki 5), hvort einangrunargildin í töflu 4.1 skuli gilda um enda þilfarshúsa og yfirbygginga og hvort einangrunargildin í töflu 4.2 skuli gilda um veðurþilför. Kröfur um flokk 5) í töflu 4.1 og 4.2 skulu aldrei leiða til þess að rými sé umlukt, sem að mati stjórnvalds fánaríkis þarf ekki að vera það.
- .3 Heimilt er að samþykka að samfelld loft og/eða veggklæðningar í B-flokki, ásamt viðeigandi þilförum eða þiljum sem þau tengjast séu meðvirkandi, að fullu eða að hluta til, í þeirri einangrun og þeim eldtraustleika skilríma, sem krafist er.
- .4 Þegar samþykkt eru atriði varðandi byggingartæknilegar brunavarnir skal stjórnvald fánaríkis taka tillit til áhættu vegna hitaleiðni við skurðpunkta og endapunkta tilskilinna varmaþröskulda.

Athugasemdir sem gilda um töflur 4.1 og 4.2

- a) Ef samliggjandi rými eru í sama töluflokki og tilvísunin ^(a) kemur fram í töflunni, þarf ekki að koma fyrir þili eða þilfari milli slíkra rýma ef stjórnvald fánaríkisins telur það ónauðsynlegt. Í flokki 12) þarf til dæmis ekki að vera þil milli eldhúss og tilheyrandi býtibúra ef býtibúrsþilið og -þilförin hafa sama eldtraustleika og krafist er fyrir eldhúsið. Þess er hins vegar krafist að þil sé á milli eldhúss og vélarúms jafnvel þótt bæði rými falli undir flokk 12).
- b) Skipshliðina að vatnslínu, miðað við léttasta hleðslutilvik á siglingu, yfirbyggingu og hliðar þilfarshúss sem eru fyrir neðan eða aðliggjandi björgunarflekum og neyðarrennum má færa niður í A-30.
- c) Á þeim stöðum þar sem almenningssalerni eru í stigagangi, má þil almenningssalernisins, innan stiga-gangsins, vera af eldtraustleika í B-flokki.

Tafla 4.1

Píl sem hvorki afmarka lóðrétt afmörkuð aðalsvæði né lárétt svæði

Rými	1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)	8)	9)	10)	11)	12)	13)	14)	
Stjórnstöðvar	1)	B-0 ^a	A-0	A-0	A-0	A-0	A-60	A-60	A-60	A-0	A-0	A-60	A-60	A-60	A-60
Stígar	2)		A-0 ^a	A-0	A-0	A-0	A-0	A-15	A-15	A-0 ^c	A-0	A-15	A-30	A-15	A-30
Gangar	3)			B-15	A-60	A-0	B-15	B-15	B-15	B-15	A-0	A-15	A-30	A-0	A-30
Rýmingarstöðvar og undankomuleiðir utan dyra	4)				A-0	A-60 ^b	A-60 ^b	A-60 ^b	A-0	A-0	A-60 ^b	A-60 ^b	A-60 ^b	A-60 ^b	A-60 ^b
Svæði á opnu þilfari	5)				-	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0
Vistarverur þar sem lítil eldhætta er	6)					B-0	B-0	B-0	C	A-0	A-0	A-30	A-0	A-30	
Vistarverur þar sem nokkur eldhætta er	7)						B-0	B-0	C	A-0	A-15	A-60	A-15	A-60	
Vistarverur þar sem veruleg eldhætta er	8)							B-0	C	A-0	A-30	A-60	A-15	A-60	
Snyrtiklefar og áþekk rými	9)								C	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	
Geymar, tómarými og hjálparvélarúm þar sem lítil eða engin eldhætta er	10)									A-0 ^a	A-0	A-0	A-0	A-0	
Hjálparvélarúm, farmrými, farmólugeymar og aðrir olfugeymar og önnur áþekk rými þar sem nokkur eldhætta er	11)										A-0 ^a	A-0	A-0	A-15	
Vélarúm og aðaleldhús	12)											A-0 ^a	A-0	A-60	
Geymslur, verkstæði, býtibúr, o.s.frv.	13)												A-0 ^a	A-0	
Önnur rými þar sem eldfimir vökvar eru geymdir	14)													A-30	

Tafla 4.2

Pílför sem ekki mynda þrep innan lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða né afmarka lárétt svæði

Rými	1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)	8)	9)	10)	11)	12)	13)	14)
Stjórnstöðvar	1)	A-30	A-30	A-15	A-0	A-0	A-0	A-15	A-30	A-0	A-0	A-60	A-0	A-60
Stígar	2)	A-0	A-0	-	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-30	A-0	A-30
Gangar	3)	A-15	A-0	A-0 ^a	A-60	A-0	A-0	A-15	A-15	A-0	A-0	A-30	A-0	A-30
Rýmingarstöðvar og undankomuleiðir utan dyra	4)	A-0	A-0	A-0	A-0	-	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0
Svæði á opnu þilfari	5)	A-0	A-0	A-0	A-0	-	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0
Vistarverur þar sem lítil eldhætta er	6)	A-60	A-15	A-0	A-60	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0
Vistarverur þar sem nokkur eldhætta er	7)	A-60	A-15	A-15	A-60	A-0	A-0	A-15	A-15	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0
Vistarverur þar sem veruleg eldhætta er	8)	A-60	A-15	A-15	A-60	A-0	A-15	A-15	A-30	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0
Snyrtiklefar og áþekk rými	9)	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0
Geymar, tómarými og hjálparvélarúm þar sem lítil eða engin eldhætta er	10)	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0 ^a	A-0	A-0	A-0
Hjálparvélarúm, farmrými, farmólugeymar og aðrir olfugeymar og önnur áþekk rými þar sem nokkur eldhætta er	11)	A-60	A-60	A-60	A-60	A-0	A-0	A-15	A-30	A-0	A-0	A-0 ^a	A-0	A-0
Vélarúm og aðaleldhús	12)	A-60	A-60	A-60	A-60	A-0	A-60	A-60	A-60	A-0	A-0	A-30	A-30 ^a	A-0
Geymslur, verkstæði, býtibúr, o.s.frv.	13)	A-60	A-30	A-15	A-60	A-0	A-15	A-30	A-30	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0
Önnur rými þar sem eldfimir vökvar eru geymdir	14)	A-60	A-60	A-60	A-60	A-0	A-30	A-60	A-60	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0

5 Eldtraustleiki þilja og þilfara í nýjum skipum sem taka 36 eða færri farþega og gömlum skipum í flokki B sem taka fleiri en 36 farþega (R 27)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM TAKA 36 EÐA FÆRRI FARÞEGA OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B SEM TAKA FLEIRI EN 36 FARÞEGA:

- .1 Auk þess að uppfylla sérstök ákvæði er lúta að eldtraustleika þilja og þilfara, sem minnst er á annars staðar í þessum hluta, skal eldtraustleiki allra þilja og þilfara vera að lágmarki eins og kveðið er á um í töflu 5.1 og 5.2.
- .2 Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um notkun taflnanna:
 - .1 Töflur 5.1 og 5.2 skulu hvor um sig gilda fyrir þil og þilför sem aðskilja samliggjandi rými.
 - .2 Til að ákveða viðeigandi brunaviðmiðanir, sem gilda fyrir afmarkanir á milli samliggjandi rýma, eru þannig rými flokkuð eftir eldhættu þeirra eins og fram kemur í flokkum 1) – 11) hér á eftir. Heiti hvers flokks á að vera dæmigert fremur en takmarkandi. Númerið í sviganum fyrir framan hvern flokk vísar til viðeigandi dálks eða raðar í töflunum.
 - 1) Stjórnstöðvar:
 - rými, sem í eru neyðarafli- og neyðarljósgejarar,
 - stýrishús og kortaklefi,
 - rými sem í er loftskeytabúnaður skipsins,
 - rými þar sem sjálfvirka slökkvibúnaðinum er stjórnað, rými þar sem slökkvistarfi er stjórnað og rými þar sem eldskynjunarbúnaðurinn er,
 - stjórnklefi aðalvélbúnaðarins ef hann er staðsettur utan aðalvélarúmsins,
 - rými sem í er stjórnstöð eldvíðvörunarbúnaðar.
 - 2) Gangar:
 - gangar fyrir farþega og áhöfn og forstofur.
 - 3) Vistarverur:
 - rými sem skilgreind eru í reglu II-2/A/2.10 að göngum undanskildum.
 - 4) Stigar:
 - stigar inni í skipinu, lyftur og rennistigar (aðrir en þeir sem eru að öllu leyti innan vélarúmana) og umlukt rými sem tengjast þeim.
 - í þessu sambandi skal líta á stiga, sem er umlukinn aðeins á einni hæð, sem hluta þess rýmis, sem hann er ekki aðskilinn frá með eldvarnarhurð.
 - 5) Þjónusturými (lítill eldhætta):
 - skápar og geymslur þar sem ekki er aðstaða til að geyma eldfima vökva og sem eru minni en 4 m² að flatarmáli, auk þurrkklefa og þvottaklefa.
 - 6) Vélarúm í flokki A:
 - rými sem skilgreind eru í reglu II-2/A/19-1.
 - 7) Önnur vélarúm:
 - rými sem skilgreind eru í reglu II-2/A/19-2 að undanskildum vélarúmum í flokki A.

Tafla 5.2

Eldtraustleiki þilfara sem aðskilja samliggjandi rými

Rými fyrir neðan → Rými fyrir ofan ↓	1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)	8)	9)	10)	11)
Stjórnstöðvar	1) A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-60	A-0	A-0	A-0	*	A-30
Gangar	2) A-0	*	*	A-0	*	A-60	A-0	A-0	A-0	*	A-0
Vistarverur	3) A-60	A-0	*	A-0	*	A-60	A-0	A-0	A-0	*	A-30 A-0 ^d
Stigar	4) A-0	A-0	A-0	*	A-0	A-60	A-0	A-0	A-0	*	A-0
Þjónusturými (lítil eldhætta)	5) A-15	A-0	A-0	A-0	*	A-60	A-0	A-0	A-0	*	A-0
Vélarúm í flokki A	6) A-60	A-60	A-60	A-60	A-60	*	A-60 ^f	A-30	A-60	*	A-60
Önnur vélarúm	7) A-15	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	*	A-0	A-0	*	A-0
Farmrými	8) A-60	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	A-0	*	A-0	*	A-0
Þjónusturými (mikil eldhætta)	9) A-60	A-30 A-0 ^d	A-30 A-0 ^d	A-30 A-0 ^d	A-0	A-60	A-0	A-0	A-0	*	A-30
Opin þilför	10) *	*	*	*	*	*	*	*	*	–	A-0
Sérstök rými	11) A-60	A-15	A-30 A-0 ^d	A-15	A-0	A-30	A-0	A-0	A-30	A-0	A-0

Athugasemdir sem gilda fyrir töflur 5.1 og 5.2 eftir því sem við á:

- Til skýringar á því hvort á við, sjá 3. og 7. reglu.
- Ef rými eru í sama töluflokki og tilvísunin ^b kemur fram í töflunni, þarf einungis að hafa þil eða þilfar af þeim eldtraustleika, sem krafist er í töflunum, ef rýmin, sem aðliggjandi eru, þjóna sitt hvorum tilgangi, t.d. í flokki 9). Á milli eldhúsa, sem liggja saman, þarf ekki að vera þil en á milli eldhúss og málningargeymslu, sem liggja saman, skal vera A-O þil.
- Þil sem skilja að stýrishúsið og kortaklefan mega vera af eldtraustleika B-O.
- Sjá liði 2.3. og 2.4. í þessari reglu.
- Að því er varðar reglu 2.1.2, skal lesa B-0 og C sem A-O, þar sem það kemur fyrir í töflu 5.1.
- Ekki þarf að koma fyrir brunaeinangrun, ef lítil eða engin eldhætta er í vélarúminu í flokki 7).
- Þar sem stjarna er í töflunum skal skilrímið vera úr stáli eða öðru jafngildu efni en þarf ekki að vera samkvæmt A-flokki.
Að því er varðar reglu 2.1.2 skal lesa stjörnu sem A-O þegar hún kemur fyrir í töflu 5.2, nema í flokkum 8) og 10).

6 Neyðarútgangar (R 28)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- Stigum og rimlastigum skal komið fyrir þannig að greiður neyðaraðgangur sé að þilfari þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka frá öllum rýmum fyrir farþega og áhöfn og þeim rýmum þar sem áhöfn er jafnan að störfum, öðrum en vélarúmum. Einkum skulu eftirfarandi ákvæði gilda:
 - Neðan skilrúmsþilfarsins skulu vera minnst tveir neyðarútgangar frá hverju vatnsþéttu hólfi eða áþekku lokuðu rými eða rýmum og í öðrum þeirra, að minnsta kosti, skulu ekki vera neinar vatnsþéttar hurðir. Í undantekningartilvikum má hafa aðeins einn neyðarútgang, enda sé fullt tillit tekið til eðlis og staðsetningar rýmanna og fjölda þeirra manna sem að jafnaði eru þar að störfum. Í slíku tilviki skal þessi eini neyðarútgangur vera örug leið.
 - Ofan skilrúmsþilfarsins skulu vera minnst tveir neyðarútgangar frá hverju lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði eða áþekku lokuðu rými eða rýmum og skal að minnsta kosti annar þeirra liggja að stiga sem er lóðréttur neyðarútgangur.

- .3 Ef engin bein leið er frá loftskeytastöð upp á opið þilfar, skulu vera tveir neyðarútgangar frá eða aðgang sleiðir að henni og má annar þeirra vera nægilega stórt kýrauga eða gluggi eða annað slíkt.
- .4 Í gömlum skipum í flokki B má gangur, eða hluti gangs, sem aðeins ein undankomuleið liggur frá, ekki vera lengri en fimm metrar að lengd. Í nýjum skipum í flokki A, B, C og D, sem eru 24 m að lengd eða lengri, er bannað að hafa gang, forstofu eða hluta gangs sem aðeins ein undankomuleið liggur frá.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM ERU 24 M AÐ LENGÐ EÐA LENGRI:

- .5 Að minnsta kosti einn neyðarútganganna sem kveðið er á um í liðum .1.1 og .1.2 skal vera stiga-gangur sem greiður aðgangur er að og sem skal veita samfellda vörn gegn eldi frá þeim stað sem hann liggur frá og að viðkomandi þilförum þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka, eða að efsta þilfari ef áður nefnt þilfar nær ekki að lóðrétt afmarkaða aðalsvæðinu sem um ræðir.

Í síðara tilvikinu skal vera beinn aðgangur um opna stiga og ganga utan dyra að þilfarinu þar sem farið er um borð í björgunarför og skulu þeir hafa neyðarlýsingu í samræmi við reglu III/5.3 og yfirborð þeirra ekki vera sleipt. Afmarkanir sem snúa að opnum stigum og göngum utan dyra, sem eru hluti undankomuleiðar, skulu varðar þannig að eldur í umluktu rými á bak við þær hindraði ekki undankomu til stöðvanna þar sem farið er um borð í björgunarför.

Breidd, fjöldi og samfelldni neyðarútganga skal vera sem hér segir:

- .1 Breidd stiga skal ekki vera minni en 900 mm. Handrið skal vera báðum megin við stigann. Lágmarksbreidd stigans skal aukin um 10 mm fyrir hvern mann umfram 90 manns sem hann þjónar. Hámarksbreidd milli handriða, þar sem stigar eru breiðari en 900 mm, skal vera 1 800 mm. Gert skal ráð fyrir að heildarfjöldi fólks, sem forðað er út um þessa stiga, sé tveir þriðju áhafnar og heildarfjöldi farþega á þeim svæðum sem stigarnir þjóna. Breidd stiganna skal að minnsta kosti uppfylla kröfur í viðmiðunum sem kveðið er á um í ályktun Alþjóðasiglinga-málastofnunarinnar A.757 (18).
- .2 Allir stigar sem eru ætlaðir fyrir fleiri en 90 manns skulu snúa fram eða aftur í skipinu.
- .3 Dyr, gangar og stigapallar sem eru hluti af undankomuleið skulu vera af sömu breidd og stigar.
- .4 Stigar skulu ekki vera hærri en 3,5 m án stigapalls og þeir skulu ekki halla meira en 45 gráður.
- .5 Stigapallar á hverri þilfarshæð skulu ekki vera minni en 2 m² að flatarmáli og skulu stækkaðir um 1 m² fyrir hverja 10 menn umfram 20 manns; þeir þurfa þó ekki að vera stærri en 16 m² nema stigapallar í almennum rýmum þaðan sem gengið er beint að stigaganginum.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .6 Aðgangur að svæðum þar sem farið er um borð í lífbát og björgunarfleka frá stigagöngunum skal varinn á viðunandi hátt.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .7 Auk neyðarlýsingarinnar, sem krafist er í reglum II-1/D/3 og III/5.3, skulu undankomuleiðir, þ.m.t. stigar og útgangar, vera merktir með ljósi eða sjálflýsandi listum til leiðbeiningar sem staðsettir eru eigi hærra en 0,3 m fyrir ofan þilfar á öllum hlutum undankomuleiðarinnar, þar með talið hornum og milliköflum. Af merkingunni verða farþegarnir að geta borið kennsl á allar undankomuleiðir og séð auðveldlega útganga frá þeim. Sé raflýsing notuð skal hún knúin með neyðarafgjafa og komið þannig fyrir að þótt eitt stakt ljós eða bútur af ljóslistanum virki ekki þjóni merkingin samt sem áður tilgangi sínum. Enn fremur skulu allar merkingar undan-

komuleiða, og um staðsetningu eldvarnarbúnaðar, vera úr sjálflýsandi efni eða merktar með ljósi. Stjórnvöld fánaríkisins skulu tryggja að lýsing eða sjálflýsandi búnaður af þessu tagi hafi verið metinn, prófaður og hann notaður í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem kveðið er á um á ályktun Alþjóðasiglingarmálastofnunarinnar A.752 (18).

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .2 .1 Í sérstökum rýmum skulu fjöldi og niðurskipan neyðarútganga, bæði ofan og neðan skilrúmsþilfars, vera í samræmi við kröfur stjórnvalds fánaríkisins og skal öryggi aðgangs að þilfari, þar sem farið er um borð í björgunarför, almennt vera að minnsta kosti jafngilt því sem kveðið er á um í liðum .1.1, 1.2., 1.5. og 1.6.
- .2 Forðast skal að ein undankomuleið úr vélarúmum, þar sem áhöfn er jafnan að störfum, liggja um beinan aðgang að sérstöku rými.
- .3 Hífanlegar skábrautir til aksturs upp og niður á bílgeymsluþilfar mega ekki geta hindrað viðurkenndar undankomuleiðir þegar þær eru í neðstu stöðu.
- .3.1 Tveir neyðarútgangar skulu vera úr hverju vélarúmi. Þeir skulu einkum uppfylla eftirtalin ákvæði:
 - .1 Ef rýmið er neðan skilrúmsþilfars skulu neyðarútgangarnir tveir vera annað hvort:
 - .1 tveir stálrimlastigar, staðsettir eins langt hvor frá öðrum og unnt er, sem liggja að hurðum sem er álíka langt á milli í efri hluta rýmisins en frá þeim skal vera hægt að komast út á viðkomandi þilför þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka. Í nýjum skipum skal annar þessara rimlastiga veita samfellda vörn gegn eldi frá neðri hluta rýmisins að öruggum stað utan þess; eða
 - .2 einn stálrimlastigi, sem liggur að dyrum, þaðan sem hægt er að komast út á þilfarið þar sem farið er um borð í björgunarför, auk þess sem í neðri hluta rýmisins skulu vera dyr með stálhurð, á stað sem er langt frá umræddum stiga, og unnt er að opna og loka beggja megin frá og þar sem hægt er að komast að öruggri undankomuleið úr neðri hluta rýmisins út á þilfar þar sem farið er um borð í björgunarför.
 - .2 Ef rýmið er ofan skilrúmsþilfars, skulu neyðarútgangarnir tveir vera staðsettir eins langt frá hvor öðrum og unnt er og dýrnar, sem liggja frá þeim, vera staðsettar þannig að hægt sé að komast út á viðkomandi þilför þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka. Ef rimlastiga er þörf í neyðarútgöngum skulu þeir vera úr stáli.

NÝ SKIP Í FLOKKI A, B, C og D:

- .3 Að minnsta kosti tveir neyðarútgangar skulu liggja frá rýmum þar sem eftirlit er haft með gangi véla og vinnurýmum og skal annar þeirra vera óháður vélarúmi og þaðan vera hægt að komast út á þilfar þar sem farið er um borð í björgunarför.
- .4 Bakhlið stiga í vélarúmum skal vera lokað.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .3.2 Í skipum sem eru styttri en 24 m löng er stjórnvaldi fánaríkis heimilt að leyfa að aðeins sé einn neyðarútgangur, enda sé fullt tillit tekið til breiddar og niðurskipunar efri hluta rýmisins; í skipum sem eru 24 m að lengd eða lengri er stjórnvaldi fánaríkis heimilt að leyfa að aðeins sé einn neyðarútgangur frá slíkum stöðum að því tilskildu að örugg undankomuleið sé um annaðhvort dyr eða stálrimlastiga að þilfarinu þar sem farið er um borð í björgunarför, enda sé fullt tillit tekið til eðlis og staðsetningar rýmisins og þess hvort menn séu jafnan að störfum þar.

- .3.3 Tveir neyðarútgangar skulu vera frá stjórnklefa vélbúnaðar sem staðsettur er í vélarúmi og skal að minnsta kosti annar þeirra veita samfellda vörn gegn eldi að öruggum stað utan vélarúmsins.
- .4 Lyftur teljast aldrei til tilskilinna neyðarútganga.

6-1 Undankomuleiðir á ekjufarþegaskipum (R 28-1)

- .1 KRÖFUR VARÐANDI NÝ EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B:
- .1.1 Þessi liður gildir um ný ekjufarþegaskip í flokki B, C og D og gömul ekjufarþegaskip í flokki B. Að því er varðar gömlu skipin skulu kröfur reglunnar taka gildi eigi síðar en þann dag sem fyrsta reglubundna aðalskoðun fer fram eftir þann dag sem um getur í 1. lið reglu II-2/B/16.
- .1.2 Handrið eða önnur handfesta, sem styðjast má við hvert fótmál leiðarinnar, skulu vera á öllum göngum eftir endilangri undankomuleiðinni og, ef unnt er, alveg að mótsstöðvum og stöðvum þar sem farið er um borð í björgunarför. Þessi handrið skulu vera beggja megin á göngum sem liggja eftir skipinu endilöngu sem eru meira en 1,8 m breiðir og á göngum sem liggja þvert á skipið sem eru meira en 1 m á breidd. Þess skal einkum gætt að unnt sé að fara þvert yfir forstofur, sali og önnur stór, opin rými sem undankomuleiðir liggja um. Handrið eða önnur handfesta skal vera nógu sterk til að standast dreift lárétt álag sem nemur 750 N/m og kemur á þau í átt að miðju gangsins eða rýmisins, og dreift lóðrétt álag sem nemur 750 N/m og kemur á þau niður á við. Ekki er nauðsynlegt að þau standist álag úr báðum áttum samtímis.
- .1.3 Húsgögn eða aðrir tálmar skulu ekki hindra för eftir undankomuleiðum. Að undanskildum borðum og stólum, sem flytja má til svo að opið rými myndist, skulu skápar og annar þungur húsbúnaður í almennum rýmum og við undankomuleið vera fest niður til að koma í veg fyrir að þau færist úr stað ef skipið veltur eða slagsíða kemur á það. Gólfefni skulu einnig fest vel niður. Á meðan skipið er á ferð skulu engar hindranir vera á undankomuleiðum, svo sem hreingerningagrindur, rúmfatnaður, farangur eða kassar með vörum.
- .1.4 Frá hverju rými skipsins, þar sem fólk er að öllum jafnaði, skulu vera undankomuleiðir að mótsstöð. Þessar undankomuleiðir skulu skipulagðar þannig að leið að stöðinni sé sem beinust og þær skulu merktar með táknum tengdum björgunarbúnaði og -skipulagi, sem samþykkt voru í ályktun Alþjóðasiglingarmálastofnunarinnar A.760 (18).
- .1.5 Þar sem umlukt rými liggja að opnu þilfari skal vera hægt að nota op á umlukta rýminu út á opna þilfarið sem neyðarútgang, þar sem því verður komið við.
- .1.6 Þilför skulu númeruð eftir röð, þar sem efsti hluti geymis eða neðsta þilfarið hefur númerið 1. Númerunum skal komið fyrir á áberandi stöðum við stigapalla og í forstofum þar sem lyftur eru. Einnig er heimilt að gefa þilförum nafn en númer þilfars skal ætíð sýnt við hlið nafnsins.
- .1.7 Einföld kort, sem sýna hvar viðkomandi er staddur og undankomuleiðir merktar með örvum, skulu vera á áberandi stað innan á hurð hvers klefa og í almennum rýmum. Kortið skal sýna undankomuáttir og snúa rétt miðað við staðsetningu þess í skipinu.
- .1.8 Lyklar skulu ekki vera nauðsynlegir til að opna hurðir klefa og einkaklefa innan frá. Ekki skulu vera hurðir, sem þarf að opna með lykllum, á neinni uppgefinni undankomuleið þegar haldið er í undankomuátt.
- .2 KRÖFUR VARÐANDI NÝ EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B, C OG D:
- .2.1 Hálfis metra breiður hluti neðst á þiljum og öðrum skilveggjum, sem mynda lóðrétt skilrúm meðfram undankomuleiðum, verður að geta staðist álag sem nemur 750 N/m til þess að hægt sé að nota hann sem gangveg á undankomuleiðinni ef skipið hallast mjög mikið.

- .2.2 Undankomuleið frá klefum til stigaganga skal vera eins bein og kostur er og beygjur eins fáar og hægt er. Ekki skal vera nauðsynlegt að fara þvert yfir skipið til að komast að undankomuleið. Ekki skal vera nauðsynlegt að fara upp eða niður um fleiri en tvö þilförf frá neinu farþegarými til að komast að mótsstöð eða opnu þilfari.
- .2.3 Utan dyra skulu vera leiðir frá opnu þilförunum, sem um getur í lið 2.2, að stöðvunum þar sem farið er um borð í björgunarför.
- .3 KRÖFUR VARÐANDI NÝ EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B, C OG D, SMÍÐUÐ 1. JÚLÍ 1999 EÐA SÍÐAR

Snemma á hönnunarferlinu skal fara fram mat með greiningu á undankomuleiðum í nýjum ekjufarþegaskipum í flokki B, C og D, smíðuðum 1. júlí 1999 eða síðar. Með greiningunni skal fundið út hvar mannþröng gæti myndast við rýmingu skips þegar farþegar og áhöfn fara eftir undankomuleiðum með eðlilegum hætti, að teknu tilliti til þess möguleika að áhöfn gæti þurft að fara í öfuga átt við farþegana eftir þessum leiðum, og reynt, eins og við verður komið, að koma í veg fyrir að slík mannþröng myndist. Auk þess skal greining sýna fram á að undankomuáætlun sé nægilega sveigjanleg til að taka tillit til möguleikans á að slys geti gert tilteknar undankomuleiðir, mótsstöðvar, stöðvar þar sem farið er um borð í björgunarför eða tiltekin björgunarför ónothæf.

7 Op á skilrúmunum í A- og B-flokki (R 30, 31)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Öll op á skilrúmunum í A-flokki skulu vera með áföstum lokunarbúnaði með sama eldtraustleika og skilrúmin sem hann er á.
- .2 Við smíði allra hurða og dyrakarma á skilrúmunum í A-flokki, sem og búnaðar til að læsa þeim þegar þær eru lokaðar, skal tryggja að þær haldi jafnt eldi sem reyk og logum, eins og við verður komið, á sama hátt og þilið sem hurðirnar eru á. Slíkar hurðir og dyrakarmar skulu gerð úr stáli eða öðru jafngildu efni. Ekki er þörf á að einangra vatnsþéttar hurðir.
- .3 Einn maður á að geta opnað og lokað öllum hurðum án aðstoðar, sama hvorum megin þilsins hann er.
- .4 Eldvarnarhurðir á þiljum á lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði og þiljum sem umlykja stiga, aðrar en aflknúnar, vatnsþéttar rennihurðir og hurðir sem jafnan eru læstar, skulu fullnægja eftirfarandi kröfum:
- .1 Hurðirnar skulu vera sjálflokandi og geta lokast á móti allt að 3,5 gráðu halla. Ef nauðsynlegt er skal hraðanum, sem hurðin lokast á, stjórnað til að koma í veg fyrir óþarfa hættu fyrir menn. Í nýjum skipum skal samræmdur hraði lokunar ekki vera meiri en 0,2 m/s og ekki minni en 0,1 m/s þegar skipið er á réttum kili.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .2 Fjarstýrðar rennihurðir eða aflknúnar hurðir skulu vera búnar viðvörunarbúnaði sem gefur frá sér hljóð að minnsta kosti 5 sekúndum og eigi meira en 10 sekúndum áður en hurðin byrjar að hreyfast og sem hljómar stöðugt þar til hurðin hefur lokast alveg. Hurðir, sem hannaðar eru til að opnast aftur ef þær mæta hindrun á leiðinni, skulu opnast aftur þannig að myndist að minnsta kosti 0,75 m breitt bil, sem greið leið er um, en ekki breiðara en 1 metri.
- .3 Allar hurðir nema eldvarnarhurðir, sem yfirleitt eru hafðar lokaðar, skal vera hægt að opna með fjarstýringu og sjálfvirkri frá aðalstjórnstöð sem er alltaf mönnuð, annað hvort allar samtímis eða nokkrar í senn, og einnig hverja fyrir sig báðum megin frá. Á eldvarnarstjórnborði í aðalstjórnstöðinni, sem alltaf er mönnuð, verður að sjást hvort einhver fjarstýrðu hurðanna er lokað.

Losunarbúnaðurinn skal vera þannig hannaður að hurðin lokist sjálfvirk ef samband rofnar við stjórnkerfi eða aðalafleggjafa. Hægt skal vera að kveikja og slökkva með rofum til að koma í veg fyrir að kerfið endurstilli sig sjálfkrafa. Notkun króka, sem ekki er hægt að losa um frá aðalstjórnstöðinni, er óheimil.

- 4 Staðbundnir rafgeymar fyrir aflknúnar hurðir skulu vera í námunda við hurðir svo að þær megi opna og loka að minnsta kosti tíu sinnum (opna eða loka að fullu) með notkun staðbundinna stjórnækja.
- 5 Á vængjahurðum sem eru með læsingu, sem nauðsynleg er fyrir eldtraustleika þeirra, skal læsingin virka sjálfkrafa þegar hurðum er lokað með kerfinu.
- 6 Aflknúnar, sjálflokandi hurðir, sem veita beinan aðgang að sérstökum rýmum, þurfa ekki að vera búnar viðvörunarbúnaðinum og fjarstýrða losunarbúnaðinum sem kveðið er á um í .4.2 og .4.3.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- 5 Kröfur um traustleika í A-flokki fyrir ytri afmarkanir skips skulu ekki gilda um skilveggi úr gleri, glugga og kýraugu, svo fremi að í 10. reglu séu engar kröfur um að slíkar afmarkanir hafi traustleika í A-flokki. Á svipaðan hátt skulu kröfur um traustleika í A-flokki ekki gilda um útihurðir á yfirbygg-
ingum og þilfarshúsum.
- 6 Á öllum hurðum í A-flokki, sem eru staðsettar í stigum, almennum rýmum og á þiljum á lóðrétt afmörkuðu aðalsvæði á undankomuleiðum, skal vera sjálflokandi op fyrir brunaslöngu, sem að því er varðar efni, smíði og eldtraustleika er jafngilt hurðinni, sem það er á, og skal það vera ferkantað, 150 mm² op þegar hurðin er lokað, og því komið fyrir í neðri brún hurðarinnar, þeim megin sem hurðalaminar eru ekki eða, ef um er að ræða rennihurðir, þeim megin sem þær opnast.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- 7 Á hurðum og dyrakörnum á skilrúmum í B-flokki og búnaði til að læsa þeim skal vera lokunarbúnaður sem er eldtraustur til jafns við skilrúmin nema hvað heimilt er að hafa loftræstiop á neðri hluta slíkra hurða. Þar sem þannig op eru í eða undir hurð skal heildarstærð sérhvers slíks ops eða opa ekki vera meira en 0,05 m². Þegar þannig op er skorið í hurð skal setja í það rist úr eldtraustu efni. Hurðir skulu vera eldtraustar.
- 7.1 Í því skyni að draga úr hávaða er stjórnvöldum heimilt að samþykkja, sem jafngildar, hurðir með innbyggðri loftræstingu með hljóðlokum með opum neðst öðru megin á hurðinni og efst hinum megin, að því tilskildu að eftirfarandi ákvæðum sé fullnægt:
 - 1 efra opið skal ætíð snúa að ganginum og í því vera rist úr eldtraustu efni og sjálfvirk brunaspjald, sem fer í gang við hitastig sem nemur u.þ.b. 70 °C;
 - 2 í neðra opinu skal vera rist úr eldtraustu efni;
 - 3 hurðirnar skulu prófaðar í samræmi við ályktun A.754 (18).

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- 8 Klefahurðir á skilrúmum í B-flokki skulu vera sjálflokandi. Notkun króka, til að halda þeim opnum, er óheimil.

8 Vörn stigaganga og lyfta í vistarverum og þjónusturýmum (R 29)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Allir stigar skulu byggðir upp með stálgrind, vera umluktir með skilrúmum í A-flokki og búnir lokunarbúnaði fyrir öll op nema:
 - .1 stigi sem liggur aðeins á milli tveggja þílfara þarf ekki að vera umlukinn að því tilskildu að eldtraustleika þílfarsins sé viðhaldið með viðeigandi þiljum eða hurðum í einu millipílfarsrými. Ef stigi er umlukinn á einu millipílfarsrými skulu þilin umhverfis hann vera varin í samræmi við töflurnar um þílför í 4. og 5. reglu;
 - .2 Koma má fyrir opnum stigum í almennu rými, að því tilskildu að þeir liggja að fullu innan rýmisins.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .2 Stigagangar skulu veita beinan aðgang að göngunum og vera nægilega stórir til að ekki myndist mannþröng, að teknu tilliti til þess fjölda manna sem líklegt er að myndu nota þá ef neyðarástand skapaðist.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D: Í þessum stigagöngum er einungis heimilt að hafa almenningssalerni, skápa úr eldtraustu efni fyrir öryggisbúnað og opna upplýsingabása.

Aðeins almenn rými, gangar, almenningssalerni, sérstök rými, aðrir stigar til undankomu, sem kveðið er á um í reglu 6.1.5, og svæði utan dyra mega vera með beinum aðgangi að þessum stigagöngum.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .3 Lyftustokkum skal vera þannig fyrir komið að þeir hindri að reykur og logar berist frá einu millipílfari til annars og í þeim skal vera lokunarbúnaður til að hægt sé að loka fyrir dragsúg og reyk.

9 Loftræstikerfi (R 32)

- .1 Skip sem taka fleiri en 36 farþega
 - .1 NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D: Auk þess að samræmast lið .1 í þessari reglugerð skal loftræstikerfið vera í samræmi við undirliði .2.2 til .2.6, .2.8 og .2.9 í þessari reglu.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .2 Almennt skal loftræstiviftum komið fyrir þannig að loftrásur, sem ná til ýmissa rýma, sé haldið innan lóðrétt afmarkaða aðalsvæðisins.
- .3 Ef loftræstikerfi liggja í gegnum þílför skal gera varúðarráðstafanir til viðbótar þeim sem tengjast eldtraustleika þílfarsins, sem kveðið er á um í reglu II-2/A/12.1, til að draga úr líkum á því að reykur og heitar lofttegundir berist frá einu millipílfarsrými til annars um kerfið. Auk ákvæðanna um einangrun, sem er að finna í þessari reglu, skulu lóðréttar loftrásir vera, ef nauðsyn ber til, einangraðar eins og kveðið er á um í viðeigandi töflum í 4. reglu.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

4. Loftrásir loftræsikerfa skulu smíðaðar úr eftirtöldum efnum:
 - .1 rásir sem eru 0,075 m² eða stærri að flatarmáli og allar lóðréttar rásir sem þjóna meira en einu millipílfarsrými skulu smíðaðar úr stáli eða öðru jafngildu efni.
 - .2 rásir sem eru minni en 0,075 m² að flatarmáli, aðrar en lóðréttu rásirnar sem um getur í undirlið 1.4.1. hér að framan, skulu smíðaðar úr eldtraustu efni. Ef slíkar rásir liggja í gegnum skilrúm í A- eða B-flokki skulu gerðar tilhlýðilegar ráðstafanir til þess að tryggja eldtraustleika skilrúmsins.
 - .3 Stuttar rásir, sem að jafnaði eru hvorki stærri en 0,02 m² að flatarmáli né meira en tveir metrar að lengd, þurfa ekki að vera eldtraustar ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
 - .1 rásin er úr efni sem lítil eldhætta stafar af að mati stjórnvalds fánarkisins;
 - .2 rásin er aðeins notuð við enda loftræstikerfisins, og
 - .3 rásin er ekki staðsett nær opi á skilrúmi í A- eða B-flokki, að meðtöldum samfelldum loftum í B-flokki, en sem nemur 600 mm, mælt á lengd rásarinnar.
5. Stigagangar skulu loftræstir með sérstakri viftu og loftrásakerfi sem ekki þjónar neinum öðrum rýmum í loftræstikerfinu.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .6 Allir aflknúnir loftblásarar, nema í vélarúmi og farmrými, og önnur kerfi, sem kann að vera kveðið á um í undirlið 9.2.6, skulu búnir stjórnækjum sem tengd eru þannig að stöðva megi allar viftur frá tveimur aðskildum stöðum sem skulu vera eins langt hvor frá öðrum og mögulegt er. Stjórnæki fyrir loftblásara í vélarúmum skulu einnig vera tengd þannig að þeim megi stjórna frá tveimur stöðum og skal annar þeirra vera utan þessara rýma. Hægt skal vera að stöðva viftur sem þjóna aflknúnum loftblásarakerfum sem liggja til farmrýma frá öruggum stað utan slíkra rýma.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .7 Þar sem almenn rými ná yfir þrjú eða fleiri opin þílför og innihalda brennanlega hluti svo sem húsgögn og umlukt rými, svo sem verslanir, skrifstofur og veitingastaði, skal vera reyklosunarkerfi í rýminu. Reyklosunarkerfið skal sett í gang af tilskildu reykskynjarakerfi og vera með handstýringu. Vifturnar skulu vera nægilega stórar til þess að hreinsa megi allt loft í rýminu á 10 mínútum eða skemmri tíma.
- .8 Á loftrásum loftræsikerfa skulu vera lúgur á viðeigandi stöðum fyrir eftirlit og þrif að því marki sem telja má sanngjarnt og framkvæmanlegt.
- .9 Loftrásir frá gufugleypum í eldhúsum, sem líklegt er að fita safnist fyrir í, skulu fullnægja kröfum undirliða 9.2.3.2.1 og 9.2.3.2.2 og vera búnar:
 - .1 fitugildru, sem auðvelt er að fjarlægja til hreinsunar, nema annað viðurkennt fituhreinsikerfi sé notað;
 - .2 brunaspjaldí, sem staðsett er á neðri enda loftrásarinnar, sjálfvirku og fjarstýrðu, auk fjarstýrðs brunaspjalds á efri enda loftrásarinnar;
 - .3 föstum búnaði til að slökkva eld í loftrásinni;
 - .4 fjarstýrðum stýribúnaði til að stöðva út- og innblástursviftur, til að stjórna brunaspjöldunum, sem minnst er á í lið .2 og til að stjórna slökkvikerfinu, sem skal vera staðsett nálægt inngangi í eldhús. Þar sem sett er upp fjölgreinakerfi skal vera hægt að loka öllum greinum sem blása út um sömu aðalloftrás áður en slökkvimiðill er settur inn í kerfið; og
 - .5 lúgum á viðeigandi stöðum fyrir eftirlit og þrif.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .2 Skip sem taka 36 eða færri farþega:
 - .1 Loftrásir loftræstikerfa skulu vera úr eldtraustu efni. Samt sem áður þurfa stuttar rásir, sem að jafnaði eru ekki lengri en tveir metrar og ekki yfir $0,02 \text{ m}^2$ að þverskurðarflatarmáli, ekki vera eldtraustar, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
 - .1 þessar rásir skulu vera úr efni, sem lítil eldhætta stafar af, að mati stjórnvalds fánaríkisins;
 - .2 aðeins má nota þær við enda loftræstikerfisins; og
 - .3 þær skulu ekki vera staðsettar nær opi í skilrúmi í A- eða B-flokki, að meðtöldum samfelldum loftum í B-flokki, en sem nemur 600 mm, mælt langs með rásinni.
 - .2 Þar sem loftrásir, sem eru yfir $0,02 \text{ m}^2$ að óhindruðu þverskurðarflatarmáli, liggja í gegnum þil eða þilföri í A-flokki, skal opið klætt að innan með stálklæðningu, nema loftrásirnar, sem liggja í gegnum þilin eða þilföri, séu úr stáli næst gegnumtakinu í þilinu eða þilfarinu og skulu loftrásirnar og stálklæðningin uppfylla eftirfarandi ákvæði á þessum hluta rásarinnar:
 - .1 Klæðningin skal vera a.m.k. 3 mm á þykkt og a.m.k. 900 mm að lengd. Þegar farið er gegnum þil skal þessari lengd skipt niður í 450 mm sitt hvoru megin við þilið. Þessar loftrásir, eða stálklæðningin á þessum loftrásum, skal búin eldeinangrun. Einangrunin skal vera að minnsta kosti jafn eldtraust og þilið eða þilfarið sem rásin liggur í gegnum.
 - .2 Loftrásir, sem eru stærri en $0,075 \text{ m}^2$ að óhindruðu þverskurðarflatarmáli, skulu búnar brunaspjöldum til viðbótar kröfunum í lið .9.2.2.1 hér að framan. Brunaspjaldið skal vera sjálfvirkt en einnig skal vera hægt að loka því handvirkt báðum megin við þilið eða þilfarið. Brunaspjaldið skal tengt álestrartæki sem sýnir hvort það er opið eða lokað. Þó er brunaspjaldla ekki krafist þar sem loftrásir liggja í gegnum rými sem eru afmörkuð með skilrúmum í A-flokki, án þess að þjóna þeim rýmum, að því tilskildu að þessar loftrásir séu jafn eldtraustar og þilin sem þær liggja í gegnum.
 - .3 Loftrásir til loftræstingar í vélarúmum, eldhúsum, bílaþilförum, farmrýmum í ekjufarþega-skipum eða sérstökum rýmum skulu ekki liggja gegnum vistarverur, þjónusturými eða stjórnstöðvar nema þær uppfylli þau skilyrði sem tilgreind eru í undirlitðum .9.2.3.1.1 til .9.2.3.1.4 eða .9.2.3.2.1 og .9.2.3.2.2 hér á eftir:
 - .1.1 loftrásirnar eru smíðaðar úr stáli sem er að minnsta kosti 3 mm á þykkt ef loftrásirnar eru 300 mm eða minni að breidd eða þvermáli, en 5 mm ef þær eru 760 mm eða stærri; ef breidd eða þvermál loftrása er milli 300 mm og 760 mm skal þykktin ákveðin með brúun;
 - .1.2 loftrásirnar eru hæfilega styrktar og afstífaðar;
 - .1.3 loftrásirnar eru búnar sjálfvirkum brunaspjöldum nálægt afmörkunum sem þær liggja í gegnum; og
 - .1.4 loftrásirnar eru einangraðar samkvæmt A-60 staðli frá vélarúmum, eldhúsum, bílaþilförum, farmrýmum í ekjufarþegaskipum eða sérstökum rýmum að því sem nemur að minnsta kosti fimm metrum frá hverju brunaspjaldi; eða
 - .2.1 loftrásirnar eru smíðaðar úr stáli í samræmi við liði .9.2.3.1.1 og .9.2.3.1.2; og

.2.2 loftrásirnar eru einangraðar samkvæmt A-60 staðli innan vistarvera, þjónusturýma eða stjórnstöðva;

nema hvað þær sem liggja í gegnum skilrúm í aðalsvæði skulu einnig uppfylla kröfur undirliðar .9.2.8.

- 4 Loftrásir til loftræstingar í vistarverum, þjónusturýmum eða stjórnstöðvum skulu ekki liggja gegnum vélarúm, eldhús, bílaþilför, farmrými í ekjufarþegaskipum eða sérstök rými nema þær uppfylli þau skilyrði sem tilgreind eru í undirliðum .9.2.4.11 til .9.2.4.1.3 eða .9.2.4.2.1 og .9.2.4.2.2 hér á eftir:

.1.1 þar sem loftrásir liggja gegnum vélarúm, eldhús, bílaþilför, farmrými í ekjufarþegaskipum, eða sérstök rými eru þær smíðaðar úr stáli í samræmi við undirliði 9.2.3.1.1 og .9.2.3.1.2;

.1.2 sjálfvirkum brunaspjöldum er komið fyrir nálægt afmörkununum sem rásirnar liggja í gegnum; og

.1.3 traustleika er gætt þar sem rásir liggja gegnum afmarkanir vélarúms, eldhúss, bílaþilfara, farmrýmis í ekjufarþegaskipum eða sérstaks rýmis;

eða

.2.1 þar sem loftrásir liggja gegnum vélarúm, eldhús, bílaþilför, farmrými í ekjufarþegaskipum, eða sérstök rými eru þær smíðaðar úr stáli í samræmi við undirliði .9.2.3.1.1 og .9.2.3.1.2; og

.2.2 loftrásirnar eru einangraðar samkvæmt A-60 staðli innan vélarúms, eldhúss, bílaþilfars, farmrýmis í ekjufarþegaskipum eða sérstaks rýmis;

nema hvað þær sem liggja í gegnum skilrúm í aðalsvæði skulu einnig uppfylla kröfur undirliðar 9.2.8.

- .5 Loftrásir sem eru stærri en 0,02 m² að óhindruðu þverskurðarflatarmáli og sem ganga í gegnum þil í B-flokki, skulu vera klæddar með 900 mm langri stálklæðningu sem helst er skipt niður í 450 mm hvoru megin við þilið nema loftrás af þessari lengd sé úr stáli.
- .6 Gera skal allar ráðstafanir, sem við verður komið, til þess að tryggja loftræstingu, skyggni og reykleysi í stjórnstöðvum utan vélarúmana, þótt eldur komi upp, svo unnt sé að stjórna vélunum og tækjunum, sem þar eru, og láta búnaðinn starfa áfram á virkan hátt. Annað óháð loftinnblásturskerfi skal vera til staðar. Loftinntök þessara tveggja kerfa skulu vera staðsett þannig að sem minnst hætta sé á að þau dragi bæði inn reyk samtímis. Slík ákvæði þurfa ekki að gilda fyrir stjórnstöðvar sem staðsettar eru á og opnast út á opin þilför eða þar sem lokunarbúnaður á staðnum kemur að sömu notum.
- .7 Þar sem loftrásir frá gufugleypum í eldhúsum liggja í gegnum vistarverur eða rými sem hafa að geyma eldfim efni, skulu þær vera smíðaðar úr skilrúmum í A-flokki. Á hverri loftrás skal vera:
- .1 fitugildra, sem auðvelt er að fjarlægja til hreinsunar;
 - .2 brunaspjald, sem staðsett er á neðri enda loftrásarinnar;
 - .3 búnaður sem unnt er að stjórna úr eldhúsinu, til að stöðva útblásturinn; og
 - .4 fastur búnaður til að slökkva eld í loftrásinni.

- .8 Þar sem nauðsynlegt er að loftrás loftræstikerfis liggja gegnum skilrúm lóðrétt afmarkaðs aðalsvæðis skal sjálflokandi brunaspjaldi með varabúnaði, sem tekur við ef aðalöryggisbúnaður bilar, komið fyrir samliggjandi skilrúminu. Einnig skal vera hægt að loka spjaldinu handvirkt báðum megin skilrúmsins. Greiður aðgangur skal vera að stjórnstaðnum, sem skal vera merktur með rauðu endurskinsmerki. Loftrásin milli skilrúmsins og brunaspjaldsins skal vera úr stáli eða öðru jafngildu efni og, ef nauðsynlegt er, einangruð í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/12.1. Brunaspjaldinu skal komið fyrir að minnsta kosti öðru megin við skilrúmið með sýnilegu álestrartæki sem sýnir hvort spjaldið er opið.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .9 Unnt skal vera að loka aðalinntökum og -útrásum allra loftræstikerfa utan rýmanna sem þau loftræsta.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .10 Unnt skal vera að stöðva loftblásara fyrir vistarverur, þjónusturými, farmrými, stjórnstöðvar og vélarúm frá aðgengilegum stað utan rýmisins sem þeir þjóna. Aðgangur að þeim stað má ekki lokast auðveldlega þó að eldur komi upp í rýmunum sem verið er að loftræsta. Búnaðurinn til að stöðva loftblásara vélarúmana skal vera algerlega óháður þeim búnaði sem er til að stöðva loftræstingu annarra rýma.

10 Gluggar og kýraugu (R 33)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .1 Allir gluggar og kýraugu á þiljum í vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum, öðrum en þeim sem ákvæði reglu 7.5 gilda um, skulu smíðaðir þannig að þeir uppfylli kröfur um traustleika sem gerðar eru til þiljanna sem þeir eru á.
- .2 Þrátt fyrir kröfur í töflum í 4. og 5. reglu skulu allir gluggar og kýraugu á þiljum vistarvera, þjónusturýma og stjórnstöðva, sem eru áveðurs, vera í ramma úr stáli eða öðru viðeigandi efni. Glerinu skal haldið á sínum stað með málmlista eða horni.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D SEM TAKA FLEIRI EN 36 FARÞEGA:

- .3 Gluggar, sem snúa að björgunarbúnaði, svæðum þar sem farið er um borð og samsöfnunarsvæðum, útistigum og opnum þilförum, sem notuð eru sem undankomuleiðir, og gluggar sem staðsettir eru fyrir neðan svæði þar sem farið er um borð í björgunarfleka og neyðarrennur skulu hafa þann eldtraustleika sem krafist er í töflum 4. reglu. Þar sem eru sjálfvirkir ýringarhausar fyrir glugga, má viðurkenna A-O glugga sem jafngilda. Gluggar sem staðsettir eru á hlið skipsins neðan svæðanna þar sem farið er um borð í lífbáta, skulu hafa eldtraustleika sem jafngildir að minnsta kosti A-O flokki.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D MEÐ 36 EÐA FÆRRI FARÞEGA OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

- .4 Þrátt fyrir kröfur í töflum í reglu II-2/B/5 skal gæta sérstaklega að eldtraustleika glugga sem snúa að opnum eða umluktum svæðum þar sem farið er um borð í lífbáta og björgunarfleka og eldtraustleika glugga sem eru undir slíkum svæðum og sem eru staðsettir þannig að brygðust þeir í eldsvoða myndi það hindra sjósetningu lífbáta eða björgunarfleka eða að hægt væri að fara um borð í þá.

11 Takmörkuð notkun brennanlegra efna (R 34)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Annars staðar en í farmrýmum, póstklefum og farangursrýmum eða kældum hólfum í þjónusturýmum skulu allar veggklæðningar, undirbyggingar, dragsúgshindranir, loft og einangrun vera úr eldtraustum efnum. Minni þil eða þilfór, sem notuð eru til að hólfa niður rými til ákveðinna nota eða aukinnar þryði, skulu einnig vera úr eldtraustu efni.
- .2 Rakavarnir og lím, sem notuð eru í tengslum við einangrun kælikerfa, svo og einangrun röra, þurfa ekki að vera úr eldtraustu efni en nota skal eins lítið af því og við verður komið og óvarðir fletir skulu hafa elðþolseiginleika í samræmi við prófunarferlið sem fram kemur í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.653 (16).
- .3 Eftirtaldir fletir skulu hafa lágt útbreiðslumark:
 - .1 óvarðir fletir á göngum og í stigagöngum, svo og á þiljum, vegg- og loftklæðningum í öllum vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum;
 - .2 lokuð og óaðgengileg rými í vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum.
- .4 Heildarumfang brennanlegra klæðninga, umgjarða, skreytinga og spóns má ekki vera meira í neinni vistarveru eða þjónusturými, en jafngildi umfangs 2,5 mm spóns á samanlögðu yfirborði veggja og lofts; í skipum með sjálfvirku ýringarkerfi, sem er í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/8, má eitthvað af því brennanlega efni sem notað er til að reisa skilrúm í C-flokki vera innfalið í framangreindu magni.
- .5 Spónn, sem notaður er á yfirborð og klæðningar sem falla undir kröfur liðar .3, skal ekki hafa hærra varmagildi en 45 MJ/m² yfirborðsins miðað við þá þykkt sem notuð er.
- .6 Húsgögn í stigagöngum skulu takmarkast við sæti. Þau skulu vera föst, takmarkast við sex sæti á hverju þilfari í hverjum stigagangi, af þeim skal stafa takmörkuð eldhætta og þau skulu ekki hindra undankomuleið farþega. Stjórnvaldi fánaríkis er heimilt að leyfa aukasæti í aðalmóttöku innan stigagangs, ef þau eru föst, eldtraust og hindra ekki undankomuleið farþega. Húsgögn eru óheimil á göngum farþega og áhafnar sem eru undankomuleið frá klefasvæðum. Auk ofangreinds má heimila skápa úr eldtraustu efni undir þann öryggisbúnað sem reglur krefjast.
- .7 Málning, lökk og annar frágangur, sem notaður er á óvarða fleti innanskipa skulu ekki geta myndað óhóflega mikinn reyk eða eitruðar lofttegundir eða gufur.
- .8 Grunnar á þilförum í vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum skulu vera úr samþykktum efnum, sem hvorki kviknar auðveldlega í, í samræmi við brunaprófunarferlið sem kveðið er á um í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunar A.687 (17) né valda hættu á eiturgasi eða sprengingum við hátt hitastig.

12 Ýmsir verkhlutar smíðinnar (R 35)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Í vistarverum, þjónusturýmum, stjórnstöðvum, göngum og stigum:

- .1 skulu holrúm á bakvið loft, þiljur eða veggklæðningar hólfuð niður með þéttum dragsúgshindrunum með mest 14 m millibili:

- .2 skulu þessi holrými, að meðtöldum þeim, sem eru á bak við veggklæðningar á stigagöngum, stokkum o.s.frv., í lárétrri stöðu vera lokað við sérhvert þilfar.
- 13 Föst eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi og sjálfvirkt ýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi (R 14) (R 36)**

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Í sérhverju aðskildu svæði skipa sem flytur 36 eða færri farþega, hvort sem það er lóðrétt eða lárétt afmarkað, í öllum vistarverum, þjónusturýmum og stjórnstöðvum, nema rýmum þar sem eldhætta er óveruleg, svo sem tómarýmum, snyrtiklefum o.s.frv., skal vera annað hvort:
- 1 fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð, í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/9, og skal það uppsett og því komið fyrir þannig að það skynji eld í slíkum rýmum; eða
 - 2 sjálfvirkt ýringar-, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð, í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/8 eða viðmiðunarreglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um viðurkennt jafngilt ýringarkerfi, eins og kveðið er á um í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.800 (19), og skal það uppsett og því komið fyrir þannig að það verji slík rými, auk fasts eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfis af viðurkenndri gerð, í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/9, og skal það uppsett og því komið fyrir þannig að það skynji reyk á göngum, í stigum og á undankomuleiðum frá vistarverum.

- .2 Í skipum sem taka fleiri en 36 farþega skal vera sjálfvirkur ýringarbúnaður, eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð, í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/8 eða viðmiðunarreglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um viðurkennt jafngilt ýringarkerfi, eins og kveðið er á um í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.800 (19), í öllum þjónusturýmum, stjórnstöðvum og vistarverum, þar á meðal göngum og stigum.

Annar valkostur er sá að í stjórnstöðvum, þar sem vatnsleki gæti valdið skemmdum á mikilvægum búnaði, má setja upp viðurkennt, fast slökkvikerfi af annarri gerð. Setja skal upp fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð, í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/9, og skal það uppsett og því komið fyrir þannig að það skynji reyk í þjónusturýmum, stjórnstöðvum og vistarverum, þar á meðal göngum og stigum. Ekki er nauðsynlegt að setja upp reykskynjara á einkabaðherbergjum og eldhúsum.

Í rýmum þar sem er lítil eða engin eldhætta, svo sem tómarýmum, almenningsalernum og áþekkuðum rýmum, þarf ekki að setja upp sjálfvirkt ýringarkerfi eða fast eldskynjunar- og viðvörunarkerfi.

- .3 Í vélarúmum sem eru ómönnuð tímabundið skal setja upp fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af samþykktri gerð, í samræmi við viðeigandi ákvæði reglu II-2/A/9.

Hönnun eldskynjunarkerfisins og staðsetning skynjaranna skal vera þannig að þeir nemi fljótt kviknun elds í hvaða hluta þessara rýma sem er og við allan eðlilegan gang vélanna og þær breytingar í loft-ræstingu sem búast má við vegna hugsanlegra hitabreytinga í umhverfinu. Notkun skynjunarkerfa, sem eingöngu byggjast á hitaskynjurum, skal óheimil nema í rýmum þar sem er takmörkuð lofthæð og þar sem notkun þeirra á sérstaklega við. Skynjunarkerfið skal gefa frá sér heyrnleg og sýnileg viðvörunarkerfi, sem hvoru tveggja eru ólík viðvörunarkerkjum allra annarra kerfa, sem ekki gefa til kynna eld, á nægilega mörgum stöðum til að tryggja að viðvörunin heyrast og sjáist á stjórnþalli og af ábyrgum vélstjóra.

Þegar enginn er á stjórnþalli skal viðvörunarkerfið heyrast þar sem ábyrgur maður úr áhöfn skipsins er á vakt.

Eftir uppsetningu skal kerfið prófað við breytileg skilyrði að því er varðar gang vélar og loftræstingu.

14 Vörn sérstakra rýma (R 37)**.1 Ákvæði sem gilda um sérstök rými, hvort heldur er ofan eða neðan skilrúmsþilfars****NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B SEM TAKA FLEIRI EN 36 FARÞEGA:****.1 Almennt**

- .1 Grundvallarreglan að baki ákvæða þessarar reglu er að þar sem venjuleg lóðrétt aðalsvæðaskipting kann að vera óframkvæmanleg í sérstökum rýmum verður jafngild vörn að nást í slíkum rýmum á grundvelli láréttar svæðaskiptingar og með notkun skilvirks, fasts slökkvikerfis. Samkvæmt þeirri aðferð getur lárétt svæði, að því er varðar þessa reglugerð, tekið til sérstakra rýma á fleiri en einu þilfari, að því tilskildu að heildarhæð fyrir ökutæki sé ekki yfir 10 metrar.
- .2 Kröfur reglna II-2/A/12, II-2/B/7 og II-2/B/9 um að viðhalda traustleika lóðréttara svæða skal gilda jafnt um þilför og þil sem afmarka lárétt svæði og greina þau frá hvort öðru og frá öðrum hlutum skipsins.

.2 Byggingatæknileg brunavörn

- .1 Í nýjum skipum sem taka fleiri en 36 farþega skulu þil og þilför, sem afmarka sérstök rými, vera einangruð samkvæmt A-60 staðli. Þó má færa staðalinn niður í A-O ef öðru megin við skilrúmið er opið þilfarsrými (eins og skilgreint er í reglu .4.2.2 (5)), snyrtiklefi eða áþekkt rými (eins og skilgreint er í reglu .4.2.2 (9)) eða geymir, tómarými eða hjálparvélarum þar sem er lítil eða engin eldhætta (eins og skilgreint er í reglu .4.2.2 (10)).
- .2 Í nýjum skipum sem taka 36 eða færri farþega og í gömlum skipum í B-flokki sem taka fleiri en 36 farþega skulu þil, sem afmarka sérstök rými, vera einangruð eins og kveðið er á um fyrir rými í flokki 11) í töflu .5.1 í 5. reglu og láréttar afmarkanir eins og kveðið er á um fyrir rými í flokki 11) í töflu .5.2 í 5. reglu.
- .3 Á stjórnþalli skulu vera álestrartæki sem sýna fyrir hverja einstaka eldvarnarhurð, sem liggur að eða frá sérstöku rými, hvort hún sé lokuð.

Hurðir á sérstökum rýmum skulu vera smíðaðar þannig að ekki sé hægt að hafa þær stöðugt opnar og þær skulu hafðar lokaðar meðan skipið er á ferð.

.3 Fast slökkvikerfi

Í sérhverju sérstöku rými skal vera viðurkennt fast vatnsúðakerfi sem stjórna má handvirkt, sem skal ná yfir alla hluta sérhvers þilfars og ökutækjapalls í slíku rými, þó með þeim fyrirvara að stjórnvaldi fánaríkis er heimilt að leyfa notkun annars fasts slökkvikerfis sem sýnt hefur verið fram á, með allsherjarprófun við aðstæður þar sem líkt er eftir eldsvoða þar sem kviknað hefur í bensínleka í sérstöku rými, að er ekki síður skilvirkt við að ráða niðurlögum elds sem gæti kviknað í slíku rými. Slíkt fast vatnsýringarkerfi eða annað jafngilt slökkvikerfi skal samræmast ákvæðum ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.123 (V).

.4 Brunavarsla og eldskynjun

- .1 Hafa skal skilvirkt brunavörslukerfi í sérstökum rýmum. Í sérhverju slíku rými, þar sem ekki er brunavarsla í formi stöðugrar brunavaktar meðan á ferðinni stendur, skal vera fast eldskynjunar- og eldviðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð sem er í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/9. Fasta eldskynjunarkerfið skal vera þannig að það nemi fljótt kviknun elds. Staðsetning

skynjara og fjarlægðir á milli þeirra skulu ákveðnar með tilliti til áhrifa loftræstingar og annarra þátta sem máli skipta.

- .2 Handboðar skulu vera eftir þörfum í sérstökum rýmum og einn staðsettur nálægt hverjum útgangi úr slíkum rýmum.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.5 Slökkvibúnaður

Í sérhverju sérstöku rými skulu vera:

- .1 Að minnsta kosti þrjú þokustútar;
- .2 Eitt froðuhandslökkvitæki í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/6.2, að því tilskildu að a.m.k. tvö slík tæki séu í skipinu til nota í slíku rými; og
- .3 að minnsta kosti eitt handslökkvitæki sem staðsett er við hvern aðgang að slíku rými.

.6 Loftræstikerfi

- .1 Í sérstökum rýmum skal vera nægilega skilvirkt vélrænt loftræstikerfi til að skipta út lofti að minnsta kosti 10 sinnum á klukkustund. Kerfið í slíkum rýmum skal vera algjörlega aðskilið frá öðrum loftræstikerfum og ætíð vera í gangi þegar ökutæki eru í rýmunum. Fjölda loftskipta skal fjölga í að minnsta kosti 20 á meðan ökutækjum er ekið um borð og frá borði.

Loftrásir loftræstikerfa sem þjóna sérstökum rýmum og sem hægt er að loka tryggilega, skulu aðskilin frá sérhverju slíku rými. Kerfinu skal vera hægt að stjórna frá stað utan rýmanna.

- .2 Loftræsting skal vera með þeim hætti að hvorki myndist lagskipting lofts né loftgöt.
- .3 Á stjórnspalli skal vera búnaður sem sýnir hvort dregið hefur úr loftræstigetunni eða hún fallið niður.
- .4 Gera skal ráðstafanir til þess að hægt sé að loka fljótt og vel fyrir loftræstikerfi ef upp kemur eldur, að teknu tilliti til veðurs og sjólags.
- .5 Loftrásir, þar með talin brunaspjöld, skulu gerð úr stáli og uppsetning þeirra fullnægja kröfum stjórnvalds fánaríkisins.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.2 *Viðbótarákvæði sem gilda eingöngu um sérstök rými ofan skilrúm þilfars*

.1.1 Niðurföll

Með tilliti til þess hversu mjög skipið gæti tapað stöðugleika ef mikið vatnsmagn safnaðist fyrir á þilfari eða þilföllum í kjölfar notkunar á fasta vatnsýringarkerfinu skal koma fyrir niðurföllum til að tryggja að hægt sé að veita þessu vatni í skyndi beint fyrir borð.

NÝ EKJUFARÞEGASKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

.1.2 Frárennsli

.1.2.1 Frárennslislokar fyrir niðurföll, búnir lokunarbúnaði sem stýra má frá stað fyrir ofan skilrúmsþilfar í samræmi við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um hleðslumerki skipa, skulu hafðir opnir meðan skip eru á hafi úti.

.1.2.2 Öll notkun lokanna, sem um getur í undirlit 1.2.1., skal skráð í skipsdagbók.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.2 Varúðarráðstafanir gegn því að kvikni í eldfimum gufum

- .1 Á sérhverju þilfari eða palli, ef hann er fyrir hendi, sem ökutæki eru flutt á og þar sem búast má við að sprengifimar gufur safnist fyrir, að undanskildum pöllum með nægilega stórum opum til að hleypa bensínufum niður á við, skal búnaði sem gæti valdið því að kviknaði í eldfimum gufum, einkum rafbúnaði og raflögnum, komið fyrir að minnsta kosti 450 mm fyrir ofan þilfarið eða pallinn. Rafbúnaður sem komið er fyrir í meira en 450 mm hæð fyrir ofan þilfar eða pall skal vera umlukinn og varinn þannig að komið sé í veg fyrir neistaflug. Ef það er hins vegar nauðsynlegt, með tilliti til öruggar notkunar skipsins, að rafbúnaður og raflagnir séu í minna en 450 mm hæð fyrir ofan þilfar eða pall er heimilt að setja slíkan búnað og lagnir þannig upp, að því tilskildu að hann hafi öryggisviðurkenningu sem samþykktur til nota þegar um er að ræða sprengifima blöndu bensíns og lofts.
- .2 Rafbúnaður og raflagnir, sem komið er fyrir í útblástursloftrás, skulu vera af gerð sem viðurkennd er til notkunar í sprengifimri blöndu bensíns og lofts og skal útrás frá sérhverri útblástursloftrás staðsett á öruggum stað með tilliti til annarra mögulegra íkveikjuvalda.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

.3 *Viðbótarákvæði sem gilda eingöngu um sérstök rými neðan skilrúmsþilfars*

.1 Austurs- og skólpdæling

Með tilliti til þess hversu mjög skipið gæti tapað stöðugleika ef mikið vatnsmagn safnaðist fyrir á þilfari eða ofan á geymi í kjölfar notkunar á fasta vatnsúðakerfinu er stjórnvaldi fánarkisins heimilt að krefjast þess að fyrir hendi séu dælur og frárennsliskerfi til viðbótar því sem fram kemur í ákvæðum reglu II-1/C/3.

.2 Varúðarráðstafanir gegn því að kvikni í eldfimum gufum

- .1 Rafbúnaður og raflagnir, ef slíkt er fyrir hendi, skulu vera af gerð sem hentar til notkunar í sprengifimum blöndum bensíns og lofts. Notkun annars búnaðar, sem getur valdið því að kvikni í eldfimum gufum, er óheimil.
- .2 Rafbúnaður og raflagnir, sem komið er fyrir í útblástursloftrás, skulu vera af gerð sem viðurkennd er til notkunar í sprengifimum blöndum bensíns og lofts og skal úttak frá sérhverri útblástursloftrás staðsett á öruggum stað með tilliti til annarra mögulegra íkveikjuvalda.

15 Brunavarsla, eldskynjun, viðvörunarbúnaður og kallkerfi (R 40)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Setja ber upp handboða í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/9.
- .2 Öll skip skulu ætíð, þegar þau eru á hafi úti eða í höfn (nema þegar þau hafa verið tekin úr umferð), vera þannig mönnuð eða búin að tryggt sé að ábyrgur maður úr áhöfn skipsins verði þegar í stað var við hvers konar brunaviðvörunarmerki.
- .3 Koma skal upp sérstöku viðvörunarkerfi, sem stjórnað er frá stjórnþalli eða eldvarnarstöð, til að safna áhöfninni saman. Þetta viðvörunarkerfi má vera hluti af almennu viðvörunarkerfi skipsins en það verður að vera hægt að nota það óháð viðvörunarkerfi í farþegarýmum.
- .4 Kallkerfi eða önnur skilvirk boðskiptaleið skal vera víða í vistarverum, þjónusturýmum, stjórnstöðvum og á opnum þilförum.
- .5 NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Í skipum sem taka fleiri en 36 farþega skal vera skilvirkt brunavörslukerfi svo að greina megi fljótt ef eldur kviknar. Sérhver brunavörður skal þjálfaður til að þekkja fyrirkomulag skipsins, sem og staðsetningu og virkni hvers konar búnaðar sem hann eða hún kynni að þurfa að nota. Sérhver brunavörður skal fá í hendur tvíátta talstöðvarbúnað.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .6 Í skipum sem taka fleiri en 36 farþega skal viðvörunarbúnaður, með skynjurum fyrir kerfin sem kveðið er á um í reglu .13.2, vera staðsettur í aðalstjórnstöð, sem er alltaf mönnuð. Auk þess skal fjarstýring til að loka eldvarnarhurðum og loftræstiviftum vera miðlæg á sama stað. Áhöfn skal geta sett loftræstivifturnar aftur af stað frá stjórnstöðinni sem er alltaf mönnuð. Á stjórnborði í aðalstjórnstöðinni skal vera hægt að sjá hvort eldvarnarhurðir eru opnar eða lokaðar, hvort skynjarar, viðvörunarkerfi og viftur séu í gangi eða slökkt á þeim. Ætíð skal vera straumur á stjórnborðinu og það vera tengt sjálfvirkum búnaði sem skiptir yfir á varaafstöð ef venjuleg rafstöð bregst. Stjórnborðið skal fá afl sitt frá aðalrafstöð og neyðarrafaflstöð sem skilgreindar eru í reglu II-1/D/3 nema annað fyrirkomulag sé leyft að lögum.
- .7 Stjórnborðið skal vera hannað samkvæmt meginreglunni um virkt öryggi, t.d. því að opin rafrás í skynjara setji viðvörunarkerfið af stað.

16 Endurbætur gamalla skipa í flokki B sem taka fleiri en 36 farþega (R 41-1)

Auk krafna sem gilda fyrir gömul skip í flokki B í þessum kafla II-2, skulu gömul skip í flokki B sem taka fleiri en 36 farþega uppfylla eftirfarandi kröfur:

- .1 eigi síðar en 1. október 2000:
 - .1 skulu vera reykskynjara- og viðvörunarkerfi af viðurkenndri gerð, í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/9, í öllum vistarverum og þjónusturýmum, stigagöngum og göngum. Ekki þarf að setja slík kerfi upp á einkabaðherbergjum og rýmum þar sem er lítil eða engin eldhætta svo sem í tómarýmum og áþekktum rýmum. Hitaskynjarar skulu settir upp í eldhúsum í stað reykskynjara,
 - .2 skulu einnig vera reykskynjarar, tengdir við eldskynjunar- og viðvörunarkerfið, í loftum í stigum og göngum á þeim svæðum þar sem loft eru úr eldfimu efni,

- .3.1 skulu eldvarnarhurðir á lömum á afmörkunum stigaganga og lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða og eldhúss, sem yfirleitt eru hafðar opnar, vera sjálflokandi og hægt að loka þeim frá aðalstjórnstöð og frá stað við dymar,
- .3.2 skal stjórnborði komið fyrir í aðalstjórnstöðinni, sem er alltaf mönnuð, sem gefur til kynna hvort eldvarnarhurðir á afmörkunum stigaganga, þiljum, sem afmarka lóðrétt aðalsvæði, og afmörkunum eldhúsa, eru lokaðar,
- .3.3 skulu loftrásir frá gufugleypum í eldhúsum, sem líklegt er að fita safnist fyrir í og sem liggja í gegnum vistarverur eða rými, sem í eru brennanleg efni, vera smíðaðar úr skilrúmum í A-flokki. Á hverri loftrás skal vera:
 - .1 fitugildra, sem auðvelt er að fjarlægja til hreinsunar, nema annað viðurkennt fituhreinsikerfi sé notað;
 - .2 brunaspjald, sem staðsett er á neðri enda loftrásarinnar;
 - .3 búnaður, sem unnt er að stjórna úr eldhúsinu, til að stöðva útblásturinn;
 - .4 fastur búnaður til að slökkva eld í loftrásinni; og
 - .5 lúgur á viðeigandi stöðum fyrir eftirlit og þrif.
- .3.4 er einungis heimilt að hafa almenningssalerni, lyftur, skápa úr eldtraustu efni undir öryggisbúnað og opna upplýsingabása innan afmarkana stigaganga. Önnur rými sem fyrir eru innan stigaganga:
 - .1 skulu tæmd og þeim lokað til frambúðar og þau aftengd rafkerfinu; eða;
 - .2 skulu aðskilin frá stigaganginum með skilrúmum í A-flokki í samræmi við 5. reglu. Frá slíkum rýmum má vera beinn aðgangur að stigagöngum um hurðir í A-flokki, í samræmi við 5. reglu, og að því tilskildu að ýringarkerfi sé fyrir hendi í þessum rýmum. Þó mega klefar ekki opnast beint inn í stigaganga,
- .3.5 má ekki vera beinn aðgangur að stigagöngum úr rýmum, öðrum en almennum rýmum, göngum, almenningssalernum, sérstökum rýmum, öðrum stigum, sem krafist er samkvæmt reglu 6.1.5, opnum þilfarsrýmum eða rýmum, sem heyra undir lið .3.4.2 hér að framan,
- .3.6 má halda gömlum vélarúmum í flokki 10) sem lýst er í reglu II-2/B/4 og skrifstofum í tengslum við upplýsingabása, sem opnast beint inn í stigaganga, að því tilskildu að þau séu varin með reykskynjurum og að í skrifstofum, sem tengjast upplýsingabásam, séu aðeins húsgögn sem takmörkuð eldhætta stafar af,
- .3.7 skulu neyðarútgangar, þ.m.t. stigar og útgangar, auk neyðarlýsingar sem krafist er í reglum II-1/D/3 og III/5.3, vera merktir á öllum hlutum undankomuleiðarinnar, þar með talið hornum og milliköflum, með ljósum eða sjálflýsandi listum til leiðbeiningar sem staðsettir eru ekki hærra en 0,3 m fyrir ofan þilfar. Af merkingunni verða farþegarnir að geta þekkt allar undankomuleiðir og séð neyðarútganga auðveldlega. Sé raflýsing notuð skal hún knúin með neyðarflstöð og komið þannig fyrir að þótt eitt ljós eða bútur af ljóslistanum virki ekki þjóni merkingin samt sem áður tilgangi sínum. Enn fremur skulu allar merkingar undankomuleiða og um staðsetningu eldvarnarbúnaðar vera úr sjálflýsandi efni eða merkt með ljósi. Stjórnvöld fánaríkisins skulu tryggja að lýsing af þessu tagi eða sjálflýsandi búnaður hafi verið metinn, prófaður og honum beitt í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem kveðið er á um í ályktun Alþjóðasiglingarmálastofnunarinnar A.752 (18),
- .3.8 skal almennt neyðarviðvörunarkerfi vera til staðar. Viðvörunarmerki skulu heyrast um allar vistarverur, vinnurými þar sem áhöfn er jafnan að störfum og opin þilför, og hljóðþrýstistig þess uppfylla viðmiðanir í kóða um viðvörunarkerfi og álesturstæki sem samþykkt voru í ályktun Alþjóðasiglingarmálastofnunarinnar A.686 (17),

- .3.9 skal kallkerfi eða önnur skilvirk boðskiptaleið vera um allar vistarverur, þjónusturými, aðalstjórnstöðvar og á opnum þilförum,
- .3.10 skulu húsgögn í stigagöngum takmarkast við sæti. Þau skulu vera föst, takmarkast við sex sæti á hverju þilfari í hverjum stigagangi, af þeim skal stafa takmörkuð eldhætta og þau skulu ekki hindra undankomuleið farþega. Stjórnvaldi fánaríkis er heimilt að leyfa aukaseti í aðalmóttöku innan stigagangs, ef þau eru föst, eldtraust og hindra ekki undankomuleið farþega. Húsgögn skulu vera óheimil á göngum farþega og áhafnar sem eru undankomuleið frá klefasvæðum. Auk ofangreinds má heimila skápa úr eldtraustu efni undir þann öryggisbúnað sem reglur krefjast.
- .2 eigi síðar en 1. október 2003:
- .1 skulu allir stigar í vistarverum og þjónusturýmum byggðir upp með stálgrind, nema ef stjórnvald fánaríkis leyfir notkun annars jafngilds efnis, og vera umluktir skilrúmum í A-flokki og búnir lokunarbúnaði fyrir öll op nema hvað:
- .1 stigi, sem liggur aðeins á milli tveggja þilfara, þarf ekki að vera umluktur að því tilskildu að traustleika þilfarsins sé viðhaldið með viðeigandi þiljum eða hurðum í einu millipilfarsrými. Ef stigi er umluktur á einu millipilfarsrými skulu þilin umhverfis hann vera varin í samræmi við töflurnar um þilför í 5. reglu;
- .2 opnum stigum má koma fyrir í almennu rými, að því tilskildu að þeir liggi að fullu innan slíks almenns rýmis;
- .2 skal vera í vélarúmum fast slökkvikerfi í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/6.
- .3 skulu loftrásir loftræstikerfis, sem liggja í gegnum skilrúm milli lóðrétt afmarkaðra aðalsvæða, búnar sjálflokandi brunaspjaldi með varaöryggisbúnaði sem tekur við ef aðalöryggisbúnaður bílar og sem einnig má loka handvirkt báðum megin skilrúmsins. Auk þess skal sjálflokandi brunaspjöldum með varaöryggisbúnaði sem tekur við ef aðalöryggisbúnaður bílar og sem stýra má handvirkt innan úr umlukta rýminu, komið fyrir í öllum loftrásum sem þjóna bæði vistarverum, þjónusturýmum og stigagöngum þar sem þær liggja í gegnum afmarkanir slíkra rýma. Í loftrásum sem liggja í gegnum skilrúm á aðaleldvarnasvæðum án þess að þær þjóni rýmum báðum megin við eða sem liggja í gegnum afmarkanir stigaganga án þess að þjóna því umlukta rými þurfa ekki að vera brunaspjöld að því tilskildu að loftrásirnar séu smíðaðar og einangraðar samkvæmt A-60 staðli og á þeim séu engin op inn í stigaganginn eða stokkinn á hliðinni sem ekki er þjónað beint.
- .4 skulu sérstök rými vera í samræmi við ákvæði reglu II-2/B/14.
- .5 skal vera hægt að losa allar eldvarnarhurðir á afmörkunum stigaganga, þiljum sem afmarka lóðrétt aðalsvæði og mörkum eldhúsa, sem yfirleitt eru hafðar opnar, frá aðalstjórnstöð og frá stað við dýrnar.
- .3 eigi síðar en 1. október 2005 eða 15 árum eftir daginn sem smíði skipsins lauk, hvort heldur er seinna:
- .1 skal vera í vistarverum, þjónusturýmum, umluktum stigum og göngum sjálfvirkt ýringarkerfi, eldskynjunar- og eldviðvörðunarkerfi í samræmi við ákvæði reglu II-2/A/8 eða viðmiðunarreglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um viðurkennt samræmt ýringarkerfi sem kveðið er á um í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.800 (19).

17 Sérkröfur um skip sem flytja hættulegan farm (R 41)

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B:

Kröfur SOLAS-reglunnar II-2/54 skulu gilda, eins og við á, um farþegaskip sem flytja hættulegan farm.

KAFLI III

BJÖRGUNARBÚNAÐUR

1 Skilgreiningar (R 3)

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Í þessum kafla skulu skilgreiningar í SOLAS-reglu III/3 einnig gilda, nema annars sé sérstaklega getið, að teknu tilliti til eftirfarandi viðbótarskilgreininga:

- .1 Léttasta hleðsluástand skips á sjó er þegar skipið er á réttum kili, án farms og eftir eru 10% af birgðum og eldsneyti.
- .2 Kerfi til rýmingar skips (MES) er búnaður sem hannaður er til flytja mikinn fjölda fólks frá undan- komustað eftir braut að fljótandi palli til að fara um borð í björgunarför, eða beint um borð í björgunarför.
- .3 Ekjufarþegaskip er farþegaskip með ekjuflutningarými eða sérstökum rýmum eins og skilgreint er í reglu II-2/A/2.

2 Fjarskipti, björgunarför og léttbátar, einstaklingsbjörgunarbúnaður (R 6 + 7 + 17 + 20 + 21)

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Öll skip skulu búin að minnsta kosti neyðarfjarskiptabúnaði, einstaklingsbjörgunarbúnaði, björgunarförum og léttbátum, neyðarblysum, línubyssum eins og skilgreint er í eftirfarandi töflu og athugasemdum með henni samkvæmt flokki viðkomandi skips. Allur fyrrnefndur búnaður, þar með talinn sjósetningarbúnaður þegar við á, skal uppfylla ákvæði í reglum kafla III í viðauka við SOLAS-samþykktina frá 1974, ásamt síðari breytingum, nema annars sé sérstaklega getið í eftirfarandi liðum.

Flokkar skipa	B		C		D	
Fjöldi um borð (N)	> 250	≤ 250	> 250	≤ 250	> 250	≤ 250
Björgunarför ⁽¹⁾ ⁽²⁾ ⁽³⁾ ⁽⁴⁾						
– gömul skip	1,10 N	1,10 N	1,10 N	1,10 N	1,10 N	1,10 N
– ný skip	1,25 N	1,25 N	1,25 N	1,25 N	1,25 N	1,25 N
Léttbátar ⁽⁵⁾	1	1	1	1	1	1
Bjarghringir ⁽⁶⁾	8	8	8	4	8	4
Björgunarvesti ⁽⁸⁾	1,05 N	1,05 N	1,05 N	1,05 N	1,05 N	1,05 N
Björgunarvesti barna	0,10 N	0,10 N	0,10 N	0,10 N	0,10 N	0,10 N
Neyðarblys og rakettur ⁽⁷⁾	12	12	12	12	6	6
Línubysur	1	1	1	1	–	–
Ratsjársvaerl	1	1	1	1	1	
Tvíátta metrabylgjutalstöðvarbúnaður (VHF)	3	3	3	3	3	2

Athugasemdir:

- (¹) Björgunarför geta verið lífbátar, sem uppfylla ákvæði SOLAS-reglu III/42, 43 eða 44, eða björgunarflekar sem uppfylla ákvæði SOLAS-reglu III/38 og annarra tveggja SOLAS-reglna III/39 eða III/40. Þar að auki skulu björgunarflekar á ekjufarþegaskipum uppfylla ákvæði reglu III/5-1.
- Þar sem er rökstuðningur er fyrir því vegna farsviða um varin siglingasvæði eða vegna veðurfars farsviðsins er stjórnvöldum fánaríkisins heimilt að samþykkja, ef slíku er ekki hafnað af gestaríkinu:
- a) opna snúanlega uppblásanlega björgunarfleka, sem ekki uppfylla ákvæði reglu III/39 eða III/40, svo framarlega sem slíkir flekar uppfylla ákvæði 10. viðauka í kóðanum um háhraðaför;
- b) björgunarfleka sem ekki uppfylla ákvæði SOLAS-reglna III/39.2.2.1 og III/39.2.2.2 um kuldaeinangrun botna björgunarfleka.
- Björgunarför fyrir gömul skip í flokkum B, C og D skulu uppfylla viðkomandi ákvæði SOLAS-samþykktarinnar frá 1974 fyrir gömul skip, með áorðnum breytingum 17. mars 1998.
- (²) Björgunarförum skal dreift jafnt á bæði borð skipsins, eftir því sem unnt er.
- (³) Fjöldi björgunarfara skal vera í samræmi við þær prósentutölur sem nefndar eru í töflunni hér að framan og samanlögð burðargeta björgunarfara og viðbótarbjörgunarfleka skal vera 110% þess fjölda manna sem skipið hefur leyfi til að bera (N). Á skipinu skal vera nægjanlegur fjöldi björgunarfara þannig að ef eitt björgunarfara tapast eða verður óvirkt skulu þau björgunarför sem eftir eru hafa samanlagða burðagetu sem nemur að minnsta kosti þeim fjölda sem skipið hefur leyfi til að flytja.
- (⁴) Fjöldi lífbáta og/eða léttbáta skal vera nægjanlegur til þess að við það að skipið er yfirgefið af þeim fjölda manna sem skipið hefur leyfi til að flytja, þá þurfi enginn einn lífbátur og/eða léttbátur að sinna meira en níu björgunarflekum.
- (⁵) Léttbátar skulu búnir eigin sjósetningarbúnaði til sjósetningar og upptöku.
- Ef léttbátur uppfyllir ákvæði SOLAS-reglu III/47 þá má telja hann með í heildarburðargetu björgunarfara sem tilgreind eru í töflunni hér að framan.
- Að minnsta kosti einn léttbátur á ekjufarþegaskipi skal vera hraðskreiður léttbátur sem uppfyllir ákvæði reglu III/5-1.
- Ef stjórnvald fánaríkis telur ómögulegt að koma léttbáti fyrir á skipi má undanþiggja skipið frá því að vera búit léttbáti svo framarlega sem það uppfyllir eftirfarandi ákvæði:
- a) skipið er þannig gert eða útbúið að hægt sé að ná hjálparvana manni úr sjónum;
- b) að fylgjast megi með því að hjálparvana manni sé náð úr sjónum frá stjórnþalli; og
- c) að skipið hafi nægjanlega stjórnhæfni til að nálgast og ná manni úr sjó við verstu aðstæður.
- (⁶) Að minnsta kosti einn bjarghringur á hvoru borði skips skal búinn flotlínu sem er að lengd ekki styttri en tvisvar sinnum hæðin frá þeim stað sem hringurinn er geymdur að vatnslínu skipsins við léttestu hleðslu eða 30 metrar, hvort sem er lengra.
- Tveir bjarghringir skulu búnir sjálfhendrandi reykt- og ljósmerkjum og skal unnt að hleypa þeim fljótt niður frá stjórnþalli. Aðrir bjarghringir skulu búnir sjálfhendrandi ljósum sem uppfylla ákvæði SOLAS-reglu III/31.2.
- (⁷) Neyðarblys og raketur sem uppfylla ákvæði SOLAS-reglu III.35 skulu geymd á stjórnþalli eða við stýri.
- (⁸) Björgunarvesti um borð í ekjufarþegaskipum skulu uppfylla ákvæði reglu III/5-1.

3 Neyðarviðvaranir, leiðbeiningar um notkun búnaðar, björgunarhandbækur, samsöfnunarlistar og neyðaráætlanir (R 6 + 8 + 9 + 18 + 19)

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Öll skip skulu hafa eftirtalinn búnað:

1 Almenn neyðarviðvörðunarkerfi (R 6.4.2)

sem uppfyllir ákvæði SOLAS-reglu III/50 og er hentugt til að boða farþega og áhöfn til söfnunarstöðva og hefja aðgerðir samkvæmt samsöfnunarlista.

Á öllum skipum sem taka fleiri en 36 farþega skal vera, til viðbótar búnaði fyrir neyðarviðvaranir, kallkerfi sem beita má frá stjórnþalli. Kerfið skal þannig gert og komið fyrir að fólk með eðlilega heyrn heyri skilaboð sem flutt eru í kerfinu á öllum stöðum í skipinu þar sem fólk er að öllu jöfnu á meðan aðalvél skipsins er í gangi.

2 Kallkerfi (R 6.5)

- 2.1 Til viðbótar ákvæðum í reglu II-2/B/15.4 og liðar 1. að framan skulu öll farþegaskip sem taka fleiri en 36 farþega búin kallkerfi. Viðvíkjandi gömlum skipum skulu ákvæði liða 2.2., 2.3. og 2.5. gilda, með fyrirvara um lið 2.6., frá fyrstu reglubundnu aðalskoðun eftir dagsetningu þá sem vísað er til í 1. mgr. 14. gr. í þessari reglugerð.

- .2.2 Kallkerfið skal vera eitt kerfi með hátölurum sem hægt er að senda tilkynningar samtímis til allra rýma þar sem skipverjar eða farþegar, eða báðir hópar, eru undir venjulegum kringumstæðum og til söfnunarstöðva. Kallkerfið skal leyfa útvörpun skilaboða frá stjórnþalli og öðrum þeim stöðum í skipinu sem stjórnvöld fánaríkisins telja nauðsynlega.
- .2.3 Kallkerfið skal vera lokað fyrir óheimilli notkun og skal heyrast í því yfir almennan hávaða í öllum rýmum sem getið er í 2.2 og það skal einnig hafa möguleika á yfirtöku frá stjórnþalli og öðrum þeim stöðum í skipinu sem stjórnvöld fánaríkisins telja nauðsynlega, þannig að útvarpa megi neyðartilkyningum þótt slökkt hafi verið á hátölurum í einstökum rýmum, lækkað í hátalarastyrk þeirra eða verið að nota hátalarakerfið í öðrum tilgangi.
- .2.4 NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:
- 1 Kallkerfið skal vera búið tveimur rásum sem skulu vera nægjanlega aðskildar alla leið og búnar tveimur aðskildum mögnurum, og
 - 2 stjórnvald fánaríkis skal samþykkja kallkerfið og afkastagetu þess að teknu tilliti til tilmæla Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).
- .2.5 Kallkerfið skal vera tengt neyðarrafaflgjafanum.
- .2.6 Gömul skip sem eru búið gömlum kallkerfum, sem stjórnvald fánaríkis hefur samþykkt og uppfylla í aðalatriðum ákvæði liða 2.2., 2.3. og 2.5., þarf ekki að endurnýja.
- .3 *Samsöfnunarlista og neyðarfyrirmæli (R 8)*

Tryggt skal að öllum um borð berist eða þeir hafi aðgang að skýrum fyrirmælum sem fylgja ber á neyðarstundum og skulu þau vera í samræmi við IMO-ályktun A.691 (17).

Samsöfnunarlistar sem uppfylla ákvæði SOLAS-reglu III/53 skulu settar upp á aðgengilegum stöðum í skipinu, þar með töldum stjórnþalli, vélarúmi og vistarverum áhafnar.

Teikningar og fyrirmæli á viðeigandi tungumálum skulu sett upp í farþegaklefum, við söfnunarstöðvar og í öðrum farþegarymum og skulu þau upplýsa farþega um:

- i) söfnunarstöð þeirra;
- ii) nauðsynleg viðbrögð á neyðarstundum;
- iii) hvernig eigi að klæða sig í björgunarvesti.

Sá sem ber ábyrgð á fjarskiptum á neyðarstundum, í samræmi við SOLAS-reglu IV/16, skal ekki hafa aðrar skyldur á slíkum stundum. Slíkt skal koma fram á samsöfnunarlistum og fyrirmælum um viðbrögð.

.4 *Leiðbeiningar um notkun búnaðar (R 9)*

Spjöld og merkingar skulu sett upp við björgunarför og sjósetningarbúnað þeirra og skulu:

- i) skýra tilgang stjórnþúnaðar og hvernig honum skal beitt og upplýsa um leiðbeiningar og aðvaranir;
- ii) skulu vera vel sýnileg við neyðarlýsingu;
- iii) vera með táknum í samræmi við IMO-ályktun A.760(18).

.5 *Þjálfunarhandbók (R 18.2)*

Þjálfunarhandbók, sem uppfyllir ákvæði SOLAS-reglu III/51, skal vera í öllum matsölum og tómstundasölum áhafnar eða í hverjum áhafnarklefa.

.6 *Leiðbeiningar um viðhald (R 19.3)*

Fyrirmæli um viðhald skipverja á björgunarbúnaði, eða fyrirbyggjandi viðhaldskerfi skips sem nær til björgunarbúnaðar, skal vera um borð og viðhald framkvæmt samkvæmt því. Fyrirmælin skulu uppfylla ákvæði SOLAS-reglu III/52.

4 **Mönnun björgunarfara og verkstjórn (R 10)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Ávallt skal vera nægilegur fjöldi manns um borð sem hlotið hafa viðeigandi þjálfun til að annast samsöfnun og aðstoða þá sem ekki hafa hlotið þjálfun.
- .2 Ávallt skal vera nægjanlegur fjöldi skipverja í áhöfn til að beita björgunarförum og annast sjósetningu þeirra til að allir þeir sem eru um borð geti yfirgefið skipið.
- .3 Yfirmaður á skipi eða annar aðili með tilskilin leyfi skal skipaður yfirmaður hvers björgunarfars sem er notað. Hins vegar má tilnefna skipverja, sem hlotið hefur þjálfun í beitingu björgunarfleka, til að vera yfirmaður fleiri björgunarfleka eða hóps björgunarfleka. Á öllum léttbátum og aflknúnum björgunarförum skal vera aðili sem getur keyrt vélar þeirra og annast minni háttar stillingar.
- .4 Skipstjóra ber að tryggja jafna dreifingu þeirra manna sem fjallað er um í liðum .1, .2, og .3 á björgunarför skipisins.

5 **Samsöfnun í björgunarför og hvernig farið skuli um borð í þau (R 11 + 22 + 24)**

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Björgunarför, sem krafist er sérstaks sjósetningarbúnaðar fyrir, skulu staðsett sem næst vistarverum og íverustöðum.
- .2 Söfnunarstöðvar skulu vera sem næst þeim stöðum þar sem farið er um borð í björgunarförin og skal vera greiður aðgangur að þeim frá vistarverum, íveru- og vinnustöðum og skulu þeir nægjanlega rúmir til að hægt sé að stjórna farþegum og veita þeim leiðbeiningar.
- .3 Söfnunarstöðvar og staðir þar sem farið er um borð, sem og gangar, stigar og útgangar sem að þeim liggja, skulu vera vel upplýstir.

Slík lýsing skal tengd neyðarráflgjafa samkvæmt ákvæðum reglna II-1/D/3 og II-1/D/4.
- .4 Hægt á að vera að fara um borð í lífbáta þar sem þeir eru staðsettir á skipinu, eða frá þilfari til slíks, en ekki hvortveggja.
- .5 Hægt á að vera að fara um borð í björgunarfleka sem sjósettir eru með bátsuglum rétt hjá staðnum þar sem þeir eru staðsettir á skipinu eða frá stað sem báturinn er fluttur til áður en hann er sjósettur.
- .6 Þar sem við á ber að hafa búnað til að færa björgunarfara sem sjósett er með bátsuglum að skipshliðinni og halda honum þannig föstum á meðan farið er um borð í hann.

NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .7 Ef sjósetningarbúnaður björgunarfars er ekki þannig að hægt sé að fara um borð í farið áður en það er sjósett og hæðin frá þeim stað sem farið er frá borði er meira en 4,5 metrar yfir vatnslínu í létta hleðsluástandi skipsins skal skipið búið samþykktu kerfi til rýmingar skips (MES).
- .8 Það skal vera að minnsta kosti einn stigi á hvoru borði skipsins til að fara um borð í björgunarför og skal hann uppfylla ákvæði SOLAS-reglu III/48.7; stjórnvald fánaríkisins má undanþiggja skipið frá þessu ákvæði þannig að í öllu óleku og, samkvæmt skilgreiningu, löskuðu ástandi skips og með tilliti til stafn- og síðuhalla sé fríborð milli þess staðar sem farið er frá borði og sjólinu ekki meira en 1,5 metrar.

5-1 Kröfur varðandi ekjufarþegaskip (R 24-1)

NÝ OG GÖMUL EKJUSKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Gömul ekjufarþegaskip skulu uppfylla ákvæði liðar .5 ekki síðar en við fyrstu reglubundnu aðal-sköðun eftir þann dag sem vísað er til í 1. mgr. 14. gr. í þessari reglugerð og ákvæði liða 2., 3. og .4. ekki síðar en við fyrstu reglubundnu aðalsköðun eftir 1. júlí 2000.
- .2 *Björgunarflekar*
 - .1 Nota skal kerfi til rýmingar skips (MES) sem uppfyllir ákvæði SOLAS-reglu III/48.5 eða sjósetningarbúnað sem uppfyllir ákvæði SOLAS-reglu III/48.6 sem er jafnt skipt á bæði borð skips fyrir björgunarfleka ekjufarþegaskipa.
 - .2 Allir björgunarflekar ekjufarþegaskipa skulu búnir sleppibúnaði sem tryggir að bátarnir fljóta upp frá skipinu í samræmi við ákvæði SOLAS-reglu III/23.
 - .3 Allir björgunarflekar ekjufarþegaskipa skulu búnir stiga til að komast um borð í þá og sem uppfylla ákvæði SOLAS-reglu III/39.4.1 eða SOLAS-reglu III/40.4.1, eins og við á.
 - .4 Allir björgunarflekar ekjufarþegaskipa skulu þannig gerðir að þeir rétti sig sjálfkrafa eða vera snúanlegir flekar með skýli sem eru stöðugir í sjó og virki, óháð því hvaða hlið snýr upp. Opnir snúanlegir björgunarflekar skulu heimilaðir af stjórnvaldi fánaríkis ef slíkt er talið forsvaranlegt í ljósi varins farsviðs eða vegna hagstæðs veðurfars og svo framarlega sem slíkir flekar uppfylla öll ákvæði í 10. viðauka í kóðanum um háhraðaför.
Að öðrum kosti er heimilt að búa skipið sjálfréttandi björgunarflekum eða snúanlegum flekum með skýli til viðbótar venjulegum fjölda björgunarfara sem hafi sameiginlega burðargetu sem nemur í það minnsta 50% af þeim sem eru um borð og ekki komast fyrir í lífbátum. Þessi viðbótarburðargeta í björgunarflekum skal ákveðin á forsendum þess fjölda um borð sem annars vegar er pláss fyrir í lífbátum og heildarfjölda um borð í skipi. Allir slíkir björgunarflekar skulu viðurkenndir af stjórnvaldi fánaríkisins að teknu tilliti til tilmæla Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).
- .3 *Hraðskreiðir léttbátar*
 - .1 Að minnsta kosti einn léttbátur ekjufarþegaskipa skal vera hraðskreiður léttbátur viðurkenndur af stjórnvaldi fánaríkis að teknu tilliti til IMO-ályktunar A.656.6, með breytingum.
 - .2 Hver hraðskreiður léttbátur skal vera sjósettur með tilhlýðilegum sjósetningarbúnaði samþykktum af stjórnvaldi fánaríkis. Við samþykkt slíks búnaðar skal stjórnvald fánaríkis hafa að leiðarljósi að hægt skuli að sjósetja hraðskreiða léttbáta í slæmu veðri og einnig að teknu tilliti til tilmæla Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

- .3 Að minnsta kosti tvær áhafnir hraðskreiðra léttbáta skulu hafa hlotið tilhlýðilega þjálfun og stunda æfingar með reglulegu millibili að teknu tilliti til þáttar A-VI/2, töflu A-VI/2-2 „Forskriftir lágmarksviðmiðana varðandi hæfi áhafna hraðskreiðra léttbáta“ í kóðanum um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjófarenda (STCW-kóðanum) og tilmæla í IMO-ályktun A.771(18), með breytingum. Þjálfunin og æfingarnar skulu ná til allra þátta björgunar, meðhöndlunar, stjórnunar og siglinga slíkra fara í mismunandi veðrum að meðtöldu því að rétta þau við ef þeim hvolfir.
- .4 Þar sem fyrirkomulag eða stærð gamalla ekjufarþegaskipa kemur í veg fyrir að þau séu búin hraðskreiðum léttbátum, sem krafist er í lið 3.1., má búa skipið hraðskreiðum léttbáti í stað gamals lífbáts sem samþykktur hefur verið sem léttbátur eða sem bátur sem nota á í neyðartilvikum, svo framarlega sem eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:
 - .1 hraðskreiði léttbáturinn, sem skipið er búið, skal sjósettur með sjósetningarbúnaði sem uppfyllir ákvæði liðar 3.2.;
 - .2 burðargetu léttbátsins sem tapast við ofangreind skipti skal bæta upp með því að komast fyrir björgunarflekkum sem hafa burðargetu sem nemur að minnsta kosti burðargetu lífbátsins sem var skipt út; og
 - .3 nota skal gamlan sjósetningarbúnað eða kerfi til rýmingar skips (MES) fyrir slíka björgunarfleka.
- .4 *Búnaður til að ná mönnum úr sjó*
 - .1 Hvert ekjufarþegaskip skal búið hentugum búnaði til að ná á fljótlegan hátt skipbrotsmönnum úr sjónum og til að flytja fólk úr björgunartæki eða björgunarfari um borð í skipið.
 - .2 Búnaður til að flytja skipbrotsmenn um borð í skipið má vera kerfi til rýmingar skips (MES) eða hluti búnaðar sem er hannaður til björgunar.
 - .3 Ef nota á rennu í kerfi til rýmingar skips (MES) sem flutningsleið skipbrotsmanna upp á þilfar skips skal hún búin handriðum eða stigum til að auðvelda klifur upp hana.
- .5 *Björgunarvesti*
 - .1 Þrátt fyrir ákvæði SOLAS-reglu III/7.2 og III/21.2 skulu björgunarvesti geymd nálægt söfnunarstöðum þannig að farþegar þurfi ekki að snúa aftur til klefa sinna til að ná í þau.
 - .2 Hvert björgunarvesti um borð í ekjufarþegaskipi skal búið ljósi sem uppfyllir ákvæði SOLAS-reglu III/32.3.

5-2 Þyrlupallar og svæði þaðan sem fólki er lyft um borð í þyrlur (R 24-3)

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Gömul ekjufarþegaskip skulu uppfylla ákvæði liðar 2. í þessari reglu eigi síðar en við fyrstu reglubundnu aðalskoðun eftir þann dag sem um getur í 1. mgr. 14. gr. í þessari reglugerð.
- .2 Á ekjufarþegaskipum skulu vera svæði þaðan sem fólki er lyft um borð í þyrlur og skal stjórnvald fánaríkis samþykkja þau með hliðsjón af tilmælum í IMO-ályktun A.229(VII), með breytingum.
- .3 Ný skip í flokkum B, C og D, sem eru 130 metrar að lengd eða lengri, skulu búin þyrlupöllum sem stjórnvald fánaríkis samþykkir að teknu tilliti til tilmæla Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

5-3 Stoðkerfi fyrir ákvarðanir skipstjóra

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Gömul ekjufarþegaskip skulu uppfylla ákvæði þessarar reglu eigi síðar en við fyrstu reglubundnu aðalskoðun eftir 1. júlí, 1999.
- .2 Í öllum skipum skal stoðkerfi fyrir ákvarðanir í tengslum við stjórnun neyðarástands komið fyrir á stjórnþalli.

- .3 Stoðkerfið skal að minnsta kosti innihalda eintak af prentaðri neyðaráætlun eða áætlunum. Öll fyrirsjáanleg neyðartilvik skulu skilgreind með neyðaráætlunum að meðtöldum, en ekki einskorðuðum við, eftirfarandi aðalflokka neyðartilvika:
- .1 eldsvoða;
 - .2 leka í skipi;
 - .3 mengun;
 - .4 ólögætar aðgerðir gegn skipi sem ógna öryggi farþega þess og áhafnar;
 - .5 slys á áhöfn; og
 - .6 farmtjón;
 - .7 neyðaraðstoð við önnur skip.
- .4 Neyðarviðbrögð í neyðaráætlunum skulu styðja og auðvelda ákvörðunartökur skipstjóra í hinum ýmsu neyðartilvikum.
- .5 Neyðaráætlanir skulu allar byggðar upp á sama hátt og skal vera auðvelt að beita þeim. Þar sem það á við skal miða við stöðugleikaútreikninga sem gerðir voru fyrir sjóferðina við að stýra aðgerðum til að draga úr frekari leka.
- .6 Til viðbótar prentuðum neyðaráætlunum getur stjórnvald fánaríkis einnig samþykkt tölvulæg stoðkerfi á stjórnþalli skips sem í eru allar upplýsingar sem eru í prentuðu neyðaráætlunum þar með talin viðbrögð, gátlistar o.s.frv. og býður upp á skrá yfir ráðleg viðbrögð sem beita skal í fyrirsjáanlegum neyðartilvikum.

6 Sjósetningarbúnaður (R 12)

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Sjósetningarbúnaður skal þannig staðsettur að tryggt sé að sjósetning sé örugg og að sérstakt tillit sé tekið til afstöðu til skráfu skipsins og allra staða þar sem bolur skipsins fláar inn, þannig að sjósetja megi björgunarför niður lóðréttar síður skipsins. Ef sjósetningarbúnaðurinn er staðsettur í framskipi skal hann þó staðsettur fyrir aftan stafnþil (árekstrarþil), á vörðu svæði.

7 Staðsetning björgunarfara (R 13 + 23)

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Hvert björgunarfara skal staðsett:
- a) þannig að hvorki björgunarfarið né staðsetning þess hafi áhrif á sjósetningu annarra björgunarfara;
 - b) eins nálægt vatnslínu og unnt er á raunhæfan hátt; hæð bátsuglu fyrir sjósetningu björgunarfars með bátsuglum í efstu hangandi stöðu skal ekki vera meira en 15 metra yfir vatnslínu skipsins í léttasta hleðsluástandi ef við verður komið og skal björgunarfarið í hangandi stöðu vera yfir sjó þótt skipið sé fullhlaðið og stafnhalli óhagstæður og þótt ný skip halli 20 gráður á hvort borðið sem er og gömul skip 15 gráður á hvort borðið sem er eða fari að þeim halla þar sem veðurþilfar skipsins fer undir vatnslínu, eftir því hvort hornið er minna;
 - c) þannig að tveir skipverjar geti búið björgunarfarið til sjósetningar innan 5 mínútna;
 - d) eins langt fyrir framan skráfur skipsins og raunhæft er; og
 - e) að þau séu fullbúin samkvæmt ákvæðum viðkomandi SOLAS-reglna, nema undanþiggja megi viðbótarbjörgunarflækana, sem eru skilgreindir í 2. athugasemd við töflu í reglu III/2, sumum SOLAS-reglum um búnað eins og fram kemur í þeirri athugasemd.
- .2 Lífbátar skulu geymdir fastir við sjósetningarbúnað sinn og á farþegaskipum 80 metra að lengd eða lengri skulu lífbátar þannig festir að afturendi þeirra sé að minnsta kosti 1,5 sinnum lengd þeirra fyrir framan skráfur skipsins.

- .3 Hver björgunarfleki skal geymdur:
 - a) með fanglínu tengda við skipið;
 - b) með búnaði sem er í samræmi við ákvæði SOLAS-reglu III/38.6 er geri björgunarfleka kleift að fljóta upp frá skipi og opnast sjálfkrafa þegar skipið sekkur ef hann er uppblásanlegur. Nota má eitt eintak sleppibúnaðar fyrir tvo eða fleiri björgunarfleka svo framarlega sem sleppibúnaðurinn uppfylli ákvæði SOLAS-reglu III/38.6;
 - c) þannig að unnt sé að sjósetja hann með handaflí frá geymslustað.
- .4 Björgunarflekar sem eru sjósettir með bátsuglum skulu geymdir innan seilingar lyftikróka, nema báturinn sé búinn einhvers konar færslubúnaði sem ekki verður óvirkur þrátt fyrir stafnhalla sem nemur allt að 10 gráðum og síðuhalla sem nemur allt að 20 gráðum fyrir ný skip á hvort borð sem er og allt að 15 gráðu síðuhalla á hvort borð fyrir gömul skip, eða vegna hreyfinga skips eða straumrofs.
- .5 Björgunarflekar sem eru ætlaðir til sjósetningar með því að þeim sé varpað fyrir borð skulu þannig staðsettir að auðvelt sé að flytja þá frá borði til borðs á opnum þilförum. Ef ekki er hægt að geyma björgunarflekana á þennan hátt skal skipið búið viðbótarbjörgunarflekum þannig að heildarburðargeta þeirra á hvoru borði skips nemi að minnsta kosti 75% þeirra sem eru um borð.
- .6 Björgunarflekum sem tengjast kerfi til rýmingar skips (MES):
 - a) skal komið fyrir sem næst gámnum sem hýsir MES;
 - b) skal vera unnt að sleppa úr geymsluvöggu með búnaði sem gerir kleift að binda þá við og blása upp þaðan sem farið er um borð í bátana;
 - c) skal komið til sjósetningar sem sérstöku björgunarfari; og
 - d) skulu fylgja fanglínur til að færa þá að flotpallinum.

8 Geymsla léttbáta (R 14)

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Léttbátar skulu geymdir:

- .1 þannig að þeir séu tilbúnir til umsvifalausrar notkunar og sjósetningar innan 5 mínútna;
- .2 á stað sem er hentugur fyrir sjósetningu og til að taka bátinn um borð á ný;
- .3 þannig að hvorki léttbáturinn né geymslubúnaður hans truflí sjósetningu eða beitingu annars björgunarfars við aðra sjósetningarstaði;
- .4 þannig, ef þeir eru einnig lífbátar, að þeir uppfylli ákvæði reglu 7.

9 Fyrirkomulag við sjósetningu og upptöku björgunarfara (R 15)

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Sjósetningarbúnaður, sem uppfyllir ákvæði SOLAS-reglu III/48, skal vera á hverju björgunarfari, nema:

.1 AÐ ÞVÍ ER VARÐAR GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- a) í björgunarförum sem farið er um borð í frá þilfari sem er innan við 4,5 metra yfir vatnslínu í léttasta hleðsluástandi skips og sem annaðhvort:
 - hafa massa sem er undir 185 kg; eða
 - eru geymd til sjósetningar beint frá geymslustað þrátt fyrir óhagstæðan stafnhalla skips allt að 10 gráðum og allt að 20 gráðu síðuhalla á hvort borð fyrir ný skip og allt að 15 gráðu síðuhalla á hvort borð fyrir gömul skip;
- b) í björgunarförum sem eru umfram þau björgunarför sem hafa heildarburðargetu sem nemur 110% allra sem eru um borð; og
- c) sem eru um borð til notkunar í tengslum við MES.

.2 AÐ ÞVÍ ER VARÐAR NÝ SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

þar sem stjórnvaldi fánaríkisins er heimilt að samþykkja kerfi þar sem gert er ráð fyrir að farið sé beint um borð í björgunarflekana, með fyrirvara um að veðurfar á líklegu farsviði skips réttlæti að farið sé um borð í björgunarför og léttbáta í öllu óleku og, samkvæmt skilgreiningu, löskuðu ástandi skips og afleiddum stafn- og síðuhalla þegar fríborð milli þess staðar á þilfari sem farið er um borð í bátana og vatnslínu í léttasta hleðsluástandi skips er ekki meira en 4,5 metrar.

- .2 Um borð í hverjum lífbáti skal vera búnaður til sjósetningar og upptöku bátsins.
- .3 Sjósetningar- og upptökubúnaður skal vera þannig staðsettur að sá sem stjórnar honum um borð hafi björgunarfarið ætíð í sjónmáli á meðan á sjósetningu og upptöku lífbáts stendur.
- .4 Aðeins ein gerð sleppibúnaðar skal notuð fyrir samskonar björgunarför um borð í skipi.
- .5 Fallreipi, þar sem þeim er beitt, skulu vera nægjanlega löng til þess að björgunarfarið nái niður í sjó í léttasta hleðsluástandi skips og með óhagstæðan stafnhalla skips allt að 10 gráðum og allt að 20 gráðu síðuhalla á hvort borð fyrir ný skip eða allt að 15 gráðu síðuhalla á hvort borð fyrir gömul skip.
- .6 Undirbúningur og meðhöndlun björgunarfars á einum stað í skipi skal ekki hafa áhrif á skjótan undirbúning og meðhöndlun annars björgunarfars né léttbáts á öðrum stað.
- .7 Tryggt skal að ekki sé hægt að hleypa vatni í bát við sjósetningu.
- .8 Meðan á undirbúningi og sjósetningu stendur skal björgunarfarið og sjósetningarbúnaður þess sem og það svæði sjávar sem björgunarfarið er sjósett í vera nægjanlega upplýst með lýsingu frá neyðar-rafafgjafa sem krafist er samkvæmt ákvæðum reglna II-1/D/3 og II-1/D/4.

10 Fyrirkomulag á því að fara um borð í, sjósetja og taka upp léttbáta (R 16)

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Fyrirkomuleg á því að fara um borð í og sjósetja léttbáta skal vera með þeim hætti að hægt sé að sjósetja léttbátinn og fara um borð í hann á sem skemmstum tíma.
- .2 Hægt á að vera að fara beint um borð í léttbátinn á þeim stað þar sem hann er geymdur og sjósetja hann þaðan með þeim fjölda manna sem eiga að komast um borð í hann.
- .3 Ef léttbáturinn er talinn með í heildarburðargetu björgunarfara og farið er um borð í aðra lífbáta á þilfari skips skal, til viðbótar ákvæðum í lið .2 hér að framan, einnig vera hægt að fara um borð í léttbátinn frá þilfarinu.
- .4 Sjósetningabúnaður skal uppfylla ákvæði reglu 9 hér að framan. Hins vegar skal vera hægt að sjósetja alla léttbáta, þar sem við á með fanglínu, ef skipið er á allt að 5 hnúta hraða áfram í lygnum sjó.

- .5 Uptaka fullhlaðins léttbáts af mönnum og búnaði skal ekki taka nema 5 mínútur í meðalsjólagi. Ef léttbáturinn er talinn með í heildarburðargetu björgunarfara skal unnt að ná fyrrnefndum upptökutíma með öllum búnaði björgunarfara í bátum og samþykktum fjölda um borð sem er að minnsta kosti 6 manns.

11 Neyðarfyrirmæli

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

Upplýsingum um öryggismál skal miðlað til farþega strax fyrir eða eftir brottför skips; í upplýsingum skal að minnsta kosti þeim leiðbeiningum sem krafist er samkvæmt ákvæðum í reglu III/3.2 komið til skila; þeim má miðla um kallerfi skipsins eða á annan viðeigandi hátt.

12 Ástand búnaðar, viðhald og skoðanir (R 19)

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Allur björgunarbúnaður skips skal vera í lagi og reiðubúinn til notkunar áður en skip leggur úr höfn og ávallt þegar það er á siglingu.
- .2 Viðhald og eftirlit með björgunarbúnaði skal fara fram í samræmi við ákvæði SOLAS-reglu III/19.

13 Þjálfun og björgunaræfingar (R 18 + R 25)

NÝ OG GÖMUL SKIP Í FLOKKI B, C OG D:

- .1 Haldin skal björgunar- og brunaæfing vikulega.
- Hver skipverji skal taka þátt í að minnsta kosti einni björgunaræfingu og brunaæfingu mánaðarlega. Halda skal slíkar æfingar fyrir brottför skips ef fjórðungur áhafnar eða fleiri hafa ekki tekið þátt í björgunar- og brunaæfingum í mánuðinum næst á undan.
- .2 Ef farþegar eru ekki boðaðir til söfnunarstöðva við brottför skips þá ber að vekja athygli þeirra á neyðarfyrirmælum sem krafist er samkvæmt reglu 3.3.
- .3 Björgunaræfingar skulu ná til allra þátta sem krafist er samkvæmt ákvæðum SOLAS-reglu III/18.3.4.
- .4 Líf- og léttbátar skulu sjósettir við samfelldar æfingar samkvæmt ákvæðum SOLAS-reglu III/18, liðum .3.5, .3.7, .3.8, .3.9 og .3.10.
- .5 Áhöfn skal fá þjálfun og leiðbeiningar um borð samkvæmt ákvæðum SOLAS-reglu III/18.4.

II. VIÐAUKI

Skrár og kort yfir hafsvæði við Ísland þar sem viðmiðanir varðandi flokka, sem er að finna í 4. gr., eru lagðar til grundvallar.

KAFLI I

Hafsvæði þar sem rekstur er allt árið.

(Tilvísunarkort: Sjósmælingar Íslands 42, gefið út 1946; 41, gefið út 1983; 46, gefið út 1977; 57, gefið út 1977; og 74, gefið út 1964, byggt á viðmiðunarpunkti í Hjörsey; Sjósmælingar Íslands 72, gefið út 1980; Royal Danish Hydrographic Office 54, gefið út 1948; og 73, gefið út 1944, byggt á viðmiðunarpunkti í Reykjavík; og Sjósmælingar Íslands 365, gefið út 1997; 55, gefið út 1995; og 62, gefið út 1993, byggt á viðmiðunarpunkti WGS84.)

Lýsing á hafsvæði A:

Hafsvæðið er fyrir utan hafsvæðið B, þ.e. meira en 20 mílur frá grunnlínunni, sem dregin er á milli eftirfarandi landfræðilegra staða, byggt á lögum um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979:

(1)	66°27'.4 N,	22°24'.3 V	(Horn)
(2)	66°08'.1 N,	20°11'.0 V	(Ásbúðarrif)
(3)	66°11'.9 N,	18°49'.9 V	(Siglunes)
(4)	66°10'.3 N,	17°50'.3 V	(Flatey)
(5)	66°17'.8 N,	17°06'.8 V	(Lágey)
(6)	66°30'.7 N,	16°32'.4 V	(Rauðinúpur)
(7)	66°32'.3 N,	16°11'.8 V	(Rifstangi)
(8)	66°32'.2 N,	16°01'.5 V	(Hraunhafnartangi)
(9)	66°22'.7 N,	14°31'.9 V	(Langanes)
(10)	65°30'.5 N,	13°36'.3 V	(Glettinganes)
(11)	65°10'.0 N,	13°30'.8 V	(Norðfjarðarhorn)
(12)	65°04'.7 N,	13°29'.6 V	(Gerpir)
(13)	64°58'.9 N,	13°30'.6 V	(Hólmur)
(14)	64°57'.7 N,	13°31'.5 V	(Setusker)
(15)	64°54'.1 N,	13°36'.8 V	(Þursaker)
(16)	64°35'.2 N,	14°01'.5 V	(Ystiboði)
(17)	64°32'.8 N,	14°07'.0 V	(Selsker)
(18)	64°23'.9 N,	14°28'.0 V	(Hvítingar)
(19)	64°14'.1 N,	14°58'.4 V	(Stokknes)
(20)	64°01'.7 N,	15°58'.7 V	(Hrollaugseyjar)
(21)	63°55'.7 N,	16°11'.3 V	(Tvísker)
(22)	63°47'.8 N,	16°38'.5 V	(Ingólfshöfði)
(23)	63°44'.1 N,	17°33'.5 V	(Hvalsíki)
(24)	63°32'.4 N,	17°55'.6 V	(Meðallandssandur I)
(25)	63°30'.6 N,	17°59'.9 V	(Meðallandssandur II)
(26)	63°27'.4 N,	18°11'.8 V	(Mýrnatangi)
(27)	63°23'.4 N,	18°42'.8 V	(Kötlutangi)
(28)	63°23'.5 N,	19°07'.5 V	(Lundadrangur)
(29)	63°17'.7 N,	20°36'.2 V	(Surtsey)
(30)	63°43'.8 N,	22°59'.4 V	(Eldeyjardrangur)
(31)	63°40'.7 N,	23°17'.1 V	(Geirfugladrangur)
(32)	64°51'.3 N,	24°02'.5 V	(Skálasnagi)
(33)	65°30'.2 N,	24°32'.1 V	(Bjargtangar)
(34)	65°48'.4 N,	24°06'.0 V	(Kópanes)
(35)	66°03'.7 N,	23°47'.4 V	(Barði)
(36)	66°25'.7 N,	23°08'.4 V	(Straumnes)
(37)	66°28'.3 N,	22°55'.5 V	(Kögur)
(38)	66°27'.9 N,	22°28'.2 V	(Horn)

Þaðan til staðar (1).

Til viðbótar skal mæla 20 mflurnar frá eftirfarandi landfræðilegum stöðum:

(39)	66°34'.1 N,	18°01'.6 V	(Grímsey)
(40)	64°35'.8 N,	13°16'.6 V	(Hvalbakur)

Lýsing á hafsvæði B:

Ytri mörk hafsvæðis B er lína, sem er á hverjum stað 20 mílur frá næsta stað grunnlínunnar og stöðum sem eru tilgreindir í lýsingu á hafsvæði A hér að framan. Innri mörk hafsvæðis B eru annað hvort strandlengjan eða ytri mörk hafsvæða C þar sem slíkum hafsvæðum er komið á.

Lýsing á hafsvæðum C:

Eftirfarandi hafsvæðum C er komið á:

(a) Reykjavík

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(41)	64°09'.91 N,	22°01'.34 V	(Gróttuviti)
(42)	64°10'.42 N	21°58'.00 V	(Akurey)
(43)	64°10'.51 N	21°55'.48 V	(Engy)
(44)	64°10'.50 N	21°52'.35 V	(Viðey)
(45)	64°10'.42 N	21°49'.21 V	(Geldinganes)
(46)	64°11'.15 N	21°47'.57 V	(Þerney)
(47)	64°11'.60 N	21°46'.21 V	(Álfsnes)
(48)	64°12'.16 N	21°45'.91 V	(Kjalarnes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (41)

(b) Hvalfjörður

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(49)	64°19'.05 N	21°52'.57 V	(Skvömp)
(50)	64°17'.55 N	21°49'.56 V	(Hjarðarnes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (49)

(c) Breiðafjörður

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(51)	65°00'.05 N	22°58'.70 V	(Bjarnarhafnarfjall)
(52)	65°20'.60 N	22°58'.70 V	
(53)	65°29'.00 N	23°14'.70 V	(Haugaklettur)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (51)

(d) Patreksfjarðarflói

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(54)	65°36'.60 N	24°09'.90 V	(Ólafsviti)
(55)	65°41'.07 N	24°02'.30 V	(Hvalvíkurnes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (54)

(e) Arnarfjörður

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(56)	65°44'.30 N	23°47'.56 V	(Hólstangi)
(57)	65°46'.78 N	23°43'.13 V	(Álftamýri)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (56)

(f) Dýrafjörður

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(58)	65°54'.28 N	23° 41'.07 V	(Arnardalur)
(59)	65°56'.03 N	23° 38'.63 V	(Alviðra)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (58)

(g) **Öfundarfjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(60)	66°02'.92 N	23° 37'.64 V
(61)	66°04'.55 N	23° 34'.67 V

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (60)

(h) **Ytra Ísafjarðardjúp**

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(62)	66°09'.14 N	23°12'.47 V	(Óshólaviti)
(63)	66°13'.76 N	22°58'.63 V	(Bjarnarnúpur)

Þaðan eftir strandlengjunni að:

(64)	66°06'.35 N	22°35'.18 V	(Unaðsdalur)
(65)	66°03'.37 N	22°40'.62 V	(Hólmur)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (62)

(i) **Húnaflói**

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(66)	65°44'.76 N	21°20'.32 V	(Hvalshöfði)
(67)	65°35'.56 N	21°17'.28 V	(Ennishöfði)
(68)	65°45'.42 N	20°16'.30 V	(Syðri-Ey)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (66)

(j) **Skagafjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(69)	65°53'.11 N	19°44'.28 V	(Reykjadiskur)
(70)	65°57'.99 N	19°30'.64 V	(Kögur á Þórðarhöfða)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (69)

(k) **Ytri Eyjafjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(71)	66°03'.32 N	18°31'.40 V
(72)	66°03'.47 N	18°18'.24 V

Þaðan eftir strandlengjunni að:

(73)	65°56'.59 N	18°12'.00 V	(Höfði)
(74)	65°59'.04 N	18°20'.94 V	(Hrísey)

Þaðan eftir strandlengjunni á Hrísey að:

(75)	65°59'.29 N	18°24'.18 V	(Saltnes á Hrísey)
(76)	65°57'.06 N	18°23'.38 V	(Helluhöfði)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (71)

(l) **Skjálfandi**

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(77)	66°02'.47 N	17°41'.74 V	(Lendingaklettur)
(78)	66°03'.12 N	17°21'.75 V	(Húsavíkurviti)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (77)

(m) **Vopnafjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(79)	65°52'.21 N	14°42'.79 V	(Ljósalandsvík)
(80)	65°45'.73 N	14°31'.01 V	(Blikar)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (79)

(n) **Loðmundarfjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(81) 65°21'.63 N 13°42'.96 V (Kögur)

(82) 65°19'.99 N 13°43'.60 V (Borgarnes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (81)

(o) **Seyðisfjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(83) 65°19'.15 N 13°44'.76 V

(84) 65°17'.84 N 13°42'.46 V (Skálanes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (83)

(p) **Mjóifjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(85) 65°12'.98 N 13°39'.41 V (Eldleysa)

(86) 65°11'.73 N 13°39'.27 V (Hafnartangi)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (85)

(q) **Norðfjarðarfloi**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(87) 65°10'.53 N 13°37'.49 V (Nípa)

(88) 65°10'.20 N 13°31'.10 V (Norðfjarðarhorn)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (87)

(r) **Reyðarfjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(89) 64°59'.20 N 13°40'.21 V (Haugatangi)

(90) 64°56'.24 N 13°43'.15 V (Vestan við Vattarnes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (89)

(s) **Fáskrúðsfjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(91) 64°54'.34 N 13°45'.21 V

(92) 64°52'.48 N 13°46'.04 V (Hafnarnes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (91)

(t) **Berufjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(93) 64°41'.29 N 14°13'.72 V (Karlstaðartangaviti)

(94) 64°39'.91 N 14°15'.56 V (Langitangi)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (93)

Lýsing á hafsvæðum D:

Eftirfarandi hafsvæðum D er komið á:

(u) **Innra Ísafjarðardjúp**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(95) 66°03'.37 N 22°40'.62 V (Hólmur)

(96) 66°06'.35 N 22°35'.18 V (Unaðsdalur)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (95)

(v) **Innri Eyjafjörður**


Hafsvæðið afmarkast af línum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(97) 65°57'.06 N 18°23'.38 V (Helluhöfði)
 (98) 65°59'.29 N 18°24'.18 V (Saltnes á Hrísey)

Þaðan eftir ströndlengjunni á sunnanverðri Hrísey að:

(99) 65°59'.04 N 18°20'.94 V (Hrísey)
 (100) 65°56'.59 N 18°12'.00 V (Höfði)

Þaðan eftir ströndlengjunni að stað (97)



KAFLI II

Hafsvæði þar sem rekstur er á tímabilinu frá 1. maí til 30. september ár hvert.

(Tilvísunarkort: Sjósmælingar Íslands 42, gefið út 1946; 41, gefið út 1983; 46, gefið út 1977; 57, gefið út 1977; og 74, gefið út 1964, byggt á viðmiðunarpunkti í Hjörsey; Sjósmælingar Íslands 72, gefið út 1980; Royal Danish Hydrographic Office 54, gefið út 1948; og 73, gefið út 1944, byggt á viðmiðunarpunkti í Reykjavík; og Sjósmælingar Íslands 365, gefið út 1997; 55, gefið út 1995; og 62, gefið út 1993, byggt á viðmiðunarpunkti WGS84.)

Lýsing á hafsvæði A:

Hafsvæðið er fyrir utan hafsvæðið B, þ.e. meira en 20 mílur frá grunnlínunni, sem dregin er á milli eftirfarandi landfræðilegra staða, byggt á lögum um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979:

(1)	66°27'.4 N,	22°24'.3 V	(Horn)
(2)	66°08'.1 N,	20°11'.0 V	(Ásbúðarrif)
(3)	66°11'.9 N,	18°49'.9 V	(Siglunes)
(4)	66°10'.3 N,	17°50'.3 V	(Flatey)
(5)	66°17'.8 N,	17°06'.8 V	(Lágey)
(6)	66°30'.7 N,	16°32'.4 V	(Rauðinúpur)
(7)	66°32'.3 N,	16°11'.8 V	(Rifstangi)
(8)	66°32'.2 N,	16°01'.5 V	(Hraunhafnartangi)
(9)	66°22'.7 N,	14°31'.9 V	(Langanes)
(10)	65°30'.5 N,	13°36'.3 V	(Glettinganes)
(11)	65°10'.0 N,	13°30'.8 V	(Norðfjarðarhorn)
(12)	65°04'.7 N,	13°29'.6 V	(Gerpir)
(13)	64°58'.9 N,	13°30'.6 V	(Hólmur)
(14)	64°57'.7 N,	13°31'.5 V	(Setusker)
(15)	64°54'.1 N,	13°36'.8 V	(Þursaker)
(16)	64°35'.2 N,	14°01'.5 V	(Ystiboði)
(17)	64°32'.8 N,	14°07'.0 V	(Selsker)
(18)	64°23'.9 N,	14°28'.0 V	(Hvítingar)
(19)	64°14'.1 N,	14°58'.4 V	(Stokknes)
(20)	64°01'.7 N,	15°58'.7 V	(Hrollaugseyjar)
(21)	63°55'.7 N,	16°11'.3 V	(Tvísker)
(22)	63°47'.8 N,	16°38'.5 V	(Ingólfshöfði)
(23)	63°44'.1 N,	17°33'.5 V	(Hvalsíki)
(24)	63°32'.4 N,	17°55'.6 V	(Meðallandssandur I)
(25)	63°30'.6 N,	17°59'.9 V	(Meðallandssandur II)
(26)	63°27'.4 N,	18°11'.8 V	(Mýrnatangi)
(27)	63°23'.4 N,	18°42'.8 V	(Kötlutangi)
(28)	63°23'.5 N,	19°07'.5 V	(Lundadrangur)
(29)	63°17'.7 N,	20°36'.2 V	(Surtsey)
(30)	63°43'.8 N,	22°59'.4 V	(Eldeydrangur)
(31)	63°40'.7 N,	23°17'.1 V	(Geirfugladrangur)
(32)	64°51'.3 N,	24°02'.5 V	(Skálasnagi)
(33)	65°30'.2 N,	24°32'.1 V	(Bjargtangar)
(34)	65°48'.4 N,	24°06'.0 V	(Kópanes)
(35)	66°03'.7 N,	23°47'.4 V	(Barði)
(36)	66°25'.7 N,	23°08'.4 V	(Straumnes)
(37)	66°28'.3 N,	22°55'.5 V	(Kögur)
(38)	66°27'.9 N,	22°28'.2 V	(Horn)

Þaðan til staðar (1).

Til viðbótar skal mæla 20 mílurnar frá eftirfarandi landfræðilegum stöðum:

(39)	66°34'.1 N,	18°01'.6 V	(Grímsey)
(40)	64°35'.8 N,	13°16'.6 V	(Hvalbakur)

Lýsing á hafsvæði B:

Ytri mörk hafsvæðis B er lína, sem er á hverjum stað 20 mílur frá næsta stað grunnlínunnar og stöðum sem eru tilgreindir í lýsingu á hafsvæði A hér að framan. Innri mörk hafsvæðis B eru annað hvort strandlengjan eða ytri mörk hafsvæða C þar sem slíkum hafsvæðum er komið á.

Lýsing á hafsvæðum C:

Ytri mörk hafsvæðis C er lína, sem er tilgreind í lýsingu á hafsvæðum C hér á eftir. Innri mörk hafsvæðis C eru annað hvort strandlengjan eða ytri mörk hafsvæða D þar sem slíkum hafsvæðum er komið á.

Eftirfarandi hafsvæðum C er komið á:

(a) Faxaflói

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(41)	64°04'.91 N,	22°41'.40 V	(Garðskagaviti)
(42)	64°16'.93 N,	22°22'.35 V	
(43)	64°30'.79 N,	22°22'.35 V	(Hjörsey)

Þaðan eftir strandlengjunni og ytri mörkum hafsvæða D að stað (41)

(b) Ytri Breiðafjörður

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(44)	64°55'.13 N	23°55'.31 V	(Brimnes)
(45)	65°00'.00 N,	23°55'.31 V	
(46)	65°14'.00 N,	23°19'.00 V	
(47)	65°25'.03 N,	23°42'.49 V	(Ytranes)

Þaðan eftir strandlengjunni og ytri mörkum hafsvæða D að stað (44)

(c) Ytri Patreksfjarðarflói

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(48)	65°38'.35 N,	24°19'.40 V	(Blakksnes)
(49)	65°48'.40 N,	24°06'.00 V	(Kópanes)

Þaðan eftir strandlengjunni og ytri mörkum hafsvæða D að stað (48)

(d) Ytri Arnarfjörður og Dýrafjörður

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(49)	65°48'.40 N,	24°06'.00 V	(Kópanes)
(50)	66°03'.70 N,	23°47'.40 V	(Barði)

Þaðan eftir strandlengjunni og ytri mörkum hafsvæða D að stað (49)

(e) Ytri Önundarfjörður, Súgandafjörður og Ísafjarðardjúp

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(50)	66°03'.70 N,	23°47'.40 V	(Barði)
(51)	66°25'.70 N,	23°08'.40 V	(Straumnes)

Þaðan eftir strandlengjunni og ytri mörkum hafsvæða D að stað (50)

(f) Húnaflói að Lónsvík

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(52)	66°15'.29 N,	21°57'.84 V	(Drangaskörð)
(53)	66°15'.29 N,	21°41'.97 V	
(54)	66°02'.02 N	21°07'.59 V	
(55)	65°37'.53 N	21°07'.59 V	
(56)	65°46'.84 N	20°42'.50 V	
(57)	65°43'.19 N	20°28'.28 V	
(58)	66°10'.29 N	20°28'.28 V	
(59)	66°10'.29 N	20°01'.41 V	
(60)	65°58'.71 N	19°42'.72 V	
(61)	66°16'.74 N	18°55'.65 V	
(62)	66°11'.49 N	18°28'.59 V	

(63)	66°11'.09 N	17°44'.80 V	
(64)	66°07'.21 N	17°35'.20 V	
(65)	66°18'.33 N	17°13'.20 V	
(66)	66°13'.17 N	16°48'.84 V	
(67)	66°15'.56 N	16°37'.04 V	
(68)	66°35'.35 N	16°37'.04 V	
(69)	66°35'.35 N	15°52'.75 V	
(70)	66°17'.14 N	15°28'.89 V	
(71)	66°27'.30 N	14°55'.43 V	
(72)	66°27'.30 N	14°22'.71 V	
(73)	66°19'.91 N	14°22'.71 V	
(74)	66°14'.66 N	14°45'.59 V	
(75)	66°07'.61 N	14°45'.59 V	
(76)	66°07'.61 N	14°28'.73 V	
(77)	65°50'.25 N	14°28'.73 V	
(78)	65°50'.25 N	14°06'.98 V	
(79)	65°44'.30 N	14°06'.98 V	
(80)	65°35'.70 N	13°29'.81 V	
(81)	64°58'.91 N	13°22'.55 V	
(82)	64°19'.33 N	14°32'.29 V	
(83)	64°19'.33 N	14°55'.13 V	(Papósfjara)

Þaðan eftir strandlengjunni og ytri mörkum hafsvæða D að stað (52)

Lýsing á hafsvæðum D:

Eftirfarandi hafsvæðum D er komið á:

(g) Reykjavík

Hafsvæðið afmarkast af línun sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(84)	64°09'.91 N,	22°01'.34 V	(Gróttuviti)
(85)	64°10'.42 N	21°58'.00 V	(Akurey)
(86)	64°10'.51 N	21°55'.48 V	(Engey)
(87)	64°10'.50 N	21°52'.35 V	(Viðey)
(88)	64°10'.42 N	21°49'.21 V	(Geldinganes)
(89)	64°11'.15 N	21°47'.57 V	(Þerney)
(90)	64°11'.60 N	21°46'.21 V	(Álfsnes)
(91)	64°12'.16 N	21°45'.91 V	(Kjalarnes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (84)

(h) Hvalfjörður

Hafsvæðið afmarkast af línun sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(92)	64°19'.05 N	21°52'.57 V	(Skvömp)
(93)	64°17'.55 N	21°49'.56 V	(Hjarðarnes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (92)

(i) Innri Breiðafjörður

Hafsvæðið afmarkast af línun sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(94)	65°00'.05 N	22°58'.70 V	(Bjarnarhafnarfjall)
(95)	65°20'.60 N	22°58'.70 V	
(96)	65°29'.00 N	23°14'.70 V	(Haugaklettur)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (94)

(j) Innri Patreksfjarðarflói

Hafsvæðið afmarkast af línun sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(97)	65°36'.60 N	24°09'.90 V	(Ólafsviti)
(98)	65°41'.07 N	24°02'.30 V	(Hvalvíkurnes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (97)

(k) Innri Arnarfjörður

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(99) 65°44'.30 N 23°47'.56 V (Hólstangi)

(100) 65°46'.78 N 23°43'.13 V (Álftamýri)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (99)

(l) Innri Dýrafjörður

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(101) 65°54'.28 N 23° 41'.07 V (Arnardalur)

(102) 65°56'.03 N 23° 38'.63 V (Alviðra)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (101)

(m) Innri Öundurafjörður

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(103) 66°02'.92 N 23° 37'.64 V

(104) 66°04'.55 N 23° 34'.67 V

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (103)

(n) Innra Ísafjarðardjúp

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(105) 66°09'.14 N 23°12'.47 V (Óshólaviti)

(106) 66°03'.37 N 22°40'.62 V (Hólmur)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (105)

(o) Húnaflói

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(107) 65°44'.76 N 21°20'.32 V (Hvalshöfði)

(108) 65°35'.56 N 21°17'.28 V (Ennishöfði)

(109) 65°45'.42 N 20°16'.30 V (Syðri-Ey)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (107)

(p) Skagafjörður

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(110) 65°53'.11 N 19°44'.28 V (Reykjadiskur)

(111) 65°57'.99 N 19°30'.64 V (Kögur á Þórðarhöfða)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (110)

(q) Eyjafjörður

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(112) 66°03'.32 N 18°31'.40 V

(113) 66°03'.47 N 18°18'.24 V

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (112)

(r) Skjálfandi

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(114) 66°02'.47 N 17°41'.74 V (Lendingaklettur)

(115) 66°03'.12 N 17°21'.75 V (Húsavíkurviti)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (114)

(s) Vopnafjörður

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(116) 65°52'.21 N 14°42'.79 V (Ljósalandsvík)

(117) 65°45'.73 N 14°31'.01 V (Blikar)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (116)

(t) **Loðmundarfjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(118)	65°21'.63 N	13°42'.96 V	(Kögur)
(119)	65°19'.99 N	13°43'.60 V	(Borgarnes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (118)

(u) **Seyðisfjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(120)	65°19'.15 N	13°44'.76 V	
(121)	65°17'.84 N	13°42'.46 V	(Skálanes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (120)

(v) **Mjóifjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(122)	65°12'.98 N	13°39'.41 V	(Eldleysa)
(123)	65°11'.73 N	13°39'.27 V	(Hafnartangi)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (122)

(w) **Norðfjarðarfloi**

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(124)	65°10'.53 N	13°37'.49 V	(Nípa)
(125)	65°10'.20 N	13°31'.10 V	(Norðfjarðarhorn)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (124)

(x) **Reyðarfjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(126)	64°59'.20 N	13°40'.21 V	(Haugatangi)
(127)	64°56'.24 N	13°43'.15 V	(Vestan við Vattarnes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (127)

(y) **Fáskrúðsfjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(128)	64°54'.34 N	13°45'.21 V	
(129)	64°52'.48 N	13°46'.04 V	(Hafnarnes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (128)

(z) **Berufjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:


(130)	64°41'.29 N	14°13'.72 V	(Karlstaðartangaviti)
(131)	64°39'.91 N	14°15'.56 V	(Langitangi)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (130)



SIGLINGASTOFNUN ÍSLANDS

1. MAÍ TIL 30. SEPTEMBER



KAFLI III

Hafsvæði þar sem rekstur er á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert.

(Tilvísunarkort: Sjósmælingar Íslands 42, gefið út 1946; 41, gefið út 1983; 46, gefið út 1977; 57, gefið út 1977; og 74, gefið út 1964, byggt á viðmiðunarpunkti í Hjörsey; Sjósmælingar Íslands 72, gefið út 1980; Royal Danish Hydrographic Office 54, gefið út 1948; og 73, gefið út 1944, byggt á viðmiðunarpunkti í Reykjavík; og Sjósmælingar Íslands 365, gefið út 1997; 55, gefið út 1995; og 62, gefið út 1993, byggt á viðmiðunarpunkti WGS84.)

Lýsing á hafsvæði A:

Hafsvæðið er fyrir utan hafsvæðið B, þ.e. meira en 20 mílur frá grunnlínunni, sem dregin er á milli eftirfarandi landfræðilegra staða, byggt á lögum um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979:

(1)	66°27'.4 N,	22°24'.3 V	(Horn)
(2)	66°08'.1 N,	20°11'.0 V	(Ásbúðarrif)
(3)	66°11'.9 N,	18°49'.9 V	(Siglunes)
(4)	66°10'.3 N,	17°50'.3 V	(Flatey)
(5)	66°17'.8 N,	17°06'.8 V	(Lágey)
(6)	66°30'.7 N,	16°32'.4 V	(Rauðinúpur)
(7)	66°32'.3 N,	16°11'.8 V	(Rifstangi)
(8)	66°32'.2 N,	16°01'.5 V	(Hraunhafnartangi)
(9)	66°22'.7 N,	14°31'.9 V	(Langanes)
(10)	65°30'.5 N,	13°36'.3 V	(Glettinganes)

(11)	65°10'.0 N,	13°30'.8 V	(Norðfjarðarhorn)
(12)	65°04'.7 N,	13°29'.6 V	(Gerpir)
(13)	64°58'.9 N,	13°30'.6 V	(Hólmur)
(14)	64°57'.7 N,	13°31'.5 V	(Setusker)
(15)	64°54'.1 N,	13°36'.8 V	(Pursasker)
(16)	64°35'.2 N,	14°01'.5 V	(Ystiboði)
(17)	64°32'.8 N,	14°07'.0 V	(Selsker)
(18)	64°23'.9 N,	14°28'.0 V	(Hvítingar)
(19)	64°14'.1 N,	14°58'.4 V	(Stokknes)
(20)	64°01'.7 N,	15°58'.7 V	(Hrollaugseyjar)
(21)	63°55'.7 N,	16°11'.3 V	(Tvísker)
(22)	63°47'.8 N,	16°38'.5 V	(Ingólfshöfði)
(23)	63°44'.1 N,	17°33'.5 V	(Hvalsíki)
(24)	63°32'.4 N,	17°55'.6 V	(Meðallandssandur I)
(25)	63°30'.6 N,	17°59'.9 V	(Meðallandssandur II)
(26)	63°27'.4 N,	18°11'.8 V	(Mýrmatangi)
(27)	63°23'.4 N,	18°42'.8 V	(Köttlutangi)
(28)	63°23'.5 N,	19°07'.5 V	(Lundadrangur)
(29)	63°17'.7 N,	20°36'.2 V	(Surtsey)
(30)	63°43'.8 N,	22°59'.4 V	(Eldeyjardrangur)
(31)	63°40'.7 N,	23°17'.1 V	(Geirflugladrangur)
(32)	64°51'.3 N,	24°02'.5 V	(Skálasnagi)
(33)	65°30'.2 N,	24°32'.1 V	(Bjargtangar)
(34)	65°48'.4 N,	24°06'.0 V	(Kópanes)
(35)	66°03'.7 N,	23°47'.4 V	(Barði)
(36)	66°25'.7 N,	23°08'.4 V	(Straumnes)
(37)	66°28'.3 N,	22°55'.5 V	(Kögur)
(38)	66°27'.9 N,	22°28'.2 V	(Horn)

Þaðan til staðar (1).

Til viðbótar skal mæla 20 mílurnar frá eftirfarandi landfræðilegum stöðum:

(39)	66°34'.1 N,	18°01'.6 V	(Grímsey)
(40)	64°35'.8 N,	13°16'.6 V	(Hvalbakur)

Lýsing á hafsvæði B:

Ytri mörk hafsvæðis B er lína, sem er á hverjum stað 20 mílur frá næsta stað grunnlínunnar og stöðum sem eru tilgreindir í lýsingu á hafsvæði A hér að framan. Innri mörk hafsvæðis B eru annaðhvort strandlengjan eða ytri mörk hafsvæða C þar sem slíkum hafsvæðum er komið á.

Lýsing á hafsvæði C:

Ytri mörk hafsvæðis C er lína, sem er tilgreind í lýsingu á hafsvæði C hér á eftir. Innri mörk hafsvæðis C eru annaðhvort strandlengjan eða ytri mörk hafsvæða D þar sem slíkum hafsvæðum er komið á. Eftirfarandi hafsvæði C er komið á:

(a) Reykjanes að Lónsvík

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(41)	63°50'.09 N,	22°43'.03 V	(Litla Sandvík)
(42)	63°58'.90 N,	22°56'.32 V	
(43)	64°10'.92 N,	22°47'.40 V	
(44)	64°10'.92 N,	23°21'.74 V	
(45)	64°13'.47 N,	22°13'.94 V	
(46)	64°22'.48 N,	22°13'.94 V	
(47)	64°41'.92 N,	22°37'.56 V	
(48)	64°41'.92 N,	24°08'.83 V	
(49)	64°55'.12 N,	24°08'.83 V	
(50)	65°11'.30 N,	23°31'.15 V	

(51)	65°21'.08 N,	23°52'.34 V	
(52)	65°21'.08 N	23°52'.34 V	
(53)	65°29'.06 N	24°45'.24 V	
(54)	66°15'.95 N,	23°36'.72 V	
(55)	66°15'.95 N,	23°17'.29 V	
(56)	66°31'.23 N,	23°17'.29 V	
(57)	66°31'.23 N,	22°23'.66 V	
(58)	66°02'.02 N,	21°07'.59 V	
(59)	65°37'.53 N	21°07'.59 V	
(60)	65°46'.84 N	20°42'.50 V	
(61)	65°43'.19 N	20°28'.28 V	
(62)	66°10'.29 N	20°28'.28 V	
(63)	66°10'.29 N	20°01'.41 V	
(64)	65°58'.71 N	19°42'.72 V	
(65)	66°16'.74 N	18°55'.65 V	
(66)	66°11'.49 N	18°28'.59 V	
(67)	66°11'.09 N	17°44'.80 V	
(68)	66°07'.21 N	17°35'.20 V	
(69)	66°18'.33 N	17°13'.20 V	
(70)	66°13'.17 N	16°48'.84 V	
(71)	66°15'.56 N	16°37'.04 V	
(72)	66°35'.35 N	16°37'.04 V	
(73)	66°35'.35 N	15°52'.75 V	
(74)	66°17'.14 N	15°28'.89 V	
(75)	66°27'.30 N	14°55'.43 V	
(76)	66°27'.30 N	14°22'.71 V	
(77)	66°19'.91 N	14°22'.71 V	
(78)	66°14'.66 N	14°45'.59 V	
(79)	66°07'.61 N	14°45'.59 V	
(80)	66°07'.61 N	14°28'.73 V	
(81)	65°50'.25 N	14°28'.73 V	
(82)	65°50'.25 N	14°06'.98 V	
(83)	65°44'.30 N	14°06'.98 V	
(84)	65°35'.70 N	13°29'.81 V	
(85)	64°58'.91 N	13°22'.55 V	
(86)	64°19'.33 N	14°32'.29 V	
(87)	64°19'.33 N	14°55'.13 V	(Papósfjara)

Þaðan eftir strandlengjunni og ytri mörkum hafsvæða D að stað (41)

Lýsing á hafsvæðum D:

Eftirfarandi hafsvæðum D er komið á:

(b) **Reykjavík**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(88)	64°09'.91 N,	22°01'.34 V	(Gróttuviti)
(89)	64°10'.42 N	21°58'.00 V	(Akurey)
(90)	64°10'.51 N	21°55'.48 V	(Engey)
(91)	64°10'.50 N	21°52'.35 V	(Viðey)
(92)	64°10'.42 N	21°49'.21 V	(Geldinganes)
(93)	64°11'.15 N	21°47'.57 V	(Þerney)
(94)	64°11'.60 N	21°46'.21 V	(Álfsnes)
(95)	64°12'.16 N	21°45'.91 V	(Kjalarnes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (88)

(c) **Hvalfjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(96) 64°19'.05 N 21°52'.57 V (Skvömp)

(97) 64°17'.55 N 21°49'.56 V (Hjarðarnes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (96)

(d) **Innri Breiðafjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(98) 65°00'.05 N 22°58'.70 V (Bjarnarhafnarfjall)

(99) 65°20'.60 N 22°58'.70 V

(100) 65°29'.00 N 23°14'.70 V (Haugaklettur)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (98)

(e) **Innri Patreksfjarðarfloi**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(101) 65°36'.60 N 24°09'.90 V (Ólafsviti)

(102) 65°41'.07 N 24°02'.30 V (Hvalvíkurmes)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (101)

(f) **Innri Arnarfjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(103) 65°44'.30 N 23°47'.56 V (Hólstangi)

(104) 65°46'.78 N 23°43'.13 V (Álftamýri)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (103)

(g) **Innri Dýrafjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(105) 65°54'.28 N 23° 41'.07 V (Arnardalur)

(106) 65°56'.03 N 23° 38'.63 V (Alviðra)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (105)

(h) **Innri Önundarfjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(107) 66°02'.92 N 23° 37'.64 V

(108) 66°04'.55 N 23° 34'.67 V

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (107)

(i) **Innra Ísafjarðardjúp**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(109) 66°09'.14 N 23°12'.47 V (Óshólaviti)

(110) 66°03'.37 N 22°40'.62 V (Hólmur)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (109)

(j) **Húnaflói**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(111) 65°44'.76 N 21°20'.32 V (Hvalshöfði)

(112) 65°35'.56 N 21°17'.28 V (Ennishöfði)

(113) 65°45'.42 N 20°16'.30 V (Syðri-Ey)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (111)

(k) **Skagafjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(114) 65°53'.11 N 19°44'.28 V (Reykjadiskur)

(115) 65°57'.99 N 19°30'.64 V (Kógur á Þórðarhöfða)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (114)

- (l) **Eyjafjörður**
 Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:
 (116) 66°03'.32 N 18°31'.40 V
 (117) 66°03'.47 N 18°18'.24 V
 Þaðan eftir strandlengjunni að stað (116)
- (m) **Skjálfandi**
 Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:
 (118) 66°02'.47 N 17°41'.74 V (Lendingaklettur)
 (119) 66°03'.12 N 17°21'.75 V (Húsavíkurviti)
 Þaðan eftir strandlengjunni að stað (118)
- (n) **Vopnafjörður**
 Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:
 (120) 65°52'.21 N 14°42'.79 V (Ljósalandsvík)
 (121) 65°45'.73 N 14°31'.01 V (Blikar)
 Þaðan eftir strandlengjunni að stað (120)
- (o) **Loðmundarfjörður**
 Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:
 (122) 65°21'.63 N 13°42'.96 V (Kögur)
 (123) 65°19'.99 N 13°43'.60 V (Borgarnes)
 Þaðan eftir strandlengjunni að stað (122)
- (p) **Seyðisfjörður**
 Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:
 (124) 65°19'.15 N 13°44'.76 V
 (125) 65°17'.84 N 13°42'.46 V (Skálanes)
 Þaðan eftir strandlengjunni að stað (124)
- (q) **Mjóifjörður**
 Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:
 (126) 65°12'.98 N 13°39'.41 V (Eldleysa)
 (127) 65°11'.73 N 13°39'.27 V (Hafnartangi)
 Þaðan eftir strandlengjunni að stað (126)
- (r) **Norðfjarðarflói**
 Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:
 (128) 65°10'.53 N 13°37'.49 V (Nípa)
 (129) 65°10'.20 N 13°31'.10 V (Norðfjarðarhorn)
 Þaðan eftir strandlengjunni að stað (128)
- (s) **Reyðarfjörður**
 Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:
 (130) 64°59'.20 N 13°40'.21 V (Haugatangi)
 (131) 64°56'.24 N 13°43'.15 V (Vestan við Vattarnes)
 Þaðan eftir strandlengjunni að stað (130)
- (t) **Fáskrúðsfjörður**
 Hafsvæðið afmarkast af línnum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:
 (132) 64°54'.34 N 13°45'.21 V
 (133) 64°52'.48 N 13°46'.04 V (Hafnarnes)
 Þaðan eftir strandlengjunni að stað (132)

(u) **Berufjörður**

Hafsvæðið afmarkast af línunum sem tengja eftirfarandi landfræðilega staði:

(134) 64°41'.29 N 14°13'.72 V (Karlstaðartangaviti)


(135) 64°39'.91N 14°15'.56 V (Langitangi)

Þaðan eftir strandlengjunni að stað (134)



SIGLINGASTOFNUN ÍSLANDS

1. JUNÍ TIL 31. AGÚST



REGLUGERÐ

um breytingu á ýmsum reglugerðum vegna reglugerðar nr. 666/2001
um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum og reglugerðar nr. 26/2000
um öryggi fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri.

I. KAFLI

Breyting á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa,
nr. 189/1994, með síðari breytingum.

1. gr.

Grein 1.1. orðist svo:

- 1.1. Ákvæði þessara reglna taka til allra íslenskra skipa og báta, með mestu lengd 6 metra eða meira. Reglurnar taka til gamalla farþegaskipa, sem mega flytja fleiri en 12 farþega í innanlandssiglingum eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar nr. 666/2001, fram að þeim dagsetningum sem mælt er fyrir um í f-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 666/2001. Reglurnar taka þó ekki til nýrra farþegaskipa, sem mega flytja fleiri en 12 farþega í innanlandssiglingum og háhraðafarþegafara, eins og þessi skip og för eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar nr. 666/2001. Reglurnar, að undanskildum ákvæðum 7. gr., ásamt tilheyrandi viðaukum, um losunar- og sjósetningarbúnað uppblásanlegra björgunarfleka (gúmmíbjörgunarbáta), taka heldur ekki til nýrra fiskiskipa, sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, eins og þau eru skilgreind í 1. gr. reglugerðar nr. 26/2000. Nema annað sé sérstaklega tekið fram er lengd skipa, sem er tilgreind í þessum reglum, skráningarlengd, eins og hún er skilgreind í reglugerð nr. 527/1997 fyrir skip styttri en 24 metrar að lengd og 2. gr. reglugerðar nr. 26/2000 fyrir skip sem eru 24 metrar að lengd eða lengri.

2. gr.

Á eftir 22. tölul. 3. mgr. 1. gr. (1.3.) koma tveir nýir töluliðir sem orðast svo:

23. *Farþegaskip* er hvert það skip sem ætlað er að flytja farþega.
24. *Skemmtibátur* er bátur sem ætlaður er til íþróttá og tómsunda.

3. gr.

4. mgr. 5. gr. orðast svo:

- 5.4. *Björgunarför farþegaskipa.*
5.4.1. Á farþegaskipum, sem gildandi alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu, frá 1974, SOLAS 74, með áorðnum breytingum, nær til, skulu vera um borð björgunarför í samræmi við þá samþykkt.
5.4.2. Farþegaskip, önnur en þau sem tilgreind eru í 5.4.1. og eru smíðuð fyrir 1. janúar 2001, skulu hafa björgunarför fyrir minnst 110% þess fjölda manna sem er um borð. Á tímabilinu 1. maí til 30. september ár hvert er þó heimilt að leyfa björgunarför fyrir sama fjölda manna og er um borð.
5.4.3. Farþegaskip, sem sigla á ám eða vötnum, skulu hafa björgunarför fyrir að minnsta kosti þann fjölda manna sem er um borð.

4. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

- 5.5. *Björgunarför skemmtibáta og annarra skipa.*
5.5.1. Skemmtibátar, sem eru 8 m að lengd og lengri, skulu hafa björgunarför fyrir alla um borð.
5.5.2. Siglingastofnun Íslands ákveður hverju sinni hvaða björgunarförum önnur skip skulu búin en þau sem um getur í 5. gr. þessara reglna.

II. KAFLI

**Breyting á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra,
nr. 11/1953, með síðari breytingum.**

5. gr.

Í lok 1. gr. bætist við eftirfarandi málslíður:

Reglurnar taka til gamalla farþegaskipa, sem mega flytja fleiri en 12 farþega í innanlandssiglingum eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar nr. 666/2001, fram að þeim dagsetningum sem mælt er fyrir um í f-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 666/2001. Að undanskildum 206. gr. og 233. gr. í X. kafla gilda þessar reglur ekki um ný fiskiskip, sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, eins og þau eru skilgreind í 1. gr. reglugerðar nr. 26/2000, ný farþegaskip, sem mega flytja fleiri en 12 farþega í innanlandssiglingum og háhraðafarþegaför, eins og þessi skip og för eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar nr. 666/2001.

III. KAFLI

**Breyting á reglum um raforku og raflagnir, nr. 28/1977,
með síðari breytingum.**

6. gr.

Í lok 1. mgr. 1. gr. bætist við eftirfarandi málslíður:

Reglurnar taka til gamalla farþegaskipa, sem mega flytja fleiri en 12 farþega í innanlandssiglingum eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar nr. 666/2001, fram að þeim dagsetningum sem mælt er fyrir um í f-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 666/2001. Reglurnar taka þó ekki til nýrra farþegaskipa, sem mega flytja fleiri en 12 farþega í innanlandssiglingum og háhraðafarþegafora, eins og þessi skip og för eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar nr. 666/2001 og nýrra fiskiskipa, sem eru 24 metrar að lengd eða lengri, eins og þau eru skilgreind í 1. gr. reglugerðar nr. 26/2000.

IV. KAFLI

**Breyting á reglum um björgunar- og öryggisbúnað vöruflutninga-
og farþegaskipa, nr. 3/1987.**

7. gr.

Í lok 1. gr. bætist við eftirfarandi málslíður:

Reglurnar taka til gamalla farþegaskipa, sem mega flytja fleiri en 12 farþega í innanlandssiglingum eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar nr. 666/2001, fram að þeim dagsetningum sem mælt er fyrir um í f-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 666/2001. Reglurnar taka þó ekki til nýrra farþegaskipa, sem mega flytja fleiri en 12 farþega í innanlandssiglingum og háhraðafarþegafora, eins og þessi skip og för eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar nr. 666/2001.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, með síðari breytingum og með hliðsjón af tilskipun ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998, um öryggiskröfur og staðla fyrir farþegaskip og öðlast gildi 1. október 2001.

Samgönguráðuneytinu, 6. september 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 92 – 2001

4. september 2001

1879

Nr. 668

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 660/2000 um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. hljóðar svo:

Úrgangur úr sauðfé og geitfé sem kemur frá sýktu svæði, skv. nánari skilgreiningu yfir dýralæknis, sbr. skilgreiningu á sýktu svæði í reglugerð um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar nr. 651/2001.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðissskoðun og gæðamat á sláturafurðum ásamt síðari breytingum og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim ásamt síðari breytingum.

Landbúnaðarráðuneytinu, 4. september 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 2001

Nr. 669

1880

7. september 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 718, 11. október 2000,
um síldveiðar með vörpu.

1. gr.

Í stað: „15. október“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 9. september.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. september 2001.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 670

7. september 2001

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á grunnslóð við Vestfirði.

1. gr.

Á tímabilinu 9. september til 15. október 2001 eru allar línuveiðar bannaðar á grunnslóð við Vestfirði á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 66°19'80 N – 23°49'00 V | 4. 66°09'80 N – 23°34'00 V |
| 2. 66°14'60 N – 23°24'00 V | 5. 66°04'40 N – 23°46'30 V |
| 3. 66°11'90 N – 23°27'00 V | 6. 66°11'20 N – 24°10'10 V |

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. september 2001.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 94 – 2001

Nr. 671

1882

7. september 2001

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 511/2001 um úthlutun
á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á paprika og selju í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	10.09. – 30.09.01	ótilgr.	30	0
0709.6004	Önnur paprika	10.09. – 16.09.01	ótilgr.	7,5	99
0709.6004	Önnur paprika	17.09. – 30.09.01	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. september 2001.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Sigríður Norðmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 95 – 2001

6. september 2001

1883

Nr. 672

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjahlíð, Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag í Reykjahlíð í Skútustaðahreppi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mývatnssveit, 6. september 2001.

F.h. Skútustaðahrepps,

Sigbjörn Gunnarsson sveitarstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 96 – 2001

Nr. 673

1884

31. ágúst 2001

AUGLÝSING

um svæðisskipulag Héraðssvæðis 1998 - 2010.

Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. ágúst 2001 staðfest svæðisskipulag Héraðssvæðis 1998 - 2010.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar um svæðisskipulag Héraðssvæðis. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Svæðisskipulag þetta öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 31. ágúst 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 674

5. september 2001

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Tómasarhagi 16b.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd, með vísan til 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, breytingu á deiliskipulagi fyrir Tómasarhaga 16b. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Grafarholt, Kirkjustétt 15-21.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd, með vísan til 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, breytingu á deiliskipulagi fyrir Kirkjustétt 15-21. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Álfheimar 74, Glæsibær.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 27. mars 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir Álfheima 74. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 5. september 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, sbr. síðari breytingar.

1. gr.

Felld er úr gildi reglugerð nr. 662/2000 frá 15. september 2000, um breytingu á reglugerð um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, nr. 456/1994, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 7. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 5. september 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

4. september 2001

Nr. 676

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Dalvíkurbyggð.

Deiliskipulag vegna frístundabyggðar í landi Stærri-Árskógar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 29. maí 2001 deiliskipulag frístundabyggðar í landi Stærri-Árskógar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Dalvík, 4. september 2001.

F.h. Dalvíkurbyggðar,

Sveinbjörn Steingrímsson bæjartækniþæðingur.

16. ágúst 2001

Nr. 677

AUGLÝSING

um breytingu á skipulagsskilmálum við Löngumýri 25, Garðabæ.

Breyting á skipulagsskilmálum Löngumýrar 25, Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á skipulagsskilmálum við Löngumýri 25, Garðabæ. Breytingin er sett fram sem viðauki við skipulagsskilmála Hofsstaðamýrar, 2. áfanga. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður um 1 m til vesturs. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 16. ágúst 2001.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu nr. 612 31. júlí 2001.

1. gr.

Við 15. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Jafnframt fellur niður reglugerð um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu nr. 519/1987, sbr. reglugerð 88/1997.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 54 frá 22. maí 1997 um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. september 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Gnúpverjahreppi.

Breytt deiliskipulag tjald- og hjólhýsasvæðis í landi Skriðufells.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Gnúpverjahrepps þann 28. júní 2001, breytingu á deiliskipulagi tjald- og hjólhýsasvæðis í landi Skriðufells í Þjórsárdal.

Breytingin felst í minnkun skipulagssvæðisins, vegna breytts eignarhalds á landi, færslu á byggingarreit fyrir vélageymslu og vinnu- og geymslusvæði Skógræktar ríkisins og breyttum skilmálum fyrir hjólhýsi.

Greinargerð og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag frístundabyggðar við Skriðufell, land Landssímans.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Gnúpverjahrepps þann 28. júní 2001, deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skriðufells í Þjórsárdal.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 3 frístundahúsum, húsi til sameiginlegra nota og tjaldsvæði. Greinargerð og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Árnesi, 3. september 2001.

F.h. Oddvita Gnúpverjahrepps,

Oddur Hermannsson skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjaryfirvalda á Akranesi hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

1. Að biðskylda verði á umferð úr þremur íbúðabotnlöngum við Ásabraut gagnvart umferð á Ásabraut.
 2. Að biðskylda verði á umferð af Leynisbraut gagnvart umferð á Garðagrund og Ásabraut.
 3. Að biðskylda verði á umferð af Höfðagrund gagnvart umferð á Innnesvegi.
 4. Að biðskylda verði á umferð af Þormóðsflöt gagnvart umferð á Garðagrund.
 5. Að biðskylda verði á umferð af Tindaflöt, Steinstaðarflöt og Smáraflöt gagnvart umferð á Þormóðsflöt.
- Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

Sýslumaðurinn á Akranesi, 4. september 2001.

Ólafur P. Hauksson.

AUGLÝSING

um tæknilega tengiskilmála fyrir rafmagnsveitur.

1. Gildissvið.

- 1.1 Þessir tæknilegu tengiskilmálar gilda fyrir tengingu neysluveitna með kerfismálsþennu allt að 1000 V, sem tengd eru við lágspennudreifikerfi rafveitna eða verða tengd við þau.
- 1.2 Um afhendingu á háspennu, svo sem til háspenntra rafskautskatla og mjög stórra iðnaðarhreyfla, skal fara eftir sérsamningi hverju sinni. Í samningi skal m.a. kveða á um gjald fyrir heimtaug, eignaraðild og fyrirkomulag hins háspennna búnaðar, þ.m.t. fyrirkomulag mælingar. Einnig skal gera samning um orkuviðskipti, þar sem kveðið er á um mestu afl- og orkuúttekt, rof og aðra stýringu, ef við á, orkuverð og árlega lágmarksgreiðslu og loks gildistíma samnings. Frá slíkum samningi skal gengið áður en kaup eru fest á tækjum og búnaði.
- 1.3 Skilmálarnir eru settir samkvæmt reglugerðum rafveitna og skulu staðfestir af ráðherra.

2. Spenna og straumtegund.

- 2.1 Lágspennudreifikerfi rafveitna eru að jafnaði rekin með þrífasa riðstraumi, samkvæmt samræmingarskjali (staðli) um málsþennu í lágspennudreifikerfum, SAM HD 472 S1. Samkvæmt því skal málgildi spennu á afhendingarstað rafveitna í enda heimtaugar vera:

- 230 V á milli fasa í þriggja fasa, þriggja leiðara kerfum.
- 230 V á milli fasa og N-leiðara og 400 V á milli fasa í þriggja fasa, fjögurra leiðara kerfum.

Spenna á afhendingarstað rafveitna skal vera á bilinu +6%, -10% miðað við ofangreind málgildi. Eftir árið 2003 skulu mörkin vera $\pm 10\%$. Í strjálbýli er einnig rekið einfasa riðstraumskerfi.

- 2.2 Við gerð virkja og val neyslutækja, sem tengjast við 3~230 V spennukerfi, skal gera ráð fyrir því, að hægt sé að breyta þeim síðar fyrir tengingu við TN-kerfi samkvæmt ofangreindu samræmingarskjali.
- 2.3 Fyrir stóra hreyfla í iðnaðarveitum, dælustöðvum hitaveitna o.fl. getur komið til afhending á hærri spennu, að jafnaði 3N~690 V, eða annarri alþjóðlegri spennu, ef slíkt er hagkvæmt fyrir báða aðila og notandi óskar þess. Kerfismálsþenna slíks kerfis skal þó aldrei vera hærri en 1000 V. Þeir hlutar veitunnar, sem eru til almennrar notkunar skulu reknir á málsþennu samkvæmt grein 2.1.

3. Almenn ákvæði.

3.1 Neysluveita.

- 3.1.1 Eigandi neysluveitu er ábyrgur fyrir nýlögnum, stækkun, breytingu og viðhaldi veitunnar frá tengistað heimtaugar. Undanskilið er viðhald mælitækja vegna raforkusölu.

3.2 Löggiltir rafverktakar.

- 3.2.1 Um störf rafverktaka gilda auk þessara reglna, reglugerð hlutaðeigandi rafveitu og önnur þau fyrirmæli, sem rafveitan þarf eftir atvikum að setja þeim. Ennfremur gilda reglugerð um raforkuvirki, reglugerð um brunavarnir og brunamál, byggingarreglugerð, skipulagsreglugerð og aðrar reglugerðir og skilmálar sem í gildi eru, allt eftir því, sem við á.
- 3.2.2 Þjónustubeiðni og önnur skrifleg samskipti rafverktaka við rafveitu skulu undirrituð af honum sjálfum eða í fjarveru hans af staðgengli, sem Löggildingarstofa hefur samþykkt og tilkynnt rafveitu um.

3.3 Gjaldskrá.

- 3.3.1 Rafverktaki og raflagnahönnuður skulu kunna góð skil á gjaldskrá hlutaðeigandi rafveitu og haga mælafyrirkomulagi í samræmi við hana, eins og hún er á hverjum tíma.
- 3.3.2 Rafverktaki gangi þannig frá lögnum og tengingum, að straumur verði ekki tekinn úr kerfi rafveitu án þess að fara um mæla hennar.

3.4 Straumrof.

- 3.4.1 Þurfi rafverktaki vegna starfa sinna, að gera neysluveitu annarra notenda tímabundið spennulausa, skal hann gera hlutaðeigandi grein fyrir því á tryggilegan og viðeigandi hátt og sjá til þess, að rofið verði sem skemmst.

3.5 Varnarráðstafanir.

- 3.5.1 Tegund snertisþennuvarnar samkvæmt reglugerð um raforkuvirki, skal ákvörðuð í samráði við hlutaðeigandi rafveitu.
- 3.5.2 Í nýbyggingar og viðbyggingar skal setja sökkulskaut til spennujöfnunar. Gerð og útfærsla skal vera samkvæmt nánari ákvörðun rafveitu.
- 3.5.3 Ekki er heimilt að nota PEN-leiðara rafveitu til jarðtengingar fyrir loftnet, eldingavara og því um líkt. Samtenging skal þó vera við aðalspennujöfnunarleiðara, samanber reglugerð um raforkuvirki.

3.6 Teikningar.

- 3.6.1 Fyrir nýbyggingar og önnur mannvirki sem tengjast eiga dreifikerfi rafveitu er eiganda eða umboðsmanni hans skylt, áður en verk er hafið, að leggja inn til hlutaðeigandi rafveitu teikningar, samanber grein 3.6.2, og fá þær samþykktar. Einnig skal leggja inn teikningar með umsókn um breytingu á heimtaug.
- 3.6.2 Teikningar skulu vera í samræmi við ÍST og IEC og í því umfangi sem stærð veitunnar gerir nauðsynlegt að mati rafveitu. Um er að ræða afstöðumynd og skal hún vera málsett og í mælikvarða 1:500 fyrir mannvirki á þéttbýlisstöðum og 1:1000 eða 1:2000 á svæðum utan þéttbýlis. Ennfremur snið um inntak og grunnmynd er sýni legu og tengistað heimtaugar, staðsetningu aðaltöflu og annarra mælataflna, ef um er að ræða,

tengistað við sökkulskaut og vatnspípukerfi og einlínumynd af aðaltöflu og öðrum mælatöflum séu þær fleiri.

3.7 Umsóknir og tilkynningar.

3.7.1 Umsóknir og tilkynningar skulu vera á þar til gerðum eyðublöðum sem rafveitur og Löggildingarstofa leggja til.

3.8 Skammtímatengd virki.

3.8.1 Til skammtímatengdra virkja teljast m.a. raforkuvirki á byggingarstöðum, sýningar-svæðum og til hátíðarlýsingar.

3.8.2 Verði engri mælingu við komið af tæknilegum ástæðum eða ef slíkt er óhagkvæmt að mati rafveitu er heimilt að áætla notkun miðað við uppsett afl, áætlaðan samtímastuðul og notkunartíma.

3.9 Varaafstöðvar.

3.9.1 Fyrirkomulag og frágangur tengingar við dreifikerfi rafveitu, varnarbúnaður og rekstur einkarafstöðva og varaafstöðva er háður áður fengnu samþykki rafveitu, samkvæmt skriflegri umsókn þar um, og skal einnig vera samkvæmt ákvæðum reglugerðar um raforkuvirki. Samfösun varaafstöðvar við dreifikerfi rafveitu er ekki leyfð nema að uppfylltum kröfum rafveitu um tæknilegan búnað og að gerður hafi verið skriflegur samningur um rekstur og hæfur ábyrgðarmaður tilgreindur að mati rafveitu.

4. Heimtaugar.

4.1 Heimtaugar.

4.1.1 Eiganda veitu eða umboðsmanni hans, rafverktaka og raflagnahönnuði, er skylt að kynna sér vel skilmála hlutaðeigandi rafveitu, bæði almenna og þá sérskilmála, sem gilda fyrir viðkomandi hverfi. Skilmála afhendir byggingarfulltrúi við lóðaúthlutun.

4.1.2 Aðalheimtaugar leggur rafveita eingöngu sem jarðstrengsheimtaugar og ákveður að öðru leyti gerð og legu heimtaugar og tengistað í samráði við eiganda eða umboðsmann hans. Um lagningu bráðabirgðaheimtauga fer eftir ákvörðun rafveitu hverju sinni.

4.1.3 Rafveita áskilur sér eðlilegan tíma fyrir hönnun, skipulagningu og framkvæmdir við lagningu heimtauga. Eiganda er því skylt að sækja tímanlega um heimtaug á þar til gerðu eyðublaði, hvort sem um er að ræða nýja heimtaug, færslu, breytingu eða stækkun á eldri heimtaug.

4.1.4 Heimtaug greiðist samkvæmt gjaldskrá hlutaðeigandi rafveitu, eins og hún er á hverjum tíma.

4.1.5 Rafveita ákveður í skilmálum gerð, stærð og fyrirkomulag inntakspípu.

4.1.6 Við umsókn um stærri heimtaug en 200 A skal raflagnahönnuður leggja fram útreikninga og áætla væntanlega aflþörf til næstu fimm ára. Á grundvelli slíkrar áætlunar ákveða rafveita og eigandi sameiginlega stærð heimtaugar.

4.1.7 Á hverja lóð er almennt aðeins afgreidd ein heimtaug. Í raðhús, parhús og hliðstæð hús er þó almennt afgreidd ein heimtaug í hvert hús, þ.e. í hverja einingu.

4.1.8 Á sameiginlegum lóðum í hús aldraðra, stúdentagarða, orlofshús og hliðstæð hús er almennt afgreidd ein heimtaug fyrir öll húsin, enda sé aðaltafla í sameiginlegu rými.

4.1.9 Eigandi veitu sér um lagningu inntakspípu og þéttingu hennar í vegg. Rafverktaki tryggir réttan frágang hennar og að hún sé ídráttarhæf. Pípu skal skilað með ídráttar- taug úr næloni eða sambærilegu.

4.1.10 Rafveita sér um vatnspéttingu heimtaugar við inntakspípu í jörðu.

4.1.11 Áður en rafveitan leggur heimtaug, skal eigandi sjá til þess, að lóð sé grófjöfnuð í endanlegri hæð og að aðkoma sé góð fyrir tæki rafveitunnar.

4.1.12 Frá heimtaug má ekki leggja kvísl að byggingum á annarri lóð án skriflegs samþykkis rafveitunnar.

- 4.1.13 Gildleiki stofns skal ætíð vera í samræmi við skráða stærð heimtaugar.
- 4.1.14 Heimtaug tengist ýmist í stofnvarkassa, stofntengibox eða beint í aðaltöflu, samkvæmt ákvörðun viðkomandi rafveitu. Staðsetning þessa móttökubúnaðar skal vera innan þess svæðis, sem mæliblað sýnir eða í samráði við rafveitu. Búnaðurinn skal settur í einangrun útveggja (þó með a.m.k. 25 mm einangrun á bak við) eða í burðarvegg, en þó ekki fjær útvegg en 4 m. Stofntengibox er óþarft, ef aðaltafla er innan 4 m frá útvegg. Séu stofntengibox notuð fyrir heimtaugar, skulu þau vera innsiglanleg með tvöfaldri einangrun og með viðurkenndum tengiklemmum af réttri stærð, miðað við stærð heimtaugar. Eigandi leggur til stofntengibox, en rafverktaki sér um uppsetningu þess og tengingu. Sé stofnvarkassi notaður leggur rafveitan hann til, setur upp og tengir heimtaug, en rafverktaki tengir stofnlögn við hann.
- 4.1.15 Rafverktaki skal þétta við inntak stofns í stofnvarkassa eða stofntengibox, til varnar ryksöfnun.
- 4.1.16 Stofnvarkassa, stofntengibox og aðaltöflu má ekki staðsetja á blautum stöðum, mjög heitum stöðum né heldur á bruna- og sprengihættustöðum. Sama gildir um kalda útveggi, nema komið sé í veg fyrir slagamyndun á fullnægjandi hátt.
- 4.1.17 Stofnvarkassi, stofntengibox og aðaltafla skulu vera vel aðgengileg. Þess skal gætt, að ekki sé svo múrað að, þiljað af eða aðgangur á annan hátt hindraður að stofnvarkassa eða stofntengiboxi, að ekki sé hægt að innsigla það eða opna.
- 4.1.18 Ekki má breyta notkun þess rýmis, sem heimtaug tengist í, á þann veg, að slíkt brjóti í bága við 16. og 17. grein eða rýri á annan hátt öryggi og notagildi heimtaugarinnar. Í vafatilvikum ber áður að leita samþykkis rafveitunnar.
- 4.1.19 Tryggt skal, að aðaltöflur séu rúmgóðar og að nægjanlegt rými sé fyrir greiningu og tengingu heimtaugarstrengs. Til aðskilnaðar neysluveitu frá dreifikerfi rafveitunnar er í aðaltöflu krafist aðalvara og aðalrofa, sem mega vera sambyggð í varrofa. Í stað þessa má einnig nota aflrofa með yfirálags- og skammhlaupsvörn.
- 4.1.20 Þess skal gætt, að réttir fasar séu tengdir í stofnvarkassa og, sé um þrífasa tengingu að ræða, sé röð fasa réttisælis. Rafveitan merkir innan í loki kassans með strimli á streng eða á annan vel auðkenndan hátt hvaða fasi eða fasar skulu tengdir í viðkomandi hús. Röð fasanna í kassanum, séð framan frá, er frá vinstri talin eða ofan frá og niður, L1, L2, L3 og PEN (RST-0). Sé um þrífasa tengingu að ræða, skal þess gætt að jafna álagi á fasa.
- 4.2 Tenging.**
- 4.2.1 Rafverktaki sækir skriflega, á sérstöku eyðublaði og með a.m.k. dags fyrirvara, um tengingu neysluveitu við dreifikerfi rafveitunnar.
- 4.2.2 Rafveitan annast tengingu neysluveitu við dreifikerfið og setur spennu á hana að aðalvörum og aðalrofa. Þessi aðgerð er engum öðrum heimil.
- 4.2.3 Rafveitan getur krafist þess, að rafverktakinn eða sá starfsmaður hans, sem ábyrgð bar á framkvæmd verksins, sé viðstaddur tengingu. Óski rafverktakinn að vera viðstaddur tengingu, skal hann geta þess á eyðublaðinu eða semja um það á annan tryggan hátt. Í hvorugu tilvikinu er nærvera hans á ábyrgð eða kostnað rafveitunnar.
- 4.2.4 Rafveitunni er heimilt að neita um tengingu neysluveitu við dreifikerfið, ef ekki hefur verið farið eftir þessum tengiskilmálum, reglugerð rafveitunnar og öðrum fyrirmælum hennar. Rafverktakinn ber fulla ábyrgð á því beina og óbeina tjóni, sem af slíkri neitun kann að leiða.
- 4.3 Valvísí og stærð yfirstraumsvarbúnaðar.**
- 4.3.1 Tryggja verður valvísí yfirstraumsvarnar í neysluveitu gagnvart yfirstraumsvörn rafveitu, hvort sem hún er í stofnvarkassa, götuskáp eða í dreifistöð. Séu notuð sjálfvirk vör verða þau að vera í straumtakmörkunarflokki 3, samkvæmt ÍST EN 60898.
- 4.3.2 Stærð aðalvara eða yfirstraumsvarnar skal vera í samræmi við stærð heimtaugar.

4.4 Skammhlauspól.

4.4.1 Fyrir innan afhendingarstað rafveitunnar verður neysluveita með heimtaug 315 A eða minna að hafa eftirfarandi hámarksstraumpól. Skýring: Hámarksstraumpól er það toppgildi straums sem rafbúnaður þarf að þola og geta unnið eðlilega á meðan straumur stendur á og eftir að hann er genginn yfir. Þessi straumur verður hæstur í upphafi skammhlaups.

- Hámarkstraumpól stofnlagðar frá afhendingarstað rafveitu til og með síðasta yfirstraumsvari á undan sölumæli skal vera minnst 25 kA.
- Hámarksstraumpól rafbúnaðar frá síðasta yfirstraumsvari á undan mælitæki til og með greinitöflu skal vera minnst 10 kA.

Fyrir heimtaugar stærri en 315 A er krafist sérstakrar athugunar hverju sinni.

5. Orkusölumælar og stjórnbúnaður.

5.1 Mælatöflur.

- 5.1.1 Mælatafla er rafmagnstafla fyrir mæla og annan stjórnbúnað rafveitunnar eða aðgreint mælahólf í rafmagnstöflu. Mælaskápur er skápur sem eingöngu er fyrir mælitæki. Mælaspjald er sá hluti mælatöflu sem mælitæki festist á.
- 5.1.2 Nota ber mælatöflur gerðar samkvæmt viðurkenndum stöðlum og skulu þær áður hafa hlotið samþykki rafveitunnar. Um stærð á töflum fyrir mismunandi gerðir, stærðir og fjölda mælitækja skal fara eftir leiðbeiningum rafveitunnar eins og þær eru á hverjum tíma. Við hönnun ber að taka tillit til hugsanlegrar stækkunar og fjölgunar mælitækja, en mælatafla skal rúma a.m.k. einn þrífasa kWh-mæli 10(60) A. Sjá töflu 5.1.2.

Tafla 5.1.2 Minnstu mál á einingu við uppsetningu mæli- og stýritækja. Mál eru í mm.

Tegund mælingar	1 fasa kerfi	3 fasa kerfi
	hæð x breidd x dýpt	hæð x breidd x dýpt
Bein mæling, vör ≤ 63A	340 x 190 x 150 (240x150x150)*	340 x 190 x 150
Bein mæling, vör ≥ 80A ≤ 100A		410 x 220 x 170
Straumspennamæling		360 x 210 x 170
Skammhleypibretti og spennurásavör		210 x 250 x 150
Aflmæling bein eða gegnum straumspenna		360 x 210 x 170
Tryggja þarf pláss fyrir mælaspenna		
Stýritæki	250 x 110 x 75	280 x 110 x 110

* Heimilt er í samráði við rafveitu að miða við þessi mál fyrir 1 fasa mæla í sameiginlegum mælatöflum fjölbýlishúsa.

- 5.1.3 Í mælatöflum skal vera nægjanlegt rými fyrir nauðsynleg stjórnæki rafveitunnar (fjarstýriliða, klukkurofa, hjálparliða o.fl.). Stjórnæki skulu að jafnaði vera staðsett í sömu töflu og viðkomandi mælitæki.
- 5.1.4 Á mælaspjald má ekki staðsetja annan búnað en þann, sem tengist mælitækjum og stjórnbúnaði rafveitunnar.
- 5.1.5 Mælatöflur skulu vera lokaðar.
- 5.1.6 Mælaspjald skal vera traust og gert til að bera þunga mælis. Mælaspjaldið skal vera lóðrétt og vera úr torbrennanlegu efni. Mælt er með stöðluðum verksmiðjuframleiddum mælaspjöldum með stillanlegum festiboltum. Einnig er leyfilegt að nota sléttar plötur úr fiber eða plastefni, sem uppfyllir torbrennanleika og hefur traust hald fyrir

sjálfsnittandi festiskrúfur. Slík spjöld séu ekki þynnri en 10 mm. Sé spjaldið ekki fest í bak töflu (hreyfanlegt) eru ekki leyfð fleiri en 6 mælitæki á slíku spjaldi. Leita þarf samþykkis rafveitna fyrir hverri tegund eða gerð mælatöflu og mælaspjalds.

- 5.1.7 Hæð að neðri brún mælis frá fullfrágengnu gólfi skal vera mest 1,7 m og minnst 0,8 m.
- 5.1.8 Þar sem fleiri en einn mælir eru á mælatöflu, ber að merkja greinilega við mælastæði, tegund notkunar og notkunarstað.
- 5.1.9 Allir orkusölumælar ásamt stjórnbúnaði þeirra skulu að jafnaði staðsettir í aðaltöflu, verði því af hagkvæmniástæðum við komið.

5.2 Staðsetning mælatöflu.

- 5.2.1 Mælatöflur skulu vera á hreinlegum og aðgengilegum stöðum, svo tenging, eftirlit og álestur geti hæglega farið fram. Staðurinn skal einnig vera vel lýstur. Staðsetja skal mælatöflur á þurrum og titringslausum stöðum.
- 5.2.2 Óheimilt er að setja mælatöflur í eldhús, bað- og snyrtiherbergi, þvottahús fjölbýlishúsa, íbúðir fjölbýlishúsa, innréttingar, hlöður og gripahús, rannsóknarstofur, vinnslusali, á mjög heita staði ($\geq 40^{\circ}\text{C}$), í eldsneytisgeymslur og á bruna- og sprengihættustaði. Í vafaatriðum ber að leita heimildar rafveitu. Framanritað á einnig við, þegar húsnæði er breytt.
- 5.2.3 Rými framan við mælatöflu skal vera minnst 0,8 m að breidd og í dýpt og 2,0 m hátt. Fjarlægð mælatöflu frá hliðarvegg skal vera minnst 5 cm. Ætíð skal vera hægt að opna töfluhurð í 90° a.m.k.

5.3 Mælitæki og tengingar.

- 5.3.1 Öll mælitæki og búnað til orkusölumælinga leggur rafveitan til og eru þau eign hennar. Hér er um að ræða orku- og aflmæla, mælaspenna, tímarofa, púlslíða (kippliða), fjarstýriliða (móttökuliða), fjarmælitæki og annan nauðsynlegan búnað.
- 5.3.2 Rafveitan annast allt viðhald mælitækja og að þau séu prófuð reglum samkvæmt. Mælitæknileg gæði þeirra skulu uppfylla kröfur, samkvæmt reglugerð um raforkumæla.
- 5.3.3 Rafveitan annast uppsetningu og tengingu orkusölumæla, fjarstýriliða, klukkurofa og annars stýribúnaðar, nema um annað sé sérstaklega samið. Allt annað efni útvegur og tengir hinn löggilti rafverktaki, rafveitunni að kostnaðarlausu. Tryggja skal lóðréttu stöðu mælitækis með hallamáli.
- 5.3.4 Skipulag töflu skal vera þannig að ómældar taugar séu sem stýstar. Rofmöguleiki skal vera fyrir framan hverja orkumælingu.
- 5.3.5 Sé samtenging á ómældri stofn- eða kvíslögn utan við töflu skal hún vera í sérstöku innsiglanlegu tengiboxi.
- 5.3.6 Sé veita varin með 63 A vörum eða minni, skal mæling vera bein. Straumfara mæla- taugar skulu vera fínþættar 10 mm^2 Cu. Sé veita varin með 80-100 A vörum, skal haft samráð við rafveituna um það, hvort mæling skuli vera bein eða um straumspenna. Sé bein mæling ákveðin, skulu straumfara mælataugar vera fínþættar 16 mm^2 Cu. Tengja skal N-taug um mæli og skal þversnið hennar vera jafnt þversniði fasatauga. Heimilt er þó, í stærri mælatöflum, sem staðsettar eru í sameiginlegu rými, að taka sérstaka N-taug frá N-lista að hverjum mæli. Þær N-taugar skulu vera fínþættar 4 mm^2 Cu og tengistaður á N-lista skal vera innsiglanlegur á viðurkenndan hátt, til dæmis undir innsiglanlegu loki eða hlíf, sem engar aðrar tengingar eða búnaður er undir. Í mælakassa utan á sumarhúsi tengist ein N-taug við mæli enda er mælakassinn innsiglaður.
- 5.3.7 Mælataugar skulu vera í litum: Svört taug að mæli en brún frá mæli. Miðtaug skal vera ljósblá. Sé mæling þrífasa, skulu mælataugar ennfremur merktar með ádregnum plastmerkjum, samkvæmt fasaröðun L1, L2, L3 og N fyrir miðtaug. Mælataugar skulu vera úr fínþættum Cu-vír með ádregnum tengihulsum, sem tengjast tengibretti mælis og öðrum búnaði. Séu ekki sérstakar stýringar fyrir mælataugar í mælatöflu, skulu mæla-

taugar hvers fasa heftar saman með plastádragi. Sé mælir settur eftir spennusetningu veitu, skal mælataugum skilað í tengi. Lengd hvorrar taugar, mælt frá þeim fleti sem mælir kemur á, skal vera minnst 10 cm.

- 5.3.8 Þrífasamælar skulu tengdir í rétttri fasaröð, L1, L2, L3 og N (RST-0). Skal rafverktaki hafa útdrætti mælatauga í samræmi við framanritað.
- 5.3.9 Mælataugar skulu vera ósamsettar og lagðar skipulega, svo auðvelt sé að rekja legu þeirra og tengingu.
- 5.3.10 Óski orkukaupandi, að orkukaup hans um tvær eða fleiri heimtaugar á sama stað verði sammæld, skal hann leita heimildar rafveittunnar og semja um fyrirkomulag og kostnað við mælinguna. Rafveitan getur einnig óskað eftir sammælingu.
- 5.3.11 Þurfi orkukaupandi á að halda púlgildum fyrir orkunotkun sína, svo og tímamerki meðalálags, t.d. til álagsstýringar, innra uppgjörs eða annarra nota, skal hann leita heimildar og hafa samráð við rafveittuna um fyrirkomulag. Veiti rafveitan heimildina, leggur hún til milliliða. Fer um gjald fyrir slík tæki samkvæmt gjaldskrá rafveittunnar, eins og hún er á hverjum tíma. Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð vegna bilunar í þessum tækjum.
- 5.3.12 Rafverktaki er heimilt, með samþykki rafveitu, að taka niður mælitæki hennar, sé notkun lokið eða hún færð á aðra mæla. Er honum þá heimilt að rjúfa innsigli á tengibretti mælitækisins. Hann skal hins vegar án tafar, eigi síðar en næsta virkan vinnudag, tilkynna rafveitunni aðgerðina á þar til gerðu eyðublaði og skila mælitækinu. Öll önnur færsla eða flutningur mælitækis er óheimil. Aldrei má rjúfa innsigli prófunarstofnana, innlendra né erlendra, af húsum mælitækja.
- 5.3.13 Orkukaupandi leggur til lagnaleið frá símkerfi húss að hverri mælatöflu.

5.4 Mæling um straumspenna.

- 5.4.1 Sé veita varin með 125 A vörum eða stærri, skal mæling vera um straumspenna. Rafveitan afhendir hinum löggilta rafverktaka straumspenna með skammhleypu eftirvafi. Hann staðsetur þá samkvæmt nánari fyrirmælum hennar og tengir forvaf.
- 5.4.2 Straumspenna skal staðsetja sem næst á eftir aðalrofa eða kvíslrofa. Þeir skulu þannig settir, að rými sé nægilegt til þess, að auðvelt sé að komast að þeim til tenginga og eftirlits, þó veitan sé í rekstri. Nota skal tengiskinnur þannig að hægt sé að skipta um spenna án þess að losa nema lágmarkstengingar.
- 5.4.3 Allar tengingar straum- og spennurása skulu vera innsiglianlegar.
- 5.4.4 Tengitaugar milli straumspenna og mælitækis skulu vera fínþættir einleiðarastrengir með styrktri einangrun og hver taug hafi varanlega númeramerkingu á kápu frá 1 til 9. Gildleiki tengitauganna skal vera 2,5 mm² Cu, sé tenging straumspenna og mælitækis innan sömu töflu.
- 5.4.5 Rafveita ákveður fyrirkomulag og gildleika tengitauga, séu straumspennar og mælir ekki í sömu töflu.
- 5.4.6 N-taug straumspennamælis skal vera 2,5 mm² Cu fínþættur einleiðarastrengur með styrktri einangrun, ljósblá eða varanlega merkt N á kápu og tengistaður á N-lista skal vera innsiglianlegur á viðurkenndan hátt, til dæmis undir innsiglianlegu loki eða hlíf, sem engar aðrar tengingar eða búnaður er undir.
- 5.4.7 Spennurásir straumspennamælis skulu tengdar skinnulaska (tengiskrúfu P1) straumspennanna.
- 5.4.8 Um annan frágang og tengingu straumspenna við mæla vísast til nánari fyrirmæla rafveitu (skýringarmynda).
- 5.4.9 Sé mæling um straumspenna, er rafveitunni heimilt að krefjast þess, að gert sé ráð fyrir launaflsmæli.

- 5.4.10 Telji rafveitan það æskilegt, getur hún krafist skammhleypibrettis og spennurásavara. Í slíku tilviki leggur rafveitan búnaðinn til.
- 5.4.11 Notanda er óheimilt að tengja eigin stjórn- og mælitæki veitunnar við eftirvaf straum- og spennuspenna rafveitunnar.

5.5 Spennufall.

- 5.5.1 Við aflúttekt til og með 100 kVA má spennufall frá afhendingarstað heimtaugar að mælitæki ekki fara yfir 0,5%, miðað við álag samsvarandi málstraums næsta vars á undan mælitæki. Ef fleiri en einn mælir er í undirtöflu, skal miða við málstraum sameiginlegrar álagsvarnar hinnar ómældu kvíslar.

Við meiri aflúttekt er leyft herra spennufall samkvæmt eftirfarandi töflu:

Aflúttekt	Mesta leyfða spennufall
>100 kVA, ≤250 kVA	1,00%
>250 kVA, ≤400 kVA	1,25%
>400 kVA	1,50%

6. Rafmagnsneyslutæki.

6.1 Almennt.

- 6.1.1 Rafmagnsneyslutæki skulu þannig gerð og notuð, að þau hafi ekki truflandi áhrif á aðrar neysluveitur og dreifikerfi rafveitunnar. Leiki vafi á því, hvort tenging neyslutækis geti haft í för með sér ófullnægjandi spennugæði, þ.e.a.s. valdið truflun, skal leita heimildar rafveitunnar.
- 6.1.2 Í þriggja fasa neysluveitum skal notkun deilt á fasa svo jafnt, sem unnt er.

6.2 Takmörkun truflandi áhrifa á dreifikerfið.

- 6.2.1 Neyslutæki til heimilishalds og svipaðra nota skulu fullnægja ákvæðum ÍST EN 601000 staðlaflokksins að því er varðar truflandi áhrif á dreifikerfið. Önnur tæki, svo sem tæki notuð í atvinnuskyni eða tæki notuð í landbúnaði má einnig tengja, ef þau standast kröfur um markgildi fyrrnefnds staðals. Þetta gildir á meðan sérstakir staðlar liggja ekki fyrir um þessi tæki.
- 6.2.2 Neyslutæki, sem standast ekki kröfur staðalsins, má því aðeins tengja við dreifikerfi rafveitunnar, að fengið sé til þess sérstakt leyfi hennar.
- 6.2.3 Ef svo mörg neyslutæki, sem valda truflun eru í einni neysluveitu að búast megi við truflandi áhrifum hjá öðrum notendum, skal notandi sá sem í hlut á gera ráðstafanir til að takmarka þau áhrif svo þau teljist ekki lengur truflandi. Þetta ber að gera þó svo tækin sem um ræðir fullnægi kröfum greina 6.2.1 og 6.2.2.

6.3 Rekstur spennuviðkvæmra tækja.

- 6.3.1 Þar sem hættu er á truflunum á rekstri spennuviðkvæmra tækja, s.s. tölvubúnaðar, rannsóknartækja og röntgentækja, skal notandi sjálfur gera viðeigandi ráðstafanir.
- 6.3.2 Til að koma í veg fyrir hugsanlegt tjón á neyslutækjum vegna spennubreytinga eða spennurofs á einum eða fleiri fösum svo og þegar eðlileg spenna kemst á að nýju, skal notandi sjálfur gera viðeigandi ráðstafanir.

6.4 Launafl.

- 6.4.1 Þéttar til að mæta launafla skulu tengdir og rofnir samtímis viðkomandi neyslutæki eða vera tengdir sjálfvirkum stjórnubúnaði.

6.5 Tenging úrhleðslulampa.

- 6.5.1 Ljósúnaður með úrhleðslulömpum skal fasviksbættur þannig að fasviksstuðull verði eigi lægri en 0,9.
- Undanþegnir þessu ákvæði eru úrhleðslulampar á heimilum t.d. lýsing undir eldhússkápum, kappalýsing o.fl.
 - Einnig er undanþeginn þessu ákvæði ljósúnaður á stöðum með sprengihættu.

6.5.2 Þéttar til að bæta fasviksstuðul lampa mega ekki trufla eða deyfa tóntíðnistýringu rafveitunnar, sbr. grein 6.10.

6.6 Tenging hreyfla.

6.6.1 Ræsing hreyfla má ekki valda truflandi spennufalli í kerfinu. Þessu skilyrði er að jafnaði fullnægt ef ræsistraumur einfasa hreyfla fer ekki yfir 20 A og ræsistraumur þriggja fasa hreyfla, sem ræstir eru stöku sinnum, fer ekki yfir 60 A. Sé ræsistraumurinn ekki þekktur, skal gera ráð fyrir að hann verði áttfaldur málstraumur hreyfils. Þegar um er að ræða stærri hreyfla, skal áður en tenging er hönnuð, leita samkomulags við rafveitu um þær ráðstafanir sem gera þarf.

6.6.2 Tíðar ræsingar eða breytileg straumtaka má ekki valda truflandi spennulökti. Séu ræsingar fleiri en ein á hverri klukkustund getur ræsistraumur samkvæmt 6.6.1 verið of hár. Truflanir geta orðið ef þriggja fasa hreyflar eru ræstir einu sinni eða oftar á hverri klukkustund og ræsistraumurinn er meiri en gefinn er í töflu 6.6.2.

Tafla 6.6.2

Fjöldi ræsinga á klukkustund	Ræsistraumur
10	30 A
4	40 A
1	60 A

6.6.3 Rafeindastýring hreyfils má ekki valda truflandi spennubjögum. Stýribúnaður skal byggjast á jafnlægri stýringu, svo að straumur sem tækið tekur og ekki er sínuslagaður, sé eins í jákvæðum og neikvæðum riðhelmingum.

6.7 Tenging rafsuðutækja.

6.7.1 Til að koma í veg fyrir truflanir í veitum annarra notenda þarf heimild rafveitunnar fyrir notkun rafsuðuspenna með meira en 2 kVA málafli. Tæki, stærri en 2 kVA, mega ekki valda álagi á N-leiðarann, en álag frá tækjum á að dreifast sem jafnast á fasaleiðarana.

6.7.2 Launafli skal mætt þannig, að við 150 A rafsuðustraum við staðlaða 24 V vinnuspennu, sé aflstuðullinn spankenndur a.m.k. 0,7. Við rafsuðutæki með stillingu niður fyrir 150 A skal reikna launaflið út frá rafsuðumálstraumnum og viðkomandi staðlaðri vinnuspennu þannig, að spankenndur aflstuðullinn fari aldrei niður fyrir 0,7. Tómgangsafl má hæst vera 4,5 kVA.

Ekki þarf að bæta aflstuðul viðnámsrafsuðutækja.

6.7.3 Um rafsuðuvélar gilda sömu reglur og fyrir hreyfla.

6.8 Tenging rafhitatækja.

6.8.1 Raforka til hitunar, húshitunar og iðnaðarhitunar, sem seld er eftir rafhitataxta, er háð leyfi rafveitunnar. Leyfi skal bundið nafni notanda og stað notkunar. Tæki skulu fasttengd.

Við umsókn um leyfi til húshitunar skal fylgja útreikningur, er sýni nauðsynlega aflþörf og áætlaða orkunotkun.

6.8.2 Rafveitan getur krafist þess, að hitun sé tengd stjórnúnaði hennar, sem aðlagar hitunarálagið aðstæðum rafveitunnar, eins og þær eru á hverjum tíma. Fara skal eftir fyrir-mælum rafveitu um fyrirkomulag stjórnækja.

- Rafveitan getur krafist þrífasa tengingar, sé afl hitunar meira en 5,5 kW.
- Rofin hitun, 16,5 kW að afli eða meira, komi inn í tveimur eða fleiri þrepum með tímatöf við endurkomu spennu eftir nánari ákvörðun rafveitunnar hverju sinni.

6.9 Tóntíðnistýring.

- 6.9.1 Neysluveita skal þannig gerð, að hún trufla ekki rekstur tóntíðnistýringar rafveitunnar, ella er notanda veitunnar skylt að búa hana tóntíðnisperrum og bera sjálfur af því allan kostnað. Sé tóntíðnistýring rafveitunnar rekin með hærri tíðni en 250 Hz, er notanda skylt að kynna sér ákvæði rafveitunnar, áður en búnaður er ákveðinn. Þetta gildir fyrir veitur, sem valda yfirsveiflum, t.d. rafsuðutæki, afriðla, segulmagnara o.fl., svo og fyrir veitur, sem deyfa tóntíðnispennuna niður fyrir móttökugildi liðanna, t.d. stór þétta- virki o.fl.
- 6.9.2 Tryggja skal, að þéttar, sem raðtengdir eru spanviðnámmum, spennum og spólum, hafi ekki sömu eigintíðni og tóntíðnistýring rafveitunnar.
- 6.9.3 Verði neyslutæki t.d. hljómflutningstæki, ljósdeyfar, sjónvarpstæki, tölvur o.þ.h. fyrir truflunum af völdum tóntíðnistýringar rafveitu, skal notandi sjálfur koma í veg fyrir það með viðeigandi búnaði.

6.10 Rekstur virkja, sem nýta burðartíðni.

- 6.10.1 Öðrum en rafveitunni er óheimilt að nota dreifikerfi rafveitunnar til boðflutnings á burðartíðni.
- 6.10.2 Ef notandi notar sína eigin veitu til slíks flutnings innan síns húsnæðis, ber honum að tryggja, að slíkt trufla ekki aðrar veitur.

Reglur þessar um tæknilega tengiskilmála rafveitna hafa eftirfarandi rafveitur samið og samþykkt sem sjálfstæðan viðauka við reglugerð sína:

Akranesveita	sbr. 19 gr. reglugerðar nr. 665/1995.
Bæjarveitur Vestmannaeyja	sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 241/1990.
Hitaveita Suðurnesja hf.	sbr. lög nr. 10/2001 III. og IV. kafla reglugerðar nr. 89/1990 og sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 177/1939, með síðari breytingum.
Orkubú Vestfjarða hf.	sbr. lög nr. 40/2001, II. og III. kafla reglugerðar nr. 192/1978.
Orkuveita Húsavíkur	sbr. III. og IV. kafla reglugerðar nr. 647/1995.
Orkuveita Reykjavíkur	sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 793/1998.
Rafmagnsveitur ríkisins	sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 122/1992.
Norðurorka	sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 458/1979, með síðari breytingum.
Rafveita Reyðarfjarðar	sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 15/1949.
Rafveita Sauðárkróks	sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 8/1950.
Selfossvetur	sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 504/1990.

Auglýsing þessi, sem er reglugerðarviðauki um tæknilega tengiskilmála fyrir ofangreindar rafveitur, staðfestist hér með, skv. 27. gr. laga nr. 58/1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 129/1997 um sama efni.

Íðnaðarráðuneytinu, 31. ágúst 2001.

F. h. r.
Porgeir Örlygsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 69, 25. janúar 2001, um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna og eldisfiska frá.

1. gr.

Breyting verður á lista í 5. gr. auglýsingarinnar er tilgreinir þau ríki sem heimilt er að flytja inn samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla frá að uppfylltum nánar tilgreindum skilrðum. Breytingin felur í sér að Færeyjar skulu fjarlægðar af listanum.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. september 2001.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Þórir Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 673/1996 um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., með síðari breytingum.

1. gr.

III. og IV. kafli reglugerðarinnar orðast svo:

III. KAFLI

Gjöld fyrir hönnun.

9. gr.

Fyrir umsókn um skráningu á hönnun greiðist:	kr.
a) Grunnjald, birting einnar myndar innifalin	9.500
b) Fyrir hverja hönnun umfram eina í umsókn um samskráningu	4.000
c) Fyrir birtingu hvernar myndar umfram eina	2.500

10. gr.

Fyrir rannsókn skv. 2. mgr. 17. gr. laga um hönnun:

a) Ef krafist er rannsóknar á því hvort tiltekin hönnun sé eins eða svipuð hönnun, sem skráð er hér á landi eða sótt hefur verið um skráningu hér á landi, og hvort hún feli heimildarlaust í sér vörumerki eða heiti á virkri atvinnustarfsemi annars aðila	6.500
b) Ef krafa um rannsókn kemur fram við innlagningu umsóknar	4.500

11. gr.

Gjöld fyrir endurnýjun skv. 24. gr. laga um hönnun:

a) Fyrsta endurnýjunartímabil	12.000
b) Viðbótargjald á fyrsta endurnýjunartímabili fyrir hverja hönnun umfram eina í samskráningu	4.000

	kr.
c) Síðari endurnýjunartímabil	15.000
d) Viðbótargjald á síðari endurnýjunartímabilum fyrir hverja hönnun umfram eina í samskráningu	6.500
12. gr.	
Gjald vegna kröfu um niðurfellingu skráningar skv. 27. gr. laga um hönnun	7.500
13. gr.	
Ýmis gjöld vegna hönnunar:	
a) Beiðni um innritun nýs eiganda (framsals) eða nytjaleyfis í hönnunarskrá	1.600
b) Útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr hönnunarskrá	550
c) Staðfest útskrift (ljósrit eða tölvuútskrift) úr hönnunarskrá	1.200
d) Endurupptökugjald skv. 3. mgr. 19. gr. laga um hönnun	5.150
e) Endurveitingargjald skv. 48. gr. laga um hönnun	12.850

IV. KAFLI

Gjöld vegna áfrýjunar.

14. gr.

Gjald vegna áfrýjunar, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 17/1991, 63. og 65. gr. laga nr. 45/1997 og 36. gr. laga nr. 46/2001	80.000
Áfrýjunargjald greiðist iðnaðarráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun. Sé máli vísað frá áfrýjunarnefnd eða það vinnst þar skal endurgreiða	60.000

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, með síðari breytingum, 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, með síðari breytingum, og 53. gr. laga nr. 46/2001 um hönnunarvernd og öðlast gildi 1. október 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 12. september 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUR

um ársreikninga fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglur þessar gilda um fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, þ.e. verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir, sem starfa samkvæmt ákvæðum laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti.

2. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Sé ekki annað tekið fram í reglum þessum gilda ákvæði laga nr. 144/1994, um ársreikninga og reglugerðar nr. 696/1996, um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

3. gr.

Ársreikningur skal hafa að geyma efnahagsreikning, rekstrarreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Ennfremur skal semja skýrslu stjórnar. Ársreikningur og skýrsla stjórnar mynda eina heild.

Ársreikningur skal undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra. Telji stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri að ekki skuli samþykkja ársreikning eða hafi mótbáru fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

Framsetning ársreiknings skal vera með glöggum hætti og í samræmi við ákvæði laga, reglna og góða reikningsskilavenju.

4. gr.

Efnahagsreikningur skal gerður þannig að hann gefi glögga mynd af eignum, skuldum og eigin fé í lok reikningsárs. Uppsetning og sundurliðun efnahagsreiknings skal vera með þeim hætti sem fram kemur í fylgiskjali 1 með reglum þessum. Viðkomandi efnahagsliðir skulu sérgreindir nema þeir eigi ekki við eða nemi óverulegum fjárhæðum.

5. gr.

Rekstrarreikningur skal gerður þannig að hann gefi glögga mynd af því hvernig hagnaður eða tap á reikningsárinu hefur myndast. Uppsetning og sundurliðun rekstrarreiknings skal vera með þeim hætti sem fram kemur í fylgiskjali 2 með reglum þessum. Viðkomandi rekstrarliðir skulu sérgreindir nema þeir eigi ekki við eða nemi óverulegum fjárhæðum.

6. gr.

Fjárstreymisyfirlit skal samið sem sjóðstreymi. Sjóðstreymi skal gert þannig að það greini breytingar á handbæru fé á árinu í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Einstakir liðir efnahagsreiknings og rekstrarreiknings.

7. gr.

Undir efnahagslið 2, *Verðbréf*, skal færa verðbréf sem er ekki aflað í þeim tilgangi að halda því til varanlegrar eignar í rekstri.

Verðbréf með föstum tekjum annars vegar, sbr. efnahagslið 2.1, og verðbréf með breytilegum tekjum hins vegar, sbr. efnahagslið 2.2, skal sundurliða í skýringum í: 1) Skráð á Verðbréfaþingi Íslands, 2) Önnur skráð verðbréf og 3) Óskráð verðbréf.

8. gr.

Varðandi efnahagslið 2.1, *Verðbréf með föstum tekjum*, skal greina í skýringum frá heildarfjárhæð verðbréfa útgefnum af opinberum aðilum annars vegar og öðrum aðilum hins vegar.

Varðandi efnahagslið 2.2, *Verðbréf með breytilegum tekjum*, skal greina í skýringum frá heildarfjárhæð hlutabréfa annars vegar og hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum hins vegar.

9. gr.

Varðandi efnahagsliði 4.2, *Hlutir í hlutdeildarfélögum*, og 4.3, *Hlutir í tengdum félögum*, skal sýna sundurliðun í skýringum eftir fyrirtækjum, eignarhlutdeild, hagnaðarhlutdeild, nafnverði, markaðsverði og bókfærðu verði.

Varðandi efnahagslið 4.4, *Aðrar eignir*, skal sýna nánari sundurliðun í skýringum þegar um er að ræða verulegar fjárhæðir. Sé um að ræða hlutabréfaeign samkvæmt þessum efnahagslið skal sýna sambærilega sundurliðun og lýst er í næstu málsgrein á undan.

10. gr.

Varðandi efnahagslið 6, *Eigið fé*, skal sýna í skýringum nánari sundurliðun einstakra eiginfjárliða eftir því sem við á, sbr. ennfremur 3. gr. reglugerðar nr. 696/1996.

11. gr.

Varðandi rekstrarliði 1.3, *Fjármunatekjur*, og 1.5, *Fjármagnsgjöld*, skal sýna í skýringum nánari sundurliðun eftir því sem við á, sbr. ennfremur 12. gr. reglugerðar nr. 696/1996.

Skýringar.

12. gr.

Auk upplýsinga samkvæmt 7. - 11. gr. skal í skýringum gefa upplýsingar um reiknings-skilaaðferðir og annað sem máli skiptir við mat á rekstrarafkomu og fjárhagsstöðu, sbr. ennfremur ákvæði IV. kafla laga nr. 144/1994 og reglugerðar nr. 696/1996.

13. gr.

Greint skal frá heildarfjárhæð eigna viðskiptamanna í fjárvörslu, sem verðbréfafyrirtæki hefur gert samninga um á uppgjörssdegi.

14. gr.

Gerð skal grein fyrir eiginfjárútreikningi samkvæmt gildandi reglum um eigið fé í samræmi við eftirfarandi sundurliðun:

Áhættugrunnur:

Áhættugrunnur vegna útlánaáhættu liða utan veltubókar

Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu

Áhættugrunnur vegna stöðu- og mótaðilaáhættu veltubókarliða

Áhættugrunnur samtals

Eigið fé:

Eiginfjárþáttur A

Eiginfjárþáttur B

Eiginfjárþáttur C

- Eignarhlutir í fjármálastofnunum

Eigið fé samtals

Eiginfjárhlutfall (%)

15. gr.

Gerð skal grein fyrir skuldbindingum utan efnahagsreiknings, þ.m.t. sölutryggingum og afleiðusamningum. Sundurliða skal afleiðusamninga eftir fjárhæðum í helstu tegundir samninga og í eignir og skuldir í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum. Ennfremur skal upplýsa um hvort og þá hvernig afleiðusamningar eru notaðir við stjórnun vaxta- og gjaldmiðlaáhættu fyrirtækisins.

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Endurskoðaður ársreikningur fyrirtækis í verðbréfaþjónustu, ásamt skýrslu stjórnar skal sendur Fjármálaeftirlitinu innan 10 daga frá undirritun og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

17. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 44. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, með áorðnum breytingum. Reglurnar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um ársreikninga fyrirtækja í verðbréfafjónustu nr. 19 frá 5. janúar 1998.

Fjármálaeftirlitinu, 10. september 2001.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

Fylgiskjal 1.**Efnahagsreikningur**

Eignir	Skýr.	200X	200Y
<i>1. Óefnislegar eignir</i>	_____	_____	_____
<i>2. Verðbréf:</i>			
2.1 Verðbréf með föstum tekjum	_____	_____	_____
2.2 Verðbréf með breytilegum tekjum	_____	_____	_____
<i>3. Kröfur:</i>			
3.1 Kröfur á tengd félög	_____	_____	_____
3.2 Kröfur á hlutdeildarfélög	_____	_____	_____
3.3 Aðrar kröfur	_____	_____	_____
<i>4. Aðrar eignir:</i>			
4.1 Rekstrarfjármunir	_____	_____	_____
4.2 Hlutir í hlutdeildarfélögum	_____	_____	_____
4.3 Hlutir í tengdum félögum	_____	_____	_____
4.4 Sjóður og bankainnstæður	_____	_____	_____
4.5 Aðrar eignir	_____	_____	_____
<i>5. Fyrirframgreiddur kostnaður og áfallnar tekjur</i>	_____	_____	_____
Eignir samtals	=====	=====	=====
	Skýr.	200X	200Y
Skuldir og eigið fé			
<i>6. Eigið fé:</i>			
6.1 Hlutfé	_____	_____	_____
6.2 Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár	_____	_____	_____
6.3 Endurmatsreikningur	_____	_____	_____
6.4 Lögbundinn varasjóður skv. 100. gr. laga 2/1995	_____	_____	_____
6.5 Aðrir eiginfjárreikningar	_____	_____	_____
6.6 Óráðstafað eigið fé	_____	_____	_____
<i>Eigið fé samtals</i>	_____	_____	_____

7. *Skuldbindingar og víkjandi lán:*

7.1 Lífeyrisskuldbindingar	_____	_____
7.2 Skattaskuldbindingar	_____	_____
7.3 Víkjandi lán	_____	_____
7.4 Aðrar skuldbindingar	_____	_____

8. *Aðrar skuldir:*

8.1 Lántökur	_____	_____
8.2 Skuldir við tengd félög	_____	_____
8.3 Skuldir við hlutdeildarfélög	_____	_____
8.4 Reiknaðir skattar	_____	_____
8.5 Skuldir við lánastofnanir	_____	_____
8.6 Aðrar skuldir	_____	_____

9. *Áfallinn kostnaður og fyrirfram innheimtar tekjur**Skuldir samtals***Skuldir og eigið fé samtals**

Fylgiskjal 2.**Rekstrarreikningur**

	Skýr.	200X	200Y
<i>1. Rekstrartekjur:</i>			
1.1 Umsýsluþóknun	_____	_____	_____
1.2 Söluþóknun	_____	_____	_____
1.3 Fjármunatekjur	_____	_____	_____
1.4 Aðrar rekstrartekjur	_____	_____	_____
<i>Heildartekjur</i>	_____	_____	_____
1.5 Fjármagnsgjöld.....	_____	_____	_____
<i>Hreinar rekstrartekjur</i>	_____	_____	_____
<i>2. Rekstrargjöld:</i>			
2.1 Laun og launatengd gjöld	_____	_____	_____
2.2 Annar rekstrarkostnaður	_____	_____	_____
2.3 Afskriftir rekstrarfjármuna	_____	_____	_____
<i>Rekstrargjöld</i>	_____	_____	_____
<i>3. Afkoma af reglulegri starfsemi fyrir skatta</i>	_____	_____	_____
<i>4. Skattar af reglulegri starfsemi og eign í árslok:</i>			
4.1 Tekjuskattur	_____	_____	_____
4.2 Eignaskattur	_____	_____	_____
<i>Samtals</i>	_____	_____	_____
<i>5. Afkoma af reglulegri starfsemi eftir skatta</i>	_____	_____	_____
<i>6. Aðrar tekjur og gjöld:</i>			
6.1 Óreglulegar tekjur	_____	_____	_____
6.2 Óregluleg gjöld	_____	_____	_____

6.3 Hagnaður eða tap af sölu eigna	_____	_____
6.4 Skattar af óreglulegum liðum	_____	_____
Samtals	_____	_____
7. Niðurstaða fyrir áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага	_____	_____
8. Áhrif dóttur- og hlutdeildarféлага:		
8.1 Tekjur eða gjöld af eignarhlutum í dótturfélögum	_____	_____
8.2 Tekjur eða gjöld af eignarhlutum í hlutdeildarfélagum	_____	_____
Samtals	_____	_____
9. Ársniðurstaða, hagnaður/tap	=====	=====
10. september 2001		Nr. 685

REGLUR

um endurskoðun lífeyrissjóða.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar eru skilgreining á meginatriðum góðrar endurskoðunarvenju hjá lífeyrissjóðum, sbr. 5. mgr. 42. gr. laga nr. 129/1997.

II. KAFLI

Markmið endurskoðunar ársreiknings.

2. gr.

Endurskoðun ársreiknings lífeyrissjóðs skal framkvæmd í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í samræmi við ákvæði þessara reglna. Markmið endurskoðunar er að komast að raun um hvort ársreikningur gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris á reikningsárinu og efnahag í lok þess og að ársreikningur sé saminn í samræmi við ákvæði laga og reglna sem gilda um starfsemina, samþykktir lífeyrissjóðsins og góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga og reglna varðandi upplýsingaskyldu viðkomandi lífeyrissjóðs. Í þessu felst m.a. eftirfarandi:

1. Hvort upplýsingar í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og skýringum gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris í samræmi við lög, reglur, samþykktir og góða reikningsskilavenju.
2. Hvort fjárfestingar, kröfur og aðrar eignir í efnahagsreikningi séu fyrir hendi, í eigu lífeyrissjóðs og séu færðar og metnar í samræmi við gildandi lög, reglur og góða reikningsskilavenju. Einnig að veðsetning og aðrar kvaðir á eignum komi fram í ársreikningi.
3. Hvort skuldir og aðrar skuldbindingar, þ.m.t. trygginga- og ábyrgðarskuldbindingar, séu tilgreindar og metnar í efnahagsreikningi, eða utan efnahagsreiknings, í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.
4. Hvort yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikningur og sjóðstreymi séu í samræmi við bókhald viðkomandi lífeyrissjóðs.
5. Hvort einstakir liðir í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikningi og sjóðstreymisyfirliti séu sundurliðaðir og flokkaðir í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram í ársreikningi.

III. KAFLI

Hlutverk og staða endurskoðanda.

3. gr.

Endurskoðandi má ekki vera háður stjórnendum lífeyrissjóðs, eiga sæti í stjórn hans eða vera starfsmaður. Endurskoðanda er ennfremur óheimilt að starfa í þágu lífeyrissjóðs að verkfnum sem skert geta óhæði hans gagnvart sjóðnum. Endurskoðanda er heimilt að annast innra eftirlit sem sjálfstætt starfandi eftirlitsaðili, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 129/1997, enda skerði það ekki óhæði hans sem endurskoðanda viðkomandi lífeyrissjóðs.

Endurskoðandi lífeyrissjóðs má ekki vera skuldugur þeim lífeyrissjóði sem hann annast endurskoðun hjá, hvorki sem aðalskuldari né sem ábyrgðarmaður, nema hann sé félagi í viðkomandi sjóði og skuldbinding hans falli að þeim reglum sem almennt gilda um lán til sjóðfélaga. Hið sama gildir um maka hans.

4. gr.

Endurskoðandi getur ekki samþykkt leiðsögn eða íhlutun stjórnanda lífeyrissjóðs eða þriðja aðila um framkvæmd endurskoðunar. Hann getur þannig ekki gert samkomulag sem kveður á um takmörkun endurskoðunar.

5. gr.

Endurskoðanda lífeyrissjóðs er heimilt að nota aðstoðarmenn og sérfræðinga við einstaka þætti endurskoðunarvinnunnar enda séu þeir faglega hæfir til starfans. Endurskoðandi skal einnig, samkvæmt nánara samkomulagi við stjórn lífeyrissjóðs og í þeim mæli sem hann telur eðlilegt, byggja vinnu sína á athugunum og könnunum, sem endurskoðunardeild eða eftirlitsaðili lífeyrissjóðs, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 129/1997, framkvæmir, enda hafi hann gengið úr skugga um að sjálfstæði, óhæði og fagleg þekking starfsmanna endurskoðunardeildar eða eftirlitsaðila sé nægjanleg til þess að á vinnu þeirra sé byggjandi. Endurskoðandi skal ávallt yfirfara og framkvæma nauðsynlegar athuganir á gæðum og umfangi þeirrar vinnu endurskoðunardeildar eða eftirlitsaðila, sem hann hyggst byggja niðurstöður sínar á.

IV. KAFLI

Framkvæmd og umfang endurskoðunar.

6. gr.

Endurskoðun skal framkvæma í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Með þessu er átt við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum sem hæfir og samviskusamir endurskoðendur nota. Meginþættir í framkvæmd endurskoðunar eru sem hér segir:

1. Könnun á bókhaldskerfum, þ.m.t. tengdum tölvukerfum, og bókhaldsskipulagi með tilliti til áreiðanleika þeirra bókhaldskerfa sem í notkun eru og með tilliti til innra eftirlits.
2. Athuganir og söfnun gagna til að staðfesta réttmæti einstakra liða sem fram koma í ársreikningi. Sérstaklega skal kanna hvort framkvæmd iðgjaldaskráningar, skráningar og útreiknings lífeyrisréttinda, framkvæmd fjárfestingarstefnu, ávöxtun eigna og ráðstöfun fjár sé í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykta.
3. Endurskoðandi skal ennfremur afla yfirlýsinga stjórnenda um að allar eignir, skuldir, ábyrgðir, kvaðir og skuldbindingar komi fram í ársreikningi og að stjórnendum sé ekki kunnugt um áhættu eða atvik, fyrir eða eftir lok reikningsárs, sem tengjast fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins og kynnu síðar að leiða til umtalsverðrar skerðingar á þeirri fjárhagsstöðu sem fram kemur í ársreikningnum.
4. Könnun á starfsemi lífeyrissjóðs, þróun hans og horfum, fyrst og fremst til að meta hættuna á rekstrarstöðvun á komandi ári.

7. gr.

Endurskoðanda ber að ganga úr skugga um að sú lýsing á bókhaldskerfum, þ.m.t. tengdum tölvukerfum, og innra eftirliti sem hann byggir mat sitt á við ákvörðun um umfang og aðferðir við endurskoðun ársreiknings sé áreiðanleg. Það skal meðal annars gert með dreifikönnunum á færslum á hinum ýmsu sviðum bókhaldskerfisins og reglulegum könnunum á einstökum þáttum innra eftirlits.

Leiði kannanir í ljós að bókhaldskerfi og innra eftirlit tryggja með viðunandi hætti að bókhald sé í góðu horfi getur það leitt til þess að umfangsmikil könnun einstakra bókhaldsliða sé ekki nauðsynleg.

V. KAFLI

Mikilvægi og áhætta.

8. gr.

Við ákvörðun um framkvæmd og umfang athugana vegna endurskoðunar og áritunar á ársreikning, ber endurskoðanda að hafa í huga mikilvægi einstakra þátta og áhættu. Endurskoðandi skal haga könnun sinni þannig að megináhersla sé lögð á þá liði ársreiknings og þá þætti innra eftirlits, sem mestu máli skipta og þar sem hætta á verulegum skekkjum er mest.

Hinir ýmsu liðir ársreiknings eru háðir mismikilli áhættu að því er skekkju varðar. Styrkur innra eftirlits hefur áhrif á áhættuna og þar með ákvarðanir um framkvæmd og umfang endurskoðunar. Endurskoðandi skal þó ávallt framkvæma sérstakar athuganir á raunvirði eigna lífeyrissjóðs og kanna sérstaklega þá áhættu sem kann að vera tengd skuldbindingum eða samningum sem lífeyrissjóðurinn hefur átt aðild að. Áhættudreifing fjárfestinga skal einnig könnuð sérstaklega.

9. gr.

Verði endurskoðandi var við verulega ágalla á rekstri lífeyrissjóðs eða atriði er varða innra eftirlit, iðgjaldainnheimtu, meðferð fjármuna, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins, svo og ef hann hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um starfsemina hafi verið brotnar, skal hann þegar í stað gera stjórn sjóðsins og Fjármálaeftirlitinu viðvart.

VI. KAFLI

Skipulagning og skráning endurskoðunarvinnu.

10. gr.

Árleg endurskoðunarvinna skal í meginatriðum vera fyrirfram skipulögð í endurskoðunaráráætlun, sem er skrifleg lýsing á fyrirhuguðu umfangi og framgangi endurskoðunarinnar þar sem á skipulegan hátt er farið yfir þá þætti í innra og ytra umhverfi lífeyrissjóðs sem áhrif geta haft á endurskoðunarvinnuna.

Endurskoðun skal síðan framkvæmd í samræmi við endurskoðunarfyrirmæli, sem er skrifleg lýsing á þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að framfylgja endurskoðunaráráætlun.

Umfang og niðurstöðu einstakra endurskoðunaraðgerða og heildarniðurstöður um einstaka liði ársreiknings skal skrá á vinnuskjöl. Vinnuskjölunum skal safnað saman og þau geymd á kerfisbundinn hátt.

11. gr.

Ábendingar og athugasemdir sem endurskoðandi vill koma á framfæri við stjórn eða framkvæmdastjóra skal bera fram skriflega og skal veita þessum aðilum hæfilegan frest til svara. Ef endurskoðanda þykir ástæða til skal hann gera tillögur til stjórnar lífeyrissjóðs um

endurbætur varðandi meðferð fjármuna, um breytingar á innra eftirliti eða innri endurskoðun og öðru því sem hann telur að geti verið til bóta í rekstri lífeyrissjóðs.

VII. KAFLI

Áritun ársreiknings og endurskoðunarskýrsla til stjórnar.

12. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina þar frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Í árituninni skulu koma fram upplýsingar um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í samræmi við gildandi lög og reglur og að í því sambandi hafi verið framkvæmdar þær endurskoðunaraðgerðir sem endurskoðandinn hefur talið nauðsynlegar. Telji endurskoðandi að skýrsla stjórnar hafi ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða sé hún ekki í samræmi við ársreikning skal hann vekja á því athygli í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar sé þess kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að komi fram í ársreikningi.

Endurskoðandi skal undirrita og dagsetja áritun sína á þeim degi sem hann lýkur endurskoðunarvinnu sinni, þ.m.t. sérstökum endurskoðunaraðgerðum vegna atvika eftir uppgjörsdag og sérstökum endurskoðunaraðgerðum vegna atvika eftir að venjulegri endurskoðunarvinnu lýkur, fram til dagsetningar áritunar. Endurskoðandi skal ekki árita ársreikning fyrr en stjórnendur hafa staðfest hann með undirritun sinni.

13. gr.

Auk þess að árita ársreikning lífeyrissjóðs skal endurskoðandi að lokinni hefðbundinni endurskoðunarvinnu senda stjórn viðkomandi lífeyrissjóðs sérstaka endurskoðunarskýrslu vegna ársreikningsins. Í slíkri skýrslu skal endurskoðandi, eftir því sem við á, gera grein fyrir eftirfarandi:

1. Helstu þáttum þeirrar endurskoðunarvinnu sem framkvæmd hefur verið í tengslum við endurskoðun ársreiknings.
2. Helstu niðurstöðum endurskoðunarkannana á innra eftirliti lífeyrissjóðs og álitum endurskoðanda á gæðum innra eftirlitiskerfis sjóðsins og starfsemi endurskoðunardeildar eða eftirlitsaðila. Í þessu samhengi er eðlilegt að vísað sé til þeirra ábendinga og athugasemda sem endurskoðandi hefur áður komið skriflega á framfæri við stjórnendur lífeyrissjóðsins.
3. Aðrar þær athugasemdir og ábendingar sem endurskoðandi telur ástæðu til að koma á framfæri við stjórn lífeyrissjóðsins, svo sem athugasemdum varðandi rekstur lífeyrissjóðs, varðveislu eigna og athugasemdum vegna áhættustýringar sjóðsins.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

14. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 5. mgr. 42. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um endurskoðun lífeyrissjóða nr. 541 frá 7. september 1998.

Fjármálaeftirlitinu, 10. september 2001.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

REGLUR

um útboðslýsingar verðbréfasjóða.

1. gr.

Reglur þessar taka til innlendra verðbréfasjóða sem starfa hér á landi á grundvelli laga um verðbréfasjóði og reglna settra samkvæmt þeim lögum.

2. gr.

Rekstrarfélag skal gefa út útboðslýsingu vegna hvers verðbréfasjóðs sem það annast rekstur á.

3. gr.

Útboðslýsing skal hafa að geyma upplýsingar sem viðskiptavinum verðbréfasjóða eru nauðsynlegar til að geta metið þá fjárfestingu sem þeim stendur til boða.

Í útboðslýsingu skulu að lágmarki koma fram eftirfarandi upplýsingar:

Upplýsingar um verðbréfasjóð:

1. Heiti.
2. Stofndagur.
3. Hvort sjóður er deildaskiptur.
4. Hvar fá megi reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins.
5. Stutt lýsing á skattareglum og skattalegri meðferð sem gilda um verðbréfasjóðinn og upplýsingar um kostnað og annan frádrátt frá tekjum eða hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins sem eigendur hlutdeildarskírteina fá í sinn hlut.
6. Birtingartími ársreiknings og ársfjórðungsuppgjörs og hvenær arður eða annar hagnaður af verðbréfum sjóðsins verði greiddur út.
7. Nöfn og heimilisfang löggiltra endurskoðenda sjóðsins.
8. Upplýsingar um tegundir og helstu einkenni hlutdeildarskírteina, meðal annars:
 - eðli þeirra réttinda sem hlutdeildarskírteini veitir,
 - skilríki sem veita sönnun fyrir eignarétti að hlutdeildarskírteinum og/eða, færslum á skrá eða reikning,
 - einkenni hlutdeildarskírteina. Tilgreining á fyrirfram ákveðnu verðgildi,
 - atkvæðisréttur eigenda hlutdeildarskírteina ef við á,
 - við hverjar aðstæður megi ákveða að gera upp sjóðinn og hvernig að því skuli staðið, einkum með tilliti til réttar eiganda skírteinanna.
9. Þar sem við á skal tilgreina á hvaða skipulegum mörkuðum hlutdeildarskírteinin eru eða munu verða skráð eða ganga kaupum og sölum.
10. Tilhögun og skilyrði fyrir útgáfu og sölu hlutdeildarskírteinanna.
11. Tilhögun og skilyrði fyrir endurkaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina og við hverjar aðstæður megi fresta endurkaupum eða innlausn.
12. Reglur um útreikning og ráðstöfun tekna.
13. Fjárfestingarmarkmið verðbréfasjóðsins, þar á meðal fjárhagslegur tilgangur (þ.e. upp-söfnunar- eða tekjusjóður), fjárfestingarstefna (t.d. sérhæfing eftir landsvæðum eða atvinnugreinum), takmarkanir á þeirri fjárfestingarstefnu og tilgreining um aðferðir og skjöl eða lántökuheimild sem heimilt er að nota við rekstur sjóðsins.
14. Reglur um mat eigna.
15. Ákvörðun um sölu- eða útgáfuverð og endurkaups- eða innlausnarverð hlutdeildarskírteina, meðal annars:

- hvernig og hve oft verð sé reiknað,
 - upplýsingar um gjöld af sölu, útgáfu, endurkaup eða innlaun skírteina,
 - hvernig og hvar og hve oft þetta verð sé birt.
16. Upplýsingar um þóknun er verðbréfasjóðurinn greiðir rekstrarfélagi, vörslufyrirtæki eða þriðja aðila, hvers eðlis hún sé, upphæð hennar og endurgreiðslu sjóðsins á kostnaði til þeirra.

Upplýsingar um rekstrarfélag:

1. Heiti, félagsform, skráð skrifstofa og aðalskrifstofa.
2. Stofndagur.
3. Aðrir verðbréfasjóðir sem félagið annast rekstur á.
4. Nöfn og staða þeirra manna innan félagsins sem eiga sæti í fyrirsvars-, stjórnunar- og eftirlitshópum þess. Upplýsingar um helstu störf þeirra utan félagsins, ef þau skipta máli hvað félagið snertir.
5. Hlutfé og hve mikið hefur verið greitt.

Upplýsingar um vörslufyrirtæki:

1. Heiti og félagsform.
2. Skráð skrifstofa.
3. Meginstarfsemi.

Samþykktir verðbréfasjóðs skulu vera hluti útboðslýsingar og fylgja henni. Upplýsingar sem fram koma í samþykktum verðbréfasjóðs þarf ekki að taka sérstaklega fram í útboðslýsingu.

4. gr.

Útboðslýsing skal liggja frammi á starfsstöð rekstrarfélags verðbréfasjóðsins og kynnt viðskiptamönnum verðbréfasjóða áður en viðskipti fara fram. Í hvers konar auglýsingum eða kynningum sem fela í sér tilboð um kaup á hlutdeildarskírteinum skal tekið fram að útboðslýsing verðbréfasjóðs sé fyrir hendi og hvar almenningur getur nálgast hana.

5. gr.

Útboðslýsing verðbréfasjóðs skal send Fjármálaeftirlitinu. Verði breytingar á efnisatriðum útboðslýsingar skulu þær sendar Fjármálaeftirlitinu og kynntar viðskiptamönnum verðbréfasjóðs með opinberum hætti.

Helstu atriði útboðslýsingar skulu að jafnaði endurnýjuð eigi sjaldnar en árlega.

6. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 2. mgr. 39. gr. laga um verðbréfasjóði nr. 10 frá 5. mars 1993 með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um útboðslýsingar verðbréfasjóða nr. 616 frá 22. nóvember 1996.

Fjármálaeftirlitinu, 10. september 2001.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

REGLUR

um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða.

1. gr.

Reglur þessar gilda um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila sem annast innra eftirlit hjá lífeyrissjóðum, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. gr.

Þeir aðilar sem annast innra eftirlit hjá lífeyrissjóði, sbr. 1. gr., skulu vera faglega hæfir og óháðir í störfum sínum. Þeim er óheimilt að sitja í stjórn lífeyrissjóðs eða starfa við verkefni hjá lífeyrissjóði sem skert geta óhæði þeirra við að sinna eftirlitshlutverki sínu.

3. gr.

Þegar um sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila er að ræða skal stjórn lífeyrissjóðs gera skriflegan samning um framkvæmd innra eftirlits við þann aðila. Slíkur samningur skal að lágmarki kveða á um þau atriði sem fram koma í 4. – 6. gr. reglna þessara.

Hafi lífeyrissjóður gert samning við verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun um umsjón með rekstri sjóðsins skal það vera hlutverk innri endurskoðunardeildar eða innra eftirlitsaðila viðkomandi rekstraraðila að annast innra eftirlit með rekstri sjóðsins í samræmi við 4. – 6. gr. reglna þessara.

4. gr.

Endurskoðunardeild eða eftirlitsaðili skal gera tillögu að skipulagningu innra eftirlits sem lögð skal fyrir stjórn lífeyrissjóðs eða rekstraraðila til samþykktar. Skipulag innra eftirlits skal endurskoðast reglulega af endurskoðunardeild eða eftirlitsaðila og skulu tillögur um breytingar lagðar fyrir stjórn lífeyrissjóðs eða rekstraraðila til samþykktar.

Rekstraraðili skal kynna fyrir stjórn lífeyrissjóðs tillögur að skipulagningu innra eftirlits samkvæmt 1. mgr.

5. gr.

Eftirlitsaðgerðir endurskoðunardeildar eða eftirlitsaðila skulu að lágmarki ná til eftirfarandi þátta:

1. Hvort lífeyrissjóðurinn fylgir þeim lögum, reglum og samþykktum, sem um hann gilda.
2. Hvort fyrir hendi séu á hverjum tíma skýrar og greinargóðar skriflegar starfsreglur þar sem verksvið, ábyrgð og heimildir einstakra starfsmanna komi fram og hvort farið sé eftir þessum reglum.
3. Hvort í starfsreglum lífeyrissjóðsins felist viðunandi innra eftirlit. Sérstaklega skal kannað hvort í starfsreglum sé nægjanlega skilið á milli þeirra starfsmanna, sem meðhöndla fjármuni og þeirra sem starfa að bókhaldi.
4. Kannana á varðveislu og meðferð fjármuna lífeyrissjóðsins m.a. með reglulegum eignatalningum og athugunum á afstemmingu bókhaldsreikninga.
5. Kannana á skráningu iðgjalda og skráningu og útreikningi lífeyrisréttinda.
6. Kannana á fjárfestingarstefnu, ávöxtun eigna og ráðstöfun fjármuna.
7. Kannana á áreiðanleika og gæðum þeirra skýrslna, sem stjórn og framkvæmdastjórn lífeyrissjóðs og opinberir aðilar byggja á.

8. Kannana á upplýsingakerfum lífeyrissjóðs, meðal annars með tilliti til rekstraröryggis og að slík kerfi tryggji að hverju sinni séu fyrir hendi fullnægjandi og heildstæðar innri fjárhags-, rekstrar- og eftirlitsupplýsingar og ytri upplýsingar sem hafa þýðingu við ákvarðanatöku.

6. gr.

Niðurstöður einstakra eftirlitsaðgerða skulu liggja fyrir skriflega og þær niðurstöður og vinnugögn í því sambandi skulu varðveitt með skipulegum hætti.

Ábendingum um úrbætur á skipulagi og rekstri lífeyrissjóðs og veikleika í innra eftirliti skal án tafar koma skriflega á framfæri við stjórn og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs eða rekstraraðila. Rekstraraðili skal upplýsa stjórn lífeyrissjóðs um ábendingar samkvæmt 1. ml. þessarar málsgreinar jafnóðum og þær liggja fyrir.

Að lágmarki einu sinni á ári skal endurskoðunardeild eða eftirlitsaðili gera stjórn lífeyrissjóðs eða rekstraraðila skriflega grein fyrir meginniðurstöðum aðgerða á sviði innra eftirlits og hvort ábendingum um úrbætur hefur verið hrundið í framkvæmd. Rekstraraðili skal upplýsa stjórn lífeyrissjóðs um meginniðurstöðu og ábendingar samkvæmt 1. ml. þessarar málsgreinar jafnóðum og þær liggja fyrir.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 2. mgr. 35. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um endurskoðunardeildir og eftirlitsaðila lífeyrissjóða nr. 546 frá 7. september 1998.

Fjármálaeftirlitinu, 10. september 2001.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 97 – 2001

18. september 2001

1911

Nr. 688

REGLUGERÐ

um útgáfu húsbréfa á árunum 1999, 2000 og 2001 fyrir Íbúðalánasjóð.

1. gr.

Á grundvelli laga nr. 44/1998 um húsnæðismál gaf Íbúðalánasjóður út 1. og 2. flokk húsbréfa frá árinu 1998. Útgáfa flokkanna hófst á árinu 1998 og stóð fram á árið 2001.

Húsbréfin í hverjum flokki skulu gefin út í fjórum undirflokkum, þ.e. A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbréf vera að fjárhæð 1.000.000 kr., í undirflokki B 100.000 kr., í undirflokki C 10.000 kr. og í undirflokki D 1 kr. Vextir í 1. og 2. flokki 1998 eru 4,75% á ári. Lánstími bréfa í 1. flokki skal vera 25 ár og í 2. flokki 40 ár.

Bréf í undirflokki D skulu vera rafrænt eignarskráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og skulu notuð í skiptum fyrir bréf úr undirflokkum A, B og C við rafræna eignarskráningu þeirra. Við skiptin skal skrá jafn margar einingar af undirflokki D og sem nemur nafnverði þeirra húsbréfa í undirflokki A, B og/eða C sem afhent eru til rafrænnar eignarskráningar.

Samanlögð fjárhæð samþykktra skuldabréfaskipta úr 1. og 2. flokki 1998 skal ekki vera umfram 30.142 milljónir króna á árinu 2000 miðað við reiknað markaðsvirði húsbrefanna. Þannig skal samanlögð fjárhæð samþykktra skuldabréfaskipta 1998, 1999, 2000 og 2001 úr 1. og 2. flokki húsbréfa 1998 ekki fara umfram 83.849 milljónir króna miðað við fyrrnefnt reiknað markaðsvirði.

Reiknað markaðsvirði skal ákvarðað þannig að mánaðarlega verði fundið sennilegt nafnverð þeirra húsbréfa, sem skipta á fyrir fasteignaveðbréf og skal það ákvarðast með hliðsjón af meðaltali reiknaðs verðs húsbréfa í viðkomandi mánuði. Þannig fundið reiknað nafnverð húsbréfa skal síðan reikna til markaðsvirðis miðað við meðalviðskiptaverð viðkomandi flokks á Verðbréfaþingi Íslands, að viðbættum 6 punktum (0,06%). Hafi engin viðskipti átt sér stað með viðkomandi húsbrefaflokk í þeim mánuði, sem útreikningar ná til, skal reikna meðalviðskiptaverð út frá ávöxtunarkröfu sambærilegs húsbrefaflokks á Verðbréfaþinginu, að viðbættum 6 punktum.

2. gr.

Húsbréf eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs, skv. lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995 og vaxtalögum nr. 25/1987, með síðari breytingum. Grunnvísitala flokkanna er vísitala desembermánaðar 1997.

3. gr.

Íbúðalánasjóður greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbrefa skv. breytingum á vísitölu neysliverðs frá útgáfudegi brefanna, 15. desember 1997 til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. desember 1997.

4. gr.

Íbúðalánasjóður innleysir og endurgreiðir húsbref flokkanna að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. mars, 15. júní, 15. september og 15. desember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. september 1998. Húsbrefaflokkunum skal lokað eigi síðar en 1. september 2001. Dregin verða út númer úr gildum óinnleystum húsbrefum, sem afgreidd hafa verið þremur mánuðum fyrir viðkomandi gjalddaga. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbref fyrir þá fjárhæð, sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkana gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum. Númer útdreginna húsbrefa skulu birt í Lögbirtingablaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Verði húsbref ekki dregin út, greiðast þau að fullu á lokagjalddaga. Lokagjalddagi 1. flokks er 15. desember 2022 og 2. flokks 15. desember 2037. Húsbref verða ekki innleyst að hluta.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 21., 22., 24. og 29. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 2/1999 um útgáfu húsbrefa á árunum 1999, 2000 og 2001 fyrir Íbúðalánasjóð, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. september 2001.

Páll Pétursson.

Óskar Páll Óskarsson.

AUGLÝSING

um innflutning tiltekinna matvæla frá Bretlandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á vörum frá Bretlandi sem innihalda kjöt af nautgripum, sauðfé, geitum, svínnum og falla undir eftirfarandi tollflokka:

1901.2023	1902.2029	1902.3021	1902.4021	2004.9006
1901.2043	1902.2041	1902.3029	1902.4029	2005.9001
1902.2021	1902.2042	1902.3041	1904.9001	2106.9064
1902.2022	1902.2049	1902.3049	1905.9051	

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að afurðir sem um getur í 1. gr. og fluttar eru til landsins beri ekki með sér smitsjúkdóma.

3. gr.

Innflytjendur matvæla sem falla undir ákvæði 1. gr. skulu framvísa vottorði opinberra eftirlitsaðila um að vörurnar hafi verið hitameðhöndlaðar í að minnsta kosti 72°C í 15

sekúndur. Ef ekki er unnt að leggja fram slíkt vottorð fer um innflutning vörunnar samkvæmt ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og ákvæða 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og að höfðu samráði við umhverfissráðuneytið vegna eftirlitsskyldu Hollustuverndar ríkisins. Reglugerðin er tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/ESB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsingin öðlast gildi 26. september og gildir til 15. desember 2001. Fyrir þá dagsetningu verður auglýsingin endurskoðuð og gildistími hennar hugsanlega framlengdur.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. september 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 98 – 2001

Nr. 690

1914

20. september 2001

AUGLÝSING

um aðferð við útreikninga á orkugildi hunda- og kattamatar.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um aðferð við útreikninga á orkugildi hunda- og kattamatar með sérstök næringargildi í huga.

1. *Aðferð við útreikninga og framsetning orkugildis.*

Orkugildi sérfóðurs fyrir hunda og ketti skal reiknað út í samræmi við neðangreinda reikningsaðferð á grundvelli hundraðshluta tiltekinna næringarefna. Þetta gildi skal gefið upp í megajúlum (MJ) breytiorku (BO) á hvert kílógramm af fóðri sem hér segir:

a) hunda- og kattamatur, að undanskildum kattamat með vatnsinnihaldi sem er meira en 14%:

$MJ\ BO /kg = 0,1464 \times \% \text{ hráprótein} + 0,3556 \times \% \text{ hráfita} + 0,1464 \times \% \text{ N-laust extrakt}$

b) kattamatur með vatnsinnihaldi sem er meira en 14%:

$MJ\ BO /kg = (0,1632 \times \% \text{ hráprótein} + 0,3222 \times \% \text{ hráfita} + 0,1255 \times \% \text{ N-laust extrakt}) - 0,2092$

Þar sem hundraðshluti N-lauss ekstrakts er reiknaður sem mismunurinn á 100 og summu af hundraðshlutum vatns, hráösku, hrápróteins, hráfitu og hrátrénis.

2. *Vikmörk fyrir yfirlýst gildi.*

Ef í ljós kemur við opinbert eftirlit að munur er á niðurstöðum eftirlitsins og yfirlýsta orkugildinu (aukið eða minnkað orkugildi fóðursins) skal leyfa 15% vikmörk.

3. *Framsetning niðurstaðna.*

Niðurstöður, sem fást með því að nota ofangreinda reikningsaðferð, skulu gefnar með einum aukastaf.

4. *Sýnatöku- og greiningaraðferðir.*

Sýnataka úr fóðri og ákvörðun á innihaldi greiningarþátta sem eru tilgreindir í reikningsaðferðinni skulu eftir atvikum fara fram í samræmi við sýnatöku- og greiningaraðferðir í 11. viðauka um sýnatöku vegna úrtakseftirlits og 12. viðauka um greiningaraðferðir við efnafræðilegt eftirlit, reglugerðar nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru með síðari breytingum, reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri ásamt síðari breytingum, sbr. 1. tilvísun í 3. töflu um gæludýr í A. lið um fódurblöndur í 13. viðauka um mörk fyrir mæld frávik við eftirlit og með stoð í tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 95/10/EB og 1999/78/EB. Auglýsingin tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. september 2001.

F. h. r.

Guðmundur Sigbórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 99 – 2001

Nr. 691

1916

10. september 2001

REGLUR

um árshlutauppgjör lánastofnana.

1. gr.

Reglur þessar taka til viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, enda sé niðurstöðutala efnahagsreiknings hlutaðeigandi stofnunar yfir 2.000 m.kr. í upphafi árs.

2. gr.

Stofnanir sem um ræðir í 1. gr. skulu semja árshlutauppgjör miðað við 30. júní ár hvert. Árshlutauppgjör skal jafnframt samið fyrir samstæðu móðurfélags og dótturfélaga.

Árshlutauppgjör skal hafa að geyma rekstrar- og efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Ákvæði reglna um ársreikninga lánastofnana gilda um árshlutauppgjör, eftir því sem við getur átt varðandi innihald, framsetningu og skýringar og mat á efnahagsliðum. Í skýringum skal sérstaklega veita upplýsingar um einstaka gjalda- og tekjuliði sem kynnu að gefa villandi mynd af afkomu viðkomandi tímabils. Afskriftaþörf útlána skal byggð á sjálfstæðu mati með sambærilegum hætti og gert er við ársuppgjör.

Í árshlutauppgjöri skal sýna samanburðartölur miðað við sama tímabil fyrra árs.

3. gr.

Árshlutauppgjör skal liggja fyrir eigi síðar en tveimur mánuðum eftir uppgjörsdag, áritað af stjórn og framkvæmdastjóra/-stjórum hlutaðeigandi stofnunar. Hafi uppgjörið verið endurskoðað eða kannað skal það jafnframt áritað af endurskoðanda stofnunarinnar.

Áritað árshlutauppgjör skal sent Fjármálaeftirlitinu jafnskjótt og það liggur fyrir. Það skal jafnframt liggja frammi á starfsstöð hlutaðeigandi stofnunar og afhent viðskiptaaðilum sem þess óska.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 65. gr. og 6. mgr. 66. gr. laga nr. 113/1996 og 11. gr. laga nr. 123/1993 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um árshlutauppgjör viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana nr. 341 frá 21. júní 1996.

Fjármálaeftirlitinu, 10. september 2001.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

REGLUR

um ársreikninga lánastofnana.

1. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglur þessar gilda fyrir eftirtalda aðila:

1. viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. lög nr. 113/1996,
 2. lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. lög nr. 123/1993,
 3. útibú viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana með aðalstöðvar sínar í ríki utan hins evrópska efnahagssvæðis, og
 4. dótturfyrirtæki, sbr. 2. mgr. 82. gr. þessara reglna.
- Þau fyrirtæki, sem talin eru upp í 1. mgr. þessarar greinar, nefnast stofnanir í eftirfarandi greinum.

Reglurnar gilda ennfremur um eftirtalda aðila:

1. samstæður þar sem móðurfyrirtæki er eitthvert þeirra fyrirtækja sem nefnt er í tölulíðum 1 og 2 í 1. mgr. þessarar greinar, og
2. samstæður þar sem móðurfyrirtæki er annaðhvort alfarið eða að stærstum hluta eigandi að hlutum í dótturfyrirtækjum sem eru lánastofnanir eða fjármálafyrirtæki.

2. gr.

Í þessum reglum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Afskriftalán: Útlán og fullnustueignir sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir.

Dótturfyrirtæki: Fyrirtæki sem hefur þau tengsl við móðurfyrirtæki sem kveðið er á um í 2. mgr. 66. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996. Sjá einnig *Hlutdeildarfyrirtæki*; *Samstæða*, *samstæðufyrirtæki*; *Tengt fyrirtæki*; *Rekstrarfélag*; *Fullnustufélag*.

Eftirstöðvatími: Tímabil frá uppgjörstími til gjalddaga. Þegar um útlán eða skuldir með afborgunarskilmálum er að ræða skal eftirstöðvatími reiknaður frá uppgjörstími til gjalddaga hverrar afborgunar. Þegar um er að ræða sérstök innlán og önnur bundin innlán telst eftirstöðvatími sá tími sem er frá uppgjörstími reikningsskilanna til fyrsta mögulega útborgunardags innstæðunnar. Þegar um er að ræða yfirdráttarlán, afurðalán eða rekstrarlán telst eftirstöðvatími sá tími sem er á milli uppgjörstíms reikningsskilanna til þess dags þegar næst verður samið um framlengingu yfirdráttar/lánveitingar.

Fjárfestingarverðbréf: Markaðsskuldabréf svo og hlutabréf sem stofnun hefur með formlegum hætti tekið ákvörðun um að eiga til lengri tíma, skemmst eitt ár. Til slíkra bréfa teljast ekki hlutir í *hlutdeildarfyrirtækjum* eða *tengdum fyrirtækjum*. Sjá einnig *Veltuverðbréf*.

Fjármálafyrirtæki: Fyrirtæki sem starfar einkum að öflun eignarhluta eða fæst við einhverja eða alla þá starfsemi sem talin er upp í tölulíðum 2-12 í 1. mgr. 44. gr. laga nr. 113/1996, en er ekki lánastofnun.

Framvirk viðskipti (e. Future transactions): Viðskipti sem gerð eru upp þremur dögum eftir upphafsdag þeirra eða síðar. Sjá einnig *Núviðskipti*.

Fullnustufélag: Félag sem stofnun hefur eignast hlut í vegna endurskipulagningar félagsins eða til fullnustu kröfu, sbr. ákvæði 45. gr. laga nr. 113/1996. Sjá einnig *Rekstrarfélag*.

Gjaldkræf krafa: Krafa sem stofnun getur krafist endurgreiðslu á án fyrirvara. Sjá einnig *Víkjandi krafa/skuld*.

Gjaldkræf skuld: Skuld sem lánardrottinn getur krafist greiðslu á án fyrirvara. Sjá einnig *Víkjandi krafa/skuld*.

Hlutdeild: Hlutur í *hlutdeildarfyrirtækjum* eða *tengdum fyrirtækjum* sem ætlaður er til varanlegrar eignar.

Hlutdeildarfyrirtæki: Fyrirtæki sem er ekki *dótturfyrirtæki*, en stofnun og eftir atvikum *dótturfyrirtæki* hennar eiga hvort/hvert fyrir sig eða sameiginlega hlut í og hafa áhrif á stjórn þess. Eigi stofnun, og eftir atvikum *dótturfyrirtæki* hennar, að minnsta kosti 20% atkvæða í fyrirtækinu telst stofnunin hafa áhrif á stjórn þess.

Hlutur: Hlutabréf í hlutafélagi eða eignarhlutdeild í eigin fé annarra félaga.

Lánastofnun: Fyrirtæki sem tekur á móti innlánnum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu og veitir lán fyrir eigin reikning. Sjá einnig *Fjármálaforfyrirtæki*.

Markaðsverðbréf: Framseljanlegt verðbréf (skuldabréf, hlutabréf eða hlutdeildarskírteini) sem boðið er einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við á. Sjá einnig *Fjárfestingarverðbréf; Veltuverðbréf*.

Móðurfyrirtæki: Fyrirtæki skilgreint í 2. mgr. 66. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996 og 2. tölulið 3. mgr. 1. gr. þessara reglna. Sjá einnig *Dótturfyrirtæki; Samstæða, samstæðufyrirtæki; Tengd fyrirtæki*.

Núviðskipti (e. Spot transactions): Viðskipti sem gerð eru upp eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir upphafsdag þeirra. Sjá einnig *Framvirk viðskipti*.

Opinber aðili: Ríki eða sveitarfélag á Íslandi eða samsvarandi aðili í öðrum löndum.

Óvaxtaberandi útlán: Til slíkra eigna teljast öll útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir og önnur vaxtafryst útlán, sbr. ennfremur viðauka I með reglum þessum. Við flokkun óvaxtaberandi útlána er heimilt að undanskilja þau lán viðkomandi lánþega sem talin eru að fullu tryggð.

Raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti: *Sölu- og endurkaupaviðskipti* þar sem afsalshafi hefur skuldbundið sig til að skila eignunum aftur. Sjá einnig *Sala með endurkauparétti*.

Rekstrarfélag: Félag sem hefur það hlutverk að sjá um eignarhald og rekstur fullnustueigna stofnunar. Sjá einnig *Fullnustufélag*.

Sala með endurkauparétti: *Sölu- og endurkaupaviðskipti* þar sem afsalshafi á rétt á, en hefur ekki skuldbundið sig til, að skila eignunum aftur. Sjá einnig *Raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti*.

Samstæða, samstæðufyrirtæki: *Móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki* þess.

Skráð verðbréf: Verðbréf sem tekið hefur verið til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi eða verslað er með á öðrum markaði sem er opinberlega viðurkenndur, starfar reglulega og er opin almenningi.

Sölu- og endurkaupaviðskipti: Viðskipti sem fela í sér framsal stofnunar eða viðskiptavinar (framseljanda) til annarrar stofnunar eða viðskiptavinar (afsalshafa) á eignum, t.d. víxlum, skuldabréfum eða framseljanlegum verðbréfum, með samningi um að sömu eignir verði síðar framseldar aftur til framseljanda á tilteknu verði. Sjá einnig *Raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti; Sala með endurkauparétti*.

Tengt fyrirtæki: Dótturfyrirtæki stofnunar, móðurfyrirtæki hennar eða systurfyrirtæki (þ.e. fyrirtæki undir sama móðurfyrirtæki).

Veltuverðbréf: Markaðsverðbréf sem er ekki aflað í þeim tilgangi að halda því til varanlegrar eignar í rekstri. Sjá einnig Fjárfestingarverðbréf.

Víkjandi krafaskuld: Krafa sem við slit eða gjaldþrot lántakanda er endurgreidd í samræmi við lánskilmála á eftir öllum öðrum kröfum á hendur lántakanda. Sjá einnig Gjaldkræf krafa; Gjaldkræf skuld.

3. gr.

Viðskiptabankar, sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og útibú viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana með aðalstöðvar utan hins evrópska efnahagssvæðis skulu semja ársreikning, sbr. kafla 2-8 í þessum reglum og skýrslu stjórnar.

Dótturfyrirtæki, sbr. 4. tölulið 1. mgr. 1. gr., skulu semja ársreikning, sbr. kafla 2-8 í þessum reglum og skýrslu stjórnar.

Samstæður, sem skilgreindar eru í 3. mgr. 1. gr., skulu semja ársreikning á samstæðu-grundvelli, sbr. kafla 2-9 í þessum reglum og skýrslu stjórnar.

2. KAFLI

Yfirlit yfir efnahagsliði og liði utan efnahagsreiknings.

4. gr.

EIGNIR

1. Sjóður og óbundnar innstæður í seðlabanka o.fl.
2. Ríkisvixlar og aðrir vixlar endurseljanlegir í seðlabanka.
3. Kröfur á lánastofnanir o.fl.
 - 3.1. Bundnar kröfur á seðlabanka.*
 - 3.2. Kröfur á lánastofnanir.*
4. Útlán o.fl.
 - 4.1. Útlán til viðskiptavina.*
 - 4.2. Eignarleigusamningar.*
 - 4.3. Fullnustueignir.*
5. Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum.
 - 5.1. Veltuskuldabréf o.fl. útgefið af opinberum aðilum.*
 - 5.2. Veltuskuldabréf o.fl. útgefið af öðrum aðilum.*
 - 5.3. Fjárfestingarskuldabréf o.fl. útgefið af opinberum aðilum.*
 - 5.4. Fjárfestingarskuldabréf o.fl. útgefið af öðrum aðilum.*
6. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum.
 - 6.1. Veltuhlutabréf o.fl.*
 - 6.2. Fjárfestingarhlutabréf o.fl.*
7. Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum.
 - 7.1. Hlutir í lánastofnunum.*
 - 7.2. Hlutir í öðrum fyrirtækjum.*
8. Hlutir í tengdum fyrirtækjum.
 - 8.1. Hlutir í lánastofnunum.*
 - 8.2. Hlutir í öðrum fyrirtækjum.*
9. Óefnislegar eignir.
 - 9.1. Viðskiptavild.*
 - 9.2. Aðrar óefnislegar eignir.*

10. Rekstrarfjármunir.
 - 10.1. Húseignir og lóðir.*
 - 10.2. Húsbúnaður, tæki o.fl.*
11. Rekstrarleigugeignir.
12. Aðrar eignir.
13. Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur.
Eignir samtals.

Nánari skýringar á stjörnumerkingu er að finna í 6. gr. í 4. kafla.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

1. Skuldir við lánastofnanir o.fl.
 - 1.1. Gjaldkræfar skuldir.*
 - 1.2. Aðrar skuldir við lánastofnanir.*
 2. Innlán.
 - 2.1. Óbundin innlán.*
 - 2.2. Bundin innlán (allt að 3 mán.).*
 - 2.3. Bundin innlán (> 3 mán.).*
 - 2.4. Sérstök innlán.*
 3. Lántaka.
 - 3.1. Verðbréfaútgáfa.*
 - 3.2. Lán frá lánastofnunum.*
 - 3.3. Önnur lántaka.*
 4. Aðrar skuldir.
 5. Áfallin gjöld og fyrirframinnheimtar tekjur.
 6. Reiknaðar skuldbindingar.
 - 6.1. Lífeyrisskuldbindingar.*
 - 6.2. Skattskuldbindingar.*
 - 6.3. Aðrar skuldbindingar.*
 7. Víkjandi skuldir.
 8. Eigið fé.
 - 8.1. Hlutfé/stofnfé.
 - 8.2. Varasjóðir.
 - 8.3. Endurmatsreikningur skv. verðbólgu-reikningsskilum.
 - 8.4. Endurmatsreikningur, annar en skv. lið 8.3.
 - 8.5. Óráðstafað eigið fé.
- Skuldir og eigið fé samtals.

LÍÐIR UTAN EFNAHAGSREIKNINGS

1. Ábyrgðir o.fl.
 - 1.1. Veittar ábyrgðir.*
 - 1.2. Framseld skuldaskjöl o.fl.*
2. Aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings.
 - 2.1. Sala með endurkauparétti.*
 - 2.2. Eignir keyptar samkvæmt framvirkum kaupsamningi.*
 - 2.3. Óafturkallanleg lánsloforð.*
 - 2.4. Aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings.*

3. KAFLI
Yfirlit yfir liði rekstrarreiknings.
5. gr.

REKSTRARREIKNINGUR

1. Vaxtatekjur o.fl.
 - 1.1. Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir o.fl.*
 - 1.2. Vaxtatekjur af útlánum o.fl.*
 - 1.3. Vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum o.fl.*
 - 1.4. Aðrar vaxtatekjur o.fl.*Vaxtatekjur o.fl. samtals.
2. Vaxtagjöld o.fl.
 - 2.1. Vaxtagjöld til lánastofnana.*
 - 2.2. Vaxtagjöld af innlánum o.fl.*
 - 2.3. Vaxtagjöld af lántöku o.fl.*
 - 2.4. Vaxtagjöld af víkjandi skuldum.*
 - 2.5. Önnur vaxtagjöld o.fl.*Vaxtagjöld o.fl. samtals.
Reiknuð gjöld/tekjur vegna verðlagsbreytinga.

A. HREINAR VAXTATEKJUR

3. Tekjur af hlutabréfum o.fl. og öðrum eignarhlutum.
 - 3.1. Tekjur af veltu- og fjárfestingarhlutabréfum o.fl.*
 - 3.2. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfyrirtækja í fjármálastarfsemi.*
 - 3.3. Tekjur af öðrum hlutdeildarfyrirtækjum.
 - 3.4. Tekjur af hlutum í tengdum fyrirtækjum.*Tekjur af hlutabréfum o.fl. og öðrum eignarhlutum samtals.
4. Þóknunartekjur o.fl.
 - 4.1. Ábyrgðarþóknun.*
 - 4.2. Aðrar þóknunartekjur.*Þóknunartekjur o.fl. samtals.
5. Þóknunargjöld.
6. Gengishagnaður/tap af annarri fjármálastarfsemi.
 - 6.1. Gengishagnaður/tap af veltuskuldabréfum o.fl.*
 - 6.2. Gengishagnaður/tap af veltuhlutabréfum o.fl.*
 - 6.3. Gengishagnaður/tap af gjaldeyrisviðskiptum.*
 - 6.4. Gengishagnaður/tap af öðrum fjármálaskjöllum.*Gengishagnaður/tap samtals.
7. Aðrar rekstrartekjur.
 - 7.1. Rekstrarleigutekjur.*
 - 7.2. Ýmsar rekstrartekjur.*

B. HREINAR REKSTRARTEKJUR

8. Almennur rekstrarkostnaður.
 - 8.1. Laun og launatengd gjöld.
 - 8.1.1. Laun.*
 - 8.1.2. Lífeyriskostnaður.*
 - 8.1.3. Önnur launatengd gjöld.*
 - 8.2. Annar rekstrarkostnaður.Almennur rekstrarkostnaður samtals.

9. Afskriftir rekstrarfjármuna, rekstrarleigueigna o.fl.
 - 9.1. Afskriftir óefnislegra eigna.*
 - 9.2. Afskriftir fasteigna.*
 - 9.3. Afskriftir húsbúnaðar, tækja o.fl.*
 - 9.4. Afskriftir rekstrarleigueigna.*Afskriftir rekstrarfjármuna, rekstrarleigueigna o.fl. samtals.
10. Önnur rekstrargjöld.
11. Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.
12. Matsverðsbreyting á fjárfestingarverðbréfum o.fl.
 - 12.1. Matsverðsbreyting á fjárfestingarverðbréfum.*
 - 12.2. Matsverðsbreyting á hlutum í hlutdeildarfyrirtækjum.*
 - 12.3. Matsverðsbreyting á hlutum í tengdum fyrirtækjum.*
 - 12.4. Aðrar matsverðsbreytingar.*Matsverðsbreytingar á fjárfestingarverðbréfum o.fl. samtals.

C. HAGNAÐUR/TAP FYRIR SKATTA

13. Skattar.
 - 13.1. Reiknaður tekjuskattur.
 - 13.2. Eignarskattur.Tekjuskattur og eignarskattur samtals.

D. HAGNAÐUR/TAP AF REGLULEGRI STARFSEMI EFTIR SKATTA

14. Hagnaður/tap af óreglulegri starfsemi.
 - 14.1. Óreglulegar tekjur.*
 - 14.2. Óregluleg gjöld.*
 - 14.3. Reiknaður skattur af óreglulegri starfsemi.*Hagnaður/tap af óreglulegri starfsemi samtals.

E. HAGNAÐUR/TAP ÁRSINS

4. KAFLI

Almenn ákvæði um efnahagsreikning, rekstrarreikning, sjóðstreymi og liði utan efnahagsreiknings.

6. gr.

Við framsetningu á efnahagsreikningi, rekstrarreikningi og sjóðstreymi stofnunar skal fylgja þeirri uppsetningu sem fram kemur í 2. og 3. kafla þessara reglna og viðauka IV með reglunum. Heimilt er að draga saman þá undirliði í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi sem eru með stjórnúmerkingu í kafla 2 og 3, enda verði liðir sem þannig eru sameinaðir sundurliðaðir sérstaklega í skýringum í ársreikningi. Skilyrði fyrir slíkri sameiningu eru þessi:

- að slík sameining hafi ekki áhrif á að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu og afkomu stofnunar, og
- að slík sameining liða varpi skýrara ljósi á ársreikninginn.

Að uppfylltum framangreindum skilyrðum er ennfremur heimilt að draga saman liði í sjóðstreymi. Í viðauka IV er gerð nánari grein fyrir einstökum atriðum varðandi gerð sjóðstreymis.

7. gr.

Eftirtalda liði ber að sýna sérstaklega sem undirliði með viðeigandi liðum í efnahagsreikningi nema fjárhæð þeirra og/eða mikilvægi sé þannig að nægjanlegt sé talið að þeir séu sundurliðaðir sérstaklega í skýringum viðeigandi liða í ársreikningi, sbr. skilyrði í 6. gr.:

- kröfur á eða skuldir við tengd fyrirtæki,
- kröfur á eða skuldir við fyrirtæki sem stofnun á hlutdeild í,
- kröfur á eða skuldir við dótturfélag sem stofnun á hlutdeild í, enda sé ekki um samstæðuuppgjör þessara fyrirtækja að ræða,
- kröfur á eða skuldir við fyrirtæki sem stofnun hefur tímabundið eignast hlut í sem lið í fjárhagslegri endurskipulagningu þess fyrirtækis eða til að ljúka viðskiptum fyrirtækisins við stofnunina, og
- víkjandi eignir, þ.e. eignir sem við slit eða gjaldþrot koma fyrst til endurgreiðslu á eftir kröfum annarra lánardrottna.

8. gr.

Mat á einstökum liðum ársreiknings skal vera í samræmi við eftirfarandi almennar reglur:

1. Gera skal ráð fyrir að stofnunin haldi starfsemi sinni áfram.
2. Samræmi skal vera í notkun matsaðferða frá einu reikningsári til annars.
3. Í mati skal gætt tilhlýðilegrar varfærni og skal þannig meðal annars:
 - a. aðeins telja hagnað með sé hann þegar áunninn á uppgjörstegi,
 - b. taka til greina allar fyrirsjáanlegar skuldir og allt tap sem myndast hefur á reikningsárinu eða í tengslum við fyrri reikningsár, jafnvel þótt skuldarnar eða tapið komi fyrst í ljós milli uppgjörstegs og þess dags þegar reikningsskil eru undirrituð,
 - c. taka til greina verðmætarýrnun, hvort sem tap eða hagnaður er á reikningsárinu, og
 - d. þegar óvissa ríkir, velja þann kost sem er líklegastur til að leiða ekki til ofmats eigna og hreinna tekna.
4. Taka skal til greina tekjur og gjöld sem varða reikningsárið án tillits til þess hvenær tekjur eru innheimtar eða greiðslur inntar af hendi.
5. Þá þætti sem mynda einstaka eigna- og skuldaliði, skal meta hvern fyrir sig.
6. Efnahagsreikningur við upphaf hvers reikningsárs skal samsvara efnahagsreikningi við lok fyrra reikningsárs.

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstrarafkomu og fjárhagsstöðu skal reikna og færa í ársreikninginn enda sé það í samræmi við góða reikningsskilavenju. Við útreikninginn skal miða við breytingu á lánskjaravísitölu.

Óheimilt er að jafna út eignir á móti skuldum eða tekjur á móti gjöldum nema annað komi fram í reglum þessum.

Frávik frá hinum almennu reglum samkvæmt þessari grein eru heimil í undantekningar-tilvikum. Sé um veruleg frávik að ræða skal geta þeirra í skýringum í ársreikningi og tilgreina ástæður og áhrif á fjárhagsstöðu og afkomu.

9. gr.

Þegar margar lánastofnanir hafa veitt svonefnt fjölbankalán skal sérhver lánastofnun, sem hlutdeild á í láninu, aðeins tilgreina þann hluta af heildarláninu sem hún hefur sjálf fjármagnað.

Þegar um er að ræða fjölbankalán og fjármögnunin, sem lánastofnun ábyrgist, fer fram úr þeirri lánsfjárhæð, sem hún hefur veitt, skal sá hluti ábyrgðarinnar tilgreindur sem ábyrgð undir lið 1.1 í liðum utan efnahags.

10. gr.

Við raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti skal halda áfram að tilgreina framseldar eignir í efnahagsreikningi framseljanda. Kaupverðið, sem framseljandi tekur á móti, skal tilgreint sem skuld við afsalshafa. Að auki skal verðmæti framseldra eigna tilgreint í skýringum í ársreikningi framseljanda. Afsalshafi á ekki að tilgreina framseldar eignir í efnahagsreikningi sínum, heldur færast kaupverðið sem krafa á framseljandann.

Pegar um sölu með endurkauparétti er að ræða skal framseljandi ekki tilgreina í efnahagsreikningi sínum framseldar eignir. Framseljandi skal færa undir lið 2.1, „Sala með endurkauparétti“, undir liðum utan efnahagsreiknings þá fjárhæð sem samsvarar hinu umsamda endurkaupaverði.

Framvirk gjaldeyrisviðskipti, skiptiréttur, viðskipti sem fela í sér útgáfu skuldabréfa með skuldbindingu um að kaupa aftur hluta eða alla útgáfuna fyrir gjalddaga eða sambærileg viðskipti skulu ekki teljast sölu- eða endurkaupaviðskipti samkvæmt þessari grein.

5. KAFLI

Sérstök ákvæði um einstaka liði í efnahagsreikningi og liði utan efnahagsreiknings.

11. gr.

Eignaliður 1. „Sjóður og óbundnar innstæður í seðlabanka o.fl.“.

Til sjóðs skal telja alla löglega gjaldmiðla, þar með talda erlenda seðla og mynt.

Ennfremur færast undir þennan eignalið innstæður hjá seðlabanka og póstagíró (póstbönkum) í þeim löndum þar sem stofnunin er með starfsemi. Slíkar innstæður verða að vera lausar til ráðstöfunar hvenær sem er. Aðrar kröfur á slíkar stofnanir á að tilgreina sem kröfur á lánastofnanir (3. eignaliður) sem útlán (4. eignaliður) eða sem markaðsskuldabréf (5. eignaliður).

12. gr.

Eignaliður 2. „Ríkisvixlar og aðrir vixlar endurseljanlegir í seðlabanka“.

Á þennan eignalið skal færa ríkisvixla og sambærilega vixla útgefna af opinberum aðilum sem hægt er að nota til endursölu í seðlabanka í þeim löndum þar sem stofnunin er með starfsemi. Á þennan eignalið má aðeins færa vixla sem stofnunin hefur á uppgjörstigi skilyrðislausan rétt á að endurselja. Ríkisskuldabréf og önnur sambærileg skuldaskjöl gefin út af opinberum aðilum skulu færast undir eignalið 5, „Markaðsskuldabréf o.fl.“. Við færslu sölu- og endurkaupaviðskipta með verðbréf samkvæmt þessari grein ber að fylgja ákvæðum 10. gr. reglnanna.

13. gr.

Eignaliður 3. „Kröfur á lánastofnanir o.fl.“.

Á eignalið 3.1, „Bundnar kröfur á seðlabanka“, skal færa allar kröfur á seðlabanka aðrar en þær sem tilgreindar eru í 11. gr. Í skýringum skal sérgreina bundnar kröfur á seðlabanka í annars vegar bundnar kröfur samkvæmt bindiskyldureglum og hins vegar aðrar bundnar kröfur.

Á eignalið 3.2, „Kröfur á lánastofnanir“, skal færa allar kröfur á lánastofnanir, innlendar og erlendar, aðrar en skuldabréf og önnur verðbréf sem færast eiga á eignalið 5, „Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum“, sbr. 15. gr. hér á eftir. Tékkakröfur á lánastofnanir og seðlabanka færast á eignalið 3.2.

Kröfur á lánastofnanir, sem tengjast framvirkum viðskiptum eða viðskiptum með skiptarétt (options), skulu færast á eignalið 3.2.

Víkjandi kröfur á lánastofnanir, sem ekki eru útgefnar sem markaðsbréf, skulu færast á eignalið 3.2. sbr. 2. mgr. 23. gr.

Með lánastofnun samkvæmt þessari grein er átt við stofnanir sem starfa samkvæmt lögum nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði, lögum nr. 123/1993 um aðrar lánastofnanir en viðskiptabanka og sparisjóði, auk seðlabanka og alþjóðlegra og fjölþjóðlegra banka- stofnana. Undir lánastofnanir í þessum skilningi falla því eftirtaldar stofnanir:

- Innlánsstofnanir, þ.e. allar þær stofnanir sem samkvæmt lögum er heimilt að taka á móti innlánnum frá almenningi. Um er að ræða allar þær stofnanir sem falla undir lög nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði og sambærilegar stofnanir erlendis. Á Íslandi eru innlánsstofnanir viðskiptabankar og sparisjóðir auk Póstgíróstofunnar sbr. lög nr. 142/1996,
- aðrar lánastofnanir, þ.e. þær stofnanir sem heimilt er að taka lán hjá almenningi og veita lán í eigin nafni en hafa þó ekki heimild til að taka á móti innlánnum frá almenningi. Um er að ræða allar þær stofnanir sem falla undir lög nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og sambærilegar stofnanir erlendis,
- Seðlabanki Íslands og sambærilegar stofnanir erlendis, og
- alþjóðlegar fjármálastofnanir og fjölþjóðlegar lánastofnanir svo sem Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) og Fjárfestingarbanki Evrópu (EIB).

14. gr.

Eignaliður 4. „Útlán o.fl.“.

Á eignalið 4.1, „Útlán til viðskiptavina“, skal færa allar kröfur, þ.m.t. áfallna vexti, á innlenda eða erlenda viðskiptavini aðra en lánastofnanir, án tillits til kröfuheitis. Kröfur, sem flokkast sem markaðsskuldabréf, skal þó færa undir eignalið 5, „Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum“, sbr. 15. gr. hér á eftir.

Á eignalið 4.2, „Eignarleigusamningar“, skal færa alla eignarleigusamninga vegna fjármögnunar- og kaupleigusamninga. Eign, sem stofnun hefur yfirtekið til fullnustu fjármögnunar- eða kaupleigusamnings eða við lok samningstíma slíks samnings, skal færa undir eignalið 4.3, „Fullnustueignir“.

Í skýringum með ársreikningi skulu útlán að lágmarki sundurliðuð eftir eftirstöðvatíma útlána í samræmi við viðauka III með þessum reglum, sbr. einnig 61. gr. Við sundurliðun útlána með afborgunarskilmálum skal eftirstöðvatíminn reiknast frá uppgjörstími til gjald- daga hvernar afborgunar.

Afskriftareikningur útlána skal færast til lækkunar á viðeigandi útlánalið.

Ótekjufærð afföll af kröfum skulu dragast frá viðeigandi útlánalið.

Hafi stofnun yfirtekið fasteign eða lausafjármuni til að tryggja fullnustu kröfu skal færa áætlað raunvirði (markaðsverð) þess undir eignalið 4.3, „Fullnustueignir“. Fjárhæð viðkomandi útlána færast til lækkunar á eignalið 4.1, „Útlán til viðskiptavina“, en yfirtekin áhvílandi lán á fullnustueign færast á skuldalið 4, „Aðrar skuldir“. Heimilt er að halda eign, sem stofnun hefur eignast til fullnustu kröfu, á eignalið 4.1, „Útlán til viðskiptavina“, í allt að 6 mánuði frá því að eignin var formlega yfirtekin, enda eigi stofnunin enn kröfu á upprunalegan skuldara og talið sé fært að selja fullnustueignina innan eins árs frá því að eignin var yfirtekin. Fullnustueignir skal færa á áætluðu raunvirði.

Á eignalið 4.3 skal einnig færa áætlað raunvirði hlutabréfa eða eignarhluta í fullnustufélögum og rekstrarfélögum, sbr. skilgreiningar í 2. gr. Útlán til sömu félaga skulu einnig færast hér enda sé fullnustufélag eða rekstrarfélag komið í meirihlutaeign stofnunarinnar og/eða annarra lánastofnana og útlánin ekki talin að fullu tryggð.

Í skýringum með eignalið 4.3 skal sundurliða fullnustueignir í fasteignir og lausafjármuni svo og eignarhluti og útlán sbr. næstu mgr. á undan. Einnig skulu í skýringum koma

fram upplýsingar um heildarverðmæti allra fullnustueigna stofnunarinnar, þ.e. allra fullnustueigna sem stofnunin er formlegur eigandi að. Einnig skulu í skýringum með þessum eignaliðum koma fram upplýsingar um eignarhluta stofnunar og rekstrarafkomu og eiginfjárstöðu einstakra fullnustu- og rekstrarfélaga.

Sé um að ræða eignarhluta í fullnustufélagi sem er lánastofnun skal ársreikningur viðkomandi fyrirtækis fylgja ársreikningnum enda sé félagið ekki með í samstæðuuppgjöri.

Fjármálaeftirlitið getur veitt lánastofnun undanþágu frá birtingu upplýsinga samkvæmt síðasta málslið 8. mgr. og 9. mgr. þessarar greinar.

15. gr.

Eignaliður 5. „Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum“.

Á eignaliði 5.1, og 5.2, „Veltuskuldabréf o.fl.“, skal færa markaðsskuldabréf og önnur skuldaskjöl, þ.m.t. markaðsverðbréf í formi víkjandi krafna, sem eru veltuverðbréf, og gefin eru út af lánastofnunum, öðrum fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Slík skuldaskjöl, sem gefin eru út af hinum síðastnefndu, skulu þó aðeins talin með ef þau eru ekki færð undir eignalið 2, „Ríkisvixlar og aðrir vixlar endurseljanlegir í seðlabanka“.

Á eignaliði 5.3, og 5.4, „Fjárfestingarskuldabréf o.fl.“, skal færa markaðsskuldabréf og önnur skuldaskjöl, þ.m.t. víkjandi kröfur, sem teljast vera fjárfestingarverðbréf og gefin eru út af lánastofnunum, öðrum fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Slík skuldaskjöl, sem gefin eru út af hinum síðastnefndu, skulu þó aðeins talin með ef þau eru ekki færð undir eignalið 2, „Ríkisvixlar og aðrir vixlar endurseljanlegir í seðlabanka“.

Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða skal ekki færa undir eignalið 5, heldur undir eignalið 6, „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum“.

Eigin skuldabréf skulu færð til frádráttar viðeigandi skuldalið.

Í skýringum með eignalið 5 skal sérgreina ríkisskuldabréf og önnur sambærileg skuldaskjöl, sem hægt er að endurselja í seðlabanka í þeim löndum þar sem stofnunin er með starfsemi.

16. gr.

Eignaliður 6. „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum“.

Á eignalið 6.1, „Veltuhlutabréf o.fl.“, skal færa hlutabréf, hlutdeildarskírteini og aðra hluti með breytilegum tekjum sem teljast vera veltuverðbréf, aðra en þá sem teljast til eignaliða 7 og 8.

Á eignalið 6.2, „Fjárfestingarhlutabréf o.fl.“, skal færa hlutabréf, hlutdeildarskírteini og aðra hluti með breytilegum tekjum sem teljast vera fjárfestingarverðbréf, aðra en þá sem teljast til eignaliða 7 og 8.

Bókfært verð eigin hluta skal sérgreina í skýringum með lið 6 séu þeir ekki færðir til lækkunar á bókfærðu hlutafé/stofnfé stofnunarinnar.

17. gr.

Eignaliður 7. „Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum“.

Á þennan eignalið skal færa hluti í hlutdeildarfyrirtækjum, sbr. 2. gr. þessara reglna, en þó ekki hluti í fullnustu- eða rekstrarfélögum.

18. gr.

Eignaliður 8. „Hlutir í tengdum fyrirtækjum“.

Á þennan eignalið skal færa hluti í tengdum fyrirtækjum, sbr. 2. gr. þessara reglna, en þó ekki hluti í fullnustu- eða rekstrarfélögum.

19. gr.

Eignaliður 9. „Óefnislegar eignir“.

Á þennan eignalið skal færa viðskiptavild, eignfærðan langtímakostnað, eignfærðan þróunarkostnað og aðrar óefnislegar eignir.

Kostnað við stofnun félags má ekki eignfæra.

20. gr.

Eignaliður 10. „Rekstrarfjármunir“.

Á eignalið 10.1, „Húseignir og lóðir“, skal færa allar fasteignir aðrar en fullnustueignir sem stofnun hefur eignast í eigin nafni. Eignarleigusamninga samkvæmt fjármögnunar- eða kaupleigusamningum skal þó færa undir eignalið 4.2, „Eignarleigusamningar“, og eignir, sem aflað hefur verið til rekstrarútleigu, undir eignalið 11, „Rekstrarleigugæignir“. Fullnustueignir skal færa undir eignalið 4.3, „Fullnustueignir“.

Á eignalið 10.2, „Húsbúnaður, tæki o.fl.“, skal færa t.d. húsbúnað, skrifstofuvélar, tölvur, bifreiðar og geymsluhólf sem ekki eru hluti af fasteign.

21. gr.

Eignaliður 11. „Rekstrarleigugæignir“.

Á eignalið 11, „Rekstrarleigugæignir“, skal færa allar eignir sem aflað er til rekstrarleigustarfsemi.

22. gr.

Eignaliður 12. „Aðrar eignir“.

Á eignalið 12, „Aðrar eignir“, skal færa ýmsar eignir og aðrar kröfur sem falla ekki undir aðra eignaliði.

23. gr.

Eignaliður 13. „Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur“.

Á þennan eignalið skal færa útgjöld sem stofnað er til á reikningsárinu, en varða síðari reikningsár, ásamt tekjum sem koma ekki til greiðslu fyrr en eftir lok reikningsárs þótt þær teljist til þess. Áfallna óinnheimta vexti skal þó færa með viðeigandi eignaliðum.

Jákvæða stöðu á markaðsvirði framvirkra viðskiptasamninga um gjaldmiðilsskipti og eftir atvikum aðra álíka samninga skal færa á þennan eignalið. Hér skal eingöngu færa samtölu hreins hagnaðar af viðkomandi samningum. Neikvæð staða á markaðsvirði færist hins vegar á skuldalið 5. Gengishagnaður/tap færist á rekstrarlið 6.4 „Gengishagnaður/tap af öðrum fjármálaskjölum“. Kröfur á lánastofnanir sem tengjast sambærilegum samningum skal þó færa á eignalið 3.2, sbr. 3. mgr. 13. gr.

24. gr.

Skuldaliður 1. „Skuldir við lánastofnanir o.fl.“.

Á skuldalið 1, „Skuldir við lánastofnanir o.fl.“, skal færa innlán, millibankalán og aðrar skuldir við lánastofnanir sem ekki eru í formi skuldabréfalána eða annarra framseljanlegra verðbréfa og færa skal á skuldalið 3, „Lántaka“ eða skuldalið 7, „Víkjandi skuldir“.

Á skuldalið 1.1, „Gjaldkræfar skuldir“, skal færa allar gjaldkræfar skuldir við lánastofnanir að undanskildum lántökum og víkjandi skuldum sbr. 1. mgr.

Á skuldalið 1.2, „Aðrar skuldir við lánastofnanir“, skal færa allar skuldir við lánastofnanir með umsömdum binditíma eða uppsagnarfresti að undanskildum lántökum og víkjandi skuldum sbr. 1. mgr.

Skuldir við lánastofnanir vegna framvirkra viðskipta eða viðskipta með skiptirétt skal færa á skuldalið 1.2 sbr. 2. mgr. 28. gr. og 2. mgr. 23. gr.

Hlut skulda við seðlabanka í skuldalið 1.1 og 1.2 skal sérgreina í skýringum með árs-reikningi.

Um nánari skilgreiningu á hugtakinu lánastofnun samkvæmt þessari grein vísast í 5. mgr. 13. gr. reglnanna.

25. gr.

Skuldaliður 2. „Innlán“.

Hér skal færa öll innlán að undanskildum skuldum sem stofnað hefur verið til með útgáfu skuldabréfa eða annarra framseljanlegra verðbréfa og færa skal á skuldalið 3, „Lántaka“ eða skuldalið 7, „Víkjandi skuldir“. Innlán frá lánastofnunum skal ekki færa hér, heldur á skuldalið 1, sbr. 24. gr. reglnanna. Í undantekningartilfellum er heimilt að færa hér aðrar skuldir stofnunar einkum ef um er að ræða skuldir sem tengjast fjármögnun útlána og þessar skuldir geta ekki fallið undir skilgreiningu á skuldalið 1, „Skuldir við lánastofnanir o.fl.“ eða skuldalið 3, „Lántaka“. Dæmi um slíkar skuldir er innheimtufé lána sjóða sem notað er til útlána. Í slíkum tilfellum skal heiti skuldaliðs 2 bera með sér að ekki sé um hefðbundin innlán að ræða og skal skuldaliður 2 nefndur „Skuldir við viðskiptavini“. Þegar um er að ræða stofnun sem, auk slíkra skulda, er einnig með innlán er nauðsynlegt að skýrt komi fram í efnahagsreikningnum sundurliðun skuldaliðar 2 í innlán og aðrar skuldir.

Á skuldalið 2.1, „Óbundin innlán“, skal færa innlán sem falla undir skilgreiningu 2. gr. þessara reglna á hugtakinu „gjaldkræf skuld“.

Á skuldalið 2.1, „Óbundin innlán“, skal ennfremur færa kröfur viðskiptavina vegna framvirkra viðskipta og viðskipta með skiptirétt, enda sé viðskiptavinurinn ekki lánastofnun.

Á skuldalið 2.2, „Bundin innlán (allt að 3 mán.)“, skal færa innlán með allt að 3 mánaða umsaminn binditíma eða uppsagnarfresti.

Á skuldalið 2.3, „Bundin innlán (> 3 mán.)“, skal færa innlán með 3 mánaða eða þaðan af lengri binditíma eða uppsagnarfresti.

Á skuldalið 2.4, „Sérstök innlán“, skal færa innlánsreikninga sem stofnaðir eru með tilvísun til sérstakra laga, t.d. af skattalegum ástæðum, sbr. húsnæðissparnaðarreikninga.

26. gr.

Skuldaliður 3. „Lántaka“.

Á skuldalið 3, „Lántaka“, skal færa skuldir stofnunar, aðrar en innlán, sem stofnað er til með útgáfu skuldabréfa og annarra framseljanlegra verðbréfa. Útgefin verðbréf, sem falla undir skilgreiningu á víkjandi skuldum, skulu færð undir skuldalið 7, „Víkjandi skuldir“.

Á skuldalið 3.1, „Verðbréfaútgáfa“, skal færa skuldabréfaútgáfu og útgáfu verðbréfa sem flokka má undir markaðsverðbréf, ennfremur víxla sem stofnun hefur gefið út til eigin fjármögnunar og hún er aðalskuldari að.

Á skuldalið 3.2, „Lán frá lánastofnunum“, skal færa skuldir við lánastofnanir sem falla undir skilgreiningu 1. mgr., aðrar en þær sem færast eiga undir skuldalið 3.1. Skammtíma-fyrirgreiðslu annarrar lánastofnunar skal þó ekki færa hér heldur á skuldalið 1, „Skuldir við lánastofnanir“.

Á skuldalið 3.3, „Önnur lántaka“, skal færa aðrar lántökur sem falla undir skilgreiningu 1. mgr., aðrar en skuldir sem færast eiga undir skuldaliði 3.1 og 3.2.

27. gr.

Skuldaliður 4. „Aðrar skuldir“.

Á skuldalið 4, „Aðrar skuldir“, skal færa þær skuldir stofnunar sem ekki eru tengdar fjármögnun, svo sem almennar rekstrarskuldir, þá fjárhæð sem samsvarar tapshættu liða utan efnahagsreiknings og reiknuð opinber gjöld til greiðslu á næsta ári.

28. gr.

Skuldaliður 5. „Áfallin gjöld og fyrirframinnheimtar tekjur“.

Tekjur sem greiddar eru fyrir uppgjörsdag, en varða síðari reikningsár, svo og gjöld sem koma til greiðslu síðar þótt þau tilheyri yfirstandandi reikningsári, skal færa á þennan skuldalið. Áfallna vexti skal þó færa með viðeigandi skuldaliðum.

Á þennan skuldalið skal ennfremur færa neikvæða stöðu á markaðsvirði fjármunaviðskipta, sbr. 2. mgr. 23. gr.

29. gr.

Skuldaliður 6. „Reiknaðar skuldbindingar“.

Á þennan skuldalið skal færa fjárhæðir sem ætlað er að standa undir reiknuðum skuldbindingum sem áfallnar eru á uppgjörsdegi þótt óvissa sé um fjárhæð þeirra eða gjalddaga.

Framlög í afskriftareikning útlána og framlög vegna ábyrgða utan efnahags skal ekki færa á þennan skuldalið, heldur til frádráttar á eignalið 4 eða á skuldalið 4, sbr. 14. gr. og 27. gr.

Á skuldalið 6.1, „Lífeyrisskuldbindingar“, skal færa áfallnar skuldbindingar sem stofnun hefur tekist á hendur vegna lífeyrisréttinda starfsmanna, sbr. ennfremur viðauka II með reglum þessum.

Á skuldalið 6.2, „Skattskuldbindingar“, skal færa frestaða skattskuldbindingu, sbr. 47. gr.

Á skuldalið 6.3, „Aðrar skuldbindingar“, skal færa t.d. neikvæðan mismun sem myndast við samstæðuuppgjör, sbr. nánar 9. kafla þessara reglna.

30. gr.

Skuldaliður 7. „Víkjandi skuldir“.

Á þennan lið skal færa skuldir sem víkja fyrir öllum öðrum kröfum en hlutfé eða stofnfé.

31. gr.

Eiginfjárliður 8. „Eigið fé“.

Á eiginfjárlið 8.1, „Hlutfé/stofnfé“, skal færa innbargað hlutfé/stofnfé stofnunar.

Á eiginfjárlið 8.2, „Varasjóðir“, skal færa þá varasjóði sem myndaðir eru, hvort sem um er að ræða lögbundna varasjóði eða ekki. Yfirverð hlutfjár skal færa á lögbundinn varasjóð sbr. 2. mgr. 100. gr. laga um hlutfélag nr. 2/1995.

Á eiginfjárlið 8.3, „Endurmatsreikningur skv. verðbólgu-reikningsskilum“, skal færa endurmat á fastafjármunum, færslu vegna verðlagsbreytinga og aðrar færslur í samræmi við aðferðir verðbólgu-reikningsskila.

Á eiginfjárlið 8.4, „Endurmatsreikningur, annar en skv. lið 8.3“, skal færa annað endurmat á fastafjármunum og færslur því tengdar en gert er ráð fyrir samkvæmt eiginfjárlið 8.3.

Á eiginfjárlið 8.5, „Óráðstafað eigið fé“, skal færa þann hluta af hagnaði ársins eða hagnaði fyrri ára sem hefur ekki verið ráðstafað á aðra eiginfjárliði.

Heimilt er að endurmeta einstaka liði innan eiginfjár í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Efnahagsliði, sem skoða á sem leiðréttingu á bókfærðu verði eignaliða, má ekki færa meðal eiginfjárliða né meðal skuldaliða, heldur skulu þeir færðir til frádráttar viðeigandi eignalið þannig að eignir í efnahagsreikningi séu tilgreindar á réttu verði.

32. gr.

Liðir utan efnahagsreiknings, 1. „Ábyrgðir o.fl.“.

Liður 1, „Ábyrgðir o.fl.“, skal taka til allra viðskipta stofnunar þar sem hún hefur gengist í ábyrgð fyrir skuldbindingar viðskiptamanns við þriðja aðila.

Á lið 1.1, „Veittar ábyrgðir“, skal færa ábyrgðir á lánunum, tilboðsábyrgðir, fullnustuábyrgðir og tolla- og skattaábyrgðir.

Á lið 1.1, skal ennfremur færa skjalfestar ábyrgðir vegna innflutnings og staðfestar skjalfestar ábyrgðir vegna útflutnings.

Á lið 1.1, skal ekki færa sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa, heldur séu slíkar skuldbindingar færðar á lið 2.4, „Aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings“, sbr. 33. gr. hér á eftir.

Á lið 1.2, „Framseld skuldaskjöl o.fl.“, skal færa ábyrgðir sem verða til vegna samþykkis á víxlum og framsals á endurseldum víxlum. Ennfremur komi undir þennan lið aðrar skuldbindingar þar sem þriðji aðili á endurkröfurétt á stofnunina.

Afskriftareikningur vegna tapshættu á liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt þessari grein skal færður á skuldalið 4, „Aðrar skuldir“. Viðeigandi liðir utan efnahagsreiknings skulu lækkaðir um sömu fjárhæð.

33. gr.

Liðir utan efnahagsreiknings, 2. „Aðrar skuldbindingar“.

Á lið 2.1, „Sala með endurkauparétti“, skal færa viðskipti sem tengjast sölu með endurkauparétti eins og lýst er í 2. mgr. 10. gr. þessara reglna.

Á lið 2.2, „Eignir keyptar samkvæmt framvirkum kaupsamningi“, skal færa allar eignir, þ.m.t. skuldabréf, hlutabréf, gjaldeyri og framvirka samninga, sem keyptar eru samkvæmt framvirkum kaupsamningi til afhendingar þremur bankadögum eftir samningsdag eða síðar.

Á lið 2.3, „Óafturkallanleg loforð o.fl.“, skal færa öll óafturkallanleg loforð um að veita lán eða ábyrgð, þ.m.t. ónotaðar yfirdráttarheimildir. Í skýringum skal gera grein fyrir lánsloforðum til allt að 1 árs annars vegar og yfir 1 ár hins vegar.

Á lið 2.4, „Aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings“, skal færa sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar, þar með talið NIF (Note issuance facilities) og RUF (Revolving underwriting facilities), og aðrar álíka skuldbindingar. Ennfremur skal færa hér allar aðrar skuldbindingar sem ekki eru færðar í efnahagsreikning, en gætu haft áhættu í för með sér.

Afskriftareikningur vegna tapshættu á liðum utan efnahagsreiknings samkvæmt þessari grein skal færður á skuldalið 4, „Aðrar skuldir“. Viðeigandi liðir utan efnahagsreiknings skulu lækkaðir um sömu fjárhæð.

Í skýringum í ársreikningi skal greina frá eðli og fjárhæð skuldbindinga sem skipta máli í starfsemi stofnunar.

6. KAFLI

Sérstök ákvæði um einstaka liði í rekstrarreikningnum.

34. gr.

Rekstrarliður 1. „Vaxtatekjur o.fl.“.

Á þennan rekstrarlið skal færa:

- vaxtatekjur,
- þóknunartekjur sem svipar til vaxta og eru tíma- eða fjárhæðartengdar kröfunni,

- afföll af verðbréfum og skuldbindingum sem eru ekki færð á markaðsvirði og skal þeim dreift miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu, og
- verðbætur á eignaliði.

Á rekstrarlið 1.1, „Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir o.fl.“, skal færa vaxtatekjur, verðbætur og tíma- eða fjárhæðartengda þóknun af óbundnum innstæðum í seðlabanka og póstgíró (póstbönkum) í þeim löndum þar sem stofnunin hefur starfsemi, svo og sambærilegar tekjur af eignalið 2, „Ríkisvixlar og aðrir vixlar endurseljanlegir í seðlabanka“, og eignalið 3, „Kröfur á lánastofnanir o.fl.“. Vextir og sambærilegar tekjur af kröfum á verðbréfafyrirtæki og önnur fjármálafyrirtæki en lánastofnanir, skal ekki færa hér.

Á rekstrarlið 1.2, „Vaxtatekjur af útlánum o.fl.“, skal færa vaxtatekjur, verðbætur og tíma- eða fjárhæðartengda þóknun af eignalið 4, „Útlán o.fl.“, þar með talin tekjufærð afföll af útlánum.

Á rekstrarlið 1.2 skal ennfremur færa tekjur af fjármögnunar- og kaupleigusamningum. Tekjur af rekstrarleigusamningum skal hins vegar færa á rekstrarlið 7.1.

Á rekstrarlið 1.3, „Vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum o.fl.“, skal færa vaxtatekjur, verðbætur og tíma- eða fjárhæðartengda þóknun af eignalið 5, „Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum“.

Vaxtatekjur, verðbætur og tíma- eða fjárhæðartengda þóknun af víkjandi kröfum skal færa á rekstrarlið 1.1, „Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir o.fl.“, 1.2, „Vaxtatekjur af útlánum o.fl.“, eða 1.3, „Vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum o.fl.“, eftir því á hvaða eignalið krafan er færð.

Á rekstrarlið 1.4, „Aðrar vaxtatekjur o.fl.“, skal færa t.d. hreinar vaxtatekjur af skiptasamningum (e. swaps).

Bakfærsla á tekjufærðum vöxtum fyrri ára er óheimil. Hætta skal tekjufærslu vaxta af vafasömum kröfum, sbr. ennfremur viðauka I með reglum þessum.

35. gr.

Prátt fyrir ákvæði 34. gr. og 40. gr. um skiptingu tekna vegna skuldabréfa í vaxtatekjur og gengishagnað er heimilt að færa gengishagnað sem vaxtatekjur, enda sé um óverulegar fjárhæðir að ræða.

36. gr.

Rekstrarliður 2. „Vaxtagjöld o.fl.“.

Á þennan rekstrarlið skal færa:

- vaxtagjöld,
- þóknunargjöld sem svipar til vaxta og eru tíma- eða fjárhæðartengd skuldbindingunni,
- gjöld vegna affalla af verðbréfum og skuldbindingum sem ekki eru færð á markaðsvirði og skal afföllunum dreift miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu, og
- verðbætur á skuldaliði.

Á lið 2.1, „Vaxtagjöld til lánastofnana“, skal færa vaxtagjöld o.fl. vegna skuldaliðar 1, „Skuldir við lánastofnanir o.fl.“.

Á lið 2.2, „Vaxtagjöld af innlánum o.fl.“, skal færa vaxtagjöld og verðbætur vegna skuldaliðar 2, „Innlán“.

Á lið 2.3, „Vaxtagjöld af verðbréfaútgáfu o.fl.“, skal færa vaxtagjöld o.fl. vegna skuldaliðar 3, „Verðbréfaútgáfa“.

Á lið 2.4, „Vaxtagjöld af víkjandi skuldum“, skal færa vaxtagjöld o.fl. vegna skuldaliðar 7, „Víkjandi skuldir“.

Á lið 2.5, „Önnur vaxtagjöld o.fl.“, skal færa vaxtagjöld af öðrum skuldum og reiknuðum skuldbindingum.

37. gr.

Rekstrarliður 3. „Tekjur af hlutabréfum o.fl. og öðrum eignarhlutum“.

Á rekstrarlið 3.1, „Tekjur af veltu- og fjárfestingarhlutabréfum o.fl.“, skal færa arð og álíka tekjur af veltu- og fjárfestingarhlutabréfum og öðrum svipuðum verðbréfum með breytilegum tekjum. Heimilt er þó að færa arð af veltuhlutabréfum á rekstrarlið 6.2.

Á rekstrarlið 3.2, „Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfyrirtækja í fjármálastarfsemi“, og rekstrarlið 3.4, „Tekjur af hlutum í tengdum fyrirtækjum“, skal færa hlutdeild í afkomu hlutdeildarfyrirtækja og tengdra fyrirtækja í fjármálastarfsemi, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 113/1996.

Á rekstrarlið 3.3, „Tekjur af öðrum hlutdeildarfyrirtækjum“, skal færa móttekinn arð og álíka tekjur af hlutdeildarfyrirtækjum öðrum en þeim sem eru í fjármálastarfsemi, sbr. næstu mgr. hér á undan.

38. gr.

Rekstrarliður 4. „Þóknunartekjur o.fl.“.

Til þóknunartekna á rekstrarlið 4, sbr. þó 34. gr., skal telja tekjur vegna liða utan efnahagsreiknings, greiðslumiðlunar, gjaldeyrisviðskipta og fjárvörslu- og fjárfestingarþjónustu. Á þennan lið færast meðal annars:

- þóknun vegna ábyrgða, lánaumsjónar vegna annarra lánveitenda og verðbréfavíðskipta vegna þriðja aðila,
- þóknun og tekjur vegna greiðslumiðlunar, fjármálaþjónustu, fjárfestingarþjónustu, innheimtu á verðbréfum og verðmætavörslu, þ.m.t. geymsluhólfaleigu,
- þóknun vegna viðskipta með erlendan gjaldeyri, sölu og kaup á mynt, eðalmálmum o.fl., og
- þóknun sem farið er fram á fyrir þjónustu verðbréfamíðlara í sambandi við innlána- og tryggingarsamninga og lánsviðskipti.

Á rekstrarlið 4.1, „Ábyrgðarþóknun“, skal færa þóknunartekjur vegna ábyrgða.

Á rekstrarlið 4.2, „Aðrar þóknunartekjur“, skal færa aðrar þóknunartekjur sem falla undir skilgreiningu í 1. mgr. hér á undan.

39. gr.

Rekstrarliður 5. „Þóknunargjöld“.

Til þóknunargjalda, sbr. þó 36. gr., skal telja gjöld vegna þjónustu sem veitt er af þriðja aðila, sbr. ennfremur upptalningu á viðskiptum og þjónustu í 38. gr. hér á undan.

40. gr.

Rekstrarliður 6. „Gengishagnaður/tap af annarri fjármálastarfsemi“.

Á þennan rekstrarlið færast gengishagnaður/tap af annarri fjármálastarfsemi.

Á rekstrarlið 6.1, „Gengishagnaður/tap af veltuskuldabréfum o.fl.“, skal færa innleystan og óinnleystan gengishagnað/tap af verðbréfaeign stofnunar samkvæmt eignaliðum 5.1 og 5.2, „Veltuskuldabréf o.fl.“, sbr. þó ákvæði 35. gr. Gjaldreyrishagnaður/tap færast á rekstrarlið 6.3, „Gengishagnaður/tap af gjaldreyrisviðskiptum“. Vaxtatekjur, verðbætur og tíma- og fjárhæðartengdar þóknunir færast á rekstrarlið 1.3, „Vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum o.fl.“.

Á rekstrarlið 6.2, „Gengishagnaður/tap af veltuhlutabréfum o.fl.“, skal færa samtölu gengishagnaðar/taps af verðbréfaeign stofnunar samkvæmt eignalið 6.1, „Veltuhlutabréf o.fl.“. Gjaldreyrishagnaður/tap færast þó á rekstrarlið 6.3, „Gengishagnaður/tap af gjaldreyrisviðskiptum“. Heimilt er að færa hér arð af veltuhlutabréfum, sbr. 1. mgr. 37. gr.

Á rekstrarlið 6.3, „Gengishagnaður/tap af gjaldreyrisviðskiptum“, skal færa allan gengishagnað/tap af viðskiptum með erlendan gjaldeyri ásamt gengishagnaði/tapi af eignum og

skuldum í erlendum gjaldmiðli. Þegar um er að ræða verðbréf í erlendum gjaldmiðli færast gengishagnaður/tap vegna breytinga á markaðsgengi verðbréfanna, en ekki gjaldmiðilsgengi, á rekstrarliði 6.1, „Gengishagnaður/tap af veltuskuldabréfum o.fl.“, 6.2, „Gengishagnaður/tap af veltuhlutabréfum o.fl.“, eða 12, „Matsverðsbreyting á fjárfestingarverðbréfum o.fl.“.

Á rekstrarlið 6.4, „Gengishagnaður/tap af öðrum fjármálaskjölum“ skal færa gengishagnað/tap, þ.m.t. gjaldeyrishagnað/tap, af framvirkum viðskiptum (e. futures), viðskiptum með skiptirétt (e. options), mynta- eða vaxtaskipti og önnur álíka fjármálaskjöl (e. financial instruments), sem eru ekki bókfærð í efnahagsreikningnum.

Þegar um er að ræða verðbréf bundin gengi erlendra gjaldmiðla skal fyrst umreikna verðbréfin yfir í íslenskar krónur og bókfæra gengishagnað/tap af gjaldeyrisviðskiptum á rekstrarlið 6.3, „Gengishagnaður/tap af gjaldeyrisviðskiptum“, áður en til útreiknings á gengishagnaði/tapi vegna breytinga á markaðsvirði kemur.

41. gr.

Rekstrarliður 7. „Aðrar rekstrartekjur“.

Þessi rekstrarliður nær til allra þeirra þóknunartekna, sem falla ekki undir skilgreiningu 38. gr. hér á undan, og allra annarra reglulegra tekna af starfsemi stofnunar. Húsaleigutekjur og söluhagnað af rekstrarfjármunum skal færa á þennan lið og ennfremur tekjur af rekstrarleigu.

42. gr.

Rekstrarliður 8. „Almennur rekstrarkostnaður“.

Á rekstrarlið 8.1, „Laun og launatengd gjöld“, skal færa öll laun og launatengd gjöld stofnunar.

Á rekstrarlið 8.1.1, „Laun“, skal færa framtalsskyld laun.

Á rekstrarlið 8.1.2, „Lífeyriskostnaður“, skal færa kostnað stofnunar vegna lífeyrisskuldbindinga sbr. viðauka II.

Á rekstrarlið 8.1.3, „Önnur launatengd gjöld“, færast önnur launatengd gjöld stofnunar.

Í skýringum með rekstrarlið 8.1, „Laun og launatengd gjöld“, skal tilgreina heildarfjárhæð launa og þóknana til stjórnar og stjórnenda stofnunar vegna starfa í þágu hennar, enda séu þessar upplýsingar ekki í skýrslu stjórnar. Með stjórnendum er átt við þann aðila, einn eða fleiri, sem ráðinn er af stjórn stofnunar til að bera ábyrgð á daglegum rekstri hennar. Með launum og þóknunum er auk beinna launa átt við hvers konar starfstengd hlunnindi svo sem bifreiða- og húsaleiguhlunnindi. Með störfum í þágu stofnunar er m.a. átt við störf sem viðkomandi gegnir í krafti eignaraðildar stofnunar að dóttur- eða hlutdeildarfélögum, þótt þóknunir fyrir þau störf séu ekki greidd af stofnuninni sjálfri.

Á rekstrarlið 8.2, „Annar rekstrarkostnaður“, skal færa annan rekstrar- og stjórnunarkostnað stofnunar, þ.m.t.:

- húsaleigu af húsnæði sem stofnun hefur á leigu,
- kostnað vegna rafmagns, hita, ræstingar o.fl.; laun og launatengd gjöld vegna ræstingarfólks, sem telst starfsmenn stofnunar, skal þó ekki færa hér, heldur á rekstrarliði 8.1.1 - 8.1.3,
- viðgerðar- og viðhaldskostnað vegna lausafjármuna (bifreiða, húsbúnaðar o.fl.) og viðhalds á húsnæði sem heimilt er að gjaldfæra,
- þróunarkostnað, endurskoðunarkostnað, sjóðsmismun, váttryggingar, kostnað af öryggisgæslu og viðvörunarkerfum, félagsgjöld til samtaka sem stofnun er aðili að, gjöld til tryggingasjóðs og opinber gjöld ýmiss konar önnur en tekju- og eignarskatt, og

- ýmsan stjórnunarkostnað, t.d. kostnað vegna skrifstofuvara, prentkostnað, póstburðargjöld, símakostnað, leigu á tölvubúnaði, aðkeypta tölvuþjónustu, auglýsingar, bæklinga, risnu, ferðakostnað, endurgjald fyrir bifreiðaafnot, dagpeninga og fræðslukostnað.

43. gr.

Rekstrarliður 9. „Afskriftir rekstrarfjármuna, rekstrarleigueigna o.fl.“.

Á rekstrarlið 9.1, „Afskriftir óefnislegra eigna“, skal færa afskriftir og gjaldfærslur á óefnislegum eignum, þ.m.t. viðskiptavild og langtímakostnað.

Á rekstrarlið 9.2, „Afskriftir fasteigna“, skal færa afskriftir af fasteignum.

Á rekstrarlið 9.3, „Afskriftir húsbúnaðar, tækja o.fl.“, skal færa afskriftir af eignaliðum sem um er að ræða.

Á rekstrarlið 9.4, „Afskriftir rekstrarleigueigna“, skal færa afskriftir af eignaliðum sem um er að ræða.

Afskriftir rekstrarfjármuna skal færa af endurmetnu verði, enda sé það í samræmi við góða reikningsskilavenju.

44. gr.

Rekstrarliður 10. „Önnur rekstrargjöld“.

Á þennan gjaldalið skal færa öll rekstrargjöld af reglulegri starfsemi sem falla ekki undir skilgreiningu annarra rekstrarliða. Tap af sölu rekstrarfjármuna skal færa á þennan lið.

45. gr.

Rekstrarliður 11. „Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.“.

Á þennan rekstrarlið skal færa framlög í afskriftareikninga vegna eigna sem bókfærðar eru á eignalið 3, „Kröfur á lánastofnanir o.fl.“, og eignalið 4, „Útlán o.fl.“. Ennfremur skal færa hér allar niðurfærslur vegna tapa sem tengjast fullnustufélögum eða fullnustueignum. Afskriftir vegna ábyrgða og annarra viðskipta, sem ekki eru bókfærð í efnahagsreikningi, skal ennfremur færa á þennan rekstrarlið, svo og innheimt áður gjaldfærð framlög vegna sömu liða.

46. gr.

Rekstrarliður 12. „Matsverðsbreyting á fjárfestingarverðbréfum o.fl.“.

Á rekstrarlið 12.1, „Matsverðsbreyting á fjárfestingarverðbréfum“, skal færa matsverðsbreytingar á verðbréfum samkvæmt eignaliðum 5.3 og 5.4, „Fjárfestingarskuldabréf o.fl.“ og 6.2, „Fjárfestingarhlutabréf“.

Á rekstrarlið 12.2, „Matsverðsbreyting á hlutum í hlutdeildarfyrirtækjum“, skal færa matsverðsbreytingar á verðbréfum samkvæmt eignalið 7, „Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum“.

Á rekstrarlið 12.3, „Matsverðsbreyting á hlutum í tengdum fyrirtækjum“, skal færa matsverðsbreytingar á verðbréfum samkvæmt eignalið 8, „Hlutir í tengdum fyrirtækjum“.

Á rekstrarlið 12.4, „Aðrar matsverðsbreytingar“, skal færa matsverðsbreytingar á öðrum eignaliðum en þeim sem getið er um í næstu málsgreinum hér á undan.

Gjaldeyrishagnað/tap af fjárfestingarverðbréfum o.fl., sbr. næstu málsgreinar hér á undan, skal þó færa undir rekstrarlið 6.3, „Gengishagnaður/tap af gjaldeyrisviðskiptum“.

47. gr.

Rekstrarliður 13. „Skattar“.

Á rekstrarlið 13.1. skal færa reiknaðan tekjuskatt af reglulegri starfsemi. Tekjuskatt skal færa þegar til hans er stofnað án tillits til þess hvenær hann kemur til greiðslu. Þann hluta

skattsins sem fellur til greiðslu eftir meira en eitt ár, skal færa sem frestaða skattskuldbindingu, sbr. skuldalið 6.2. Hin frestaða skattskuldbinding skal reiknuð á grundvelli gildandi skatthlutfalls á reikningsskiladegi. Frestuð skattskuldbinding reiknast vegna þess tímamismunar sem er á innfærslu tekna og gjalda í reikningshaldslegu tilliti annars vegar og skattalegu tilliti hins vegar. Við útreikning á frestaðri skattskuldbindingu skal taka tillit til yfirfær-anlegra skattalegra tapa.

Á rekstrarlið 13.2 skal færa reiknaðan eignarskatt ársins.

48. gr.

Rekstrarliður 14. „Hagnaður/tap af óreglulegri starfsemi“.

Á rekstrarlið 14.1, „Óreglulegar tekjur“, skal færa tekjur sem varða ekki reglulega starfsemi stofnunar og ekki er gert ráð fyrir að í bráð eða lengd endurtaki sig. Á þennan rekstrarlið er einnig heimilt að færa tekjur, sem koma til vegna breytinga á reikningsskilaaðferðum stofnunar, og tekjur sem tengjast verulegri skekkju eða vöntun í reikningsskilum fyrri ára. Óreglulegar tekjur skulu því aðeins sérgreindar undir þessum rekstrarlið að þær teljist verulegar.

Á rekstrarlið 14.2, „Óregluleg gjöld“, skal færa gjöld sem varða ekki reglulega starfsemi stofnunar og ekki er gert ráð fyrir að endurtaki sig í bráð eða lengd. Á þennan rekstrarlið er einnig heimilt að færa gjöld, sem koma til vegna breytinga á reikningsskilaaðferðum stofnunar, og gjöld sem tengjast verulegri skekkju eða vöntun í reikningsskilum fyrri ára. Óregluleg gjöld skulu því aðeins sérgreind undir þessum rekstrarlið að þau teljist veruleg.

Á rekstrarlið 14.3, „Reiknaður skattur af óreglulegri starfsemi“, skal færa reiknaðan tekjuskatt af óreglulegri starfsemi, sbr. ennfremur 47. gr.

7. KAFLI

Matsreglur.

Ákvæði um mat á fastafjármunum.

49. gr.

Eignir skv. liðum 9, 10 og 11 skulu endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir frá kaupmánuði til loka reikningsárs, enda sé það í samræmi við góða reikningsskilavenju. Afskriftir skal reikna af þannig endurmetnu verði og gjaldfæra í rekstrarreikningi á meðalverðlagi ársins.

50. gr.

Kostnaðarverð rekstrarfjármuna og rekstrarleigueigna með takmarkaðan nýtingartíma skal afskrifa á kerfisbundinn hátt, þannig að afskriftin svari verðýrningun eignarinnar.

Heimilt er að gjaldfæra á kaupári rekstrarfjármuni sem eru endurnýjaðir reglulega, enda sé heildarverðmæti þeirra óverulegt fyrir stofnunina.

51. gr.

Óefnislegar eignir, svo sem viðskiptavild, eignfærðan langtímakostnað og þróunarkostnað, skal afskrifa á allt að 5 árum.

Afskriftatímamán má þó lengja fram yfir fimm ár enda sé hann ekki lengri en nýtingartími viðkomandi eignar. Gera skal grein fyrir ástæðum þessa í skýringum.

52. gr.

Ef raunvirði rekstrarfjármuna, rekstrarleigueigna og óefnislegra eigna er lægra en bókfært verð þeirra samkvæmt 49.-51. gr. og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að lækka bókfært verð til samræmis við hið lægra verðgildi.

Ef forsendur verðlækkunar, skv. 1. mgr. þessarar greinar, eiga ekki lengur við ber að hækka bókfært verð til fyrra verðgildis.

Niðurfærslu samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skal færa á rekstrarlið 14.2, „Óregluleg gjöld“. Uppfærslu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar skal færa á rekstrarlið 14.1, „Óreglulegar tekjur“.

53. gr.

Einungis er heimilt að telja verðbréf sem fjárfestingarverðbréf ef stofnunin hefur með formlegum hætti tekið ákvörðun um að eiga verðbréfið til lengri tíma. Með lengri tíma er almennt átt við eitt ár eða fleiri.

Skuldabréf verður að vera markaðsbréf til að það geti talist fjárfestingarverðbréf.

Fjárfestingarverðbréf skulu sýnd í efnahagsreikningi með eftirfarandi hætti:

- Hlutabréf skal færa á markaðsverði eða upprunalegu kaupverði endurmetnu fyrir áhrifum verðlagsbreytinga með lánskjaravísitölu eða fyrir áhrifum gengispróunar sé um að ræða verðbréf í erlendri mynt, - eftir því hvort verðið er lægra á uppgjörssdegi,
- hlutdeildarskírteini skal færa á markaðsverði á uppgjörssdegi, og
- skuldabréf skal færa með áföllum verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi. Verðbætur skal miða við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar á eftir uppgjörsmánuði, en gengistryggð skuldabréf skal færa við kaupgengi viðeigandi gjaldmiðils í lok reikningsskilatímabils. Afföllum og gengisauka af keyptum skuldabréfum skal dreift miðað við ávöxtunarkröfu á kaupdegi.

Við útreikning á afföllum og gengisauka skuldabréfs skal miða við ávöxtunarkröfu á kaupdegi. Þó skal við mat á verðbréfi, sem ákveðið er að flokka sem fjárfestingarverðbréf og þá þegar er í eigu stofnunar, miða við þá ávöxtunarkröfu sem er í gildi á ákvörðunartíma, enda sé markaðsverð samsvarandi bréfs þá lægra en upphaflegt kaupverð bréfsins. Sé markaðsverðið herra skal miða matið við upphaflegt kaupverð bréfsins og ávöxtunarkröfu sem þá var í gildi.

Ef raunvirði fjárfestingarverðbréfs er lægra en bókfært verð þess samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar, t.d. vegna skerts greiðsluþols greiðanda fjárfestingarskuldabréfs, ber að lækka bókfært verð þess til samræmis við hið lægra verðgildi. Ákvæði þetta á einnig við þegar um er að ræða verðlækkun vegna almennra vaxtahækkana og eign stofnunar í fjárfestingarverðbréfum er ekki fjármögnuð með sambærilegri vaxtabindingu.

54. gr.

Hlutir móðurfélags í dótturfyrirtækjum og hlutdeildarfyrirtækjum skulu metnir til samræmis við innra virði samkvæmt ársreikningi hlutaðeigandi dóttur- eða hlutdeildarfyrirtækis. Ákvæði þetta nær þó ekki til dótturfyrirtækja og hlutdeildarfyrirtækja sem eru fullnustu- eða rekstrarfélög.

Ákvæði um mat á verðbréfum sem teljast vera veltuverðbréf.

55. gr.

Skráð veltuverðbréf sbr. 2. gr. skulu bókfærð á opinberu gengi á uppgjörssdegi. Sé raunvirði verðbréfaeignar stofnunar talið vera lægra en skráð markaðsverð eða meðalverð sömu bréfa t.d. vegna þess að lítil eða engin viðskipti hafa verið með slík verðbréf um tíma, ber að færa verðbréfin niður til raunvirðis. Tilgreina skal í skýringum mun markaðsverðs og bókfærðs verðs.

56. gr.

Veltuverðbréf, sem ekki er skráð verðbréf sbr. 2. gr., skal bókfæra á kaupverði. Afföllum og gengisauka skal dreift miðað við ávöxtunarkröfu á kaupdegi.

Ef raunverð óskráðra verðbréfa er lægra á uppgjörstæði en bókfært verð samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skulu verðbréfin færð niður í hið lægra verðgildi.

Hækki raunverð óskráðra verðbréfa, sem færð hafa verið niður í samræmi við ákvæði 2. mgr. þessarar greinar, má tekjufæra hækkunina. Þessi verðbréf má þó hæst bókfæra á kaupverði, sbr. ákvæði 1. mgr.

Heimilt er að reikna kaupverð samkynja óskráðra verðbréfa á grundvelli meðaltals útreikninga eða á grundvelli „fyrst inn fyrst út aðferðar“ (FIFO).

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um óskráð verðbréf sem bókfærð eru á eignalið 2, „Ríkisvixlar og aðrir vixlar endurseljanlegir í seðlabanka“.

Ákvæði um mat á útlánnum o.fl.

57. gr.

Meta skal útlán og aðrar skuldbindingar stofnunar með hliðsjón af tapshættu og færa í afskriftareikning nauðsynlegar fjárhæðir með hliðsjón af niðurstöðu slíks mats. Afskriftareikningur útlána skal myndaður með sérstökum og almennum framlögum, og skal afskriftareikningurinn færast til frádráttar viðeigandi efnahagslið.

Með sérstökum framlögum í afskriftareikning útlána er átt við framlög til að mæta töpum á skuldbindingum þeirra lánþega sem metnir eru í sérstakri tapshættu vegna verulegra eða langvarandi vanskila, greiðslustöðvunar, gjaldþrots eða annarra aðstæðna, svo sem vegna þess að gjaldþol, eða greiðslugeta hefur rýmað umtalsvert. Sérstakt afskriftaframlag vegna einstakra lánþega skal metið með tilliti til heildarskuldbindinga lánþega og áætlaðs verðmætis tryggingaandlaga.

Með almennum framlögum í afskriftareikning útlána er átt við framlög til að mæta töpum sem talin eru líkleg miðað við aðstæður á uppgjörstæði vegna skuldbindinga annarra lánþega en þeirra sem metnir eru í sérstakri tapshættu.

Nánari ákvæði um afskriftaframlög útlána, fullnustueignir, vaxtareikning afskriftalána o.fl. eru í viðauka I með reglum þessum.

58. gr.

Afskriftareikningur, sem myndaður er vegna liða utan efnahagsreiknings, færast með þeim hætti sem lýst er í síðustu málsgreinum 32. og 33. gr.

Framlög í afskriftareikninga vegna útlána og annarra skuldbindinga skal gjaldfæra á rekstrarlið 11, „Framlög í afskriftareikning útlána o.fl.“.

59. gr.

Eignir og skuldir og aðrar skuldbindingar, sem miðast við gengi erlends gjaldeyris, skal færa á opinberu viðmiðunargengi á uppgjörstæði.

Óuppgerð núviðskipti með gjaldeyri skulu metin og bókfærð miðað við opinbert viðmiðunargengi á uppgjörstæði.

Óuppgerð framvirk viðskipti með gjaldeyri skulu umreiknast miðað við opinbert viðmiðunargengi á uppgjörstæði.

Í skýringum í ársreikningi skal tilgreina heildarfjárhæðir eigna og skulda sem tengdar eru erlendum gjaldmiðli umreiknaðar í íslenskar krónur.

Ákvæði um mat á lífeyrisskuldbindingum.

60. gr.

Mat og framsetning lífeyrisskuldbindinga skal vera með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í viðauka II með reglum þessum.

8. KAFLI**Skýringar í ársreikningi.****Almenn ákvæði.**

61. gr.

Auk þeirra upplýsinga, sem gert er ráð fyrir í viðauka III með reglum þessum, skulu upplýsingar þær, sem kveðið er á um í 6.-8. gr., 10. gr., 14.-16. gr., 24. gr., 33. gr., 42. gr. og 65.-80. gr. koma fram í skýringum í ársreikningi.

62. gr.

Þar sem þess er krafist í skýringum, að notað sé kostnaðarverð, er heimilt að byggja útreikning þess á vegnu meðaltali eða „fyrst inn fyrst út“ aðferðinni (FIFO).

63. gr.

Þar sem þess er krafist í skýringum, að gefnar séu upplýsingar um eftirstöðvatíma, sbr. 2. gr., þegar um útlán eða skuldir með afborgunarskilmálum er að ræða, skal eftirstöðvatími reiknaður frá uppgjörstegi til gjalddaga hverrar afborgunar.

64. gr.

Við hvern lið í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi skal tilgreina samsvarandi fjárhæðir frá fyrra reikningsári. Ávallt skal geta þess í skýringum í ársreikningi og með tilheyrandi athugasemdum ef fjárhæðir eru ekki sambærilegar eða þeim hefur verið breytt.

65. gr.

Gera skal grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er við mat á hinum ýmsu liðum ársreiknings. Þessar upplýsingar má greina í þeim hluta skýringanna sem fjalla um reikningsskilaaðferðir.

Upplýsa skal, eftir því sem við á, um aðferðir sem beitt er við:

- mat á afskriftaþörf útlána og fullnustueigna,
- tekjufærslu vaxta af afskriftalánum, niðurfærslu dráttarvaxta og vaxtafrýstingu útlána,
- mat á liðum í erlendum gjaldmiðli,
- mat á verðbréfum í eigu stofnunarinnar og skiptingu markaðsverðbréfaeignar í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf,
- mat á afleiðusamningum og skiptingu afleiðusamninga í veltuverðbréfalíði og fjárfestingarverðbréfalíði. Einnig skal upplýsa um hvort og þá hvernig afleiðusamningar eru notaðir við stjórnun vaxta- og gjaldmiðlaáhættu stofnunarinnar,
- verðlagsleiðréttingu vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga á afkomu og efnahag,
- endurmat og afskriftir fastafjármuna, og
- mat á liðum tengdum eignarleigustarfsemi.

Skýringar með eignaliðum.

66. gr.

Tilgreina skal verðmæti hlutabréfa eða annarra hluta sem aflað hefur verið í tengslum við endurskipulagningu fyrirtækis, sbr. einnig ákvæði 14. gr.

67. gr.

Í skýringum með eignalið 7 og 8 skal gerð grein fyrir eftirfarandi varðandi einstök dóttur- og hlutdeildarfélög:

- bókfært verð eignarhluta,
- eignarhlutdeild, og
- hlutdeild í afkomu.

68. gr.

Í skýringum með eignalið 9.2, „Aðrar óefnislegar eignir“, skal gera grein fyrir þeim fjárhæðum sem skipta máli fyrir notendur ársreikningsins. Sundurliða skal afskriftir óefnislegra eigna sem tengjast dóttur- og hlutdeildarfyrirtækjum sbr. 67. gr.

69. gr.

Í skýringum með eignalið 12, „Aðrar eignir“, skal sundurliða helstu undirliði enda sé um að ræða liði sem skipta máli fyrir notendur ársreikningsins.

70. gr.

Í skýringum með eignalið 13, „Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur“, skal sundurliða í helstu undirliði sem skipta máli, en þó að lágmarki tilgreina „áfallnar óinnheimtar vaxtatekjur“ og „fyrirframgreidd vaxtagjöld“.

Skýringar með skulda- og eiginfjárliðum.

71. gr.

Í skýringum með skuldalið 4, „Aðrar skuldir“, skal sundurliða í helstu undirliði sem skipta máli.

72. gr.

Í skýringum með skuldalið 5, „Áfallin gjöld og fyrirframinnheimtar tekjur“, skal sundurliða í helstu undirliði sem skipta máli, en þó að lágmarki tilgreina „áfallin ógreidd vaxtagjöld“ og „fyrirframinnheimtar vaxtatekjur“.

73. gr.

Í skýringum með skuldalið 6, „Reiknaðar skuldbindingar“, skal sundurliða í helstu undirliði, enda skipti þeir máli fyrir notendur ársreikningsins. Lífeyrisskuldbindingar vegna stjórnenda skulu tilgreindar sérstaklega.

74. gr.

Í skýringum með skuldalið 7, „Víkjandi skuldir“, skal tilgreina:

- vexti og kostnað við öflun eða niðurgreiðslu víkjandi lána á reikningsárinu, og
- hve stór hluti af víkjandi skuldum getur talist með eigin fé við útreikning á eiginfjárlutfalli.

Varðandi einstakar lántökur, sem fara fram úr 10% af heildarfjárhæð víkjandi skulda, skal tilgreina:

- fjárhæð láns, gjaldeyristegund, vaxtakjör og gjalddaga eða hvort það er útgefið án gjalddaga,
- hvort einhverjar aðstæður krefjist þess að endurgreiðslum sé flýtt, og
- skilmála fyrir víkjandi skuldum, tilvist ákvæða um möguleika á að umbreyta víkjandi skuld í eigið fé eða annars konar skuldbindingu og skilmála slíkra ákvæða.

Varðandi aðrar víkjandi skuldir skal gefa almenna lýsingu á skilmálum þeirra.

75. gr.

Í skýringum með lið 8, „Eigið fé“, skal upplýsa um fjölda og nafnverð hluta. Einnig skal tilgreina heildarfjárhæð útgefinna hluta svo og fjárhæð eigin hluta í eigu stofnunarinnar.

Ennfremur skal greina lið 8.2, „Varasjóðir“, eftir einstökum varasjóðum og hvernig lögbundinn varasjóður greinist í yfirverð innborgaðs hlutfjár og önnur tillög.

76. gr.

Í skýringum með lið 8, „Eigið fé“, skal gera grein fyrir eiginfjárhreyfingum á reikningsárinu.

77. gr.

Stofnun skal fyrir sérhvern skuldalið og sérhvern lið, sem er utan efnahagsreiknings, tilgreina tegund og fjárhæð eigna sem settar hafa verið að veði sem trygging fyrir skuldbindingum stofnunarinnar.

Heildarfjárhæð veðsetninga vegna dótturfyrirtækja og annarra tengdra fyrirtækja skal tilgreina sérstaklega.

78. gr.

Gera skal grein fyrir eignarleiguskuldbindingum sem stofnun hefur gengist undir og skipta máli fyrir rekstur hennar.

Gera skal grein fyrir útistandandi framvirkum viðskiptum á uppgjörsteggi, þar sem sérstaklega komi fram fyrir hverja tegund viðskipta, hvort þau eru gerð að verulegu leyti til að draga úr áhrifum vaxtabreytinga, gengisbreytinga eða breytinga á markaðsverði eða gerð að verulegu leyti í viðskiptaskyni. Til þessara tegunda viðskipta teljast öll þau viðskipti sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld sem skal færa í rekstrarlið 6, „Gengishagnaður/tap af annarri fjármálastarfsemi“ svo sem vegna erlends gjaldeyris, eðalmálma, framseljanlegra verðbréfa, innlánskírteina og annarra eigna.

Skýringar með rekstrarreikningi.

79. gr.

Í skýringum með rekstrarlið 7, „Aðrar rekstrartekjur“, rekstrarlið 10, „Önnur rekstrargjöld“, rekstrarlið 14.1, „Óreglulegar tekjur“ og rekstrarlið 14.2, „Óregluleg gjöld“, skal í skýringum sundurliða helstu undirliði þessara rekstrarliða, enda skipti þeir máli fyrir notendur ársreikningsins.

Gera skal grein fyrir í skýringum ef stofnun rekur þjónustustarfsemi vegna þriðja aðila þegar umfang slíkrar starfsemi er verulegt í hlutfalli við starfsemi stofnunarinnar í heild.

80. gr.

Þegar stofnun rekur útibú í öðru landi, á hluti í erlendu dótturfyrirtæki eða erlendu hlutdeildarfyrirtæki skal í skýringum í ársreikningi sýna sundurliðun á eftirtöldum tekjuliðum eftir löndum:

1. „Vaxtatekjur o.fl.“,
3. „Tekjur af hlutabréfum o.fl. og öðrum eignarhlutum“,
4. „Þóknunartekjur o.fl.“,
6. „Gengishagnaður/tap af annarri fjármálastarfsemi“, og
7. „Aðrar rekstrartekjur“.

9. KAFLI

Ákvæði um samstæðureikningsskil.

81. gr.

Móðurfyrirtæki skulu semja ársreikning og skýrslu stjórnar fyrir samstæðu. Ársreikningur fyrir samstæðu, samstæðureikningsskil, skal vera í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Í ársskýrslu móðurfyrirtækis skulu koma fram upplýsingar um samstæðuna í heild í samræmi við ákvæði 58. gr. laga nr. 113/1996.

82. gr.

Dótturfyrirtæki, sem falla undir ákvæði 2. mgr. 45. gr. laga nr. 113/1996, skulu ekki tekinn með í samstæðureikningsskilum nema Fjármálaeftirlitið ákveði annað, sbr. 10. mgr. 66. gr. laga nr. 113/1996.

Önnur dótturfyrirtæki en þau, sem falla undir 1. mgr. þessarar greinar, skulu tekin með í samstæðureikningsskilum nema Fjármálaeftirlitið veiti undanþágu frá þeirri reglu, sbr. 11. mgr. 66. gr. laga nr. 113/1996.

83. gr.

Samstæðureikningsskil skulu hafa að geyma efnahagsreikning, rekstrarreikning og skýringar.

Ákvæði 2.-8. kafla þessara reglna skulu gilda um gerð samstæðureikningsskila eftir því sem við getur átt.

Samstæðureikningsskilin og skýrslu stjórnar skal birta opinberlega í samræmi við 3. mgr. 64. gr. laga nr. 113/1996, sbr. 8. mgr. 66. gr. sömu laga.

Reikningsár samstæðureikningsskila skal vera almanaksár.

84. gr.

Eignir og skuldir þeirra fyrirtækja, sem mynda samstæðu, skal reikna með að fullu við gerð efnahagsreiknings fyrir samstæðuna.

Gjöld og tekjur þeirra fyrirtækja, sem mynda samstæðu, skal reikna með að fullu við gerð rekstrarreiknings fyrir samstæðuna. Gjöld og tekjur fyrirtækja, sem yfirtekin hafa verið á árinu, skulu þó einungis reiknuð með frá yfirtökudegi.

Hlutir í samstæðugerðum fyrirtækjum í eigu annarra en samstæðufyrirtækjanna skulu tilgreindir sem hlutdeild minnihluta.

85. gr.

Bókfærðu virði eignarhluta í dótturfyrirtækjum skal jafnað út á móti hlutdeild í bókfærðu eigin fé dótturfyrirtækjanna.

86. gr.

Innbyrðis gjöld og tekjur milli félaga í samstæðu skal jafna út, svo og innbyrðis eignir og skuldir.

Til innbyrðis tekna telst hluti móðurfélags í tekjum af eignatilfærslum innan samstæðunnar svo framarlega sem eignin hefur ekki þegar verið afskrifuð um samsvarandi fjárhæð í því félagi sem aflaði hennar.

10. KAFLI

Ákvæði um birtingu ársreiknings og gildistökuákvæði.

87. gr.

Endurskoðaður og undirritaður ársreikningur þeirra stofnana sem þessar reglur taka til, sbr. 1. mgr. 1. gr., ásamt skýrslu stjórnar skal sendur Fjármálaeftirlitinu innan 10 daga frá undirritun, en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

88. gr.

Innan sömu tímamarka og um getur í næstu mgr. á undan skulu sömu stofnanir senda Fjármálaeftirlitinu sundurliðaðan ársreikning á sérstökum eyðublöðum sem Fjármálaeftirlitið lætur í té.

89. gr.

Ársreikningur skv. 87. gr. ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi á afgreiðslustað hlutaðeigandi stofnunar og afhentur hverjum viðskiptaaðila sem þess óskar innan tveggja vikna frá samþykkt aðalfundar.

90. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 57. gr. og 6. mgr. 66. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði og 11. gr. laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Reglurnar öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla þá úr gildi reglur nr. 554/1994 um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, með síðari breytingum, sbr. reglur nr. 624/1994, nr. 717/1995 og nr. 92/2001.

Fjármálaeftirlitinu, 10. september 2001.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

VIÐAUKI I

Nánari ákvæði um mat á afskriftapörf útlána og annarra skuldbindinga og framsetningu afskriftareiknings útlána, sbr. 57. gr. reglnanna.

Með hliðsjón af gildandi reglum og góðri reikningsskilavenju skal lánastofnun í tengslum við ársuppgjör og árshlutauppgjör meta afskriftapörf vegna útlána og skuldbindinga og bókfæra nauðsynleg framlög í afskriftareikning útlána o.fl. til að mæta líklegu tapi stofnunarinnar miðað við aðstæður á uppgjörstigi. Framlög í afskriftareikning útlána o.fl. skulu samanstanda af sérstökum og almennum framlögum í afskriftareikning útlána o.fl. og skulu færast til frádráttar viðeigandi lið í efnahagsreikningi. Sérhver lánastofnun skal setja sér innri starfsreglur til að fara eftir við mat á sérstökum og almennum framlögum í afskriftareikning útlána og mat á fullnustueignum svo og innri starfsreglur um hvernig staðið skuli að færslu á endanlegum afskriftum útlána.

1) Sérstök afskriftaframlög.

Sérstök framlög eru afskriftaframlög færð til að mæta tapi vegna skuldbindinga lánþega sem á uppgjörstigi eru metnar í sérstakri tapshættu vegna verulegra eða langvarandi vanskila, greiðslustöðvunar, gjaldþrots eða annarra aðstæðna lánþega svo sem vegna þess að gjaldþol eða greiðslugeta hans hefur rýrnað umtalsvert. Hafi lánþegi ekki staðið í skilum með gjaldfallnar afborganir og vexti af lánum eða aðrar umsamdar skuldbindingar í 6 mánuði eða lengur, teljast skuldbindingar hans vera í sérstakri tapshættu.

Þegar skuldbindingar lánþega eru í sérstakri tapshættu skal meta þörfina á að:

- hætta að tekjufæra vexti og þóknanir,
- bakfæra tekjufærða vexti og þóknanir innan reikningstímabilsins, og
- færa sérstök framlög í afskriftareikning útlána o.fl.

Með skuldbindingum lánþega er átt við:

- útlán og endurlán, þar með talda áfallna vexti og þóknanir,
- ábyrgðir lánastofnunar utan efnahags,
- ábyrgðarskuldbindingar lánþega vegna annarra lánþega lánastofnunarinnar, og
- aðrar hugsanlegar skuldbindingar gagnvart lánastofnuninni.

Fjárhæð sérstaks framlags í afskriftareikning útlána skal metið með tilliti til heildarskuldbindinga lánþega og áætlaðs verðmætis tryggingaandlaga. Tryggingaandlög skulu metin með hliðsjón af því verðmæti sem ætla má að fáið fyrir viðkomandi eign við sölu, að teknu tilliti til sölukostnaðar. Sé erfiðleikum háð að meta eign til söluvirðis, t.d. vegna þess að kaupendur eru ekki fyrir hendi, skal leitast við að meta verðmæti tryggingaandlags á annan hátt, t.d. miðað við tekjuvirði eignar eða áætlað framtíðar markaðsvirði. Í þessu samhengi skal taka tillit til reiknaðs vaxtataps (fórnarvaxtataps) stofnunar.

2) Almenn afskriftaframlög.

Almenn framlög eru afskriftaframlög til að mæta töpum sem talin eru líkleg miðað við aðstæður á uppgjörssdegi vegna annarra skuldbindinga en þeirra sem metnar eru í sérstakri tapshættu sbr. 1. tölulið hér á undan.

Við mat á almennu framlagi í afskriftareikning skal taka tillit til tapshættu vegna atvinnugreina eða útlánaflokka svo og vegna skuldbindinga einstakra lánþega sem taldar eru í tapshættu, en miðað við aðstæður á uppgjörssdegi flokkast þó ekki í sérstaka tapshættu sbr. 1. tölulið hér á undan. Almenn framlög í afskriftareikning útlána skulu einnig metin á grundvelli tapreynslu í útlánastofni og almenns efnahagsástands.

3) Breytingar á lánskjörum útlána.

Við breytingar á lánskjörum, sem hafa í för með sér að virði viðkomandi láns er verulega lægra en virði láns með venjulegum vaxtakjörum, skal færa mismuninn sem töpuð útlán og/eða eftir atvikum til lækkunar á áður bókfærðum tekjum innan reikningsársins.

4) Tillög í sérstakan varasjóð vegna útlánaáhattu.

Sé um að ræða að lánastofnun leggi til hliðar vegna tapshættu á skuldbindingum lánþega í framtíðinni vegna aðstæðna sem kunna að eiga sér stað eftir uppgjörssdag, skulu slík framlög ekki færð á afskriftareikning útlána heldur færast á sérstakan eiginfjárreikning sem nefndur skal „varasjóður vegna útlánaáhattu“ og sem færist undir eiginfjárlið 8.2, „Varasjóðir“. Tillög í slíkan varasjóð skulu bókfærð til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.

5) Fullnustueignir.

Eignir stofnunar sem færast á eignalið 4.3 „Fullnustueignir“ skulu færast þar á áætluðu raunvirði og mismunur útláns og áætlaðs virðis yfirtekinnar eignar endanlega afskrifað. Raunvirði skal miðað við þá fjárhæð sem búast má við að fáið fyrir viðkomandi eign við sölu miðað við staðgreiðslu og að teknu tilliti til áætlaðs sölukostnaðar og viðhalds- og endurbóta-kostnaðar.

Sé talið að umtalsverður tími muni líða þar til eign kemst í söluhæft ástand, eða að kaupendur að eign finnist, ber einnig að taka tillit til kostnaðar og tekna af eign fram til áætlaðs söludags að teknu tilliti til áætlaðs vaxtataps stofnunar.

6) Endanlegar afskriftir útlána.

Skuldbindingar lánþega skulu í ársreikningi stofnunar færast sem endanlega töpuð útlán og afskriftareikningur útlána lækkaður tilsvareandi þegar eitthvert af eftirtöldum skilyrðum er uppfyllt:

- við lok gjaldþrotaskipta,
- við skuldaeftirgjöf eða niðurfærslu skulda,
- þegar lánastofnun hefur tekið ákvörðun um lok innheimtuaðgerða, og
- þegar ljóst má vera að útlán er endanlega tapað.

7) Innri starfsreglur.

Sérhver lánastofnun skal setja sér innri starfsreglur til að fara eftir við könnun á útlána-stofni, mati á afskriftaþörf útlána, vaxtafrystingu afskriftaútlána og endanlega afskrift útlána.

Í innri starfsreglum skal koma fram hvernig staðið skuli að:

- skoðun á einstökum útlánnum og útlánaflokkum með tilliti til hvaða útlán eru í sérstakri tapshættu,
- mati á fjárhæð sérstaks afskriftaframlags vegna skuldbindinga lánþega sem vænta má að séu í sérstakri tapshættu á uppgjörsdegi en sem vegna stærðar koma ekki til sérstakrar skoðunar hjá stofnuninni,
- mati á almennu framlagi í afskriftareikning útlána,
- vaxtafrystingu afskriftalána og bakfærslu vaxta,
- skuldbreytingum útlána,
- mati á tryggingaandlögum og fullnustueignum,
- endanlegum afskriftum afskriftalána, og
- færslu á afskriftalánnum sem samkvæmt ákvæðum þessara reglna skulu færð sem endanlega töpuð í ársreikningi stofnunarinnar, en stjórnendur stofnunar telja ástæðu til að bókfæra áfram í bókhaldskerfum.

VIÐAUKI II

Nánari ákvæði um lífeyrisskuldbindingar, sbr. 60. gr. reglnanna.

Framsetning lífeyrisskuldbindinga skal vera með þeim hætti sem greinir í eftirfarandi tölulíðum 1 til 4:

1. Stofnanir sem tekið hafa á sig lífeyrisskuldbindingar skulu láta fara fram tryggingafræðilegan útreikning á stöðu áfallinna en ógreiddra lífeyrisskuldbindinga sinna og færa í ársreikning, eins og nánar er ákvæðið í þessum viðauka. Miða skal við áunnin lífeyrisréttindi vegna liðins starfstíma.
Við útreikning samkvæmt framansögðu skal miða við að hámarki 3% ávöxtunarkröfu, þ.e. ávöxtun umfram breytingu kaupgjalds. Í skýringum í ársreikningi skal koma fram við hvaða ávöxtunarkröfu er miðað.
2. Tryggingafræðilegur útreikningur, sbr. 1. tölulíð þessarar málsgreinar, skal að jafnaði fara fram árlega en þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Fari ekki fram árlegur útreikningur skal ákvarða stöðu áfallinna skuldbindinga með tryggingafræðilegri áætlun.
3. Lífeyrisgreiðslur, sem stofnun innir af hendi vegna starfsmanna sem látið hafa af starfi, skulu færast til lækkunar á áföllum lífeyrisskuldbindingum í efnahagsreikningi.
4. Sá mismunur sem fram kemur á reiknaðri stöðu áfallinna lífeyrisskuldbindinga í lok reikningsárs og byrjun reikningsárs skal, að teknu tilliti til 3. tölulíðar þessarar málsgreinar, færður í efnahagsreikning og rekstrarreikning eins og hér segir:
 - a) Reikna skal verðbætur og vexti á áfallnar lífeyrisskuldbindingar eins og þær voru í byrjun reikningsárs og breytingu þeirra á árinu og færist hin reiknaða fjárhæð til gjalda í rekstrarreikningi á lið 2.5, „Önnur vaxtagjöld o.fl.“. Miða skal við breytingu á lánskjaravísitölu á tímabilinu og meðalvexti af verðtryggðum útlánnum innlánsstofnana á hverjum tíma.
 - b) Áhrif breyttra reiknireglna og forsendna sem skipta máli skal sérgreina og færa meðal óreglulegra liða í rekstrarreikningi.
 - c) Önnur breyting á áföllum lífeyrisskuldbindingum, hækkun eða lækkun, skal færast í rekstrarreikning á rekstrarlið 8.1.2, „Lífeyriskostnaður“.

Gera skal grein fyrir heildarskuldbindingum í skýringum í ársreikningi hvers árs og skulu þær reiknaðar eins og nánar er tilgreint í 1. mgr. þessa viðauka.

VIÐAUKI III

Upplýsingar og sundurliðanir í skýringum í ársreikningi, sbr. 61. gr. reglnanna.

Eignaliður 1. „Sjóður og óbundnar innstæður í seðlabanka o.fl.“.

<i>Sundurliðun á sjóði og óbundnum innstæðum í seðlabanka o.fl.:</i>	Kr.
1. Sjóður	
2. Óbundnar innstæður í seðlabanka	
3. Óbundnar innstæður í póstgíró	
Samtals	

Eignaliður 3. „Kröfur á lánastofnanir“.

<i>Sundurliðun eftir skuldurum, enda komi hún ekki fram í efnahagsreikningi:</i>	Kr.
1. Bundnar kröfur á seðlabanka:	
1.1. Bundnar kröfur skv. bindiskyldureglum	
1.2. Aðrar bundnar kröfur á seðlabanka	
2. Kröfur á lánastofnanir:	
2.1. Hlutdeildarfyrtæki	
2.2. Tengd fyrirtæki	
2.3. Aðrar lánastofnanir	
Samtals	

<i>Sundurliðun skv. efnistöðvatíma:*</i>	Kr.
1. Gjaldkræfar kröfur	
2. Allt að 3 mán.	
3. Yfir 3 mán. og allt að ári	
4. Yfir 1 ár og allt að 5 árum	
5. Yfir 5 ár	
Samtals	

*) Bundnar kröfur á seðlabanka samkvæmt bindiskyldureglum eru undanskildar en í skýringartexta komi fram hvers eðlis þær eru.

Eignaliður 4. „Útlán o.fl.“.

Eignaliður 4.1. „Útlán til viðskiptavina“.

<i>Sundurliðun eftir útlánsformum: *</i>	Kr.
1. Yfirdráttarlán	
2. Afurða- og rekstrarlán	
3. Vixlar	
4. Skuldabréf	
5. Innleystar ábyrgðir	
6. Annað	
Samtals	

*) Að frádregnum afskriftareikningi útlána. Almennur afskriftareikningur dragist frá hlutfallslega miðað við vægi viðkomandi eignaliða.

Eignaliður 4. „Útlán o.fl.“, framh.*Eignaliðir 4.1. „Útlán til viðskiptavina“ og 4.2. „Eignarleigusamningar“.*

<i>Sundurliðun eftir lántakendum: *</i>	%
1. Ríkissjóður og ríkisstofnanir	
2. Bæjar- og sveitarfélög.	
3. Fyrirtæki: (sundurliðist á helstu atvinnugreinar)	
4. Einstaklingar	-
Samtals	

*) Að fráðregnum afskriftareikningi útlána. Almennur afskriftareikningur dragist frá hlutfallslega miðað við vægi viðkomandi eignaliða.

Eignaliðir 4.1. „Útlán til viðskiptavina“ og 4.2. „Eignarleigusamningar“.

<i>Sundurliðun skv. eftirstöðvatíma: *</i>	Kr.
1. Gjaldkræfar	
2. Allt að 3 mán.	
3. Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	
4. Yfir 1 ár og allt að 5 árum	
5. Yfir 5 ár	
Samtals	

*) Að fráðregnum afskriftareikningi útlána. Almennur afskriftareikningur dragist frá hlutfallslega miðað við vægi viðkomandi eignaliða.

Eignaliður 4.2. „Eignarleigusamningar“.

<i>Sundurliðun eftir tegundum eigna: *</i>	Kr.
1. Samningar um fasteignir	
2. Samningar um vélar og tæki	
3. Annað	
Samtals	

*) Að fráðregnum afskriftareikningi útlána. Almennur afskriftareikningur dragist frá hlutfallslega miðað við vægi viðkomandi eignaliða.

Eignaliður 4.3. „Fullnustueignir“.

<i>Sundurliðun fullnustueigna:</i>	Kr.
1. Fasteignir	
2. Lausafjármunir	
3. Eignarhlutir í fullnustu- og rekstrarfélögum	
4. Útlán til fullnustu- og rekstrarfélaga *	
5. Aðrir eignarhlutir.	
Samtals	

*) Útlán til fullnustu- og rekstrarfélaga enda sé slíkt félag komið í meirihlutaegn stofnunarinnar og/eda annarra lánastofnana og útlánin ekki talin að fullu tryggð.

*Óvaxtaberandi útlán.**

	Kr.
1. Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	
2. - Sérstakur afskriftareikningur	
3. Önnur vaxtafryst útlán	
Óvaxtaberandi útlán samtals (1-2+3)	

*) Við flokkun óvaxtaberandi útlána er heimilt að undanskilja þau lán viðkomandi lánþega sem talin eru að fullu tryggð.

Eignaliður 4. „Útlán o.fl.“, framh.*Afskriftareikningur útlána.*

	Sérstakur afskriftareikn. Kr.	Almennur afskriftareikn. Kr.	Samtals Kr.
<i>Hreyfingar á árinu:</i>			
Staðan 1.1.			
Framlög á árinu			
- Endanlega töpuð útlán			
Innkomið áður afskrifað			
Staðan 31.12.			

Eignaliður 5. „Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum“.

	Kr.
Fjárhæð sem koma á til greiðslu innan árs frá uppgjörsdegi	

	Markaðsverð Kr.	Bókfært verð Kr.
<i>Eignaliðir 5.1. og 5.2. „Veltuskuldabréf“:</i>		
1. Skráð á Verðbréfaþingi Íslands		
2. Önnur skráð skuldabréf		
3. Óskráð skuldabréf		
Samtals		
<i>Eignaliðir 5.3. og 5.4. „Fjárfestingarskuldabréf“:</i>		
1. Skráð á Verðbréfaþingi Íslands		
2. Önnur skráð skuldabréf		
3. Óskráð skuldabréf		
Samtals		

	Kr.
Ríkisskuldabréf og önnur sambærileg skuldaskjöl, sem hægt er að endurselja í seðlabanka	

Eignaliður 6. „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum“.*Eignaliður 6. „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum“.*

	Markaðsverð Kr.	Bókfært verð Kr.
<i>Eignaliður 6.1. „Veltuhlutabréf“:</i>		
1. Skráð á Verðbréfaþingi Íslands		
2. Önnur skráð hlutabréf o.fl.		
3. Óskráð hlutabréf o.fl.		
Samtals		
<i>Eignaliður 6.2. „Fjárfestingarhlutabréf“:</i>		
1. Skráð á Verðbréfaþingi Íslands		
2. Önnur skráð hlutabréf o.fl.		
3. Óskráð hlutabréf o.fl.		
Samtals		

Eignaliður 6.1. „Veltuhlutabréf“, óskráð hlutabréf

	Eignar- hlutur %	Nafn- verð Kr.	Fjöldi fyrir- tækja	Bókfært verð Kr.
<i>Sundurliðun eftir fyrirtækjum *</i>				

S.7. Víkjandi skuldir		
Skuldaliðir samtals		

Yfirlit yfir víkjandi kröfur.

<i>Eignaliðir:</i>	Hlutdeildar- fyrirtæki Kr.	Tengd fyrirtæki Kr.	Önnur fyrirtæki Kr.
E.3.2. Kröfur á lánastofnanir			
E.4.1. Útlán til viðskiptavina			
E.5. Markaðsskuldabréf o.fl.			
Víkjandi kröfur samtals			

Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum.

	Kr.
Gengisbundnar eignir	
Gengisbundnar skuldir	
Mismunur	

Eignir og skuldir tengdar verðtryggingu.

	Kr.
Verðtryggðar eignir	
Verðtryggðar skuldir	
Mismunur	

Skuldaliður 1. „Skuldir við lánastofnanir o.fl.“.*Skuldaliður 1.1. og 1.2.*

<i>Sundurliðun eftir lánardrottnum:</i>	Kr.
1.1. Gjaldkræfar skuldir:	
Skuldir við seðlabanka	
Skuldir við aðrar lánastofnanir	
Samtals	
1.2. Aðrar skuldir við lánastofnanir:	
Skuldir við seðlabanka	
Skuldir við aðrar lánastofnanir	
Samtals	

Skuldaliður 1. „Skuldir við lánastofnanir o.fl.“, framh.*Skuldaliður 1.2. „Aðrar skuldir við lánastofnanir“.*

<i>Sundurliðun skv. eftirstöðvatíma:</i>	Kr.
1. Allt að 3 mán.	
2. Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	
3. Yfir 1 ár og allt að 5 árum	
4. Yfir 5 ár.	
Samtals	

Skuldaliður 2. „Innlán“.*Skuldaliður 2.2., 2.3., og 2.4.*

<i>Sundurliðun skv. eftirstöðvatíma:</i>	Kr.
1. Allt að 3 mán.	
2. Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	
3. Yfir 1 ár og allt að 5 árum	

4. Yfir 5 ár.	
Samtals	

Skuldaliður 3. „Lántaka“.

	Kr.
Fjárhæð sem koma á til greiðslu innan árs frá uppgjörstegi	

Skuldaliður 6. „Reiknaðar skuldbindingar“.*Skuldaliður 6.1. „Lífeyrisskuldbindingar“.*

	Kr.
Lífeyrisskuldbindingar samtals *	
þ.a. vegna fyrrverandi stjórnarmanna	
þ.a. vegna fyrrverandi stjórnenda **	

*) Greint skal frá ávöxtunarkröfu sem miðað er við.

**) Sbr. skilgreiningu í 5. mgr. 42. gr. reglnanna.

Skuldbindingar vegna stjórnar og stjórnenda aðrar en lífeyrisskuldbindingar.

<i>Heildarfjárhæð lána til og ábyrgða vegna:</i>	Kr.
1. Stjórnar	
2. Stjórnenda *	
Samtals	

*) Sbr. skilgreiningu í 5. mgr. 42. gr. reglnanna.

Starfsmannafjöldi.

	Fjöldi
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	
Stöðugildi í árslok	
þ.a. bankastörf	

Eigið fé og eiginfjárlutfall.

<i>Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga:</i>	Kr.
Eigið fé:	
Eiginfjárbáttur A	
Eiginfjárbáttur B	
Eiginfjárbáttur C	
- frádr. liðir sbr. 55. gr. 1. nr. 113/1996 og 10. gr. 1. nr. 123/1993	
Eigið fé samtals	
Áhættugrunnur samtals	
Eiginfjárlutfall	%

	Fjöldi hluta	Nafn- verð hlutar Kr.	Heildar- fjárhæð hluta Kr.
<i>Upplýsingar um hlutafé/stofnfé:</i>			
1. Útgefnir hlutar/stofnfjárlutar			
2. þ.a. eigin hlutar			

Eiginfjárhreyfingar.

	Kr.
8.1. Hlutafé/stofnfé 1.1.200x	
a. Hlutafjárukning	

b. Útgefin jöfnunarhlutabréf	
c. Lækkun hlutafjár	
d. Annað	
<i>Hlutafé/stofnfé 31.12.200x</i>	
8.2. Varasjóðir 1.1.200x	
a. Millifært frá óráðstöfuðu eigin fé	
b. Framlag í lögbundinn varasjóð vegna yfirverðs hlutafjár	
c. Önnur framlög í lögbundinn varasjóð	
d. Annað	
<i>Varasjóðir 31.12.200x</i>	
8.3. Endurmatsreikningur skv. verðbólgu-reikningsskilum 1.1.200x	
a. Endurmat á árinu	
b. Millifært á hlutafé vegna jöfnunarhlutabréfa.	
c. Annað	
<i>Endurmatsreikningur skv. verðbólgu-reikningsskilum 31.12.200x</i>	
8.4. Endurmatsreikningur, annar en skv. lið 8.3., 1.1.200x	
a. Endurmat á árinu	
b. Annað	
<i>Endurmatsreikningur, annar en skv. lið 8.3, 31.12.200x</i>	
8.5. Óráðstafað eigið fé 1.1.200x	
a. Hagnaður/tap ársins	
b. Millifært af yfirverðsreikningi	
c. Framlag í lögbundinn varasjóð	
d. Önnur framlög í varasjóði	
e. Greiddur arður	
f. Annað	
<i>Óráðstafað eigið fé 31.12.200x</i>	

Liðir utan efnahagsreiknings.

Sundurliðun á lið 2.3., Óafturkallanleg lánsloforð, sbr. 3. mgr. 33 gr.

<i>Sundurliðun skv. eftirstöðvatíma:</i>	Kr.
Allt að 1 ári	
Yfir 1 ár	
Samtals	

Framvirkir samningar og gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar.

	Kr.
<i>Framvirkir samningar:</i>	
Eignir í íslenskum krónum	
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	
Skuldir í íslenskum krónum	
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	
<i>Gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar:</i>	
Eignir í íslenskum krónum	
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	
Skuldir í íslenskum krónum	
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	

	Kr.
Útlánaígildi afleiðusamninga samkvæmt reglum um mat á áhættugrunni *	

*) Með útlánaígildi er átt við niðurstöðu útreiknings áður en margfaldað er með áhættuvog vegna mótaðilaáhættu.

*Eignir viðskiptamanna í fjárvörslu.**

	Kr.
Eignir viðskiptamanna í fjárvörslu	

*) Með fjárvörslu er átt við þjónustu, sem veitt er samkvæmt sérstökum samningi gegn endurgjaldi sem felur í sér að taka við fjármunum til fjárfestingar í verðbréfum eða öðrum verðmætum fyrir eigin reikning viðskiptamanns, sbr. skilgreiningu í 2. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, með síðari breytingum.

VIÐAUKI IV

Nánari ákvæði um sjóðstreymi, sbr. 6. gr. reglnanna.

Í sjóðstreymi skal m.a. gerð grein fyrir rekstrarhreyfingum, fjárfestingarhreyfingum, fjármögnunarhreyfingum og annarri breytingu á handbæru fé á árinu, sbr. ennfremur eftirfarandi framsetningu. Heimilt er að draga saman liði eða auka við liðum ef það er til þess fallið að gefa skýrari mynd af sjóðstreyminu. Við útreikning á áhrifum rekstrarliða á handbært fé skal leiðréttja fyrir áhrifum gengismunar, verðbreytinga og annarra verðleiðréttinga en ekki fyrir vöxtum þar eð sú forsenda er gefin að vextir ársins séu greiddir. Með tekjuskatti samkvæmt “Rekstrarhreyfingum” er átt við breytingu á skattskuldbindingu en breyting á ógreiddum tekjuskatti skal sýnd undir liðnum “Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum”. Með “öðrum liðum” undir “Rekstrarhreyfingum” er átt við rekstrarliði eins og afskriftir, söluhagnað og breytingu á lífeyrisskuldbindingum. Með handbæru fé er átt við sjóð og óbundnar innstæður í seðlabanka, ríkisvísla og aðra vísla endurseljanlega í seðlabanka og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

SJÓÐSTREYMI*Rekstrarhreyfingar:*

Hagnaður ársins

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif

á handbært fé:

Verðbætur, gengismunur og

verðleiðréttingar

Framlag í afskriftareikning útlána

Tekjuskattur, breyting á skattskuldbindingu

Aðrir liðir

Breytingar á rekstartengdum

eignum og skuldum

*Handbært fé frá rekstri**Fjárfestingarhreyfingar:*

Bundið fé í Seðlabanka Íslands, breyting

Aðrar bundnar kröfur á lánastofnanir

Útlán, breyting

Veltuskuldabréf, breyting

Veltuhlutabréf, breyting

Fjárfestingarskuldbréf, breyting

Fjárfestingarhlutabréf, breyting

Hlutir í hlutdeildar- og tengdum félögum, breyting.

Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir

Seldir varanlegir rekstrarfjármunir

Ýmsar eignir, breyting

Fjárfestingarhreyfingar

Fjármögnunarhreyfingar:

Skuldir við lánastofnanir
Innlán, breyting
Lántökur, breyting
Ýmsar skuldir
Víkjandi lán
Greiddur arður
Keypt og seld eigin hlutabréf

*Fjármögnunarhreyfingar**Hækkun(-lækkun) á handbæru fé**Handbært fé í ársbyrjun**Handbært fé í árslok**Aðrar upplýsingar:*

Greiddur tekjuskattur

Arður frá hlutdeildar- og tengdum félögum.

REGLUR**um eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.****1. KAFLI****Gildissvið og skilgreiningar.**

1. gr.

Reglur þessar gilda um eftirtalda aðila:

1. Viðskiptabanka og sparisjóði sbr. lög nr. 113/1996.
2. Aðrar lánastofnanir sbr. lög nr. 123/1993.
3. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sbr. lög nr. 13/1996.
4. Samstæður þar sem móðurfyrirtæki er eitthvert þeirra fyrirtækja sem nefnt er í 1.-3. tölul.

Þau fyrirtæki sem talin eru upp í 1. mgr. þessarar greinar, nefnast stofnanir í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Í þessum reglum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Afleiðusamningur/afleidd skuldaskjöl (e. derivatives): Samningur þar sem uppgjör-
ákvæði samningsins byggir á þróun einhvers þáttar s.s. vaxta, gengis gjaldmiðla, hluta-
bréfaengis, hlutabréfavísitölu eða verðs á hrávörum. Virði slíks samnings er afleitt af
þróun þessara undirliggjandi þátta frá samningsdegi til uppgjörsdags. Sjá einnig *fram-
virkur samningur, skiptasamningur, grundvallarfjárhæð, kaupréttur, vaxtaskiptasamn-
ingur, staðlaður framvirkur samningur, söluréttur, valréttur.*

Baktryggð staða (e. hedge position): Staða í fjármálaskjölum sem stofnunin hefur tekið til að tryggja sig gegn markaðsáhrættu eigna- og skuldaliða eða stöðu í afleiðum.

Binditímaaðferð (e. Maturity based method): Aðferð til að reikna vaxtaáhrættu stofnunar sem tekur mið af binditíma þeirra markaðsskuldabréfa sem eru í veltubók stofnunar. Binditími í þessu samhengi er binditími vaxtaþrósentu og telst hann vera sá sami og eftirstöðvatími bréfsins þegar um er að ræða skuldabréf með föstum vöxtum. Ef um er að ræða ákvæði í skuldabréfi um að vextir geti tekið breytingum fyrir lokagjalddaga þá skal miða við þann tíma sem er til þess dags að vextir verða ákvarðaðir að nýju. Sjá einnig rauntímaaðferð.

Birgðafjármögnun: Stöður þar sem áþreifanlegar birgðir hafa verið seldar framvirkt og kostnaður við fjármögnunina hefur verið frystur fram að dagsetningu framvirku sölunnar.

Breytanlegt verðbréf (e. convertible security): Verðbréf sem að vali eiganda er hægt að skipta fyrir annað verðbréf, oftast hlutabréf útgefanda.

Delta stuðull valréttarsamnings: Með delta stuðli valréttarsamnings er átt við áætlaða breytingu á virði valréttarsamnings sem hlutfall af minniháttar verðbreytingum á þeim undirliggjandi skjölum sem liggja til grundvallar valréttarsamningnum. Delta stuðull segir til um líkindi þess að valréttarsamningur hafi verðgildi á innlausnardegi.

Deltavirði valréttarsamninga: Deltavirði valréttarsamnings jafngildir fjárhæð grundvallarskjals sem kaupréttur vísar til, margfaldað með delta stuðli valréttarsamningsins.

Eftirstöðvatími: Með eftirstöðvatíma er átt við þann tíma sem eftir er til gjalddaga skuldaskjals.

Fjármálastofnun: Lánastofnun, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða önnur fyrirtæki sem stunda einhverja eða alla þá starfsemi sem talin er upp í 2.-12. tölulið í 1. mgr. 44. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði.

Fjárfestingarverðbréf: Markaðsskuldabréf og hlutabréf sem stofnun hefur með formlegum hætti tekið ákvörðun um að eiga til lengri tíma, skemmst eitt ár. Til slíkra bréfa teljast ekki hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum eða tengdum fyrirtækjum. Sjá einnig veltuverðbréf.

Fjármálaskjal /fjármálasamningur (e. financial instrument):

Til fjármálaskjala/fjármálasamninga teljast m.a.:

- hlutdeildarskírteini í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu
- skjöl á peningamarkaði
- staðlaðir framvirkir fjármálasamningar, þ.m.t. skjöl sem greidd eru með reiðufé
- framvirkir vaxtasamningar
- vaxta-, gjaldmiðla- og hlutabréfaskiptasamningar
- valkvæður réttur til að kaupa eða selja önnur fjármálaskjöl, þar með talin sambærileg skjöl sem greidd eru með reiðufé s.s. fjármálasamningar um gjaldeyri og vexti
- önnur framseljanleg verðbréf.

Fjölnota atvinnuhúsnæði (e. multi-purpose commercial building): Með fjölnota atvinnuhúsnæði er fyrst og fremst átt við ýmis konar verslunar- og skrifstofuhúsnæði og annað þjónustuhúsnæði sem auðvelt er að breyta. Skilyrði er að um fullbúið húsnæði sé að ræða. Sérhæft iðnaðarhúsnæði, fiskvinnsluhús, gistihús og skólabyggingar eru dæmi um húsnæði sem ekki fellur undir skilgreiningu á fjölnota atvinnuhúsnæði.

Fjölpjóða þróunarbankar (e. multilateral development banks): Með fjölpjóða þróunarbönkum í reglum þessum er átt við Alþjóðabankann, Alþjóðalánastofnunina, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, Fjárfestingarsjóð Evrópu, Fjárfestingarlánastofnun Ameríkuríkja, Norræna fjárfestingarbankann, Þróunarbanka Afríku, Þróunarbanka Ameríkuríkja, Þróunarbanka Asíu, Þróunarbanka Mið-Ameríkuríkja og Viðreisnarsjóð Evrópuráðsins.

Framvirk viðskipti (e. forward transactions): Viðskipti sem gerð eru upp þremur virkum dögum eftir upphafsdag þeirra eða síðar. Sjá einnig *núviðskipti*.

Framvirkur vaxtasamningur (e. FRA - forward rate agreement): Samningur sem kveður á um vaxtaviðmiðun yfir ákveðið tímabil og reiknast vextir af fyrirfram ákveðinni *grundvallarfjárhæð*, sem ekki kemur til greiðslu á. Samningurinn er gerður upp í lok samningstímans á fyrirfram ákveðnum uppgjörsdegi.

Fullgildur liður (e. qualifying item): *Gnóttstaða eða skortstaða* í þeim liðum sem falla undir 2. tölul. 12. gr. Auk þess getur Fjármálaeftirlitið heimilað að önnur skuldaskjöl teljist til fullgildra liða. Forsenda þess að skuldaskjöl geti talist til fullgildra liða er að skjalið sé skráð á viðurkenndum verðbréfamarkaði, sé auðseljanlegt og *mótaðilaáhætta* þess sé sambærilegt eða lægra en þeirra eigna sem falla undir 2. tölul. 12. gr. þessara reglna.

Fyrirtæki í verðbréfafyrirtæki (e. investment firm): Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlun sbr. lög nr. 13/1996.

Gjaldmiðlaskiptasamningur (e. currency swap): Samningur sem kveður á um að samningsaðilar skipti á höfuðstólum tveggja mynta á ákveðnu gengi í framtíðinni. Skipst er á höfuðstól í lokin, en oft einnig í upphafi samnings.

Gnóttstaða (e. long position): Staða í fjármálaskjöllum sem gefur eða getur í framtíðinni gefið stofnuninni rétt eða skyldað hana til að taka á móti greiðslu í peningum, verðbréfum eða öðrum eignum. *Sölu- og kaupréttur* telst vera hluti af gnóttstöðu. Sjá einnig *skortstaða*.

Grundvallarfjárhæð afleiðusamnings/grundvallarskjal afleiðusamnings/(e. notional principal/notional position): Sú fjárhæð, það verðbréf eða sú ímyndaða staða sem lögð er til grundvallar í *afleiðusamningi*.

Hlutabréf: Eignarhlutur í hlutafélagi. Í skilningi þessara reglna skal ennfremur telja til hlutabréfa þann hluta *afleiðusamninga* í *veltubók* stofnunar sem tengdur er hlutabréfum, gengi hlutabréfa eða þróun hlutabréfavísitölu.

Hrein gjaldeyrisstaða stofnunar (e. An institution's overall net foreign exchange position): Hæri fjárhæðin af tveimur, samanlögð *opin gjaldeyrisstaða* í þeim gjaldmiðlum þar sem um nettó gnóttstöðu er að ræða eða samanlögð *opin gjaldeyrisstaða* þeirra gjaldmiðla þar sem um nettó skortstöðu er að ræða.

Kaupréttur (e. call option): Réttur til að kaupa vöru, verðbréf eða gjaldeyri á fyrirfram ákveðnu verði, annað hvort á ákveðnum degi eða fyrir ákveðinn dag. Slíkur samningur er bindandi fyrir þann sem selur slíkan samning en kaupandi getur valið hvort hann nýtir sér réttinn eða ekki. Sjá einnig *valréttur og söluréttur*.

Lánastofnun: Fyrirtæki sem tekur á móti innlánnum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu og veitir lán fyrir eigin reikning, sbr. lög nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Liðir utan veltubókar (e. Banking book): Allir þeir liðir innan og utan efnahagsreiknings stofnunar sem ekki teljast til veltubókar.

Markaðsáhætta (e. market risk): Áhætta stofnunar á fjárhagslegu tapi vegna liða innan og utan efnahagsreiknings vegna breytinga á markaðsvirði þessara liða, þar á meðal breytingar á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði hlutabréfa.

Markaðsverðbréf: Framseljanlegt verðbréf (skuldabréf, hlutabréf eða hlutdeildarskírteini) sem boðið er einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við á. Sjá einnig *fjárfestingarverðbréf og veltuverðbréf*.

Móðurfyrirtæki: Fyrirtæki skilgreint í 2. mgr. 66. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Mótaðilaáhætta (e. Counterparty risk): Sú hætta sem er á því að gagnaðili *fjármálasamnings* uppfylli ekki ákvæði hans. Ein tegund mótaðilaáhhættu er afhendingaráhætta en það er sú áhætta að mótaðili afhendi ekki verðbréf í samræmi við ákvæði fjármálasamnings. Önnur tegund mótaðilaáhhættu er uppgjörshætta en það er sú áhætta að mótaðili t.d. afleiðusamnings standi ekki við samninginn á uppgjörsteggi. Þriðja tegund mótaðilaáhhættu er útlánaáhætta. Sjá einnig *útlánaígildi*.

Nettóstaða : Með nettóstöðu verðbréfa er átt við mismuninn milli gnóttstöðu og skortstöðu í samskonar verðbréfum.

Nústaða (e. spot position): Staða í fjármálaskjölum sem gerð verður upp eigi síðar en tveimur virkum dögum frá viðmiðunardegi.

Núviðskipti (e. spot transaction): Viðskipti sem gerð eru upp eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir upphafsdag þeirra. Sjá einnig *framvirk viðskipti*.

Opinber aðili: Ríki eða sveitarfélag á Íslandi eða samsvarandi aðili í öðrum löndum.

Opinber fyrirtæki og stofnanir: Með opinberum fyrirtækjum og stofnunum í reglum þessum er átt við fyrirtæki og stofnanir sem eru að öllu leyti í eigu ríkis eða sveitarfélaga eða samsvarandi stjórnvalda í öðrum löndum eða eru undir stjórn áðurnefndra aðila og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Opinber fyrirtæki eða stofnanir sem rekin eru í samkeppni við önnur atvinnufyrirtæki eru undanskilin. Í viðauka II eru talin upp þau fyrirtæki og stofnanir á Íslandi sem þessi skilgreining á við um.

Opinbert viðmiðunargengi: Opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands eins og það er skráð á uppgjörsteggi.

Opin gjaldeyrisstaða í gjaldmiðli (e. Net open position in a currency): Mismunur gnóttstöðu og skortstöðu í viðkomandi gjaldmiðli. Sjá einnig *hrein gjaldeyrisstaða*.

Rauntímaaðferð (e. duration based method): Aðferð til að reikna út vaxtaáhhættu stofnunar. Aðferðin tekur mið af reiknuðum rauntíma skuldabréfs/fjármálasamnings, í stað afborgunartíma. Rauntími skuldabréfs er veginn meðal afborgunartími þess og er þá tekið tillit til allra greiðslna af skuldabréfinu, bæði vaxta og afborgana, eftir að þær hafa verið núvirtar með reiknaðri ávöxtun skuldabréfsins. Hin reiknaða ávöxtun skuldabréfsins skal taka mið af markaðsvirði bréfsins á uppgjörsteggi. Leiðréttur rauntími skuldabréfs (e. modified duration) er reiknaður rauntími skuldabréfsins deilt með einum plús hin reiknaða ávöxtunarkrafa. Sjá einnig *binditímaaðferð*.

raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti: Sölu- og endurkaupaviðskipti þar sem afsalshafi hefur skuldbundið sig til að skila eignunum aftur. Sjá einnig *sala með endurkauparétti*.

Sala með endurkauparétti: Sölu- og endurkaupaviðskipti þar sem afsalshafi á rétt á en hefur ekki skuldbundið sig til að skila eignunum aftur. Sjá einnig *raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti*.

Samningsbundin skuldajöfnun (e. contractual netting): Samningur milli tveggja eða fleiri aðila sem eiga eina eða fleiri kröfur hver á annan um að í stað þess að gera upp hverja kröfu sérstaklega, skuli láta kröfurnar jafnast hverja á móti annarri og aðeins nettómismunur (*jaðargreiðsla*) komi til uppgjörs og greiðslu.

Samstæða, samstæðufyrirtæki: Móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki þess.

Skipulegur verðbréfamarkaður: Verðbréfamarkaður sem fellur undir skilgreiningu 10. töluliðar 2. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti.

Skortstaða (e. short position): Staða í fjármálaskjölum sem skyldar eða getur í framtíðinni skyldað stofnunina, eða gefið henni rétt, til að láta af hendi greiðslu í peningum, verðbréfum eða öðrum eignum. *Sölu og kaupréttur* sem stofnunin á eða hefur gert samning um telst vera hluti af skortstöðu. Sjá einnig *gnóttstaða og nettóstaða*.

Skortsala (e. short sale): Sala á verðbréfum eða öðrum eignum sem ekki eru í eigu seljanda á þeim tíma þegar salan fer fram.

Skráð verðbréf: Verðbréf sem tekið hefur verið til opinberrar skráningar á skipulegum verðbréfamarkaði. Sjá einnig *skipulegur verðbréfamarkaður*.

Skuldaskjal (e. debt instruments): *Fjármálasamningur* sem felur í sér loforð um greiðslu.

Staðlaður framvirkur samningur (e. futures contract/interest rate future): Staðlaður afleiðusamningur sem verslað er með á skipulögðum markaði, er tryggður og sem gefur handhafa rétt til að kaupa eða selja tiltekið fjármálaskjal á fyrirfram ákveðnum degi og á fyrirfram ákveðnu verði. Breyting á markaðsvirði samnings er gerð upp á hverjum degi og/eða samningur tryggður á annan hátt af *skipulegum verðbréfamarkaði*, viðskiptavaka eða greiðslujöfnunarstöð.

Stór áhættuskuldbinding: Skuldbindingar sem reglugerð um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfabjónustu nær til.

Stöðuáhætta (e. position risk): Hætta sem tengd er stöðu stofnunar í tilteknu *fjármálaskjali* og sem er tilkomin vegna hugsanlegra breytinga á verði viðkomandi skjals. Með sérstakri stöðuáhættu er átt við hættu á breytingum á verði skjals, vegna aðstæðna sem tengjast útgefanda þess, eða útgefanda grundvallarskjals þegar um er að ræða afleiðusamning. Með almennri stöðuáhættu er átt við hættu á breytingum á verði skjals, vegna aðstæðna sem eru óháðar útgefanda þess, eða útgefanda grundvallarskjals þegar um afleiðusamning er að ræða.

Sölu- og endurkaupaviðskipti: Viðskipti sem fela í sér framsal stofnunar eða viðskiptavinar (framseljanda) til annarrar stofnunar eða viðskiptavinar (afsalshafa) á eignum, t.d. víxlum, skuldabréfum eða öðrum framseljanlegum verðbréfum, með samningi um að sömu eignir verði síðar framseldar aftur til framseljanda á tilteknu verði. Sjá einnig *raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti og sala með endurkauparétti*.

Söluréttur (e. put option): Réttur til að selja vöru, verðbréf eða gjaldeyri á fyrirfram ákveðnu verði, annað hvort á ákveðnum degi eða fyrir ákveðinn dag. Slíkur samningur er bindandi fyrir þann sem selur slíkan samning en kaupandi getur valið hvort hann nýtir sér réttinn eða ekki. Sjá einnig *valréttur* og *kaupréttur*.

Útlánaígildi (e. credit equivalent): Liðir utan efnahagsreiknings sem reiknaðir hafa verið til ígildis útlána. *Mótaðilaáhætta* stofnunar vegna liða utan efnahagsreiknings er reiknað af útlánaígildi þessara liða.

Valréttur/valréttarsamningur (e. option): *Kaupréttur* eða *söluréttur*.

Vaxta- og gjaldmiðlasamningur (e. cross currency swap): Samningur sem kveður á um bæði vaxta- og gjaldmiðlaskipti, þ.e. að samningsaðilar skiptist á höfuðstól tveggja mynta á ákveðnu gengi í framtíðinni ásamt vaxtagreiðslum yfir ákveðið tímabil. Skipst er á höfuðstól í lokin, en einnig oft í upphafi samnings.

Vaxtaskiptasamningur (e. interest rate swap/single currency swap): Samningur sem kveður á um að samningsaðilar skiptist á vaxtagreiðslum m.t.t. þróunar vaxta í tilteknum gjaldmiðli. Ekki er skipst á *grundvallarfjárhæðinni*, heldur aðeins á vaxtamuninum sem reiknaður er af *grundvallarfjárhæð* samningsins. Til eru þrjár megingundir vaxtaskiptasamninga þ.e.

- samningur sem byggir á mismun á þróun breytilegra vaxta í einum gjaldmiðli, t.d. mismun á þróun ríkisvixlavaxta og millibankavaxta,
- samningur sem byggir á mismun fastra vaxta og þróun breytilegra vaxta í einum gjaldmiðli,
- *vaxtaskiptasamningur milli gjaldmiðla*.

Vaxtaskiptasamningur milli gjaldmiðla (e. cross currency interest rate swap): *Vaxtaskiptasamningur* sem kveður á um að samningsaðilar skiptist á vaxtagreiðslum m.t.t. þróunar vaxta sem eru í a.m.k. tveimur mismunandi gjaldmiðlum. Ekki er skipst á *grundvallarfjárhæðinni*, heldur aðeins á vaxtamuninum sem reiknaður er af *grundvallarfjárhæð* samningsins.

Veltubók (e. trading book): Verðbréf, önnur fjármálaskjöl og hrávörur sem stofnun hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þessara skjala eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum. Jafnframt teljast til veltubókar stöður í fjármálaskjöllum og hrávörum sem verða til við samtímis skipti á höfuðstólsfjárhæðum, svo og fjármálasamningar sem stofnun er aðili að í því skyni að baktryggja aðra þætti veltubókar. Til veltubókar teljast ennfremur áhættuþættir tengdir óuppperðum og ófrágengnum viðskiptum og afleiðusamningum sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, svo og áhættuþættir er tengjast skuldbindingum stofnunar sem myndast vegna viðskipta með verðbréf og hrávörur í veltubók.

Veltuverðbréf: *Markaðsverðbréf* sem er ekki aflað í þeim tilgangi að halda því til varanlegrar eignar. Sjá einnig *fjárfestingarverðbréf*.

Verðbréfa- eða hrávörulánveiting og verðbréfa- eða hrávörulántaka (e. securities or commodities lending/securities or commodities borrowing): Öll viðskipti sem felast í því að lánastofnun eða mótaðili hennar framselur verðbréf eða hrávörusamninga gegn hæfilegri tryggingu með því skilyrði að lántakandinn skili aftur jafngildum verðbréfum eða hrávörusamningum síðar eða þegar framseljandi krefst þess. Um er að ræða verðbréfa- eða hrávörulánveitingu fyrir stofnunina sem framselur verðbréfin eða hrávörusamningana og verðbréfa- eða hrávörulántöku fyrir stofnunina sem verðbréfin eða hrávörusamningarnir eru framseld til.

2. KAFLI

Matsaðferðir og skýrslugerð.

3. gr.

Eiginfjárhlutfall stofnunar skal vera eigið fé stofnunar í hlutfalli af áhættugrunni sem metinn er í samræmi við reglur þessar og viðauka með þeim.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli skal eigið fé vera samtala eiginfjárbáttar A, B og C, sbr. ákvæði laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði, laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti.

Áhættugrunn skal meta á eftirfarandi hátt:

1. Áhættugrunnur vegna útlánaáhættu eignaliða og liða utan efnahagsreiknings sem teljast ekki til veltubókar, skal metinn í samræmi við ákvæði 3. kafla.
2. Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu liða í erlendum gjaldmiðli og gulli og liða sem eru tengdir erlendum gjaldmiðli og gulli, óháð því hvort um er að ræða liði innan eða utan veltubókar, skal metinn í samræmi við 4. kafla.
3. Áhættugrunnur vegna áhættu þeirra eignaliða og liða utan efnahagsreiknings sem teljast til veltubókar skal metinn í samræmi við ákvæði 5.-7. kafla, sbr. þó ákvæði 6. gr. um undanþágu frá sérstökum eiginfjárákvæðum veltubókar.

4. gr.

Til veltubókar stofnunar skal telja eftirfarandi stöður, sbr. þó undanþáguákvæði 6. gr.:

1. Stöður stofnunar í markaðsverðbréfum, öðrum fjármálaskjölum og hrávörum sem stofnunin hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þeirra eða öðrum verð- eða vaxta-breytingum.
2. Reiknaðar stöður vegna uppgjör- og mótaðilaáhættu tengda ófrágengnum og óuppgerðum verðbréfa- og hrávöruviðskiptum, verðbréfa- eða hrávörulánveitingum, skortsölu verðbréfa, afleiðusamningum og öðrum stöðum sem tengjast eignaliðum sem myndast vegna viðskipta með verðbréf og hrávörum í veltubók sbr. ákvæði 6. kafla þessara reglna.
3. Stöður í fjármálaskjölum og hrávörum sem verða til við samtímis skipti á höfuðstólsfjárhæðum.
4. Stöður í fjármálaskjölum og hrávörum sem haldið er eftir til að baktryggja aðra þætti veltubókar.
5. Kröfur sem tengjast þóknunum, umboðslaunum, vöxtum, arði og tryggingafé í tengslum við staðlaða framvirka afleiðusamninga og kaupréttarsamninga í veltubók, sem verslað er með á viðurkenndum verðbréfamarkaði.

Þau verðbréf sem metin eru á markaðsvirði í reikningsskilum stofnunar skulu að öðru jöfnu teljast til veltubókar. Við skiptingu verðbréfaeignar stofnunar í veltubók og aðra liði skal höfð hliðsjón af skilgreiningu veltuverðbréfa í 2. gr. þessara reglna.

Eftirtalda liði skal ekki telja til veltubókar:

1. Fjárfestingarverðbréf, sbr. skilgreiningu 2. gr. þessara reglna.
2. Afleiðusamninga sem stofnunin hefur sannanlega aflað til að baktryggja stöður utan veltubókar.
3. Skuldir stofnunarinnar aðrar en reiknaðar skuldir vegna afleiðusamninga í veltubók og skuldir endurhverfra viðskipta.

5. gr.

Veltubók stofnunar skal skipt upp í skuldaskjöl, hlutabréf og hrávörur.

Til skuldaskjala í þessu sambandi skal telja stöður í markaðsskuldabréfum og breytanlegum verðbréfum og þá afleiðusamninga stofnunar sem teljast til veltubókar og ekki eru tengdir hlutabréfum, hlutabréfavísitölu eða hrávörum.

Til hlutabréfa í þessu sambandi skal telja stöður í hlutabréfum, öðrum eignarhlutum, hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða svo og þeim afleiðusamningum stofnunar sem teljast til veltubókar og tengdir eru hlutabréfum eða hlutabréfavísitölum.

Til hrávara í þessu sambandi skal telja stöður í fjármálaskjölum og afleiðusamningum tengdum hrávörum.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. er þeim stofnunum þar sem veltubók viðkomandi stofnunar fer ekki yfir viðmiðunarmörk skv. 2. mgr., heimilt að reikna út áhættugrunn í samræmi við ákvæði 3. kafla fyrir eignir sem annars væru taldar sem hluti veltubókar stofnunarinnar. Eftir sem áður skulu þessar stofnanir reikna út áhættugrunn vegna gengisáhættu, sbr. ákvæði 4. kafla.

Viðmiðunarmörk fyrir undanþágu frá ákvæðum 5.-7. kafla um mat á áhættugrunni liða í veltubók eru eftirfarandi:

1. Veltubókarstaða stofnunar er að jafnaði ekki umfram 5% af heildarstöðu stofnunarinnar og fer að jafnaði ekki yfir 1.240 milljónir króna.
2. Veltubókarstaða stofnunar er aldrei yfir 6% af heildarstöðu stofnunarinnar og fer aldrei yfir 1.650 milljónir króna.

Heildarstaða er samtala veltubókarstöðu og stöðu liða utan veltubókar. Við útreikning á heildarstöðu skal, í samræmi við góða reikningssskilavenju, meta skuldaskjöl og hlutabréf á markaðsvirði eða upprunalegu kaupverði og afleiðusamninga skal meta miðað við markaðsvirði undirliggjandi skjala eða markaðsvirði samningsins. Þó er stofnun heimilt að miða við nafnvirði þeirra afleiðusamninga sem ekki eru tengdir verðbréfum. Við útreikning á veltubókarstöðu skal leggja saman gnóttstöður og skortstöður óháð formerkjum. Fjármálaeftirlitið getur heimilað stofnun að undanskilja framvirka gjaldmiðlasamninga frá því að teljast veltubókarstaða við þennan útreikning.

Fjárhæðir samkvæmt 1. og 2. tölulið 2. mgr. þessarar greinar skulu bundnar við gengi evrópskrar mynteiningar ECU miðað við kaupgengi hennar á gildistökudegi þessara reglna.

7. gr.

Stofnanir skulu daglega meta veltubók sína til markaðsvirðis, enda sé staða veltubókar umfram viðmiðunarmörk 6. gr. og áhættugrunnur þessara liða því metinn í samræmi við ákvæði 5.-7. kafla.

Stofnanir skulu í samræmi við ákvæði þessara reglna setja sér innri starfsreglur um hvernig skipta skuli eignaliðum og liðum utan efnahagsreiknings í veltubók og liði utan veltubókar.

8. gr.

Verðbréfafyrirtæki skulu mánaðarlega senda skýrslu til Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárhlutfall og lánastofnanir og verðbréfamiðlanir ársfjórðungslega. Lánastofnanir, sem ekki reikna sérstakan áhættugrunn vegna veltubókarliða, sbr. ákvæði 6. gr., skulu senda hálfárslega skýrslu til Fjármálaeftirlitsins. Sömu stofnunum er þó heimilt að senda einungis skýrslu miðað við árslok sé niðurstöðutala efnahagsreiknings viðkomandi stofnunar undir 2.000 m.kr. og eiginfjárhlutfall yfir 12% í upphafi árs. Ákvæði um skýrslugerð lánastofnunar sjaldnar en ársfjórðungslega eiga ekki við ef eiginfjárhlutfall stofnunar er lægra en 10% í upphafi árs.

Mánaðarlegar skýrslur verðbréfafyrirtækja skv. 1. mgr. skulu hafa borist Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 15 dögum frá uppgjörstegi. Skýrslur lánastofnana og verðbréfamiðlana skv. 1. mgr. skulu hafa borist Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 30 dögum frá uppgjörstegi.

9. gr.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað stofnunum að nota einfaldaðar útfærslur á þeim útreikningsaðferðum sem kveðið er á um í þessum reglum enda leiði það ekki til herra eiginfjárlutfalls.

3. KAFLI

Áhættugrunnur vegna liða utan veltubókar.

10. gr.

Áhættugrunnur vegna eignaliða og liða utan efnahagsreiknings sem ekki teljast til veltubókar stofnunar, sbr. þó ákvæði 6. gr., skal vera samtala eignaliða og liða utan efnahagsreiknings reiknuð í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Auk áhættugrunns samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal reikna áhættugrunn stofnunar vegna gjaldeyrisáhættu, sbr. ákvæði 4. kafla, óháð því hvort um liði innan eða utan veltubókar er að ræða.

11. gr.

Áhættugrunn liða utan veltubókar skal reikna út á eftirfarandi hátt:

1. Einstakir eignaliðir skulu vegnir með viðeigandi áhættuvog sem tilgreind er í 12. gr.
2. Liðir utan efnahagsreiknings skulu fyrst margfaldaðir með viðeigandi breytistuðlum og hlutfallstöllum til að reikna út útlánaálgildi þessara liða, sbr. ákvæði 13. gr. og 14. gr., og því næst vegnir með viðeigandi áhættuvog skv. ákvæðum 12. gr. Þegar um er að ræða endurkaupasamninga, samninga um eignasölu eða bein framvirk kaup skal vægið vera vægi eignanna en ekki vægi mótaðila í viðskiptum. Þegar liðir utan efnahagsreiknings bera með sér ábyrgðir, skulu þær fá vægi ábyrgðarveitanda frekar en gagnaðila. Þegar hugsanleg áhætta, sem stafar af viðskiptum utan efnahagsreiknings, er að fullu tryggð með handveði í verðbréfum sem viðurkennd eru sem trygging, sbr. 1. og 2. tölulið 12. gr., skal vægið vera 0% eða 20% eftir því hver tryggingin er.
3. Þegar eignum eða liðum utan efnahagsreiknings er gefið minna vægi vegna ábyrgða eða trygginga skal hið lægra vægi aðeins ná til þess sem ábyrgðin eða tryggingin nær að fullu til.

12. gr.

Áhættuvogir fyrir einstaka liði skulu vera eftirfarandi:

1. *Áhættuvog 0,0:*

- a. sjóður og sambærilegir liðir,
- b. eignaliðir sem eru kröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka á svæði A sbr. viðauka I með reglum þessum,
- c. eignaliðir sem eru kröfur á Evrópusambandið,
- d. eignaliðir sem eru kröfur með ábyrgð ríkisstjórna eða seðlabanka á svæði A, eða Evrópusambandsins,
- e. eignaliðir sem eru kröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka á svæði B, sbr. viðauka I með reglum þessum, veittar og fjármagnaðar í gjaldmiðli lántakanda,
- f. eignaliðir sem eru kröfur með ábyrgð ríkisstjórna eða seðlabanka á svæði B og veittar eru og fjármagnaðar í þeim gjaldmiðli sem sameiginlegur er ábyrgðarveitanda og lántakanda,
- g. eignaliðir sem tryggðir eru með handveði í verðbréfum útgefnum af ríkisstjórnnum eða seðlabönkum á svæði A eða verðbréfum sem gefin eru út af Evrópusambandinu innan við 90% af skráðu gengi verðbréffanna á skipulegum verðbréfamarkaði,

- h. eignaliðir sem tryggðir eru með handveði í innstæðu hjá viðkomandi stofnun eða innlánskírteinum eða svipuðum skjölum sem eru falin henni til vörslu, og
- i. eignaliðir sem dragast frá eigin fé við útreikning á eigin fé samkvæmt eiginfjár-ákvæðum laga.

2. Áhættuvog 0,2:

- a. eignaliðir sem eru kröfur á eða með ábyrgð Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB) og fjölþjóða þróunarbanka, sbr. skilgreiningu í 2. gr.,
- b. eignaliðir sem eru kröfur á eða með ábyrgð héraðsstjórna eða sveitarstjórna á svæði A sbr. viðauka I með reglum þessum,
- c. eignaliðir sem eru kröfur á eða með ábyrgð opinberra fyrirtækja og stofnana á svæði A, sem falla undir skilgreiningu 2. gr. enda sé ekki um að ræða kröfur sem falla undir áhættuvog 0,0. Í viðauka II með reglum þessum eru talin upp þau opinberu fyrirtæki og stofnanir á Íslandi sem falla undir þetta ákvæði,
- d. eignaliðir sem eru kröfur á eða með ábyrgð lánastofnana á svæði A en teljast ekki til eigin fjár þeirra; kröfur íslenskra sparisjóða á Sparisjóðabanka Íslands hf. fá þó áhættuvog 0,1,
- e. eignaliðir sem eru kröfur á eða með ábyrgð fyrirtækja í verðbréfaþjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu, viðurkenndra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu utan Evrópska efnahagssvæðisins, skipulegra verðbréfamarkaða eða viðurkenndra greiðslujöfnunarstöðva en teljast ekki til eigin fjár þeirra,
- f. eignaliðir sem eru til eins árs eða skemur og eru kröfur á eða með ábyrgð lánastofnana á svæði B, sbr. viðauka I, eða fyrirtækja í verðbréfaþjónustu annarra en þeirra sem talin eru upp í staflið e, þó ekki verðbréf gefin út af þessum aðilum sem teljast til eigin fjár þeirra,
- g. eignaliðir sem eru tryggðir með handveði í verðbréfum sem gefin eru út af Fjárfestingarbanka Evrópu eða af fjölþjóða þróunarbönkum innan við 90% af skráðu gengi verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði,
- h. eignaliðir sem eru tryggðir með handveði í verðbréfum sem gefin eru út af héraðsstjórnnum eða sveitarstjórnnum á svæði A innan við 90% af skráðu gengi verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði,
- i. eignaliðir sem eru tryggðir með handveði í innstæðum hjá lánastofnunum á svæði A, öðrum en lánastofnuninni sjálfri, eða innlánskírteini eða svipuðum skjölum sem gefin eru út af sömu lánastofnunum, og
- j. sjóðsliðir í innheimtu.

3. Áhættuvog 0,5:

- a. lán tryggð með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði, sem er eða mun verða nýtt eða leigt út af lánatakanda, innan 80% af fasteignamati eða sérstöku mati Fasteignamats ríkisins á markaðsverði íbúðarhúsnæðis með sama viðmiðunartíma og fasteignamat- ið,
- b. lán sem veitt eru fyrir 21. júlí 2000, sem eru að fullu tryggð með veði í fjölnota atvinnuhúsnæði innan við 60% af fasteignamati þess eða sérstöku mati Fasteignamats ríkisins á markaðsverði húsnæðis, enda sé húsnæðið nýtt eða leigt út af lán- takanda og gefi af sér eðlilegar leigutekjur, og
- c. lán veitt frá og með 21. júlí 2000 sem eru að fullu tryggð með veði í fjölnota atvinnuhúsnæði innan við 50% af fasteignamati þess, eða sérstöku mati Fasteignamats ríkisins á markaðsverði húsnæðis, enda sé húsnæðið nýtt eða leigt út af lán- takanda og gefi af sér eðlilegar leigutekjur. Falli eignimar í verði um meira en sem nemur 10% frá síðasta mati getur Fjármálaeftirlitið sett aðrar reglur um áhættuvog lána samkvæmt þessum staflíð.

4. *Áhættuvog 1,0:*

Allir aðrir eignaliðir utan veltubókar.

Áhættuvog 1,0 gildir um þann hluta lána samkvæmt stafliðum a., b. og c. í 3. tl. 1. mgr., sem er umfram þau mörk sem þar eru tilgreind.

Ákvæði stafliða b. og c. í 3. tl. 1. mgr. gilda til ársloka 2006. Lán sem veitt eru fyrir árslok 2006 og uppfylla skilyrði stafliða b. og c. halda óbreyttri áhættuvog til gjalddaga þeirra.

13. gr.

Breytistuðlar sem nota skal á einstaka liði utan efnahagsreiknings sbr. 11. gr., aðra en þá sem tilgreindir eru í 16. gr.

1. *Mikil áhætta, breytistuðull 1,0:*

- ábyrgðir sem jafna má til beinna lána,
- samþykktir víxlar,
- sölu- og endurkauptryggingar þar sem lánaáhættan helst hjá stofnuninni, og
- aðrir liðir með mikla áhættu.

2. *Miðlungsáhætta, breytistuðull 0,5:*

- útgefnar skjalaábyrgðir og staðfestar skjalaábyrgðir,
- ábyrgðir og tryggingar (þar með taldar tilboðs-, fullnustu-, tolla- og skattaábyrgðir) og ábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,
- ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til lengri tíma en 1 árs,
- sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa, og
- aðrir liðir með miðlungsáhættu.

3. *Miðlungs/lítill áhætta, breytistuðull 0,2:*

- skjalaábyrgðir, þar sem vörusending er sett sem veð, og önnur áþekk viðskipti, og
- aðrir liðir með miðlungs/litla áhættu.

4. *Lítill áhætta, breytistuðull 0,0:*

- ónotaðar lánsheimildir (ónotaðar yfirdráttarheimildir, skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til eins árs eða skemmri tíma eða sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er, og
- aðrir liðir með litla áhættu.

14. gr.

Til að reikna út útlánaígildi liða utan efnahagsreiknings sem tilgreindir eru í 1. og 2. tl., 1. mgr., 16. gr., svo og annarra afleiðusamninga sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, getur stofnun valið að nota aðferð 1, sem byggir á markaðsvirði, eða aðferð 2 sem byggir á upphaflegri áhættu samningsins. Stofnanir sem falla utan undanþáguákvæðis 6. gr. skulu beita aðferð 1. Við mat á útlánaígildi í tengslum við samninga sem tilgreindir eru í 3. tl., 1. mgr., 16. gr. skulu allar lánastofnanir beita aðferð 1.

Aðferð 1: Markaðsvirði

Samkvæmt þessari aðferð skal útlánaígildi afleiðusamninga reiknað út með því að leggja saman endurnýjunarkostnað afleiðusamninga með jákvætt gildi annars vegar og framtíðaráhættu afleiðusamninga hins vegar. Þegar um er að ræða vaxtaskiptasamninga á breytilegu gengi í einum gjaldmiðli er eingöngu reiknaður endurnýjunarkostnaður en ekki framtíðaráhætta við útreikning á útlánaígildi. Endurnýjunarkostnað afleiðusamnings með jákvætt gildi má finna með því að meta útistandandi afleiðusamning á markaðsvirði.

Framtíðarútlánaáættu skal meta með því að margfalda höfuðstólsfjárhæð afleiðusamninga, eða virði þeirra samninga sem að baki liggja, óháð því hvort um gnóttsamning eða skortsamning er að ræða, með eftirfarandi hlutfallstölum:

<i>Tími til gjalddaga</i>	<i>Vaxta-samningar</i>	<i>Samningar er varða gjald-eyrisgengi og gull</i>	<i>Hlutabréfa-samningar</i>	<i>Samningar er varða aðra góðmálma en gull</i>	<i>Samningar er varða aðrar vörur en góðmálma</i>
Eitt ár eða minna	0,0%	1,0%	6,0%	7,0%	10,0%
Meira en eitt ár, minna en fimm ár	0,5%	5,0%	8,0%	7,0%	12,0%
Meira en fimm ár	1,5%	7,5%	10,0%	8,0%	15,0%

- Fara skal með samninga, sem falla ekki undir neinn af flokkunum fimm í töflunni, á sama hátt og samninga um aðrar hrávörur en góðmálma.
- Fyrir samninga, sem fela það í sér að höfuðstóli er skipt margsinnis, verður að margfalda prósentutöluna með fjölda þeirra greiðslna sem eftir er að inna af hendi samkvæmt samningnum.
- Í samningum, sem eru gerðir með það fyrir augum að gera upp áfallna áhættu á tilteknum greiðsludögum og þar sem skilmálar eru endurskoðaðir þannig að markaðsvirði samningsins verður núll á þessum tilteknu dögum, yrði eftirstöðvatíminn jafnlangur tímabilinu fram að næsta endurskoðunardegi. Þegar um er að ræða vaxta-samninga sem uppfylla þessar viðmiðunarreglur og eftirstöðvatíminn er meira en eitt ár, skal hlutfallið ekki vera innan við 0,5%

Aðferð 2: Upprunaleg áhætta

Samkvæmt þessari aðferð skal útlánaígildi afleiðusamnings reiknað út með því að margfalda grundvallarfjárhæð afleiðusamnings með eftirfarandi hlutfallstölum með hliðsjón af upphaflegum lánstíma samningsins:

<i>Upphaflegur lánstími</i>	<i>Vaxtasamningar</i>	<i>Samningar er varða gjaldmiðlagengi og gull</i>
Eitt ár eða skemur	0,5%	2,0%
Lengri en eitt ár en ekki lengri en tvö ár	1,0%	5,0%
Viðbót fyrir hvert ár að auki	1,0%	3,0%

Að því er varðar aðferðir 1 og 2 þarf að gæta þess að fjárhæðin sem lögð er til grundvallar, sé hæfilegur mælikvarði á áhættuna sem samningurinn hefur í för með sér. Þegar til dæmis er gert ráð fyrir því í samningnum að greiðslufæði margfaldist verður að leiðrétta grundvallarfjárhæðina svo að tekið sé tillit til margföldunaráhrifanna á áhættusamsetningu samningsins. Sé um að ræða afleiðusamninga þar sem grundvallarfjárhæð samnings mun lækka á samningstímanum, t.d. með hliðsjón af afborgun lána, er stofnuninni heimilt að taka tillit til þessa. Þetta skal gert með því að reikna út útlánaígildi hverrar afborgunar fyrir sig. Þegar um er að ræða vaxtasamninga getur stofnunin enn fremur sótt um heimild til Fjármálaeftirlitsins til að miða við eftirstöðvatíma samnings í stað upphaflegs lánstíma.

Við útreikning á eiginfjárlutfalli er lánastofnunum og fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu, heimilt að taka tillit til samningsbundinnar skuldajöfnunar vegna samninga sem taldir eru upp í 16. gr.

Heimild samkvæmt 3. mgr. er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Stofnunin hafi gert samning um skuldajöfnun við mótaðila sinn þannig að ný laga-skylda stofnist sem taki til allra viðskipta sem undir samninginn falla og ef mótaðili stendur ekki við skuldbindingar sínar vegna vanefnda, gjaldþrots, félagsslita eða annarra viðlíka aðstæðna, eigi lánastofnun aðeins rétt til að krefjast greiðslu eða beri skylda til að greiða nettófjárhæð í umræddum viðskiptum.
2. Samningar samkvæmt 1. tl. skulu ávallt hafa fullgilda lagastoð hvað varðar efni og réttaráhrif í því ríki eða þeim ríkjum sem aðilar samningsins hafa skráð aðsetur. Sama á við ef erlent útibú fyrirtækis á í hlut. Viðkomandi stofnanir skulu afhenda Fjármálaeftirlitinu gögn þar að lútandi, staðfest af lögbærum yfirvöldum í því ríki sem mótaðili samkvæmt samningnum hefur skráð aðsetur.

Við útreikning á útlánaígildi samningsbundinnar skuldajöfnunar skal beitt markaðsvirðisaðferð sbr. 1. mgr. Sé um að ræða framvirka gjaldeyrissamninga og aðra sambærilega samninga, þar sem reiknaður höfuðstóll samsvarar sjóðstreymi, er við útreikning á framtíðarútlánaáhættu eingöngu heimilt að taka mið af einstökum nettófjárhæðum, þegar fjárhæðir sem krafist er eða greiða á falla í gjalddaga á sama gildisdegi og í sama gjaldeyri.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. skulu gjaldmiðlasamningar, aðrir en þeir sem varða gull, til 14 daga eða skemur ekki reiknast með í áhættugrunni stofnunar. Ennfremur skal undanskilja liði utan efnahagsreiknings sem tilgreindir eru í 16. gr. og verslað er með á skipulegum verðbréfa-markaði eða aðra samninga sem tryggðir eru með daglegum uppgjörum sem viðurkennd eru af Fjármálaeftirlitinu.

16. gr.

Liðir utan efnahagsreiknings skulu flokkast á eftirfarandi hátt:

1. Vaxtasamningar:

- a. vaxtaskipti innan sama gjaldmiðils,
- b. „Basis“ vaxtaskiptasamningar,
- c. framvirkir vaxtasamningar,
- d. samningar um vaxtaviðskipti í framtíðinni,
- e. keyptur valréttur að vöxtum, og
- f. aðrir svipaðir samningar.

2. Gjaldmiðlasamningar og samningar varðandi gull:

- a. vaxtaskipti á milli gjaldmiðla,
- b. framvirkir gjaldmiðlasamningar,
- c. samningar um gjaldmiðlaviðskipti í framtíðinni,
- d. keyptur valréttur að erlendum gjaldeyri,
- e. aðrir svipaðir samningar, og
- f. samningar er varða gull, í eðli sínu svipaðir þeim sem um getur í a- til e-lið.

3. Samningar sem eru í eðli sínu svipaðir þeim sem um getur í staflíðum a. til e. í 1. tl. og staflíðum a. til d. í 2. tl., en miðast við aðra viðmiðunarliði eða vísitölur er varða:
 - a. hlutabréf,
 - b. góðmálma, að gulli undanskildu,
 - c. aðrar hrávörur en góðmálma, og
 - d. aðra eðlislíka samninga.

Afleiðusamningar sem eru bæði með vaxta- og gjaldmiðlaviðmiðanir skulu flokkast sem gjaldmiðlasamningar við útreikning á áhættugrunni.

4. KAFLI

Áhættugrunnur vegna liða í erlendum gjaldmiðli og gulli.

17. gr.

Ákvæði þessa kafla ná til allra eigna- og skuldaliða og liða utan efnahagsreiknings sem eru í erlendum gjaldmiðli, gulli og í íslenskum krónum ef þessir liðir eru með gengisviðmiðun óháð því hvort um er að ræða liði innan eða utan veltubókar.

Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu þessara liða skal vera hrein gjaldeyris- og gullstaða stofnunar, enda sé hún yfir 2% af eigin fé hennar.

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt fram til ársloka 2004 að reikna áhættugrunn vegna gjaldeyrisáhættu sem þann hluta hreinnar gjaldeyris- og gullstöðu stofnunar sem er umfram 2% af eigin fé hennar.

Útreikningur á gjaldeyris- og gullstöðu stofnunar fer fram í tveimur þrepum. Fyrst skal reikna opna gjaldeyrisstöðu í einstökum gjaldmiðlum og gulli í samræmi við ákvæði 18. - 20. gr. Því næst skal reikna hreina gjaldeyris- og gullstöðu stofnunar í samræmi við ákvæði 21. gr.

18. gr.

Opin gjaldeyrisstaða í gjaldmiðli og gulli telst vera mismunur á milli gnóttstöðu og skortstöðu í viðkomandi gjaldmiðli og gulli eins og þær eru metnar í samræmi við ákvæði 19. gr. og 20. gr.

Heimilt er að skipta upp samsettum mynteiningum, svo sem SDR og ECU, eftir vægi hvernar myntar í viðkomandi mynteiningu við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu í einstökum gjaldmiðlum og gulli.

19. gr.

Við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu stofnunar í einstökum gjaldmiðlum og gulli skal taka með allar eignir og skuldir og liði utan efnahagsreiknings í viðkomandi gjaldmiðli og gulli þar sem stofnunin sjálf ber gjaldeyrisáhættuna.

Eftirfarandi stöður skulu teknar með í útreikninginn:

1. Nettó nústaða, þ.e. allar eignir að frádregnum skuldum að meðtöldum áföllnum ógjaldföllnum vöxtum. Afskriftareikningur útlána skal dreginn frá eignum í þessu sambandi.
2. Nettó framvirk staða, þ.e. staða stofnunar í framvirkum gjaldmiðla- og gullsamningum, þ.m.t. staðlaðir framvirkir gjaldmiðla- og gullsamningar og gjaldmiðlaskiptasamningar að því marki sem þessir samningar eru ekki með í nettó nústöðu stofnunar. Gjaldmiðlaskiptasamninga skal meðhöndla sem eign í einum gjaldmiðli og sem skuld í öðrum.
3. Óafturkallanlegar ábyrgðir og svipaðar skuldbindingar ef öruggt er talið að á þær reyni og ólíklegt að þær verði endurkrefjanlegar.
4. Samanlagt nettó deltavirði af valréttarsamningum um gjaldeyri og gull. Stofnanir sem eiga í viðskiptum með valréttarsamninga skulu sækja sérstaklega um samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir þeim matsaðferðum sem notaðar eru í þessu sambandi.
5. Markaðsvirði annarra valréttarsamninga.
6. Framtíðartekjur/gjöld sem enn eru ekki áfallin en eru þegar að fullu baktryggð.
7. Stöður sem stofnunin hefur beinlínis tekið til að baktryggja sig gegn áhrifum óhagstæðs gengis á eiginfjárlutfall svo og eignarhlutdeild í dótturfélögum sem dregin

hefur verið frá við útreikning á eigin fé. Slíkar stöður má undanskilja við mat á gjald-
eyrisstöðu enda séu þær ekki viðskiptalegs eðlis eða kerfisbundnar.

Ákvæði tl. 6 og 7 eru bundin því skilyrði að stofnunin hafi fengið sérstaka heimild Fjármálaeftirlitsins til að taka tillit til þeirra við mat á gjaldeyrisstöðu sinni.

20. gr.

Gjaldeyrisstaða í einstökum gjaldmiðlum og gulli skal umreiknast yfir í íslenskar krónur miðað við opinbert viðmiðunargengi á uppgjörsdegi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er stofnun heimilt að fengnu sérstöku samþykki Fjármálaeftirlitsins að miða útreikning sinn á gjaldeyrisstöðu við núvirði eigna- og skuldaliða og liða utan efnahagsreiknings. Með núvirði í þessu samhengi er átt við heildarvirði allra út- og inn-
greiðslna í framtíðinni sem núvirtar hafa verið með hliðsjón af gildandi markaðsvöxtum.

21. gr.

Til að reikna út hreina gjaldeyrisstöðu stofnunar skal leggja saman annars vegar opna gjaldeyrisstöðu þeirra gjaldmiðla og gulls þar sem um gnóttstöðu er að ræða og hins vegar opna gjaldeyrisstöðu þeirra gjaldmiðla og gulls þar sem um skortstöðu er að ræða. Hæri fjárhæðin af þessum tveimur skal vera hrein gjaldeyrisstaða stofnunar við mat á áhættugrunni stofnunar vegna gjaldeyrisáhættu, sbr. 17. gr.

Stofnanir sem fengið hafa til þess sérstaka heimild Fjármálaeftirlitsins geta, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., reiknað áhættugrunn vegna allra eða hluta þeirra gjaldmiðla og gulls sem stofnunin er með stöður í miðað við innbyrðis fylgni gengisþróunar gjaldmiðla og gulls, samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

5. KAFLI

Áhættugrunnur vegna stöðuáhættu sem tengd er skuldaskjölum, hlutabréfum og hrávörum í veltubók.

Ákvæði um stöðuáhættu.

22. gr.

Þegar veltubók stofnunar hefur verið skipt upp í stöður í skuldaskjölum, hlutabréfum og hrávörum í samræmi við 5. gr. skal áhættugrunnur vegna stöðuáhættu tveggja fyrstnefndu liðanna vera samtala áhættugrunns vegna sérstakrar stöðuáhættu, sem er reiknaður í samræmi við ákvæði 26. gr. og ákvæði 30. gr. og almennrar stöðuáhættu, sem er reiknaður í samræmi við ákvæði 28. gr. og ákvæði 31. gr. Áhættugrunnur vegna stöðuáhættu í hrávörum skal reiknast í samræmi við ákvæði 23. gr.

Með sérstakri stöðuáhættu skuldaskjals er átt við þá vaxtaáhættu sem tengd er stöðu í skuldaskjali og tilkomin er vegna hættu á breytingu á verði viðkomandi skjals vegna aðstæðna sem tengjast útgefanda viðkomandi skjals.

Með almennri stöðuáhættu skuldaskjals er átt við þá vaxtaáhættu sem tengd er stöðu í ákveðnu skuldaskjali sem er tilkomin vegna hættu á breytingu á verði viðkomandi skjals vegna breytinga á almennu vaxtastigi.

Með sérstakri stöðuáhættu hlutabréfa er átt við þá áhættu sem tengd er stöðu í hlutabréfi sem er tilkomin vegna hættu á breytingu á verði viðkomandi hlutabréfs vegna aðstæðna sem tengjast útgefanda viðkomandi hlutabréfs.

Með almennri stöðuáhættu hlutabréfa og áhættu í afleiðusamningum sem tengdir eru hlutabréfum, er átt við þá stöðuáhættu sem er tilkomin vegna hættu á verðbreytingum á viðkomandi hlutabréfi sem er tilkomin vegna almennra verðsveiflna á hlutabréfamarkaði og er óháð séreinkennum einstakra hlutabréfa eða útgefenda þeirra.

Pegar um er að ræða afleiðusamninga skal við mat á stöðuáhættu miða við útgefanda grundvallarskjals afleiðusamnings.

23. gr.

Áhættugrunnur vegna stöðuáhættu í hrávörum reiknast sem samtala veginna fjárhæða samkvæmt 3. og 4. mgr. þessarar greinar á grundvelli uppgjors fyrir hverja hrávöru. Dagverð hverrar hrávöru skal umreikna í íslenskar krónur á uppgjorsdegi. Við uppgjorið reiknast með bæði skortstöður og gnóttstöður tengdar hrávörum, sem myndast við uppskiptingu á afleiddum skjölum tengdum hrávörum. Við útreikning á nettóstöðum í hrávörum er einungis heimilt að jafna út stöðum í sams konar hrávörum. Stöður í fjármálaskjöllum tengdum gulli skulu reiknast með í útreikningi á áhættugrunni vegna gjaldeyrisáhættu.

Keyptum og seldum valrétti og stöðluðum framvirkum samningum tengdum hrávörum, framvirkum samningum um kaup eða sölu á hrávörum og öðrum fjármálaskjöllum með sambærileg einkenni, skal skipt upp í gnóttstöður og skortstöður eftir sömu reglum og kveðið er á um í 24. gr.

Stöður í fjármálaskjöllum tengdum hrávörum, sem eru eins hvað varðar hrávöru, gjald-daga og skjal en eru með gagnstæð formerki, skulu hafa núll vægi.

Fyrir hverja hrávöru skal reikna heildarnettóstöðu miðað við gjalddaga og skuldaskjal. Heildarnettóstaða reiknast sem mismunur á samtölu af gnóttstöðum og samtölu af skortstöðum. Heildarnettóstaða hverrar hrávöru skal síðan margfölduð með stuðlinum 1,875. Heildarbrúttóstaða í hverri hrávöru reiknast sem samtala af gnóttstöðum og skortstöðum, án tillits til formerkis í hverri hrávöru. Heildarbrúttóstaða í hverri hrávöru skal síðan marfölduð með stuðlinum 0,375.

Ákvæði um nettóstöðu.

24. gr.

Með nettóstöðu verðbréfa er átt við mismun á gnóttstöðu og skortstöðu í sams konar verðbréfum. Í þessu sambandi skal flokka þá afleiðusamninga stofnunar sem teljast til veltubókar á sama hátt og verðbréf í efnahagsreikningi og skal reikna gnóttstöður og skortstöður í grundvallarverðbréfi afleiðusamnings, eða í ímynduðu verðbréfi, í samræmi við ákvæði viðauka IV. Ennfremur skal taka tillit til endurhverfra viðskipta við útreikninga á nettóstöðum skuldaskjala og hlutabréfa í samræmi við fyrrnefndan viðauka.

Auk þess áhættugrunns sem er til kominn vegna stöðuáhættu afleiðusamninga í veltubók, sem reiknuð er í samræmi við ákvæði þessa kafla, skal reikna áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu þessara afleiðusamninga í samræmi við ákvæði 6. kafla, nema um sé að ræða staðlaða afleiðusamninga sem verslað er með á skipulegum verðbréfamarkaði og annarra samninga sem tryggðir eru með daglegum uppgjörum sem eru viðurkennd af Fjármálaeftirlitinu. Ennfremur skal reikna áhættugrunn vegna endurhverfra viðskipta í samræmi við ákvæði 6. kafla.

Nettóstöðu í skjölum sem eru í erlendum gjaldmiðli skal reikna yfir í íslenskar krónur á opinberu viðmiðunargengi áður en frekari útreikningar á áhættugrunni eiga sér stað.

Ákvæði um stöðuáhættu skuldaskjala.

25. gr.

Stofnunin skal flokka nettóstöðu sína í skuldaskjöllum í samræmi við gjaldmiðil þann sem þau eru miðuð við og reikna áhættugrunn vegna almennrar og sérstakrar stöðuáhættu fyrir hvern gjaldmiðil fyrir sig.

Áhættugrunnur vegna sérstakrar stöðuáhættu skuldaskjala.

26. gr.

Til að reikna út áhættugrunn vegna sérstakrar stöðuáhættu skuldaskjala í veltubók skal flokka einstakar nettóstöður skuldaskjala í eftirfarandi áhættuflokka sbr. 27. gr.

Því næst skal finna brúttóstöðu hvers áhættuflokks með því að leggja einstakar nettóstöður saman óháð formerkjum, þ.e. óháð því hvort um gnóttstöðu eða skortstöðu í viðkomandi skuldaskjali er að ræða.

Áhættugrunnur fyrir sérstaka stöðuáhættu skuldaskjala er síðan brúttóstaða hvers flokks margfölduð með viðkomandi áhættuvog.

27. gr.

Áhættuflokkar vegna sérstakrar stöðuáhættu skuldaskjala eru eftirfarandi:

1. *Áhættuvog 0,00*

Allar nettóstöður eignaliða sem eru kröfur í skuldaskjölum á ríkissjóð sbr. 1. tölul. 12. gr.

2. *Áhættuvog 0,03125*

Allar nettóstöður í skuldaskjölum sem teljast fullgildir liðir og eru með eftirstöðvatíma á uppgjörstigi sem er styttri en 6 mánuðir.

3. *Áhættuvog 0,125*

Allar nettóstöður í skuldaskjölum sem teljast fullgildir liðir og eru með eftirstöðvatíma á uppgjörstigi frá 6 mánuðum til 24 mánaða.

4. *Áhættuvog 0,20*

Allar nettóstöður í skuldaskjölum sem teljast fullgildir liðir og eru með eftirstöðvatíma sem er lengri en 24 mánuðir.

5. *Áhættuvog 1,00*

Allir aðrir liðir en þeir sem taldir eru upp í 1.- 4. tölul.

Sé veruleg mótaðilaáhætta tengd skuldaskjalinu getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að tiltekið skuldaskjal sem fellur undir áhættuflokk 1-4 skuli flokkað í hærri áhættuflokk.

Með eftirstöðvatíma í skilningi 2.- 4. tl. 1. mgr. skal miða við þann tíma sem er til loka-gjalddaga skuldabréfsins.

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skuldaskjala.

28. gr.

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skuldaskjala í veltubók skal reiknaður í samræmi við ákvæði viðauka III um útreikning á almennri stöðuáhættu skuldaskjala. Stofnanir skulu reikna áhættugrunn samkvæmt binditímaaðferð eða rauntímaaðferð. Fjármálaeftirlitinu er heimilt, með hliðsjón af umfangi viðskipta, að ákveða að einstakar stofnanir noti aðra aðferðina fremur en hina.

Stofnun skal nota eftirfarandi áhættuvogir fyrir jöfnun 1-7 sem reiknaðar eru í samræmi við áður nefndan viðauka:

	Binditímaaðferð	Rauntímaaðferð
Jöfnun 1	1,25	0,25
Jöfnun 2	5,00	0,25
Jöfnun 3	3,75	0,25
Jöfnun 4	3,75	5,00
Jöfnun 5	5,00	5,00
Jöfnun 6	18,75	18,75
Jöfnun 7	12,50	12,50

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skal vera samtala jöfnunar 1-7 eftir að hver þeirra hefur verið margfölduð með fyrrgreindum áhættuvogum.

Ákvæði um stöðuáhættu hlutabréfa.

29. gr.

Stofnun skal leggja saman allar nettógnóttstöður og nettóskortstöður sínar, sbr. 24. gr., í hlutabréfum og afleiðum þar sem hlutabréf eru grundvallarskjal eða hlutabréfávísitölur grundvallarviðmiðun.

Heildarbrúttóstaða stofnunar í hlutabréfum skal vera samtala nettógnóttstaða og nettóskortstaða þeirra óháð formerkjum. Mismunur þeirra er heildarnettóstaða stofnunarinnar.

Áhættugrunnur vegna sérstakrar stöðuáhættu hlutabréfa.

30. gr.

Áhættugrunnur stofnunar vegna sérstakrar stöðuáhættu hlutabréfa í veltubók skal vera heildarbrúttóstaða hennar í hlutabréfum margfölduð með áhættuvog 0,5.

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu hlutabréfa.

31. gr.

Áhættugrunnur stofnunar vegna almennrar stöðuáhættu hlutabréfa í veltubók skal vera heildarnettóstaða hennar margfölduð með áhættuvog 1,0.

Ákvæði um stöðuáhættu vegna sölutryggingar verðbréfa.

32. gr.

Sú stöðuáhætta sem er tilkomin vegna sölutryggingar skuldaskjala og hlutabréfa skal reiknuð með í áhættugrunni stofnunar. Heimilt er að nota eftirfarandi niðurfærsluáðferð við að reikna út stöðuáhættuna:

1. Fyrst skal draga frá nettóstöðu sölutryggingarstöðu verðbréfs sem þriðji aðili hefur á grundvelli formlegs samkomulags skráð sig fyrir eða skuldbundið sig til að tryggja sölu á.
2. Því næst skal stofnunin reikna út nettóstöður sínar í sölutryggðum skjölum með eftirfarandi niðurfærsluþáttum:

- Virkur dagur 0	100%	niðurfærsla
- 1. virkur dagur	90%	niðurfærsla
- 2.-3. virkur dagur	75%	niðurfærsla
- 4. virkur dagur	50%	niðurfærsla
- 5. virkur dagur	25%	niðurfærsla
- eftir 5. virkan dag	0%	niðurfærsla

Virkur dagur 0 er sammingsdagurinn, þ.e. sá dagur þegar stofnunin skuldbindur sig skilyrðislaust til að greiða ákveðinn fjölda verðbréfa á umsömdu verði.

Fjármálaeftirlitið getur sett nánari skilyrði um sérstaka eiginfjárkröfu til að mæta taps-áhættu sem er á milli upphafs dags skuldbindingar, þ.e. virks dags 0 og 1. virks dags.

6. KAFLI

Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhættu sem tengd er viðskiptum með verðbréf og hrávörur í veltubók.*Uppgjörs- og afhendingaráhætta óuppperðra viðskipta.*

33. gr.

Áhættugrunnur stofnunar vegna uppgjörsáhættu sem tengd er viðskiptum með verðbréf og hrávörur í veltubók þegar viðskiptin eru óuppperð eftir að umsaminn afhendingarfrestur er útrunninn skal vera eins og hér greinir.

Þegar um sölu á verðbréfi eða hrávöru er að ræða skal áhættugrunnurinn vera sá sami og jákvæður mismunur milli sammingsverðs og markaðsverðs viðkomandi verðbréfs eða hrávöru, margfaldaður með viðeigandi áhættuvog samvæmt eftirfarandi tölflu.

Þegar um kaup á verðbréfi eða hrávöru er að ræða skal áhættugrunnurinn vera sá sami og jákvæður mismunur á milli markaðsverðs og sammingsverðs, margfaldaður með viðeigandi áhættuvog samkvæmt eftirfarandi töflu.

<i>Fjöldi virkra daga eftir umsaminn uppgjörsgdag</i>	<i>Áhættuvog</i>
5-15	100%
16-30	625%
31-45	937,5%
46 eða fleiri	1.250%

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um endurkaupasamninga, endursölusamninga, verðbréfa- og hrávörulánveitingu og verðbréfa- og hrávörulántöku.

Mótaðilaáhætta ófrágenginna viðskipta.

34. gr.

Mótaðilaáhætta ófrágenginna viðskipta skal tekin með í áhættugrunn stofnunar ef:

1. Stofnun hefur greitt fyrir verðbréf eða hrávörur áður en hún hefur mótttekið þau/þær.
2. Stofnun hefur látið af hendi verðbréf eða hrávörur áður en hún hefur fengið greitt fyrir þau/þær.

Sé um að ræða viðskipti milli landa skal miðað við að einn eða fleiri dagar hafi liðið síðan greiðsla eða afhending fór fram.

Áhættugrunnur stofnunar vegna mótaðilaáhattu þessara viðskipta skal metinn sem verðgildi verðbréfanna eða hrávaranna margfaldað með áhættuvog viðkomandi mótaðila í samræmi við ákvæði 12. gr. ef stofnunin hefur greitt fyrir verðbréf eða hrávörur áður en hún hefur mótttekið þau/þær.

Hafi stofnun látið af hendi verðbréf eða hrávörur án þess að fá greitt fyrir skal hins vegar miðað við kröfuna á mótaðila í stað verðgildis verðbréfanna eða hrávaranna.

*Mótaðilaáhætta endurkaupasamninga, endursölusamninga,
verðbréfa- eða hrávörulánveitingar og verðbréfa- eða hrávörulántöku.*

35. gr.

Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhattu endurkaupasamninga, endursölusamninga, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar og verðbréfa- eða hrávörulántöku skal vera staða stofnunar reiknuð í samræmi við eftirfarandi ákvæði og margfölduð með áhættuvægi viðkomandi mótaðila, sbr. ákvæði 12. gr.:

1. Þegar um er að ræða endurkaupasamninga sem byggjast á verðbréfum eða hrávörum í veltubók stofnunar skal staða reiknuð sem mismunur markaðsverðs verðbréfanna eða hrávaranna sem stofnunin hefur látið af hendi og fjárhæðarinnar sem stofnunin hefur mótttekið, ef mismunurinn er jákvæður.
2. Þegar um er að ræða endursölusamninga sem byggja á verðbréfum eða hrávörum í veltubók skal staða reiknuð sem mismunur milli fjárhæðarinnar sem stofnunin hefur látið af hendi og markaðsverðs verðbréfanna eða hrávaranna, ef mismunurinn er jákvæður.
3. Þegar um er að ræða verðbréfa- eða hrávörulánveitingu skal staða stofnunar reiknuð sem mismunur milli markaðsvirðis verðbréfanna eða hrávörunnar sem stofnunin hefur lánað og markaðsvirðis trygginga, ef mismunurinn er jákvæður.

4. Þegar um er að ræða verðbréfa- eða hrávörulántöku skal staða stofnunar reiknuð sem mismunur milli markaðsvirðis þeirra trygginga sem stofnunin hefur sett og markaðsvirðis verðbréfanna eða hrávörunnar sem stofnunin hefur mótttekið, ef mismunurinn er jákvæður.

Við mat á markaðsvirði skulda, útlána og trygginga skal tekið tillit til áfallinna vaxta.

Mótaðilaáhætta afleiðusamninga sem verslað er með utan verðbréfamarkaðs.

36. gr.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu afleiðusamninga í veltubók, annarra en þeirra sem verslað er með á skipulegum verðbréfamarkaði eða eru tryggðir með daglegum uppgjörum á annan hátt sem viðurkennd eru af Fjármálaeftirlitinu, skal reikna út með því að reikna út útlánaígildi þessara samninga skv. aðferð markaðsvirðis, sbr. ákvæði 14. gr., og margfalda þannig fengna stöðu með þeirri áhættuvog sem gildir fyrir útlánaáhættu viðkomandi mótaðila sbr. ákvæði 12. gr.

Mótaðilaáhætta annarra liða í veltubók.

37. gr.

Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhættu krafna í veltubók sem tengjast þóknunum, umboðslaunum, vöxtum, arði og tryggingafé í tengslum við staðlaða framvirka afleiðusamninga og valréttarsamninga, sem verslað er með á viðurkenndum verðbréfamarkaði, skal reiknaður með því að margfalda kröfuna með áhættuvog viðkomandi mótaðila, sbr. ákvæði 12. gr., enda hafi þessar kröfur ekki áður verið reiknaðar með í áhættugrunni stofnunar.

7. KAFLI

Áhættugrunnur vegna umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga.

38. gr.

Þeim stofnunum sem fengið hafa til þess skriflegt leyfi Fjármálaeftirlitsins er heimilt að fara yfir þau mörk sem tilgreind eru í reglugerð um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, enda sé umframáhættan í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Sá hluti áhættuskuldbindinga einstaks viðskiptavinar ásamt fjárhagslega tengdum aðilum, sem er umfram 25% af eigin fé stofnunarinnar og sem er tilkominn vegna heimildar-ákvæðis þessara reglna nefnist umframáhætta í eftirfarandi greinum.

Forsendur fyrir umframáhættu stofnunar eru eftirfarandi:

1. Sá hluti áhættuskuldbindinga viðskiptavinar sem er umfram viðmiðunarmörkin sé áhættuskuldbinding í veltubók.
2. Stofnunin uppfylli viðbótareiginfjárkröfu sem hlýst af umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga.

39. gr.

Eiginfjárkrafa vegna umframáhættu einstaks viðskiptavinar eða fjárhagslega tengdra aðila skal fundin út með því að bæta við áhættugrunn stofnunar fjárhæð sem reiknuð er út í samræmi við ákvæði 40. gr. og 41. gr.

Eiginfjárkrafa vegna umframáhættu skal koma til viðbótar eiginfjárkröfu sem reiknuð er vegna sömu liða samkvæmt ákvæðum annarra kafla þessara reglna.

Við mat á áhættuskuldbindingum einstaks viðskiptavinar eða fjárhagslega tengdra aðila skal miða við heildarskuldbindingu í hlutfalli af eiginfjárþætti A og B. Við útreikning á eiginfjárkröfu stofnunar vegna þess hluta áhættuskuldbindingar sem telst vera umframáhætta er heimilt að taka tillit til þess hluta eigin fjár stofnunar sem telst til eiginfjárþáttar C.

40. gr.

Áhættugrunnur umframáhættu sem varað hefur 10 daga eða skemur skal reiknast út með því að margfalda áhættugrunn vegna sérstakrar stöðuáhættu viðkomandi veltubókarliðar, sbr. ákvæði 5. kafla, og/eða áhættugrunn vegna uppgjör- og mótaðilaáhættu, sbr. ákvæði 6. kafla, með stuðlinum 2,00.

Ekki skal taka tillit til almennrar stöðuáhættu liða í veltubók við útreikning á áhættugrunni vegna umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga.

41. gr.

Hafi umframáhættan varað lengur en 10 daga skal, áður en frekari útreikningur á sér stað, flokka umframáhættur með hliðsjón af vægi einstakra liða við útreikning á áhættugrunni stofnunar. Með vægi liða í þessu samhengi er átt við vægi einstakra liða í áhættugrunni vegna sömu áhættuþátta og vitnað er til í 40. gr. Sá hluti umframáhættu sem hefur mest vægi skal koma síðast í áframhaldandi útreikningum.

Áhættugrunnur umframáhættu sem hefur varað lengur en 10 daga skal síðan reiknaður út með því að margfalda áhættugrunn vegna sérstakrar stöðuáhættu veltubókarliðar, sbr. ákvæði 5. kafla, og/eða áhættugrunn vegna uppgjör- og mótaðilaáhættu, sbr. ákvæði 6. kafla, með viðeigandi stuðli samkvæmt eftirfarandi töflu:

<i>Áhættuskuldbindingar umfram 25% af eigin fé (A+B+C)</i>	<i>Stuðull</i>
Allt að 40%, þ.e. 40%-25%	2,00
Umframáhætta 40%-60%	3,00
Umframáhætta 60%-80%	4,00
Umframáhætta 80%-100%	5,00
Umframáhætta 100%-250%	6,00
Yfir 250%	9,00

Hafi umframáhætta vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila varað 10 daga eða skemur, má umframáhætta stofnunar vegna þess viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila eigi fara yfir 500% af þeim hluta eigin fjár stofnunar sem telst til eiginfjárþátta A, B og C.

Hafi umframáhættan varað lengur en 10 daga má umframáhætta vegna einstaks viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila eigi fara yfir 600% af þeim hluta eigin fjár stofnunar sem telst til eiginfjárþátta A, B og C.

Stofnanir skulu þriðja hvern mánuð tilkynna Fjármálaeftirlitinu öll tilvik þar sem um umframáhættu hefur verið að ræða á næstliðnum þremur mánuðum. Tilgreina skal nafn viðkomandi viðskiptamanns og fjárhæð umframáhættu.

8. KAFLI Samstæðuuppgjör.

42. gr.

Ákvæði þessara reglna skulu einnig ná til samstæðu þeirra stofnana sem taldar eru upp í 1. gr. þessara reglna.

Við útreikning á áhættugrunni samstæðu er heimilt að jafna stöðu í skuldaskjöllum, hlutabréfum og hrávörum, sbr. ákvæði 5. kafla, milli stofnana innan samstæðunnar. Sama á við um stöður í gjaldmiðlum og gulli, sbr. ákvæði 4. kafla.

9. KAFLI
Gildistökuákvæði.

43. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 1. mgr. 54. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði, 10. gr. laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og 1. mgr. 35. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti.

Reglurnar öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla þá úr gildi reglur nr. 348/1996, um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfabjónustu, með síðari breytingum, sbr. reglur nr. 118/1997, nr. 53/1999, nr. 275/1999 og nr. 684/2000.

Fjármálaeftirlitinu, 10. september 2001.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

VIÐAUKI I
Flokkun ríkja í svæði A og B sbr. 12. gr. regnanna.

*Eftirtalin ríki falla undir svæði A **

Austurríki	Ísland	Saudi-Arabía
Ástralía	Ítalía	Spánn
Bandaríkin	Japan	Stóra Bretland
Belgía	Kanada	Suður Kórea
Danmörk	Lúxemborg	Sviss
Finnland	Mexíkó	Svíþjóð
Frakkland	Noregur	Tékkland
Grikkland	Nýja-Sjáland	Tyrkland
Holland	Portúgal	Ungverjaland
Írland	Pólland	Þýskaland

Svæði B

Öll önnur ríki en þau sem falla undir svæði A.

* Ríki sem þurfa að skuldbreyta erlendum skuldum sínum eru útilokuð frá svæði A í 5 ár frá þeim tíma.

VIÐAUKI II
Listi yfir opinber fyrirtæki og stofnanir á Íslandi,
sbr. tölulið 2. c. í 1. mgr. 12. gr. reglnanna o.fl.

Áhættuvog 0,0:

Ríkissjóður
Seðlabanki Íslands
Landsvirkjun

Áhættuvog 0,2:

Flugmálastjórn
Hitaveita Suðurnesja
Lánasjóður sveitarfélaga
Orkubú Vestfjarða
Rafmagnsveitur ríkisins
Landspítali Háskólasjúkrahús
Vegagerð ríkisins
Próunarsjóður sjávarútvegsins

Önnur opinber fyrirtæki og stofnanir, sem falla undir skilgreiningu 2. gr. reglnanna skv. skriflegri yfirlýsingu Fjármálaeftirlitsins.

Áhættuvog 1,0:

Öll önnur opinber fyrirtæki og stofnanir, sem ekki uppfylla skilyrði skilgreiningar 2. gr. reglnanna.

VIÐAUKI III
Útreikningur á áhættugrunni vegna almennrar áhættu skuldaskjala
og afleiðusamninga sbr. 28. gr. reglnanna.

A. Binditímaaðferð.

Áhættugrunn vegna almennrar áhættu skuldaskjala og afleiðusamninga í veltubók skal reikna í eftirfarandi þrepum.

Stofnunum sem einungis hafa gnóttstöðu í skuldaskjölum nægir að reikna út áhættugrunn sinn í samræmi við þrep 1, 2 og 3(A), en áhættugrunn annarra stofnana skal reikna út í samræmi við þrep 1, 2 og 3(B) og síðan þrep 4-7.

Þrep 1.

Nettóstöður skuldaskjala skulu flokkaðar í viðeigandi binditímaflokk. Hver binditímaflokkur hefur sitt prósentuvægi í áframhaldandi útreikningum.

Binditímaflokkur nettóstöðu skuldaskjals ræðst annars vegar af binditíma vaxtaþrósentu og hins vegar af því hvort vaxtagreiðslur á líftíma skuldaskjalsins eru með fasta vaxtaviðmiðun sem er hærri eða lægri en 3%.

Ef um er að ræða skuldaskjal með föstum vöxtum er binditími vaxtaþrósentu sá sami og eftirstöðvatími bréfsins. Ef skjal er hins vegar með ákvæði um að vextir geti tekið breytingum fyrir lokagjalddaga þá skal miða við þann tíma sem er til þess dags að vextir verða ákvarðaðir að nýju.

Binditímaflokkar og hópar þeirra eru eftirfarandi:

Binditíma- hópur	Binditíma- flokkur	Nafnvextir 3% eða hærri	Nafnvextir lægri en 3%	Vægi í %	Áætluð ávöxunar- kröfubr. á ári (í %)
I	1	0 ≤ 1 mánuður	0 ≤ 1 mánuður	0,00	--
	2	> 1 ≤ 3 mánuðir	> 1 ≤ 3 mánuðir	0,20	1,00
	3	> 3 ≤ 6 mánuðir	> 3 ≤ 6 mánuðir	0,40	1,00
	4	> 6 ≤ 12 mánuðir	> 6 ≤ 12 mánuðir	0,70	1,00
II	5	> 1 ≤ 2 ár	> 1,0 ≤ 1,9 ár	1,25	0,90
	6	> 2 ≤ 3 ár	> 1,9 ≤ 2,8 ár	1,75	0,80
	7	> 3 ≤ 4 ár	> 2,8 ≤ 3,6 ár	2,25	0,75
III	8	> 4 ≤ 5 ár	> 3,6 ≤ 4,3 ár	2,75	0,75
	9	> 5 ≤ 7 ár	> 4,3 ≤ 5,7 ár	3,25	0,70
	10	> 7 ≤ 10 ár	> 5,7 ≤ 7,3 ár	3,75	0,65
	11	> 10 ≤ 15 ár	> 7,3 ≤ 9,3 ár	4,50	0,60
	12	> 15 ≤ 20 ár	> 9,3 ≤ 10,6 ár	5,25	0,60
	13	> 20 ár	> 10,6 ≤ 12,0 ár	6,00	0,60
	14		> 12,0 ≤ 20,0 ár	8,00	0,60
	15		> 20 ár	12,50	0,60

Prep 2

Leggja skal saman innan hvers binditímaflokks nettógnóttstöður í skuldaskjöllum annars vegar og nettóskortstöður í skuldaskjöllum hins vegar.

Því næst skal margfalda þær samtölur með prósentuvægi viðeigandi binditímaflokks.

Prep 3 (A)

Sé stofnun einungis með gnóttstöðu í skuldaskjöllum í veltubók skal samtala veginnar gnóttstöðu allra binditímaflokka nefnast *Jöfnun 7*.

Prep 3 (B)

Fyrir aðrar stofnanir en sem um getur í þrepi 3(A) skal jöfnuð staða binditímaflokksins vera sú fjárhæð sem er lægri, vegin gnóttstaða eða vegin skortstaða binditímaflokksins. Samtala af jöfnuðum stöðum allra binditímaflokka skal nefnast *Jöfnun 1*.

Mismunurinn á samtölu veginnar gnóttstöðu annars vegar og samtölu veginnar skortstöðu hins vegar í hverjum binditímaflokki er ójöfnuð staða binditímaflokksins.

Prep 4

Allar ójafnaðar gnóttstöður innan hvers binditímahóps skulu því næst lagðar saman og þeim jafnað við samanlagðar ójafnaðar skortstöður innan sama binditímahóps.

Jöfnuð staða binditímahóps I skal nefnast *Jöfnun 2*, jöfnuð staða hóps II skal nefnast *Jöfnun 3* og jöfnuð staða hóps III skal nefnast *Jöfnun 4*.

Prep 5

Stöður sem ekki eru jafnaðar samkvæmt þrepi 4 skal síðan jafna á milli binditímahópa I, II og III.

Fyrst skulu ójafnaðar stöður jafnaðar á milli binditímahópa I og II. Ójafnaðri stöðu í hópi II sem þá er eftir skal síðan jafnað á móti ójafnaðri stöðu binditímahóps III.

Jafnaðar stöður milli binditímahópa I og II skulu síðan lagðar saman við jafnaðar stöður á milli binditímahópa milli hóps II og III. Samtala þessi skal nefnast *Jöfnun 5*.

Heimilt er að jafna stöðum á milli binditímahópa II og III áður en jöfnun á milli hópa I og II á sér stað.

Þrep 6

Þeim hluta ójafnaðra staða binditímahóps I og III sem standa ójafnaðar þegar þrepi 4 er lokið skal nú jafnað. Þessi jöfnun skal nefnast *Jöfnun 6*.

Þrep 7

Ef enn eru til staðar ójafnaðar stöður skulu þær nefndar *Jöfnun 7*.

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skal vera samtala jöfnunar 1-7 eftir að hver þeirra hefur verið margfölduð með áhættuvogum sem tilgreindar eru í 28. gr. þessara reglna.

B. Rauntímaaðferð.

Áhættugrunn vegna almennrar áhættu skuldaskjala og afleiðusamninga í veltubók skal reikna í eftirfarandi þrepum:

Þrep 1

Með hliðsjón af markaðsvirði skal fyrir hvert skuldaskjal með föstum vöxtum reikna út ávöxtun fram til gjalddaga. Fyrir skuldaskjal með breytilegum vöxtum skal á sama hátt reikna út ávöxtun út frá þeirri forsendu að uppgreiðsla lánsins eigi sér stað við næstu vaxtaákvörðun.

Þrep 2

Reikna skal út svonefndan leiðréttan rauntíma fyrir nettóstöður í einstökum skuldaskjölum á grundvelli eftirfarandi formúlu:

$$\text{Leiðréttur rauntími} = \frac{\text{Rauntími}}{(1+r)}$$

$$\text{Rauntími} = \frac{\sum_{t=1}^m \frac{t C_t}{(1+r)^{\uparrow t}}}{\sum_{t=1}^m \frac{C_t}{(1+r)^{\uparrow t}}}$$

þar sem

r = ávöxtun í prósentum fram til gjalddaga.

C_t = greiðsla á tímamarki t

m = tími til síðasta gjalddaga (ár)

t = tími til gjalddaga (ár)

$\uparrow t$ = í veldinu t

Þrep 3

Flokka skal nettóstöðu einstakra skuldaskjala í viðeigandi rauntímahóp sbr. eftirfarandi töflu. Flokkunin skal miðast við hinn leiðréttan rauntíma.

Rauntíma- hópur	Leiðréttur raun- tími (í árum)	Áætluð ávöxtunarkröfu- breyting (%)
I	$> 0 \leq 1$	1,00
II	$> 1 \leq 3,6$	0,85
III	$> 3,6$	0,7

Prep 4

Því næst skal stofnunin reikna út vegna stöðu, fyrir hvert skjal á grundvelli rauntíma, með því að margfalda markaðsverð skuldaskjalsins með leiðréttum rauntíma og áætlaðri vaxtabreytingu viðkomandi rauntímahóps sbr. töflu hér á undan.

Því næst skal leggja saman, innan hvers rauntímahóps, vegnar gnóttstöður annars vegar og vegnar skortstöður hins vegar.

Jöfnuð staða rauntímahóps skal vera sú fjárhæð sem er lægri gnóttstaða eða skortstaða innan hvers rauntímahóps. Jöfnun innan hóps I, skal nefnast *Jöfnun 1*, jöfnun innan hóps II, skal nefnast *Jöfnun 2* og jöfnun innan hóps III, skal nefnast *Jöfnun 3*.

Mismunur á milli samanlagðrar veginnar gnóttstöðu í hverjum rauntímahópi annars vegar og veginnar skortstöðu hins vegar er ójöfnuð staða rauntímahópsins.

Prep 5

Ójafnaðar stöður innan hvers rauntímahóps skulu því næst jafnaðar á móti ójöfnuðum stöðum annarra hópa.

Fyrst skal ójöfnuðum stöðum hópa I og II jafnað saman. Sú jöfnun skal nefnast *Jöfnun 4*.

Ójafnaðri stöðu rauntímahóps II sem þá er eftir skal síðan jafnað á móti ójöfnuðum stöðum rauntímahóps III. Sú jöfnun sem þannig fæst skal nefnast *Jöfnun 5*.

Stofnunum er heimilt að jafna stöðum á milli rauntímahópa II og III áður en jöfnun á milli hópa I og II á sér stað.

Prep 6

Þeim hluta ójafnaðra staða rauntímahópa I og III sem standa ójafnaðar þegar þrepi 5 er lokið skal nú jafnað saman. Þessi jöfnun skal nefnast *Jöfnun 6*.

Prep 7

Ef enn eru til staðar ójafnaðar stöður skulu þær nefnast *Jöfnun 7*.

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skal vera samtala jöfnunar 1-7 eftir að hann hefur verið margfaldaður með þeim áhættuvogum sem tilgreindar eru í 28. gr. þessara reglna.

VIÐAUKI IV

Meðferð afleiðusamninga og endurhverfra viðskipta við útreikning á nettóstöðu skuldaskjala og hlutabréfa sbr. 24. gr. reglnanna.

1. Skiptasamningar.

Með hliðsjón af stöðuáhættu skal fara með skiptasamninga sem um verðbréf í efnahagsreikningi væri að ræða.

Ef um er að ræða vaxtaskiptasamning þar sem stofnunin tekur á móti breytilegum vöxtum en greiðir fasta skal fara með þann samning sem annars vegar gnóttstöðu í skuldaskjali þar sem binditíminn telst vera jafn þeim tíma þar til vextir verða ákvarðaðir næst og hins vegar sem skortstöðu í skuldaskjali með fasta vexti með binditíma sem er jafn gildistíma vaxtaskiptasamningsins.

Ef um er að ræða vaxtaskiptasamning þar sem stofnunin tekur á móti föstum vöxtum en greiðir breytilega skal fara með þann samning sem annars vegar skortstöðu í skuldaskjali með

breytilega vexti þar sem binditími telst vera jafn þeim tíma þar til vextir verða ákvarðaðir næst og hins vegar sem gnóttstöðu í skuldaskjali með fasta vexti með binditíma sem er jafn tíma vaxtaskiptasamningsins.

Með gjaldmiðlaskiptasamninga skal fara á sama hátt og um framvirka gjaldmiðlasamninga væri að ræða.

Við útreikning á sérstakri stöðuáhættu samkvæmt ákvæðum 5. kafla skal fara með stöður í skiptasamningum á sama hátt og um stöður í ríkisskuldabréfum væri að ræða. Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu skiptasamnings skal reikna í samræmi við ákvæði 36. gr.

2. Framvirkir gjaldmiðla- og gullsamningar.

Líta skal á stöður í framvirkum gjaldmiðla- og gullsamningum sem annars vegar stöður í þeim gjaldmiðli og gulli sem stofnunin hefur skuldbundið sig til að selja og hins vegar stöðu í þeim gjaldmiðli og gulli sem stofnunin hefur skuldbundið sig til að kaupa.

Þegar almenn stöðuáhætta einstakra gjaldmiðla og gulls er reiknuð samkvæmt rauntímaaðferð, sbr. ákvæði 5. kafla reglnanna, skal setja markaðsvirði eða reiknað núvirði framvirkra gjaldmiðla- og gullsamninga í viðeigandi rauntímahóp. Þegar binditímaaðferð er notuð skal setja nafnvirði samnings í viðeigandi binditímaflokk.

Stöður sem eru tilkomnar vegna framvirkra gjaldmiðla- og gullsamninga skal flokka m.t.t. almennrar og sérstakrar stöðuáhættu á sama hátt og sem um stöður í ríkisskuldabréfi með 0% nafnvexti væri að ræða.

Fjármálaeftirlitið getur, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. reglnanna, heimilað stofnun að telja stöður í framvirkum gjaldmiðla- og gullsamningum til liða utan veltubókar.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu framvirkra gjaldmiðla- og gullsamninga skal reikna í samræmi við ákvæði 36. gr. reglnanna.

3. Staðlaðir framvirkir samningar.

Ákvæði þetta nær til staðlaðra framvirkra samninga og annarra framvirkra samninga sem eru staðlaðir og verslað er með á skipulögðum markaði og/eða eru tryggðir af verðbréfaþingi, viðskiptavaka eða greiðslujöfnunarstöð með daglegum uppgjörum og tryggingum.

Fara skal með staðlaða framvirka samninga sem samsetningu á gnóttstöðu og skortstöðu sbr. eftirfarandi:

1. Með stöðu í keyptum samningi skal fara sem samsetningu á annars vegar láni sem fellur í gjalddaga á uppgjörstigi samningsins og hins vegar eignalið með sama gjalddaga og grundvallarskjal umrædds afleiðusamnings.
2. Með stöðu í seldum samningi skal fara sem samsetningu á annars vegar eignalið með sama gjalddaga og afleiðusamningurinn og hins vegar skuld með sama gjalddaga og grundvallarskjal umrædds afleiðusamnings.

Við útreikning á sérstakri stöðuáhættu og við flokkun í binditímaflokk skal fara með reiknaðar gnótt- og skortstöður á sama hátt og um stöður í ríkisskuldabréfi með 0% nafnvexti væri að ræða.

4. Framvirkir vaxtasamningar.

Fara skal með framvirka vaxtasamninga sem samsetningu á gnóttstöðu og skortstöðu sbr. eftirfarandi:

1. Með stöðu í keyptum samningi skal fara sem samsetningu á annars vegar láni sem fellur í gjalddaga á uppgjörstigi samningsins og hins vegar eignalið með sama gjalddaga og grundvallarskjal umrædds afleiðusamnings.
2. Með stöðu í seldum samningi skal fara sem samsetningu á annars vegar eignalið með sama gjalddaga og afleiðusamningurinn og hins vegar skuld með sama gjalddaga og grundvallarskjal umrædds afleiðusamnings.

Við útreikning á sérstakri stöðuáhættu og við flokkun í binditímaflokk skal fara með reiknaðar gnótt- og skortstöður á sama hátt og stöðu í ríkisskuldabréfi með 0% nafnvexti.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu framvirks vaxtasamnings skal reikna í samræmi við ákvæði 36. gr.

5. Valréttarsamningar.

Líta skal á valréttarsamninga sem samsetningu eigna- og skuldaliðar. Reikna skal stöður vegna þessara samninga sem jafngildi fjárhæðar grundvallarskjalsins, sem kauprétturinn vísar til, margfaldað með delta stuðli valréttarsamningsins. Þannig reiknuðum stöðum má jafna á móti samsvarandi stöðu í grundvallarskjali eða afleiðusamningi í sama binditímaflokki eða rauntímahópi sbr. viðauka III. Delta stuðullinn sem nota á skal vera sá sami og gildir á viðkomandi verðbréfamarkaði. Ef um er að ræða aðra valréttarsamninga en þá sem verslað er með á verðbréfamarkaði skal stofnunin sjálf reikna út delta stuðul í samræmi við reikniaðferð sem Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt. Fjármálaeftirlitið getur kveðið nánar á um hvernig reikna skuli út deltavirði valréttarsamninga svo og sérstaka eiginfjárkröfu vegna annarrar áhættu sem tengd er valréttarsamningum s.s. gamma og vega áhættu.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu valréttarsamnings skal reikna í samræmi við ákvæði 36. gr.

6. Endurhverf viðskipti.

Við raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti með verðbréf í veltubók skal framseljandi halda áfram að tilgreina hina framseldu eign í efnahagsreikningi sínum. Taka skal því tillit til þessara verðbréfa við útreikning á stöðuáhættu framseljanda en ekki hjá framsalshafa.

Pegar um er að ræða endurkaupasamning þar sem endurkaupsverðið er fyrirfram ákvarðað í samningnum skal framseljandi jafnframt taka tillit til þeirrar stöðuáhættu sem tengd er endurkaupaskuldbindingunni. Framseljandi skal líta á endurkaupaskuldbindinguna sem skortstöðu og flokka hana á sama hátt og skortstöðu í ríkisskuldabréfum með 0% nafnvöxtum.

Á sama hátt skal framsalshafi taka tillit til þeirrar stöðuáhættu sem tengd er endursölu-kröfunni í slíkum samningum. Framsalshafi skal því við útreikning á stöðuáhættu líta á endursölu-kröfunna sem gnóttstöðu og flokka hana á sama hátt og eign í ríkisskuldabréfum með 0% nafnvöxtum.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu endurhverfra viðskipta skal reikna í samræmi við ákvæði 35. gr.

7. Afleiðusamningar tengdir hlutabréfavísitölu.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað stofnun að við útreikning á nettóstöðu í verðbréfi, sbr. 24. gr., sé staðlaður framvirkur samningur sem tengdur er hlutabréfavísitölu sundurliðaður í stöður í sérhverjum þeim hlutabréfum sem vísitalan er reiknuð út frá.

Ennfremur getur Fjármálaeftirlitið heimilað stofnun að undanskilja afleiðusamninga, sem tengdir eru fjölþættri hlutabréfavísitölu, við útreikning á sérstakri stöðuáhættu hlutabréfa, sbr. 30. gr.

REGLUR

um endurskoðun lánastofnana.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar eru skilgreining á meginatriðum í góðri endurskoðunarvenju hjá viðskipta-bönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum, sbr. 62. gr. laga nr. 113/1996 og 11. gr. laga nr. 123/1993. Reglur þessar eru einnig leiðbeinandi hvað varðar skipulagningu, framkvæmd og áritun um könnun á árshlutareikningum sömu stofnana.

II. KAFLI

Markmið endurskoðunar ársreiknings.

2. gr.

Endurskoðun ársreiknings lánastofnunar skal framkvæmd í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í samræmi við ákvæði þessara reglna. Markmið endurskoðunar er að komast að raun um hvort ársreikningur gefi glögga mynd af afkomu og efnahag lánastofnunar og að ársreikningur sé saminn í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglna sem um stofnunina gilda, félagssamþykktir og góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga og reglna varðandi upplýsingaskyldu viðkomandi stofnunar.

Í þessu felst m.a. eftirfarandi:

Hvort upplýsingar í rekstrarreikningi og skýringum gefi glögga mynd af rekstri stofnunar í samræmi við lög, reglur, samþykktir og góða reikningsskilavenju.

Hvort útlán, kröfur og aðrar eignir í efnahagsreikningi séu fyrir hendi, í eigu stofnunar og séu færðar og metnar í samræmi við gildandi lög, reglur og góða reikningsskilavenju. Einnig að veðsetning og aðrar kvaðir á eignum komi fram í ársreikningi.

Hvort skuldir og aðrar skuldbindingar, þ.m.t. trygginga- og ábyrgðarskuldbindingar, séu tilgreindar og metnar í efnahagsreikningi, eða utan efnahagsreiknings, í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Hvort rekstrar- og efnahagsreikningur sé í samræmi við bókhald viðkomandi stofnunar.

Hvort einstakir liðir rekstrar- og efnahagsreiknings séu sundurliðaðir og flokkaðir í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram í ársreikningi.

III. KAFLI

Hlutverk og staða endurskoðanda.

3. gr.

Endurskoðandi má ekki vera háður stjórnendum stofnunar, eiga sæti í stjórn eða vera starfsmaður. Endurskoðanda lánastofnunar er ennfremur óheimilt að starfa í þágu stofnunarinnar að verkefnum sem skert geta óhæði hans gagnvart stofnuninni. Jafnframt skal endurskoðandi forðast að vera beinn þátttakandi í mikilvægum útlána- og rekstrarákvörðunum lánastofnunar eða koma með fyrstu tillögum að verðmætamati eigna eða skuldbindinga lánastofnunar, einkum ef í slíku mati felst annað en aðstoð við tæknilega útreikninga út frá gefnum forsendum.

Endurskoðandi lánastofnunar má ekki vera skuldugur þeirri stofnun sem hann annast endurskoðun hjá hvorki sem aðalskuldari eða sem ábyrgðarmaður. Hið sama gildir um maka hans.

4. gr.

Endurskoðandi getur ekki samþykkt leiðsögn eða íhlutun stjórnanda lánastofnunar eða þriðja aðila um framkvæmd endurskoðunar. Hann getur þannig ekki gert samkomulag sem kveður á um takmörkun endurskoðunar.

5. gr.

Endurskoðanda lánastofnunar er heimilt að nota aðstoðarmenn og sérfræðinga við einstaka þætti endurskoðunarvinnunar enda séu þeir faglega hæfir til starfans. Endurskoðandi skal einnig, samkvæmt nánara samkomulagi við stjórn lánastofnunar, og í þeim mæli sem hann telur eðlilegt, byggja vinnu sína á athugunum og könnunum sem innri endurskoðunardeild lánastofnunar framkvæmir, enda hafi hann gengið úr skugga um að sjálfstæði, óháði og fagleg þekking starfsmanna deildarinnar sé nægjanleg til þess að á vinnu þeirra sé byggjandi. Endurskoðandi skal ávallt yfirfara og framkvæma nauðsynlegar athuganir á gæðum og umfangi þeirrar vinnu innri endurskoðunardeildar sem hann hyggst byggja niðurstöður sínar á.

IV. KAFLI

Framkvæmd og umfang endurskoðunar.

6. gr.

Endurskoðun skal framkvæma í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Með þessu er átt við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum sem hæfir og samvisskusamir endurskoðendur nota. Meginþættir í framkvæmd endurskoðunar eru sem hér segir:

Könnun á bókhaldskerfum, þ.m.t. tengdum tölvukerfum, bókhaldsskipulagi og skipulagi annarra starfsþátta með tilliti til áreiðanleika þeirra bókhaldskerfa sem í notkun eru og með tilliti til innra eftirlits.

Athuganir og söfnun gagna til að staðfesta réttmæti einstakra liða sem fram koma í ársreikningi. Í þessu felst m.a. að endurskoðandi skal kanna hvaða reikningsútskriftir og staðfestingar eru sendar frá stofnuninni og meta á grundvelli góðrar endurskoðunarvenju hvort nauðsynlegt sé að framkvæma viðbótarkannanir. Jafnframt felst í þessu að endurskoðandi skal, við endurskoðun ársreiknings, framkvæma sérstakar kannanir á stöðu stærstu skuldara með tilliti til greiðslutrygginga og afskriftaþarfar. Endurskoðandi skal einnig afla yfirlýsinga stjórnenda um að allar eignir, skuldir, ábyrgðir, kvaðir og skuldbindingar komi fram í ársreikningi og að stjórnendum sé ekki kunnugt um áhættu eða atvik, fyrir eða eftir lok reikningsárs, sem tengjast fjárhagsstöðu lánastofnunar og kynnu síðar að leiða til umtalsverðrar skerðingar á þeirri fjárhagsstöðu sem fram kemur í ársreikningnum.

Könnun á starfsemi stofnunar, þróun hennar og horfum, fyrst og fremst til að meta hættuna á því að eigið fé stofnunarinnar fari á næsta ári undir það lágmark sem kveðið er á um í 54. gr. laga nr. 113/1996, sbr. 67. gr. sömu laga og 10. gr. laga nr. 123/1993, sbr. 12. gr. sömu laga.

7. gr.

Endurskoðanda ber að ganga úr skugga um að sú lýsing á bókhaldskerfum, þ.m.t. tengdum tölvukerfum, og innra eftirliti sem hann byggir mat sitt á við ákvörðun um umfang og aðferðir við endurskoðun ársreiknings sé áreiðanleg. Það skal meðal annars gert með dreifikönnunum á færslum á hinum ýmsu sviðum bókhaldskerfisins og reglulegum könnunum á einstökum þáttum innra eftirlits.

Leiði kannanir í ljós að bókhaldskerfi og innra eftirlit tryggja með viðunandi hætti að bókhald sé í góðu horfi getur það leitt til þess að umfangsmikil könnun einstakra bókhaldsliða sé ekki nauðsynleg.

V. KAFLI

Mikilvægi og áhætta.

8. gr.

Við ákvörðun um framkvæmd og umfang athugana vegna endurskoðunar og áritunar á ársreikning, ber endurskoðanda að hafa í huga mikilvægi einstakra þátta og áhættu. Endurskoðandi skal haga könnun sinni þannig að megináhersla sé lögð á þá liði ársreiknings og þá þætti innra eftirlits, sem mestu máli skipta og þar sem hætta á verulegum skekkjum er mest.

Hinir ýmsu liðir ársreiknings eru háðir mismikilli áhættu að því er skekkju varðar. Styrkur innra eftirlits hefur áhrif á áhættuna og þar með ákvarðanir um framkvæmd og umfang endurskoðunar.

Gott innra eftirlit stofnunar getur hins vegar aldrei alfarið komið í stað þess að endurskoðandi framkvæmi sjálfstæðar athuganir og gagnasöfnun til staðfestingar réttmæti einstakra mikilvægra liða ársreikningsins. Þannig skal endurskoðandi ávallt framkvæma sérstakar athuganir á raunvirði eigna stofnunar og kanna sérstaklega þá áhættu sem kann að vera tengd skuldbindingum eða samningum sem stofnunin hefur átt aðild að. Dreifing útlána og útlán til stærstu lánþega, greiðslutryggingar og afskriftaframlög skulu einnig könnuð sérstaklega.

9. gr.

Leiði endurskoðun í ljós verulega ágalla á rekstri lánastofnunar eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi stofnunar skal endurskoðandi skriflega tilkynna það stjórnendum hlutaðeigandi stofnunar og Fjármálaeftirlitinu, ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að stjórnendur hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína í þessu sambandi.

VI. KAFLI

Skipulagning og skráning endurskoðunarvinnu.

10. gr.

Árleg endurskoðunarvinna skal í meginatriðum vera fyrirfram skipulögð í endurskoðunaráráætlun, sem er skrifleg lýsing á fyrirhuguðu umfangi og framgangi endurskoðunarinnar og þar sem á skipulegan hátt er farið yfir þá þætti í innra og ytra umhverfi lánastofnunar sem áhrif geta haft á endurskoðunarvinnuna.

Endurskoðun skal síðan framkvæmd í samræmi við endurskoðunarfyrirmæli sem er skrifleg lýsing á þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að framfylgja endurskoðunarárætlun.

Umfang og niðurstöðu einstakra endurskoðunaraðgerða og heildarniðurstöður um einstaka liði ársreiknings skal skrá á vinnuskjöl. Vinnuskjölunum skal safnað saman og þau geymd á kerfisbundinn hátt.

11. gr.

Ábendingar og athugasemdir sem endurskoðandi vill koma á framfæri við stjórn eða stjórnendur skal bera fram skriflega og skal veita þessum aðilum hæfilegan frest til svara. Ef endurskoðanda þykir ástæða til skal hann gera tillögur til stjórnar lánastofnunar um endurbætur varðandi meðferð fjármuna, um breytingar á innra eftirliti eða innri endurskoðun og öðru því sem hann telur að geti verið til bóta í rekstri lánastofnunar.

VII. KAFLI

Áritun ársreiknings og endurskoðunarskýrsla til stjórnar.

12. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina þar frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Í árituninni skulu koma fram upplýsingar um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður í

samræmi við góða endurskoðunarvenju og í samræmi við gildandi lög og reglur og að í því sambandi hafi verið framkvæmdar þær endurskoðunaraðgerðir sem endurskoðandinn hefur talið nauðsynlegar. Telji endurskoðandi að skýrsla stjórnar hafi ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða sé hún ekki í samræmi við ársreikning skal hann vekja á því athygli í áritun sinni og veita viðbótaupplýsingar sé þess kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að komi fram í ársreikningi.

Endurskoðandi skal undirrita og dagsetja áritun sína á þeim degi sem hann lýkur endurskoðunarvinnu sinni, þ.m.t. sérstökum endurskoðunaraðgerðum vegna atvika eftir uppgjörsdag og sérstökum endurskoðunaraðgerðum vegna atvika eftir að venjulegri endurskoðunarvinnu lýkur, fram til dagsetningar áritunar. Endurskoðandi skal ekki árita ársreikning fyrr en stjórnendur hafa staðfest hann með undirritun sinni.

13. gr.

Auk þess að árita ársreikning stofnunar skal endurskoðandi að lokinni hefðbundinni endurskoðunarvinnu senda stjórn viðkomandi stofnunar sérstaka endurskoðunarskýrslu vegna ársuppgjörnsins. Í slíkri skýrslu skal endurskoðandi, eftir því sem við á, gera grein fyrir eftirfarandi:

Helstu þáttum þeirrar endurskoðunarvinnu sem framkvæmd hefur verið í tengslum við endurskoðun ársreiknings, þ.m.t. hvernig staðið hefur verið að könnun á útlánnum stofnunarinnar.

Umsögn endurskoðandans á framlögum í afskriftareikning, þar á meðal umsögn um sérstök framlög vegna stærstu lánþega.

Helstu niðurstöðum endurskoðunarkannana á innra eftirliti stofnunarinnar og álitum endurskoðanda á gæðum innra eftirlitiskerfis stofnunarinnar og starfsemi innri endurskoðunardeildar. Í þessu samhengi er eðlilegt að vísað sé til þeirra ábendinga og athugasemda sem endurskoðandi hefur skriflega komið á framfæri við stjórnendur stofnunarinnar fyrr á árinu.

Aðrar þær athugasemdir og ábendingar sem endurskoðandi telur ástæðu til að koma á framfæri við stjórn stofnunarinnar s.s. athugasemdum varðandi rekstur stofnunar, varðveislu eigna og athugasemdum vegna áhættustýringar stofnunar vegna t.d. útlánaáhættu, gengisáhættu eða vaxtaáhættu.

VIII. KAFLI

Könnun árshlutareikninga lánastofnana.

14. gr.

Endurskoðandi skal því aðeins árita árshlutareikning sem kannaðan að hann þekki vel til starfsemi stofnunarinnar og rekstrarumhverfis hennar.

Könnun á árshlutareikningum byggist á mati á mikilvægi og áhættu með sama hætti og þegar um endurskoðun er að ræða, en vinna endurskoðanda er hins vegar ekki eins umfangsmikil og við endurskoðun.

Við framkvæmd könnunar á árshlutareikningi skal endurskoðandi með greiningaraðgerðum meta innra samræmi reikningsskila og hvort afkoma og breytingar á eignum, skuldum og hag stofnunar séu eðlilegar og í samræmi við þá þekkingu sem endurskoðandi hefur á starfsemi stofnunarinnar. Í þessu felst m.a. að endurskoðandi skal meta þróun í stærstu útlánunum, greiðslutryggingum og afskriftaframlögum og endurskoðandi skal með fyrirsögnunum afla vitneskju um þau atvik eftir lok uppgjörstímabils, fram til þess dags sem áritun endurskoðanda er dagsett, sem gætu haft verulega þýðingu fyrir reikningsskilin.

Könnun felur í sér greiningaraðgerðir og fyrirsögnunir sem gerðar eru í því skyni að staðfesta niðurstöðu reikningsskila og að gera enn frekari athuganir ef þær aðgerðir reynast ekki

fullnægjandi. Umfang og eðli þeirra aðgerða sem endurskoðandi telur þörf á að beita í hverju einstöku tilfalli byggist á faglegrri þekkingu hans og þekkingu hans á einstökum áhættuþáttum í reikningsskilum stofnunarinnar.

Komist endurskoðandi að því að reikningsskilum sé áfátt í verulegum atriðum skal hann framkvæma frekari athuganir til þess að geta tekið ákvörðun um fyrirvaralausa yfirlýsingu í áritun sinni eða hvort sérstakur fyrirvari sé nauðsynlegur.

Vinnuskjöl endurskoðanda um könnun árshlutareiknings skulu innihalda lýsingu á því í hverju vinna hans var fólgin ásamt niðurstöðum.

Að lokinni könnun sinni skal endurskoðandi gefa yfirlýsingu um reikningsskilin með áritun á þau. Yfirlýsingin skal vera ótvíræð, skýr og skiljanleg og þar skal gerð grein fyrir könnuninni og umfangi hennar. Hafi endurskoðandi komist að raun um umtalsverða skekkju, verulega óvissu, að mikilvægar upplýsingar vanti í árshlutareikning eða að líkur séu á að eigið fé hlutaðeigandi stofnunar sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 54. gr. laga nr. 113/1996 og 10. gr. laga nr. 123/1993 skal endurskoðandi setja fram fyrirvara og gera grein fyrir í hverju hann er fólgin. Séu reikningsskilin einhverjum annmörkum háð m.t.t. laga og reglna um bókhald og reikningsskil viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana skal endurskoðandi ekki gefa yfirlýsingu um afkomu eða efnahag stofnunarinnar.

IX. KAFLI

Gildistaka.

15. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 62. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. 11. gr. laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um endurskoðun viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana nr. 704 frá 30. desember 1994.

Fjármálaeftirlitinu, 10. september 2001.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

REGLUR

um ársreikninga verðbréfasjóða.

1. gr.

Stjórn verðbréfasjóðs og rekstrarfélags hans skulu semja ársreikning verðbréfasjóðs fyrir hvert reikningsár sem er almanaksárið. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Ennfremur skal semja ársskýrslu. Ársreikningur og ársskýrsla mynda eina heild.

Ársreikningur og ársskýrsla skulu undirrituð af stjórnnum verðbréfasjóðs og rekstrarfélags. Hafi einhverjir stjórnarmanna mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skulu þeir undirrita með fyrirvara og gera skal grein fyrir því í ársskýrslu hvers eðlis fyrirvarinn er.

Framsetning ársreiknings skal vera með skýrum hætti og í samræmi við ákvæði laga og góða reikningsskilavenju.

2. gr.

Rekstrarreikningur verðbréfasjóðs skal gerður þannig að hann gefi, með hliðsjón af rekstri félagsins, skýra mynd af því hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast. Uppsetning og sundurliðun rekstrarreiknings skal í meginatriðum vera með þeim hætti sem fram kemur í fylgiskjali 1 með reglum þessum.

3. gr.

Efnahagsreikningur verðbréfasjóðs skal gerður þannig að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum og eigin fé í lok reikningsárs. Uppsetning og sundurliðun efnahagsreiknings skal í meginatriðum vera með þeim hætti sem fram kemur í fylgiskjali 2 með reglum þessum. Mat á eignum verðbréfasjóðs skal vera með eftirtöldum hætti:

1. Verðbréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum markaði skulu metin samkvæmt því kaupgengi sem gildir á markaðnum á hverjum tíma.
2. Önnur verðbréf en um getur í 1. tölulið skulu metin með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau voru keypt á að viðbætti eða frádraginni þeirri breytingu sem orðið hefur að meðaltali á ávöxtunarkröfu verðbréfa á verðbréfamarkaði frá þeim tíma sem þau voru keypt. Þegar um er að ræða verðbréf sem ástæða er til að ætla að innheimtist ekki að fullu skal leggja mat á niðurfærsluþörf þeirra með hliðsjón af áætlaðri tapshættu. Ennfremur skal reikna almenna niðurfærsluþörf í samræmi við 1. tölulið 5. gr. reglugerðar um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða nr. 362/1993.
3. Yfirteknar eignir skulu metnar til verðs með hliðsjón af því verðmæti sem ætla má að fengist fyrir viðkomandi eignir við sölu að frádragnum áætluðum sölukostnaði.

4. gr.

Í skýringum með ársreikningi skal gefa upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og annað sem máli skiptir við mat á rekstrarafkomu og fjárhagsstöðu, þ.m.t. um endurmatslækkun og niðurfærslu eigna. Jafnframt skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísan til viðeigandi liða í ársreikningi. Fyrir verðbréfasjóð sem starfar í aðgreindum deildum skulu upplýsingarnar ná til einstakra deilda hans:

1. Sundurliðun verðbréfaeignar svo og hlutfallsleg skipting samkvæmt þeim viðmiðum sem helst eiga við í ljósi fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðsins eða deildarinnar, sbr. ennfremur leiðbeinandi sýnishorn á fskj. 3 með reglum þessum. Að lágmarki skal sundurliða verðbréfaeign eins og sýnt er í töluliðum 1-5 í fylgiskjali 3.
2. Heildarnafnverð eða fjöldi eininga útgefina skírteina.
3. Gengi hlutdeildarskírteina í lok reikningsárs og ávöxtun síðustu 3, 6 og 12 mánaða.
4. Hlutfall skammtímalána af eignum verðbréfasjóðsins, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 10/1993 með síðari breytingum.
5. Greinargerð um breytingar á samsetningu verðbréfasjóðsins á uppgjörstímabilinu.
6. Samanburðartölur fyrir þrjú næstliðin reikningsár, sem meðal annars hafa að geyma fyrir hvert reikningsár miðað við lok þess:
 - a) Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina.
 - b) Gengi hlutdeildarskírteina.

5. gr.

Endurskoðaður ársreikningur verðbréfasjóðs ásamt ársskýrslu skal sendur Fjármálaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Sömu gögn skulu vera aðgengileg viðskiptamönnum verðbréfasjóðs.

6. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 6. mgr. 30. gr. laga um verðbréfasjóði nr. 10/1993, með áorðnum breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur útgefnar af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands frá 30. desember 1993, um gerð ársreiknings verðbréfasjóða.

Fjármálaeftirlitinu, 10. september 2001.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

Fylgiskjal 1.

REKSTRARREIKNINGUR

FJÁRMUNATEKJUR:

Vextir, verðbætur, gengismunur og arður

FJÁRMAGNSGJÖLD:

Vextir og verðbætur á hlutdeildarskírteini

Önnur vaxtagjöld

Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld án verðbreytingarfærslu
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga

Hreinar fjármunatekjur

ÖNNUR REKSTRARGJÖLD:

Umsýslubókun

Fjárvörslugjöld

Laun og launatengd gjöld

Annar rekstrarkostnaður

Hagnaður fyrir tekjuskatt og eignarskatt

Tekjuskattur og eignarskattur

HAGNAÐUR ÁRSINS

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR

VERÐBRÉF:

Skuldabréf skráð á opinberum eða viðurkenndum markaði

Önnur skuldabréf

Hlutabréf skráð á opinberum eða viðurkenndum markaði

Önnur hlutabréf

Hlutdeildarskírteini skráð á opinberum eða viðurkenndum markaði

Önnur hlutdeildarskírteini

Skuldaskjöl skv. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 10/1993

AÐRAR EIGNIR:

Bankainnstæður

Innleystar eignir

Aðrar eignir

EIGNIR SAMTALS

REGLUR

um mengandi lofttegundir og agnir frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

1. Reglur þessar gilda um færanlegar vélar sem ekki eru notaðar á vegum og ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um vélar sem seldar eru eða leigðar jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota sé ekki fjallað um þær í öðrum lögum eða reglum.

2. Markmið reglna þessara er að samræma reglur aðildarríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins um aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir viðskiptahindránir á innri markaði samhliða því að vernda heilsu manna og umhverfi.

2. gr.

Framkvæmd.

Vinnueftirlit ríkisins fer með framkvæmd reglna þessara og er viðurkenningaradili af hálfu íslenskra stjórnvalda, sbr. j-lið 3. gr. reglna þessara. Það getur þó samþykkt aðra aðila til að fara með þá framkvæmd að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með starfi slíkra aðila.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. *færanleg vél sem ekki er notuð á vegum*: allar færanlegar vélar, færanlegur iðnaðarbúnaður eða -ökutæki, með eða án yfirbyggingar, sem ekki eru ætluð til farþega- eða vöruflytninga á vegum og sem útbúnar eru brunahreyfli eins og tilgreint er í 1. kafla I. viðauka,
- b. *gerðarviðurkenning*: aðferð aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins við að votta að hver gerð brunahreyfils eða safn skyldra brunahreyfla standist viðeigandi tækniröfur er varða losun mengandi lofttegunda og agna samkvæmt þessum reglum,
- c. *gerð hreyfils*: flokkur brunahreyfla sem eru ekki verulega frábrugðnir hver öðrum með tilliti til grundvallareinkenna hreyfils, sbr. 1. viðbæti II. viðauka,
- d. *safn skyldra hreyfla*: flokkun framleiðenda hreyfla sem, með tilliti til hönnunar þeirra, má gera ráð fyrir að hafi svipaða eiginleika að því er varðar losun mengandi efna og sem eru í samræmi við skilyrði þessara reglna,
- e. *stofnhreyfill*: hreyfill sem valinn hefur verið úr safni skyldra hreyfla á þann hátt að hann samræmist skilyrðum 6. og 7. kafla I. viðauka,
- f. *hreyfilafköst*: nettóafli, sbr. lið 2.4 í I. viðauka,
- g. *framleiðsludagur hreyfils*: sá dagur þegar hreyfill fullnægir lokaeftirliti eftir að framleiðsluferlinu lýkur. Á þessu stigi er hreyfillinn tilbúinn til afhendingar eða til birgðageymslu,
- h. *markaðssetning*: það að gera vöru sem reglur þessar gilda um fánlega á markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins, gegn gjaldi eða án endurgjalds, til dreifingar og/eða notkunar innan Evrópska efnahagssvæðisins,

- i. *framleiðandi*: einstaklingur eða löggjafarstofna sem ber ábyrgð gagnvart viðurkenningar- aðila að öllum þáttum tengdum gerðarviðurkenningarferlinu sé fullnægt, svo og fyrir því að tryggja samræmi framleiðslunnar. Einstaklingurinn eða löggjafarstofnan þarf ekki að koma að öllum þrepum í smíði hreyfilsins með beinum hætti,
- j. *viðurkenningaraðili*: lögbært yfirvald eða yfirvöld aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins sem ber ábyrgð á öllum þáttum gerðarviðurkenningar hreyfils eða safns skyldra hreyfla, útgáfu og afturköllun á vottorðum um gerðarviðurkenningu, tengslum við viðurkenningaraðila annarra aðildarríkja og sannprófun á aðferðum framleiðanda við að tryggja samræmi framleiðslu,
- k. *tækniþjónusta*: ein eða fleiri stofnanir eða löggjafarstofnur sem eru útnefndar sem prófunarstofa til að annast prófanir eða skoðanir fyrir hönd viðurkenningaraðila aðildarríkis. Viðurkenningaraðila er einnig heimilt að annast þessa þjónustu sjálfur,
- l. *upplýsingaskjal*: skjal, sbr. II. viðauka, þar sem tekið er fram hvaða upplýsingar umsækjandi skal láta í té,
- m. *upplýsingamappa*: heildarmappa með gögnum, teikningum, ljósmyndum og öðrum nauðsynlegum upplýsingum sem umsækjandi afhendir tækniþjónustu eða viðurkenningaraðila eftir því sem mælt er fyrir um í upplýsingaskjali,
- n. *upplýsingasafn*: upplýsingamappa að viðbættum öllum prófunarskýrslum eða öðrum skjölum sem koma frá tækniþjónustu eða viðurkenningaraðila meðan á störfum þeirra stendur,
- o. *atriðaskrá með upplýsingasafni*: skjal sem felur í sér skrá yfir innihald upplýsingasafnsins, þar sem það er tölusett eða merkt á annan hátt til að auðkenna megi allar blaðsíður.

II. KAFLI

Gerðarviðurkenning.

4. gr.

Umsókn um gerðarviðurkenningu.

1. Framleiðandi skal leggja inn umsókn um gerðarviðurkenningu hreyfils eða safn skyldra hreyfla hjá Vinnueftirliti ríkisins eða viðurkenningaraðila í öðru aðildarríki. Sérstök umsókn um viðurkenningu skal lögð fram fyrir hverja gerð hreyfla eða safn skyldra hreyfla. Með umsókninni skal fylgja upplýsingamappa sem felur í sér upplýsingaskjal skv. II. viðauka. Hreyfil, sem er í samræmi við þá gerð hreyfla sem lýst er í 1. viðbæti II. viðauka, skal afhenda þeirri tækniþjónustu sem ber ábyrgð á framkvæmd prófana á gerðarviðurkenningu.

2. Þegar Vinnueftirlit ríkisins telur að umsókn um gerðarviðurkenningu fyrir safn skyldra hreyfla, að því er varðar stofnhreyfilinn, fullnægi ekki að öllu leyti þeim skilyrðum um safn skyldra hreyfla sem koma fram í 2. viðbæti II. viðauka skal því afhent ný umsókn og, ef nauðsynlegt er, annan stofnhreyfil sem Vinnueftirlit ríkisins ákveður svo unnt sé að veita gerðarviðurkenningu.

3. Óheimilt er að leggja fram umsókn fyrir eina gerð hreyfils eða safn skyldra hreyfla í fleiri en einu aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.

5. gr.

Gerðarviðurkenningaraðferð.

1. Vinnueftirlit ríkisins skal veita gerðarviðurkenningu fyrir sérhverja gerð hreyfla og safn skyldra hreyfla sem eru í samræmi við atriðin í upplýsingamöppunni og fullnægja skilyrðum þessara reglna. Að því loknu skal það gefa út vottorð um gerðarviðurkenninguna, sbr. VI. viðauka.

2. Vinnueftirlit ríkisins skal fylla út alla liði vottorðs um gerðarviðurkenningu, sem við eiga fyrir hverja gerð hreyfla eða safn skyldra hreyfla sem það viðurkennir, og skal það taka saman eða sannprófa innihald atriðaskrár með upplýsingasafninu. Taka skal fram í vottorði um gerðarviðurkenningu fyrir gerð hreyfla eða safn skyldra hreyfla sérhverja takmörkun á notkun þeirra og þau skilyrði sem gilda um uppsetningu. Vottorð um gerðarviðurkenningu skal tölusett í samræmi við aðferð sem lýst er í VII. viðauka. Útfyllt vottorð og meðfylgjandi gögn skulu síðan afhent umsækjanda.

3. Afmarka skal gildissvið gerðarviðurkenningar fyrir hreyfil sem gegnir einungis hlutverki sínu eða sérstakir eiginleikar hans nýtast eingöngu í sambandi við aðra hluta færnanlegrar vélar sem ekki er notuð á vegum og því einungis unnt að sannprófa hvort hann fullnægi viðeigandi skilyrðum þegar hann vinnur með öðrum vélarhlutum, hvort sem þeir eru raunverulegir eða hermar.

4. Vinnueftirlit ríkisins skal mánaðarlega senda til viðurkenningaraðila í öðrum aðildarríkjum skrá yfir gerðarviðurkenningar sem það hefur veitt, synjað eða afturkallað. Þegar um afturköllun á vottorði um gerðarviðurkenningu er að ræða skal það jafnframt tilgreina ástæður hennar. Enn fremur skal Vinnueftirlit ríkisins senda Eftirlitsstofnun EFTA árlega afrit af gögnum, sbr. X. viðauka, er varða viðurkennda hreyfla.

6. gr.

Breytingar á gerðarviðurkenningu.

1. Framleiðandi skal tilkynna viðurkenningaraðila, sem veitti gerðarviðurkenninguna, um sérhverja þá breytingu sem gerð er á atriðum sem koma fram í upplýsingasafninu.

2. Umsókn um breytingu á eða útvíkkun gerðarviðurkenningar er einungis heimilt að leggja inn hjá viðurkenningaraðila sem veitti gerðarviðurkenninguna upphaflega.

3. Þegar atriði í upplýsingasafni hafa breyst skal Vinnueftirlit ríkisins:

a. gefa út endurskoðaða(r) blaðsíðu(r) úr upplýsingasafni eftir þörfum og merkja sérhverja endurskoðaða blaðsíðu þannig að eðli breytingarinnar og dagsetning endurútgáfunnar sé greinileg. Þá skal ætíð þegar endurskoðaðar blaðsíður eru gefnar út breyta atriðaskránni með upplýsingasafninu sem fylgir vottorði um gerðarviðurkenningu þannig að síðustu dagsetningar endurskoðaðra blaðsíðna séu greinilegar, og

b. gefa út endurskoðað vottorð um gerðarviðurkenningu sem einkennt er með útvíkkunarnúmeri ef einhverjar upplýsingar á vottorðinu sjálfu hafa breyst eða ef skilyrði reglna þessar hafa breyst frá dagsetningu viðurkenningarinnar. Á endurskoðaða vottorðinu skulu ástæður fyrir endurskoðuninni og dagsetning endurútgáfu koma greinilega fram.

4. Álíti Vinnueftirlit ríkisins að breyting á upplýsingasafni kalli á nýjar prófanir eða athuganir skal það tilkynna framleiðanda þar um og gefa einungis út skjöl skv. 3. mgr. að afloknum nýjum prófunum eða athugunum.

III. KAFLI

Samræmi, skráning og markaðssetning.

7. gr.

Samræmi.

1. Framleiðandi skal festa á sérhverja einingu, sem framleidd er í samræmi við viðurkennda gerð, þær merkingar sem settar eru fram í 3. kafla I. viðauka, þar með talið gerðarviðurkenningarnúmer.

2. Þegar vottorð um gerðarviðurkenningu gefur til kynna takmarkanir á notkun skv. 2. og 3. mgr. 5. gr. skal framleiðandinn afhenda, með sérhverri einingu sem framleidd er, nákvæmar upplýsingar um þessar takmarkanir og tilgreina öll fyrirmæli um uppsetningu hennar. Ef

röð hreyflagerða er afhent einum framleiðanda vélar telst nægjanlegt að honum sé einungis afhent eitt slíkt upplýsingaskjal, sem jafnframt inniheldur skrá yfir viðeigandi kenninúmer hreyflanna, í síðasta lagi á afhendingardegi fyrsta hreyfilsins.

3. Framleiðandi skal, sé þess óskað, senda viðurkenningaráðilanum sem veitti gerðarviðurkenninguna skrá yfir kenninúmer sérhverrar hreyflagerðar sem framleidd hefur verið í samræmi við skilyrði þessara reglna frá því að síðasta skrá samkvæmt ákvæði þessu var send aðilanum eða frá því að skilyrðin tóku fyrst gildi. Skrá þessi skal send viðurkenningaráðilanum fyrir 14. febrúar ár hvert og fyrir þann dag sem viðurkenningaráðili ákveður telji hann þörf á að kalla oftast eftir slíkri skrá. Þegar breytingar hafa verið gerðar á skilyrðum reglna þessara skal skrá samkvæmt ákvæði þessu send án tafar eftir gildistöku þeirra sé þess óskað. Tilgreina skal í skránni samsvörun kenninúmeranna við tilsvarenda gerðir eða safn skyldra hreyfla og við gerðarviðurkenningarnúmerin feli skráningarkerfið ekki í sér slíkar upplýsingar. Enn fremur skal skráin innihalda sérstakar upplýsingar ef framleiðandi hættir að framleiða viðurkennda gerð eða safn skyldra hreyfla. Geri viðurkenningaráðili ekki kröfur um að skrá samkvæmt ákvæði þessu sé send honum reglulega skal framleiðandi varðveita slíkar skrár í að minnsta kosti 20 ár.

4. Framleiðandi skal senda viðurkenningaráðilanum, sem veitti gerðarviðurkenninguna, yfirlýsingu sem tilgreinir sérhverja gerð hreyfla og safn skyldra hreyfla, ásamt viðeigandi auðkenniskóða þeirra hreyfla sem hann hyggst framleiða frá og með tilteknum degi. Yfirlýsingin skal send aðilanum fyrir 14. febrúar ár hvert og án tafar eftir hvern gildistöku-dag samkvæmt ákvæði til bráðabirgða.

5. Hafi Vinnueftirlit ríkisins veitt gerðarviðurkenningu og framleiðandi verður ekki við kröfum þess samkvæmt þessu ákvæði skal Vinnueftirlitið afturkalla gerðarviðurkenninguna sem veitt hefur verið tilsvarenda gerð hreyfils eða safni skyldra hreyfla samkvæmt reglum þessum. Um tilkynningu um afturköllun fer skv. 4. mgr. 5. gr.

8. gr.

Skráning og markaðssetning.

1. Vinnueftirlit ríkisins skal einungis heimila skráningu eða markaðssetningu nýrra hreyfla sem fullnægja skilyrðum reglna þessara hvort sem þeir hafa verið settir upp í vél eða ekki. Þegar skilyrðunum er fullnægt er Vinnueftirlitinu óheimilt að synja um skráningu eða markaðssetningu. Þetta gildir þó ekki um hreyfla fyrir heraflla eða hreyfla sem Vinnueftirlit ríkisins hefur veitt undanþágu skv. 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða.

2. Vinnueftirlit ríkisins skal halda skrá yfir kenninúmer þeirra hreyfla sem það hefur viðurkennt og eru framleiddir í samræmi við skilyrði þessara reglna. Framleiðandi eða umboðsmenn hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu án tafar veita Vinnueftirlitinu, óski það þess, allar nauðsynlegar upplýsingar um kaupendur hreyflanna ásamt kenninúmerum hreyflanna sem tilkynnt hafa verið skv. 3. mgr. 7. gr. Þetta á þó ekki við þegar hreyfill er seldur til framleiðanda vélar.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Eftirlit með samræmi framleiðslu.

1. Vinnueftirlit ríkisins skal sannreyna að framleiðandi fullnægi skilyrðum 5. kafla I. viðauka áður en það veitir gerðarviðurkenningu. Enn fremur skal Vinnueftirlitið hafa eftirlit með að skilyrðum 5. kafla I. viðauka verði áfram fullnægt eftir að gerðarviðurkenning hefur verið veitt og að sérhver hreyfill sem einkenndur er með gerðarviðurkenningarnúmeri sé í samræmi við þá lýsingu er fram kemur í vottorði um gerðarviðurkenningu gerðar hreyfils eða safns skyldra hreyfla.

10. gr.

Ósamræmi við viðurkennda gerð eða safn skyldra hreyfla.

1. Þegar vikið er frá atriðunum í vottorði um gerðarviðurkenningu eða upplýsingasafninu án þess að viðurkenningaraðili sem veitti gerðarviðurkenningu hafi heimilað slíkt er um ósamræmi við viðurkennda gerð eða safn skyldra hreyfla að ræða.

2. Ef Vinnueftirlit ríkisins kemst að raun um að hreyflar, sem hafa vottorð um samræmi eða sem á er viðurkenningarkerki, samræmast ekki þeirri gerð hreyfils eða safni skyldra hreyfla sem það viðurkenndi skal það beina þeim tilmælum til framleiðandans að hann sjái til þess innan hæfilegs frests að hreyflarnir verði framvegis í samræmi við viðurkennda gerð hreyfils eða safn skyldra hreyfla. Fullnægi framleiðandi ekki tilmælum Vinnueftirlitsins skal það afturkalla vottorð um gerðarviðurkenningu.

3. Sýni Vinnueftirlit ríkisins fram á að hreyflar, sem bera viðurkenningarnúmer, séu ekki í samræmi við viðurkennda gerð eða safn skyldra hreyfla er því heimilt að fara fram á að viðurkenningaraðilinn, sem veitti gerðarviðurkenninguna, sannprófi að framleiddir hreyflar séu í samræmi við viðurkennda gerð eða safn skyldra hreyfla. Þetta skal sannprófa innan sex mánaða frá þeim degi sem farið er fram á það.

4. Þurfi Vinnueftirlit ríkisins að grípa til aðgerða skv. 2. mgr. skal það tilkynna það viðurkenningaraðilum í öðrum aðildarríkjum, sbr. 4. mgr. 5. gr.

11. gr.

Refsiákvæði.

Brot á reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

12. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á reglum þessum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

V. KAFLI

Gildistaka.

13. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr., og 34., 35., 38. og 47. gr. laga, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins til innleiðingar á tilskipun 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum sem vísað er til í 1. lið XXIV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 115/1999.

Viðaukar II-V við tilskipun 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum sem vísað er til í reglum þessum skulu öðlast gildi hér á landi. Um birtingu þeirra vísast til EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB, nr. 60, 7. hluta, 21. desember 2000.

14. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. *II. áfangi gerðarviðurkenninga (hreyfilflokkar: F, G).* Vinnueftirlit ríkisins skal synja um veitingu gerðarviðurkenningar fyrir gerð hreyfils eða safn skyldra hreyfla og um útgáfu vottorðs um gerðarviðurkenningu, sbr. VI. viðauka, sem og annarra gerðarviðurkenninga fyrir færanlegar vélar sem eru útbúnar hreyfli og eru ekki notaðar á vegum sem hér segir:

- F: eftir 31. desember 2001 fyrir hreyfla með afköst: $75 \text{ kW} \leq P < 130 \text{ kW}$,
- G: eftir 31. desember 2002 fyrir hreyfla með afköst: $37 \text{ kW} \leq P < 75 \text{ kW}$,

fullnægi hreyfillinn ekki þeim skilyrðum sem tilgreind eru í þessum reglum og ef losun mengandi lofttegunda og agna frá hreyflinum er ekki í samræmi við viðmiðunargildin í töflu í lið 4.2.3 í I. viðauka.

2. *Skráning, markaðssetning og framleiðsludagur hreyfils.* Að undanskildum vélum og hreyflum sem ætlaðir eru til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins er skráning og markaðssetning nýrra hreyfla einungis heimil eftir eftirfarandi dagsetningar ef þeir fullnægja skilyrðum þessara reglna og einungis ef hreyfillinn hefur verið viðurkenndur í samræmi við einn af hreyfilflokkum A, B, C, D, E, F eða G.

II. áfangi

- flokkur D: 31. desember 2000
- flokkur E: 31. desember 2001
- flokkur F: 31. desember 2002
- flokkur G: 31. mars 2003

3. Vinnueftirliti ríkisins er heimilt að seinka dagsetningum í 2. mgr. fyrir hvern flokk um tvö ár að því er varðar hreyfla sem voru framleiddir fyrir dagsetningarnar. Ofangreind tímamörk gilda hvorki um hreyfla fyrir heralfa né hreyfla sem Vinnueftirlit ríkisins hefur veitt undanþágu skv. 4. mgr. þessa ákvæðis.

4. Vinnueftirliti ríkisins er heimilt, að ósk framleiðanda, að veita undanþágu frá tímamörkum 2. mgr. í allt að 12 mánuði fyrir afgangshreyfla sem enn eru til birgðir af, eða að því er varðar hreyfla fyrir færanlegar vélar sem ekki eru notaðar á vegum, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a. framleiðandi skal leggja inn umsókn hjá þeim viðurkenningaraðila sem viðurkenndi samsvarandi gerð eða gerðir hreyfla eða safn skyldra hreyfla fyrir ofangreind tímamörk,
- b. umsókn framleiðandans skal innihalda skrá, sbr. 3. mgr. 7. gr., um þá nýju hreyfla sem ekki eru markaðssettir innan tímamarkanna. Að því er varðar hreyfla, sem í fyrsta sinn falla undir gildissvið þessara reglna, skal hann senda umsókn sína til viðurkenningaraðila þar sem hreyflarnir eru geymdir,
- c. í umsókninni skulu teknar fram þær tæknilegu og/eða efnahagslegu ástæður sem hún byggist á,
- d. hreyflarnir skulu vera í samræmi við gerð hreyfla eða safn skyldra hreyfla sem gerðarviðurkenning gildir ekki lengur um eða sem þurftu ekki gerðarviðurkenningu áður, en sem hafa verið framleiddir í samræmi við tímamörkin,
- e. hreyflarnir skulu hafa verið geymdir innan Evrópska efnahagssvæðisins innan tímamarkanna,
- f. hámarksfjöldi nýrra hreyfla af einni eða fleiri gerðum, sem markaðssettir eru í hverju aðildarríki samkvæmt undanþágu þessari, má ekki vera meiri en 10% nýrra hreyfla af öllum viðkomandi gerðum sem markaðssettir voru í því aðildarríki árið áður.

5. Samþykki Vinnueftirlit ríkisins umsóknina um undanþágu skv. 4. mgr. skal það útfylla samræmisvottorð með sérstakri færslu fyrir hvern hreyfil sem um er að ræða. Það skal

enn fremur halda skrá yfir veittar undanþágur þar sem ástæður þeirra eru tilgreindar og tilkynna viðurkenningaraðilum í öðrum aðildarríkjum um það innan mánaðar ásamt ástæðum hennar.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. september 2001.

Páll Pétursson.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

I. VIÐAUKI

Gildissvið, skilgreiningar, tákni og skammstafanir, merking hreyfla, forskriftir og prófanir, forskriftir vegna mats á samræmi framleiðslu, færribreytur sem skilgreina safn skyldra hreyfla og val á stofnhreyfli.

1. GILDISSVIÐ

Reglur þessar gilda um hreyfla sem setja skal í færnanlegar vélar sem ekki eru notaðar á vegum.

Reglur þessar gilda ekki um hreyfla sem notaðir eru til þess að knýja:

- ökutæki eins og þau eru skilgreind í gildandi reglugerð um skráningu ökutækja og í tilskipunum 70/156/EBE og 92/61/EBE,
- landbúnaðardráttarvélar eins og þær eru skilgreindar í gildandi reglugerð um skráningu ökutækja og í tilskipun 74/150/EBE.

Til að falla undir gildissvið þessara reglna verða hreyflar auk þess að vera settir í vélar sem uppfylla eftirfarandi sérkröfur:

- A. Gerðar til og færar um að hreyfa sig úr stað eða vera færðar eftir jörðinni, á vegum eða utan þeirra, og eru með þrýstikveikjuhreyfli með nettóafli í samræmi við lið 2.4 þessa viðauka sem er meira en 18 kW en ekki meira en 560 kW og eru keyrðar á breytilegum hraða frekar en einum stöðugum hraða.

Vélar með hreyfla, sem falla undir gildissvið þessara reglna taka m.a. til:

- borvéla, þjappna o.fl., notaðar við iðnað,
- verktakavéla, þar með taldar t.d. hjólaskóflur, jarðýtur, beltadráttarvélar, beltaskóflur, námubifreiðar og vökvagröfur,
- landbúnaðartækja og jarðtætara,
- skógræktartækja,
- sjálfknúinna landbúnaðarökutækja (að undanskildum þeim tegundum dráttarvéla sem lýst er hér að ofan),
- tækja til efnismeðhöndlunar,
- gaffallyftara,
- véla til vegaviðgerða (vegheflar, valtarar, malbikunarvélar),

- snjóplóga,
- þjónustuökutækja í flughöfnum,
- lyfta,
- færanlega lyftikrana.

Reglur þessar gilda ekki um:

- B. skip
- C. eimreiðar
- D. loftför
- E. rafalásamstæður.

2. SKILGREININGAR, TÁKN OG SKAMMSTAFANIR

Í þessum reglum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 2.1. *þrýstikveikjuhreyfill*: hreyfill sem notar þrýstikveikju (t.d. dísilhreyfill);
- 2.2. *mengandi lofttegundir*: kolsýringur, kolvatnsefni (að því gefnu að hlutfallið sé $C_1 : H_{1,85}$) og köfnunarefnisoxíð, það síðastnefnda gefið upp sem niturdíoxíðjafngildi;
- 2.3. *mengandi agnir*: allt efni sem safnað er með tilteknu síuefni eftir að útblástursloft úr dísilhreyfli hefur verið þynnt með hreinu síuðu lofti þannig að hitastigið er ekki hærra en 325 K (52°C);
- 2.4. *nettóafl*: aflið, í „EBE kW“, sem fæst á prófunarbekk við enda sveifaráss eða því sem samsvarar honum, mælt í samræmi við aðferð EBE við mælingar á afli brunahreyfla ökutækja sem er sett fram í tilskipun 80/1269/EBE, að öðru leyti en því að afl kæliviftu vélar er undanskilið og aðstæður við prófun og viðmiðunareldsneyti skulu vera eins og tilgreint er í reglum þessum;
- 2.5. *nafnhraði*: mesti hraði við fullt álag sem gangráður leyfir eins og tilgreint er af framleiðanda;
- 2.6. *álag í hundradshlutum*: sá hluti af tiltæku snúningsvægi sem næst við ákveðinn snúningshraða hreyfils;
- 2.7. *hraði hreyfils við mesta snúningsvægi*: sá snúningshraði hreyfils þegar hámarkssnúningsvægi fæst frá hreyflinum, eins og tilgreint er af framleiðanda;
- 2.8. *millihraði*: sá snúningshraði hreyfils sem uppfyllir eina af eftirfarandi kröfum:
 - að því er varðar hreyfla sem ætlað er að starfa á mismunandi snúningshraða á ferli snúningsvægis undir fullu álagi, er millihraðinn tilgreindur hraði hreyfilsins við mesta snúningsvægi ef hann er á milli 60 og 75% af nafnhraða,
 - ef tilgreindur hraði hreyfilsins við mesta snúningsvægi er minni en 60% af nafnhraða, þá er millihraðinn 60% af nafnhraða,
 - ef tilgreindur hraði hreyfilsins við mesta snúningsvægi er meiri en 75% af nafnhraða skal millihraðinn vera 75% af nafnhraða.

2.9. Tákn og skammstafanir

2.9.1. Tákn fyrir prófunarfæribreytur

Tákn	Eining	Heiti
A_p	m^2	Þversniðsflatarmál jafnstreymisnema fyrir sýnatöku
A_T	m^2	Þversniðsflatarmál útblástursrörs
aver	m^3/h kg/h	Vegin meðalgildi fyrir: – runa (volume flow) – massastreymi
C1	–	Kolvatnsefni sem er jafngilt einni kolefnisfrumeind
conc	ppm Vol%	Styrkur (með þann efnisþátt, sem gefur nafn, sem viðskeyti)
conc _c	ppm Vol%	Bakgrunnsleiðréttur styrkur
conc _d	ppm Vol%	Styrkur þynningarlofts
DF	–	Þynningarstuðull
f_a	–	Stuðull fyrir andrúmsloft í rannsóknarstofu
F_{FH}	–	Eldsneytissértækur stuðull sem notaður er við útreikning hlutfalls vetnis og kolefnis í röku efni á móti þurru
G_{AIRW}	kg/h	Massastreymi innsogslofts, miðað við rakt efni
G_{AIRD}	kg/h	Massastreymi innsogslofts, miðað við þurrt efni
G_{DILW}	kg/h	Massastreymi þynningarlofts, miðað við rakt efni
G_{EDFW}	kg/h	Ígildi massastreymis þynnts útblásturslofts, miðað við rakt efni
G_{EXHW}	kg/h	Massastreymi útblásturslofts, miðað við rakt efni
G_{FUEL}	kg/h	Massastreymi eldsneytis
G_{TOTW}	kg/h	Massastreymi þynnts útblásturslofts, miðað við rakt efni

<i>Tákn</i>	<i>Eining</i>	<i>Heiti</i>
H_{REF}	g/kg	Viðmiðunargildi algildisraka 10,71 g/kg til útreiknings á rakaleiðréttingastuðlum fyrir NO_x og agnir
H_a	g/kg	Rakamagn innsogslofts
H_d	g/kg	Rakamagn þynningarlofts
i	–	Tala sem vísar til einnar lotu
K_H	–	Rakaleiðréttingarstuðull fyrir NO_x
K_p	–	Rakaleiðréttingarstuðull fyrir agnir
$K_{W,a}$	–	Leiðréttingastuðull vegna innsogslofts, frá þurru yfir í rakt efni
$K_{W,d}$	–	Leiðréttingastuðull vegna þynningarlofts, frá þurru yfir í rakt efni
$K_{W,e}$	–	Leiðréttingastuðull vegna þynnts útblásturslofts, frá þurru yfir í rakt efni
$K_{W,r}$	–	Leiðréttingastuðull vegna óþynnts útblásturslofts, frá þurru yfir í rakt efni
L	%	Snúningsvægi tilgreint sem hundraðshluti hraða hreyfils við mesta snúningsvægi við prófunarhraða
$mass$	g/h	Tala sem vísar til massastreymis losunar
M_{DIL}	kg	Massi sýnis þynningarlofts sem gengur í gegnum agnasíuna
M_{SAM}	kg	Massi sýnis þynnts útblásturslofts sem fer í gegnum agnasíuna
M_d	mg	Massi sýnis agna úr þynningarlofti
M_f	mg	Massi sýnis agna
P_a	kPa	Mettaður gufuþrýstingur innsogslofts hreyfils (ISO 3046: $p_{sy} = PSY$ prófunaraðstæður)
p_B	kPa	Heildarloftþrýstingur (ISO 3046: $P_x = PX$ heildarþrýstingur við staðaraðstæður $P_y = PY$ heildarþrýstingur við prófunaraðstæður)
p_d	kPa	Mettunareimþrýstingur þynningarloftsins
p_s	kPa	Þurr loftþrýstingur
P	kW	Hemlaafl, óleiðrétt

<i>Tákn</i>	<i>Eining</i>	<i>Heiti</i>
P_{AE}	kW	Tilgreint heildarafl sem aukabúnaður, sem tengdur er fyrir prófunina en sem ekki er krafist samkvæmt 2.4. mgr. þessa viðauka, tekur til sín
P_M	kW	Hámarksorka sem mælist við prófunarhraða við prófunaraðstæður (sjá 1. viðbæti við VI. viðauka)
P_m	kW	Afl mælt í mismunandi prófunarþáttum
q	–	Þynningarhlutfall
r	–	Hlutfall þversniðsflatarmáls jafnstreymisnema og útblástursrörs
R_a	%	Hlutfallslegur raki innsogslofts
R_d	%	Hlutfallslegur raki þynningarlofts
R_f	–	FID-svörunarstuðull
S	kW	Stilling aflmælis
T_a	K	Algilt hitastig innsogslofts
T_D	K	Algilt hitastig við daggarmörk
T_{ref}	K	Viðmiðunarhitastig (brunalofts: 298 K)
V_{AIRD}	m ³ /h	Runi innsogslofts, miðað við þurrt efni
V_{AIRW}	m ³ /h	Runi innsogslofts, miðað við rakt efni
V_{DIL}	m ³	Rúmmál sýnis þynningarlofts sem fer í gegnum agnasíuna
V_{DILW}	m ³ /h	Runi þynningarlofts, miðað við rakt efni
V_{EDFW}	m ³ /h	Jafngildi runa þynnts útblásturslofts, miðað við rakt efni
V_{EXHD}	m ³ /h	Runi útblásturslofts, miðað við þurrt efni
V_{EXHW}	m ³ /h	Runi útblásturslofts, miðað við rakt efni
V_{SAM}	m ³	Rúmmál sýnis sem fer í gegnum agnasíuna
V_{TOTW}	m ³ /h	Runi þynnts útblásturslofts, miðað við rakt efni
WF	–	Vogtala
WF_E	–	Virk vogtala

2.9.2. Tákn fyrir efnafræðilega þætti

CO	Kolsýringur
CO ₂	Koltvísýringur
HC	Kolvatnsefni
NO _x	Köfnunarefnisoxíð
NO	Köfnunarefnisoxíð
NO ₂	Niturdíoxíð
O ₂	Súrefni
C ₂ H ₆	Etan
PT	Agnir
DOP	Díoktýlþalat
CH ₄	Metan
C ₃ H ₈	Própan
H ₂ O	Vatn
PTFE	Pólýtetraflúretýlen

2.9.3. Skammstafanir

FID	Logajónunarnemi
HFID	Hitaður logajónunarnemi
NDIR	Ódreifinn innroðagreininir
CLD	Efnaljómunarnemi
HCLD	Hitaður efnaljómunarnemi
PDP	Ruðningsdæla
CFV	þrengsli (venturi-rör) með markstreymi (critical flow)

3. MERKING HREYFLA

3.1. Hreyfill, sem samþykktur er sem tæknieining, skal merktur með:

3.1.1. vörunerki eða viðskiptaheiti framleiðanda hreyfilsins;

3.1.2. gerð hreyfils, safni skyldra hreyfla (ef við á), og sérstöku kenninúmeri hreyfilsins;

3.1.3. EB-gerðarviðurkenningarnúmeri eins og lýst er í VII. viðauka.

- 3.2. Merkingar þessar skulu endast endingartíma hreyfils og skulu vera auðsæjar og óafmáanlegar. Ef merkimiðar eða -plötur eru notaðar skulu þær vera festar á þann hátt að festiefni þeirra endist endingartíma hreyfilsins og að ekki sé unnt að fjarlægja merki-miðana/-plöturnar án þess að eyðileggja þær eða gera þær ólæsilegar.
- 3.3. Merkingar þessar skulu festar við einhvern hreyfilhluta sem er nauðsynlegur við eðlilega notkun hreyfilsins og sem að öllu jöfnu þarf ekki að endurnýja svo lengi sem hreyfillinn endist.
 - 3.3.1. Merkingum þessum skal vera þannig fyrir komið að venjulegt fólk komi auðveldlega auga á þær eftir að hreyfillinn hefur verið settur saman með öllum þeim aukabúnaði sem nauðsynlegur er fyrir notkun hans.
 - 3.3.2. Hverjum hreyfli skal fylgja færarleg aukamerkiplata úr endingargóðu efni sem á skulu vera allar þær upplýsingar sem tilteknar eru í lið 3.1 þessa viðauka og sem skal, ef þörf krefur, staðsetja þannig að venjulegt fólk komi auðveldlega auga á merkingarnar sem um getur í lið 3.1 og að þær séu aðgengilegar eftir að hreyflinum hefur verið komið fyrir í vél.
- 3.4. Kótun hreyflanna skal vera á þann veg að ásamt kenninúmerunum geri hún kleift að ákvarða megi framleiðsluröðina á ótvíræðan hátt.
- 3.5. Hreyflarnir skulu bera allar merkingar áður en framleiðsluferlinu lýkur.
- 3.6. Nákvæm staðsetning hreyflamerkinganna skal gefin upp í 1. lið VI. viðauka.

4. FORSKRIFTIR OG PRÓFANIR

4.1. Almenn.

Íhluta, sem hafa áhrif á losun mengandi lofttegunda og agna, skal hanna, smíða og setja saman þannig að við eðlilega notkun og þrátt fyrir hugsanlegan titring uppfylli hreyfillinn ákvæði þessara reglna.

Framleiðandinn skal gera þær tæknilegu ráðstafanir sem þarf til að tryggja að áður-nefnd losun sé takmörkuð í reynd, samkvæmt þessum reglum, á endingartíma hreyfils og við eðlilegar notkunaraðstæður. Þessum ákvæðum telst fullnægt ef ákvæðum liða 4.2.1, 4.2.3 og 5.3.2.1 þessa viðauka hvers um sig er fullnægt.

Ef hvarfakútur og/eða agnasía er notuð skal framleiðandinn sanna, með endingarprófun sem hann má sjálfur framkvæma í samræmi við góðar starfsvenjur í verkfræði og með hjálp tilheyrandi skýrslna, að vænta megi að þessi eftirmeðferðartæki starfi á réttan hátt á endingartíma hreyfilsins. Skýrslurnar skal færa í samræmi við kröfur samkvæmt lið 5.2 þessa viðauka og sérstaklega lið 5.2.3. Viðskiptavininn ber að veita samsvarendi ábyrgð. Kerfisbundin endurnýjun tækisins eftir ákveðinn keyrslutíma hreyfilsins er leyfileg. Öll reglubundin aðlögun, viðgerð, sundurtekt, hreinsun eða endurnýjun hreyfilsíhluta eða -kerfa, sem fram fer til að koma í veg fyrir gangtruflanir

hreyfilsins í tengslum við eftirmeðferðartækin, skal einungis framkvæmd að svo miklu leyti sem það er tæknilega nauðsynlegt til að tryggja rétta starfsemi mengunarvarnarkerfisins. Þar af leiðandi skal föst viðhaldsáætlun sett fram í notendahandbókinni, hún skal falla undir áðurnefndar ábyrgðir og vera samþykkt áður en viðurkenning er veitt. Samsvarandi útdráttur úr handbókinni sem varðar viðgerð/endurnýjun meðferðartækjanna og ábyrgðarskilyrðin skal settur í upplýsingaskjalið sem tilgreint er í II. viðauka.

4.2. Forskriftir varðandi losun mengunarefna.

Þær mengandi lofttegundir og agnir sem hreyfill, sem sendur hefur verið inn til prófunar, gefur frá sér skulu mældar samkvæmt þeim aðferðum sem lýst er í V. viðauka.

Unnt er að viðurkenna önnur kerfi eða greiningartæki ef þau gefa sams konar niðurstöður og eftirfarandi viðmiðunarkerfi:

- að því er varðar mengandi lofttegundir mældar í óþynntu útblásturslofti, kerfið sem lýst er í mynd 2 í V. viðauka,
- að því er varðar losun lofttegunda mælda í þynntu útblásturslofti þynningarkerfis fyrir heildarstreymi, kerfið sem lýst er í mynd 3 í V. viðauka,
- að því er varðar mengandi agnir, kerfi fyrir heildarstreymi þynnts útblásturslofts, annaðhvort með sérstakri síu fyrir hvern prófunarþátt eða með einni síu, eins og lýst er á mynd 13 í V. viðauka.

Ákvörðun um jafngildi kerfa skal byggð á rannsókn með lotu af sjö prófunum (eða fleirum) þar sem kerfið, sem er í athugun, er borið saman við eitt eða fleiri af áðurnefndum viðmiðunarkerfum.

Viðmiðunin fyrir jafngildi er skilgreind sem $\pm 5\%$ samræmi á milli meðaltals veginna losunargilda úr prófunarlotunni. Lotan sem nota skal er sú sem gefin er upp í lið 3.6.1 í III. viðauka.

Við upptöku nýs kerfis í reglurnar skal ákvörðun um jafngildi vera byggð á útreikningum á endurtekningarnákvæmni og samanburðarnákvæmni, eins og lýst er í ISO 5725.

4.2.1. Losun kolsýrings, kolvatnsefna, köfnunarefnisoxíða og agna skal, í fyrsta áfanga, ekki vera meiri en gildin sem sýnd eru í töflunni fyrir neðan:

Nettóafli (P) (kW)	Kolsýringur (CO) (g/kWh)	Kolvatnsefni, (HC) (g/kWh)	Köfnunarefnisoxíð (NO _x) (g/kWh)	Agnir (PT) (g/kWh)
130 ≤ P ≤ 560	5,0	1,3	9,2	0,54
75 ≤ P < 130	5,0	1,3	9,2	0,70
37 ≤ P < 75	6,5	1,3	9,2	0,85

4.2.2. Losunarmörkin, sem gefin eru í lið 4.2.1 þessa viðauka, eru mæld beint í vélinni og skal þeim náð áður en eftirmeðferðartæki vegna útblásturs eru notuð.

4.2.3. Losun kolsýrings, kolvatnsefna, köfnunarefnisoxíða og agna skal, í öðrum áfanga, ekki vera yfir gildunum sem sýnd eru í töflunni hér fyrir neðan:

Nettóafli (P) (kW)	Kolsýringur (CO) (g/kWh)	Kolvatnsefni, (HC) (g/kWh)	Köfnunarefnis- oxíð (NO _x) (g/kWh)	Agnir (PT) (g/kWh)
130 ≤ P ≤ 560	3,5	1,0	6,0	0,2
75 ≤ P < 130	5,0	1,0	6,0	0,3
37 ≤ P < 75	5,0	1,3	7,0	0,4
18 ≤ P < 37	5,5	1,5	8,0	0,8

4.2.4. Þegar eitt safn skyldra hreyfla fellur undir fleiri en eitt aflsvið, eins og það er skilgreint skv. 2. viðbæti við II. viðauka, verða losunargildi stofnhreyfilsins (gerðarviðurkenning) og allra hreyflagerða innan sama safns (samræmi framleiðslu) að standast strangari kröfur sem gerðar eru til herra aflsviðs. Umsækjandinn hefur frelsi til þess að takmarka skilgreiningu á safni skyldra hreyfla við eitt aflsvið og til að sækja um útgáfu vottorðs í samræmi við það.

4.3. Ísetning í færnanlegar vélar.

Uppsetning hreyfla í færnanlegar vélar skal hlíta þeim takmörkunum sem settar eru í gerðarviðurkenningunni. Þar að auki verða eftirtalin skilyrði alltaf að vera uppfyllt að því er viðurkenninguna varðar:

- 4.3.1. undirþrýstingur í inntaki skal ekki vera meiri en sá sem tilgreindur er fyrir viðurkenndan hreyfil í 1. og 3. viðbæti við II. viðauka;
- 4.3.2. bakþrýstingur útblásturs skal ekki vera meiri en sá sem tilgreindur er fyrir viðurkenndan hreyfil í 1. og 3. viðbæti II. viðauka.

5. FORSKRIFTIR VEGNA MATS Á SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU

5.1. Að því er varðar sannprófun á því hvort fullnægjandi vinnutilhögun og aðferðir séu fyrir hendi til að tryggja skilvirkt eftirlit með samræmi framleiðslu áður en gerðarviðurkenning er veitt skal viðurkenningaraðili einnig samþykka að skráning framleiðandans, samkvæmt samhæfða staðlinum EN 29002 (en gildissvið hans nær yfir hreyflana sem um ræðir) eða jafngildum viðurkenningarstaðli, uppfylli kröfurnar. Framleiðandinn skal leggja fram sundurliðaðar upplýsingar um skráninguna og taka að sér að tilkynna viðurkenningaraðilanum um alla endurskoðun á gildistíma eða gildissviði hennar. Í því skyni að sannprófa að kröfum liðar 4.2. þessa viðauka sé fylgt að staðaldri skal viðeigandi eftirlit með framleiðslunni fara fram.

5.2. Handhafi viðurkenningarinnar skal einkum og sér í lagi:

5.2.1. tryggja að aðferðir til skilvirks eftirlits með gæðum vörunnar séu fyrir hendi;

- 5.2.2. hafa aðgang að þeim prófunarbúnaði sem nauðsynlegur er til að hafa eftirlit með samræmi við hverja viðurkennda gerð;
- 5.2.3. ganga úr skugga um að niðurstöður prófana séu skráðar og að meðfylgjandi skjöl séu tiltæk á tilteknu tímabili sem ákveðið er með samkomulagi við viðurkenningaraðila sem veitti gerðarviðurkenningu;
- 5.2.4. greina niðurstöður úr hverri tegund prófunar til að sannprófa og tryggja stöðugleika að því er lýtur að eiginleikum hreyfilsins, að teknu tilliti til frávika vegna fjöldaframleiðslu;
- 5.2.5. tryggja að öll úrtakseintök (sýnishorn) hreyfla eða íhluta, sem gefa vísbendingu um ósamræmi í tiltekinni prófun, leiði til frekari sýnatöku og prófunar. Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til að samræmi við samsvarandi framleiðslu komist á að nýju.
- 5.3. Hafi Vinnueftirlit ríkisins veitt gerðarviðurkenningu, er því hvenær sem er heimilt að sannprófa þær aðferðir sem notaðar eru til eftirlits með samræmi hversrar framleiðslueiningar.
- 5.3.1. Prófunargögn og -skýrslur skulu látnar skoðunarmanni í té við allar skoðanir.
- 5.3.2. Ef gæðin eru ófullnægjandi eða nauðsynlegt virðist að sannprófa gildi gagnanna, sem lögð voru fram í samræmi við lið 4.2 þessa viðauka, skal eftirfarandi málsmeðferð viðhöfð:
- 5.3.2.1. hreyfill er valinn úr framleiðsluröðinni og látinn gangast undir prófunina sem lýst er í III. viðauka. Losun kolsýrings, kolvatnsefna, köfnunarefnisoxíða og agna skal ekki vera yfir þeim gildum sem sýnd eru í töflu í lið 4.2.1 þessa viðauka, samanber þó kröfurnar í lið 4.2.2, eða yfir þeim gildum sem sýnd eru í töflu í lið 4.2.3;
- 5.3.2.2. ef hreyfillinn, sem valinn var úr framleiðsluröðinni, stenst ekki kröfur samkvæmt lið 5.3.2.1 þessa viðauka getur framleiðandinn farið fram á að mælingar verði gerðar á úrtaki af hreyflum eftir sömu forskrift sem koma úr sömu framleiðsluröð og hreyfillinn, sem prófanirnar voru upphaflega gerðar á, skal vera þar á meðal. Framleiðandinn ákveður stærð úrtaksins í samráði við tækniþjónustuna. Hreyflarnir, nema sá sem upphaflega var prófaður, skulu gangast undir prófun. Hreint meðaltal (\bar{x}) niðurstaðnanna sem úrtakið gefur skal ákveðið fyrir hvert mengunarefni. Framleiðsluröðin skal þá teljast í samræmi ef eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:

$$\bar{x} + k \cdot S_t \leq L \quad (1)$$

þar sem:

L er viðmiðunargildið sem kveðið er á um í lið 4.2.1/4.2.3 þessa viðauka fyrir hvert mengunarefni sem athugað er,

$$(1) \quad s_t^2 = \sum \frac{(x - \bar{x})^2}{n - 1} \quad \text{þar sem } x \text{ er einhver þeirra einstöku niðurstaðna sem fengust með úrtaki } n.$$

k er tölfræðilegur stuðull sem ákvarðast af n og er gefinn upp í eftirfarandi töflu:

n	2	3	4	5	6	7	8	9	10
k	0,973	0,613	0,489	0,421	0,376	0,342	0,317	0,296	0,279
n	11	12	13	14	15	16	17	18	19
k	0,265	0,253	0,242	0,233	0,224	0,216	0,210	0,203	0,198

$$\text{ef } n \geq 20, k = \frac{0,860}{\sqrt{n}}$$

- 5.3.3. Vinnueftirlit ríkisins sem viðurkenningaraðili eða tækniþjónusta, sem ber ábyrgð á að sannprófa samræmi framleiðslu, skal gera prófanir á hreyflum sem, samkvæmt forskrift framleiðandans, hafa verið tilkeyrðir að hluta eða öllu leyti.
- 5.3.4. Skoðun, sem Vinnueftirlit ríkisins heimilar, skal að öllu jöfnu fara fram einu sinni á ári. Ef kröfum samkvæmt lið 5.3.2 þessa viðauka er ekki fullnægt skal Vinnueftirlit ríkisins gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samræmi framleiðslunnar komist á að nýju svo fljótt sem verða má.

6. FÆRIBREYTUR SEM SKILGREINA SAFN SKYLDRA HREYFLA

Unnt er að skilgreina safn skyldra hreyfla með grunnhönnunarfæribreytum sem verða að vera þær sömu fyrir alla hreyfla innan safnsins. Í ákveðnum tilfellum getur verið um milliverkun færíbreytna að ræða. Taka verður þessi áhrif með í reikninginn til að tryggja að einungis hreyflar með álíka útblásturseinleika séu settir í sama safn.

Til að hreyflar geti talist til sama safns verða eftirtaldar grunnfæribreytur að vera þeim sameiginlegar:

- 6.1. Vinnuhringur:
- tvígengi
 - fjörgengi
- 6.2. Kælimiðill:
- loft
 - vatn
 - olía
- 6.3. Færsla einstakra strokka:
- heildarniðurstöður fyrir hreyflana mega dreifast innan 15% marka
 - fjöldi strokka fyrir vélar með eftirmeðferðartæki

- 6.4. Loftinnsogaðferð:
- innsog
 - þrýstingsstjórnun
- 6.5. Gerð/hönnun brunahólfs:
- forhitun
 - hvirfilhólf
 - opið hólf
- 6.6. Ventlar og gáttir – uppsetning, stærð og fjöldi:
- strokklok
 - strokkveggur
 - sveifarhús
- 6.7. Eldsneytiskerfi:
- dælueining í raðolíuverki
 - raðolíuverk
 - deiliolíuverk
 - einstök eining
 - sambyggður innsprautunarloki
- 6.8. Ýmiss konar búnaður:
- útblástursendurhringrás
 - vatnsinnspýting/-ýring
 - loftinnspýting
 - kælikerfi hleðslulofts
- 6.9. Eftirmeðferð útblásturslofts
- oxunarhvati
 - afoxunarhvati
 - hitahvarfrými
 - agnasía

7. VAL STOFNHREYFILLS

- 7.1. Við val á stofnhreyfli safnsins skal meginviðmiðunin vera mesta eldsneytisskömmun á hvert slag við tilgreint hámarkssnúningsvægi. Í þeim tilfellum þegar tveir eða fleiri hreyflar hafa til að bera þessa meginviðmiðun skal stofnhreyfill valinn samkvæmt viðbótarviðmiðun um mestu eldsneytisnotkun á hvert slag á nafnhraða. Við tiltekna aðstæður getur Vinnueftirlit ríkisins sem viðurkenningaraðili ákveðið að besta leiðin til að greina mestu hugsanlegu losun í hópnum sé að prófa annan hreyfil. Því getur Vinnueftirlit ríkisins valið annan hreyfil til prófunar út frá einkennum sem benda til þess að hann mengi hugsanlega mest allra hreyfla í því safni.
- 7.2. Ef hreyflar innan safnsins hafa önnur einkenni sem gætu talist hafa áhrif á losun skulu þau skilgreind og tekin með í reikninginn við val á stofnhreyfli.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Stykkishólms.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 og reglugerð nr. 869/1999, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Stykkishólms, nr. 261, 21. mars 2001, er taki gildi við birtingu:

Gjaldskrá Hitaveitu Stykkishólms, nr. 261, 21. mars 2001, breytist þannig:

2. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er kr. 97,50 fyrir hvern rúmmetra vatns.

3. gr.

Greiða skal mánaðarlegt fastagjald:

- | | | |
|---------------------|-----|------|
| a) Af íbúðarhúsnæði | kr. | 438 |
| b) Af öðru húsnæði | kr. | 2148 |

Iðnaðarráðuneytinu, 12. september 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 888/1999 fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

7. gr. orðast svo:

Við háskólann starfar fagráð sem skal vera rektor og háskólaráði til ráðgjafar um fagleg málefni og innra starf háskólans. Í fagráði sitja auk rektors, sem er formaður ráðsins, framkvæmdastjórnar, deildarforsetar háskólans og forstöðumenn kennslusviðs, rannsókn- og alþjóðasviðs og upplýsingasviðs. Rektor boðar til fagráðsfunda eftir þörfum. Háskólaráð og rektor geta leitað umsagnar fagráðs um hvað eina er varðar starfsemi skólans og þróun hans. Fagráð skal jafnframt vera samstarfsvettvangur deilda og stofnana skólans. Ákvarðanir fagráðs eru ekki bindandi fyrir háskólaráð.

2. gr.

Reglur þessar eru samþykktar á grundvelli laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri. Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri, 14. september 2001.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

*Hermann Óskarsson,
varaforseti háskólaráðs.*

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 6. mars og 19. júní 2001 breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 17. september 2001.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

Hafðís Hafliðadóttir skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.

AUGLÝSING

um deiliskipulag miðsvæðis við Bæjarbraut milli Silfurtúns og Mýra í Garðabæ.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 21. ágúst 2001 tillögu að deiliskipulagi miðsvæðis við Bæjarbraut milli Silfurtúns og Mýra. Í deiliskipulaginu felst m.a. að lóðastærðum er breytt, afmarkaður er byggingarreitur fyrir nýbyggingu á lóð skáta og notkun útivistarsvæðis er skilgreind.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 20. september 2001.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 24. apríl 2001 tillögu að deiliskipulagi við Vatnsnesveg í Keflavík, Reykjanesbæ. Tillagan nær til reits sem afmarkast af Vatnsnesvegi, Suðurgötu, Heiðarvegi og Sólvallagötu.

Á lóðinni Vatnsnesvegi 29 er gert ráð fyrir fjölbýlishúsi, 6¹/₂ hæð, með allt að 25 íbúðum. Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 20. september 2001.

Ellert Eiríksson bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli:

Fyrir hvern mínútulíttra á ári 20.400,00 (23.256,00) kr.

Fyrir hvern mínútulíttra á dag 55,89 (63,72) kr.

Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli pr. tonn:

Til húshitunar 57,25 (65,27) kr. pr. tonn

Til annarra nota 57,25 (71,28) kr. pr. tonn

Til iðnaðar, sem verulegur hluti framleiðslukostnaðar.. 31,50 (39,22) kr. pr. tonn

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) Fyrir mæla eða hemla allt að 3/4" 300,00 (342,00/ 373,50) kr.

kr. pr. dag 9,8630 (11,24/ 12,28) kr.

b) Fyrir mæla eða hemla 1" - 2" 600,00 (684,00/ 747,00) kr.

kr. pr. dag 19,7260 (22,49/ 24,56) kr.

c) Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri 1.200,00 (1.368,00/ 1.494,00) kr.

kr. pr. dag 39,4520 (44,98/ 49,12) kr.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

*Rúmmál húss**utanmál (m³)**Heimæðargjald*

Allt að 400	kr. 100.000,00	(114.000,00)		
400- 2000	kr. 100.000,00	(114.000,00)	fyrir	400 m ³ + 81,60 (93,02) kr./m ³ þar yfir.
2000- 6000	kr. 230.600,00	(262.884,00)	fyrir	2000 m ³ + 67,10 (76,50) kr./m ³ þar yfir.
6000-10000	kr. 499.000,00	(568.860,00)	fyrir	6000 m ³ + 59,40 (67,72) kr./m ³ þar yfir.
Yfir 10000	kr. 736.500,00	(839.610,00)	fyrir	10000 m ³ + 51,65 (58,88) kr./m ³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða 12.400,00 (14.136,00) kr.
í aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjalddaga og einnig er heimilt að veita lengri gjaldfrest sé ekki áformað að hita hluta húsnæðis. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, 3.000,00 (3.420,00) kr. hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, hita-gjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Virðisaukaskattur, 14,0%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar þar sem virðisaukaskatturinn er 24,5%. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf., sbr. lög nr. 10, 19. mars 2001 um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 646, 22. ágúst 2000.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. september 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir raforku.

RAFORKUGJÖLD.

A. Almennir taxtar.

A.1	Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:		
	Orkugjald	5,50	(6,85) kr./kWst
	Fastagjald	2.500,00	(3.112,50) kr./ár
A.11	Verð á rafmagni til heimilisnotkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:		
	Orkugjald	5,50	(6,85) kr./kWst
	Fastagjald	2.500,00	(3.112,50) kr./ár
A.3	Verð á rafmagni til endursölu í höfnum:		
	Orkugjald	4,75	(5,91) kr./kWst
	Fastagjald	2.500,00	(3.112,50) kr./ár
A.4	Verð á rafmagni til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A. 1 ef hagkvæmara þykir:		
	Orkugjald	4,10	(5,10) kr./kWst
	Fastagjald	10.000,00	(12.450,00) kr./ár
A.5	Verð á rafmagni til notkunar í brauðgerðum, tímaháður taxti. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A. 1 ef hagkvæmara þykir:		
	Orkugjald daggjald	5,50	(6,85) kr./kWst
	Orkugjald næturgjald	3,10	(3,86) kr./kWst
	Fastagjald	10.000,00	(12.450,00) kr./ár
A.6	Verð á rafmagni til samfelldrar notkunar, tímaháður taxti. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A. 1 ef hagkvæmara þykir:		
	Orkugjald lágverð	3,40	(4,23) kr./kWst
	Orkugjald miðverð	5,87	(7,31) kr./kWst
	Orkugjald háverð	13,38	(16,66) kr./kWst
	Fastagjald	116.277,00	(144.764,87) kr./ár

B. Afltaxtar.

B.1	Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:		
	Orkugjald vetur (október-apríl)	3,00	(3,74) kr./kWst
	Orkugjald sumar (maí-september)	1,50	(1,87) kr./kWst
	Fastagjald	10.000,00	(12.450,00) kr./kW/ár
	Aflgjald	8.000,00	(9.960,00) kr./kW/ár

Aflgjaldið greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki hitaveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni. Orkugjald miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

B.21 Verð á rafmagni til úti- og götulýsingar innan sveitarfélaganna, samkvæmt uppsettu afli:		
Aflgjald	15.500,00	(19.297,50) kr./kW/ár
Viðhaldsgjald	16.500,00	(20.542,50) kr./kW/ár
B.22 Verð á rafmagni til þjóðvegalýsingar Vegagerðar og önnur rofin útilýsing (t.d. bíla- stæði o.fl.), samkvæmt uppsettu afli:		
Aflgjald	19.000,00	(23.655,00) kr./kW/ár
Viðhaldsgjald	0,00	(0,00) kr./kW/ár
B.23 Verð á rafmagni, önnur órofin útilýsing, (magnarar í fjarskiptakerfum, umferðarljós o.fl.) samkvæmt uppsettu afli:		
Aflgjald	33.854,00	(42.148,23) kr./kW/ár
Viðhaldsgjald	0,00	(0,00) kr./kW/ár
B.24 Verð á rafmagni, önnur rofin útilýsing, með viðhaldsgjaldi og samkvæmt uppsettu afli:		
Aflgjald	19.000,00	(23.650,00) kr./kW/ár
Viðhaldsgjald	20.000,00	(24.900,00) kr./kW/ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

C. Hitun.

C.1 Órofin húshitun	5,50	(6,27) kr./kWst
C.2 Daghitun, húshitun rofin	3,60	(4,10) kr./kWst
C.3 Næturhitun, húshitun rofin	2,00	(2,28) kr./kWst
Fastagjald C. 1	2.500,00	(2.850,00) kr./ár
Fastagjald C. 2 og C. 3	9.000,00	(10.260,00) kr./ár

D. Rofnir taxtar.

Orkunotkun minni en 200.000 kWst á ári. Orkuafhending rofin allt að 2x2 klst. á dag innan roftímabils:

R.1 Rofið nóvember – febrúar:		
Orkugjald	3,00	(3,74) kr./kWst
Fastagjald	9.000,00	(11.205,00) kr./ár
R.11 Rofið janúar – febrúar:		
Orkugjald	3,28	(4,08) kr./kWst
Fastagjald	9.000,00	(11.205,00) kr./ár
R.12 Rafhitun. Rofið október – apríl:		
Orkugjald	3,00	(3,42) kr./kWst
Fastagjald	9.000,00	(10.260,00) kr./ár

Orkunotkun 200.000 kWst á ári eða meira. Orkuafhending rofin allt að 2x2 klst. á dag innan roftímabils:

R.2 Rofið nóvember – febrúar:		
Orkugjald vetur (október-apríl)	3,76	(4,68) kr./kWst
Orkugjald sumar (maí-september)	1,86	(2,32) kr./kWst
Fastagjald	9.000,00	(11.205,00) kr./ár

R.21 Rofið janúar – febrúar:

Orkugjald vetur (október-apríl)	4,25	(5,29) kr./kWst
Orkugjald sumar (maí-september)	1,86	(2,32) kr./kWst
Fastagjald	9.000,00	(11.205,00) kr./ár

Orkunotkun minni en 200.000 kWst á ári. Orkuafhending rofin allt að 12 klst. á dag innan roftímabils:

R.3 Næturotkun, rof allt árið:

Orkugjald	3,10	(3,86) kr./kWst
Fastagjald	9.000,00	(11.205,00) kr./ár

Orkunotkun 200.000 kWst á ári eða meira. Orkuafhending rofin allt að 12 klst. á dag innan roftímabils:

R.4 Næturotkun, rof allt árið.

Orkugjald vetur (október-apríl)	3,04	(3,78) kr./kWst
Orkugjald sumar (maí-september)	1,56	(1,94) kr./kWst
Fastagjald	9.000,00	(11.205,00) kr./ár

E. Ótryggð orka.

Ót – 1. þrep

Orkugjald	1,3078	(1,63) kr./kWst
Fastagjald	153.700,00	(191.356,50) kr./ár

Ót – 2. þrep

Orkugjald	1,6941	(2,11) kr./kWst
Fastagjald	153.700,00	(191.356,50) kr./ár

Ót – 3. þrep

Orkugjald	(3,8000)*	(4,73) kr./kWst
Fastagjald	153.700,00	(191.356,50) kr./ár

Kaupandi ótryggðs rafmagns skal einnig greiða allan kostnað vegna sérstaks úttaks ef hann þarf það vegna kaupa á ótryggðu rafmagni.

*) Orkugjald þriðja verðþreps tekur mið af verði svartolíu eins og það er á hverjum tíma sbr. verðskrá Landsvirkjunar.

F. Mælaleiga.

Hitaveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Fyrirtæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skulu greiða eftirfarandi:

D.1 Af einfasa mælum	1.000,00 (1.140,00/ 1.245,00) kr./ár
D.2 Af þrífasa mælum upp að 50 A	4.000,00 (4.560,00/ 4.980,00) kr./ár
D.3 Af þrífasa mælum 50 A og ofar	6.000,00 (6.840,00/ 7.470,00) kr./ár
D.4 Af álagsstýringarliðum	6.000,00 (6.840,00/ 7.470,00) kr./ár
D.5 Af aflmælum	10.000,00 (11.400,00/12.450,00) kr./ár

Mælaleiga reiknast ekki af A1, A2, A3, A4, A5, C1, C2, C3 og C4. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun hitaveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

<i>Málstraumur</i>	<i>Heimtaugargjöld</i>	
63A 1 - fasa	59.400,00	(73.953,00) kr.
63A 3 - fasa	65.700,00	(81.796,50) kr.
100A 3 - fasa	105.100,00	(130.849,50) kr.
200A 3 - fasa	207.600,00	(258.462,00) kr.
300A 3 - fasa	312.000,00	(388.440,00) kr.
400A 3 - fasa	424.100,00	(528.004,50) kr.
600A 3 - fasa	626.200,00	(779.619,00) kr.
900A 3 - fasa	939.300,00	(1.169.428,50) kr.
1.200A 3 - fasa	1.254.600,00	(1.561.977,00) kr.
1.800A 3 - fasa	1.872.100,00	(2.330.764,50) kr.
2.400A 3 - fasa	2.499.400,00	(3.111.753,00) kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Bráðabirgðatengigjald.

Málstraumur:

63 A 1 - fasa	11.900,00	(14.815,50) kr.
63 A 3 - fasa	16.400,00	(20.418,00) kr.
100 A 3 - fasa	17.500,00	(21.787,50) kr.
200 A 3 - fasa	66.300,00	(82.543,50) kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Heimtaugargjöld fyrir sumarhús í skipulögðu sumarhúshverfi er að lágmarki kr.

1 x 63 A	199.400,00	(248.253,00) kr.
3 x 63 A	225.800,00	(281.121,00) kr.

Fyrir einstök sumarhús er heimtaugargjaldið ávallt samkvæmt kostnaði, þó aldrei lægra en ofangreint lágmarksgjald.

Smáheimtaugar.

Smáheimtaugar eru fyrir magnara í fjarskiptakerfum

3 x 16 A	44.870,00	(55.863,00) kr.
----------------	-----------	------------------

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kosnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun hitaveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun hitaveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í

Þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, hitaveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Ýmis ákvæði.

1. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo og landtengingu skipa, skal greiða gjald 5.000,00 (6.225,00) kr.

2. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum af veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 3.000,00 (3.735,00) kr.
gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

3. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitu-kerfi þoli álagið að dómi hitaveitunnar.

4. gr.

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á hús-hitun þar sem virðisaukaskatturinn er 14%. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf., sbr. lög nr. 10, 19. mars 2001, um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 645, 22. ágúst 2000 og gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar, B-hluti, nr. 276, 4. apríl 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. september 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUR

um viðskipti stjórnarmanna, forstjóra og starfsmanna Fjármálaeftirlitsins við eftirlitsskylda aðila.

1. gr.

Markmið reglnanna.

Reglum þessum er ætlað að tryggja hlutlægni við úrlausn verkefna Fjármálaeftirlitsins og koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra eða að hagsmunatengsl myndist.

Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn skulu ekki stunda viðskipti sem gætu með réttu gefið tilefni til tortryggni að því er varðar meðferð trúnaðarupplýsinga eða trúverðugleika Fjármálaeftirlitsins. Með stjórnarmönnum er í reglum þessum einnig átt við varamenn í stjórn.

2. gr.
Hæfi.

Stjórnarmenn, forstjóri eða starfsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar eftirlitsskylda aðila eða snertir verðbréf sem hann á, ef ætla má að niðurstaða málsins hafi veruleg áhrif á fjárhagslega eða persónulega hagsmuni viðkomandi eða draga megi óhlutdrægni þeirra í efa með réttu.

Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð mála er varða beint eða óbeint fyrirtæki sem þeir eru í forsvari fyrir, starfa hjá eða eru tengdir með öðrum sambærilegum hætti. Þá skulu þeir ekki taka þátt í meðferð mála er varða beint eða óbeint samkeppnisaðila slíkra fyrirtækja. Meta skal hæfi stjórnarmanns bæði út frá persónulegum hagsmunum hans og fyrirtækis sem hann er tengdur. Stjórnin skal setja sér sérstakar reglur þar sem fjallað er um hæfi hvers sitjandi stjórnarmanns og varastjórnarmanns út frá þeim sjónarmiðum sem fram koma í reglum þessum.

3. gr.

Samskipti við eftirlitsskylda aðila.

Stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum er óheimilt að þiggja þjónustu, afla öðrum aðila þjónustu eða afla viðskiptakjara vegna þjónustu eftirlitsskyldra aðila sem öðrum viðskiptamönnum stendur ekki til boða í sambærilegum tilvikum.

Stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum er óheimilt að taka við gjöfum eða annarri ívilnun frá eftirlitsskyldum aðilum sem ekki eru veittar viðskiptamönnum almennt og eðlilegar geta talist.

4. gr.

Viðskipti með verðbréf.

Stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti með eignarhlut í eftirlitsskyldum aðilum.

Stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum er heimilt að selja eignarhlut í eftirlitsskyldum aðilum sem aflað hefur verið áður en viðkomandi kom til starfa hjá stofnuninni eða fyrir gildistöku reglnanna. Sama gildir um eignarhlut sem kemur til eignar viðkomandi fyrir arf eða hjúskapar- eða sambúðarslit.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um viðskipti með hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum samkvæmt lögum um verðbréfasjóði.

Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn skulu að jafnaði eiga verðbréf sem þeir kaupa í 3 mánuði að lágmarki fari markaðsverð ekki niður fyrir upphaflegt kaupverð.

Áður en viðskipti með verðbréf eiga sér stað skal starfsmaður ganga úr skugga um að hann hafi ekki aðgang að trúnaðarupplýsingum um verðbréfin, útgefanda þeirra eða önnur atriði.

Um verðbréfaviðskipti fer að öðru leyti samkvæmt reglum stjórnar Fjármálaeftirlitsins um meðferð trúnaðarupplýsinga og verðbréfaviðskipti starfsmanna, sem setja skal samkvæmt ákvæðum laga um verðbréfaviðskipti.

5. gr.

Upplýsingaskylda starfsmanna og forstjóra.

Starfsmaður skal gera forstjóra skriflega grein fyrir eftirfarandi:

1. Heildarskuldbindingum sínum (þ. á m. ábyrgðum) gagnvart einstökum eftirlitsskyldum aðila, öðrum en Íbúðalánasjóði, sem nema hærrí fjárhæð en 3.000.000 kr. Gera skal grein fyrir tímalengd skuldbindingar og stöðu að öðru leyti.
2. Greiðsluerfiðleikum vegna allra skuldbindinga. Með greiðsluerfiðleikum er átt við sérstaka innheimtumeðferð, breytingu á greiðslukjörum skuldbindingar vegna vanskila eða aðra erfiðleika sem gefa til kynna að viðkomandi sé háður sérstakri fyrirgreiðslu viðkomandi eftirlitsskylds aðila.

3. Samningum við eftirlitsskylda aðila um ávöxtun sparifjár þegar verðmæti þeirra nemur a.m.k. 3.000.000 kr. Gera skal grein fyrir fjárvörslusamningum við eftirlitsskylda aðila, án tillits til fjárhæða.
4. Kaupum og sölu verðbréfa, í samræmi við reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti starfsmanna, sem settar eru af stjórn samkvæmt ákvæðum laga um verðbréfavíðskipti.

Gera skal grein fyrir upplýsingum samkvæmt 1. og 3. tölul. 1. mgr. eigi síðar en viku eftir að viðskipti eða samningar eiga sér stað. Veita skal upplýsingar skv. 2. tölul. 1. mgr. þegar starfsmanni er kunnugt um stöðu mála. Gera skal fyrirfram grein fyrir viðskiptum skv. 4. tölul.

Starfsmaður skal í fyrsta sinn veita upplýsingar skv. 1. mgr. við ráðningu. Starfsmenn sem starfandi eru við gildistöku reglna þessara skulu veita upplýsingar skv. 1. mgr. eigi síðar en einum mánuði eftir gildistöku reglnanna. Jafnframt skulu starfsmenn á sama tíma gera grein fyrir eignarhlutum sínum í eftirlitsskyldum aðilum.

Forstjóri skal gera stjórnarformanni samsvarandi grein fyrir viðskiptum sínum samkvæmt þessari grein.

Forstjóri og starfsmenn skulu upplýsa um sambærileg atvik eða aðstæður er varða maka eða sambúðaraðila og ófjárráða börn, sem honum er kunnugt um og aðstæðurnar eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu. Þegar svo stendur á skal miða við að fjárhæðamörk skv. 1. mgr. taki til samanlagðra eigna hjóna, sambúðarfólks og ófjárráða barna þeirra.

6. gr.

Upplýsingaskylda stjórnarmanna.

Við umfjöllun stjórnar um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í meðferð einstakra mála, sbr. 2. gr., skulu stjórnarmenn upplýsa um viðskipti sín við viðkomandi eftirlitsskyldan aðila, með hliðsjón af 1. mgr. 5. gr.

7. gr.

Eftirlit.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins skal fjalla um framkvæmd þessara reglna og skal forstjóri eigi sjaldnar en árlega gera stjórn grein fyrir framkvæmd reglnanna. Forstjóri skal sjá til þess að reglurnar séu kynntar starfsmönnum með fullnægjandi hætti. Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn skulu rita undir yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér efni þessara reglna og önnur ákvæði laga, reglugerða og reglna sem varða trúnaðarskyldu þeirra í starfi.

8. gr.

Viðurlög.

Brot á reglum þessum geta varðað áminningu eða brottrekstri.

9. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með stoð í 6. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og taka gildi þegar í stað.

Viðskiptaráðuneytinu, 14. september 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti.

I. KAFLI

Orðskýringar og gildissvið.

1. gr.

Orðskýringar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Almenn fjarskiptaþjónusta: Fjarskiptaþjónusta sem yfirvöld hafa sérstaklega falið einu eða fleiri fjarskipafyrirtækjum að veita.

Almennt fjarskiptanet: Kerfi fyrir almenn fjarskipti sem gerir kleift að flytja merki milli skilgreindra nettengingupunkta með rafþræði, örbylgjum, ljóstæknaaðferðum eða öðrum rafsegul-aðferðum.

Fjarskiptaþjónusta: Þjónusta sem að hluta eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um almenna fjarskiptanetið með fjarskiptaaðferðum öðrum en hljóðvarpi eða sjónvarpi.

Fyrirtæki í eignatengslum: Fyrirtæki með ársreikninga sem gerðir hafa verið samstæðir við reikninga kaupanda í samræmi við lög nr. 144/1994 um ársreikninga með síðari breytingum og reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, sbr. tilskipun 83/349/EBE um samstæðureikninga, eða, ef fyrirtæki heyrir ekki undir þessar reglur, fyrirtæki þar sem kaupandi er í ráðandi aðstöðu beint eða óbeint, sbr. 3. mgr. 2. gr., eða sem er í ráðandi aðstöðu gagnvart kaupanda eða er, ásamt kaupanda, undir yfirráðum annars fyrirtækis í krafti eignar, fjárfestingar eða reglna um stjórnun þess.

Kaupandi: Ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra og samtök, aðrir opinberir aðilar, opinber fyrirtæki samkvæmt 2. gr. auk þeirra einkaaðila sem greinir í 3. gr. sem hafa með höndum þá starfsemi sem greinir í 4. gr.

Nettengingunktur: Allar efnislegar tengingar og tækniforskriftir varðandi aðgang að þeim sem eru hluti af almenna fjarskiptanetinu og nauðsynlegar eru fyrir aðgang og skilvirk fjarskipti um viðkomandi net.

Tilskipunin: Tilskipun nr. 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti, eins og henni hefur verið breytt með tilskipun nr. 98/4/EB, og hún tekin upp í XVI. viðauka samningsins um Evrópska efnhagssvæðið, sbr. ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 og 96/99 sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 17/01 28. júní 1994 og 55/172 23. nóvember 2000.

Að öðru leyti hafa orð sömu merkingu og í lögum nr. 94/2001 um opinber innkaup.

2. gr.

Opinberir aðilar sem reglugerðin tekur til.

Reglugerð þessi tekur til ríkis, sveitarfélaga, stofnana þeirra, annarra opinberra aðila, sbr. 2. mgr., og opinberra fyrirtækja, sbr. 3. mgr., enda hafi þessir aðilar með höndum einhverja þá starfsemi sem greinir í 4. gr. Reglugerðin tekur einnig til samtaka sem þessir aðilar, einn eða fleiri, kunna að hafa með sér.

Aðili telst opinber ef hann getur borið réttindi og skyldur að lögum og sérstaklega hefur verið stofnað til hans í því skyni að þjóna almannahagsmunum, enda reki hann ekki starfsemi, sem jafnað verður til reksturs einkaaðila, svo sem á sviði viðskipta eða iðnaðar. Auk þess skal eitthvert eftirfarandi atriða eiga við um hann:

1. Starfsemi hans er að mestu leyti rekin á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila. Miðað skal við að aðili sé að mestu leyti rekinn á

- kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila, ef opinber fjármögnun nemur meira en 50% af rekstrarkostnaði. Tekjur aðila á grundvelli gagnkvæms viðskiptasamnings við opinberan aðila teljast ekki opinber fjármögnun.
- b. Hann lýtur yfirstjórn ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila.
 - c. Hann lýtur sérstakri stjórn, sem ríki eða sveitarfélög, stofnanir þeirra eða aðrir opinberir aðilar skipa að meirihluta.

Fyrirtæki telst opinbert þegar opinberir aðilar samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. hafa bein eða óbein yfirráð yfir því í krafti eignarhalds, fjárfestingar eða vegna reglna sem því eru settar. Álitið er að um yfirráð af hálfu opinberra aðila sé að ræða þegar eitthvert eftirfarandi atriði á við:

- a. Opinberir aðilar eiga meirihluta skráðs hlutafjár félags;
- b. Opinberir aðilar ráða meirihluta atkvæða sem fylgja hlutabréfum sem gefin eru út af félagi;
- c. Opinberir aðilar hafa rétt til að skipa meira en helming fulltrúa í stjórn, framkvæmdastjórn eða stjórnarstöður á vegum fyrirtækis.

3. gr.

Einkaaðilar sem reglugerðin tekur til.

Reglugerð þessi tekur til einkaaðila sem starfa á grundvelli sérleyfa eða einkaréttar sem þeim er veittur af yfirvöldum, enda hafi þeir með höndum einhverja þá starfsemi sem greinir í 4. gr. Sérleyfi eða einkaréttur merkir réttindi samkvæmt leyfi veittu af yfirvöldum samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem felur í sér að einn eða fleiri aðilar hafa einir rétt til einhverrar þeirrar starfsemi sem greinir í 4. gr. Aðili telst meðal annars njóta sérleyfis eða einkaréttar þegar eftirfarandi á við:

- a. Við lagningu þeirra kerfa og byggingu þeirra stöðva sem um getur í 4. gr. er aðila heimilt eignarnám eða sambærileg afnot af eignum, eða honum er heimilt að leggja kerfi sín yfir þjóðvegi.
- b. Þegar aðili aflar drykkjarvatns, raforku, gass eða hita til veitukerfis samkvæmt 1. mgr. 4. gr., sem er sem slíkt rekið af fyrirtæki sem nýtur sérleyfa eða einkaréttar, sem veitt eru af yfirvöldum.

4. gr.

Starfsemi sem reglugerðin tekur til.

Reglugerð þessi tekur til þeirra aðila sem greinir í 2. gr. og 3. gr. sem hafa með höndum einhverja af eftirfarandi starfsemi:

- a. Að leggja til og reka föst veitukerfi sem ætluð eru til að veita almenningi þjónustu í tengslum við öflun, flutning eða dreifingu á:
 - drykkjarvatni,
 - raforku, eða,
 - gasi eða hita, eða að útvega til slíkra kerfa drykkjarvatn, raforku, gas eða hita;
- b. Hagnýtingu landsvæðis í þeim tilgangi:
 - að leita að eða nema olú, gas, kol eða annað eldsneyti í föstu formi, eða,
 - að leggja til flugstöðvar, hafnir við sjó eða vötn eða aðra stöðvaaðstöðu fyrir flutningafyrirtæki sem annast flutninga í lofti, á sjó eða skipgengum vatnaleiðum;
- c. Rekstur samgöngukerfis til að þjóna almenningi með járnbrautum, sjálfvirkum kerfum, sporvögnum, rafknúnum strætisvögnum, fólksflutningabifreiðum eða togbrautum. Samgöngukerfi skal það teljast þegar þjónusta er veitt samkvæmt skilyrðum um

starfrækslu sem sett eru af yfirvöldum svo sem skilyrði um hvaða leiðum eigi að þjóna, um sætaframboð og ferðatíðni;

d. Að leggja til eða reka almennt fjarskiptakerfi eða veita almenna fjarskiptaþjónustu.

Þjónusta fólksflutningabifreiða við almenning telst ekki vera starfsemi sem heyrir undir c. lið 1. mgr. þegar öðrum aðilum er frjálst að veita þessa þjónustu almennt eða á ákveðnu landsvæði með sömu skilyrðum og kaupanda.

Þegar aðili aflar drykkjarvatns, raforku, gass eða hita til veitukerfa sem veita almenningi þjónustu telst það ekki vera starfsemi sem heyrir undir a. lið 1. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

a. Þegar um er að ræða drykkjarvatn eða raforku og:

- framleiðsla drykkjarvatns eða raforku viðkomandi aðila fer fram vegna þess að notkun þess er nauðsynleg í annarri starfsemi en getið er um í 1. mgr. og
- öflun til almenningsveitukerfa kemur aðeins til vegna eigin þarfa aðilans og til þeirra hefur ekki farið meira en 30% af heildarframleiðslu aðilans á drykkjarvatni og raforku miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára að yfirstandandi ári meðtöldu;

b. Þegar um er að ræða gas eða hita og:

- gas- eða hitaframleiðsla aðilans er óhjákvæmileg afleiðing starfsemi sem ekki er getið um í 1. mgr. og
- öflun til almenningsveitukerfis er aðeins ætlað að nýta slíka framleiðslu í ábata-skyni og hún má ekki nema hærri upphæð en 20% af veltu aðilans miðað við meðaltal undanfarinna þriggja ára að yfirstandandi ári meðtöldu.

Íslenskir aðilar sem skráðir eru í I. til X. viðauka tilskipunarinnar teljast uppfylla ofanefnd skilyrði.

5. gr.

Til hvaða samninga reglugerðin tekur.

Reglugerðin tekur til samninga, sem kaupendur gera við bjóðendur um innkaup á vörum, þjónustu og verkum, sbr. 4. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup, og eru yfir viðmiðunar-fjárhæðum samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar. Reglugerðin tekur þó ekki til samninga sem undanskildir eru með 7. gr. laga nr. 94/2001 eða eftirfarandi samninga:

- a. Samninga eða hönnunarsamkeppna sem kaupendur efna til í öðru skyni en að stunda starfsemi sem lýst er í 4. gr. eða samninga um slíka starfsemi í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins við aðstæður þar sem ekki er um að ræða áþreifanlega notkun kerfa eða landsvæða innan efnahagssvæðisins. Reglugerðin gildir þó um samninga eða hönnunarsamkeppni sem efnt er til af kaupanda sem leggur til og rekur föst veitukerfi ætluð til að veita almenningi þjónustu í tengslum við öflun, flutning eða dreifingu á drykkjarvatni og snertir framkvæmdir við vatnsvirkjun, áveitur eða framræslu að því tilskildu að rúmmál vatns sem ætlað er til drykkjar sé meira en 20% af heildarrúmmáli af því vatni sem fæst með þessum virkjunum, áveitum eða framræsluvirkjum, eða snertir losun eða meðhöndlun fráveituvatns.
- b. Samninga sem gerðir eru vegna endursölu eða leigu til þriðja aðila að því tilskildu að kaupandi njóti engra sérleyfa eða sérrettinda til að selja eða leigja umsaminn hlut og öðrum er frjálst að selja hann eða leigja með sömu skilyrðum og kaupanda.
- c. Samninga sem kaupendur sem leggja til eða reka almennt fjarskiptakerfi eða veita almenna fjarskiptaþjónustu, gera um innkaup sem eingöngu eru ætluð til að gera þeim kleift að veita eina eða fleiri tegundir fjarskiptaþjónustu, þar sem öðrum aðilum er frjálst að bjóða sömu þjónustu á sama landsvæði og með sambærilegum skilyrðum.

- d. Samninga sem kaupendur samkvæmt I. viðauka tilskipunarinnar gera um kaup á vatni eða samninga, sem kaupendur samkvæmt II. til V. viðauka tilskipunarinnar gera um aðfengna orku eða eldsneyti til orkuframleiðslu.
- e. Samninga sem kaupandi gerir við aðila í eignartengslum við sig að því tilskildu að a.m.k. 80% af meðalveltu aðilans vegna veitingar þjónustu innan Evrópska efnahags-svæðisins sé fengin við kaupanda. Ef fleiri en einn aðili, sem er í eignartengslum við kaupanda, veita sömu eða svipaða þjónustu skal taka heildarveltu af þjónustuveitingu þessara aðila til athugunar. Sama gildir um samninga, sem kaupandi gerir við félag, sem stofnað hefur verið um samstarf hans og annarra kaupenda, til þess að reka starfsemi samkvæmt 4. gr. eða samninga sem kaupandi gerir við dótturfélag eins þessara kaupenda.

Að ósk fjármálaráðuneytisins skulu kaupendur tilkynna um alla starfsemi sem þeir telja undanþegna samkvæmt a. til e. lið 1. mgr. Að því er varðar e. lið skal kaupandi að beiðni fjármálaráðuneytisins einnig gefa upplýsingar um heiti hlutaðeigandi fyrirtækja, eðli og verðmæti þjónustusamninganna og aðrar upplýsingar sem ráðuneytið telur nauðsynlegar til að sanna að tengsl kaupanda og aðila samrýmist skilyrðum málsgreinarinnar.

6. gr.

Þeir sem njóta réttar samkvæmt reglugerðinni.

Réttar samkvæmt reglugerð þessari njóta sömu aðilar og greinir í 8. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup og reglum settum samkvæmt þeirri grein.

7. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir.

Reglugerð þessi tekur því aðeins til innkaupa að áætluð fjárhæð þeirra, að frádregnum virðisaukaskatti, sé sem hér segir:

- a. Vegna kaupanda, sem rekur fjarskiptakerfi og fjarskiptaþjónustu, sbr. X. viðauka tilskipunarinnar:
 - i. 47.481.612 kr. vegna vörukaupa- og þjónustusamninga.
 - ii. 396.680.100 kr. vegna verksamninga.
- b. Vegna kaupanda sem sinnir öflun drykkjarvatns og vatnsveitu, raforkuframleiðslu og rafveitu, fólksflutningum í þéttbýli með járnbrautum, sporvögnum, rafknúnum strætisvögnum eða hópþreifreiðum, rekstri flugstöðva eða hafna við sjó eða vatnaleiðir eða annarri stöðvaraðstöðu, sbr. I., II., VII., VIII. og IX. viðauka tilskipunarinnar:
 - i. Jafngildi íslenskra króna 33.921.892 af sérstökum dráttarréttindum (SDR) vegna vörukaupa- og þjónustusamninga sem greinir í XVI. viðauka A tilskipunar nr. 38/93/EBE, að undanskildum rannsókn- og þróunarsamningum og fjarskiptaþjónustusamningum, sbr. 5. og 8. tölulið viðaukans.
 - ii. Íslenskra króna 31.654.408 þegar um er að ræða aðra þjónustusamninga en þá sem nefndir eru í a. lið.
 - iii. Jafngildi íslenskra króna 424.022.903 af sérstökum dráttarréttindum (SDR) vegna verksamninga.
- c. Vegna kaupanda, sem sinnir gasveitu og hitaveitu, leit og námi olíu og gass, leit og námi kola og annars eldsneytis í föstu formi eða járnbrautarflutningum, sbr. III., IV., V. og VI. viðauka tilskipunarinnar:
 - i. 31.654.408 kr. vegna vörukaupa- og þjónustusamninga.
 - ii. 396.680.100 kr. vegna verksamninga.

Fjárhæð viðmiðunarmarka, sem mælt er fyrir um í 1. til 3. mgr., í íslenskum krónum skal að meginreglu endurskoðuð annað hvert ár.

Við áætlun fjárhæða samninga skal gætt ákvæða 14. til 17. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup.

Viðmiðunarfjárhæðir samkvæmt grein þessari gilda einnig um útboðsskyldu vegna innkaupa samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup sem Ísland er aðili að.

II. KAFLI

Fyrirkomulag innkaupa.

8. gr.

Útboðsskylda.

Vöru-, þjónustu- og verksamninga, sem reglugerð þessi tekur til, skal gera í samræmi við þá málsmeðferð sem kveðið er á um í 9. gr. Þetta á þó ekki við um samninga um þá þjónustu sem talin er upp í XVI. viðauka B tilskipunarinnar, en gæta skal ákvæða 14. gr. reglugerðarinnar og 24. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup við gerð þeirra.

9. gr.

Fyrirkomulag útboðs og undanþágur frá undangenginni kynningu.

Kaupandi getur valið milli almenns útboðs, lokaðs útboðs og samningskaupa að því tilskildu að innkaup hafi áður verið kynnt samkvæmt 10. gr. Við framkvæmd almenns útboðs, lokaðs útboðs eða samningskaupa skal fara að ákvæðum laga nr. 94/2001 um opinber innkaup, ef ekki leiðir annað af ákvæðum reglugerðar þessarar.

Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að kaupa inn án undangenginnar kynningar í eftirfarandi tilvikum:

- Þegar engin tilboð eða engin viðunandi tilboð berast í kjölfar útboðs, að því tilskildu að upprunalegum skilmálum samningsins hafi ekki verið breytt verulega;
- Þegar samningur er eingöngu gerður vegna rannsókna, tilrauna, athugana eða þróunar en ekki til að skila hagnaði eða endurheimta rannsóknar- og þróunarkostnað og að því tilskildu að gerð slíks samnings hafi ekki áhrif á útboð samninga síðar sem einkum eru gerðir í þessu skyni;
- Þegar einungis ákveðinn bjóðandi getur uppfyllt samninginn af tæknilegum eða listrænum ástæðum eða sökum þess að um vernd einkaréttar er að ræða;
- Þegar ekki er hægt að halda þann skilafrest sem tiltekinn er fyrir almennt eða lokað útboð af brýnni nauðsyn vegna atburða sem kaupendur gátu ekki séð fyrir;
- Þegar um er að ræða vörusamninga um viðbótarafgreiðslu frá upphaflegum birgi, sem annaðhvort er ætlað að koma að hluta í stað venjulegra birgða eða búnaðar eða sem aukning á venjulegum birgðum eða búnaði, og val á nýjum birgi hefði í för með sér að kaupandi yrði að afla sér efna sem hefðu önnur tæknileg einkenni sem samræmdust illa eldri tæknibúnaði eða leiddu til óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur eða viðhald;
- Vegna viðbótarframkvæmda eða -þjónustu, sem ekki var gert ráð fyrir í upphaflegu verkefni eða í fyrstu samningsgerð en hafa síðar vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna orðið nauðsynlegar til að leiða samninginn til lykta, enda sé þeim úthlutað til sama verktaka og annast upprunalega samninginn:
 - þegar ekki er unnt að skilja slíkar framkvæmdir frá aðalsamningi af tæknilegum og fjárhagslegum ástæðum án þess að valda kaupanda stórfelldum vandkvæðum eða
 - slíkar viðbótarframkvæmdir, þó svo halda megi þeim aðgreindum frá framkvæmd upphaflegs samnings, eru óhjákvæmilegar á seinni stigum verksins;

- g. Þegar um er að ræða verksamninga vegna nýrra framkvæmda sem eru endurtekning sambærilegra verka og fyrr var samið um við sama verktaka af sama kaupanda, svo fremi verkið sé í samræmi við slíkt undirstöðuverk og að um fyrsta verkið hafi verið samið eftir útboð. Um leið og fyrsta verk er boðið út, skal það kunngjört að þessum starfsreglum kunni að verða fylgt og ber kaupanda að taka til greina áætlaðan heildarkostnað síðari framkvæmda við áætlun fjárhæða samkvæmt 6. gr.;
- h. Þegar vörur eru skráðar og keyptar á hrávörumarkaði;
- i. Þegar samningar eru gerðir á grundvelli rammasamkomulags, sbr. 22. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup;
- j. Þegar gera má mjög hagstæð vörukaup með því að hagnýta sér einstakt tækifæri sem gefst í mjög skamman tíma til kaupa á verði sem er verulega undir venjulegu markaðsverði;
- k. Þegar vörur eru keyptar við sérstaklega hagstæðar aðstæður annaðhvort frá birgi sem er að leggja niður starfsemi sína, við nauðungarsölu eða frá þrotabúi;
- l. Þegar samningurinn er gerður eftir samkeppni um hönnun, sem er skipulögð í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, og þar sem reglum samkvæmt er skylt að semja við þann sem sigrar í keppninni eða einn þeirra sem sigra. Í síðara tilviki er skylt að bjóða öllum sigurvegurum keppinnar að taka þátt í samningsviðræðum.

III. KAFLI

Framkvæmd innkaupa.

10. gr.

Tilkynning um einstök innkaup.

Kynning innkaupa samkvæmt 1. mgr. 9. gr. skal fara fram með eftirtöldum hætti:

- a. Með tilkynningu sem samin er í samræmi við liði A, B, eða C í XII. viðauka tilskipunarinnar, eða
- b. Með tilkynningu sem birtist reglubundið og samin er í samræmi við XIV. viðauka tilskipunarinnar, eða
- c. Með tilkynningu um notkun hæfismatskerfis sem samin er í samræmi við XIII. viðauka tilskipunarinnar.

Þegar útboð fer fram með því að tilkynna reglulega um innkaup samkvæmt b. lið 1. mgr. skal eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

- a. Í tilkynningu ber að geta sérstaklega um vörurnar, verkin eða þjónustuna sem verður boðin út og samið um;
- b. Í tilkynningu ber að taka fram að samningurinn verði gerður eftir lokað útboð eða samningskaup án frekari birtingar auglýsingar um útboð og þar skal fyrirtækjum sem hafa áhuga boðið að láta hann skriflega í ljós;
- c. Kaupandi skal bjóða öllum umsækjendum að staðfesta áhuga sinn á grundvelli ítarlegra upplýsinga um viðkomandi samning áður en viðsemjendur eru valdir. Í upplýsingunum komi a.m.k. fram eftirfarandi:
 - i. tegund og magn, þar með talið möguleikar á kauprétti vegna frekari innkaupa og, ef unnt er, hvenær skal áætla að nota megi slíkan kauprétt. Þegar um endurtekna samninga er að ræða skal gefa upp tegund og magn og, ef unnt er, áætla tíma-setningu frekari útboða varðandi þau verk, vörur eða þjónustu sem kaupa skal,
 - ii. hvort um lokað útboð eða samningskaup er að ræða,
 - iii. hvaða dag afhending vara eða framkvæmd verka og þjónustu skal hefjast eða ljúka,

- iv. heimilisfang og lokafrestur til að skila umsóknum um að gera tilboð og á hvaða tungumáli eða tungumálum þeim skal skilað,
- v. heimilisfang umsjónarmanns útboðs sem veitir nauðsynlegar upplýsingar varðandi öflun tæknilegra útskýringa og annarra skjala,
- vi. efnahagslegar og tæknilegar kröfur, fjárhagslegar ábyrgðir og upplýsingar sem bjóðendur skulu gefa,
- vii. fjárhæð og greiðsluskilmála allra upphæða sem greiða skal fyrir skjöl, sem varða reglur um innkaup, og
- viii. hvort kaupandi leitar eftir tilboðum varðandi kaup, langtímaleigu, skammtímaleigu eða kaupleigu, eða fleiri en einn þessara möguleika.

Þegar útboð fer fram með því að tilkynna um tilvist hæfismatskerfis skal velja bjóðendur í lokuðu útboði eða þátttakendur í samningskaupum úr hópi hæfra umsækjanda eftir þessu kerfi.

Við hönnunarsamkeppni skal útboð fara fram með auglýsingu í samræmi við XVII. viðauka tilskipunarinnar.

Tilkynningar sem getið er um í þessari grein skulu birtar í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

12. gr.

Tilkynning um heildarinnkaup.

Kaupendur skulu tilkynna eftirfarandi a.m.k. einu sinni á ári:

- a. Vegna vörukaupasamninga: heildarfjárhæð samninga eftir vöruflokkum sem áætluð fjárhæð er 59.352.015 IKR eða hærri og sem bjóða á út á næstu tólf mánuðum;
- b. Vegna verksamninga: aðaleinkenni verksamninga sem gera á að áætluðu verðmæti sem ekki er undir:
 - i. viðmiðunarmörkunum, sem sett eru í öðrum undirlið a. liðar 1. mgr. 6. gr. að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af kaupendum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í X. viðauka tilskipunarinnar.
 - ii. viðmiðunarmörkunum, sem sett eru í þriðja undirlið b. liðar 1. mgr. 6. gr., að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af kaupendum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í I., II., VII., VIII. og IX. viðauka tilskipunarinnar, eða
 - iii. viðmiðunarmörkunum, sem sett eru í síðari undirlið c. liðar 1. mgr. 6. gr., að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af kaupendum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í III., IV., V. og VI. viðauka tilskipunarinnar.
- c. Vegna þjónustusamninga: áætlað heildarverðmæti þjónustusamninga í hverjum þjónustuflokki í XVI. viðauka A tilskipunarinnar sem þær hafa í hyggju að gera næstu tólf mánuði, ef áætlað heildarverðmæti, með hliðsjón af 6. gr., er jafnt eða herra en 59.352.015 IKR.

Tilkynningu samkvæmt 1. mgr. skal semja í samræmi við XIV. viðauka tilskipunarinnar og birta í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Þegar tilkynning er notuð til útboðs í samræmi við b. lið 1. mgr. 10. gr. má hún ekki hafa birst meira en tólf mánuðum fyrir þann dag sem boðið, sem getið er um í c. lið 2. mgr. 10. gr. er sent. Kaupendur skulu þar að auki uppfylla ákvæði 16. gr. um skilafrest tilkynningar.

Kaupendum er heimilt að birta reglubundnar tilkynningar um meiriháttar verkefni án þess að endurtaka upplýsingar sem áður hafa komið fram í reglubundinni kynningar-
auglýsingu, að því tilskildu að það sé skýrt tekið fram að þessar tilkynningar séu viðbótartil-
kynningar.

13. gr.

Hönnunarsamkeppni.

Grein þessi gildir um alla hönnunarsamkeppni sem efnt er til vegna samnings um kaup á þjónustu að áætluðu verðmæti, án virðisaukaskatts, sem ekki er undir:

- viðmiðunarmörkunum, sem sett eru í fyrsta undirlið a. liðar 1. mgr. 6. gr., að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af kaupendum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í X. viðauka tilskipunarinnar,
- viðmiðunarmörkunum sem sett eru í fyrsta eða öðrum undirlið b. liðar 1. mgr. 6. gr. að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af kaupendum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í I., II., VII., VIII. og IX. viðauka tilskipunarinnar, eða
- viðmiðunarmörkunum, sem sett eru í fyrsta undirlið c. liðar 1. mgr. 6. gr., að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af kaupendum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í III., IV., V. og VI. viðauka tilskipunarinnar.

Grein þessi gildir um alla hönnunarsamkeppni þar sem heildarvinningar eða -greiðslur til þátttakenda eru ekki undir:

- viðmiðunarmörkunum, sem sett eru í fyrsta undirlið a. liðar 1. mgr. 6. gr., að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af kaupendum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í X. viðauka tilskipunarinnar,
- viðmiðunarmörkunum, sem sett eru í fyrsta eða öðrum undirlið b. liðar 1. mgr. 6. gr., að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af kaupendum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í I., II., VII., VIII. og IX. viðauka tilskipunarinnar, eða
- viðmiðunarmörkunum, sem sett eru í fyrsta undirlið c. liðar 1. mgr. 6. gr., að því er varðar samninga sem ætlað er að verði gerðir af kaupendum sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í III., IV. V. og VI. viðauka tilskipunarinnar.

Reglur um fyrirkomulag á hönnunarsamkeppni skulu vera í samræmi við skilyrði þessarar greinar og sendast öllum sem hug hafa á að taka þátt í samkeppninni.

Óheimilt er að takmarka aðgang þátttakenda að hönnunarsamkeppni með vísan til landsvæðis íslenska ríkisins eða hluta þess.

Þegar einungis takmörkuðum fjölda er heimilt að taka þátt í hönnunarsamkeppni skulu samningsyfirvöld setja skýr skilyrði fyrir valinu sem mismuna ekki þátttakendum. Sjá verður til þess að fjöldi þátttakenda verði nægjanlegur til að tryggja raunverulega samkeppni.

Í dómnefnd mega einungis starfa menn sem engin tengsl hafa við þátttakendurna í samkeppninni. Sé farið fram á tiltekna starfsmenntun eða hæfi hjá þátttakendum í samkeppni skal að minnsta kosti þriðjungur dómnefndarmanna uppfylla þessar eða jafngildar kröfur. Dómnefndin tekur ákvarðanir eða myndar sér skoðanir á sjálfstæðan hátt. Hún byggir þær á tilögum sem eru ekki settar fram undir nafni og einungis á grundvelli viðmiða sem eru skilgreind í auglýsingunni, samanber XVII. viðauka tilskipunarinnar.

14. gr.

Tilkynning um gerða samninga.

Kaupendur, sem gert hafa samning eða efnt til hönnunarsamkeppni, skulu innan tveggja mánaða frá gerð samningsins, samkvæmt þeim skilyrðum sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að setja, tilkynna um niðurstöðuna með tilkynningu í samræmi við XV. viðauka eða XVIII. viðauka tilskipunarinnar.

Upplýsingarnar í I. þætti XV. viðauka tilskipunarinnar skal birta í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins. Þegar það er gert skal Eftirlitsstofnun EFTA taka tillit til viðskiptahagsmuna sem viðkvæmir eru og geta sérstaklega um, þegar þær afhenda þessar upplýsingar, í sambandi við 6., 9. og 11. lið í XV. viðauka tilskipunarinnar.

Kaupendur sem gera samninga um þjónustu í 8. flokki XVI. viðauka A tilskipunarinnar og b-liður 2. mgr. 9. gr. gildir um þurfa aðeins, varðandi 3. lið XV. viðauka tilskipunarinnar, að gefa upp aðalheiti samningsefnis samkvæmt flokkuninni í XVI. viðauka tilskipunarinnar. Kaupendur sem gera samninga um þjónustu í 8. flokki XVI. viðauka A tilskipunarinnar sem b-liður 2. mgr. 9. gr. gildir ekki um geta, vegna viðskiptatrúnaðar, takmarkað upplýsingarnar sem gert er ráð fyrir í 3. lið XV. viðauka tilskipunarinnar. Þeir verða þó að sjá til þess að upplýsingarnar séu að minnsta kosti jafn ítarlegar og í kynningu samkvæmt 1. mgr. 9. gr. eða, ef hæfismatskerfi er notað, að minnsta kosti jafn ítarlegar og flokkurinn sem um getur í 7. mgr. 19. gr. Ef þjónustan er skráð í XVI. viðauka B tilskipunarinnar skulu kaupendur gefa upp í auglýsingunni hvort þau samþykki birtingu.

Upplýsingarnar í II. þætti XV. viðauka tilskipunarinnar má ekki birta nema í hagskýrsluskyni og þá í einfölduðu formi.

15. gr.

Sönnun um sendingu tilkynningar.

Kaupandi skal geta fært sönnur á sendingu tilkynningar samkvæmt 11. til 14. gr.

Tilkynningu um samning eða hönnunarsamkeppni, sbr. 1. eða 4. mgr. 11. gr., skal ekki auglýsa á neinn annan hátt áður en sú tilkynning hefur verið send útgáfustjórn Evrópubandalagsins. Ekki skal birta aðrar upplýsingar en þær sem koma í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

16. gr.

Frestir.

Við almenn útboð skal fresturinn, sem kaupendur gefa til að skila tilboðum, ekki vera skemmri en 52 dagar frá sendingardegi tilkynningar. Í stað þessa frests er heimilt að setja frest sem er nægilega langur til að hlutaðeigandi geti gert gild tilboð sem að meginreglu skal ekki vera styttri en 36 dagar og aldrei skemmri en 22 dagar frá sendingardegi tilkynningar ef kaupendur hafa sent Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins kynningarauglýsingu sem birtist reglubundið í samræmi við 1. mgr. 12. gr., að því tilskildu að í auglýsingunni séu þær upplýsingar sem krafist er í II. og III. hluta XIV. viðauka tilskipunarinnar, að svo miklu leyti sem þær upplýsingar eru til staðar á birtingartíma auglýsingarinnar sem um getur í 1. mgr. 12. gr. Þessi kynningarauglýsing, sem birtist reglulega, skal þar að auki hafa verið send Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna í minnsta lagi 52 dögum og í mesta lagi 12 mánuðum fyrir sendingardag auglýsingarinnar, sem kveðið er á um í a. lið 1. mgr. 11. gr.

Við lokað útboð og samningskaup skal eftirfarandi gilda:

- Skilafrestur umsókna um að gera tilboð eftir auglýsingu samkvæmt a. lið 1. mgr. 11. gr. eða að boði kaupanda í samræmi við c. lið 2. mgr. 11. gr. skal almennt vera að minnsta kosti 37 dagar frá sendingardegi auglýsingar en aldrei skemmri en 22 dagar frá sendingardegi;
- Skilafrest tilboða er heimilt að ákveða með samningi milli kaupanda og útvalinna umsækjenda, að því tilskildu að allir bjóðendur fái jafnlangan tíma til að undirbúa og leggja fram tilboð;
- Þegar ekki reynist unnt að ná samningi um skilafrest tilboða ákveður kaupandi skilafrest sem almennt skal vera að minnsta kosti 24 dagar en aldrei skemmri en 10 dagar frá dagsetningu boða um að leggja fram tilboð; frestur, sem gefinn er, skal vera nægilega langur til að tillit sé tekið til þeirra þátta sem getið er um í 3. mgr. 18. gr.

17. gr.

Útboðsgögn.

Kaupanda er heimilt að áskilja í útboðsgögnum að bjóðandi taki fram í tilboði sínu hvort einhver hluti samningsins verði falinn þriðja aðila sem undirverktaka. Þótt slíkt sé tekið fram í tilboði breytir það engu um ábyrgð bjóðanda.

Að öðru leyti gilda ákvæði V. kafla laga nr. 94/2001 um opinber innkaup um gerð og frágang útboðsgagna, tæknilegar útskýringar í útboðsgögnum, frágang tilboða og frávikstilboð.

18. gr.

Afhending útboðsgagna o.fl.

Hafi þess verið óskað með eðlilegum fyrirvara ber kaupanda að senda bjóðendum útboðsgögn og fylgiskjöl að jafnaði innan sex daga frá því að beiðni berst.

Kaupendur skulu útvega viðbótarupplýsingar, sem varða útboðsgögn, eigi síðar en sex dögum áður en frestur til að skila tilboðum rennur út, hafi þess verið óskað með eðlilegum fyrirvara.

Pegar tilboð útheimtir skoðun umfangsmikilla gagna svo sem langra tækniforskrifta, vettvangsskoðun eða könnun fylgiskjala útboðsgagna á staðnum skal lengja skilafrestinn í samræmi við það.

Kaupendur gefa útvöldum umsækjendum kost á að gera tilboð skriflega og samtímis. Boðsbréfi þess efnis fylgi útboðsgögn og fylgiskjöl. Í því komi a.m.k. fram eftirfarandi:

- a. Póstfang þar sem fást viðbótargögn, frestur til að óska eftir slíku og upphæð og hvernig greitt skuli fyrir slík gögn;
- b. Frestur til að skila tilboðum, pósthfang viðtakanda og á hvaða tungumáli eða tungumálum þau skulu samin;
- c. Tilvísun í útboðsauglýsingu sem hefur verið birt;
- d. Upplýsingar um hvaða skjöl skuli fylgja tilboði;
- e. Forsendur fyrir vali á viðsemjanda hafi þær ekki komið fram í útboðsauglýsingu;
- f. Önnur sérstök skilyrði fyrir aðild að samningi.

Umsóknir um að gera tilboð og boð um að gera tilboð sendist eftir hröðustu leiðum. Þegar umsóknir um að gera tilboð eru sendar með símskeyti, fjarrita, símbréfi, símleiðis eða með öðrum rafrænum miðli getur kaupandi krafist þess að þær séu staðfestar með bréfi sem sendist áður en frestur tilgreindur í 2. mgr. 16. gr. rennur út.

Um form tilboða gilda ákvæði 48. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup.

IV. KAFLI

Hæfi bjóðanda og val á samningsaðila.

19. gr.

Hæfismatskerfi.

Kaupanda er heimilt að stofna og starfrækja kerfi til að meta hæfi bjóðenda. Kaupendur sem setja á stofn eða starfrækja hæfismatskerfi, skulu tryggja að bjóðendur geti ávallt sótt um hæfismat.

Kerfið, sem getur tekið til mismunandi hæfisstiga, skal starfrækja á grundvelli hlutlægra reglna og viðmiða sem sett eru af kaupanda. Kaupandi skal vísa til evrópskra staðla þar sem við á. Heimilt er að endurskoða reglur og viðmið eftir þörfum.

Reglur og viðmið vegna hæfismats skal láta í té að ósk bjóðenda sem áhuga hafa. Láta skal áhugasama bjóðendur vita ef viðmið og reglur eru uppfærðar. Ef kaupandi telur að kerfi til að meta hæfi eða vottunarkerfi þriðja aðila eða stofnunar fullnægi kröfum hennar tilkynnir hún bjóðendum sem áhuga hafa nöfn þessara aðila og stofnana.

Kaupendur tilkynna þeim sem sækja um hæfismat um ákvörðun þar að lútandi innan hæfilegs tíma. Ef það tekur kaupanda lengri tíma en sex mánuði frá því að sótt er um að taka ákvörðun skal hann innan tveggja mánaða frá umsókn greina umsækjanda frá ástæðum sem réttlæta lengri tíma og hvaða dag umsóknin verði samþykkt eða henni synjað. Þegar kaupendur taka ákvörðun um hæfi eða þegar viðmið og reglur eru uppfærðar er þeim óheimilt að:

- setja sumum bjóðendum skilyrði stjórnunarlegs, tæknilegs eða fjárhagslegs eðlis en ekki öðrum;
- krefjast prófana eða sannana sem hlutlægur vitnisburður liggur þegar fyrir um.

Þeim sem sækja um hæfismat og dæmast vanhæfir skal tilkynnt um þá ákvörðun og forsendur hennar. Forsendurnar skulu byggðar á viðmiðum um hæfismat samkvæmt 2. mgr.

Halda ber skrá yfir hæfa bjóðendur og henni má skipta í flokka eftir gerð samninga sem hæfismatið gildir fyrir.

Kaupanda er einungis heimilt að ákveða að bjóðandi sé ekki lengur hæfur á grundvelli þeirra viðmiða sem getið er um í 2. mgr. Áform um að ákveða að hæfi sé ekki lengur fyrir hendi skal fyrirfram tilkynnt bjóðanda skriflega ásamt ástæðu eða ástæðum þessarar ákvörðunar.

Kerfi til að meta hæfi skal kynnt með auglýsingu sem samin er í samræmi við XIII. viðauka tilskipunarinnar og birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins þar sem tilgangur hæfismatskerfisins kemur fram og hvar reglur um notkun þess er að finna. Ef kerfið á að vera lengur í gildi en þrjú ár ber að birta auglýsinguna árlega. Ef kerfið á að vera skemur í gildi dugir upphaflega auglýsingin.

20. gr.

Forval.

Kaupandi skal velja umsækjendur til að gera tilboð í lokuðu útboði eða þátttakendur í samningskaupum á hlutlægum forsendum eða eftir reglum sem hann setur og áhugasamir birgjar, verktakar og þjónustuveitendur hafa aðgang að.

Heimilt er að hafa þær forsendur fyrir útilokun sem tilteknar eru í 23. gr. tilskipunar 71/305/EBE og 20. gr. tilskipunar 77/62/EBE meðal forsendna sem notaðar eru.

Heimilt er að byggja forsendur á efnislegri þörf kaupanda fyrir að fækka umsækjendum að því marki sem réttlætanlegt er vegna nauðsynjar á að taka tillit til hvortveggja, séreðlis útboðsreglnanna og bolmagns sem þarf til að fylgja þeim til hlítar. Fjöldi umsækjenda sem valinn er skal ákveðinn með hliðsjón af því að næg samkeppni sé tryggð.

21. gr.

Vottorð um gæði.

Ef kaupandi krefst vottorða frá sjálfstæðum stofnunum til að staðfesta að þjónustan sé í samræmi við tiltekna gæðastaðla skulu þau vísa til gæðaeftirlits sem byggist á viðeigandi evrópskum stöðlum í röð 29 000 og staðfestir eru af stofnunum sem samræmast evrópskum stöðlum í röð 45 000. Stofnanir skulu taka gild jafngild vottorð frá stofnunum sem starfa í öðrum aðildarríkjum. Þær skulu einnig taka gildan annars konar vitnisburð um jafngildar aðferðir við gæðaeftirlit frá þjónustuveitendum sem hafa ekki aðgang að slíkum vottorðum eða engan möguleika á að fá þau innan tilskilins tíma.

22. gr.

Sameiginleg tilboð fleiri aðila o.fl.

Bjóðendur mega standa saman að tilboði. Þeir geta lagt fram tilboð án þess að þess sé krafist að þeir myndi sérstaka lagalega rekstrarheild; þess má þó krefjast af hópi sem valinn er sem samningsaðili ef slíkt er nauðsynlegt til að samningsákvæði verði uppfyllt.

Óheimilt er að hafna þátttakendum eða bjóðendum, sem samkvæmt lögum aðildarríkis þar sem þeir hafa staðfestu eiga rétt til að veita þjónustuna sem um er að ræða, á þeim forsendum einum að samkvæmt lögum aðildarríkisins sem efnir til samkeppninnar komi einungis einstaklingar eða lögaðilar til álita.

Þegar lögaðilar gera tilboð eða sækja um þátttöku er heimilt að krefjast upplýsinga um nöfn og hæfi þeirra starfsmanna sem munu veita þjónustuna.

23. gr.

Val tilboðs.

Um val, höfnun og samþykki tilboðs gilda ákvæði VII. kafla laga nr. 94/2001 um opinber innkaup.

V. KAFLI Lokaákvæði.

24. gr.

Upplýsingagjöf.

Kaupendur skulu geyma viðeigandi upplýsingar um hvern samning sem nægja til að gera þeim kleift síðar að rökstyðja ákvarðanir sem teknar verða í sambandi við:

- a. hæfismat og val verktaka, birgja eða þjónustuveitenda og úthlutun samninga;
- b. nýtingu undanþágna frá notkun evrópskra tækniforskrifta 4. mgr. 24. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup;
- c. notkun starfsreglna sem ekki krefjast undanfarandi útboðs í samræmi við 2. mgr. 9. gr.;
- d. að ákvæðum reglugerðarinnar sé beitt í samræmi við undanþágur í 4. og 5. gr. hennar.

Upplýsingarnar skal geyma í að minnsta kosti fjögur ár frá því að samningur er gerður svo að kaupandi geti á því tímabili veitt Eftirlitsstofnun EFTA nauðsynlegar upplýsingar fari hún fram á það.

Kaupendur, sem standa fyrir þeirri starfsemi, sem um getur í I., II., VII., VIII. og IX. viðauka tilskipunarinnar, skulu tilkynna viðsemjendum sínum um ákvarðanir varðandi gerða samninga eins fljótt og auðið er og skal, sé þess óskað, veita upplýsingarnar skriflega.

Kaupendur, sem standa fyrir þeirri starfsemi sem um getur í I., II., VII., VIII. og IX. viðauka tilskipunarinnar, skulu, svo fljótt sem auðið er frá viðtöku skriflegrar beiðni, tilkynna öllum umsækjendum eða bjóðendum, sem hafnað er, um ástæður þess að umsóknum eða tilboðum þeirra var hafnað og bjóðendum, sem skiluðu gildum tilboðum, skal veita upplýsingar um eiginleika og hlutfallslega kosti tilboðsins sem valið var auk heitis þess bjóðanda sem valinn var. Þó er kaupendum heimilt að ákveða að tilteknum upplýsingum um samningsgerðina, sem um getur í fyrsta lið málsgreinarinnar, verði haldið leyndum ef birting þessara upplýsinga kynni að hindra framgang laga eða ganga á annan hátt gegn hagsmunum almennings, eða skaða réttmæta viðskiptahagsmunum einstakra fyrirtækja, opinberra eða í einkaeign, þar með taldir hagsmunir þess fyrirtækis sem samningurinn var gerður við, eða hindra heiðarlega samkeppni milli bjóðenda.

25. gr.

Tilvísun til EES-gerðar.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á tilskipun nr. 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjar-skripti, eins og henni hefur verið breytt með tilskipun nr. 98/4/EB, og hún tekin upp í XVI. viðauka samningsins um Evrópska efnhagssvæðið. Ákvæði reglugerðarinnar ber að skýra til samræmis við greinda tilskipun.

26. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup og tekur gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 18. september 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Guðmundur Ólason.

REGLUGERÐ

um skráningu hönnunar.

I. KAFLI

Hönnunarumsókn.

1. gr.

Umsókn um skráningu hönnunar skal rituð á þar til gert eyðublað og lögð inn hjá Einkaleyfastofunni. Umsókn skal undirrituð af umsækjanda eða umboðsmanni hans og hafa að geyma beiðni um skráningu.

Í umsókn skal einnig tilgreina:

1. nafn og heimilisfang umsækjanda, svo og kennitölu hans hafi umsækjandi ekki umboðsmann;
2. nafn, heimilisfang og kennitölu umboðsmanns sé hann fyrir hendi;
3. nafn og heimilisfang hönnuðar;
4. heiti sem lýsir hönnun;
5. hvort hönnun varði útlit og gerð vöru eða skreytingu hennar;
6. hvort hönnun óskist vernduð í litum;
7. hver umsækjenda, ef fleiri en einn sækja sameiginlega um hönnun, fari með umboð til að taka á móti tilkynningum frá Einkaleyfastofunni;
8. kröfu um forgangsrétt, sé hans krafist, á grundvelli ákvæða 16. gr. hönnunarlaganna, ásamt upplýsingum skv. 5. og 7. gr. reglugerðar þessarar og
9. upplýsingar varðandi beiðni um frestun skráningar skv. 2. mgr. 18. gr. hönnunarlaganna ef við á.

Umsókn skulu fylgja:

1. tvö eintök af hverri mynd, þ.e. teikningu eða ljósmynd, sem sýni hönnun skýrlega; þegar sótt er um vernd á skreytingu þarf myndin að sýna skreytinguna á vöru;
2. umboð, ef umsækjandi hefur umboðsmann, og
3. sönnun á rétti umsækjanda til hönnunar ef umsækjandi er annar en hönnuður, sbr. 4. mgr. 13. gr. hönnunarlaganna; frestur til að leggja inn umboð og sönnun fyrir rétti umsækjanda til hönnunar er þrjár vikur frá móttökudegi umsóknar; með umsókn skal fylgja tilskilið umsóknargjald.

2. gr.

Heimilt er að umsókn fylgi:

1. lýsing á hönnun;
2. líkan af hönnun, sbr. 3. mgr. 13. gr. hönnunarlaga;
3. tilgreining á vöru þeirri, sem hönnun óskast skráð fyrir, og
4. tilgreining þeirra flokka sem umsækjandi telur að hönnun falli undir.

Umsækjanda er einungis heimilt að leggja fram fyrrgreind gögn og upplýsingar við innlagningu umsóknar.

Einkaleyfastofan getur þó óskað eftir því að slík gögn verði lögð fram síðar ef þörf þykir til skýringar.

Lýsing skal hafa að geyma stutta skýringu (hámark 150 orð) á því sem óskast verndað. Greina skal frá þeim meginatriðum sem gera hönnunina sérstæða. Í lýsingu má hvorki fjalla um kosti hönnunar né fullyrða um gildi hennar.

Heiti hönnunar skal fyrst og fremst vera til skýringar á mynd. Heiti hönnunar takmarkar ekki umfang verndar.

Þegar um samskráningu er að ræða þarf hver hönnun að bera sitt heiti.

3. gr.

Umsókn og lýsing skulu vera á íslensku. Önnur fylgigögn mega vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku.

Einkaleyfastofan getur krafist þess að löggiltur skjalabýðandi eða annar aðili, sem Einkaleyfastofan viðurkennir, staðfesti þýðingu fylgigagna.

4. gr.

Leggja skal inn tvö eintök af hverri mynd af hönnun, ekki stærri en A4 (21 x 29,7 sm). Hver mynd má aðeins sýna eina hönnun frá einu sjónarhorni. Ef lagðar eru inn fleiri en ein mynd af sömu hönnun skulu þær aðgreindar hver frá annarri og merktar í réttri röð með tölustöfum eða bókstöfum. Til skýringar á mynd mega koma fram á henni lýsingarorð (dæmi; „upp“, „niður“, „skurðmynd“). Myndir og rittákn þurfa að henta til offsetprentunar í svart/hvítu og gefa möguleika á mismunandi stærðum.

Sé farið fram á skráningu í lit skal eitt eintak myndar vera í litum.

Ef umsækjandi leggur inn líkan af hönnun skal það vera úr endingargóðu efni. Líkan má ekki vega meira en 4 kg og skal rúmast innan tenings sem hefur kantlengdina 40 sm. Óheimilt er að leggja inn líkan úr viðkvæmu eða hættulegu efni.

Taki umsókn til fleiri en einnar hönnunar skulu fylgja myndir af hverri og einni hönnun. Myndir af sömu hönnun skulu fá sama númer. Skýrt þarf að koma fram hvaða myndir tilheyri hverri hönnun.

5. gr.

Einkaleyfastofan færir umsóknardag á mótteknar umsóknir og gefur þeim umsóknarnúmer.

Umsókn telst móttékin ef hún hefur að geyma:

1. nafn og heimilisfang umsækjanda;
2. nafn og heimilisfang hönnuðar;
3. beiðni um skráningu hönnunar;
4. myndir, þ.e. teikningar eða ljósmyndir, sem sýna hönnun skýrlega, eða líkan af hönnun og
5. umsóknargjald.

Umsókn sem send er með símbréfi telst móttékin ef gögn, sér í lagi myndir, eru nægilega skýr og sýnt er fram á að greiðsla hafi verið innt af hendi. Umsækjanda er þó skylt að leggja fram frumgögn umsóknar innan fjórtán daga frá móttöku símbréfs.

Umsókn, sem lögð er inn án greiðslu tilskilinna gjalda, telst ekki móttækin. Einkaleyfastofunni ber þó að varðveita umsókn í eina viku en eftir þann tíma er henni vísað frá ef greiðsla hefur ekki borist.

Óheimilt er að breyta andlagi umsóknar eftir að hún hefur verið móttækin.

6. gr.

Skráningaryfirvöld skulu flokka hönnun í samræmi við ákvæði Locarno-samningsins frá 8. október 1968 um alþjóðlega skráningu hönnunar, sbr. viðauka við reglugerð þessa.

Umsækjanda eða umboðsmanni hans skal tilkynnt um hvernig hönnun er flokkuð og veittur vikufrestur hið skemmsta til að koma fram með athugasemdir um flokkun. Einkaleyfastofan tekur endanlega ákvörðun um flokkun.

II. KAFLI Umsóknarskrá.

7. gr.

Einkaleyfastofan skal halda tölvufærða skrá yfir móttæknar umsóknir.

Í skrána skal færa eftirtalin atriði varðandi hverja umsókn:

1. umsóknarnúmer og umsóknardag;
2. nafn og heimilisfang umsækjanda;
3. nafn, heimilisfang og kennitölu umboðsmanns sé hann fyrir hendi;
4. nafn og heimilisfang hönnuðar;
5. heiti hönnunar;
6. hvort óskað sé verndar á útliti og gerð vöru eða skreytingu;
7. hvort hönnun óskist vernduð í litum;
8. hver umsækjenda, ef fleiri en einn sækja sameiginlega um hönnun, fari með umboð til að taka á móti tilkynningum frá Einkaleyfastofunni;
9. heiti viðtökulands fyrri umsóknar sé forgangsréttar krafist á grundvelli hennar, svo og umsóknardag og umsóknarnúmer hennar;
10. upplýsingar varðandi beiðni umsækjanda um frestun á skráningu;
11. upplýsingar um gjöld, sem greidd hafa verið vegna umsóknarinnar, og
12. upplýsingar um meðhöndlun og stöðu umsóknarinnar.

Unnt skal vera að fá upplýsingar úr skránni varðandi þær umsóknir sem þegar hafa verið gerðar aðgengilegar almenningi. Fyrir þann tíma er Einkaleyfastofunni þó heimilt að veita einhverjar þeirra upplýsinga sem koma fram í 2. mgr.

8. gr.

Þegar sótt er um vernd á fleiri en einni hönnun í sömu umsókn, sbr. 15. gr. hönnunarlaga, fær sérhver hönnun sama umsóknardag og sama umsóknarnúmer.

9. gr.

Ef tilkynning berst um eigendaskipti á hönnun sem sótt hefur verið um skráningu á verður nafn nýs umsækjanda því aðeins fært í umsóknarskrá að fyrir liggi sönnun um fram-sal.

III. KAFLI Forgangsréttur.

10. gr.

Til að njóta forgangsréttar skv. 1.-3. mgr. 16. gr. hönnunarlaga þarf umsækjandi að krefjast þess í umsókn sinni á þeim tíma sem umsókn er lögð inn.

Umsækjandi skal jafnframt tilgreina, í síðasta lagi einum mánuði frá umsóknardegi, hvar umsókn, sem forgangsréttarkrafa er byggð á, var lögð inn, umsóknardag hennar og umsóknarnúmer. Berist fyrrnefndar upplýsingar ekki á tilskildum tíma fellur niður réttur til að krefjast forgangsréttar.

Einkaleyfastofan getur krafist þess, innan tiltekins frests, að forgangsréttur sé staðfestur með vottorði frá skráningaryfirvöldum sem tóku á móti umsókn þeirri er umsækjandi byggir forgangsrétt sinn á. Í vottorðinu skal tilgreina umsóknardag og nafn umsækjanda. Einkaleyfastofan getur enn fremur krafist afrits af umsókninni ásamt myndum af hönnuninni. Berist fyrrnefnd skjöl ekki á tilskildum tíma fellur niður réttur til að krefjast forgangsréttar. Fresturinn rennur út í fyrsta lagi þremur mánuðum frá umsóknardegi.

Ef fallið er frá kröfu um forgangsrétt skal það tilkynnt skriflega.

11. gr.

Umsókn getur því aðeins verið grundvöllur forgangsréttar að hún sé sú fyrsta þar sem viðkomandi hönnun kemur fram.

Hafi umsækjandi fyrstu umsóknar, eða framsalshafi, síðar lagt inn umsókn á sama stað er varðar sömu hönnun getur síðari umsóknin þó orðið grundvöllur forgangsréttarkröfu ef fyrri umsóknin hefur verið afturkölluð við afhendingu hinnar síðari, hún afskrifuð eða henni hafnað áður en hún varð aðgengileg almenningi og að því tilskildu að engin réttindi eða forgangskrafa sé á henni byggð. Hafi forgangsréttur skapast á grundvelli slíkrar umsóknar sem kom inn síðar er ekki unnt að byggja forgangsrétt á fyrri umsókninni.

12. gr.

Til að umsókn njóti forgangsréttar skv. 4. mgr. 16. gr. hönnunarlaganna þarf umsækjandi að krefjast þess í umsókn sinni á þeim tíma sem umsókn er lögð inn.

Beiðni um forgangsrétt skulu fylgja upplýsingar um það á hvaða sýningu hönnun hafi verið sýnd og á hvaða tíma hún hafi fyrst verið sýnd. Slíkar upplýsingar þurfa að berast Einkaleyfastofunni í síðasta lagi einum mánuði frá umsóknardegi. Berist fyrrnefndar upplýsingar ekki á tilskildum tíma fellur niður réttur til að krefjast forgangsréttar.

Einkaleyfastofan getur krafist þess, innan tiltekins frests, að forgangsréttur sé staðfestur með vottorði frá ábyrgum stjórnendum sýningarinnar er umsækjandi byggir forgangsrétt sinn á. Í vottorðinu skal tilgreina umsóknardag og nafn umsækjanda. Berist fyrrnefnd gögn ekki á tilskildum tíma fellur niður réttur til að krefjast forgangsréttar. Fresturinn rennur út í fyrsta lagi þremur mánuðum frá umsóknardegi.

13. gr.

Þegar sótt er um vernd á fleiri en einni hönnun í sömu umsókn, sbr. 15. gr. hönnunarlaganna, er unnt að krefjast forgangsréttar skv. 16. gr. laganna fyrir hverja einstaka hönnun. Forgangsréttarkröfu má byggja á umsóknum frá fleiri en einu ríki.

IV. KAFLI

Rannsókn.

14. gr.

Ef rannsókn Einkaleyfastofunnar leiðir í ljós að umsókn fullnægi ekki skilyrðum 1. tölul. 2. gr. og 1. og 2. tölul. 7. gr. hönnunarlaganna ber að hafna skráningu hennar. Áður en umsókn er afmáð skal umsækjanda veitt tækifæri til að skýra mál sitt og/eða afla tilskilinna heimilda fyrir merkjum eða táknum sem hönnun felur í sér. Breyti rökstuðningur umsækjanda eða gögn ekki fyrri niðurstöðu Einkaleyfastofunnar skal afmá umsóknina úr hönnunarskrá. Hönnun skal þó ekki afmáð fyrr en frestur til að skjóta máli til áfrýjunarnefndar er liðinn.

Fullnægi umsókn ekki skilyrðum 13., 14. og 15. gr. laganna skal senda umsækjanda tilkynningu um þá formgalla eins fljótt og unnt er. Í tilkynningunni skal koma fram að heimilt sé að afskrifa umsókn ef ekki er bætt úr ágöllum innan eins mánaðar.

15. gr.

Til grundvallar rannsókn skv. 2. mgr. 17. gr. hönnunarlega er eingöngu lögð skráð hönnun hér á landi og hönnun sem sótt hefur verið um skráningu á og orðin er aðgengileg almennungi. Rannsóknin tekur jafnframt til þeirrar hönnunar sem hefur verið afmáð á síðastliðnum fimm árum frá innlagningsardegi umsóknar. Til grundvallar rannsókninni eru einnig lögð skráð vörumerki hér á landi og vörumerki sem sótt hefur verið um skráningu á, auk upplýsinga úr firmaskrá.

Innihaldi umsókn beiðni um vernd á fleiri en einni hönnun, sbr. 15. gr. hönnunarlega, tekur rannsóknin aðeins til þeirrar hönnunar er fram kemur í beiðni um rannsókn.

16. gr.

Sé krafist rannsóknar skv. 2. mgr. 17. gr. hönnunarlega, án tengsla við umsókn, hefur niðurstaða rannsóknarinnar engin áhrif á meðferð umsóknar um þá hönnun síðar.

Hafni Einkaleyfastofan skráningu hönnunar á grundvelli rannsóknar sem fram fer að kröfu umsækjanda skal umsækjanda tilkynnt það eins fljótt og unnt er. Í tilkynningu skal greina frá forsendum fyrir höfnun á skráningu. Umsækjanda skal gefinn tveggja mánaða frestur til að tjá sig um synjun áður en umsókn er afskrifuð.

V. KAFLI

Skráning og birting.

17. gr.

Þegar umsókn um hönnun fullnægir skilyrðum þeim sem greint er frá í hönnunarlögum, svo og kröfum sem gerðar eru til umsóknar í reglugerð þessari, skal hönnun skráð og eiganda send staðfesting á skráningu.

18. gr.

Þegar hönnun hefur verið skráð skal hún, eins fljótt og unnt er, birt í sérstöku riti er Einkaleyfastofan gefur út, ELS-tíðindum. Í birtingu þeirri skulu, auk skýrra mynda, koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. umsóknarnúmer og skráningarnúmer;
2. umsóknardagur;
3. nafn og heimilisfang umsækjanda;
4. nafn, heimilisfang og kennitala umboðsmanns umsækjanda sé hann fyrir hendi;
5. nafn og heimilisfang hönnuðar;
6. heiti hönnunar;
7. hvort skráð hönnun varði útlit og gerð vöru eða skreytingu hennar;
8. flokkur eða flokkar þeir sem hönnun er talin tilheyra skv. Locarno-samningnum um alþjóðlega flokkun hönnunar;
9. hvort hönnun óskist vernduð í litum;
10. upplýsingar um forgangsrétt ásamt upplýsingum um hvar umsókn sú sem forgangsréttur er byggður á var lögð inn og umsóknardag og númer þeirrar umsóknar;
11. myndir sem sýna hönnunina og
12. hvenær umsókn var gerð aðgengileg almenningi ef það var ekki samtímis skráningardegi.

VI. KAFLI Hönnunarskrá.

19. gr.

Einkaleyfastofan heldur skrá yfir skráða hönnun.

Í hönnunarskrá skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. umsóknarnúmer og skráningarnúmer;
2. nafn og heimilisfang skráðs eiganda;
3. nafn, heimilisfang og kennitala umboðsmanns eiganda sé hann fyrir hendi;
4. nafn og heimilisfang hönnuðar;
5. heiti hönnunar;
6. hvort hönnun varði útlit og gerð vöru eða skreytingu hennar;
7. hvort hönnun óskist vernduð í litum;
8. flokkur eða flokkar þeir sem hönnun er talin tilheyrja samkvæmt Locarno-samningnum um alþjóðlega flokkun hönnunar;
9. upplýsingar um þær vörur sem hönnun skal einkenna ef þær eru fyrir hendi;
10. dagsetning þegar umsókn var:
 - a. móttekin eða telst móttekin;
 - b. skráð;
 - c. gerð aðgengileg almenningi, ef það var ekki samtímis skráningardegi, og
 - d. birt;
11. hver umsækjenda, ef fleiri en einn sækja sameiginlega um hönnun, fari með umboð til að taka á móti tilkynningum frá Einkaleyfastofunni;
12. upplýsingar um hvar umsókn, sem forgangsréttarkrafa er byggð á, var lögð inn og umsóknardagur og númer hennar ef krafist er forgangsréttar á grundvelli 1.-3. mgr. 16. gr. hönnunarlaga;
13. upplýsingar um á hvaða alþjóðlegu sýningu, sem forgangsréttarkrafa er byggð á, hönnun var fyrst sýnd og á hvaða degi, ef krafist er forgangsréttar á grundvelli 4. mgr. 16. gr. hönnunarlaga, og
14. myndir af hönnuninni.

Þegar skráning tekur til fleiri en einnar hönnunar, sbr. 17. gr. laganna, er aðeins um eitt sameiginlegt skráningarnúmer að ræða.

20. gr.

Málshöfðunar á grundvelli 1. mgr. 25. gr. hönnunarlaga skal getið í hönnunarskrá.

Ef Einkaleyfastofan fellir úr gildi hönnun á grundvelli 1. mgr. 27. gr. laganna skal hönnunin afmáð úr hönnunarskrá. Hönnun skal þó ekki afmáð fyrr en frestur til að skjóta máli til áfrýjunarnefndar er liðinn.

Sá er höfðað hefur mál á grundvelli 1. mgr. 25. gr. laganna skal afhenda Einkaleyfastofunni afrit dóms svo að unnt sé að breyta hönnunarskrá í samræmi við niðurstöðu dómsins. Hönnunarskrá skal þó ekki breytt til samræmis við niðurstöðu héraðsdóms fyrr en áfrýjunarfrestur er liðinn.

Niðurstöðu dómsmáls skv. 1. mgr. 25. gr. laganna skal birta í riti því er Einkaleyfastofan gefur út, ELS-tíðindum.

21. gr.

Sá er öðlast rétt á skráðri hönnun, sbr. 51. gr. hönnunarlaga, skal tilkynna Einkaleyfastofunni það skriflega. Í slíkri tilkynningu skal koma fram nafn, heimilisfang og kennitala eiganda hönnunar, frá hvaða tíma hann öðlast réttinn og hvenær aðilaskiptin fóru fram. Tilkynningin skal færð í hönnunarskrá.

Samkvæmt beiðni skal geta þess í hönnunarskrá hvort réttur nytjaleyfishafa til að veita nytjaleyfi sé takmarkaður.

Tilkynning um breytingu á umboðsmanni, svo og breytingu á nafni eða heimilisfangi rétthafa, skal færð í hönnunarskrá.

Tilkynningar skv. 1.- 3. mgr. skulu vera skriflegar og þeim skulu fylgja nauðsynleg gögn ásamt tilskildu gjaldi.

Tilkynningar skulu birtar í riti því er Einkaleyfastofan gefur út, ELS-tíðindum.

22. gr.

Einkaleyfastofan getur krafist þess að undirritun á framsali, nytjaleyfi eða yfirlýsingu um að hönnun hafi verið afmáð sé staðfest af lögbókanda, lögmanni eða tveimur vitundarvottum. Einkaleyfastofunni er einnig heimilt að krefjast staðfestingar undirskrifta á öðrum skjölum ef þess er talin þörf.

VII. KAFLI

Frestun skráningar.

23. gr.

Beiðni um frestun skráningar, sbr. 2. mgr. 18. gr. hönnunarlaga, skal koma fram í umsókn. Slíkar umsóknir fá í upphafi sömu meðferð og aðrar umsóknir allt að skráningu.

Þegar umsókn skv. 1. mgr. fullnægir skilyrðum laganna og reglugerðar þessarar er umsækjanda tilkynnt um það eins fljótt og verða má.

24. gr.

Komi fram beiðni um frestun skráningar skv. 2. mgr. 18. gr. hönnunarlaga skal halda öllum gögnum, sem varða umsókn, leyndum uns hönnun er skráð. Þó skal birta í riti því sem Einkaleyfastofan gefur út, ELS-tíðindum, tilkynningu um að umsókn hafi verið lögð inn og upplýsingar um:

1. nafn umsækjanda, heimilisfang og kennitölu hafi umsækjandi ekki umboðsmann;
2. umsóknardag;
3. hve lengi fresta skuli skráningu og
4. flokk eða flokka þá sem hönnun er talin falla undir.

Þegar tími sá er liðinn, sem fresta átti skráningu, er skráning birt í ELS-tíðindum.

VIII. KAFLI

Endurnýjun.

25. gr.

Umsókn um endurnýjun skráðrar hönnunar skal skila skriflega til Einkaleyfastofunnar á þar til gerðu eyðublaði. Ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar gilda um umsóknir um endurnýjun eftir því sem við á.

Umsókn um endurnýjun skal fylgja tilskilið gjald.

Sé umsókn um endurnýjun ábótavant skal veita umsækjanda stuttan frest til að lagfæra umsóknina. Ef umsókn er ekki lagfærð innan tilskilins frests skal henni hafnað, það tilkynnt umsækjanda og skráð hönnun afmáð úr hönnunarskrá enda sé skráningartíma hennar lokið.

Endurnýjun á skráningu skal færð í hönnunarskrá og birt í riti því er Einkaleyfastofan gefur út, ELS-tíðindum. Þar skal koma fram skráningarnúmer hönnunar og hvenær skráning telst fallin úr gildi.

IX. KAFLI
Skráning felld úr gildi.

26. gr.

Berist Einkaleyfastofunni skrifleg athugasemd varðandi umsókn áður en hönnun samkvæmt umsókninni er skráð skal það tilkynnt umsækjanda. Þeim er sendi athugasemdina skal bent á að unnt sé að krefjast þess að skráningin sé felld úr gildi.

27. gr.

Beiðni skv. 27. gr. hönnunarlaga skal lögð inn skriflega í tveimur eintökum hjá Einkaleyfastofunni.

Í beiðninni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. nafn og heimilisfang þess er setur fram kröfu;
2. skráningarnúmer og heiti hönnunar þeirrar, sem krafist er að felld verði úr gildi, ásamt nafni eiganda hennar og
3. nafn, heimilisfang og kennitala umboðsmanns þess er setur fram kröfu um að skráning verði felld úr gildi sé umboðsmaður fyrir hendi.

Beiðni um að skráning verði felld úr gildi skal rökstudd og henni skulu fylgja nauðsynleg sönnunargögn.

Beiðni um að skráning verði felld úr gildi skal fylgja tilskilið gjald.

Hafi dómstóll þegar dæmt í máli er varðar sama efni og sömu aðila skal beiðninni vísað frá.

28. gr.

Fullnægi beiðnin ekki skilyrðum 27. gr. hönnunarlaga eða 1., 2. og 4. mgr. 27. gr. reglugerðar þessarar er henni hafnað.

Sé greint frá forsendum beiðni um að skráning verði felld úr gildi en krafa ekki rökstudd frekar eða sönnunargögn vantar skal andmælanda veittur eins mánaðar frestur til að leggja fram nánari rökstuðning og/eða sönnunargögn.

29. gr.

Eiganda hönnunar skal tilkynnt svo fljótt sem verða má um framkomna beiðni um að skráning verði felld úr gildi og veittur tveggja mánaða frestur til að tjá sig.

Sendi skal eiganda skráðrar hönnunar afrit af öllum bréfum og gögnum sem berast frá þeim er fer fram á að skráning verði felld úr gildi, og gagnkvæmt.

Ef eiganda skráðrar hönnunar er skrifað varðandi efnislega meðferð málsins skal samtímis senda þeim er fer fram á að skráning verði felld úr gildi afrit af bréfinu.

Eftir að eigandi skráðrar hönnunar svarar beiðni um að skráning verði felld úr gildi tekur Einkaleyfastofan ákvörðun um hvort frekari bréfastipti milli aðila séu nauðsynleg.

30. gr.

Telji Einkaleyfastofan nauðsynlegt að aðilar fái tækifæri til að tjá sig munnlega um beiðni skv. 27. gr. hönnunarlaga skal kveðja báða aðila til.

31. gr.

Aðilar máls skv. 27. gr. hönnunarlaga afla gagna. Ákvarðanir Einkaleyfastofunnar í slíkum málum grundvallast aðeins á þeim staðreyndum, sönnunum og rökum sem aðilar hafa fram að færa.

Ef afstaða aðila og rök liggja ekki fyrir í gögnum málsins skulu aðilar máls eiga þess kost að tjá sig tvisvar um efni máls áður en Einkaleyfastofan tekur ákvörðun í því enda sé það ekki augljóslega óþarft.

Einkaleyfastofunni er heimilt að setja málsaðilum ákveðinn frest til að kynna sér gögn máls og tjá sig um það.

Þegar aðilar hafa fengið tækifæri til að tjá sig samkvæmt ofangreindu skal Einkaleyfastofan tilkynna þeim að málið verði tekið til ákvörðunar og ekki sé unnt að leggja fram frekari gögn.

32. gr.

Afrit af endanlegri ákvörðun Einkaleyfastofunnar vegna beiðni um að skráning verði felld úr gildi skal senda bæði eiganda hönnunar og þeim er lagði fram beiðni. Einkaleyfastofan skal ávallt rökstyðja endanlega ákvörðun sína.

Þegar áfrýjunarfrestur skv. 36. gr. hönnunarlega er liðinn án þess að ákvörðun Einkaleyfastofunnar varðandi beiðni skv. 27. gr. hönnunarlega hafi verið borin undir áfrýjunarnefnd skal birta ákvörðun í riti því er Einkaleyfastofan gefur út, ELS-tíðindum.

X. KAFLI

Hlutun.

33. gr.

Taki umsókn til fleiri en einnar hönnunar, skv. 15. gr. hönnunarlega, getur eigandi umsóknar óskað eftir því að hluta umsóknina sundur í tvær eða fleiri umsóknir. Slík beiðni skal hafa að geyma upplýsingar um umsóknarnúmer frumumsóknar og til hvaða hönnunar hver umsókn skuli taka eftir hlutunina.

Þegar beiðni um hlutun umsóknar hefur verið meðhöndluð fær sú umsókn sem verður til við hlutun nýtt sjálfstætt umsóknarnúmer.

Umsókn, sem verður til við hlutun, fær sama umsóknar- og forgangsréttardag og frumskráningin.

Ákvörðun um hlutun skal birt í riti því er Einkaleyfastofan gefur út, ELS-tíðindum.

34. gr.

Taki skráning til fleiri en einnar hönnunar, skv. 15. gr. hönnunarlega, getur eigandi skráningar óskað eftir því að hluta skráninguna sundur í tvær eða fleiri skráningar. Slík beiðni skal hafa að geyma upplýsingar um skráningarnúmer frumskráningar og til hvaða hönnunar hver skráning skuli taka eftir hlutunina.

Þegar beiðni um hlutun skráninga hefur verið meðhöndluð fær sú skráning sem verður til við hlutun nýtt sjálfstætt skráningarnúmer.

Skráning, sem verður til við hlutun, fær sama umsóknar-, forgangsréttar- og skráningardag og frumskráningin.

Ákvörðun um hlutun skal birt í riti því er Einkaleyfastofan gefur út, ELS-tíðindum.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

35. gr.

Frestur, sem veittur er, hefst frá dagsetningu bréfs frá Einkaleyfastofunni. Fresturinn er tveir mánuðir nema annað sé ákveðið eða leiði af ákvæðum hönnunarlega eða reglugerðar þessarar. Ef lokadagur frests er almennur frídagur lengist fresturinn til næsta opnunardags þar á eftir.

36. gr.

Beiðni um að hönnun verði afmáð úr hönnunarskrá skal undirrituð af eiganda hönnunar. Sé nytjaleyfi skráð í hönnunarskrá skal hönnun því aðeins afmáð að eigandi sýni fram á að nytjaleyfishafa hafi verið tilkynnt um þá ætlun.

Birta skal tilkynningu um að hönnun hafi verið afmáð úr hönnunarskrá eða réttur til skráðrar hönnunar á annað nafn samkvæmt endanlegri dómsniðurstöðu.

37. gr.

Einkaleyfastofan geymir líkan sem er sent inn með umsókn, sbr. 3. mgr. 13. gr. hönnunarlaganna, í fimm ár eftir að skráning hefur verið felld úr gildi. Hafi eigandi líkansins ekki gert tilkall til þess innan þess tíma er stofnuninni heimilt að eyða líkaninu.

XII. KAFLI

Gildistaka.

38. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 53. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun, öðlast gildi 1. október 2001.

Íðnaðarráðuneytinu, 25. september 2001.

Jón Kristjánsson.

Jón Ögmundur Pormóðsson.

AUGLÝSING**um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.***Áland.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 5. júní 2001, deiliskipulag fyrir Áland. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Aflagrandi 20-34.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd, með vísan til 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd, breytingu á deiliskipulagi fyrir Aflagrandi 20-34. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Mariúbaugur, leikskóla- og grunnskólalóð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. ágúst 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir Mariúbaug. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Vogabakki 7-15.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 19. júní 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir Vogabakka 7-15. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi

Köllunarklettsvegur 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 24. júlí 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir Köllunarklettsveg 4. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 19. september 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

REGLUR

um Stofnun Sigurðar Nordals.

1. gr.

Almennt.

Stofnun Sigurðar Nordals er starfrækt af Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir beint undir háskólaráð og hefur að markmiði að efla hvarvetna í heiminum rannsóknir og kynningu á íslenskri menningu að fornu og nýju og tengsl íslenskra og erlendra fræðimanna á því sviði.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Stofnunar Sigurðar Nordals er:

- a. að afla gagna um kennslu og rannsóknir tengdar íslenskri menningu, sem stundaðar eru í heiminum, og miðla þeim,
- b. að bjóða erlendum fræðimönnum til Íslands til að kynna rannsóknir sínar, afla gagna til þeirra eða til að stunda rannsóknir,
- c. að gangast fyrir ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum og fyrirlestrum um íslenska menningu,
- d. að styðja og standa fyrir útgáfu rita um íslenska menningu, þar á meðal til að kynna íslensk vísindarit um þau efni á erlendum vettvangi,
- e. að hafa forgöngu um kennslu í íslensku og íslenskum fræðum erlendis í samvinnu við aðila innan Háskólans sem utan, meðal annars með því að styrkja erlenda námsmenn til dvalar á Íslandi og annast þjónustu við íslenska sendikennara,
- f. að styrkja íslenska fræðimenn til að fara til annarra landa í því skyni að stunda rannsóknir í fræðum sínum og kynna þau,
- g. að hafa samvinnu við erlenda aðila um hver þau verkefni sem falla undir hlutverk stofnunarinnar, meðal annars með því að efla félög erlendis sem sinna íslenskri menningu,

- h. að fara með ýmis málefni í umboði menntamálaráðuneytis, meðal annars málefni íslenskrar sendikennslu erlendis.

3. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er og aðstæður krefjast.

Stofnunin veitir starfsliði skv. 8. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.

Stjórn.

Háskólaráð skipar stofnuninni þriggja manna stjórn að fenginni tilnefningu heimspeki-deildar um tvo stjórnarmenn en rektors um hinn þriðja og skal hann vera formaður stjórnar. Skipa skal varamann fyrir hvern fulltrúa í stjórn og skulu þeir tilnefndir eins og aðalmennirnir. Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

5. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréfllega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfundir óski tveir stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fundinn í hans umboði, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send rektor.

Forstöðumaður situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar. Sé ekki ráðinn forstöðumaður til stofnunarinnar kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar og stjórnar daglegum rekstri hennar.

6. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin markar stefnu fyrir stofnunina að tilhlutan forstöðumanns og fjallar um öll meiriháttar mál, samþykkir ráðningu starfsliðs, fjármögnunar- og rekstraráætlanir og gjaldskrá fyrir selda þjónustu.

Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

7. gr.

Forstöðumaður.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann samkvæmt tilnefningu stjórnar að fenginni umsögn heimspekideildar. Forstöðumaður skal hafa meistara- eða doktorsgráðu eða annað sambærilegt háskólapróf.

Rektor setur forstöðumanni erindisbréf að tillögu stjórnar. Forstöðumaður hefur forystu um að móta stefnu fyrir stofnunina til lengri og skemmri tíma, stjórnar daglegum rekstri hennar gerir tillögur til stjórnar um ráðningu starfsliðs og sér um framkvæmd á þeim málum sem stjórnin felur honum.

Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn og rektor.

8. gr.

Aðrir starfsmenn.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf, og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum, fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

Stjórn Stofnunar Sigurðar Nordals setur nánari reglur um starfsmenn stofnunarinnar sem háskólaráð staðfestir.

9. gr.

Fjármál.

Tekjur Stofnunar Sigurðar Nordals eru eftirfarandi:

- a. fjárveitingar á fjárlögum,
- b. framlag frá Háskóla Íslands skv. ákvörðun háskólaráðs,
- c. styrkir til einstakra verkefna,
- d. greiðslur fyrir umbeðin verkefni,
- e. tekjur af útgáfu, námskeiðum, ráðstefnum eða annarri starfsemi,
- f. gjafir og aðrar tekjur sem stofnuninni kunna að berast.

Reikningshald stofnunarinnar er sjálfstætt en heimilt er að það sé hluti af reikningshaldi háskólans. Afrit fjárhagsáætlunar skal sent rektor og einnig ársuppgjör.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, svo að gætt sé ákvæða samkeppnislaga.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 410/1986 fyrir Stofnun Sigurðar Nordals, sbr. ákvæði til bráðabirgða (9) í reglum nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 14. september 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 69, 25. janúar 2001, um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna og eldisfiska frá.

1. gr.

2. gr. auglýsingarinnar orðist svo: Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5. og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem eru á skrá Fiskistofu yfir viðurkennda aðila.

Albanía	Gana	Litháen	Óman	Taíland
Argentína	Gvatemala	Madagaskar	Pakistan	Taívan
Ástralía	Indland	Malasía	Panama	Tansanía
Bangladess	Indónesía	Maldíveyjar	Papúa Nýja Gínea	Tékkland
Brasilía	Íran	Marokkó	Perú	Túnis
Chíle	Jamaíka	Máritanía	Pólland	Úganda
Eistland	Japan	Máritíus	Rússland	Úrúgvæ
Ekvador	Kanada	Mexíkó	S-Afríka	Venesúela
Falklandseyjar	Kína	Namibía	Senegal	Víetnam
Filippseyjar	Kólumbía	Níkaragúa	Seychelleseyjar	Yemen
Fílabeinsströndin	Kúba	Nígería	Singapúr	
Gambía	Lettland	Nýja-Sjáland	S-Kórea	

2. gr.

3. gr. auglýsingarinnar orðast svo: Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5., og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem hafa fengið viðurkenningu lögbærri yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum, sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Algería	El Salvador	Hondúras	Kýpur	Sankti Pierre og Miquelon
Angóla	Eritrea	Hong Kong	Malta	Simbabwe
Antígva ¹	Fidjeyjar	Hvíta Rússland	Mayotte ⁴	Slóvenía
Aserbaídsjan ²	Franska Polynesía	Ísrael	Mósambík	Srí Lanka
Bahamaeyjar	Gabon	Kamerún	Myanmar	Súrínam
Bandaríkin	Gínea Conakri	Kenía	Nýja Kaledónía	Sviss
Barbúda ¹	Grenada	Kongó ⁵	Rúmenía	Tógó
Belís	Grænland	Kostaríka	Salómonseyjar	Tyrkland
Benín	Hollensku Antillaeyjar	Krótía	Sankti Helena	Ungverjaland ³

¹ Aðeins heimilt að flytja inn ferskan fisk.

² Aðeins heimilt að flytja inn kaviar.

³ Aðeins heimilt að flytja inn lifandi sjávardýr til manneldis.

⁴ Einungis er heimilt að flytja inn óunnar ferskar sjávarafurðir.

⁵ Aðeins heimilt að flytja inn sjávarafurðir sem eru veiddar, frystar og fullpakkaðar á sjó.

3. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. september 2001.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Þórir Skarphéðinsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Djúpavogshrepps nr. 226/1999.

1. gr.

Í stað „7“ í 1. gr. samþykktarinnar kemur: 5.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Djúpavogshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum 2002.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. september 2001.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bragason.

GJALDSKRÁ

fyrir framkvæmdaleyfi á Austur-Héraði.

Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.

1. *Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.*

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður bæjarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar.

Lágmarksgjald skal þó vera kr. 10.000, enda geti sveitarfélagið ætíð, þegar lágmarksgjaldi er beitt, sýnt fram á að það hafi borið a.m.k. þann kostað við útgáfu leyfis Gjald þetta skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu septembermánaðar 2001.

Fjárhæð gjalds skal ekki nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði þeim er sveitarfélagið verður fyrir vegna útgáfu, undirbúnings leyfisins, yfirferð hönnunargagna og eftirlits.

Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur undanfari útgáfu framkvæmdaleyfis telst kostnaður sem sveitarfélag hefur vegna þess hluti af kostnaði við undirbúning leyfisins.

2. *Gjaldldagi.*

Framkvæmdaleyfisgjald skal greiða við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við framkvæmdaleyfishafa um fyrirkomulag greiðslna. Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og framkvæmdaleyfishafa við útgáfu framkvæmdaleyfis.

3. *Innheimta gjalda.*

Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þó framkvæmdaleyfi falli úr gildi.

4. Gjaldtökuheimild.

Um gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá þessari fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Gjaldtaka vegna leyfa samkvæmt 3. tl. og 4. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 73/1997 fer eftir sömu ákvæðum.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt eftir 2 umræður í bæjarstjórn Austur-Héraðs 19. september 2001.

Egilsstöðum, 20. september 2001.

F.h. bæjarstjórnar Austur-Héraðs,

Bj. Hafþór Guðmundsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um gjöld vegna námskeiðs til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu nr. 612/2001 eru gjöld vegna námskeiðs sem halda á seinni ársþelming 2001 ákveðin þessi:

Kennslugjald vegna I. hluta námskeiðs kr. 60.000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. september 2001.

F. h. r.

Jón Thors.

Bryndís Helgadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 100 – 2001

25. september 2001

2047

Nr. 713

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga,
nr. 44/1999 með síðari breytingum.**

1. gr.

Við fyrstu málsgrein 11. greinar reglugerðar nr. 44/1999 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga bætist setning svohljóðandi:

Við útreikning á hámarkstekjum sveitarfélaga skal einnig taka tillit til þeirra jöfnunarframlaga sem sveitarfélög fá vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, sbr. reglugerð nr. 80/2001.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. september 2001.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

27. september 2001

Nr. 714

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir þau tímabil sem tilgreind eru í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	01.10.01-31.12.01	ótilgr.	15	30
Tollnúmer:					
0702.0001	Tómatar, nýir eða kældir	01.11.01-15.03.02	ótilgr.	0	0
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	08.10.01-14.10.01	ótilgr.	22,5	149
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	15.10.01-31.10.01	ótilgr.	15	99
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	15.10.01-15.03.02	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	01.11.01-15.03.02	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.10.01-15.03.02	ótilgr.	22,5	102
0706.9001	Gulrófur	01.10.01-15.03.02	ótilgr.	30	0
0706.9002	Rauðrófur	01.10.01-15.03.02	ótilgr.	30	0
0707.0011	Gúrkur	01.11.01-15.03.02	ótilgr.	0	0
0707.0021	Gúrkur	08.10.01-14.10.01	ótilgr.	22,5	148
0707.0021	Gúrkur	15.10.01-31.10.01	ótilgr.	15	99
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.10.01-15.03.02	ótilgr.	30	0
0709.5100	Sveppir	01.10.01-15.03.02	ótilgr.	7,5	100
0709.6002	Paprika	01.11.01-15.03.02	ótilgr.	0	0
0709.6003	Græn paprika	01.10.01-14.10.01	ótilgr.	15	199
0709.6003	Græn paprika	15.10.01-31.10.01	ótilgr.	7,5	99
0709.6004	Önnur paprika	01.10.01-31.10.01	ótilgr.	30	0

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgða-tollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 15. mars 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. september 2001.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Sigríður Norðmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 101 – 2001

21. september 2001

2049

Nr. 715

REGLUGERÐ

um skipulag opinberra framkvæmda.

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að skýra hlutverk og ábyrgð þeirra aðila sem vinna að opinberum framkvæmdum, skýra áfangaskiptingu opinberra framkvæmda og ákvarðanatöku í tengslum við þær og treysta þannig faglega málsmeðferð, samræmd vinnubrögð og hagkvæmni í samræmi við lög nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin tekur til opinberra framkvæmda sem kostaðar eru að nokkru eða öllu leyti af ríkissjóði, enda nemi áætlaður kostnaður ríkissjóðs a.m.k. 5 milljónum króna. Við mat á áætluðum kostnaði skal telja með heildarkostnað að frátöldum virðisaukaskatti miðað við þann tíma sem ákvörðun um undirbúning framkvæmdarinnar er tekin. Óheimilt er að skipta framkvæmd eða nota sérstakar aðferðir við útreikning á kostnaði í því skyni að komast hjá þeirri málsmeðferð sem greinir í lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og reglugerð þessari.

Opinber framkvæmd telst kostuð af ríkissjóði ef hún er fjármögnuð með framlögum á fjárlögum og ekki er um opinberan styrk að ræða. Framkvæmdir á vegum B- og C-hluta stofnana í ríkisreikningi falla undir ákvæði reglugerðarinnar enda sé ekki kveðið á um annað í lögum. Framkvæmdir sem eiga undir 4. mgr. 17. gr. laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda falla ekki undir gildissvið reglugerðar þessarar.

Til opinberrar framkvæmdar telst gerð, viðhald eða breyting mannvirkis, þar á meðal endurbygging. Almenn og reglubundið viðhald, sem ekki felur í sér breytingu mannvirkis, fellur þó utan gildissviðs reglugerðarinnar.

Við kaup og leigu á fasteignum skal fara fram frumathugun.

II. KAFLI

Málsmeðferð.

3. gr.

Áfangaskipting.

Meðferð máls varðandi opinbera framkvæmd frá upphafi, uns henni er lokið, fer eftir ákveðinni boðleið er skiptist í fjóra áfanga; frumathugun, áætlunargerð, verklega framkvæmd og skilamat.

4. gr.

Frumathugun.

Tilgangur frumathugunar er að kanna þær þarfir sem fyrirhugað er að leysa og þá kosti sem til greina koma við úrlausn þeirra, sbr. 3. gr. laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda. Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um verklag við gerð frumathugunar. Frumathugun telst lokið þegar samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hefur yfirfarið hvort hún uppfylli ofangreind skilyrði og fjármálaráðuneytið formlega fallist á hana.

Gerð frumathugunar er grundvöllur frekari ákvarðanatöku um framhald verksins. Óheimilt er að hefjast handa við áætlunargerð fyrr en frumathugun er lokið.

5. gr.

Áætlunargerð.

Áætlunargerð felst í fullnaðarhönnun mannvirkis vegna nýbygginga eða breytinga og áætlun um heildarkostnað og rekstrarkostnað til minnst fimm ára eftir að framkvæmd er lokið, sbr. 7. gr. laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda. Með heildarkostnaði er átt við allan þann kostnað sem fellur á verkið á undirbúnings- og framkvæmdatíma þess, ásamt kostnaði vegna búnaðar og annars sem nauðsynlegt er til að hefja notkun mannvirkis.

Tilgangur áætlunargerðar er að fyrir liggja nákvæmar forsendur framkvæmdar áður en verkleg framkvæmd hefst. Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um verklag við áætlunargerð.

Áætlunargerð telst lokið þegar samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hefur, að fenginni umsögn Framkvæmdasýslu ríkisins, yfirfarið hvort áætlunin uppfylli ofangreind skilyrði og fjármálaráðuneytið formlega fallist á hana. Gera skal grein fyrir frávikum frá niðurstöðum frumathugunar þegar áætlunargerðin er lögð fyrir fjármálaráðuneytið.

Áætlunargerð er grundvöllur frekari ákvarðanatöku um framhald verksins. Óheimilt er að hefjast handa við verklega framkvæmd fyrr en áætlunargerð er lokið og skilyrðum 12. gr. laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda fullnægt.

6. gr.

Verkleg framkvæmd.

Verkleg framkvæmd fer fram á grundvelli áætlunar. Samningar við verktaka og framkvæmd þeirra skulu vera innan ramma áætlunar.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um verklag sem viðhafa skal við verklegar framkvæmdir.

Verði röskun á kostnaði eða verkframvindu frá áætlun skal hún endurskoðuð af hlutaðeigandi ráðuneyti og fullnægjandi heimilda aflað. Að öðrum kosti skal framkvæmd stöðvuð.

Verklegri framkvæmd telst lokið þegar úttekt liggur fyrir og hægt er að hefja notkun mannvirkis.

7. gr.

Skilamat.

Framkvæmdasýsla ríkisins sér um gerð skilamats. Skilamat skal gert að lokinni verklegri framkvæmd. Tilgangur skilamats er að gera grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist með tilliti til áætlunar og að taka saman reynslutölur og upplýsingar sem nýst geta við opinberar framkvæmdir.

Framkvæmdasýsla ríkisins setur reglur um fyrirkomulag skilamats sem fjármálaráðherra staðfestir.

III. KAFLI

Hlutverk og ábyrgð.

8. gr.

Fjármálaráðuneyti.

Fjármálaráðuneytið fer með fjármálalega yfirstjórn opinberra framkvæmda og hefur eftirlit með því að málsmeðferð sé í samræmi við reglur um opinberar framkvæmdir. Fjármálaráðuneytið fjallar um frumathugun og áætlunargerð að fengnu álit samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir. Sé frumathugun og áætlunargerð í samræmi við þær reglur sem um hana gilda heimilar fjármálaráðuneyti hlutaðeigandi ráðuneyti formlega að hefja næsta áfanga framkvæmdarinnar, enda séu fjárheimildir fyrir hendi.

Fjármálaráðuneytið tekur til umfjöllunar og ákvörðunar endurskoðaða áætlun frá hlutaðeigandi ráðuneyti verði röskun á kostnaði eða verkframvindu frá áætlun við verklega framkvæmd.

9. gr.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laganna. Nefndin rannsakar og lætur fjármálaráðuneytinu í té álit um frumathugun og áætlunargerð.

10. gr.

Hlutaðeigandi ráðuneyti.

Hlutaðeigandi ráðuneyti sér um frumathugun og áætlunargerð í samræmi við reglur sem um þær gilda en getur falið hlutaðeigandi stofnun, sérstökum ráðgjafanefndum, sveitarfélagi eða öðrum væntanlegum eignaraðilum vinnu við gerð þeirra. Hlutaðeigandi ráðuneyti ber þó ábyrgð á frumathugun og áætlunargerð og framlagningu þeirra.

Hlutaðeigandi ráðuneyti eða þeir aðilar sem ráðuneyti felur að vinna að áætlunargerð skulu hafa samráð við Framkvæmdasýslu ríkisins um tilhögun áætlunargerðarinnar.

Við lok áætlunargerðar sendir ráðuneyti hana til fjármálaráðuneytis ásamt greinargerð ef um frávík er að ræða frá frumathugun.

Verði röskun á kostnaði eða verkframvindu frá áætlun sem kallar á endurskoðun hennar skal hlutaðeigandi ráðuneyti senda fjármálaráðuneyti endurskoðaða áætlun og afla fullnægjandi heimilda, en að öðrum kosti stöðva framkvæmdir. Hlutaðeigandi ráðuneyti skal leita samþykkis fjármálaráðuneytisins um breytta greiðslutilhögun vegna verka.

Hlutaðeigandi ráðuneyti skal veita Framkvæmdasýslu ríkisins nauðsynlegar upplýsingar við gerð skilamats um framkvæmdina.

11. gr.

Framkvæmdasýsla ríkisins.

Framkvæmdasýsla ríkisins veitir ráðgjöf um frumathugun og áætlunargerð við opinberar framkvæmdir sé eftir því leitað. Stofnunin veitir fjármálaráðuneytinu einnig umsögn um tæknileg atriði í áætlunargerð.

Hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins við áætlunargerð hlutaðeigandi ráðuneyta felst í að samræma form og undirbúa samninga við ráðgjafa og aðra þá sem að áætlunargerðinni vinna.

Framkvæmdasýsla ríkisins stýrir verklegri framkvæmd og ber á henni ábyrgð. Hún undirbýr útboð, gerir samanburð á tilboðum, gerir tillögur um val á verktaka og annast samningsgerð við þann verktaka sem fyrir valinu verður. Stofnunin ber ábyrgð á að verkleg framkvæmd sé unnin á grundvelli samninga við verktaka og í samræmi við áætlanir. Framkvæmdasýsla ríkisins ber ábyrgð á framkvæmdaefirliti á verktímanum og undirbýr og undirritar samninga við eftirlitsaðila ef hún felur öðrum eftirlit með verkinu.

Við upphaf verklegrar framkvæmdar skal gerður skriflegur samningur milli Framkvæmdasýslu ríkisins og hlutaðeigandi ráðuneytis þar sem nánar verði kveðið á um skipulag, samskipti og skyldur samningsaðila.

Framkvæmdasýsla ríkisins skal upplýsa viðkomandi ráðuneyti reglulega um framvindu verks og fjárhagslega stöðu. Stefni í röskun á kostnaðaráætlun eða verkframvindu sem kallar á endurskoðun áætlunar skal stofnunin þegar í stað upplýsa hlutaðeigandi ráðuneyti með formlegum hætti.

Skorti fullnægjandi heimildir er Framkvæmdasýsla ríkisins óheimilt að hefja verklega framkvæmd eða halda áfram framkvæmdum þar sem farið hefur verið út fyrir ramma áætlunar.

IV. KAFLI Gildistaka.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 23. gr. laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 21. september 2001.

Geir H. Haarde.

Baldur Guðlaugsson.

STARFSREGLUR

Samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir.

1. gr.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda.

Nefndin hefur það hlutverk að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberra framkvæmda á undirbúnings- og framkvæmdastigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð sem er undanfari verklegrar framkvæmdar. Nefndin fylgist að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberra framkvæmda.

2. gr.

Í nefndinni eiga sæti þrír menn: formaður fjárlaganefndar Alþingis eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins og ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

3. gr.

Fjármálaráðuneytið sér nefndinni fyrir fundar- og skrifstofuaðstöðu og ber kostnað af starfi hennar. Ráðuneytið annast móttöku og varðveislu gagna fyrir nefndina. Jafnframt leggur ráðuneytið nefndinni til ritara sem undirbýr mál fyrir hana, aðstoðar við gagnaöflun hennar og ritar fundargerðir.

4. gr.

Nefndin fundar svo oft sem þörf er á og mál liggja fyrir. Formaður nefndarinnar tekur ákvörðun um hvenær boðað er til fundar. Allir nefndarmenn taka þátt í afgreiðslu hvers máls og ræður afl atkvæða niðurstöðu nefndarinnar. Sitji tveir nefndarmenn fund telst álit þeirra fullnægjandi enda sé það samhljóða.

Álit nefndarinnar í hverju máli skal bókað í fundargerð ásamt stuttorðri lýsingu mála-vaxta. Fundargerðir skulu afhentar fjármálaráðuneyti sem sér um varðveislu þeirra.

5. gr.

Hlutaðeigandi ráðuneyti hafa rétt til að eiga fulltrúa á fundum þar sem fjallað er um mál sem eru innan verksviðs þeirra. Þegar nefndin fjallar um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélags á fulltrúi Sambands Íslenskra sveitarfélaga rétt á að sitja fundi hennar nema sveitarfélag óski sjálft að tilnefna fulltrúa til fundarsetu.

6. gr.

Í ráðgjöf sinni til fjármálaráðuneytis leggur nefndin mat á eftirfarandi:

1. Hvort frumathugun og áætlunargerð uppfylli þau skilyrði sem þeim eru sett.
2. Hvort fullnægjandi fjárheimildir séu fyrir hendi til að hefja verklega framkvæmd.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir getur leitað umsagnar Framkvæmdasýslu ríkisins um tæknileg atriði varðandi frumathugun eða áætlunargerð.

Nefndin upplýsir fjármálaráðuneyti að öðru leyti um framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberra framkvæmda eftir því sem tilefni gefst til.

7. gr.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt 18. gr. laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 21. september 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Pórhallur Arason.

REGLUR

um fyrirkomulag skilamats.

1. gr.

Reglur þessar gilda um skilamat vegna framkvæmda samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda frá 21. september 2001.

2. gr.

Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt á henni skal Framkvæmdasýsla ríkisins láta fara fram skilamat þar sem fram kemur hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun ásamt samanburði við hliðstæðar framkvæmdir sé þess kostur.

Skilamat skal gefið út án tafar og skal við það miðað að það liggja fyrir eigi síðar en 6 mánuðum frá verklokum.

3. gr.

Sé framkvæmd skipt í fleiri en einn sjálfstæðan áfanga sem teknir eru í notkun hver á eftir öðrum skal gera skilamat fyrir hvern þeirra um sig.

Hafi framkvæmd legið niðri í eitt ár eða lengur vegna þess að fé hefur ekki verið veitt til hennar á fjárlögum eða vegna annarra orsaka skal gera sérstakt skilamat um þann hluta sem lokið er.

Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati.

4. gr.

Skilamat skiptist í eftirfarandi meginkafla:

1. Undirbúningur.

Gera skal almenna lýsingu í hverju framkvæmd felst, hver sé verkkaupi, helstur stærðir, og lýsing á þeim kostum sem athugaðir voru við frumathugun. Tilgreina skal ráðgjafa sem unnu að áætlunargerð, ásamt upplýsingum um stofn- og rekstrarkostnað samkvæmt áætluninni. Geta skal þess hvenær fjármálaráðuneyti heimilaði áætlunargerð og verklega framkvæmd.

2. Verklef framkvæmd.

Gera skal grein fyrir útboði framkvæmdarinnar, samningum við verktaka og framvindu verksins. Gerð skal grein fyrir helstu breytingum sem verða á verkinu frá áætlunargerð. Hafi tafabótum eða öðrum viðurlögum verið beitt skal það sérstaklega tekið fram. Gera skal grein fyrir tilhögun framkvæmdaefirlits.

3. Reikningslegt uppgjör.

Gera skal grein fyrir þeim fjárveitingum sem veittar eru til framkvæmdarinnar ásamt raunkostnaði hennar. Bera skal saman áætlanir og raunkostnað og skýra frávik.

4. Samantekt og niðurstöður.

Í samantekt skal lagt heildarmat á það hvernig framkvæmd tókst til. Bera skal saman kostnað framkvæmdarinnar við aðrar hliðstæðar framkvæmdir. Við samanburð kostnaðar skal annars vegar halda aðgreindum öllum þeim kostnaði sem fellur á verkið á undirbúnings- og framkvæmdatíma og hins vegar kostnaði vegna búnaðar og annars sem nauðsynlegt er til að hefja notkun mannvirkis. Fjárhæðir skulu tilgreindar bæði á verðlagi hvers árs og uppreiknuðu verðlagi.

5. gr.

Framkvæmdasýsla ríkisins tekur saman reynslutölur úr skilamötum sem hafa skal aðgengilegar fyrir þá sem vinna að undirbúningi opinberra framkvæmda.

6. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 16. gr. laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 21. september 2001.

F.h. Framkvæmdasýslu ríkisins,

Óskar Valdimarsson.

Ofangreindar reglur staðfestast hér með af fjármálaráðuneytinu.

Reykjavík, 21. september 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

REGLUR

um breytingu (4) á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Heiti reglugerðar fyrir Háskóla Íslands, sem sett var þann 26. júní 2000, breytist og verður: Reglur fyrir Háskóla Íslands.

2. gr.

Í stað orðsins „reglugerðar“ í heiti XXI. kafla komi: reglna.

3. gr.

Yfirskrift 129. gr. breytist og verður: Setning reglna og breytingar á þeim.

4. gr.

Aftan við 1. mgr. 14. gr. reglnanna bætist nýr töluliður, sem verður 8. töluliður, svohljóðandi:

8. Kennsla í endurmenntun á vegum deilda samkvæmt þessari grein er ekki hluti af starfsskyldum fastra kennara við kennslu, rannsóknir og stjórnun. Tilkilið er að rektor heimili þeim að sinna þessum verkefnum.

5. gr.

Lokamálsliður 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða breytist og verður svohljóðandi: Skal þeirri endurskoðun lokið eigi síðar en 1. desember 2001.

6. gr.

Upphafsmálsliður 9. mgr. ákvæðis til bráðabirgða breytist og verður svohljóðandi: Fyrir 1. desember 2001 skal háskólaráð hafa endurskoðað reglugerðir stofnana sem heyra undir háskólaráð, sbr. 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um Háskóla Íslands nr. 41/1999, og sett þeim sérstakar reglur um hlutverk, aðstöðu, skipulag, stjórn, starfsfólk, fjármál og annað sem nauðsynlegt kann að reynast, sbr. ákvæði 26. gr. þessarar reglugerðar.

7. gr.

Í stað orðanna „reglugerð þessari“ í 1. gr., 2. tölul. 2. gr., 3., 4. og 10. tölul. 9. gr., 4. og 5. tölul. 14. gr., 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 22. gr., 6. mgr. 30. gr., 1. mgr. 31. gr., 1. mgr. 34. gr., 1. tölul. 4. mgr. 35. gr., 2. mgr. 39. gr., 1. mgr. 40. gr., 4., 6. og 10. mgr. 42. gr., 2. mgr. 53. gr., 1. mgr. 62. gr., 64. gr., 3. mgr. 70. gr., 1. mgr. 71. gr., 2. mgr. 87. gr., 4. mgr. 94. gr., 1. mgr. 110. gr., 5. mgr. 114. gr., 1. mgr. 117. gr., 2. mgr. 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. komi: reglum þessum.

8. gr.

Í stað orðanna „Reglugerð þessi“ í 1. mgr. 129. gr. og orðanna „reglugerð þessa“ í 3. mgr. 30. gr., 1. mgr. 36. gr. og 6. mgr. 42. gr., komi: reglur þessar.

9. gr.

Í stað orðanna „reglugerðar þessarar“ í 2. mgr. 13. gr., 5. mgr. 17. gr., 6. tölul. 4. mgr. 27. gr., 2. mgr. 36. gr., 4. og 7. mgr. 39. gr., 12. og 17. tölul. 68. gr., 2. tölul. i.f. 69. gr., 2. mgr. 70. gr., 5. tölul. 80. gr., 2. og 3. mgr. 101. gr., 1. mgr. 106. gr., 1. mgr. 130. gr. og 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: reglna þessara.

10. gr.

Í stað orðanna „þessarar reglugerðar“ í 1. og 7. tölul. 14. gr., 7. tölul. 4. mgr. 27. gr., 1. og 5. mgr. 54. gr., 2. mgr. 65. gr., 1. mgr. 67. gr., 13., 16. og 17. tölul. 68. gr., 2. tölul. 69. gr., 2. mgr. 87. gr., 2. mgr. 92. gr., 2. mgr. 93. gr., 2. og 3. mgr. 94. gr., 5. mgr. 101. gr., 107. gr. i.f., 9. mgr. 114. gr., 1. og 2. mgr. 116. gr., 6. mgr. 117. gr., 1. mgr. 130. gr. og 1. og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: þessara reglna.

11. gr.

Í stað orðanna „Reglugerð þessi er sett“ í 1. mgr. 130. gr. komi: Reglur þessar eru settar.

12. gr.

Í stað orðanna „þessari reglugerð“ í 3. mgr. 54. gr. og 1. mgr. 98. gr. komi: þessum reglum.

13. gr.

Reglur þessar, sem settar er á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 og með samþykki háskólaráðs, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 24. september 2001.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Vestfjarðamiðum án smáfiskaskilju.

1. gr.

Veiðar með fiskibotnvörpu á svæði á Vestfjarðamiðum eru aðeins heimilar að varpan sé búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 278, 4. apríl 2001, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju. Svæðið markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|-------------------------------|-------------------------------|
| 1. 67° 12'92 N – 22° 30'00 V | 11. 65° 50'96 N – 26° 55'12 V |
| 2. 67° 04'58 N – 22° 15'25 V | 12. 66° 00'00 N – 26° 50'16 V |
| 3. 66° 51'58 N – 24° 11'51 V | 13. 66° 03'76 N – 26° 40'93 V |
| 4. 66° 51'66 N – 24° 31'51 V | 14. 66° 05'98 N – 26° 16'54 V |
| 5. 66° 46'21 N – 24° 37'22 V | 15. 66° 13'00 N – 25° 56'76 V |
| 6. 66° 46'13 N – 24° 42'50 V | 16. 66° 13'82 N – 25° 59'41 V |
| 7. 66° 41'00 N – 24° 42'00 V | 17. 66° 34'00 N – 25° 08'00 V |
| 8. 66° 14'00 N – 25° 38'00 V | 18. 66° 54'00 N – 24° 39'00 V |
| 9. 66° 10'96 N – 25° 50'17 V | 19. 66° 54'17 N – 24° 20'08 V |
| 10. 66° 02'95 N – 26° 10'16 V | 20. 67° 11'39 N – 23° 31'08 V |

Þó eru allar veiðar með fiskibotnvörpu bannaðar á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 57'40 N – 24° 00'00 V
2. 67° 00'10 N – 23° 45'00 V
3. 67° 01'00 N – 23° 36'20 V
4. 66° 56'12 N – 23° 30'00 V
5. 66° 52'80 N – 24° 00'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 29. september 2001 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma eru felldar úr gildi reglugerð nr. 859, 4. desember 2000, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á Vestfjarðamiðum og reglugerð nr. 194, 12. mars 2001, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu án skilju á Vestfjörðum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. september 2001.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

REGLUR

um Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði er starfrækt við Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir hjúkrunarfræðideild, og er vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs á fræðasviðum hjúkrunar- og ljósmóðurfræði.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a. að styðja við og efla rannsóknavirkni kennara við hjúkrunarfræðideild, m.a. með því að byggja upp tækjabúnað, hugbúnað, gagnabanka og önnur mikilvæg tæki til rannsókna,
- b. að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði sem unnið er að við Háskóla Íslands,
- c. að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita hjúkrunar- og ljósmóðurfræðinemum í framhaldsnámi, lausráðnum kennurum og ungum vísindamönnum aðstöðu og búnað til rannsóknarstarfa eftir því sem kostur er,
- d. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði hjúkrunar- og ljósmóðurfræði og sterkum tengslum við heilbrigðisstofnanir, atvinnu- og þjóðlíf,
- e. að sinna þjónustuverkefnum á sviði hjúkrunar- og ljósmóðurfræði,
- f. að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum og fyrirlesturum í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði og miðla niðurstöðum rannsókna á þeim fræðasviðum,
- g. að veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræði.

3. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað svo sem kostur er.

Stofnunin veitir starfslíði sínu skv. 8. gr. aðstöðu og nauðsynleg gögn og búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.

Skipulag.

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði starfar í einni rannsóknastofu. Skrifstofuhald er sameiginlegt með hjúkrunarfræðideild og er skrifstofustjóri hjúkrunarfræðideildar jafnframt skrifstofustjóri stofnunarinnar.

Deildarfundi er heimilt að skipta stofnuninni upp í faglega sjálfstæðar rannsóknastofur, í samræmi við 27. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

5. gr.

Stjórn.

Deildarfundur í hjúkrunarfræðideild skipar stofnuninni sex manna stjórn til tveggja ára í senn. Skulu a.m.k. fjórir vera úr hópi fastra kennara deildarinnar og einn úr hópi sérfræðinga stofnunarinnar. Sá sjötti skal skipaður úr hópi framhaldsnema við deildina.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Sé ekki ráðinn forstöðumaður við stofnunina kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd hennar.

6. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréfllega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfundir óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti hjúkrunarfræðideildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum, en ekki atkvæðisrétt.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta hjúkrunarfræðideildar.

Sé forstöðumaður ráðinn til stofnunarinnar situr hann stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

7. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart deild, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar um fjárveitingar og skiptingu þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin efnir til ársfundar með starfsmönnum rannsóknastofnunar þar sem ársskýrsla er lögð fram. Ársfundur er jafnframt vettvangur umræðu um rekstur og starfsemi stofnunarinnar, nýjungar í vísindum og tækni ásamt umræðu um rannsóknastefnu. Seturétt á ársfundum hafa auk starfsmanna stofnunarinnar gestir samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

8. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu deildar og á grundvelli umsagnar stjórnar stofnunarinnar, sbr. 6. tölul. 27. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum laga og reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

9. gr.

Fjármál.

Tekjur Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. framlag frá hjúkrunarfræðideild,
- b. styrkir til einstakra verkefna,
- c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- d. tekjur af útgáfustarfsemi,
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar á deildarfundum.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 124/1997 um Rannsóknarstofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 24. september 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000.

1. gr.

Við 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða bætast þrjú nýir málslíðir svohljóðandi:

Sveitarfélögum er einnig heimilt að fara að ákvæðum reglugerðar nr. 280/1989 við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2002. Nýti sveitarfélag sér heimild skv. 2. málslíð skal fyrir 1. september 2002 setja fjárhagsáætlunina fram á formi sem uppfyllir reglur reikningsskila- og upplýsinganefndar er settar verða á grundvelli 3. mgr. 18. gr. reglugerðar þessarar, en þó eigi síðar en við endurskoðun fjárhagsáætlunar, sbr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Skulu bæði upphafleg og endurskoðuð fjárhagsáætlun uppfylla fyrrgreind skilyrði.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 67. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. september 2001.

Páll Pétursson.

Garðar Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 102 – 2001

27. september 2001

2061

Nr. 722

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skoðun ökutækja, nr. 378 29. júní 1998.

1. gr.

Við 27. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómsmálaráðuneytið getur heimilað skoðunarstofu að skoða ökutæki sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd á skoðunarstofu II, endurskoðunarverkstæði eða öðru verkstæði þótt hentug gryfja/lyfta, hristari eða hjólþeytir séu ekki til staðar. Ákvæði 1. mgr. um fjarlægðir gilda. Skal þá tryggt að hemlaprófari fyrir bifreiðir og eftirvagna, óháð leyfðri heildarþyngd, verði notaður við skoðunina. Tryggja skal að öll atriði verði skoðuð samkvæmt skoðunarhandbók þrátt fyrir að gryfja/lyfta, hristari og hjólþeytir séu ekki til staðar.

2. gr.

Í stað 1. másl. 2. gr. í viðauka II komi: Í hverju kjördæmi eins og þau voru 1998 skal vera a.m.k. ein skoðunarstofa I. Þó skal litið á höfuðborgarsvæðið (Suðvesturkjördæmi og Reykjavíkurborg) sem eitt kjördæmi.

3. gr.

Í stað „30. september“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við viðauka II, sbr. reglugerðir nr. 779 23. desember 1998 og nr. 240 12. mars 2001, komi: 31. desember.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993.

Ákvæði 1. og 2. gr. öðlast gildi 1. janúar 2002. Ákvæði 3. gr. öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. september 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 103 – 2001

Nr. 723

2062

2. október 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 578/2000 um álagningu spilliefnagjalds.

1. gr.

Eftirfarandi tollskránum falla úr viðauka I:

3811.1100	-- Að stofni til úr blýsamböndum	10,00 kr./kg
3811.1900	-- Önnur	10,00 kr./kg
3811.9000	-- Annað	10,00 kr./kg

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 15. október 2001 og tekur til allra vara sem þá eru ótollafgreiddar.

Umhverfisstjórnuneytinu, 2. október 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 724

2. október 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 484/1998 um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr stafliður, g-liður sem orðast svo:
kirtla og fitu úr nárabandi sauðfjárskrokka.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. október 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 104 – 2001

25. september 2001

2063

Nr. 725

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, athafnasvæðis, 1. áfangi v/Rauðhelli 1, Hafnarfirði.

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 9. ágúst 2001 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, athafnasvæðis 1. áfanga.

Breytingin felst í að bundin lína byggingareits er stækkuð til norðurs um 3 metra og bætt er við innkeyrslu nyrst á lóðinni.

Farið var með tillöguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðabæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 25. september 2001.

Hafdís Hafliðadóttir, skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.

20. september 2001

Nr. 726

AUGLÝSING

um deiliskipulag miðbæjar, lóð fyrir leikskólann Hlíð, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi miðbæjar, lóð fyrir leikskólann Hlíð, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 29. ágúst 2001.

Breytingin felst í því að við málsliðinn: „Leyfilegt byggingarmagn er 280 m²“, bætist málsgreinin: „Á vestari byggingarreitnum er einnig heimilt að reisa allt að 75 m² færanlega kennslustofu.“

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 20. september 2001.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 735/1997 um ungbarnablöndur og stoðblöndur.

1. gr.

Liður 5.3. Önnur steinefni, í VIÐAUKA II, Samsetning stoðblandna verður svohljóðandi:

5.3. Önnur steinefni.

„Styrkleikinn er að minnsta kosti sá sami og venjulega er í kúamjólk, minnkaður þar sem við á, í sama hlutfalli og próteinstyrkleiki stoðblandnanna gagnvart próteinstyrkleika kúamjólkur.“ Dæmigerð samsetning kúamjólkur er sýnd til leiðbeiningar í VIÐAUKA VI.

5.3.1 Viðmiðunargildi fyrir hámark annarra steinefna í stoðblöndum.

	Í 100 kJ	Í 100 kkal
	Hámark	Hámark
Natríum (mg)	14	60
Kalíum (mg)	35	145
Klóríð (mg)	29	125
Kalsíum (mg)	60	250
Fosfór (mg)	22	90
Magnesíum (mg)	3,6	15
Kopar (µg)	29	120
Selen (µg)	0,7	3

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli, og lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Reglugerðin er sett með hliðsjón af XII. kafla II. viðauka EES-samningsins (tilskipun nr. 91/321/EBE og tilskipun nr. 96/4/EB). Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 18. september 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Þingeyri, Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 14. júní 2001, samþykkt deiliskipulag Hafnarsvæðis á Þingeyri, þ.e. Sjávangötu og hluta Hafnarstrætis.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafjarðarbæ, 26. september 2001.

Stefán Brynjólfsson byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um fráveitugjald í Kópavogsbæ.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fráveitugjald í lögsagnarumdæmi Kópavogs.

2. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Kópavogi, eða á eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, þar sem götuholræsi liggja, eða leiðir fráveituvatn í fráveitukerfi bæjarins, ber að greiða árlegt fráveitugjald til bæjarsjóðs Kópavogs, sbr. 12. gr. reglugerðar um fráveitu í Kópavogsbæ.

Fráveitugjaldið skal vera 0,13% af fasteignamati, sbr. lög um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976 með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Ekki skal reikna fráveitugjald af húsi það ár sem bygging þess hefst.

3. gr.

Fráveitugjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið er aðfararhæft og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Fráveitugjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

4. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds eru hinir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og greiðist fráveitugjaldið með fasteignaskatti.

Reglugerð þessi, sem sett er af bæjarstjórn Kópavogsbæjar skv. X. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsagjöld í Kópavogi nr. 347/1974, með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. september 2001.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ

um fráveitu í Kópavogsbæ.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fráveitu í lögsagnarumdæmi Kópavogs.

2. gr.

Kópavogsbær starfrækir fráveitu í bæjarfélaginu.

Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveituna og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun til framkvæmda, reksturs og viðhalds sem bæjarsjóður kostar.

Tæknideild bæjarins fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu bæjarins í umboði bæjarstjórnar og undir yfirumsjón bæjarverkfræðings.

3. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í eina fráveitulögn og kallast það blandkerfi, en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum í tvískiptu kerfi.

Bæjarsjóður á allar holræsalagnir fráveitunnar, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Enn fremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, léttivirki, dælustöðvar, hreinsistöðvar, þrýstilagningar, útræsi og útrásir.

4. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi eða ræsum að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitulögn liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini inn á lögnina eða tengigreinum þegar um tvískipt kerfi er að ræða.

Þegar um fjölbýlis- eða raðhúsalóðir er að ræða er heimilt að leggja kvöð á lóðirnar um sameiginleg fráræsi til tengingar við götufráræsi á einum stað.

Tæknideild bæjarins ákveður legu götufráræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga fasteignir við vegi eða opin svæði, þar sem fráveita bæjarins liggur, er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá eignum sínum og tengja þau við fráveituna, þ.e. götufráræsi eða tengigreinar inni á lóð. Þegar fráveitukerfið er tvískipt skulu húseigendur halda skólpi og ofanvatni aðskildu í tvöfaldri fráræsalögn og tengja hvora lögn fyrir sig í samsvarandi lagnir í tvískiptri fráveitu bæjarins. Ræsitvatn skal leiða í ofanvatnslagnir.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu bæjarins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að safnbrunni með sjálfvirkum dælubúnaði sem dælir fráveituvatninu upp í fráveitulögn bæjarins eða að brunni á þannig stað að hægt sé að veita fráveituvatninu frá honum eftir sjálfstremmisleiðslu í fráveitu bæjarins.

7. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá ræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur að viðtaka.

Þegar fráveita bæjarins hefur verið lögð skulu húseigendur kosta og leggja fráræsi húseigna og tengja þau við hina nýju fráveitu.

8. gr.

Þegar tengja á fráræsi húseigna við fráveitu bæjarins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró, sé annars ekki kostur, skal það gert samkvæmt teikningum samþykktum af byggingarfulltrúa. Verkið skal unnið af löggiltum pípuलगningameistara.

Þegar um rotþrær er að ræða skulu fylgja teikningar er sýni gerð þeirra og staðarval og siturleiðslur að viðtaka, auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða.

Rotþró skal valinn þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar.

9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, svo og öðrum reglum sem um þær kunna að verða settar, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála.

10. gr.

Byggingarfulltrúi bæjarins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum og reglum. Áður en lagnir eru huldar skal byggingarfulltrúi einnig taka út og viðurkenna fráræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu bæjarins eða rotþrær. Með vísan til reglugerðar um fráveitur og skólþ nr. 798/1999 skal byggingarfulltrúi, þegar ástæður þykja til, hafa samráð við heilbrigðisnefnd.

11. gr.

Leigutökum lóða og eigendum lands er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu bæjarins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og að fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald. Kópavogsbæ er skylt, í viðhaldsframkvæmdum, að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs að aðgerðum loknum eins og við verður komið.

12. gr.

Hverjum þeim sem á fasteign í Kópavogi, á lóð eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, þar sem fráveituleiðslur Kópavogsbæjar liggja eða leiðir fráveituvatn í fráveitukerfi bæjarins ber að greiða árlegt fráveitugjald til bæjarsjóðs Kópavogs. Gjaldinu skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins, þ.e. nýframkvæmdir, rekstur og viðhald, svo og kostnaði vegna fébóta fyrir fráveitumannvirki á eignarlandi, afskrifta og framlaga í sjóð vegna fyrirsjáanlegra síðari framkvæmda og endurbóta.

Eigendur fasteigna sem ekki eiga þess kost að tengja fráræsi húseigna sinna við fráveitu bæjarins eru undanþegnir fráveitugjaldi.

13. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa nema annað verði ákveðið með reglugerð. Fráveitugjald skal miðast við ákveðinn hundrads-hluta af álagningarstofni til fasteignaskatts samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur og ráðuneytið staðfestir.

14. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að lækka eða fella niður fráveitugjald til elli- og örorku-lífeyrisþega og annarra tekjulátilla gjaldenda skv. 2. mgr. 87. gr. vatnalaga, sbr. lög nr. 137/1995.

15. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

16. gr.

Fráveitugjald má innheimta með lög taki og er það tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi eign næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er af bæjarstjórn Kópavogsbæjar skv. X. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsagerð í Kópavogi, nr. 19/1955.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. september 2001.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bragason.

VIÐAUKI

Skilgreiningar:

- Bakrásarvatn:** Vatn frá hitakerfum húsa. Vatnið er lítt mengað af öðru en varma.
- Blandkerfi:** Fráveitukerfi þar sem skólþ rennur í sömu leiðslum og ofanvatn.
- Tvískipt kerfi:** Fráveitukerfi þar sem skólþ og ofanvatn rennur í aðskildum leiðslum.
- Fráræsi:** Holræsi án greininga, sem tengir fráveitukerfi húss og lóðar við fráveitukerfi sveitarfélags eða liggur beint til viðtaka.
- Fráveita:** Kerfi af leiðslum og öðrum mannvirkjum til þess að veita vatni frá byggð til viðtaka, þar með talin kerfi til meðhöndlunar og hreinsunar fráveituvatns, ef með þarf.
Helstu hlutar fráveitu eru: Fráræsi frá húsum og lóðum, niðurföll fyrir ofanvatn, götuholræsi, stofnræsi, sniðræsi, útræsi og útrásir og annað, sem til heyrir, þar á meðal léttivirki, dælustöðvar, hreinsibúnaður og hreinsistöðvar.
- Fráveituleiðsla:** Leiðsla fyrir fráveituvatn.
- Fráveituvatn:** Vatn sem veitt er í leiðslu frá byggð til viðtaka.
Fráveituvatn er efnablanda. Hér á landi er það einkum ofanvatn vegna úrkomu, skólþ frá húsum og vinnustöðum, bakrásarvatn frá hitaveitukerfum, ræsivatn og innlekavatn holræsa.
- Götufráræsi:** Sá hluti fráræsis frá húsi og/eða lóð sem liggur úti í götu.
- Götuholræsi:** Holræsi í eigu sveitarfélags, venjulega í eða við götu.
Fráræsi frá húsum og lóðum ásamt niðurfallsræsnum götu eru tengd við götuholræsi.
- Innlekavatn:** Vatn sem sígur neðanjarðar inn í óþéttar fráveituleiðslur.

- Léttivirki:** Mannvirki í fráveitukerfi til þess ætlað að létta um stund rennslisálagi af tilteknum hluta kerfisins, t.d. af leiðslu, dælu- eða hreinsistöð, einkum þegar úrkoma er mikil.
- Ofanvatn:** Afrennslisvatn af landsvæði þar sem yfirborð er tiltölulega vatnspétt (t.d. af götum og húspökum) og vatnið rennur greiðlega um niðurföll niður í fráveituleiðslur.
- Ofanvatnslögn:** Fráveitulögn fyrir ofanvatn og e.t.v. annað tiltölulega lítt mengað vatn, svo sem ræsivatn og bakrásarvatn frá hitaveitu.
- Ofanvatnsræsi:** Fráveituræsi, sem ætlað er fyrir ofanvatn, bakrásarvatn, ræsivatn og innlekavatn, en ekki skólþ.
- Rotþró:** Vatnspétt lokuð þró til frumstæðrar hreinsunar á húsaskólpi, venjulega frá einstöku húsi.
- Ræsirör:** Rör með götum og/eða opnum samskeytum til að taka við jarðvatni og leiða það brott.
- Ræsivatn:** Vatn sem safnað er saman neðanjarðar í ræsirör og leitt brott.
- Sjálfstreymi:** Það að vatn eða annað kvikefni streymir vegna þrýstingsmunar, sem stafar af þyngd efnisins.
- Sjálfstreymisleiðsla:** Leiðsla þar sem sjálfstreymi er. Flestar leiðslur í fráveitukerfi eru sjálfstreymisleiðslur.
- Skilja:** Búnaður til þess að skilja tiltekin efni úr efnablöndu. Dæmi: Sandskilja, fituskilja, olfuskilja, bensínkilja.
- Sniðræsi:** Meiri háttar holræsi, sem í er safnað fráveituvatni úr stofnræsum, er liggja í átt til sjávar, stöðuvatns eða straumvatns.
- Stofnræsi:** Holræsi sem fráveituvatn af tiltölulega stóru svæði rennur í.
- Siturrör:** Fráveiturör með götum á rörbotni til þess að vatn geti sitrað niður úr því.
- Siturleiðsla:** Leiðsla, gerð úr siturrörum og lögð í óþetta jörð.
- Útræsi:** Leiðsla sem fráveituvatn rennur eftir frá útræsisbrunni út að förgunarstað í viðtaka.
- Útrás:** Umbúnaður á útræsi á förgunarstað þar sem fráveituvatn rennur í viðtaka.
- Viðtaki:** Staður eða hluti af náttúrunni sem tekur við fráveituvatni þegar fráveitu sleppir, hvort sem vatnið hefur verið hreinsað eða ekki.

REGLUR

um Guðfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Guðfræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir guðfræðideild og er vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs á fræðasviðum guðfræðinnar.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Guðfræðistofnunar er:

- a. að efla tengsl rannsókna og kennslu í guðfræði með því að veita stúdentum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með rannsóknastörfum á vegum stofnunar,
- b. að veita nemum í rannsóknanámi, lausráðnum kennurum og ungum vísindamönnum aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa,
- c. að stunda þjónusturannsóknir og endurmenntun á fræðasviði sínu í samræmi við samþykktir þar að lútandi sem staðfestar hafa verið af háskólaráði,
- d. að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum, fyrirlestrum og hvers kyns annarri starfsemi og ráðgjöf sem er til þess fallin að kynna málefni á starfssviði stofnunarinnar og efla tengsl háskólans við atvinnu- og þjóðlíf,
- e. að standa fyrir útgáfustarfsemi á sínu fræðasviði, til dæmis í samvinnu við Háskólaútgáfuna.

3. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfslíði sínu skv. 8. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.

Skipulag.

Guðfræðistofnun starfar í einni rannsóknastofu. Skrifstofuhald er sameiginlegt með guðfræðideild, og er skrifstofustjóri guðfræðideildar jafnframt skrifstofustjóri stofnunarinnar.

5. gr.

Stjórn.

Deildarfundur í guðfræðideild skipar Guðfræðistofnun fjögurra manna stjórn til tveggja ára í senn. Skal stjórnin skipuð þremur kennurum í fullu starfi við guðfræðideild og sem jafnframt starfa við stofnunina, auk eins fulltrúa stúdenta sem tilnefndur er af Félaga guðfræðinema. Fulltrúi stúdenta skal vera úr hópi framhaldsnema deildar eða úr hópi stúdenta á seinni stigum náms til embættisprófs.

Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Formaður kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

6. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréflaga, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfundir óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti guðfræðideildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögu-rétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta guðfræðideildar.

7. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Ennfremur gerir stjórn tillögu til deildar um langtímastefnu í rannsóknum. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart deild, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar um fjárveitingar og skiptingar þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin efnir til ársfundar með starfsmönnum Guðfræðistofnunar þar sem ársskýrsla er lögð fram og fjallað um önnur mál, svo sem kveðið er á um í reglum fyrir Háskóla Íslands.

8. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn.

Heimilt er að ráða stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar og með samþykki deildar. Rektor gerir ráðningarsamning við forstöðumann og setur honum erindisbréf.

Um ráðningu starfsmanna stofnunarinnar fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum, fer deildarforseti eða stjórn stofnunarinnar í umboði hans með ráðningarmálið.

9. gr.

Fjármál.

Tekjur Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. framlag frá guðfræðideild,
- b. styrkir til einstakra verkefna,
- c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- d. tekjur af útgáfustarfsemi,
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir eða framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar á deildarfundum.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands sbr. 27. gr reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 318/1975 um Guðfræðistofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 24. september 2001.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Tónlistarskóli Kópavogs.

Nafn og markmið.

1. gr.

Tónlistarfélag Kópavogs stofnar hér með sjálfseignarstofnun, sem heitir Tónlistarskóli Kópavogs. Heimili skólans er í Kópavogi.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er rekstur tónlistarskóla sem starfar í Kópavogi.

3. gr.

Stofnfé Tónlistarskóla Kópavogs er kr. 120.666.603. Stofnféð greiðist með hljóðfærum, áhöldum og tækjum að bókfærðu verði kr. 5.380.492 og 27,5% eignarhluta í Tónlistarhúsi Kópavogs, sem greitt hefur verið fyrir með kr. 115.286.111 með skuldabréfi að upphæð kr. 100.000.000 og með peningum.

Stofnfé skólans skal aldrei verða að raungildi minna en kr. 600.000.

Stjórn og fjármál skólans.

4. gr.

Stjórn Tónlistarskóla Kópavogs skal skipuð fimm mönnum. Fyrstu stjórn skipa þrír menn tilnefndir af núverandi stjórn Tónlistarfélags Kópavogs og tveir kjörnir af bæjarstjórn Kópavogs til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Þegar stjórnarmaður, sem ekki er kjörinn af bæjarstjórn Kópavogs, hverfur úr stjórninni skulu stjórnarmenn sammælast um mann í stjórnina í hans stað. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnarmenn skulu eiga lögheimili í Kópavogi.

Stjórnin ræður skólastjóra að skólanum, samþykkir fjárhags- og starfsáætlun skólans, fylgir henni fram og ber ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur um starfsemi tónlistarskóla. Nánar skal kveðið á um störf stjórnarinnar, þeirra sem fyrir hana starfa og störf nemenda í skólareglum sem stjórnin setur.

5. gr.

Rekstur skólans skal kosta með styrk frá Kópavogsbæ, skólagjöldum nemenda, svo og öðrum þeim styrkjum sem skólinn kann að fá.

6. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal valinn af stjórn skólans til eins árs í senn. Starfsár og reikningsár er frá 1. september til 31. ágúst.

7. gr.

Ákvörðun um niðurlagningu og breytingar á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar Tónlistarskóli Kópavogs skal tekin af stjórn hennar. Þarf atkvæði minnst fjögurra stjórnarmanna til að ákvörðun um niðurlagningu sé gild. Verði stofnunin lögð niður renna eignir til Tónlistarhúss Kópavogs eftir að skuldir hafa verið greiddar.

Samþykktir um breytingar á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar og um niðurlagningu hennar, svo og um veðsetningu eða sölu á fasteignum, skal bera undir dómsmálaráðherra í samræmi við lög nr. 19/1988.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari sbr. lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Skiplagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. september 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bílaleigur nr. 398/2000.

1. gr.

Eftirfarandi leiguskilmálar bætast við 6. gr. reglugerðarinnar og er bílaleigum skylt að nota þá í viðskiptum sínum við leigutaka bifreiða.

2. gr.

Skilmálar þessir eru settir á grundvelli 6. og 8. gr. laga um bílaleigur nr. 64/2000 og öðlast þegar gildi. Leiguskilmálar þessir birtast sem fylgiskjal við reglugerð um bílaleigur nr. 398/2000.

Samgönguráðuneytinu, 1. október 2001.

Sturla Böðvarsson.

Kristín Helga Markúsdóttir.

Fylgiskjal.**Leiguskilmálar fyrir bílaleigu.***Skyldur leigutaka:*

- 1) Leigutaki samþykkir ákvæði leigusamnings þessa og hefur fengið afrit af honum.
- 2) Leigutaki skal skila ökutækinu:
 - a) ásamt öllum fylgihlutum (þ.m.t. hjólbörðum og verkfærum) í sama ásigkomulagi og það var við móttöku að undanskildu eðlilegu sliti vegna notkunar.
 - b) á tilskildum tíma samkvæmt samningi þessum nema um annað verði samið síðar.
 - c) til aðseturs leigusala nema um annað hafi verið samið.
- 3) Skili leigutaki ekki ökutækinu á réttum tíma samkvæmt leigusamningi þessum, eða láti vita um áframhaldandi leigu er leigusala eða lögreglu heimilt að taka ökutækið í sína vörslu án frekari fyrirvara, á kostnað leigutaka. Áframhaldandi leiga er háð samþykki leigusala. Skili leigutaki ökutækinu 1 klst. eða síðar eftir að samningstími rennur út er leigusala heimilt að innheimta allt að sólarhringsgjaldi samkvæmt leigusamningi þessum.
- 4) Ökutækinu skal stjórnað og ekið gætilega. Einungis þeir sem skráðir eru ökumenn á framhlið samnings þessa hafa leyfi til að aka ökutækinu. Leigutaki ber ábyrgð á tjóni sem leiðir af notkun ökutækisins og ekki fæst bætt af váttryggingarfélagi ökutækisins, þ.m.t. tjóni á ökutækinu og/eða farþegum sem rekja má til eftirtalinna hluta:
 - a) Aksturs utan vega.
 - b) Aksturs í ám eða hvers konar vatnsföllum.
 - c) Ásetningsverka eða stórkostlegs gáleysis.
 - d) Notkunar ökumanns á vímugjöfum.
 - e) Notkunar ökutækisins er brýtur í bága við landslög og/eða ákvæði leiguskilmála þessara.
- 5) Sé um árekstur eða óhappatilviljun að ræða, skal leigutaki tafarlaust tilkynna um atburðinn til viðkomandi lögregluþingvalda svo og leigusala og má eigi yfirgefa staðinn, fyrr en lögregla er mætt á staðinn.
- 6) Kílómetrafjöldinn (km) sem ökutækinu er ekið meðan samningur þessi er í gildi, ákvarðast með álestri á venjulegan kílómetramæli sem fylgir ökutækinu frá framleiðanda. Leigutaki skal tilkynna leigusala svo fljótt sem auðið er, ef kílómetramælirinn er eða verður óvirkur á leigutímanum.
- 7) Leigusali er ekki ábyrgur fyrir hvarfi muna eða skaða á þeim, sem leigutaki, eða einhver annar aðili, geymdi eða flutti í eða á ökutækinu.
- 8) Leigutaki samþykkir að greiða leigusala samkvæmt kröfu:
 - a) Geymslufé, er nemi áætluðum leigukostnaði.
 - b) Öll útgjöld, sem leigusali verður fyrir, ef hann þarf að koma ökutækinu til baka til aðseturs leigusala hafi það verið skilið eftir eftirlitslaust, án tillits til ástands ökutækisins, vega eða veðurs.
- 9) Leigutaka er óheimilt að láta fara fram viðgerðir eða breytingar á ökutækinu og fylgihlutum þess eða leyfa nokkra veðsetningu á því án áður fengins samþykkis leigusala.
- 10) Leigutaki er ábyrgur fyrir öllum stöðumælasektum og sektum fyrir umferðarlagabrot.
- 11) Leigutaka er óheimilt að nota ökutækið til flutninga á farþegum gegn greiðslu, lána það eða framleigja.

Skyldur leigusala:

- 12) Leigusali ábyrgist afhendingu ökutækis á umsömdum tíma og að það fullnægi kröfum sem gerðar eru um það.

- 13) Bili ökutækið skal leigusali afhenda leigutaka sambærilegt ökutæki svo fljótt sem auðið er. Ef bilunin er minniháttar er leigusala með samþykki leigutaka heimilt að láta framkvæma viðgerð á ökutækinu.
- 14) Leigusali skal kynna leigutaka efni leigusamnings þessa og sérstaklega þær skyldur sem hann tekur á sig með undirritun hans.
- 15) Leigusali skal upplýsa erlenda leigutaka um íslenskar umferðarreglur, umferðarmerki og reglur um bann við umferð utan vega. Jafnframt skal leigusali vekja sérstaka athygli á hættu sem stafar af dýrum á vegum.
- 16) Vilji leigusali takmarka notkun ökutækis með hliðsjón af útbúnaði þess og/eða ástandi vega skal það gert skriflega við undirritun leigusamnings þessa.
- 17) Leigusali ábyrgist að vera ávallt með gilda starfsábyrgðartryggingu.

Tryggingar:

- 18) Innifalið í leigugjaldi eru lögboðnar ökutækjatrýggingar, þ.e. ábyrgðartrygging og slysatrygging ökumanns og eiganda.
- 19) Ábyrgðartrygging gagnvart þriðja aðila nemur þeirri upphæð sem íslensk lög kveða á um hverju sinni.
- 20) Leigutaki getur keypt kaskótryggingu sérstaklega. Sjálfsáhætta í hverju tjóni skal tilgreind í samningi þessum.
- 21) Það sem (kaskó)tryggingin nær ekki yfir:
 - a) Skemmdir af ásettu ráði eða sakir stórkostlegrar óvarkárni ökumanns.
 - b) Skemmdir sem verða þegar ökumaðurinn er undir áhrifum áfengis, örvunar, eða deyfilyfja, eða að öðru leyti ófær um að stjórna bifreiðinni á tryggilegan hátt.
 - c) Skemmdir vegna kappaksturs eða reynsluaksturs.
 - d) Skemmdir af hernaði, uppreisn, óeirðum, óspektum.
 - e) Skemmdir af völdum dýra.
 - f) Brunagöt á sætum, teppum eða mottum.
 - g) Skemmdir er aðeins varða hjól, hjólbarða, fjaðrir, rafgeymi, gler (annað en rúður), viðtæki, svo og tjón vegna stuldar einstakra hluta ökutækis og skemmdar sem af því stafar.
 - h) Skemmdir af akstri á ósléttri akbraut, svo sem í girrkassa, drifi, öðrum hlutum í eða á undirvagni ökutækisins, skemmdir vegna þess á undirvagni er hljótast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum akbrautum, svo sem hryggjum eftir veghefla, jarðföstu grjóti á akbraut eða við akbrautarbrúnir. Sama gildir um skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur undir ökutækið í akstri.
 - i) Skemmdir vegna aksturs þar sem bannað er að aka ökutækinu, svo og við akstur á vegatöðningum, götuslóðum, snjósköflum, ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forvaða eða aðra vegleysu. Þó bætast skemmdir er verða þegar ökumaður hefur neyðst til að fara út af akbraut, t.d. vegna viðgerðar á vegi.
 - j) Tjón af völdum þess að sandur, möl, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúka á ökutækið.
 - k) Ef ökutækið er flutt sjóleiðina bætist ekki tjón af völdum sjóbleytu.
 - l) Að öðru leyti vísast í almenna skilmála fyrir kaskótryggingu.
- 22) Leigutaki getur keypt sérstaka grjóttryggingu (GP), þjófnaðartryggingu (TP) og vatns-tryggingu (WP) hjá þeim bílaleigum sem selja slíkar tryggingar.

Almenn ákvæði:

- 23) Leigusamningur þessi skal ávallt vera í ökutækinu á meðan á leigutíma stendur.
- 24) Viðaukar og breytingar á skilmálum og ákvæðum leigusamnings þessa skulu vera skriflegir.

- 25) Um samninga þá sem gerðir eru á grundvelli ofangreindra skilmála, þar með talið bótakröfur sem eftir atvikum kunna að vera gerðar, fer að íslenskum lögum. Gildir það bæði um grundvöll og útreikning bóta. Sama gildir um bótakröfur á grundvelli bóta-ábyrgðar utan samninga. Rísi mál út af leigusamningi þessum skal málið rekið fyrir varnarþingi leigusala.
- 26) Bent skal á að skjóta má ágreiningsmálum samningsaðila leigusamnings þessa til starfandi úrskurðarnefndar Neytendasamtakanna og Samtaka ferðaþjónustunnar.

REGLUR

um Tannlækningastofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Tannlækningastofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir tannlæknadeild, og er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á fræðasviðum tannlækninga.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Tannlækningastofnunar er:

- a. að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í tannlækningum sem unnið er að við Háskóla Íslands,
- b. að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi aðstöðu og búnað til rannsóknarstarfa eftir því sem kostur er,
- c. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði tannlækninga og sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf,
- d. að sinna þjónustuverkefnum á sviði tannlækninga,
- e. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í tannlækningum,
- f. að veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi tannlækningar,
- g. að gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum á starfssviði stofnunarinnar.

3. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, þar á meðal húsnæði og búnað svo sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 8. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.

Skipulag.

Tannlækningastofnun starfar í einni rannsóknastofu. Skrifstofuhald er sameiginlegt með tannlæknadeild og er skrifstofustjóri deildarinnar jafnframt skrifstofustjóri stofnunarinnar.

Deildarfundir í tannlæknadeild er heimilt að skipta stofnuninni upp í faglega sjálfstæðar rannsóknastofur, í samræmi við 27. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

5. gr.
Stjórn.

Deildarfundur í tannlæknadeild skipar Tannlækningastofnun fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Skulu fjórir stjórnarmanna vera úr hópi kennara deildarinnar en einn vera úr hópi stúdenta, tilnefndur af stjórn Félags íslenskra tannlæknanema.

Stjórnarskipti fara fram 1. júlí á því ári sem kjör stjórnarmanna hefur farið fram.

Stjórnin kys sér formann úr hópi kennara og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Sé ekki ráðinn forstöðumaður við stofnunina kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

6. gr.
Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréflaga, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti tannlæknadeildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum, en ekki atkvæðisrétt.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta tannlæknadeildar.

Ef forstöðumaður er ráðinn til stofnunarinnar situr hann stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

7. gr.
Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfsreglur. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin stendur að gerð rannsóknaráætlana og framkvæmd þeirra.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart deild, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar um fjárveitingar og skiptingu þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin efnir til ársfundar Tannlækningastofnunar þar sem ársskýrsla er lögð fram og fjallað um önnur mál svo sem kveðið er á um í reglum fyrir Háskóla Íslands.

8. gr.
Forstöðumaður og starfsmenn.

Heimilt er að ráða stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar og með samþykki deildar. Rektor gerir ráðningarsamning við forstöðumann og setur honum erindisbréf.

Um ráðningu starfsmanna stofnunarinnar fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer deildarforseti eða stjórn stofnunarinnar í umboði hans með ráðningarmálið.

9. gr.
Fjármál.

Tekjur Tannlækningastofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

a. framlag frá tannlæknadeild,

- b. styrkir til einstakra verkefna,
- c. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- d. tekjur af útgáfustarfsemi,
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhagsáætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar á deildarfundum.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 125/1997 um Tannlækningastofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 24. september 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um Reiknistofnun Háskólans.

1. gr.

Almennt.

Reiknistofnun Háskólans (RHÍ) er þjónustustofnun starfrækt af Háskóla Íslands og heyrir beint undir háskólaráð.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a. að vera háskólaráði og einstökum deildum til ráðuneytis um upplýsinga- og tölvutækni og leggja reglulega fram tillögur um skipulag og framkvæmd upplýsingamála; ennfremur að byggja upp og reka upplýsinga- og gagnanet fyrir Háskóla Íslands, og annast þjónustu við notendur,
- b. að koma upp og reka, í nánú samráði við deildir, aðstöðu fyrir nemendur allra deilda til kennslu og náms í greinum þar sem notkunar tölva er þörf,
- c. að annast rekstur upplýsingatæknimiðstöðvar við Háskóla Íslands til úrvinnslu verkefna kennara, nemenda og annarra starfsmanna háskólans og stofnana hans,
- d. að annast hugbúnaðar- og tækniþjónustu fyrir aðila utan háskólans, þó hafi þarfir háskólans forgang við val verkefna,
- e. að fylgjast með alhliða þróun í tölvutækni og gangast fyrir námskeiðum og fyrirlesturum til kynningar á nýjungum og stöðlum,

- f. að hafa yfirsýn yfir eign, notkun og þekkingu Háskóla Íslands á tölvubúnaði og stuðla að hagstæðum og samræmdum innkaupum,
- g. að tryggja vitneskju starfsmanna og nemenda um þá þjónustu sem stofnunin veitir og kunnáttu þeirra til að nota hana.

3. gr.

Stjórn.

Háskólaráð skipar stofnuninni fimm manna stjórn til tveggja ára að fenginni einni tilnefningu frá hverri deild háskólans, auk sjálfstæðra tilnefninga frá tölvunarfræðiskor verkfræðideildar og háskólarektor. Stjórnin skiptir með sér verkum.

4. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflaga, eða í tölvupósti, og með hæfilegum fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fundinn í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send rektor.

Forstöðumaður situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

5. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin markar stefnu og fjallar um öll meiriháttar mál, samþykkir ráðningu starfslíðs, rekstraráætlanir og gjaldskrá fyrir selda þjónustu. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

6. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fengnum tillögum stjórnar og setur honum erindisbréf. Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri stofnunarinnar, gerir tillögur til stjórnar um ráðningu starfslíðs og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn og rektor.

7. gr.

Fjármál.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- a. fjárveitingar skv. ákvörðun háskólaráðs, sem miðað er við að standi undir rekstri samkvæmt liðum a, b og c í 2. gr.,
- b. fjárveitingar skv. ákvörðun háskólaráðs til ákveðinna tímabundinna verkefna sem stofnuninni er falið að annast,
- c. tekjur af þjónustu sem seld er utan og innan skólans,
- d. styrkir sem stofnunin og starfsmenn hennar afla úr rannsóknasjóðum til rannsóknaverkefna,
- e. styrkir, gjafir og aðrar tekjur.

Fjárveitingar og tekjur af þjónustu skulu standa undir fjárþörf stofnunarinnar til reksturs og tækjakaupa miðað við eðlilegan endingartíma. Stofnunin getur þó sótt um fjármagn til meiriháttar tækjakaupa af happdrættisfé.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

8. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 346/1998 um Reiknistofnun Háskólans, sbr. ákvæði til bráðabirgða (9) reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 24. september 2001.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

REGLUR

um Orðabók Háskólans.

1. gr.

Almennt.

Orðabók Háskólans er vísindaleg orðfræðistofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands og heyrir beint undir háskólaráð.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a. að safna heimildum um íslenskan orðaforða frá upphafi prentaldar á Íslandi til samtímans með samningu sögulegrar orðabókarlýsingar í huga,
- b. að annast úrvinnslu efniviðar sem safnað hefur verið sbr. a-lið,
- c. að sinna hvers kyns rannsóknum á orðaforðanum,
- d. að gegna þjónustuhlutverki við fræðimenn og almenning og sinna þjónustuverk-efnum,
- e. að stuðla að samstarfi um rannsóknir á sviði orðfræði,
- f. að stunda útgáfustarfsemi.

3. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfslíði skv. 8. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.
Stjórn.

Háskólaráð skipar stofnuninni þriggja manna stjórn og einn til vara, til fjögurra ára í senn, að fengnum tilnefningum heimspekideildar. Stjórnin skiptir með sér verkum.

5. gr.
Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréfléga, eða í tölvupósti, og með hæfilegum fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fundinn í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundir ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send rektor.

Forstöðumaður situr stjórnarfundir með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

6. gr.
Verkefni stjórnar.

Stjórnin markar stefnu fyrir stofnunina að tilhlutan forstöðumanns og fjallar um öll meiriháttar mál, samþykkir ráðningu starfsliðs, rekstraráætlanir og gjaldskrá fyrir selda þjónustu. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

7. gr.
Forstöðumaður.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fengnu álit stjórnar. Um ráðningarmálið fer að öðru leyti eftir ákvæðum III. kafla reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, en forstöðumaður er jafnframt prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu.

Rektor setur forstöðumanni erindisbréf. Forstöðumaður hefur forystu um að móta stefnu fyrir stofnunina til lengri og skemmri tíma, stjórnar daglegum rekstri stofnunarinnar, gerir tillögur til stjórnar um ráðningu starfsliðs og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn og rektor.

8. gr.
Sérfræðingar og aðrir starfsmenn.

Rektor ræður sérfræðinga til stofnunarinnar að fengnum tillögum orðabókarstjórnar. Um ráðningarmálið fer að öðru leyti eftir ákvæðum III. kafla reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands.

Sérfræðingar leggja stund á hvers kyns orðfræðirannsóknir í tengslum við orðabókarstarfið og annast efnisöflun og úrvinnslu á vegum Orðabókarinnar.

Orðabókarstjórn, eða forstöðumaður í umboði hennar, ræður aðra starfsmenn til stofnunarinnar, hvort sem er vegna einstakra verkefna eða almennrar starfsemi.

Orðabókarstjórn setur nánari reglur um starfsmenn stofnunarinnar sem háskólaráð staðfestir.

9. gr.
Fjármál.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- a. fjárveitingar á fjárlögum,
- b. tekjur af þjónustu sem seld er utan og innan háskólans,
- c. styrkir sem stofnunin og starfsmenn hennar afla úr rannsóknasjóðum til rannsóknaverkefna,
- d. gjafir.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

10. gr.
Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 350/1998 um Orðabók Háskólans með síðari breytingu nr. 591/1998, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 24. september 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.
Almennt.

Siðfræðistofnun Háskóla Íslands er rannsóknar-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir háskólaráð, og er meðal annars vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði siðfræði.

2. gr.
Hlutverk.

Hlutverk Siðfræðistofnunar er:

- a. að efla og samhæfa rannsóknir í siðfræði sem unnið er að við Háskóla Íslands,
- b. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda háskóla og aðra rannsóknaraðila á sviði siðfræði,
- c. að gefa út fræðirit, námsefni og kynna niðurstöður rannsókna í siðfræði,
- d. að veita upplýsingar og ráðgjöf um siðfræðileg efni,

- e. að vera tengiliður við deildir vegna námskeiða sem samið er um að þær bjóði fram sem hluta af þverfaglegu námi í siðfræði, einkum til meistaraþrófs,
- f. að treysta samvinnu milli deilda í þágu þverfaglegs náms og efla skilning á þeim hagsmunum sem náminu tengjast,
- g. að sinna ýmsum verkefnum sem tengjast þróunarstarfi,
- h. að gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum um siðfræði.

3. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 8. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.

Stjórn.

Háskólaráð skipar Siðfræðistofnun fimm manna stjórn til þriggja ára í senn, að fengnum tilnefningum frá heimspekiskor heimspekideildar, guðfræðideild, kirkjuráði þjóðkirkjunnar og Kennaraháskóla Íslands. Fimmta stjórnarmanninn skipar háskólaráð án tilnefningar. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Sé ekki ráðinn forstöðumaður við stofnunina kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar, annast daglegan rekstur hennar og framkvæmd á ákvörðunum stjórnar.

5. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflaga, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fund í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forsetum þeirra deilda og forstöðumönnum þeirra stofnana sem aðild eiga að stjórn.

Forstöðumaður situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

6. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina, setur henni rannsóknastefnu og veitir fé til einstakra rannsóknarverkefna. Þá ber stjórnin ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar gagnvart háskólaráði og samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin efnir til ársfundar með starfsmönnum Siðfræðistofnunar þar sem ársskýrsla er lögð fram og fjárhagsáætlun næsta árs ef því er að skipta. Ársfundur er jafnframt vettvangur umræðu um rekstur og starfsemi Siðfræðistofnunar, nýjungar í fræðunum og og um rannsóknastefnu. Ársfund skal að jafnaði halda á haustmánuðum.

7. gr.

Þverfaglegt nám.

Þverfaglegt nám í siðfræði, hvort heldur er grunn- eða framhaldsnám, byggist á samningi við þær háskóladeildir eða aðra háskóla sem taka þátt í að skipuleggja námið. Leitast skal við að taka tillit til sérstöðu hins þverfaglega náms við inntöku nemenda og önnur atriði við framkvæmd samnings.

Miðað skal við að um inntöku í námið og skráningu fari eftir reglum þeirrar deildar þar sem rannsóknarverkefni (ritgerð) er unnið eða meginhluti náms fer fram. Nemendur skulu skráðir í þá deild þar sem rannsóknarverkefni (ritgerð) er unnið eða meginhluti náms fer fram og brautskráðir þaðan.

Siðfræðistofnun hefur umsjón með skipulagi námsins, en heimilt er að skipa sérstaka stjórnarnefnd í þessum tilgangi. Fari stjórnarnefnd með skipulag námsins skulu í henni sitja fulltrúar þeirra deilda sem koma að náminu, og skulu þeir vera fastir kennarar við viðkomandi deildir.

Í umsjón með skipulagi námsins felst:

- a. að hafa yfirsýn yfir framboð námskeiða í hinu þverfaglega námi,
- b. að hafa yfirsýn yfir inntöku nemenda í námið og þær reglur sem gilda um inntöku í hverja deild sem að náminu kemur,
- c. að hafa yfirsýn yfir þá nemendur sem teknir eru í námið,
- d. að sjá til þess að almenn þjónusta við nemendur sé fyrir hendi,
- e. að hafa milligöngu um samninga við deildir um uppbyggingu og framkvæmd þverfaglegs náms og sjá um að samræma kröfur og ábyrgð deilda hvað varðar námsframboð.

8. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar stofnunarinnar, sbr. 6. tölul. 4. mgr. 27. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf. Skal sá sem ráðinn er forstöðumaður hafa meistara- eða doktorsgráðu eða annað sambærilegt háskólapróf.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf, og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum, fer forstöðumaður með ráðningarmálið.

9. gr.

Fjármál.

Tekjur Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. fjárveitingar skv. ákvörðun háskólaráðs,
- b. framlag frá þeim sem aðild eiga að stjórn stofnunarinnar,
- c. styrkir til einstakra verkefna,
- d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- e. tekjur af útgáfustarfsemi,
- f. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 449/1988 um Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, sbr. ákvæði til bráðabirgða (9) í reglum nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 24. september 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir viðskipta- og hagfræðideild, og er vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs í hagfræði og skyldum greinum.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Hagfræðistofnunar er:

- a. að afla þekkingar á hagkerfi og þjóðarbúskap Íslendinga,
- b. að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í hagfræði sem unnið er að við Háskóla Íslands,
- c. að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi aðstöðu og búnað til rannsóknarstarfa eftir því sem kostur er,
- d. að stuðla að tengslum háskólans við atvinnu- og þjóðlíf og innlent og erlent vísindasamfélag,
- e. að sinna þjónustuverkefnum og ráðgjöf í hagfræði og skyldum greinum,
- f. að annast útgáfu og aðra kynningu á niðurstöðum hagfræðirannsókna,
- g. að gangast fyrir ráðstefnum, fyrirlestrum, námskeiðum, endurmenntun og hvers kyns annarri starfsemi, sem er til þess fallin að útbreiða hagfræðilega þekkingu.

3. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, það er húsnæði og búnað, svo sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.
Stjórn.

Deildarfundur í viðskipta- og hagfræðideild skipar Hagfræðistofnun fimm manna stjórn. Formaður og þrír aðrir stjórnarmenn, skulu kjörnir til þriggja ára í senn úr hópi, sem tilnefndur er af hagfræðiskor. Formaður skal vera prófessor og að minnsta kosti þrír hinna kjörnu stjórnarmanna skulu vera akademískir starfsmenn háskólans (kennarar eða sérfræðingar), enda séu þeir ekki ráðnir til Hagfræðistofnunar. Einn stjórnarmaður skal kjörinn samkvæmt tilnefningu nemenda í hagfræðiskor til eins árs í senn.

Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Sé ekki ráðinn forstöðumaður til stofnunarinnar kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

5. gr.
Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflaga, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti viðskipta- og hagfræðideildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelsi og tillögurétt á fundinum, en ekki atkvæðisrétt.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta viðskipta- og hagfræðideildar.

Forstöðumaður situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

6. gr.
Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni rannsóknastefnu. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar gagnvart deild, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deildar um fjárveitingar og skiptingu þeirra ásamt skiptingu annarra tekna.

Stjórnin setur stofnuninni starfsreglur þar sem m.a. skal kveðið á um eftirfarandi:

1. Meðferð rannsóknastyrkja er starfsmenn afla, m.a. með tilliti til hlutdeildar stofnunar í tekjum og kostnaði.
2. Hvenær og með hvaða hætti einstakir starfsmenn geta komið fram út á við sem starfsmenn Hagfræðistofnunar.
3. Annað, sem þurfa þykir.

Stjórnin gerir tillögu að samþykktum um þjónusturannsóknir sem háskólaráð staðfestir.

Stjórnin efnir til ársfundar með starfsmönnum Hagfræðistofnunar þar sem ársskýrsla er lögð fram og fjárhagsáætlun næsta árs ef því er að skipta. Ársfundur er jafnframt vettvangur umræðu um rekstur og starfsemi Hagfræðistofnunar, nýjungar í hagfræði og skyldum greinum og rannsóknastefnu. Ársfund skal að jafnaði halda á haustmánuðum.

7. gr.
Forstöðumaður og starfsmenn.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann að fenginni tillögu stjórnar og með samþykki

deildar. Forstöðumaður skal að jafnaði uppfylla hæfisskilyrði prófessors í hagfræði. Rektor setur forstöðumanni erindisbréf.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum, fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

8. gr.

Fjármál.

Tekjur Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands eru eftirfarandi:

- a. framlag frá viðskipta- og hagfræðideild,
- b. framlög frá öðrum deildum háskólans ef því er að skipta,
- c. styrkir til einstakra verkefna,
- d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- e. tekjur af útgáfustarfsemi,
- f. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhags-áætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar á deildarfundi.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 188/1989 um Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 24. september 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um úthlutun tímabundins fjárstuðnings til sveitarfélaga sem sameinast um rekstur eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs.

1. gr.

Markmið með reglum þessum er að auka samvinnu sveitarfélaga, einkum þeirra smærri, um rekstur eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs í því skyni að auka samræmingu, virkni og hagkvæmni slökkvistarfs í landinu.

2. gr.

Á árunum 2001 til 2005 er Brunamálastofnun heimilt að veita þeim sveitarfélögum tímabundinn fjárstuðning sem sameinast um rekstur eldvarnaeftirlits og/eða slökkviliðs.

3. gr.

Styrkhæft samstarf sveitarfélaga, sbr. 2. gr., getur verið með þeim hætti að tvö sveitarfélög eða fleiri semji um sameiginlegt slökkvilið. Sveitarfélagi er einnig heimilt að semja við annað sveitarfélag um að hafa með höndum verkefni og stjórn slökkviliðs að hluta, enda sé um varanlegt fyrirkomulag að ræða. Um slíkt skal gera skriflegan samning sem skal tilkynna til Brunamálastofnunar.

4. gr.

Styrkir sem sveitarfélög geta sótt um samkvæmt reglum þessum skulu einkum vera vegna:

- a. kostnaðar við undirbúning samningsgerðar, þar sem gerð er úttekt á stöðu brunavarna í viðkomandi sveitarfélögum og gerðar eru tillögur um nýja skipan brunavarna,
- b. kostnaðar vegna þjálfunar slökkviliðsstjóra og slökkviliðsmanna vegna nýrrar skipunar brunavarna,
- c. ýmiss tímabundins kostnaðar sem stuðlar að bættum brunavörnum eða leiðir til aukinnar hagkvæmni og hagræðis í brunavörnum sveitarfélaganna.

5. gr.

Umsóknir sveitarfélaga um styrki skulu hafa borist Brunamálastofnun fyrir 31. desember ár hvert og skal stofnunin ljúka styrkúthlutun fyrir febrúarlok árið eftir. Umsókn skal fylgja samningur sem gerður hefur verið milli sveitarfélaganna, sbr. 3. gr., nema um sé að ræða umsókn vegna kostnaðar við undirbúning samningsgerðar. Með umsókn skal jafnframt fylgja ýtarleg kostnaðaráætlun og greinargerð um tilgang fjárfestingarinnar.

6. gr.

Þau sveitarfélög sem hljóta styrk samkvæmt reglum þessum skulu skila greinargerð til Brunamálastofnunar eigi síðar en einu ári eftir að greiðsla styrks fer fram, þar sem gerð er grein fyrir hvernig hann hefur verið notaður. Ef í ljós kemur að styrkurinn hefur verið notaður til annars en til var ætlast, getur Brunamálastofnun gert kröfu um endurgreiðslu styrksins.

7. gr.

Heildarfjárstuðningur samkvæmt reglum þessum er ákveðinn í fjárlögum hvers árs og þarf Brunamálastofnun við ákvörðun styrkja að taka mið af fjárveitingum hverju sinni.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 75/2000, um brunavarnir, öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 26. september 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi í Borgarfjarðarhreppi.

A. Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.

1. *Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.*

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lágmarksgjald skal þó að jafnaði vera kr. 50.000. Gjald þetta skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

Fjárhæð gjalds skal ekki nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði þeim er sveitarfélagið verður fyrir vegna útgáfu, undirbúnings leyfisins, yfirferð hönnunargagna og eftirlits.

Pegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur undanfari útgáfu framkvæmdaleyfis telst kostnaður sem sveitarfélag hefur vegna þess hluti af kostnaði við undirbúning leyfisins.

2. *Gjalddagi.*

Framkvæmdaleyfisgjald skal greiða við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við framkvæmdaleyfishafa um fyrirkomulag greiðslna.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og framkvæmdaleyfishafa við útgáfu framkvæmdaleyfis.

3. *Innheimta gjalda.*

Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjármámi án undangengins dóms eða réttarsáttar. Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þó framkvæmdaleyfi falli úr gildi.

4. *Gjaldtökuheimild.*

Um gjaldtöku samkvæmt A. lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Gjaldtaka vegna leyfa samkvæmt 3. tl. og 4. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 73/1997 fer eftir sömu ákvæðum.

B. Byggingarleyfi samkvæmt 43. gr. laga nr. 73/1997.

1. *Fjárhæð og grundvöllur gjalda.*

Fyrir útgáfu byggingarleyfis skal greiða grunn gjald kr. 5.000. Að auki greiðast kr. 50 pr. rúmmetra íbúðarhúsnæðis og annars einangraðs húsnæðis. Vegna óeinangraðs húsnæðis og útihúsa greiðast kr. 25 pr. rúmmetra.

Heimilt er að krefja fyrir hverja yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingarleyfis gjald á bilinu kr. 4.000 til kr. 18.000 eftir umfangi verks.

Fyrir hverja úttekt skal greiða kr. 4.000. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákvarða herra gjald fyrir úttekt ef hún telst óvenju umfangsmikil.

Fyrir vottorð skal greiða kr. 6.000.

Fjárhæðir samkvæmt þessari grein eru bundnar við vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

2. *Gjalddagar.*

Byggingarleyfisgjald skal greitt við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við byggingarleyfishafa um annan gjalddaga.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og byggingarleyfishafa við útgáfu byggingarleyfis.

Fyrir yfirferð hönnunargagna skal greiða við móttöku yfirfarinna gagna. Úttektargjald er gjaldkræft þegar úttekt er lokið. Fyrir vottorð skal greiða við útgáfu þess.

3. *Innheimta gjalda.*

Gjöldum samkvæmt B. lið gjaldskrár þessarar fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldföllin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar. Gjöld þessi eru ekki endurkræf þó byggingarleyfi falli úr gildi.

4. *Gjaldtökuheimild.*

Um gjöld samkvæmt B. lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 401/1998.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt af sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps 17. september 2001.

Borgarfirði, 22. september 2001.

Magnús Þorsteinsson oddviti Borgarfjarðarhrepps.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti, með síðari breytingum.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. orðast svo:

Virðisaukaskattsskyldir aðilar skulu ótilkvaddir gera grein fyrir virðisaukaskatti, sem þeim ber að standa skil á eða þeir eiga rétt á að fá endurgreiddan, á sérstökum virðisaukaskattsskýrslum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á skýrslum þessum. Ríkisskattstjóri getur á grundvelli skriflegrar umsóknar skattaðila heimilað honum að skila skýrslu á rafrænu formi. Ríkisskattstjóri getur bundið slíka heimild við notkun veflykils (sérstaks stafræns auðkennis) er hann lætur skattaðila í té. Ríkisskattstjóri getur afturkallað heimild haldi skattaðili ekki almenna skilmála er ríkisskattstjóri setur um rafræn skil, ef ítrekuð vanhöld verða á skilum, eða ef breytingar verða á forsendum rafrænna skila. Skýrslur til nota fyrir þá sem hafa tveggja mánaða, sex mánaða eða ársuppgjörstímabil skulu vera í formi gíróseðils, eða á rafrænu formi með möguleika á rafrænni sendingu greiðsluupplýsinga til banka eða sparisjóðs.

2. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Slíkar skýrslur geta verið á rafrænu formi, sbr. 1. mgr.

3. gr.

Við 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Greiðsla á grundvelli rafrænna greiðslufyrirmæla telst því aðeins innt af hendi á gjalddaga, að greiðslufyrirmælin berist banka eða sparisjóði innan þeirra tímamarka sem viðkomandi banki eða sparisjóður setur fyrir því að greiðsla teljist hafa farið fram á þeim degi.

4. gr.

Við 2. mgr. 9. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Notkun veflykils við rafræn skil skýrslu, sbr. 1. og 2. mgr. 6. gr., jafngildir undirritun skýrslu.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 1. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 27. september 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ingví Már Pálsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi austurbæjar, Vestmannaeyjum.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann 4. september 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi austurbæjar í Vestmannaeyjum, dagsetta 26. nóvember 1987.

Breytingin nær til reits sem afmarkast af skipulögðum lóðum að Stóragerði 1, 3 og 5 og felst í að þeim lóðum er breytt úr þremur einbýlishúsalóðum í tvær parhúsalóðir.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 26. september 2001.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja,

Guðjón Hjörleifsson bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

um skoðanir ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum.

1. gr.

Markmið.

Markmiðið með reglugerð þessari og viðaukum hennar er að koma á skoðanakerfi sem mun veita aukna tryggingu fyrir öryggi í rekstri ekjuferja og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum til eða frá höfnum Íslands og aðildarríkja samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og kveða á um rétt til að annast, taka þátt í eða eiga samvinnu um rannsóknir á sjóslysum eða óhöppum í slíkum áætlunarferðum.

2. gr.

Skilgreiningar.

- Í reglugerð þessari og viðaukum hennar er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- a) *ekjuferja* er haffært farþegaskip sem getur flutt minnst tólf farþega og þar sem ökutæki eða járnbrautarvagnar geta ekið til og frá borði;
 - b) *háhraðafarþegafar* er háhraðafar eins og það er skilgreint í 1. reglu X. kafla alþjóðasamþykktarinnar um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS-samþykktin), með áorðnum breytingum við samþykkt þessarar reglugerðar, sem getur flutt fleiri en tólf farþega;
 - c) *farþegi* er einstaklingur annar en
 - i) skipstjóri og skipverjar eða þeir aðrir sem eru ráðnir til tiltekinna starfa um borð eða gegna einhverju starfi um borð í skipi í þágu þess,
 - ii) og barn undir eins árs aldri;
 - d) *SOLAS-samþykktin frá 1974* er alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 ásamt bókunum og breytingum við þær sem í gildi eru við samþykkt þessarar reglugerðar;
 - e) *reglur um háhraðaför* eru „alþjóðareglur um öryggi háhraðafara“ sem er að finna í ályktun siglingaöryggisnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC 36 (63) frá 20. maí 1994, með áorðnum breytingum við samþykkt þessarar reglugerðar;
 - f) *áætlunarferðir* eru siglingar ekjuferju eða háhraðafarþegafars milli tveggja eða fleiri hafna, eða siglingar frá og til sömu hafnar án viðkomu á öðrum stöðum, annaðhvort:
 - i) samkvæmt áætlun,
 - ii) eða með svo reglulegum eða tíðum ferðum að telja má að um reglubundnar ferðir sé að ræða;
 - g) *hafsvæði* er sérhvert hafsvæði sem tilgreint er á skrá sem tekin var saman skv. 4. gr. reglugerðar um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum;
 - h) *skírteini* er
 - i) að því er varðar ekjuferjur og háhraðafarþegaför í millilandasiglingum, öryggis-skírteini gefin út samkvæmt SOLAS-samþykktinni frá 1974 með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi skrám yfir búnað og, þar sem við á, undanþáguskírteinum og rekstrarleyfum,
 - ii) að því er varðar ekjuferjur og háhraðafarþegaför í innanlandssiglingum, öryggis-skírteini gefin út samkvæmt reglugerð um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum ásamt viðeigandi skrám yfir búnað og, þar sem við á, undanþáguskírteinum og rekstrarleyfum;
 - i) *undanþáguskírteini* eru öll skírteini sem eru gefin út í samræmi við ákvæði reglu I B/12(a)(vi) í SOLAS-samþykktinni frá 1974;
 - j) *stjórnvald fánaríkis* eru lögbær stjórnvöld ríkis sem ekjuferjunni eða háhraðafarþegafarinu er heimilt að sigla undir fána hjá;
 - k) *gistiríki* er EES aðildarríki þar sem ekjuferja eða háhraðafarþegafar siglir til og frá höfn eða höfnum í áætlunarsiglingum;
 - l) *millilandasiglingar* eru siglingar frá höfn aðildarríkis til hafnar utan þess aðildarríkis, eða öfugt;
 - m) *innanlandssigling* er sigling frá höfn aðildarríkis til sömu eða annarrar hafnar í því aðildarríki;
 - n) *viðurkennd stofnun* er stofnun sem viðurkennd er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 94/57/EB;
 - o) *fyrirtæki* er fyrirtæki sem gerir út eina eða fleiri ekjuferjur sem samræmingarskjal hefur verið gefið út fyrir í samræmi við 2. tölul. 5. gr. í reglugerð ráðsins nr. 3051/95/EB

frá 8. desember 1995 um öryggisstjórnun á ekjuferjum eða fyrirtæki sem gerir út háhraðafarþegaför sem samræmingarskjal hefur verið gefið út fyrir í samræmi við reglu IX/4 í SOLAS-samþykktinni frá 1974, með áorðnum breytingum við samþykkt þessarar reglugerðar;

- p) *reglur um rannsóknir sjóslysa* eru reglur um rannsóknir sjóslysa og óhappa sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti með þingsályktun A.849(20) frá 27. nóvember 1997;
- r) *sértæk skoðun* er skoðun sem framkvæmd er af Siglingastofnun Íslands eins og tilgreint er í 6. og 8. gr.;
- s) *viðurkenndur skoðunarmaður* er opinber starfsmaður eða annar einstaklingur sem hlotið hefur viðurkenningu Siglingastofnunar Íslands til þess að annast skoðanir og eftirlit vegna skírteina og uppfyllir hæfis- og hlutleysiskröfurnar sem tilgreindar eru í V. viðauka og
- t) *vanbúnaður* er ástand sem samræmist ekki kröfum þessarar reglugerðar.

3. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi og viðaukar hennar gilda um allar ekjuferjur og háhraðafarþegaför sem sigla til eða frá höfnum Íslands og aðildarríkja Evrópusambandsins í áætlunarferðum, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla, þegar þau eru í millilanda- eða innanlandsferðum á hafsvæðum sem falla undir A-flokk og um getur í 4. gr. reglugerðar um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum.

4. gr.

Fyrstu sannprófanir sem krafist er varðandi ekjuferjur og háhraðafarþegaför.

1. Áður en útgerð ekjuferju eða háhraðafarþegafars í áætlunarferðum hefst eða innan tólf mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar vegna ekjuferju eða háhraðafarþegafars sem þegar er starfandi í áætlunarferðum á þeim degi, skal Siglingastofnun Íslands kanna hvort ekjuferjurnar eða háhraðafarþegaförin:
 - a) hafi gild skírteini, sem eru gefin út af stjórnvaldi fánaríkis eða viðurkenndri stofnun í nafni þess;
 - b) hafi verið skoðuð vegna útgáfu skírteina í samræmi við viðeigandi málsmeðferð og viðmiðunarreglur í viðauka við þingsályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar nr. A.746(18) um viðmiðunarreglur um skoðun samkvæmt samræmdu skoðunar- og vottunarkerfi, eins og þær eru við samþykkt þessarar reglugerðar, eða í samræmi við málsmeðferð sem miðar að sama marki;
 - c) uppfylli þá staðla sem tilgreindir eru til flokkunar samkvæmt reglum viðurkenndrar stofnunar, eða reglum sem samþykktar eru sem jafngildar af hálfu stjórnvalds fánaríkis að því er varðar smíði og viðhald á bol þeirra, vélum, raf- og stjórnbúnaði;
 - d) séu búin siglingarrit til þess að veita upplýsingar í þágu hugsanlegrar rannsóknar á slysi. Siglingarritinn skal uppfylla þær kröfur sem tilgreindar eru í þingsályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar nr. A.861(20) frá 27. nóvember 1997 og vera í samræmi við staðla um prófanir sem mælt er fyrir um í staðli Alþjóðaraftækni-nefndarinnar (IEC) nr. 61996. Þegar setja þarf siglingarrit í ekjuferjur og háhraðafarþegaför sem smíðuð voru fyrir gildistöku þessarar reglugerðar er þó heimilt að veita undanþágu frá sumum þessara krafna. Þessar undanþágur og þau skilyrði sem um þær gilda skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 16. gr. tilskipunar 1999/35/EB;

- e) uppfylli tilteknar stöðugleikakröfur sem samþykktar hafa verið og teknar upp í landslög í samræmi við tilkynningarreglur sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 93/34/EB frá 22. júní, sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða og á sviði reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu, þegar þjónusta á því svæði fellur undir þau landslög, enda séu kröfurnar ekki umfram þær sem tilgreindar eru í viðauka við 14. ályktun SOLAS-þingsins 1995 (stöðugleikakröfur er varða samninginn) og enda hafi þær verið tilkynntar til aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í samræmi við málsmeðferðina sem tilgreind er í 3. t. ályktunarinnar.
2. Ákvæði e-liðar 1. mgr. skal taka til háhraðafarþegafara eingöngu eftir því sem við á.

5. gr.

Fyrstu sannprófanir sem krafist er varðandi fyrirtæki og fánaríki.

Áður en útgerð ekjuferju eða háhraðafarþegafars í áætlunarferðum hefst eða innan tólf mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar vegna ekjuferju eða háhraðafarþegafars sem þegar er í áætlunarferðum á þeim degi, skal Siglingastofnun Íslands:

1. kanna hvort fyrirtæki sem starfrækja eða ætla að starfrækja slíka ferju eða far í áætlunarferðum:
 - a) geri þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja að sérkröfunum, sem settar eru fram í I. viðauka, sé framfylgt og sýni Siglingastofnun Íslands fram á að þau uppfylli ákvæði þessa töluliðar og 4. gr.;
 - b) muni samþykka fyrirfram að rannsóknanefnd sjóslysa megi annast, taka fullan þátt í eða eiga samvinnu um allar rannsóknir sjóslysa eða óhappa samkvæmt 12. gr., og muni veita aðgang að upplýsingum sem fást úr siglingarrita ferjunnar eða farsins er verður fyrir slíku slysi eða óhappi;
2. kanna hvort slík ferja eða far, sem siglir undir öðrum fána en fána EES aðildarríkis, hafi hlotið samþykki þess fánaríkis á því að það viðurkenni skuldbindingar fyrirtækisins um að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð.

6. gr.

Fyrsta sértæka skoðun.

1. Áður en útgerð ekjufars eða háhraðafarþegafars í áætlunarferðum hefst eða innan tólf mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar vegna ekjuferju og háhraðafarþegafars sem þegar er starfandi í áætlunarferðum á þeim degi, skal Siglingastofnun Íslands láta fara fram fyrstu sértæka skoðun á viðkomandi ekjuferju eða háhraðafarþegafari, í samræmi við I. og III. viðauka, í því skyni að sannreyna að ekjuferjan eða háhraðafarþegafarið uppfylli nauðsynlegar kröfur um öruggan rekstur í áætlunarferðum.
2. Þegar þessari grein er beitt áður en útgerð hefst skal Siglingastofnun Íslands ákveða hvaða dag fyrsta sértæka skoðun skuli fara fram, sem skal vera eigi síðar en einum mánuði eftir að nauðsynlegar upplýsingar til þess að ljúka sannprófun, samkvæmt 4. og 5. gr., hafa borist.

7. gr.

Sérákvæði.

1. Þegar til stendur að ekjuferja eða háhraðafarþegafar stundi siglingar á annarri áætlunarleið skal nýtt gistiríki taka fullt tillit til sannprófana og skoðana sem þegar hafa verið gerðar á ekjuferjunni eða háhraðafarþegafarinu vegna fyrri áætlunarferða sem heyrðu undir þessa reglugerð. Ef nýja gistiríkið tekur þessar fyrri sannprófanir og skoðanir til greina og samþykkir að þær eigi við um ný rekstrarskilyrði þarf ekki að beita 4., 5. og 6. gr. áður en útgerð ekjuferjunnar eða háhraðafarþegafarsins hefst í nýjum áætlunarferðum.

2. Ákvæðum 4., 5. og 6. gr. þarf ekki að beita þegar ekjuferja eða háhraðafarþegafar, sem þegar fullnægir ákvæðum reglugerðar þessarar og er þegar í áætlunarferðum sem falla undir reglugerð þessa, flyst yfir á aðra áætlunarleið ef eiginleikar siglingaleiðarinnar eru svipaðir að mati viðkomandi gistiríkja og ef gistiríkin eru sammála um að ekjuferjan eða háhraðafarþegafarið uppfylli allar kröfur um öruggan rekstur á nýju leiðinni. Að beiðni fyrirtækis geta viðkomandi gistiríki staðfest fyrirfram samþykki sitt á því að siglingaleiðir séu svipaðar að eiginleikum.
3. Ef nauðsynlegt er að koma við varaekjuferjum eða -háhraðafarþegaförum með stuttum fyrirvara vegna ófyrirséðra aðstæðna í því skyni að tryggja áframhaldandi þjónustu, og þar sem 1. og 2. mgr. eiga ekki við, má Siglingastofnun Íslands leyfa að útgerð ferjunnar eða farsins verði hafin, með því skilyrði að:
 - a) sjónræn skoðun og athugun skjala gefi ekki tilefni til að ætla að ekjuferjan eða háhraðafarþegafarið uppfylli ekki nauðsynlegar kröfur um öruggan rekstur, og
 - b) Siglingastofnun Íslands ljúki sannpröfunum og skoðunum samkvæmt 4., 5. og 6. gr. innan eins mánaðar.

8. gr.

Reglubundnar sértækar skoðanir og aðrar skoðanir.

1. Siglingastofnun Íslands skal á hverju tólf mánaða tímabili láta fara fram:
 - sértæka skoðun, í samræmi við III. viðauka, og
 - skoðun á meðan áætlunarferð stendur yfir, þar sem stefnt skal að því að fara yfir eins mörg atriði í I., III. og V. viðauka og nauðsyn krefur til þess að fullvissa Siglingastofnun Íslands um að ferjan eða farið uppfylli enn allar kröfur um öruggan rekstur.
 Fyrsta sértæk skoðun samkvæmt 6. gr. telst sértæk skoðun í skilningi þessarar greinar.
2. Siglingastofnun Íslands skal láta fara fram sértæka skoðun í samræmi við III. viðauka hvenær sem meiri háttar viðgerðir eða breytingar eru gerðar á ekjuferjunni eða háhraðafarþegafarinu, eða þegar breyting verður á stjórnun eða fána, eða tilfærsla verður milli flokka. Þó er Siglingastofnun heimilt að veita ferjunni eða farinu undanþágu frá þeirri sértæku skoðun sem krafist er skv. þessum tölulíð þegar stjórnun, fána eða flokkun er breytt, að teknu tilliti til fyrri sannprófana og skoðana vegna ferjunnar eða farsins, enda hafi breytingin eða tilfærslan ekki áhrif á öryggi ferjunnar eða farsins.
3. Ef skoðanirnar sem um getur í 1. tölul. staðfesta eða leiða í ljós vanbúnað í tengslum við kröfur þessarar reglugerðar er gefur tilefni til rekstrarstöðvunar skal allur kostnaður í tengslum við skoðanirnar á venjulegu reikningsskilatímabili falla á fyrirtækið.

9. gr.

Tilkynningar.

Siglingastofnun Íslands skal tilkynna fyrirtækjum án tafar og skriflega um niðurstöður sannprófana og skoðana í samræmi við 4., 5., 6. og 8. gr.

10. gr.

Rekstrarstöðvun.

1. Siglingastofnun Íslands skal stöðva rekstur ekjuferju eða háhraðafarþegafars:
 - a) þegar ekki fæst staðfesting á að það samræmist kröfum 4. og 5. gr.;
 - b) hvenær sem vanbúnaðar verður vart við skoðanirnar, sem um getur í 6. og 8. gr., sem felur í sér bráða hættu fyrir mannlíf, ferjuna, farið, áhöfn þess eða farþega;

- c) þegar sýnt er að ákvæðum gerninga, sem taldir eru upp í II. viðauka, er ekki fullnægt og slíkt felur í sér bráða hættu fyrir mannlíf, ferjuna, farið, áhöfn þess eða farþega;
- d) hvenær sem fánaríki hefur ekki haft samráð við Siglingastofnun Íslands vegna þeirra mála sem um getur í 1. tölul. eða 5. tölul. 13. gr., þar til Siglingastofnun hefur fengið staðfest að hættunni hafi verið afstýrt og kröfur reglugerðarinnar uppfylltar. Siglingastofnun skal tilkynna fyrirtækinu skriflega um ákvörðun um að stöðva rekstur viðkomandi ekjuferju eða háhraðafarþegafars og rökstyðja ákvörðun sína.
2. Hins vegar, þegar ekjuferjan eða háhraðafarþegafarið er þegar í rekstri í áætlunarferðum og þegar sýnt hefur verið fram á vanbúnað, skal Siglingastofnun krefja fyrirtækið um nauðsynlegar úrbætur sem fyrst eða innan vel skilgreinds og eðlilegs frests, svo lengi sem það stefnir öryggi ferjunnar eða farsins, áhafnar þess eða farþega ekki í bráða hættu. Þegar vanbúnaður hefur verið lagfærður skal Siglingastofnun sannprófa að lagfæringarnar hafi verið gerðar að fullu samkvæmt kröfum þeirra. Sé svo ekki skal hún stöðva rekstur ferjunnar eða farsins.
 3. Ákvörðun Siglingastofnunar skv. þessari grein er kærnanleg til samgönguráðuneytis í samræmi við almennar reglur stjórnvalla og skal Siglingastofnun upplýsa fyrirtækið um kærurétt þess. Áfrýjun frestar ekki sjálfkrafa ákvörðun um rekstrarstöðvun.
 4. Ef 4., 5. og 6. gr. er beitt áður en útgerð ekjuferja eða háhraðafarþegafara hefst á áætlunarleiðum skal ákvörðun tekin um rekstrarstöðvun skips innan eins mánaðar frá fyrstu sértæku skoðun og tilkynnt fyrirtækinu án tafar.

11. gr.

Málsmeðferð í tengslum við fyrstu sértæku skoðun og reglubundnar sértækar skoðanir.

1. Ekjuferjur og háhraðafarþegaför, sem sætt hafa sértækri skoðun og uppfyllt skilyrði Siglingastofnunar Íslands eða stjórnvalda annarra gistiríkja, skulu af hálfu þessara gistiríkja, undanþegin víðtækum skoðunum sem um getur í reglugerð um hafnarríkis-efirlit, nr. 128/1997 (sbr. 4. mgr. 7. gr. tilskipunar 95/21/EB) og víðtækum skoðunum sem grundvallast á þeim gildu ástæðum að þau tilheyri flokki farþegaskipa sem um getur í 1. mgr. 7. gr. og viðauka V.A.3 við sömu reglugerð.
2. Siglingastofnun Íslands og stjórnvöld annarra gistiríkja sem taka þátt í sértækri skoðun á sama skipi eða fari skulu eiga með sér samstarf. Sértækar skoðanir skulu framkvæmdar af hópi viðurkenndra skoðunarmanna frá Siglingastofnun Íslands. Hvenær sem þörf er á eiginlegu mati á því hvort flokkunarákvæði séu uppfyllt skal Siglingastofnun sjá til þess að nauðsynleg sérfræðipækning sé fyrir hendi í hópnum, t.d. með því að kalla til skoðunarmann frá viðurkenndri stofnun ef við á. Skoðunarmenn skulu tilkynna vanbúnað til Siglingastofnunar Íslands og skal hún koma upplýsingunum á framfæri við fánaríki, sé það ríki ekki gistiríki sem að skoðuninni kemur.
3. Siglingastofnun Íslands getur samþykkt að framkvæma skoðun að beiðni annars gistiríkis sem hlut á að máli.
4. Siglingastofnun Íslands skal að beiðni fyrirtækja, bjóða stjórnvöldum fánaríkis, sem er ekki gistiríki, að eiga fulltrúa við sérhverja sértæka skoðun sem heyrir undir ákvæði þessarar reglugerðar.
5. Siglingastofnun Íslands skal, við skipulagningu skoðunar samkvæmt 6. og 8. gr., taka tilhlýðilegt mið af rekstrar- og viðhaldsáætlun ferjunnar eða farsins og skal skoðunum hagað á þann veg að ekki verði tafir á rekstri skipsins að nauðsynjalausu.
6. Niðurstöður sértækra skoðana skulu skráðar í skýrslu, en framsetning hennar skal ákveðin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 16. gr. tilskipunar 1999/35/EB.

12. gr.

Rannsókn slysa.

1. EES aðildarríki skulu skilgreina, innan ramma eigin réttarkerfis, réttarstöðu sem gerir þeim kleift, ásamt sérhverju öðru aðildarríki sem á efnislegra hagsmuna að gæta, að taka þátt í, eiga samvinnu um eða, þar sem gert er ráð fyrir slíku samkvæmt lögum um rannsókn sjóslysa, annast hvers konar rannsókn sjóslyss eða óhapps þar sem ekjuferja eða háhraðafarþegafar á í hlut.
2. „Ríki sem eiga efnislegra hagsmuni að gæta“, „ríki sem leiðir rannsókn“ og „sjóslys“ skulu öll hafa sömu merkingu og í reglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um rannsóknir sjóslysa.
3. Þegar ekjuferja eða háhraðafarþegafar lendir í sjóslysi skal rannsókn málsins hafin af því ríki sem hefur lögsögu yfir hafsvæðinu þar sem slysið eða óhappið átti sér stað, eða, ef um er að ræða hafsvæði utan lögsögu aðildarríkjanna, þá það aðildarríki þar sem ferjan eða farið kom seinast við. Þetta ríki skal bera ábyrgð á rannsókn og samhæfingu aðgerða með öðrum ríkjum sem eiga efnislegra hagsmuna að gæta til þess tíma að sameiginleg ákvörðun er tekin um hvaða ríki skuli leiða rannsóknina.
4. EES aðildarríki sem annast, taka þátt í eða eiga í samvinnu um slíkar rannsóknir skulu tryggja að rannsókninni ljúki á sem skilvirkastan máta og á sem skemmstum tíma með hliðsjón af reglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um rannsókn sjóslysa.
5. EES aðildarríki skulu tryggja að skýrslur um slík sjóslys séu birtar í samræmi við lið 12.3 í reglum um rannsókn sjóslysa og tilkynntar framkvæmdastjórn.

13. gr.

Hliðarráðstafanir.

1. EES aðildarríki sem gefa út eða viðurkenna undanþáguskírteini skulu vinna með gistiríkinu sem í hlut á eða stjórnvaldi fánaríkisins að því að jafna allan ágreining um hæfi undanþágnanna áður en til fyrstu sértæku skoðunar kemur.
2. EES aðildarríki skulu reka siglingaleiðsögukerfi í landi, auk annarra upplýsingakerfa í samræmi við ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.795(19), til þess að auðvelda öruggan rekstur ekjuferja og háhraðafarþegafara á áætlunarleiðum, eða hluta þeirra, sem þau bera ábyrgð á að því er varðar öryggi.
3. Siglingastofnun Íslands skal afhenda Eftirlitsstofnun EFTA eintak af skoðunarskýrslunum sem um getur í 6. mgr. 11. gr. ásamt auðkennisnúmeri Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar þar sem við á.
4. EES aðildarríki skulu tryggja að fyrirtæki sem reka ekjuferjur eða háhraðafarþegaför í áætlunarferðum til eða frá höfnum sínum geti haldið uppi og framkvæmt samhæft kerfi viðlagaáætlana vegna neyðartilvika um borð í skipum. Í þessu skyni skulu þau byggja á þeim ramma sem kveðið er á um í þingsályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.852(20) um viðmiðunarreglur um uppbyggingu samhæfðs kerfis viðlagaáætlana. Komi tvö eða fleiri aðildarríki að áætlunarferðum sem gistiríki skulu þau ákveða í sameiningu áætlun fyrir hinar mismunandi siglingaleiðir.
5. EES aðildarríki skulu tryggja að þau hafi verið höfð með í ráðum, í hlutverki sínu sem gistiríki, af stjórnvaldi fánaríkisins áður en rekstrarleyfi vegna háhraðafars er gefið út, í samræmi við ákvæði í lið 1.9.3. í reglum um háhraðaför. Þau skulu tryggja að settar séu rekstrartakmarkanir sem leiða af staðbundnum aðstæðum og nauðsynlegar eru til að vernda líf, náttúruauðlindir og starfsemi á strandsvæðum, eða þeim haldið við, auk þess sem þau skulu gera það sem til þarf til að tryggja að þessum takmörkunum sé framfylgt.

14. gr.

Samvinna.

Siglingastofnun Íslands og stjórnvöld annarra gístíríkja sem koma að sömu áætlunarferðunum skulu hafa með sér samráð við beitingu þessarar reglugerðar.

15. gr.

Stuðningsaðgerðir.

Aðildarríkin skulu upplýsa þriðju ríki, sem annaðhvort gegna skyldum fánaríkis eða skyldum sem eru svipaðar skyldum gístíríkja vegna ekjuferja og háhraðafarþegafara sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar og sigla milli aðildarríkis og þriðja ríkis, um þær kröfur sem reglugerð þessi setur hverju því fyrirtæki sem veitir þjónustu á áætlunarleið til eða frá höfn innan EES svæðisins.

16. gr.

Viðurlög.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 29. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum.

17. gr.

Gildistaka o. fl.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 1., 3. og 4. gr. laga nr. 35/1993 um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, og með hliðsjón af tilskipun ráðsins 1999/35/EB frá 29. apríl 1999 um kerfi lögbodinna skoðana til að stuðla að öruggum rekstri ekjuferja og háhraðafarþegafara í áætlunarferðum, öðlast gildi við birtingu.

Samgönguráðuneytinu, 21. september 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

I. VIÐAUKI

Sérkröfur sem fyrirtæki skulu uppfylla.

(sem um getur í 1. tölul. 5. gr. og 6. og 8. gr.)

Fyrirtæki skulu tryggja að um borð í ekjuferjum þeirra og háhraðafarþegaförum:

1. hafi skipstjórinn viðeigandi upplýsingar um tilvist siglingaleiðsögukerfa í landi og annarra upplýsingakerfa, sem auðvelda honum að tryggja öruggar siglingar, áður en ferjan eða farið hefur siglingar og að hann nýti sér þau siglingaleiðsögu- og upplýsingakerfi sem aðildarríkin hafa sett upp;
2. sé beitt viðeigandi ákvæðum í 2. - 6. mgr. í dreifibréfi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, MSC/Circular 699, um endurskoðaðar viðmiðunarreglur um öryggisleiðbeiningar fyrir farþega;
3. sé tafla með vinnutilhögun um borð sett upp á aðgengilegum stað, er tilgreini:
 - a) vinnuáætlun á sjó og í höfn, og
 - b) leyfilegan hámarksvinnustundafjölda eða lágmarkshvildartíma vaktmanna;
4. sé vald skipstjóra til þess að taka hverja þá ákvörðun sem að faglegu mati hans er nauðsynleg í þágu siglinga- og vinnuöryggis, einkum í vondum veðrum og þungum sjó, ekki skert á neinn hátt;
5. haldi skipstjóri skrá yfir athafnir og atvik sem eru mikilvæg siglingaöryggi;

6. séu skemmdir hvers konar eða varanleg aflögun á dyrum á byrðingi eða aðliggjandi plötum, sem kynnu að hafa áhrif á þéttleika ferjunnar eða farsins, og hvers konar vanbúnaður í lokunarþúnaði slíkra hurða, tafarlaust tilkynntar til stjórnvalds í fánaríki og til gistiríkis og þá þegar gert við slíkar skemmdir svo að fullnægjandi teljist að þeirra mati;
7. fyrir hendi sé uppfærð sjóferðaáætlun fyrir brottför ekjuferjunnar eða háhraðafarsins í ferð sína. Við undirbúning sjóferðaáætlunarinnar skal taka fullt tillit til viðmiðunarreglna sem settar eru fram í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MSC nr. 70 um viðmiðunarreglur um gerð sjóferðaáætlana;
8. séu almennar upplýsingar um þjónustu og aðstoð við eldra fólk og fatlaða kynntar farþegum og auk þess gerðar aðgengilegar á formi sem hentar sjónskertu fólk.

II. VIÐAUKI

Listi yfir lagagerninga bandalagsins.

(sem um getur í c-lið 1. mgr. 10. gr.)

1. Tilskipun ráðsins 93/75/EBE frá 13. september 1993 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/74/EB.
2. Tilskipun ráðsins 94/58/EB frá 22. nóvember 1994 um lágmarksþjálfun sjómanna. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/35/EB.
3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95 frá 8. desember 1995 um öryggisstjórnun á ekjufarþegaferjum. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 179/98.

III. VIÐAUKI

Verklagsreglur við sértækar skoðanir.

(sem um getur í 6. og 8. gr.)

1. Sértækar skoðanir eru ætlaðar til þess að tryggja að lagaákvæði, einkum um smíði, niðurhólfun og stöðugleika, vélbúnað og rafbúnað, lestun, stöðugleika, brunavarnir, hámarksfjölda farþega, björgunarbúnað og flutning hættulegra efna, fjarskipti og leiðsögu, séu uppfylltar og nái í þeim tilgangi, og þar sem við á, að minnsta kosti til eftirfarandi:
 - ræsingar neyðarrafala,
 - skoðunar á neyðarlýsingu,
 - skoðunar neyðaraflgjafa fyrir fjarskiptabúnað,
 - prófunar kallkerfis,
 - brunaæfingar, þ.m.t. að sýnt sé fram á kunnáttu í notkun slökkvibúninga,
 - virkni neyðarslökkvidælu með tveimur brunaslöngum tengdum aðalbrunalögn í notkun,
 - prófunar fjarstýrðar neyðarstöðvunarstýritækja fyrir eldsneytisskömmun til katla, aðal- og hjálparvéla og loftræstivífta,
 - prófunar fjarstýrðs og handstýrðs stjórnbúnaðar til að loka brunalökum,
 - prófunar eldskynjunar- og viðvörðunarkerfa,
 - prófunar á því hvort eldvarnarhurðir lokist á réttan hátt,
 - virkni austursdæla,
 - lokunar vatnsþéttra hurða á þiljum, bæði með handstýringu og fjarstýringu,
 - sýningar sem leiðir í ljós að lykilmenn í áhöfn þekki áætlun um aðgerðir vegna leka,

- sjósetningar a.m.k. eins björgunarbáts og eins léttabáts, gangsetningar og prófunar á vél- og stýrisbúnaði þeirra, endurheimt þeirra af sjónum og frágangs um borð,
 - athugunar á að allir björgunarbátar og léttabátar séu í samræmi við birgðaskrár,
 - prófunar á stýrisbúnaði skipsins eða farsins, þ.m.t. varastýrisbúnaði.
2. Sértekur skoðanir skulu ná yfir sannprófun á viðhaldskerfisáætlun um borð.
3. Sértekur skoðanir skulu beinast að uppfærðslu skipverja og hæfni þeirra varðandi starfsaðferðir í öryggismálum og viðbrögð í neyð, viðhald, vinnureglur, öryggi farþega, starfsreglur í brú, sem og störf sem tengjast lestun og ökutækjum. Kanna skal hæfni áhafnar til þess að skilja og, þar sem við á, gefa fyrirskipanir og fyrirmæli og skila skýrslu á sameiginlegu vinnutungumáli, sem skráð er í skipsdagbók. Kanna skal skjalfestar sannanir fyrir því að skipverjar hafi lokið sérstakri þjálfun, einkum að því er varðar:
- þjálfun í stjórn stórra hópa fólks,
 - kynningarþjálfun,
 - þjálfun í öryggismálum fyrir starfsmenn sem veita beina öryggisaðstoð til farþega í farþegarýmum, og þá sérstaklega þeirra sem eldri eru og fatlaðir, og
 - að takast á við hættuástand og bregðast við mannlegu atferli.
- Sértekur skoðun skal fela í sér mat á því hvort vaktaskipan valdi óhóflegri þreytu, einkum hjá starfsmönnum sem standa vaktir í brú.
4. Hæfisskírteini skipverja, sem gefin eru út í þriðja ríki, skulu aðeins viðurkennd ef þau uppfylla skilyrði reglu I/10 í endurskoðaðri alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978 (STCW-samþykktin).

IV. VIÐAUKI

Leiðbeinandi viðmiðunarreglur fyrir viðurkennda skoðunarmenn við framkvæmd skyndiskoðunar meðan á áætlunarferð stendur.

(sem um getur í 1. tölul. 8. gr.)

1. *Upplýsingar um farþega.*
Aðferðirnar sem notaðar eru til þess að tryggja að farþegafjöldi ekjuferjunnar eða háhraðafarþegafarsins (hér eftir nefnt „skip“) fari ekki yfir þau mörk sem skírteini kveður á um. Að farþegaskráningarkerfi samræmist reglum og sé skilvirkt. Hvernig upplýsingum um farþegafjölda sé komið til skipstjóra og, ef við á, hvernig farþegar sem sigla báðar leiðir án þess að fara í land séu taldir með í ferðinni til baka.
2. *Upplýsingar um lestun og stöðugleika.*
Að áreiðanlegir djúpristumælar séu til staðar og notaðir, þar sem við á. Að gerðar séu ráðstafanir til þess að tryggja að skipið sé ekki ofhlaðið og að viðeigandi hleðslumerki hólfa séu ekki neðan sjávarborðs. Að lestunar- og stöðugleikamat sé framkvæmt samkvæmt kröfum. Að flutningabílar og annar farmur sé vigtaður þar sem þess er krafist og upplýsingunum skilað áfram til skipsins svo hægt sé að nota þær við mat á lestun og stöðugleika. Að áætlanir um aðgerðir vegna leka séu jafnan sýnilegar og að yfirmenn skipsins hafi fengið í hendur handbækur með upplýsingum um aðgerðir vegna leka.
3. *Öryggi við brottför.*
Verklagsreglur til þess að tryggja að skipið sé tilbúið til þess að leggja úr höfn, sem skulu fela í sér sérstaka tilkynningu um að allar vatns- og veðurheldar dyr á ytri byrðingi séu lokaðar. Að allar dyr á ökutækjapílvari séu lokaðar áður en skipið lætur úr höfn, eða séu aðeins opnar í þann tíma sem þarf til þess að loka stefnisloka, aðferðir við lokun á

stafnhurðum, hurðum í skuti og hliðarhurðum, og að viðvörunarljós og eftirlitsmyndavélar séu til staðar og sýni stöðu þeirra í brúnni. Kanna skal og greina frá því hvort einhver vandkvæði séu á virkni viðvörunarljósa, einkum rofanna við hurðirnar.

4. *Tilkynningar um öryggismál.*

Reglubundnar öryggistilkynningar og uppsetning veggspjalda með upplýsingum og leiðbeiningum um neyðarviðbrögð á viðeigandi tungumáli(málum). Að reglubundnar öryggistilkynningar séu lesnar við upphaf ferðar og að hægt sé að heyra þær í öllum almennum rýmum sem farþegar hafa aðgang að, þ.m.t. úti á opnum þilförum.

5. *Færslur í skipsdagbók.*

Skoðun á dagbók til þess að tryggja að færðar séu athugasemdir vegna lokunnar á stafn-, skut- og öðrum vatns- og veðurheldum hurðum, æfinga á lokun vatnspéttra hurða milli hólfa, prófunar á stýrisbúnaði o.s.frv. Einnig að djúprista, fríborð og stöðugleiki sé skráður, sem og sameiginlegt vinnutungumál áhafnar.

6. *Hættulegur varningur.*

Að allur farmur sem telst hættulegur eða mengandi sé fluttur í samræmi við viðeigandi reglur og, einkum og sér í lagi, að yfirlýsing fylgi hættulegum og mengandi vörum ásamt farmskrá eða áætlun um frágang farms til þess að sýna staðsetningu þeirra um borð, að leyfi sé fyrir flutningi á viðkomandi farmi með farþegaskipi, að hinar hættulegu og mengandi vörur séu merktar, gengið frá þeim, þær festar og aðgreindar á viðeigandi hátt.

Að ökutæki sem flytja hættulegar og mengandi vörur séu tryggilega merkt með viðvörunum og skorðuð. Að eintak af viðkomandi farmskrá eða áætlun um frágang farms sé til taks í landi þegar hættulegar og mengandi vörur eru fluttar. Að skipstjóra sé kunnugt um tilkynningaskyldu samkvæmt tilskipun 93/75/EBE og um leiðbeiningar um neyðarviðbrögð og veitingu skyndihjálpar verði óhapp í tengslum við hættulegar vörur og sjávarmengunarvalda. Að loftræsting á ökutækjapilfari sé ávallt í notkun, að hún sé aukin þegar vélar ökutækja eru í gangi og að einhvers konar búnaður sé fyrir hendi í brú skipsins sem sýnir að loftræsting á ökutækjapilfari sé í gangi.

7. *Festing flutningsökutækja.*

Hvernig flutningsökutæki eru fest, t.d. hvort þau eru skorðuð með blokkum eða með stökum festingum. Hvort nægilega margir festipunktur séu fyrir hendi. Ráðstafanir til þess að festa flutningsökutæki í slæmu veðri eða þegar von er á slíku veðri. Aðferðir við festingu hópferðabifreiða og mótorhjóla, ef einhverjar eru. Að um borð í skipinu sé handbók um frágang farms.

8. *Ökutækjapilför.*

Hvort farnar séu reglulegar eftirlitsferðir um sérstök rými eða ekjufarmrymi, eða hvort þau séu undir stöðugu eftirliti sjónvarpsmyndavéla þannig að hægt sé að fylgjast með hreyfingum ökutækja í slæmu veðri og óheimilum ferðum farþega. Að eldvarnar- og inngöngudyr séu ávallt lokaðar og að tilkynningarspjöld séu hengd upp til þess að koma í veg fyrir að farþegar séu á ökutækjapilfari á meðan skipið er á sjó.

9. *Lokun vatnspéttra dyra.*

Að stefnunni sem tilgreind er í verklagsreglum skipsins vegna vatnspéttra hurða milli hólfa sé fylgt eftir. Að skylduæfingar eigi sér stað. Að stjórnbúnaður á stjórnpalli fyrir vatnspéttar hurðir sé stilltur yfir á stjórnbúnaðinn á staðnum, þegar mögulegt er. Að dyr

séu hafðar lokaðar þegar skyggni er takmarkað og við allar aðstæður sem teljast hættulegar. Að áhöfn sé kennd rétt aðferð við stjórnun hurða og skipverjum sé gerð grein fyrir þeim hættum sem fylgja misnotkun.

10. *Brunavarsla.*

Staðfest skal að virk brunavarsla sé fyrir hendi þannig að strax verði vart við eld sem kann að kvikna. Þetta skal einnig ná til sérstakra rýma sem ekki eru búin föstu eldskynjunar- og viðvörunarkerfi, með hliðsjón af því að eftirlit með slíkum rýmum kunní að vera með þeim hætti sem lýst er í 8. lið.

11. *Boðskipti í neyðartilvikum.*

Að nægilegur fjöldi skipverja sé til reiðu samkvæmt samsöfnunarlista til þess að aðstoða farþega í neyðartilvikum, að auðvelt sé að bera kennsl á þá og þeir geti tjáð sig við farþegana í neyðartilviki, að teknu tilliti til viðeigandi samsetningar eftirfarandi þátta:

- a) hvaða þjóðtungu flestir farþegar, sem fluttir eru á tiltekinni leið, tala;
- b) líkinda á því að geta beitt undirstöðuorðaförða á ensku til að gefa einfaldar leiðbeiningar sem geti gagnast til samskipta við farþega sem er hjálparþurfi, hvort sem farþeginn og skipverjar tala sama tungumál eða ekki;
- c) hugsanlegrar þarfar til að eiga samskipti með einhverjum öðrum hætti þegar neyðarástand ríkir (t.d. með sýnikennslu, bendingum eða með því að beina athygli þangað sem leiðbeiningar er að fá, að útköllunarstöðvum, björgunarbúnaði eða rýmingarleiðum þegar munnleg samskipti koma að litlu gagni);
- d) í hve ríkum mæli farþegar hafa fengið alhliða tilsögn í öryggismálum á móðurmáli eða – málum sínum;
- e) þeirra tungumála sem heimilt er að senda tilkynningar um neyðarástand út á, þegar slíkt ástand ríkir eða við æfingar, í þeim tilgangi að koma lífsnauðsynlegum leiðbeiningum til farþega og auðvelda skipverjum að aðstoða þá.

12. *Sameiginlegt vinnutungumál skipverja.*

Sannreyna að vinnutungumál hafi verið ákveðið til þess að tryggja fullnægjandi frammistöðu skipverja í öryggismálum og að vinnutungumálið sé skráð í dagbók skipsins.

13. *Öryggisbúnaður.*

Að björgunar- og eldvarnartækjum, þ.m.t. eldvarnarhurðum og öðrum þáttum byggingartæknilegra brunavarna skipsins þar sem auðvelt er að koma við eftirliti, sé viðhaldið. Að brunavarnaráætlanir séu ávallt sýnilegar eða að bæklingum með samsvarandi upplýsingum sé dreift til yfirmanna. Að geymsla og frágangur björgunarvesta sé viðunandi og að auðvelt sé að bera kennsl á geymslurými björgunarvesta barna. Að lestun ökutækja hindri ekki notkun brunavarnartækja, neyðarstöðvunarbúnaðar, stjórnækja stormloka o.s.frv., sem kunna að vera staðsett á ökutækjapilfari.

14. *Siglingatæki og fjarskiptabúnaður.*

Að siglingatæki og fjarskiptabúnaður, þ.m.t. gervihnattarneýðarbaujur (EPIRB), séu virk.

15. *Viðbótarneyðarlýsing.*

Að viðbótarneyðarlýsing sé fyrir hendi, þegar reglur krefjast slíks, og að skrá yfir vanbúnað sé færð.

16. Neyðarútgangar.

Að merking sé í samræmi við gildandi kröfur og að neyðarútgangar séu upplýstir bæði með aðal- og neyðarafgjöfum. Að ráðstafanir séu gerðar til þess að tryggja að ökutæki teppi ekki undankomuleiðir þar sem þær liggja yfir eða um ökutækjapilför. Að útgönguleiðum sé haldið opnum, einkum útgönguleiðum frá tollfrjálsum verslunum sem hafa reynst teptar af söluvörum.

17. Starfsleiðbeiningar.

Að eintökum af starfsleiðbeiningum sé dreift til skipstjóra og annarra yfirmanna og að allir skipverjar hafi aðgang að frekari eintökum. Einnig að til séu gátlistar um undirbúning fyrir brottför og aðra starfsemi.

18. Hreinlæti í vélarúmi.

Að vélarúmi sé haldið hreinu með tilliti til viðhaldsreglna.

19. Losun sorps.

Að ráðstafanir varðandi meðhöndlun og losun sorps séu viðunandi.

20. Viðhaldsáætlun.

Öll fyrirtæki skulu hafa ákveðin föst fyrirmæli, ásamt viðhaldsáætlunarkerfi, fyrir öll öryggissvæði, þ.m.t. stafnhurðir og hurðir í skuti og byrðingsop, svo og um fyrirkomulag varðandi lokun þeirra, en ná einnig til viðhalds í vélarúmi og öryggisbúnaðar. Áætlanir skulu vera fyrir hendi um reglubundna skoðun á öllum atriðum þannig að hámarksöryggis sé gætt. Vinnureglur skulu settar um að skrá vanbúnað og staðfesta að úr honum hafi verið bætt með viðeigandi hætti þannig að skipstjóri og tilnefndur yfirmaður fyrirtækisins í landi hafi vitneskju um vanbúnaðinn og að þeim sé tilkynnt innan tiltekins frests þegar úrbætur hafa verið gerðar. Reglubundin athugun á lokunarfyrirkomulagi innri og ytri stafnhurða skal ná til viðvörunar- og vöktunarbúnaðar og allra austuropa á milli ytri stafnhurðar og innri hurðar og þá sérstaklega lokunarbúnaðar og vökvakerfis hans.

21. Lagt upp í sjóferð.

Þegar lagt er upp í sjóferð skal tækifærið notað til þess að kanna hvort of margir farþegar séu um borð, hvort framboð á sætum sé nægilegt og hvort aðgangur að göngum, stigum og neyðarútgöngum sé teptur af farangri eða farþegum sem ekki finna sæti. Einnig skal kanna hvort farþegar séu allir farnir af ökutækjapilfari áður en skipið lætur úr höfn og að þeir hafi ekki aðgang að því aftur fyrr en rétt áður en skipið leggst að bryggju.

V. VIÐAUKI

Hæfis- og hlutleysiskröfur sem gerðar eru til viðurkenndra skoðunarmanna.

(sem um getur í r-lið 2. gr.)

1. Viðurkenndur skoðunarmaður skal hafa umboð Siglingastofnunar Íslands til þess að annast þær sértæku skoðanir sem um getur í 6. gr.
2. Skoðunarmaður skal annaðhvort:
 - hafa starfað í að minnsta kosti eitt ár hjá lögbæru stjórnvaldi aðildarríkis sem skoðunarmaður fánaríkis er annast skoðun og vottun í samræmi við ákvæði SOLAS-samþykktarinnar frá 1974,
 - og skal hafa:

- a) atvinnuskírteini skipstjóra sem heimilar honum að stjórna skipi sem er 1600 brúttórumlestir að stærð eða meira (sbr. alþjóðasamning um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW), regla II/2); eða
 - b) atvinnuskírteini yfirvélstjóra sem heimilar honum að taka að sér það starf um borð í skipi þar sem afl aðalvélbúnaðar er 3000 kW eða meira (sbr. alþjóðasamning um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW), regla III/2); eða
 - c) lokið prófi sem skipaverkfræðingur, vélaverkfræðingur eða verkfræðingur/teknifræðingur á sviði siglingamála og unnið sem slíkur í fimm ár að minnsta kosti,
 - hafa starfað til sjós í fimm ár að minnsta kosti sem yfirmaður á þilfari eða í vélarúmi, eftir því sem við á, ef hann fellur undir a- eða b-lið hér að framan; eða:
 - hafa háskólagráðu frá aðildarríki á viðkomandi sviði eða sambærilega menntun, og
 - hafa fengið þjálfun og verið útskrifaður úr skóla fyrir skipaskoðunarmenn í aðildarríki, og
 - hafa starfað í að minnsta kosti tvö ár hjá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis sem skoðunarmaður fánaríkis og hafa fengist við skoðun og vottun í samræmi við ákvæði SOLAS-samþykktarinnar frá 1974.
3. Viðurkenndir skoðunarmenn skulu hafa hæfni til að eiga munnleg og skrifleg samskipti við sjómenn á því tungumáli sem algengast er til sjós.
 4. Viðurkenndir skoðunarmenn skulu hafa tilhlýðilega þekkingu á ákvæðum SOLAS-samþykktarinnar frá 1974 og viðeigandi starfsaðferðum í reglugerð þessari.
 5. Viðurkenndir skoðunarmenn sem annast sérstakar skoðanir mega ekki hafa neinna viðskiptahagsmuna að gæta, hvorki í viðkomandi fyrirtæki né nokkru öðru fyrirtæki sem rekur áætlunarferðir til og frá viðkomandi gistiríki, né heldur í þeim ekjuferjum eða háhraðafarþegaförum sem skoðuð eru, og skoðunarmenn skulu ekki heldur vera ráðnir hjá eða taka að sér störf fyrir frjáls félagasamtök sem annast lögbundnar skoðanir eða flokkunarskoðanir eða gefa út skírteini fyrir viðkomandi ekjuferju eða háhraðafarþegafar.
 6. Eftirlitsmenn sem ekki fullnægja viðmiðunum hér að framan geta einnig öðlast viðurkenningu ef þeir störfuðu hjá Siglingastofnun Íslands þann dag sem reglugerð um hafnarríkiseftirlit, nr. 128/1997, tók gildi þann 30. janúar 1997.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 6/1996 um útgáfu húsbréfa á árinu 1996 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild, sbr. reglugerð nr. 169/1997.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingum, orðast svo:

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga um Húsnaðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, með síðari breytingum, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild, gefi út 1., 2. og 3. flokk húsbréfa 1996. Samanlögð fjárhæð húsbréfa í flokkunum, skal vera að hámarki 28.500 milljónir króna á árinu 1996 og 1997. Húsbréfin í 1. og 3. flokki skulu gefin út í þremur undirflokkum A, B og C en í 2. flokki skulu húsbréfin gefin út í fjórum undirflokkum A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbréf vera að fjárhæð 1.000.000 kr., í undirflokki

B 100.000 kr., í undirflokki C 10.000 kr. og í undirflokki D 1 kr. Vextir í 1., 2. og 3. flokki 1996 eru 4,75% á ári. Lánstími bréfa í 1. flokki skal vera 15 ár, í 2. flokki 25 ár og í 3. flokki 40 ár.

Bréf í undirflokki D í 2. flokki 1996 skulu vera rafrænt eignarskráð hjá Verðbréfa-skráningu Íslands hf. og skulu notuð í skiptum fyrir bréf úr undirflokkum A, B og C í 2. flokki 1996 við rafræna eignarskráningu þeirra. Við skiptin skal skrá jafn margar einingar af undirflokki D og sem nemur nafnverði þeirra húsbréfa í undirflokki A, B og/eða C sem afhent eru til rafrænnar eignarskráningar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 29. og 52. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál og I. ákvæði til bráðabirgða þeirra laga. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. október 2001.

Páll Pétursson.

Óskar Páll Óskarsson.

21. september 2001

Nr. 745

GJALDSKRÁ

vegna hunda- og kattahalds í Búðahreppi.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í Búðahreppi, sbr. 2. gr. stafl. b samþykktar um hunda- og kattahald í Búðahreppi, nr. 541/1999, er 7.750 kr.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí ár hvert.

2. gr.

Handsömunargjald, sbr. 6. gr. framangreindrar samþykktar, skal vera 3.000 kr. í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í 6.000 kr. ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda kött í Búðahreppi sbr. 8. gr. stafl. b samþykktar um hunda- og kattahald í Búðahreppi er 5.850 kr.

Gjaldið greiðist árlega á gjalddaga 1. júlí ár hvert.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Búðahrepps staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að taka gildi nú þegar.

Gjaldskráin var samþykkt í tveim umræðum í sveitarstjórn Búðahrepps, þann 10. júlí 2001 og 13. september 2001.

Fáskrúðsfirði, 21. september 2001.

F.h. Búðahrepps,

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um Kristnihátíðarsjóð.

Fjárheimildir.

1. gr.

Ráðstöfunarfé Kristnihátíðarsjóðs er samkvæmt fjárlögum fyrir árin 2001 til 2005. Fjárveitingum til sjóðsins skal varið til styrkja samkvæmt lögum um Kristnihátíðarsjóð, nr. 12/2001.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er tvíþætt:

- a. að efla fræðslu og rannsóknir á menningar- og trúararfi þjóðarinnar og stuðla að umræðum um lífsgildi hennar, siðferði og framtíðarsýn;
- b. að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar, m.a. á Þingvöllum, í Skálholti og á Hólum.

Stjórn sjóðsins ákveður árlega skiptingu á ráðstöfunarfé hans milli þessara tveggja meginviða og til reksturs sjóðsins.

Forsætisráðuneytið útbýr árlega greiðsluáætlun á grundvelli ákvarðana sjóðsstjórnar um skiptingu ráðstöfunarfjár. Fjárvarsla sjóðsins er hjá ráðuneytinu, sem jafnframt veitir sjóðsstjórn nauðsynlega ritara- og skrifstofuþjónustu.

Auglýsingar og umsóknir.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Auglýsing um þetta skal birt í a.m.k. einu dagblaði sem telst hafa almenna dreifingu um allt land. Í auglýsingu þessari skulu koma fram greinargóðar upplýsingar um tilgang og hlutverk sjóðsins, helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum, um eyðublöð fyrir umsóknir, hvar þau sé að finna, hvert eigi að senda umsóknir og hvenær þær skulu hafa borist.

Styrkjum úr sjóðnum skal úthluta á grundvelli umsókna, sbr. 4. gr., er berast innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í auglýsingu.

4. gr.

Umsóknir um styrki úr sjóðnum skulu ritaðar á eyðublöð er stjórn sjóðsins leggur til og hefur aðgengileg meðan umsóknarfrestur varir. Í umsókn skal eftirtalið koma fram:

- almennar upplýsingar um umsækjanda, nafn verkefnisstjóra og annarra þátttakenda, og samstarfsaðila, ef einhverjir eru;
- hnitmiðuð lýsing á verkefninu, markmiðum þess og þýðingu;
- tímaáætlun og lýsing á aðstöðu þátttakenda til að vinna verkefnið;
- upplýsingar um nýnæmi og gildi verkefnis og stöðu þekkingar á viðfangsefninu, þ. á m. hvers er vænst að verkefnið muni bæta við þá þekkingu;
- verkáætlun, lýsing á aðferðafræði, áfangaskiptingu og helstu verkþáttum;
- upplýsingar um menntun og fræðilegan bakgrunn umsækjanda og þátt ungra vísindamanna í verkefninu eða gildi þess fyrir vísindalega þjálfun þeirra;
- hvernig staðið verði að stjórnun verkefnis;
- greinargóðar upplýsingar um áætlaðan kostnað við verkefnið;
- hvernig staðið verði að bókhaldsumsjón með verkefninu.

Mat á umsóknum.

5. gr.

Verkefnisstjórnir meta styrkhæfi umsókna, hvor á sínu sviði, og gera tillögur til sjóðsstjórnar um afgreiðslu þeirra.

Sjóðsstjórn getur sett verkefnisstjórnnum ákveðna fresti í þessu skyni.

6. gr.

Mat á umsóknum skal einkum byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- gildi og mikilvægi verkefnis með tilliti til þeirra markmiða sem Kristnihátíðarsjóði eru sett;
- líkum á því að umsækjanda takist að ná þeim markmiðum er verkefnið miðar að;
- starfsferli og faglegum eða fræðilegum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda m.t.t. þeirra krafna sem verkefnið gerir til þeirra.

Verkefnisstjórnur er heimilt að leita eftir ráðgjöf eða umsögn sérfræðinga við mat á einstökum umsóknum.

Tillögur verkefnisstjórna.

7. gr.

Verkefnisstjórnir skulu gera tillögur til sjóðsstjórnar um ráðstöfun þeirra fjármuna sem fyrirhugað er að veita til verkefna á hvoru sviði á ári hverju. Þær skulu vera skriflegar og í stuttu máli gera sjóðsstjórn almenna grein fyrir starfi verkefnisstjórnar og þeim umsóknum sem borist hafa, meðferð þeirra og mati á þeim.

Sérhverri umsókn skal fylgja stutt umsögn ásamt rökstuddri tillögu um afgreiðslu hennar.

Ákvarðanir stjórnar Kristnihátíðarsjóðs.

8. gr.

Sjóðsstjórn tekur afstöðu til afgreiðslu umsókna á grundvelli tillagna verkefnisstjórna.

Stjórn sjóðsins er heimilt að binda styrkveitingar skilyrðum er stuðla að eðlilegri framvindu þeirra verkefna sem styrkt eru. Í þeim tilvikum kemur styrkur ekki til greiðslu, nema að uppfylltum þessum skilyrðum. Heimilt er að fella verkefnisstjórn á hvoru sviði að hafa eftirlit með að svo sé. Í því skyni er heimilt að krefja styrkþega um skýrslur um framvindu þess verkefnis sem styrkt er.

Tilkynning um afgreiðslu umsókna.

9. gr.

Sjóðsstjórn tilkynnir umsækjendum skriflega um afgreiðslu umsókna þeirra. Umsækjendum um styrki til verkefna, sem fallist er á að styrkja, skal jafnframt tilkynnt um skilyrði sem styrkveiting er bundin, eftirlit sem henni fylgir og viðurlög, ef út af bregður.

Greiðsla styrkja og eftirlit með framkvæmd verkefna.

10. gr.

Forsætisráðuneytið annast greiðslu styrkja samkvæmt skriflegri beiðni frá stjórn Kristnihátíðarsjóðs. Viðtaka styrkfjár felur í sér viðurkenningu á að styrkþegi fallist á þau skilyrði sem styrkveiting er bundin.

11. gr.

Verði brestur á að ráðist sé í verkefni, tefjist framkvæmd þess úr hófi eða komi önnur skilyrði, sem styrkveiting kann að vera bundin ekki fram innan eðlilegra tímamarka, getur stjórn sjóðsins, að tillögu verkefnisstjórnar, tekið ákvörðun um að fella styrkveitingu niður.

12. gr.

Ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var, getur sjóðsstjórn krafist þess að sjóðnum verði endurgreiddur styrkur í heild eða að hluta.

13. gr.

Áður en ákvörðun skv. 11. eða 12. gr. er tekin skal styrkþega gefinn kostur á að lýsa viðhorfi sínu til málsins.

Styrktímabil.

14. gr.

Styrkir úr Kristnihátíðarsjóði skulu veittir til eins árs í senn. Sótt skal um árlega til verkefna sem taka til lengri tíma. Sjóðsstjórn getur ákveðið, að tillögu verkefnisstjórnar, að veita vilyrði fyrir áframhaldandi styrkveitingum til verkefna sem taka til fleiri ára á starfstíma sjóðsins. Slík vilyrði eru þó aldrei bindandi af hálfu sjóðsins.

Gildistaka o.fl.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 12/2001, um Kristnihátíðarsjóð, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að setja verkefnisstjórnnum á hvoru sviði nánari fyrirsmæli um störf þeirra og tillögur og eftirlit með verkefnum og framvindu þeirra.

Forsætisráðuneytinu, 28. september 2001.

Davíð Oddsson.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING**um umferð á Akranesi.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjaryfirvalda á Akranesi hafa verið setta eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

1. Að lagning bifreiða verði bönnuð við vesturkant Skarðsbrautar frá Garðabraut að innkeyrslu að Skarðsbraut 1-3-5.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

Sýslumaðurinn á Akranesi, 2. október 2001.

Ólafur Þ. Hauksson.

SAMÞYKKT

um kattahald á Grenivík í Grýtubakkahreppi.

1. gr.

Kattahald á Grenivík í Grýtubakkahreppi sætir þeim takmörkunum sem greinir frá í samþykkt þessari.

2. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa á Grenivík leyfi til kattahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang einstaklings og óheimilt er að fram-selja það. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

Leyfi, samkvæmt 1. mgr., má veita með eftirfarandi skilyrðum á Grenivík:

- a) Ef sótt er um leyfi til að halda kött í parhúsi eða raðhúsi skal fylgja umsókn skriflegg samþykki íbúa aðliggjandi íbúða.
- b) Leyfisgjald skal greiða árlega til sveitarstjórnar eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða samkvæmt eftirliti með einstökum þáttum. Gjaldið skal greiða í júnímánuði ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- c) Árlega ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum. Einnig ber að framvísa skilríkjum sem máli skipta.
- d) Leyfishafi er ábyrgur fyrir tjóni sem kettir þeirra sannarlega valda og skal leyfishafi hafa kött sinn ábyrðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfyrirtæki. Váttrygging skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Váttryggingarfjárhæð verður samkvæmt almennum skilmálum tryggingarfélaga.
- e) Kettir skulu ávallt bera merki sem veitir upplýsingar um hver er leyfishafi. Leyfishafa ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- f) Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.
- g) Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimili.
- h) Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum að takmarka útiveru katta.
- i) Köttum má ekki hleypa inn í fyrirtæki og stofnanir, sbr. 4. og 8. kafla og 11. og 16. kafla heilbrigðisreglugerðar, þar sem matvæli eru meðhöndluð, sbr. reglugerð um matvæli, né inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð um neysluvatn og ölkelduvatn.
- j) Leyfishafa ber að sjá til þess að högnar séu geltir og læður séu gerðar ófrjóar eða hafðar á pillunni, nema dýrin séu höfð til undaneldis. Séu dýrin ætluð til undaneldis, þarf sérstaklega að taka það fram í umsókn. Hæfilegt er að framkvæma ófrjósemis-aðgerð á dýrunum 6-8 mánaða gömlum.

3. gr.

Umsókn um leyfi til kattahalds skal skila inn til sveitarstjóra á þar til gerðum eyðublöðum. Með undirritun umsóknar skuldbindur umsækjandi sig til að hlíta í einu og öllu fyrir mælum samþykktar um kattahald. Sveitarstjóri synjar eða gefur út umbeðið leyfi. Sé leyfis ekki vitjað mánuði eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

4. gr.

Sveitarstjóri skal sjá um að upplýsingar um leyfð dýr séu skráð í þar til gerða bók. Þar skal einnig skráð nafn og heimilisfang leyfishafa. Árlega skal senda heilbrigðiseftirliti skrá yfir leyfða ketti.

5. gr.

Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

6. gr.

Sveitarstjórn getur afturkallað leyfi til kattahalds telji hún þess brýna þörf.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að láta eyða ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara.

8. gr.

Sé kvartað yfir ágangi katta í íbúðarhverfum er heimilt að veiða í búr og eyða ómerktum köttum eftir sjö sólarhringa án þess að það sé auglýst sérstaklega.

9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

10 gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps. Hún staðfestist hér með samkvæmt ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem halda ketti nú skulu sækja um leyfi samkvæmt 2. gr. fyrir 1. nóvember 2001. Þeir sem halda ketti nú þurfa ekki að greiða skráningargjald fyrr en 2002.

Umhverfissráðuneytinu, 29. september 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.